3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		106 348 759
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		4 100 000
	Samtals ...	. . .	494 941 759

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	494 941 759
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Samtals ...	497 391 759

Yfirlit.

yfirlit. 21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		4 105 311
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		630 425
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		4 544 797
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		14 886 407
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	27 977 303	
—	B.	Opinbert eftirlit	2 103 139	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	11 435 811	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	550 000	42 066 253
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		31 121 756
13. gr.	A.	Vegamál	45 627 175	
—	B.	Samgöngur	8 687 500	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	12 337 174	
—	D.	Flugmál	3 866 801	70 518 650
14. gr.	A.	Kirkjumál	9 235 371	
—	B.	Kennslumál	62 925 067	72 160 438
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	5 089 342	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	6 573 417	11 662 759
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	34 966 299	
—	B.	Sjávarútvegsmál	8 427 026	
—	C.	Iðnaðarmál	2 321 720	
—	D.	Raforkumál	12 578 101	58 293 146
17. gr.		Til félagsmála		57 982 537
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		13 125 273
19. gr.		Óviss útgjöld		51 100 000
		Rekstrarafgangur		62 744 007
		Samtals ...	. . .	494 941 759

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	432 197 752
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	64 237 831
		Greiðslujöfnuður ...	956 176
		Samtals ...	497 391 759

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1954 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

V. Að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

VI. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VII. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

VIII. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

IX. Að ábyrgjast lán, allt að 6 millj. kr., til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja.

X. Að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsfluvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélanna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)

XI. Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)

XII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum.

XIII. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1954 nái 360 þús. kr.

XIV. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.

XV. Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær landssambandi hestamannafélaga fyrir hrossaræktarbú. (Endurveiting.)

XVI. Að verja allt að 2.5 millj. kr. til flugvallagerðar til viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.

XVII. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.

XVIII. Að greiða ¾ hluta hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum, sem ekki búa við jarðhita.

XIX. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

XX. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. byggingarlán fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XXII. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XXIII. Að leggja fram allt að 250 þús. kr. stofnframlag vegna þátttöku ríkissjóðs í sameignarfélaginu Íslenzkir aðalverktakar.

XXIV. Að taka lán hjá Tryggingastofnun ríkisins allt að 5 millj. króna til að auka húsnæði ríkisspítalanna.

23. gr.

Á árinu 1955 skal greiða sérstakar uppbætur á laun starfsmanna ríkisins sem hér segir:

Á laun samkvæmt			I.—III.	flokki	launalaga	10 %
– —	—		IV.	—	—	12 —
– —	—		V.—IX.	—	—	15 —
– —	—		X.—XV.	—	—	17 —

enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Á árinu 1955 skal greiða 15% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 14 400 kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1954 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar frumvarp til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var samið, voru verðlagsuppbætur á laun miðaðar við kaupgjaldsvísitölu 147 stig að viðbættum 5 eða 10 stigum eftir því, hvort grunnlaun eru hærri eða lægri en 1830 kr. á mánuði, en séu laun hærri en 2200 kr. á mánuði er þó aðeins greidd 23% verðlagsuppbót á þann hluta launanna, sem umfram er.

Þessar reglur gilda enn um útreikning verðlagsuppbóta, en núgildandi kaupgjaldsvísitala er 148 stig og hefur verið miðað við þá vísitölu við samningu frumvarps þessa.

Á síðastliðnu vori beitti fjármálaráðherra sér fyrir því, að hvert ráðuneytanna um sig skipaði einn mann til að athuga útgjöld ríkisins í því skyni að koma fram sparnaði við ríkisreksturinn. Skyldu fulltrúar þessir athuga nákvæmlega útgjaldaliði fjárlaga hjá hverju ráðuneyti fyrir sig og þeim stofnunum og starfsgreinum, sem undir hvert þeirra heyra og gera álitsgerð um hvort og þá hvernig draga mætti úr útgjöldunum. Enn fremur skyldi athugað, hverjar leiðir séu helztar

til að koma í veg fyrir að ábyrgðir, er ríkið hefur tekið, lendi á ríkissjóði, svo og hvernig helzt megi takast að innheimta það, sem á er fallið og á kann að falla af slíkum ábyrgðum. Skyldu fulltrúarnir miða starf sitt við það, að sem flestar tillögur þeirra gætu komið til meðferðar í sambandi við undirbúning fjárlagafrumvarps ársins 1955. Nefndinni hefur ekki unnizt tími til að koma fram með tillögur sínar áður en fjárlagafrumvarpið var samið, og var þess vegna ekki hægt að styðjast við athuganir hennar við samningu þess. Tillögur nefndarinnar eru væntanlegar á næstunni og munu liggja fyrir við afgreiðslu frumvarpsins á Alþingi.

Um 2. gr.

1. og 2. Tekju- og eignarskattur, svo og stríðsgróðaskattur, eru áætlaðir 65.7 millj. kr., er það 5.8 millj. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum. Er þá höfð hliðsjón af þeirri reynslu, sem þegar er fengin af skattalagabreytingunum, sem samþ. voru á síðasta Alþingi.

3. Vörumagnstollur reyndist á s. l. ári 28.8 millj. kr. Í þeirri fjárhæð er vörumagnstollur af verulegum hluta af vélum og tækjum til stórvirkjananna tveggja við Sog og Laxá svo og Áburðarverksmiðjunnar h.f. í Gufunesi. Með hliðsjón af því hefur eigi þótt rétt að áætla þennan lið í frv. hærri en 26 millj. kr. eða 2 millj. hærra en í fjárlögum nú.

4. Verðtollur reyndist á s. l. ári 142.9 millj. kr. Er hér hið sama að segja og áður getur um vörumagnstollinn, að í þessari fjárhæð er verðtollur af verulegum hluta véla og tækja til fyrirtækjanna þriggja. Þegar á það er litið annars vegar og á hinn bóginn, að verðtollur mun á þessu ári fara fram úr áætlun fjárlaga, þótti hæfilegt að áætla liðinn í frv. 138 millj. kr., sem er 21 millj. kr. hærra en í núgildandi fjárlögum.

5. Innflutningsgjald af benzíni er áætlað jafnhátt og í fjárlögum nú, 9.5 millj. kr.

6. Gjald af innlendum tollvörum er áætlað 8 millj. kr., sem er 800 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

7. Lestagjald af skipum er áætlað óbreytt frá fjárlögum nú.

8. Bifreiðaskattur er með hliðsjón af reynslu undanfarið áætlaður 4 millj. kr. eða 700 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

9. Á þessu ári voru sett ný lög um aukatekjur ríkissjóðs. Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengin er síðan lögin tóku gildi, eru auktekjurnar áætlaðar 7.6 millj. kr. í frv. í stað 4.5 millj. í fjárlögum þessa árs.

10. Stimpilgjald er áætlað 12 millj. kr. í stað 10.5 millj. í fjárlögum nú.

11. Vitagjald er áætlað óbreytt frá fjárlögum, 1 millj. kr.

12. Leyfisbréfagjald er áætlað 400 þús. kr. í stað 200 þús. kr. nú. Ýmis þessara gjalda hafa hækkað nokkuð samkv. nýju aukatekjulögunum og er áætlunin hækkuð með tilliti til þess.

13. Útflutningsleyfagjöld eru áætluð óbreytt, kr. 500 þús.

14. Söluskattur er áætlaður 107 millj. kr. í stað 95 millj. kr. í fjárlögum nú. Er þá stuðzt við reynsluna á s. l. ári og það, sem af er þessu ári.

15. Leyfisgjöld eru áætluð 2.5 millj. kr. í stað 2.2 millj. í fjárlögum þessa árs.

Með lögum nr. 66/1954 var svo fyrir mælt, að fasteignaskattur, sem um langt árabil hefur verið fastur tekjuliður á fjárlögum, skuli eftirleiðis renna í hlutaðeigandi sveitarsjóð. Þessi liður fellur því niður í frv. Þá hefur ráðuneytið fellt veitingaskatt niður úr tekjubálki frumvarpsins. Veitingastarfsemi hefur á ýmsan hátt átt örðugt uppdráttar hér á landi, og þar eð ráðuneytið hefur talið fært að áætla aðra tekjuliði frv. nokkuð hærri en þeir eru í fjárlögum nú, hefur því þótt rétt að beita sér fyrir afnámi þessa skatts. Má hér og geta þess, að innheimta á veitingaskattinum hefur undanfarið reynzt verulegum vandkvæðum bundin og á s. l. ári náði skatturinn eigi því, er áætlað var í fjárlögum.

Um 3. gr. A.

1. *Póstsjóður.* Rekstrarhalli póstsjóðs er áætlaður 609 þús. kr. og er það 25 þús. kr. lægra en í fjárlögum þessa árs, en tæplega 500 þús. kr. lækkun frá tillögum póst- og símamálastjóra. Tekjur sjóðsins eru áætlaðar 635 þús. kr. hærri en í fyrra og telur ráðuneytið nauðsynlegt að stefna að því, að póstþjónustan standi að verulegu leyti undir sér sjálf.

2. *Landssíminn.* Ráðuneytið telur nauðsynlegt, að greiðsluhalli Landssímans aukist ekki frá áætluðum greiðsluhalla stofnunarinnar í fjárlögum þessa árs. Í áætlun póst- og símamálastjóra er gert ráð fyrir 4570 þús. kr. greiðsluhalla og er þar reiknað með því, að 3.5 millj. króna verði á árinu varið til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík. Með því að lækka þessa fjárhæð í 1.7 millj. króna svo og með lækkunum á fáeinum rekstrar- og fjárfestingarliðum öðrum, hefur ráðuneytið fært greiðsluhallann niður í 1850 þús. kr.

3. *Áfengisverzlun ríkisins.* Á starfsliði áfengisverzlunarinnar hafa orðið þær breytingar, að bætt hefur verið við einum lyfjafræðingi, tveimur riturum, fjórum aðstoðarmönnum og fjórum iðnkonum. Af þessum sökum og vegna aldurshækkana hækka grunnlaun um tæplega 219 þús. kr. Þessar viðbætur á starfsliði telja forstöðumenn áfengisverzlunarinnar og Lyfjaverzlunar ríkisins óhjákvæmilegar, bæði vegna aukinna viðskipta og aukinnar framleiðslu. Viðskipti hafa vaxið í Reykjavík við það, að áfengisútsölum í öðrum kaupstöðum var lokað. Á móti hækkuninni kemur nokkur lækkun á kostnaði við áfengisútsölur. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 50 þús. kr. Tillag til gæzluvistarsjóðs hækkar um 750 þús. kr. vegna ákvæðis 29. greinar áfengislaganna nr. 58/1954. Rekstrarhagnaður er áætlaður 60 millj. kr. og er það 6 millj. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

4. *Tóbakseinkasala ríkisins.* Grunnlaun lækka um 21 126 kr. vegna mannaskipta og þess, að ræstingakona er nú ekki talin á launaskrá, þar sem henni munu greidd laun af skrifstofufé. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 100 þús. kr. Rekstrarhagnaður er áætlaður 40 millj. kr. og er það óbreytt frá fjárlögum þessa árs.

5. *Ríkisútvarpið.* Afnotagjöld eru miðuð við 37 000 útvarpsnotendur, eða einu þúsundi fleiri en í fyrra og hækka því um 200 þús. kr. frá fjárlögum þessa árs. Aðrar tekjur hækka um 400 þús. kr. Ráðunautsstaða við dagskrárskrifstofu, sem féll niður á fjárlögum 1954, er nú tekin upp af nýju og skrifstofustjóri í aðalskrifstofu hefur verið fluttur úr VII. í VI. launaflokk. Aldurshækkanir eru nokkrar, svo og mannaskipti, en alls hækka grunnlaun um rúml. 17 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 380 þús. kr. og munar þar mest um b-lið, útvarpsefni, sem hækkar um 190 þús. kr., en liðirnir húsaleiga og óviss útgjöld hækka einnig nokkuð.

Rekstrarhagnaður er áætlaður rúmlega 130 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs eða 1 774 þús. kr. og rennur 1 millj. kr. þar af í framkvæmdasjóðs útvarpsins.

Grunnlaun hjá viðgerðarstofu útvarpsins lækka um 20 532 kr., þar eð starfsmönnum fækkar um einn. Rekstrarhagnaður viðgerðarstofunnar er áætlaður 3 699 kr. og er það um 12 þús. kr. lægra en í fjárlögum 1954.

Áætlaður hagnaður af viðtækjaverzlun er 21 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, og rennur sem fyrr til greiðslu á skuldum Þjóðleikhússins.

6. *Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.* Fylgt hefur verið tillögum forstjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 350 þús. kr. og er það 25 þús. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.

7. og 8. *Áburðarsala og Grænmetisverzlun ríkisins.* Gert er ráð fyrir jöfnum tekjum og gjöldum af þessum fyrirtækjum, svo sem verið hefur. Fylgt hefur verið tillögum forstjórans.

9. *Landssmiðjan.* Grunnlaun lækka um 24 þús. kr., þar er starfsliði fækkar um einn verkfræðing. Vextir hækka um 50 þús. kr., fyrning um 150 þús. kr. og annar kostnaður um 603 þús. kr. Í tillögum forstjórans er gert ráð fyrir 81 þús. kr. rekstrarhagnaði, en ráðuneytið hefur, með tilliti til reiknings síðast liðins

árs, áætlað hagnaðinn 286 þús. kr. Er það 121 þús. kr. hærra en í fjárlögum þessa árs.

10. *Tunnuverksmiðjur ríkisins.* Áætlun Síldarútvegsnefndar hefur verið tekin óbreytt, er hún miðuð við smíði á 75 000 tunnum, eða jafnmörgum og á þessu ári. Tekjur og gjöld eru áætluð jöfn, svo sem verið hefur.

11. *Innkaupastofnun ríkisins.* Grunnlaun hækka lítið eitt vegna aldurshækkana. Ekki er gert ráð fyrir neinum tekjuafgangi.

12. *Ríkisbúið á Bessastöðum.* Fylgt hefur verið tillögum bústjórans. Tekjuafgangur er áætlaður 5 855 kr. og er það rúmum 11 þús. kr. lægra en í gildandi fjárlögum.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar jafnháar og í þessa árs fjárlögum.

Um 4. gr.

Óbreytt frá gildandi fjárlögum.

Um 5. gr.

Óvissar tekjur eru áætlaðar jafnháar og í fjárlögum þessa árs.

Um 7. gr.

Vextir af lánum ríkissjóðs eru taldir:

1.	Innlend lán	kr. 3 855 353	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 954 670	
			kr. 2.900 683
2.	Lán í dönskum krónum		— 175 252
3.	Lán í £ (£ 51 008-0-0)	kr. 2 331 065	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 2 331 065	
4.	Lán í $ ($ 109 300.00)	— 1 783 776	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 1 754 440	
			— 29 376
5.	Lán hjá Alþjóðabanka (£ 54 481-0-0 og $ 43 260) .	kr. 3 195 784	
	÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 3 195 784	
			Kr. 3 105 311

Auk þessa er lagt til, að vextir af innlendum lánum verði áætlaðir 1 mil'j. kr. hærri en talið er hér að framan og er það gert vegna þess, að liðurinn hefur jafnan verið of lágt áætlaður, þar eð ekki hefur verið tekið nægilegt tillit til vaxta af lausaskuldum ríkissjóðs.

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

I. Innlend lán.

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
27 123.00	70 450.00	Innanríkislán 1940.
216 000.00	400 000.00	Innanríkislán 1941.
68 250.00	450 000.00	Innanríkislán 1944.
300.00	1 000.00	Lán vegna kaupa á Skálholti í Biskupstungum.
314.00	5 232.00	Lán vegna kaupa á Kaldaðarnestorfu.
5 132.00	8 483.00	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
5 600.00	110 000.00	Lán til byggingar Þjóðminjasafnshúss.
67 349.00	374 160.00	Lán vegna eignakönnunar.

Vextir: (7. gr. 1.) Kr.	Afborganir: (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000.00	984 052.00	Happdrættislán 1949 (B-flokkur).
4 967.00	2 905.00	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
45 000.00	1 000 000.00	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna skuldaskipta 1949.
3 202.00	873.00	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna sakadómarabústaðar.
308 000.00	400 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
33 000.00	75 000.00	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna Þjóðleikhússins.
14 875.00	13 750.00	Lán hjá Útvegsbanka Íslands vegna jarðarinnar Drangsness.
150 000.00	1 000 000.00	Lán vegna framlags til Alþjóðabanka og gjaldeyrissjóðs.
374 066.00	1 682 875.00	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttaskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
17 820.00	162 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna kaupa á togaranum Garðari Þorsteinssyni.
3 600.00	30 000.00	Lán hjá Helga Tryggvasyni vegna kaupa á blaðasafni o. fl.
20 160.00	84 000.00	Lán vegna afurðatjóns bænda milli Héraðsvatna og Blöndu 1950.
221 550.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1950.
138 993.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1951.
118 588.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1952.
130 707.00		Lán vegna afurðatjónsbóta til bænda 1953.
500.00	10 000.00	Lán vegna á kaupa á landshafnarjörðinni Rifi á Snæfellsnesi.
11 550.00	10 000.00	Lán vegna eignarnáms á Egilsstaðalandi.
28 597 00	571 945.00	Lán hjá Fiskveiðasjóði Íslands vegna smíði Svíþjóðarbáta.
5 280.00	44 000.00	Lán vegna kaupa á Pólgötu 2, Ísaf. (bfg. skrifst.).
30 000.00		Lán hjá Fiskimálasjóði vegna Pólgötu 2, Ísafirði.
15 750.00	37 500.00	Lán hjá Sjóvátryggingafélagi Íslands vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
47 700.00	115 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna togarans Garðars Þorsteinssonar.
211 200.00	480 000.00	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
830.18	1 192.99	Lán hjá veðdeild Landsbanka Íslands vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
3 250.00	3 333.00	Lán hjá Búnaðarbanka Íslands vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
26 100.00	58 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á Syðstabæjareigninni í Hrísey.
3 855 353.18		
÷ 954 670.00		
2 900 683.18	9 169 802.99	

Til frádráttar þessari vaxtaupphæð koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Sviþjóðarbáta) 1) vextir af stofnlánabréfum vegna togara kr. 240 775.00, 2) vextir af þeim skuldum, sem ríkissjóður hefur lánað vegna byggingarkostnaðar togara kr. 152 582.00 og 3) vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánadeildarbréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Sviþjóðarbáta kr. 141 165.00, samtals kr. 534 522.00.

Auk þess eiga að koma til frádráttar vextir, innborgaðir af Siglufjarðarkaupstað vegna togarans Garðars Þorsteinsson, kr. 199 200.00[1]) og endurgreiddir vextir vegna láns skuldaskilasjóðs 1950 kr. 220 948.00.

Frádráttur samtals kr. 954 670.00.

II. Erlend lán.

1. Lán í Danmörku.

Vextir. (7. gr. 2.) Kr.	Afborganir. (20. gr. út, I, 1.a.) Kr.	
1 791.00	5 546.00	Forsörgelsesforeningen Bicuben, Kbh., 1909 til Vífilstaðahælis.
12 750.00	170 000.00	Köbenhavns Handelsbank, vegna smíði varðskips.
2 836.00	30 471.00	Det Forenede Danske Livsforsikringsaktieselskab Hafnia 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
7 804.00	122 196.00	Statsanstalten for Livsforsikring, Khb., 1926 (til veðdeildarbréfakaupa).
24 492.00	104 922.00	Det Forenede Danske Livsforsikrings Aktieselskab Hafnia 1927 (til veðdeildarbréfakaupa).
24 492.00	104 922.00	Dansk Folkeforsikringsanstalt, Kbh., 1927, (til veðdeildarbréfakaupa).
74 165.00	538 057.00	danskar krónur, eða
175 252.00	1 271 429.00	íslenzkar krónur.

2. Lán í Bretlandi.

£ 51 008.0.0	£ 54 983.0.0	Togaralán 1949 (£ 1 250 000.0.0).
÷ £ 51 008.0.0	£ 54 983.0.0	Sömu upphæðir til frádráttar (innb. af togurunum).

3. Lán í U. S. A.

$ 57 500.00		Lán hjá Export Import Bank, Washington 1948, til kaupa á síldarvinnslutækum o. fl. $ 2 300 000.00.
÷ $ 57 500.00		Sama upphæð til frádráttar, innb. af skuldunautum.
$ 50 000.00		Lán 1949—1950 vegna Laxár- og Sogsvirkjana $ 2 000 000.00.
÷ $ 50 000.00		Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
$ 1 800.00	$ 5 000.00	Handhafaskuldabréfalán vegna kaupa á sendiráðshúsi í Washingson $ 50 000.00.
$ 1 800.00	$ 5 000.00	bandarískir dollarar, eða
29 376.00	81 600.00	íslenzkar krónur.

1) Ógreiddir vextir fyrir 3 ár.

4. Lán hjá Alþjóðabankanum.

Vextir. 7. gr. 2. Kr.	Afborganir. 20. gr. út, I. 1,b. Kr.	
£ 38 281.0.0		Lán vegna Laxár- og Sogsvirkjana 1950 £ 875 000.0.0 (L. £ 151 800.0.0, S. £ 723 200.0.0).
÷ £ 38 281.0.0		Sama upphæð til frádráttar, innb. af virkjununum.
£ 16 200.0.0		Landbúnaðarlán 1951.
$ 43 260.00	$ 20 000.00	Lán vegna Áburðarverksmiðju 1952.
÷ $ 43 260.00	÷ $ 20 000.00	Sama upphæð til frádráttar, innb. af Áburðarverksmiðjunni.

Um 10. gr.

Í sambandi við þá nýskipan á framkvæmd varnarmálanna, er upp var tekin á s. l. hausti, þótti nauðsynlegt að stofna í utanríkisráðuneytinu nýja deild og leggja undir hana alla framkvæmd þessara mála. Þá var og löggæzla og tollgæzla á Keflavíkurflugvelli efld og aukin, völlurinn gerður að lögsagnarumdæmi út af fyrir sig og skipaður þar sérstakur lögreglustjóri með dómsvaldi. Í framhaldi af þessu voru svo teknir upp samningar við Bandaríkjastjórn um breytingar á varnarsamningunum í ýmsum atriðum. Einkum var lögð áherzla á að dvöl varnarliðsins skyldi takmörkuð við sérstök samningssvæði og heft sem mest öll óþörf samskipti landsmanna og varnarliðsins. Enn fremur var lögð áherzla á, að Íslendingar tækju í sínar hendur verklegar framkvæmdir í sambandi við varnarliðsmálin. Um þetta hvort tveggja hefur náðst samkomulag og er nú unnið að því að það komi til framkvæmda.

Augljóst er að hin nýja stefna um framkvæmd þessara mála hlýtur að hafa aukna vinnu og því kostnaðarauka í för með sér, og skal nú drepið á helztu liðina.

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins. Laun starfsfólks deildarinnar eru 380 þús. kr., þar af eru laun nýrra starfsmanna 331 þús. kr.

Áætlað er, að lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli kosti 222 þús. kr., en áður en embættið var stofnað starfaði sérstakur fulltrúi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu á flugvellinum og eru laun hans og skrifstofukostnaður talin í liðnum: Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur í gildandi fjárlögum. Kostnaðaraukning vegna stofnunar embættis þessa er því fyrst og fremst laun eins fulltrúa, auk þess sem annar kostnaður hækkar nokkuð.

Kostnaður við ríkislögregluna á Keflavíkurflugvelli hækkar um 208 þús. kr.

Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli er nú tekin sem sérstakur liður, en var áður talin í liðnum: Tollgæzla utan Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður er nú 469 þús. kr. og er þar ekki um verulega hækkun að ræða.

I. 2. b. *Dómsmálaráðuneytið.* Grunnlaun lækka um 4140 kr. vegna mannaskipta.

c. *Félagsmálaráðuneytið.* Einn fulltrúanna hefur verið gerður að deildarstjóra og flyzt því úr VII. í VI. launaflokk. Vegna þess og aldurshækkana hækka grunnlaun um 7578 kr.

d. I. *Fjármálaráðuneytið.* Grunnlaun hækka um 1053 kr. vegna aldurshækkana.

II. *Endurskoðunardeild.* Grunnlaun hækka um 53 689 kr. vegna aldurshækkana og þess, að grunnlaun þriggja ritara í tollendurskoðun eru nú talin á þessum lið, en voru áður greidd af liðnum „Annar kostnaður".

e. *Forsætis- og menntamálaráðuneytið.* Grunnlaun hækka um 18 019 kr., þar eð starfsfólki hefur fjölgað um einn ritara.

g. *Utanríkisráðuneytið.* Grunnlaun lækka um 81 636 kr. frá gildandi fjárlögum. Starfsfólki hefur fækkað um tvo deildarstjóra og einn fulltrúa, sem fluttur er í varnarmáladeild, en einn nýr ritari hefur verið ráðinn.

k. *Annar kostnaður ráðuneytanna.* Liðurinn hækkar um 300 þús. kr. Reynslan sýnir, að kostnaður þessi hefur verið of lágt áætlaður í fjárlögum undanfarið.

3. *Ríkisféhirzla og ríkisbókhald.* Grunnlaun hækka um 8966 kr. vegna aldurshækkana.

II. Hagstofan. Grunnlaun hækka um 11 804 kr. vegna aldurshækkana og þess, að einn fulltrúi tekur laun samkvæmt VII. launaflokki í stað VIII. áður. Pappír, prentun og hefting hagskýrslna lækkar um 5 þús. kr.

III. Utanríkismál.

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Laun samkvæmt launalögum hækka um 49 100 kr. Stafar það af því, að utanríkisráðuneytið taldi óhjákvæmilegt að hækka staðaruppbót starfsfólks sendiráðsins til samræmis við önnur sendiráð á Norðurlöndum.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Kostnaður við sendiráðið hækkar um 36 172 kr. Hækkunin stafar af því, að utanríkisráðuneytið telur, að ekki verði hjá því komizt að bæta við einum sendiráðsritara, en á móti kemur nokkur lækkun á öðrum kostnaði.

3. *Sendiráðið í London.* Kostnaður lækkar um 15 489 kr. Hækkunin á launum annarra starfsmanna stafar af kostnaði við embætti fiskiráðunauts í London.

5. *Sendiráðið í París.* Kostnaður hækkar um tæpar 5 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Osló.* Kostnaður lækkar um 13 164 kr. Laun utan launalaga hækka lítið eitt vegna smávægilegrar hækkunar á staðaruppbót.

7. *Sendiráðið í Vestur-Þýzkalandi.* Kostnaður hækkar um 6283 kr. vegna launahækkunar aðstoðarstúlku.

8. *Sendiráðið í Moskvu.* Kostnaður er áætlaður 1 157 900 kr. eða 157 900 kr. hærri en á fjárlögum 1954, og er áætlunin byggð á reynslu síðast liðins árs.

9. *Aðalræðismannsskrifstofan í New York.* Kostnaður lækkar um 6800 kr.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Grunnlaun óbreytt. Risna dómsforseta hækkar um 4500 kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Framlag til viðgerðar á dómhúsinu er áætlað 20 þús. kr. og er það 15 þús. kr. lægra en í fjárlögum yfirstandandi árs.

2. *Borgardómaraembættið í Reykjavík.* Lagt er til að bætt verði við einum fulltrúa, er taki laun samkvæmt VII. flokki launalaganna, byrjunarlaun. Meginhluti allra einkamála utan Reykjavíkur er nú rekinn fyrir bæjarþingi Reykjavíkur og fólksfjölgun í bænum hefur það óhjákvæmilega í för með sér að málum, sem afgreiða þarf hjá borgardómaraembættinu fjölgar stöðugt. Árið 1953 voru flutt til næsta árs 764 mál, en 719 árið 1952, og gefur þó málafjöldinn einn ekki rétta hugmynd um umfang starfsins. Ráðning nýs fulltrúa veldur því, að grunnlaun við embættið hækka um 17 443 kr. þrátt fyrir lækkun vegna mannaskipta. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 50 þús. kr. sem stafar að mestu leyti af flutningi í stærra og dýrara húsnæði. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr., m. a. vegna þess, að meðtalinn er kostnaður við fyrrgreinda flutninga.

3. *Borgarfógetaembættið í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 5236 kr. vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 5 þús. kr.

4. *Sakadómaraembættið í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 3247 kr. vegna aldurshækkana. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

5. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Grunnlaun hækka um 4230 kr. vegna aldurshækkana. Ljós, hiti, ræsting, húskostnaður hækkar um 5 þús. kr., þar sem reikningar sýna, að liðurinn hefur verið of lágt áætlaður.

6. *Lögreglustjóraembættið á Keflavíkurflugvelli.* Embætti þetta er stofnað með lögum nr. 33 8. apríl 1954, og er kostnaðaráætlunin miðuð við tillögur varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins.

7. a. *Embætti sýslumanna og bæjarfógeta.* Grunnlaun starfsfólks lækka um 25 661 kr. vegna þess, að fulltrúum sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur fækkað við stofnun lögreglustjóraembættis á Keflavíkurflugvelli. Annar kostnaður hækkar lítils háttar.

c. *Einkennisbúningur héraðsdómara.* Lagt er til að tekinn verði upp nýr liður að fjárhæð 50 þús. kr. til greiðslu á einkennisbúningi héraðsdómara.

d. *Viðhald embættisbústaða.* Kostnaður sá umfram tekjur, sem orðið hefur af embættisbústöðum, hefur verið færður á 19. gr., en þar sem þetta hefur numið verulegum fjárhæðum að undanförnu, þykir rétt að taka kostnaðinn nú sem sérstakan lið.

9. *Lögreglukostnaður.*

a. *Ríkislögreglan í Reykjavík.* Tekinn hefur verið í frumvarpið nýr liður: Kostnaður við kvenlögreglu, áætlaður 12 þús. kr.

b. *Ríkislögreglan á Keflavíkurflugvelli.* Í sambandi við nýskipan varnarmálanna hefur löggæzlan á Keflavíkurflugvelli verið aukin. Lögregluþjónum hefur verið fjölgað um þrjá, og bifreiðakostnaður hefur hækkað um 35 þús. kr. Einkennisfatnaður og fæðiskostnaður lögreglumanna hefur hækkað um 73 þús. kr.

c. *Ríkislögreglan á Akureyri, Hafnarfirði og Siglufirði.* Grunnlaun hækka um 1053 kr. vegna aldurshækkana. Fjárveiting til kaupa á bifreið fyrir löggæzluna á Akureyri (½ kostnaðar) 30 822 kr. fellur niður.

k. *Ýmis annar lögreglukostnaður* hækkar um 50 þús. kr., þar sem reikningar sýna, að liðurinn hefur verið of lágt áætlaður í fjárlögum undanfarið.

10. *Landhelgisgæzlan.* Kostnaður við landhelgisgæzlu er áætlaður 300 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Stafar hækkunin af því, að í ráði er að auka fluggæzluna, en sú aðferð við landhelgisgæzlu þykir hafa gefið góða raun.

11. a. *Hegningarhúsið í Reykjavík.* Grunnlaun lækka lítils háttar vegna mannaskipta.

11. b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. Tekjur lækka um 60 þús. kr. frá því, sem þær voru áætlaðar í fjárlögum ársins 1954. Reynsla undanfarinna ára sýnir, að tekjur vinnuhælisins hafa verið of hátt áætlaðar, og hafa tekjurnar nú verið áætlaðar 180 þús. kr., og mun ekki varlegt að áætla þær hærri.

11. d. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Liðurinn hækkar um 1798 kr. vegna aldurshækkana og hækkaðrar verðlagsuppbótar á laun fangavarða.

12. *Til byggingar fangahúsa* hækkar um 150 þús. kr.

13. *Kostnaður við lögreglu- og sakamál.* Á þessum lið hefur verið breytt um form þannig að rétt þykir að láta koma til frádráttar áætlaðan endurgreiddan málskostnað. Fjárhæðin hefur verið hækkuð með tilliti til reynslu undanfarinna ára um 200 þús. kr. Endurgreiddur málskostnaður hefur verið áætlaður 200 þús. kr. þannig að ekki er um hækkun á liðnum að niðurstöðu til að ræða.

15. *Kostnaður við siglingadóm* samkvæmt lögum hækkar um 15 þús. kr.

18. *Kostnaður við félagsdóm.* Laun félagsdómsmanna hækka um 16 þús. kr. Ástæðan fyrir því er sú, að starfssvið dómsins hefur nú verið aukið með ákvæðum l. nr. 70 frá 1954, en þar er í 2. grein ákveðið að stéttarfélögum og félögum meistara og iðnrekenda sé heimilt að leita úrskurðar Félagsdóms um það, hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki. Búizt er við að ákvæði þetta auki störf dómsins að mun. Liðurinn „Útgáfa félagsdóma“ fellur niður.

Um 11. gr. B.

1. *Skipaskoðun ríkisins.* Grunnlaun lækka um 2130 kr. vegna mannaskipta. Lagt er til að tekin verði upp ný fjárveiting, kr. 95 þús., til kaupa á röntgentækjum fyrir skipaskoðunina til athugunar á rafsuðu í skipum og gufukötlum. Tekjur af

skipaskoðun hafa farið lækkandi undanfarin ár og þykir ekki varlegt nú að reikna með hærri tekjum en hér er gert.

2. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Ráðinn hefur verið einn nýr öryggiseftirlitsmaður og hækka grunnlaun þess vegna um 28 980 kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum.

3. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Grunnlaun eru óbreytt. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. vegna aukinna verkefna. Tekjur eru sem að undanförnu áætlaðar jafnar gjöldum.

4. *Löggildingarstofan.* Grunnlaun lækka um 14 742 kr. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr.

5. *Eftirlit með skipulagi bæja og sjávarþorpa.* Grunnlaun lækka um 10 006 kr. vegna mannaskipta. Mælingakostnaður, helmingsþáttaka ríkissjóðs hækkar um 15 þús. kr. og annar kostnaður um 12 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnar gjöldum, er það 16 012 kr. hærra en á síðustu fjárlögum, þar sem gera má ráð fyrir því, að á næsta ári greiðist með meira móti vegna hinna miklu byggingaframkvæmda nú.

6. Skv. reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 157, 4. sept. 1953, skal kostnaður við rannsóknir og önnur störf þeirra manna, er ríkisstjórnin skipar til eftirlits samkvæmt þeirri reglugerð, greiðast úr ríkissjóði. Þar með er tekjustofn matvælaeftirlitsins fallinn niður, og verður nú að greiða kostnaðinn, 175 þús. kr., úr ríkissjóði.

7. *Kostnaður við mat á afurðum.* Lagt er til að grunnlaun fiskimatsmanna hækki vegna þess að störf þeirra eru nú miklu umfangsmeiri en þegar núgildandi launakjör þeirra voru ákveðin. Hækkun þessi nemur 17 523 kr. Ferðakostnaður hækkar um 10 þús. kr. Lagt er til að liðurinn, tímakaup síldarmatsmanna, hækki um 20 þús. kr. Áætlað er að tekjur af síldarmati hækki um 20 þús. kr.

8. *Kostnaður við vörumerkjaskráningu* hækkar um 2 þús. kr. Kostnaður þessi hefur mörg undanfarin ár verið óbreyttur en starfið margfaldazt á síðari árum.

12. *Húsaleigueftirlit.* Lagt er til að liðurinn hækki um 70 þús. kr. Kostnaður þessi hefur á fjárlögum undanfarinna ára verið of lágt áætlaður. Húsaleigunefndir starfa enn vegna laganna um hámark húsaleigu o. fl. (l. 30/1952), enda þótt húsaleigulögin, sem þær voru skipaðar eftir, séu úr gildi fallin.

Um 11. gr. C.

I. a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Störf tollstjóraskrifstofunnar vaxa sífellt. Má sem dæmi nefna að tollafgreiðslur verða á þessu ári um 45 þús. en voru um 36 þús. á árinu 1953. Tollstjóri telur óhjákvæmilegt að bæta við starfsliði og hefur ráðuneytið fallizt á að bæta við einum fulltrúa. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um tæpar 39 þús. kr.

Lausavinnuliðurinn er sem áður miðaður við laun tveggja lögtaksfulltrúa, er starfa við embættið til bráðabirgða. Annar kostnaður hækkar um 20 þús.

b. 1. *Tollgæzlan í Reykjavík.* Bætt hefur verið við einum tæknilegum aðstoðarmanni, sem starfar hálfan daginn, þá hafa þrír tollverðir, sem frá því á árinu 1946 hafa starfað sem verkstjórar, verið gerðir að yfirtollvörðum. Vegna þessa hækka grunnlaun um 8994 kr. Kostnaður við tollbáta er nýr liður, áætlaður 70 þús. kr. Kostnaður þessi hefur undanfarið verið greiddur af fé því, er innheimt hefur verið af skipum, er hingað hafa komið frá útlöndum, fyrir flutning sóttgæzlumanna. Hefur gjald þetta verið 120 kr. af hverju skipi. Samkvæmt sóttvarnarlögum nr. 34 frá 1954, 41. gr. er óheimilt að taka gjald þetta af öðrum en e. t. v. erlendum veiðiskipum, og er það næstum sama og algert afnám gjaldsins. Verður þess vegna að greiða kostnað við tollbátana úr ríkissjóði. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr. vegna vaxandi umferðar kaupskipa og flugvéla í utanlandsferðum.

2. *Tollgæzlan á Keflavíkurflugvelli* hefur eins og lögreglukostnaður og skrifstofuhald verið tekin sem sérstakur liður. Mestur hluti fjárveitingar þeirrar, sem nú er talin hér, var í fyrra talinn með tollgæzlu utan Reykjavíkur.

3. *Tollgæzlan utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Grunnlaun lækka um 177 þús. kr. vegna þess, að tollgæzlumenn á Keflavíkurflugvelli eru nú ekki taldir hér.

II. a. *Ríkisskattanefnd.* Laun nefndarmanna hækka lítils háttar. Vegna þess og aldurshækkana hækka grunnlaun um 8202 kr.

b. *Skattstofan í Reykjavík.* Starfsliði fækkar um einn ritara og þrátt fyrir nokkrar aldurshækkanir lækka grunnlaun um 3042 kr. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr. Tímavinna hækkar um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr. Stafar hækkun þessi að nokkru leyti af því, að Skattstofunni hefur verið falið að endurskoða söluskattsálagningu fyrir allt landið, að undanskildum kaupstöðum þeim, sem eru sérstök skattstjóraumdæmi. Hluti bæjarsjóðs Reykjavíkur af kostnaðinum hækkar lítið eitt í samræmi við fólksfjölgun þar.

c. *Skattstofur utan Reykjavíkur.* Kostnaðurinn er áætlaður 120 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs, þar eð reynslan sýnir að hann hefur undanfarið verið of lágt áætlaður.

d. *Undirskattanefndir.* Liðurinn hækkar um 105 þús. kr., þar eð hann hefur reynzt of lágt áætlaður.

e. *Yfirskattanefndir.* Hækkun 75 þús. kr. til samræmis við reikning.

f. *Millimatskostnaður* lækkar um 15 þús. kr.

Um 12. gr.

II. *Héraðslæknar.* Grunnlaun hækka um 64 881 kr.

IV. *Ríkisspítalar.* Enn sem fyrr eru launagreiðslur til starfsfólks stærsti útgjaldaliðurinn hjá öllum ríkisspítölunum, og hækka þær nokkuð vegna aukinna verðlagsuppbóta svo og þess, að lagt er til, að starfsfólki verði fjölgað á sumum spítölunum og verður þess nánar getið hér á eftir. Þá er í launafjárhæðinni áætluð aukavinna vegna sumarleyfa, en þau hafa verið lengd og hækkar liðurinn því óhjákvæmilega nokkuð. Matvæli eru annar aðalkostnaðarliður spítalanna, og er þar yfirleitt um nokkra lækkun að ræða. Annar kostnaður hækkar samtals um 68 þús. kr. á Landsspítala, Kleppi og Fávitahæli í Kópavogi, en lækkar samtals um 245 500 kr. á hinum spítölunum.

Daggjöld eru áætluð samkvæmt tillögum stjórnarnefndar ríkisspítalanna nokkru hærri en verið hefur eða 75 kr. á Landsspítala í stað 70 kr. svo sem nú er og 55 kr. á Vífilsstöðum, Kleppi, Holdsveikraspítala og fávitahælum, í stað 53 kr. nú. Af þessum ástæðum lækkar rekstrarhalli ríkisspítalanna um 346 þús. kr.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess, að nokkur hluti tekjuaukningar spítalanna kemur fram sem aukin gjöld á 12. gr. VI. (ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla).

A. *Landsspítalinn.* Ákveðið hefur verið að skipta aðalsjúkradeildum Landsspítalans, handlæknis- og lyfjadeildum, í fjórar deildir, og er í frumvarpinu miðað við, að þessi skipting komi til framkvæmda um næstu áramót. Hefur þetta nýja fyrirkomulag óhjákvæmilega í för með sér nokkra fjölgun á starfsfólki og er af þeim ástæðum bætt við 3 hjúkrunarkonum, tveim deildarhjúkrunarkonum og einni röntgenhjúkrunarkonu. Einnig er bætt við einni röntgenkonu. Starfsemi röntgendeildar hefur farið vaxandi á undanförnum árum, t. d. urðu tekjur hennar árið 1953 um 100 þús. kr. hærri en árið áður, þrátt fyrir óbreytta gjaldskrá. Þá hefur nú verið tekin upp í fjárlagafrumvarpið tillaga stjórnarnefndar ríkisspítalanna um að bæta við 3 aðstoðarhjúkrunarkonum, þá hefur verið bætt við 1 ritara hjá læknum á handlæknisdeild. Loks hefur verið bætt við launum vegna kennara. Á Landsspítalanum hefur lengi verið starfandi barnakennari, en laun hans hafa fallið niður úr fjárlagaáætlun fyrir vangá. Vegna framangreindrar fjölgunar starfsfólks hækkar launaliður spítalans um *174 456.00 kr.* Aðrar hækkanir á þessum lið stafa af launahækkunum til námskandidata og svokallaðra fullnuma kandidata, sem samið var um á þessu ári. Enn fremur hafa á árinu verið framlengdir

samningar við starfsmannafélagið Þór með breytingum á launakjörum félagsmanna til samræmis við launakjör Dagsbrúnarmanna.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Fjöldi starfsfólks óbreyttur. Nokkur hækkun verður á grunnlaunum af sömu ástæðum og tilgreindar eru um Landsspítalann.

D. *Heilsuhælið á Kristnesi.* Áætlaður kostnaður vegna kaupa á matvörum til hælisins hefur verið lækkaður um 20 þús. kr. og annar kostnaður lækkar um 3500 kr. Rekstrarhallinn minnkar um 16 447 kr.

F. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Launin lækka nokkuð þar sem fávitahælið greiðir nú meira en áður af launum yfirhjúkrunarkonu.

G. *Fávitahælið í Kópavogi.* Vinnustúlkum fjölgar um eina og telur stjórnarnefnd ríkisspítalanna, að reynsla hins fyrsta starfsárs hafi sýnt, að fjölgun þessi sé óhjákvæmileg.

H. *Fávitahælið á Kleppjárnsreykjum.* Annar kostnaður lækkar um 21 100 kr. Grunnlaun hækka um 2700 kr. vegna skrifstofu- og stjórnarnefndarkostnaðar.

V. *Til berklavarna.* Styrkur til berklasjúklinga hækkar um 39 500 kr. enda þótt gert sé ráð fyrir 123 000 legudögum í stað 126 700 í fjárlögum þessa árs. Veldur þessu hækkun sú, er stjórnarnefnd ríkisspítalanna hefur ákveðið á daggjöldum á ríkissjúkrahúsunum. Sýklarannsóknir lækka um 50 þús. kr. og annar kostnaður um 20 þús. kr.

VI. *Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.* Þessi liður hækkar um 727 600 kr. Á geðveikrahælum er gert ráð fyrir jafnmörgum legudögum og í gildandi fjárlögum, en kostnaðurinn hækkar vegna hækkunar á daggjöldum. Framlag til drykkjumannahæla hækkar um 90 þús. kr. og veldur þar mestu stofnun hins nýja drykkjumannahælis í Gunnarsholti. Framlag til fávitahæla hækkar um 462 950 kr. þar eð vistdögum fávita fjölgar úr 25 500 í 35 500, að verulegu leyti vegna þess, að hafinn er rekstur nýs fávitahælis að Skálatúni. Hins vegar er áætlað að vistdögum vegna langvarandi ellisjúkdóma fækki verulega og er lækkun af þeim ástæðum talin nema 162 þús. kr. þrátt fyrir hækkun daggjalda.

VII. *Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkvæmt lögum* hækkar um 400 þús. kr. þar eð sjúkrahúsum þeim, sem rekstrarstyrks njóta, fjölgar stöðugt.

VIII. *Styrkur til heilsuverndarstöðva í kaupstöðum* hækkar um 150 þús. kr. vegna fyrirhugaðrar aukningar heilsuverndarstarfseminnar m. a. við flutning heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík í ný húsakynni.

XII. *Til ónæmisaðgerða.* Liðurinn hækkar um 20 þús. kr. samkvæmt reynslu.

XXIII. *Styrkur til ýmissa sjúklinga, eftir úthlutun landlæknis.* Lagt er til að framlagið verði bundið skilyrði um framlag að ⅔ hlutum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Niður falla þessir liðir: Til endurbóta og breytinga á sjúkraskýli Rauðakrossins í Sandgerði 25 þús. kr., til fávitahælis í Skálatúni, byggingarstyrkur 60 þús. kr., og ferðastyrkur á 2. alþjóðakrabbameinsþing (⅔ kostnaðar) 30 þús. kr.

Um 13. gr. A.

I. *Stjórn og undirbúningur vegagerða.* Tveir bókarar taka laun samkv. X. launaflokki í stað XI. áður og laun allra verkfræðinga eru nú áætluð í hámarki. Vegna þessa og aldurshækkana hækka grunnlaun um 20 484 kr. Samkvæmt reynslu verður að hækka liðinn „annar kostnaður“ um 60 þús. kr.

II. b. *Viðhald þjóðvega.* Liðurinn hækkar um 3.5 millj. kr. Reynslan sýnir ótvírætt, að ekki er hægt að halda vegakerfi landsins, eins og það er nú orðið, í viðunandi ástandi fyrir lægri fjárhæð en 24 millj. kr.

VI. *Til sýsluvega.* Tillög til akfærra sýsluvega hækka um 25 þús. kr. og framlag samkv. lögum nr. 102/1933 hækkar um 350 þús. kr.

XIII. *Iðgjald til slysatryggingarinnar* hækkar um 20 þús. kr.

XIV. *Gjöld samkv. lögum um orlof* hækka um 175 þús. kr. Samkvæmt reikningi reyndist liðurinn of lágt áætlaður í fjárlögum 1954.

Niður fellur **fjárveiting** til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi.

Um 13. gr. B.

I. *Skipaútgerð ríkisins.* Rekstrarhalli skipaútgerðarinnar hækkar um 500 þús. kr., með hliðsjón af reikningi síðast liðins árs. Vátryggingariðgjöld ríkisskipanna hafa hækkað frá því sem verið hefur, þar eð ákveðið var, að skipin skyldu tryggð fyrir hærri fjárhæðir en áður. Enn fremur hafa greiðslur til skipshafna hækkað samkvæmt kjarasamningum, sem gerðir voru á yfirstandandi ári.

III. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Sú breyting verður á rekstri ferðaskrifstofunnar, að afgreiðsla sérleyfis- og hópferðabifreiða fellur niður. Af þeim sökum fækkar starfsfólki, og lækka grunnlaun um 50 þús. kr. Ýmsir aðrir kostnaðarliðir lækka einnig nokkuð. Til landkynningar er ætlað 80 þús. kr. meira en í fjárlögum þessa árs, en framlag til upplýsingaskrifstofu í London, 50 þús. kr., fellur niður. Tekjur lækka um 60 þús. kr. Rekstrarhalli verður þá mjög svipaður og í fjárlögum þessa árs, og greiðist úr sérleyfissjóði sem að undanförnu.

IV. *Til umbóta við Geysi* hækkar um 20 þús. kr.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Grunnlaun hækka um 6201 kr. vegna aldurshækkana. Af launum verkfræðinga o. fl. eru 230 þús. kr. færðar á hafnir.

II. *Laun vitavarða.* Verðlagsuppbót var rangt reiknuð í síðustu fjárlögum, en hefur nú verið leiðrétt.

III. *Reksturskostnaður vitanna.* Rekstur vitaskipsins hækkar um 50 þús. kr. miðað við reynslu s. l. árs og vegna fjölgunar vita.

IV. *Viðhald og endurbætur vitanna* hækkar um 25 þús. kr. þar eð þeir eru nú fleiri en áður.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Grunnlaun lækka um 5002 kr. vegna mannaskipta. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur.*

1. *Lendingarstjórn.* Grunnlaun hækka um 1379 kr. vegna aldurshækkana.

4. *Vélaverkstæði.* Laun vélvirkja og tímakaupsmanna lækka um 35 þús. kr. Efni og varahlutir hækka um 25 þús. kr. og benzín og olíur um 25 þús. kr. Tekjur af vinnu og akstri eru áætlaðar 100 þús. kr. hærri en á þessu ári.

5. *Trésmíðaverkstæði.* Tekjurnar eru áætlaðar 30 þús. kr. hærri en á fjárlögum yfirstandandi árs.

6. *Viðhald og varðveizla mannvirkja.* Hér er nýr liður, malbikun flugbrauta, 250 þús. kr. Á síðast liðnu vori kom í ljós, að flugbrautir Reykjavíkurflugvallar þurftu gagngerðra endurbóta við. Gert hafði verið ráð fyrir að nægilegt væri að setja þunnt slitlag á brautirnar. En við athugun reyndist þetta ófullnægjandi með öllu og þarf því að endurnýja malbikslagið. Nokkuð af verkinu hefur verið framkvæmt á þessu ári, en áætlað er, að sá hluti verksins, sem eftir er, muni kosta um 250 þús. kr.

III. *Keflavíkurflugvöllur.*

3. *Flugumsjón.* Grunnlaun hækka um 8394 kr. vegna aldurhækkana.

4. *Flugvélaafgreiðsla.* Grunnlaun lækka um 1610 kr. vegna mannaskipta. Laun afgreiðslumanna hækka um 240 þús. kr. Samningar hafa verið gerðir við varnarliðið um það, að flugmálastjórnin annist hleðslu og affermingu allra flutningavéla. Hefur flugvöllurinn tekjur af þessu, en til þess að geta tekið verkið að sér, þarf flugmálastjórnin að bæta við afgreiðslumönnum. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

5. *Tryggingagjöld* lækka um 10 þús. kr.

6. *Viðhald húsa og rekstur rafstöðva* hækkar um 55 þús. kr. með hliðsjón af ársreikningi 1953.

V. *Innanlandsflugstjórn.* Óhjákvæmilegt hefur reynzt að bæta við tveim aðstoðarflugumferðarstjórum, öðrum fyrir suður- en hinum fyrir norðursvæðið. Grunnlaun hækka því um 57 442 kr.

V. 3. *Öryggisgæzla.* Lagt er til að bæta við fjórum nýjum aðstoðarflugumferðarstjórum við innanlandsflugþjónustuna. Er það gert samkvæmt eindregnum óskum flugráðs og flugmálaráðherra, sem telja brýna nauðsyn bera til að efla og auka þá þjónustu, sem starfsmenn á Reykjavíkurflugvelli inna af hendi fyrir öryggi innanlandsflugsins.

VI. *Rekstur fjarskiptistöðva* hækkar um 100 þús. kr. vegna nýrra radiovita sem settir hafa verið upp á ýmsum flugleiðum innanlands.

VIII. *Ferðakostnaður og mælingar flugvalla* lækka um 40 þús. kr.

XII. *Loftferðaeftirlit.* Tekjur eru áætlaðar 10 þús. kr. hærri en í fjárlögum yfirstandandi árs.

XIII. *Alþjóðaflugþjónustan.* Kostnaður á þessum lið hækkar talsvert, sérstaklega kostnaður við fjarskiptaþjónustu, sem hækkar um 633 þús. kr. samkvæmt áætlun landssímans. Auk þess lækkar alþjóðatillag úr 90% í 88% vegna aukins flugs Íslendinga sjálfra um Norður-Atlantshaf. Vegna þessa hækkar nettókostnaður á liðnum um 266 þús. kr.

Tekjur af flugvöllum eru samtals áætlaðar 525 þús. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Mest hækka tekjur af Keflavíkurflugvelli, 400 þús. kr., tekjur af Reykjavíkurflugvelli um 100 þús. kr. og tekjur af öðrum flugvöllum, 25 þús. kr.

Um 14. gr. A.

I. *Biskupsembættið.* Grunnlaun hækka um 468 kr. vegna aldurshækkana. Ljós og hiti í biskupsbústaðanum hækkar um 2 þús. kr., ferðakostnaður biskups um 2 þús. kr. og „annar skrifstofukostnaður" hækkar um 13 þús. kr. Þá er nýr liður, húsaleiga biskups, áætlaður 24 þús. kr. vegna þess að núverandi biskup býr ekki í húsnæði ríkisins.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.*

1. *Laun.* Fylgt er áætlun biskups um launin, og er þá reiknað með, að 100 prestar verði á fullum launum og 10 á byrjunarlaunum. Verða þá 6 prestaköll prestslaus, en þar skiptast byrjunarlaun milli þjónandi prests og prestakallasjóðs.

2. *Embættiskostnaður presta.* Liðurinn hefur lengi verið of lágt áætlaður í fjárlögum og er því hér lagt til að hann hækki um 215 þús. kr.

4. *Til endurbóta á gömlum íbúðarhúsum á prestssetrum.* Lagt er til, að liðurinn hækki um 100 þús. kr., og er þar stuðzt við reynslu undanfarið.

5. *Húsaleigustyrkur presta.* Í VI. lið 22. gr. gildandi fjárlaga er heimilað að verja nokkurri fjárhæð til að greiða húsaleigustyrk prestum, er eigi hafa afnot embættisbústaða. Er nú fyrirsjáanlegt að greiða þarf slíka styrki áfram um sinn og er því að beiðni kirkjumálaráðuneytisins lagt til að veittar verði 40 þús. kr. í þessu skyni.

VI. *Til greiðslu álags vegna afhendingar kirkna til safnaða.* Í ráði er að nokkrar kirkjur í ríkiseign verði afhentar hlutaðeigandi söfnuðum. Kirkjur þessar eru yfirleitt það hrörlegar orðnar, að þeim verður að fylgja nokkurt álag, er þær verða afhentar. Er því að beiðni kirkjumálaráðuneytisins gerð tillaga um 150 þús. kr. fjárveitingu í þessu skyni.

VIII. *Framlag til kirkjubyggingasjóðs samkvæmt lögum nr. 43 frá 1954.* Í lögum þessum segir að stofna skuli sjóð, er nefnist kirkjubyggingasjóður og hafi það hlutverk að veita þjóðkirkjusöfnuðum vaxtalaus lán til kirkjubygginga og til varanlegra endurbóta á eldri kirkjum. Ber ríkissjóði að greiða í kirkjubyggingasjóð kr. 500 000 á ári næstu 20 ár.

X. *Til kirkjubyggingar í Skálholti* 2 millj. króna. Liðurinn er nýr og er tekinn upp samkvæmt tillögum kirkjumálaráðuneytisins.

Um 14. gr. B.

Verkfræðingar (5) 51 204, 4×48 658	—	245 836
Skrifstofustjóri (1)	—	51 204
Gjaldkeri (1)	—	43 565
Bókarar (2) 38 666, 34 907	—	73 573
Ritari (1)	—	27 544
Teiknari (1)	—	28 838
Viðgerðarmaður (1)	—	43 566
Efnisverðir (3)	—	130 695
Kafari (1)	—	38 666
Samtals	kr.	744 174

D. Flugmál.

Flugráð:		
Formaður (1)	kr.	14 391
Flugráðsmenn (4)	—	24 000
Skrifstofa:		
Flugvallastjóri (1) (tekur einnig laun sem formaður flugráðs)	—	60 687
Fulltrúar (2)	—	110 046
Aðalgjaldkeri (1)	—	48 658
Aðalbókari (1)	—	48 658
Bókarar (3) 2×46 112, 34 883	—	127 107
Ritari (1)	—	33 275
Bifreiðarstjóri (1)	—	40 277
Húsvörður (1)	—	38 666
Flugumferðarstjórn:		
Yfirflugumferðarstjóri (1)	—	51 204
Flugumferðarstjórar (4) 55 023, 3×48 658	—	200 997
Aðstoðarflugumferðarstjórar (5)	—	230 560

Reykjavíkurflugvöllur:		
Lendingastjórn:		
Aðstoðarflugumferðarstjórar (4) 46 112, 45 051, 43 565, 43 141 ...	kr.	177 869
Slökkvistöð:		
Varðstjóri (1)	—	46 112
Aðstoðarvarðstjóri (1)	—	43 565
Slökkviliðsmenn (4)	—	166 380
Sjóflughöfn:		
Formaður (1)	—	46 112
Aðstoðarmenn (2) 43 565, 41 595	—	85 160
Vélaverkstæði:		
Birgðavörður (1)	—	46 112
Vinnuvélastjóri (1)	—	43 565
Verkstjórn:		
Yfirverkstjóri (1)	—	48 658
Keflavíkurflugvöllur:		
Skrifstofa:		
Fulltrúar (2) 55 023, 46 112	—	101 135
Gjaldkeri (1)	—	46 112
Lendingastjórn:		
Yfirflugumsjónarmaður (1)	—	51 204
Flugumferðarstjórar (4)	—	194 632
Flugumsjón:		
Yfirflugumsjónarmaður (1)	—	51 203
Flugumsjónarmenn (4) 48 657, 47 808, 43 565, 41 868	—	181 898
Aðstoðarflugumsjónarmenn (4) 2×48 657, 43 565, 41 722	—	182 601
Flugvélaafgreiðsla:		
Afgreiðslustjóri (1)	—	51 204
Varðstjórar (4)	—	184 448
Afgreiðslumenn (4) 43 565, 42 434, 43 141, 40 117	—	169 257
Umsjónarstúlkur (5) 43 565, 41 284, 39 941, 39 237, 38 709	—	202 736
Loftferðaeftirlit:		
Eftirlitsmaður (1)	—	46 112
Fulltrúi (1)	—	55 023
Bókari (1)	—	35 444
Innanlands flugstjórn:		
Aðstoðarflugumferðarstjórar (10) 5×46 112, 38 005, 4×41 019 ...	—	432 641
Fjarskiptistöðvar:		
Verkstjóri (1)	—	43 565
Útvarpsvirki (1)	—	33 868
Vestmannaeyjaflugvöllur:		
Eftirlitsmaður (1)	—	46 112
Samtals	kr.	3 841 254

14. gr. fjárlaga.

A. Kirkjumál.

I. Biskupsembættið:

Biskup (1)	kr.	60 687
Biskupsritari (1)	—	46 111
Ritari (1)	—	29 947
Samtals	kr.	136 745

II. Embætti sóknarpresta og prófasta:

Vígslubiskup (1)	kr.	46 111
Prófastar (20)	—	922 220
Prestar (89) (+ aukaþjónusta)	—	3 981 284
Samtals	kr.	4 949 615

III. Söngmálastjóri þjóðkirkjunnar:

Söngmálastjóri (1)	kr.	46 111
Samtals	kr.	46 111

B. Kennslumál.

I. a. Háskólinn:

Rektor (1)	kr.	55 022
Prófessorar (yfirkennarar jafnframt) 3×64 746, 9 724	—	203 962
Prófessorar (20)	—	1 100 440
Háskólabókavörður (1)	—	55 022
Dósentar (2)	—	102 406
Efnafræðingur (1)	—	55 022
Aukakennarar (13) 2×7 195, 2×16 728, 2×10 813, 11 091, 4 436, 9 225, 23 550, 27 800, 21 461, 8 487	—	175 522
Íþróttakennari (1)	—	48 657
Tannsmiður (1)	—	35 443
Háskólaritari (1)	—	48 657
Lektor (1)	—	10 000
Húsvörður (1)	—	33 274
Samtals	kr.	1 923 427

b. Tilraunastöð háskólans að Keldum:

Forstöðumaður (1)	kr.	55 022
Efnafræðingur (1)	—	51 203
Dýralæknir (1)	—	51 203
Aðstoðarmenn (5) 2×41 594, 39 336, 27 820, 29 207	—	179 551
Starfsmaður (1)	—	33 274
Ráðsmaður (1)	—	41 594
Samtals	kr.	411 847

III. Fræðslumálaskrifstofan:

Fræðslumálastjóri (1)	kr.	57 513
Íþróttafulltrúi (1)	—	48 657
Fulltrúar (4) 2×48 657, 46 111, 24 329	—	167 754
Bókari (1)	—	37 434
Skrifstofumaður (1)	—	41 594
Ritarar (2) 20 797, 24 401	—	45 198
Samtals	kr.	398 150

IV. Menntaskólinn í Reykjavík:

Rektor (1)	kr.	55 022
Kennarar (15) 14×48 657, 40 014	—	721 212
Dyravörður (1)	—	33 274
Bókari (1)	—	41 594
Samtals	kr.	851 102

V. Menntaskólinn á Akureyri:

Skólameistari (1)	kr.	55 023
Kennarar (13) 10×48 657, 43 657, 39 009, 25 048	—	594 284
Dyravörður (1)	—	33 275
Samtals	kr.	682 582

VI. Menntaskólinn á Laugarvatni.

Skólastjóri (1)	kr.	55 022
Kennarar (4)	—	194 628
Samtals	kr.	249 650

VII. 1. Kennaraskólinn:

Skólastjóri (1) (hefur auk þess kr. 8 856 fyrir umsjón)	kr.	51 203
Kennarar (10) 8×46 111, 23 055, 20 797	—	412 740
Samtals	kr.	463 943

2. Handíðadeild:

Kennarar (3)	kr.	138 333
Samtals	kr.	138 333

VIII. Stýrimannaskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	51 203
Kennarar (4)	—	184 444
Samtals	kr.	235 647

IX. Vélstjóraskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	51 203
Kennarar (5)	—	230 555
Samtals	kr.	281 758

X. Sjómannaskólahúsið:

Húsvörður (1)	kr.	42 679
Samtals	kr.	42 679

XI. 1. Bændaskólinn á Hólum:

Skólastjóri (1)	kr.	51 204
Kennarar (3)	—	133 242
Samtals	kr.	184 446

2. Bændaskólinn á Hvanneyri:

Skólastjóri (1)	kr.	52 081
Kennarar (4)	—	183 816
Samtals	kr.	235 897

3. Garðyrkjuskólinn á Reykjum:

Skólastjóri (1)	kr.	48 657
Kennari (1)	—	43 565
Samtals	kr.	92 222

XIV. Almenn barnafræðsla:

Skólastjórar og kennarar í Reykjavík (190)	kr.	7 110 016
Skólastjórar og kennarar í kaupstöðum utan Reykjavíkur (130)	--	4 881 497
Skólastjórar og kennarar utan kaupastaða (217)	—	7 161 177
Farkennarar (88)	—	1 951 929
Samtals	kr.	21 104 619

4. Kennslueftirlit:

Námsstjórar (4)	kr.	194 628
Samtals	kr.	194 628

XV. Gagnfræðamenntun.

1. Eiðaskóli:

Skólastjóri (1)	kr.	51 203
Kennarar (5)	—	209 340
Samtals	kr.	260 543

2. Héraðs- og gagnfræðaskólar:

Skólastjórar og kennarar (195)	kr.	8 104 683
Samtals	kr.	8 104 683

4. Námsstjórnar við framhaldsskóla:

Námsstjórar (3) 48 657, 2×24 328	kr.	97 313
Samtals	kr.	97 313

9. Handíðaskólinn

Skólastjóri (1)	kr.	51 203
Samtals	kr.	51 203

XVI. Húsmæðrafræðsla.

1. Húsmæðraskólar:

Skólastjórar (10)	kr.	435 650
Kennarar (30)	—	1 052 242
Samtals	kr.	1 487 892

3. Húsmæðrakennaraskólinn:

Skólastjóri (1)	kr.	48 657
Kennarar (2) 43 565, 42 433	—	85 990
Samtals	kr.	134 647

4. Námsstjóri við húsmæðraskóla:

Námsstjóri (1)	kr.	48 657
Samtals	kr.	48 657

XVII. 1. Íþróttakennaraskóli:

Skólastjóri (1)	kr.	51 203
Kennari (1)	—	40 737
Samtals	kr.	91 940

XVIII. Málleysingjaskólinn:

Forstöðumaður (1)	kr.	48 657
Kennarar (3) 2×43 565, 41 973	—	129 103
Samtals	kr.	177 760

XXVIII. Barnaverndarráð Íslands.

Ráðsmaður (1)	kr.	8 000
Ráðsmenn (2)	—	12 000
Ráðunautur (1)	—	10 800
Eftirlitsmaður (1) (¼ launa)	—	13 000
Samtals	kr.	43 800

XXIX. Til rannsókna á þroskastigi íslenzkra skólabarna:

Forstöðumaður (1)	kr.	51 203
Samtals	kr.	51 203

15. gr. fjárlaga.

A. I. Landsbókasafnið:

Landsbókavörður (1)	kr.	55 022
Bókaverðir (6)	—	333 810
Ritari (1)	—	33 274
Samtals	kr.	422 106

II. Þjóðskjalasafnið:

Þjóðskjalavörður (1)	kr.	55 023
Skjalaverðir (4) 3×48 657, 41 444	—	187 415
Samtals	kr.	242 438

III. Þjóðminjasafnið:

Þjóðminjavörður (1)	kr.	55 022
Aðstoðarmenn (2)	—	97 314
Húsvörður (1)	—	32 627
Bæjarvörður í Glaumbæ	—	8 000
Samtals	kr.	192 963

IV. Listasafn ríkisins:

Safnvörður (1)	kr.	46 111
Samtals	kr.	46 111

V. Náttúrugripasafnið:

Forstöðumaður (1)	kr.	51 203
Deildarstjóri jarðfræðideildar (1)	—	55 022
Aðstoðarstúlka (1)	—	31 426
Samtals	kr.	137 651

VII. Safnahúsið:

Dyravörður (1)	kr.	33 274
Samtals	kr.	33 274

B. I. Atvinnudeild háskólans.

1. **Iðnaðardeild:**

Deildarstjóri (1)	kr.	51 204
Efnafræðingar (5)	—	243 290
Gerlafræðingar (2)	—	92 223
Jarðfræðingur (1)	—	48 658

Aðstoðarmaður (1)	kr.	41 595
Aðstoðarstúlkur (4) 39 068, 3×33 274	—	138 890
Samtals	kr.	615 860

2. **Fiskideild:**

Deildarstjóri (1)	kr.	51 204
Sérfræðingar (6) 5×48 658, 25 602	—	268 892
Aðstoðarmenn (5) 39 410, 38 005, 3×41 595	—	202 260
Aðstoðarstúlkur (4) 3×33 275, 28 836	—	128 661
Samtals	kr.	651 017

3. **Landbúnaðardeild:**

Deildarstjóri (1) (Tekur einnig laun hjá Búnaðarfélagi Íslands)	kr.	35 894
Sérfræðingar (6)	—	291 946
Samtals	kr.	327 840

4. **Sameiginlegur kostnaður:**

Skrifstofustjóri (1)	kr.	48 658
Ritarar (2)	—	52 524
Viðgerðarmaður (1)	—	43 565
Samtals	kr.	144 747

II. Rannsóknarstofa háskólans:

Forstöðumaður (1) (tekur einnig laun frá háskólanum sem prófessor)	kr.	22 527
Læknar (3)	—	169 811
Aðstoðarmenn (4)	—	166 380
Aðstoðarstúlkur (9)	—	244 965
Vinnustúlkur (2)	—	54 903
Sendisveinn (1)	—	18 960
Bókavörður	—	11 376
Samtals	kr.	688 922

III. Rannsóknaráð ríkisins:

Framkvæmdastjóri (1)	kr.	51 204
Ráðsmeðlimir (3)	—	34 538
Samtals	kr.	85 742

IV. Veðurstofan.

A. Innanlandsþjónusta.

Skrifstofa:

Forstjóri (1)	kr.	55 022
Skrifstofustjóri (1)	—	46 111
Ritari (1)	—	32 720
Bókari (1)	—	39 203
Símastúlka	—	30 963

Veðurspá-deild:

Fulltrúar (2)	—	102 406
Veðurfræðingar (2) 48 657, 24 328	—	72 985
Aðstoðarmenn (5) 3×41 594, 2×39 873	—	264 528

Loftskeytadeild:

Yfirvarðstjóri (1)	kr.	46 111
Varðstjórar (4)	—	174 260
Loftskeytamenn (10) 4×41 594, 40 825, 2×38 666, 38 799, 39 873, 40 277	—	403 482
Veðurfarsdeild:		
Veðurfræðingur (1)	—	46 536
Aðstoðarmenn (2) 41 594, 29 747	—	71 341
Jarðeðlisfræðideild:		
Veðurfræðingur (1)	—	48 657
Áhaldadeild:		
Viðgerðarmaður (1)	—	24 329
Veðurfræðingur (1)	—	35 319
÷ 60% laun loftskeytamanna + 41 594	—	415 907
Samtals	kr.	1 018 066

B. Flugveðurþjónusta.

Flugveðurstofan í Keflavík:

Fulltrúi (1)	kr.	51 203
Veðurfræðingar (6) 4×48 657, 38 732, 44 826	—	278 186
Aðstoðarmenn (7) 34 939, 36 786, 34 384, 36 920, 37 592, 35 444, 33 275	—	249 340
Háloftsstöðin í Keflavík:		
Varðstjóri (1)	—	38 005
Háloftsathugunarmenn (4) 36 651, 36 786, 41 594, 37 055	—	152 086
+ 60% launa loftskeytamanna + 41 594	—	415 907
Samtals	kr.	1 184 727

VII. Sjómælingar.

Forstjóri (1) (¼ hluti launa)	kr.	14 378
Skólastjóri (1)	—	10 200
Skipstjóri (1)	—	48 658
Sjókortateiknari (1)	—	38 005
Samtals	kr.	111 241

VIII. Húsameistari ríkisins:

Húsameistari (1)	kr.	60 687
Arkitekt (1)	—	48 657
Teiknari (1)	—	46 111
Byggingameistari (1)	—	46 111
Gjaldkeri (1)	—	43 565
Samtals	kr.	245 131

16. gr. fjárlaga.

A. 20. Sandgræðslan:

Sandgræðslustjóri (1)	kr.	48 657
Ráðsmaður (1)	—	43 565
Sandgræðsluverðir (8) 3×2 844, 2×1 896, 2×790, 1 580	—	15 484
Samtals	kr.	107 706

23. Skógræktin:

Skógræktarstjóri (1)	kr.	51 203
Skógarverðir (8) 3×41 595, 39 203, 20 798, 19 331, 16 715, 33 275	—	254 107
Samtals	kr.	305 310

29. Dýralæknar:

Yfirdýralæknir (1)	kr.	55 022
Dýralæknar (8) 5×41 594, 39 740, 21 628, 14 419	—	283 757
Samtals	kr.	338 779

D. Raforkumál.

Skrifstofa raforkumálastjóra:

Raforkumálastjóri (1)	kr.	60 687
Fulltrúi (1)	—	46 112
Aðalbókari (1)	—	46 112
Gjaldkeri (1)	—	46 112
Bókarar (3) 2×41 595, 38 666	—	121 856
Ritarar (3) 33 275, 2×29 947	—	93 169
Símastúlka (1)	—	26 620
Sendisveinn (1)	—	13 272
Samtals	kr.	453 940

Áætlunar- og rannsóknardeild:

Yfirverkfræðingur (1)	kr.	55 023
Fulltrúi (1)	—	48 658
Verkfræðingar (3)	—	145 974
Hagfræðingur (1)	—	48 658
Teiknarar (2)	—	83 190
Vatnamælingamaður (1)	—	48 658
Samtals	kr.	430 161

Rafmagnseftirlit ríkisins:

Rafmagnseftirlitsstjóri (1)	kr.	55 023
Verkstjóri (1)	—	43 565
Skoðunarmenn (3)	—	130 695
Bókari (1)	—	41 595
Ritari (1)	—	29 947
Samtals	kr.	300 825

Jarðboranir:

Yfirverkfræðingur (1)	kr.	55 023
Verkfræðingur (1)	—	48 658
Samtals	kr.	103 681

Rafmagnsveitur ríkisins:

Rafmagnsveitustjóri (1)	kr.	57 514
Birgðavörður (1)	—	43 565
Verkfræðingur (1)	—	51 204
Rekstrarstjóri (1)	—	51 204
Raffræðingar (2)	—	92 224
Verkstjórar (4) 46 112, 43 565, 2×41 595	—	172 867
Bifreiðastjóri (1)	—	35 444
Línumaður (1)	—	46 112
Rafstöðvarstjóri (1)	—	48 658
Samtals	kr.	598 792

Nd. **2. Frumvarp til laga** **[2. mál]**

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, lögum nr. 99 18. des. 1950 og lögum nr. 87 15. des. 1952, um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað orðsins „kennslumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945, komi: samgöngumálaráðuneytinu.

2. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 16. gr. sömu laga, komi: samgöngumálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 18. gr. sömu laga, komi: samgöngumálaráðuneytið, og í stað orðsins „Norðfirði“, í sömu grein, komi: Neskaupstað.

4. gr.

19. gr. sömu laga, sem er ákvæði til bráðabirgða, falli niður.

5. gr.

3. gr. laga nr. 99 18. desember 1950, orðist svo:

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Orðið „Djúpmælar“ í 3. gr. laga nr. 87 15. desember 1952, falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. desember 1950 og laga nr. 87 15. desember 1952, inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa lögin út þannig breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1.—4. gr.

Lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, var breytt með lögum nr. 87 15. desember 1952, og þá ákveðið að gefa út lögin á ný með áorðnum breytingum.

Hins vegar hefur komið í ljós, að í lögunum eru enn nokkur atriði, sem rétt er að breyta, áður en ráðizt er í að gefa lögin út að nýju, og eru það aðallega atriði, sem stafa af aðskilnaði atvinnumála- og samgöngumálaráðuneytisins, sem varð 1. júlí 1947, og hefur stýrimannaskólinn síðan heyrt undir samgöngumálaráðuneytið, ásamt siglingamálum.

Um 5. gr.

Við stýrimannaskólann starfa nú auk skólastjóra 4 fastráðnir kennarar, einn í tungumálum, hinir í siglingafræði. Hin öra þróun siglingatækninnar á síðari árum krefst æ meiri og víðtækari menntunar kennara í þessum fræðum, og því er síður hægt nú en áður að fela kennsluna öðrum en þeim, sem notið hafa nokkurrar fram-

haldsmenntunar í þessum greinum. Allir núverandi kennarar skólans í siglingafræði hafa og notið slíkrar framhaldsmenntunar að meira eða minna leyti.

Nemendur í skólanum eru nú að jafnaði um og yfir 150 á ári hverju, og vegna þessa mikla nemendafjölda eru hinir þrír siglingafræðikennarar störfum hlaðnir allan veturinn og hafa orðið að kenna um 15 stundir á viku, auk skyldukennslunnar, eða samtals allmiklu fleiri stundir en nemur skyldukennslu eins kennara. Þar sem hér er fátt um menn með víðtækari menntun í siglingafræði en veitt er hér við skólann, og hinir fáu, sem um er að ræða, hafa öðrum störfum að gegna, er nær ókleift að fá hæfan kennara til að hlaupa í skarðið, ef um forföll einhvers hinna föstu kennara er að ræða. Þetta ástand þykir ótryggt og óviðunandi, og því nauðsynlegt, að lögunum um stýrimannaskólann verði breytt þannig, að í stað fjögurra verði fastir kennarar við stýrimannaskólann 5, auk skólastjóra, þar af 4 kennarar í siglingafræði.

Um 6. gr.

Skólastjóri stýrimannaskólans hefur óskað eftir þessari breytingu á lögunum.

Nd. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Adolf Björn Petersen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. nóvember 1896 á Íslandi.
2. Flemming Thorberg, sjómaður í Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
3. Kári Guðjónsson, sjómaður í Reykjavík, fæddur 30. október 1927 í Noregi.
4. Trönd Jacobsen, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Færeyjum.

2. gr.

Þeir sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925 um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Allir umsækjendurnir hafa dvalið hér lengur en 10 ár. Nr. 1 að vísu aðeins 7 ár nú, en er íslenzkfæddur og dvaldi hér þá til fullorðinsaldurs. Nr. 2—4 voru á frumvarpi því, sem lagt var fyrir Alþingi s. l. vetur, og hafa nú endurnýjað umsóknir sínar.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um breytingar á almennum hegningarlögum nr. 19 frá 12. febrúar 1940.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

30. gr. laganna orðist svo:

Um heimild dómsmálaráðherra til að fresta ákæru skilorðsbundið og til að ákveða, að saksókn skuli niður falla, fer eftir ákvæðum 56. gr. þessara laga svo og 24. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 27 frá 5. marz 1951.

2. gr.

Fyrirsögn VI. kafla laganna orðist svo:

Um skilorðsbundna frestun ákæru og skilorðsbundna dóma.

3. gr.

56. gr. laganna orðist svo:

Þegar aðili hefur játað brot sitt, er dómsmálaráðherra heimilt að fresta um tiltekinn tíma ákæru til refsingar út af því, eins og hér segir:

1. Út af brotum, sem unglingar á aldrinum 15—21 árs hafa framið.
2. Þegar högum sakbornings er þannig háttað, að umsjón eða aðrar ráðstafanir samkvæmt 3. mgr. 57. gr. má telja vænlegri til árangurs en refsingu, enda sé broti ekki svo varið, að almannahagsmunir krefjist saksóknar.

Skilorðstími má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár. Að jafnaði skal ákveða hann 2—3 ár. Ráðherra tiltekur hverju sinni upphafstíma frestsins.

Þegar ákæru er frestað, má setja aðila skilyrði, sem talin eru í 3. mgr. 57. gr., eftir því sem hæfa þykir. Breyta má skilyrðum á skilorðstímanum, þar á meðal lengja frestinn, en þó ekki fram yfir 5 ár alls.

Mál aðila má taka upp af nýju, ef réttarrannsókn hefst, áður en skilorðstíma lýkur, út af nýju broti, sem hann hefur framið á skilorðstímanum eða áður en máli var frestað, svo og ef hann rýfur ella í veigamiklum atriðum skilyrði þau, sem honum voru sett.

Þegar rannsóknardómari telur, að ákæru kunni að verða frestað samkvæmt þessari grein, skal hann bera málið undir dómsmálaráðherra og senda honum tillögur sínar.

Nú er ákæru frestað samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, og skal ráðherra þá kynna aðila rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.

4. gr.

57. gr. laganna orðist svo:

Ákveða má í dómi, að fresta skuli með skilyrðum um tiltekinn tíma:

a. Ákvörðun um refsingu.
b. Fullnustu refsingar.

Skilorðstími má ekki vera skemmri en 1 ár og ekki lengri en 5 ár. Að jafnaði skal ákveða hann 2—3 ár. Upphaf skilorðstíma skal ákveðið í dómi hverju sinni.

Frestun skal vera bundin því skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum, sbr. 60. gr. Frestun má einnig binda skilyrðum, eftir því sem hér segir:

1. Að aðili sæti á skilorðstímanum umsjón einstakra manna, félags eða stofnunar. Aðili skal jafnan sæta slíkri umsjón, ef honum eru sett skilyrði samkvæmt 2.—5. tölulið hér á eftir.

2. Að aðili hlíti fyrirmælum umsjónarmanns um dvalarstaði, menntun, vinnu, umgengni við aðra menn og notkun tómstunda.
3. Að aðili neyti ekki á skilorðstímanum áfengis né deyfilyfja.
4. Að aðili gangist undir dvöl á hæli tiltekinn tíma, ef nauðsyn þykir til bera, allt að 18 mánuðum, er venja þarf hann af notkun áfengis eða deyfilyfja, en ella allt að 1 ári.
5. Að aðili gangist undir að þola takmarkanir á umráðum yfir tekjum sínum eða öðru, er fjárhag hans varðar.
6. Að aðili greiði eftir getu fébætur fyrir tjón, sem hann hefur valdið með broti sínu.

Nú er heimilt að dæma aðila fésekt auk refsivistar, og má þá dæma honum að greiða fésekt, enda þótt ákvörðun um refsivist eða fullnustu refsivistardóms sé frestað.

Dómari skal kynna dómfellda rækilega skilyrðin og gera honum ljósar afleiðingar skilorðsrofa.

5. gr.

58. gr. laganna orðist svo:

Þegar umsjón er gerð að skilyrði, ákveður dómsmálaráðherra, hver hana hefur á hendi. Dómsmálaráðherra getur af sjálfsdáðum eða eftir tilmælum aðila breytt fyrirmælum, er umsjónarmaður setur aðila samkvæmt 2., 5. og 6. tölulið 3. mgr. 57. gr.

Nú hefur aðila verið sett skilyrði um dvöl á hæli samkvæmt 4. tölulið 3. mgr. 57. gr., og getur dómsmálaráðherra þá vegna breyttra ástæðna fellt skilyrðið niður að nokkru leyti eða öllu, að fengnum tillögum forstöðumanns hælis, ef því er að skipta.

6. gr.

59. gr. laganna orðist svo:

Ef aðili rýfur í verulegum atriðum skilyrði þau eða fyrirmæli, sem honum hafa verið sett samkvæmt 1.—6. tölulið 3. mgr. 57. gr., getur dómsmálaráðherra krafizt, að dómari taki málið fyrir af nýju, enda sé skilorðstími ekki liðinn, þegar málið kemur fyrir dóm.

Nú viðurkennir aðili ekki skilorðsrof eða telur sig ekki hafa getað fullnægt skilyrðum af ástæðum, sem honum verði ekki gefin sök á, og getur hann þá krafizt úrskurðar dómara um það efni. Úrskurður samkvæmt þessari mgr. sætir kæru eftir kröfu dómsmálaráðherra eða aðila.

Þó að skilyrði hafi verið rofin, getur dómari ákveðið með úrskurði, að frestun skuli haldast, eftir atvikum með breyttum skilyrðum, þar á meðal um lengd frestsins, þó svo, að gætt sé hámarkstíma samkvæmt 2. mgr. 57. gr. Heimilt er dómsmálaráðherra að kæra þann úrskurð.

Ef refsing hefur ekki áður verið ákveðin, getur dómari dæmt refsingu, með eða án skilorðs.

Nú hefur refsing áður verið tiltekin í dómi, og ákveður dómari þá fullnustu dóms, ef frestur er ekki veittur samkvæmt 3. mgr. þessarar greinar.

7. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur réttarrannsókn út af nýju broti aðila hafizt, áður en skilorðstíma lýkur, og er dómstólunum þá heimilt að dæma refsingu fyrir það brot sér í lagi án skilorðs, en láta skilorðsdóminn haldast. Kemur slíkt einkum til greina, er hið nýja brot hefur ekki verið framið af ásettu ráði eða varðar aðeins sektum. Ella tekur dómari bæði málin til meðferðar og dæmir þau í einu lagi. Heimilt er að hafa þann dóm skilorðsbundinn. Ef refsing er þá dæmd, skal tiltaka hana eftir reglum 77. gr., hafi hið nýja brot verið framið eftir uppsögu héraðsdóms í upphaflega málinu, en eftir reglum 78. gr., hafi hið nýja brot verið fyrr framið.

8. gr.

61. gr. laganna orðist svo:

Þegar refsing verður ekki dæmd eða hún fellur niður vegna ákvæða þessa kafla, hefur dómurinn ekki ítrekunaráhrif.

Nú er skilorðsdómur dæmdur, og verður aðili þá ekki sviptur réttindum samkvæmt 3. mgr. 68. gr.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru frá sama tíma úr gildi felldar 2. málsgrein 75. gr. og 1. málsgrein 84. gr. laga nr. 19/1940.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 28. júlí 1952 skipaði dómsmálaráðherra þá prófessor Ármann Snævarr og hæstaréttardómarana Jónatan Hallvarðsson og Þórð Eyjólfsson til að endurskoða hin almennu hegningarlög. Hafa þeir unnið að því verki síðan og að lokinni endurskoðun á VI. kafla laganna samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Dómsmálaráðherra hefur haft frumvarpið til athugunar. Telur hann rétt að leggja það nú þegar fyrir Alþingi, enda er efni þess þannig háttað, að ekki er ástæða til að fresta framlagningu þess, unz lokið er endurskoðun laganna í heild.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frumvarpinu frá höfundum þess:

Nú á tímum ber mjög á þeirri stefnu í sambandi við endurskoðun og endurbætur á refsilöggjöf, að ríkisvaldinu beri að gera meiri gangskör að því en raun hefur orðið á hingað til að bjarga mönnum, sem afbrot hafa framið, út af afbrotabrautinni og gera þá að hæfum samfélagsþegnum. Viðleitni þessi hefur einkum beinzt að unglingum, sem afbrot hafa framið, en er vitanlega ekki einskorðuð við unga menn. Í stað refsingar hefur þá í ýmsum tilfellum verið talið heppilegt að grípa til annarra ráðstafana, sem hæfari þykja til að beina afbrotamönnum inn á réttar brautir og samhæfa þá þjóðfélaginu.

Einn þátturinn í þessari viðleitni er lögleiðing skilorðsbundinna dóma í sakamálum og skilorðsbundinnar frestunar eða niðurfalls ákæru. Er aðila þá ætlaður tiltekinn frestur til að sýna, að hann hafi breytt um stefnu og betrað framferði sitt. Í sumum tilfellum er ríkisvaldið látið stuðla að því með virkri aðstoð, að svo geti orðið. Ef aðili gerist ekki sekur um ný brot á fresttímanum og heldur að öðru leyti skilorð, sem honum kunna að vera sett, sleppur hann við refsingu, en vitund um, að hann kunni að sæta refsingu, ef hann heldur ekki skilyrðin, á að vera honum hvatning til að taka upp breytta og betri lifnaðarhætti.

Löggjöf um skilorðsbundna dóma í refsimálum var fyrst sett í Englandi og Bandaríkjum Norður-Ameríku á síðara hluta 19. aldar. Í Norðurálfuríkjum utan Englands voru slík ákvæði víða leidd í lög í byrjun þessarar aldar. Yfirleitt var hægt og gætilega af stað farið, þar sem hér var um áður óþekkta tilraun að ræða. Það braut mjög í bága við rótgróinn hugsunarhátt þeirra tíma, að afbrotamanni væri veitt færi á því að sleppa við „réttláta refsingu“ fyrir brot sitt. Nú þykir meira en hálfrar aldar reynsla hafa sannað til fullnaðar tilverurétt skilorðsdóma, enda hefur notkun þeirra sífellt farið vaxandi

Í löggjöf um skilorðsdóma urðu ákvæði um frestun á refsingum með tvennum hætti. Í löggjöf Englands og Bandaríkjanna varð það aðalregla, að frestað var að taka *ákvörðun um refsingu*. Því var að vísu lýst í dómi, að aðili hefði gerzt sekur um afbrot það, sem ákæra tók til, en frestað var að dæma nokkra tiltekna refsingu. Ef skilorð var rofið, var málið tekið fyrir af nýju og refsing dæmd. Í Norðurálfunni, annars staðar en í Englandi, varð löggjöf hins vegar á þá leið, að refsing var þegar dæmd, en *fullnustu* hennar frestað. Það hefur verið talinn kostur við Engilsaxnesku stefnuna, að aðstaða sakbornings til að afla sér atvinnu og menntunar og yfirleitt til að samlaga sig þjóðfélaginu væri betri, þegar ekki hvíldi á hon-

um dómur um tiltekna refsingu. Af þeim sökum hafa ýmis ríki hneigzt að því á síðari tímum að veita dómstólum heimild til að fresta ákvörðun um refsingu, þegar það þykir henta. Kemur það einkum til greina, þegar sakborningi er gert að hlíta sérstökum ráðstöfunum á skilorðstímanum. Hafa Svíar þegar leitt þetta í lög hjá sér, og danskar og norskar refsilaganefndir hafa einróma lagt til, að þetta eða svipað fyrirkomulag verði einnig upp tekið í Danmörku og Noregi. Samt hefur þótt rétt að láta jafnframt haldast heimild dómstóla til að fresta einungis fullnustu refsingar, þegar það þykir betur við eiga.

Skilyrði fyrir því, að aðili sleppi við refsingu, eru mismunandi. Það skilyrði hefur þó ávallt og alls staðar verið sett, að aðili fremji ekki nýtt brot á skilorðstímanum. Ef frestun er bundin þessu skilyrði einu, fer aðili frjáls ferða sinna eftir uppkvaðningu dóms og sleppur við refsingu, ef hann heldur skilorðið. Í mörgum tilfellum hefur þó þótt vænlegra til góðs árangurs, einkum þegar um unga menn er að ræða, að auk umrædds almenns skilorðs séu aðila sett ýmis önnur sérstök skilyrði, eftir því sem við á hverju sinni, og gætir þar mest þess skilyrðis, að aðili sé háður meiri eða minni umsjón á skilorðstímanum. Geta þá rof á slíkum sérstökum skilyrðum leitt til þess út af fyrir sig, að aðili verði að sæta refsingu fyrir brot það, sem hann var sakaður um. Jafnframt því, að sakborningi hafa verið sett sérstök skilyrði um umsjón o. fl., hefur ríkisvaldið víðast hvar í sívaxandi mæli haldið uppi starfsemi til leiðbeiningar og aðstoðar sakborningum á skilorðstímanum. Þykir tilgangi með skilorðsdómum hvergi nærri verða náð, nema slík opinber tilhlutun komi til. Þess má geta hér, að nú er málum ungra afbrotamanna víða skipað með sérstökum hætti, m. a. með þvingunaruppeldi á ungmennahælum, sem kemur í stað refsingar. Hafa slíkar ráðstafanir þá dregið úr notkun skilorðsdóma, að því er til unglinga tekur, en þar sem þessi úrræði liggja utan sviðs skilorðsbundinnar frestunar á refsingu, verða þau ekki nánar rædd í þessu sambandi.

Með lögum nr. 39/1907 voru fyrst sett hér á landi ákvæði um skilorðsbundna hegningardóma. Náði sú heimild eingöngu til brota, er vörðuðu við hin alm. hegningarlög. Heimilað var að fresta fullnustu refsidóma um 5 ár frá dómsuppsögu, enda væru sérstakar málsbætur fyrir hendi og hegning aðila færi ekki fram úr tilteknu hámarki. Með lögum nr. 57/1933, sbr. lög nr. 51/1928, var hámark þetta ákveðið 1 árs betrunarhúsvinna. Refsing skyldi falla niður, ef aðili sætti ekki ákæru fyrir lok frestsins fyrir brot, framið af ásettu ráði, sem varðaði þyngri refsingu en sektum. Svo skyldi aðili og sæta refsingu, ef hann ryfi önnur sérstök skilyrði, sem sett væru fyrir frestun refsingar. Ákvæði þessi voru tekin lítt breytt upp í VI. kafla núgildandi hegningarlaga. Þó var heimildin rýmkuð þannig, að leyft var að dæma skilorðsdóma í sakamálum út af brotum gegn öðrum lögum en hinum alm. hegningarlögum, þó að undanskildum sektardómum, og skilorðstími ákveðinn 2—5 ár.

Þá var ráðherra með lögum 39/1907 heimilað að ákveða, að málshöfðun gegn unglingum 14—18 ára skuli falla niður með því skilyrði, að aðila sé komið fyrir á góðu heimili í sveit um tiltekinn tíma, allt að fullum 21 árs aldri, og að hann sé þann tíma háður eftirliti, sem hæfa þykir. Málið skyldi tekið upp af nýju, ef aðili gerðist sekur á tímabilinu um nýtt brot eða bryti í einhverju verulegu gegn fyrirmælum umsjónarmanns. Samsvarandi ákvæði voru sett í 30. gr. núgildandi hegningarlaga. Fellt var þó niður það skilyrði, að jafnan væri skylt að koma hlutaðeigandi ungling til dvalar í sveit, aðeins tekið fram, að hann skyldi háður eftirliti.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir allmiklum breytingum á ákvæðum gildandi laga um framangreind efni.

Í 56. gr. eru ákvæði um heimild til handa dómsmálaráðherra til að *fresta ákæru* skilorðsbundið. Kemur sú grein í stað 30. gr. núgildandi hegningarlaga. Þó að ákvæði þessi varði ákærureglur og geti því átt heima í IV. kafla laganna, þá þykir samt rétt að flytja þau í VI. kafla, með því að þau eru svo nátengd ákvæðum um skilorðsbundna dóma.

Ákvæði 56. gr. eru að ýmsu leyti víðtækari en ákvæði 30. gr. núgildandi hegningarlaga. Aldurstakmark unglinga þeirra, sem greinin tekur til, er hækkað úr 18 árum í 21 ár. Eðlilegt er, að dómsmálaráðuneytið hafi heimild til að ráðstafa brotlegum unglingum á þessum aldri, án þess að því beri að kæra þá til refsingar. Þá er heimildin og látin ná til eldri manna, þegar ætla má, að umsjón eða aðrar ráðstafanir séu hentari en refsing til að koma aðila á réttan kjöl. Er þessi heimild miðuð við hag sakbornings og liggur undir mat ráðherra. Þó er sá varnagli sleginn, að heimildina ber ekki að nota, þegar um stórfelld brot er að ræða, þar sem ákæra verður til refsingar vegna almannavarnaðar. Í mjög mörgum tilfellum mun ákæruvaldinu vera ljóst, að ákæra á hendur sakborningi hljóti að leiða til skilorðsbundins dóms, og virðist þá hentara, að ákæru sé frestað skilorðsbundið. Bæði léttir það undir möguleika sakbornings til að stöðvast á afbrotabrautinni, þar sem brot hans kemst síður í hámæli, og auk þess sparast sú fyrirhöfn opinberra starfsmanna, sem ákæra og dómur hefur í för með sér.

Í 57. gr. eru ákvæði um heimild dómstóla til að dæma skilorðsbundna dóma. Er sú heimild einnig að mun rýmri en samkvæmt núgildandi lögum, eins og nánar verður gerð grein fyrir í athugasemdum við greinina sjálfa. Það nýmæli er hér, að dómstólum er heimilað að velja á milli þess að fresta *ákvörðun um refsingu* og að fresta *fullnustu dæmdrar refsingar*. Eins og áður hefur verið að vikið, er heimild til frestunar á refsiákvörðun á því reist, að hentara sé í ýmsum tilfellum að beita öðrum ráðstöfunum en refsingu við sakborning. Kemur þar aðallega til greina umsjón á skilorðstímanum, enda sé hún meira en nafnið eitt. Líklegt þykir, að aðstaða sakbornings til viðreisnar verði betri, ef ekki hvílir á honum dómur um tiltekna refsingu, enda þótt fullnusta væri gerð skilorðsbundin.

Í fjölmennum ríkjum er að sjálfsögðu auðveldara en hér að beita ýmsum aðferðum við sakborninga á skilorðstímanum, eftir atvikum á mismunandi hælum eða stofnunum, og aðgreina þá samkvæmt því svo sem hæfa þykir, m. a. með tilliti til aldurs, kyns, andlegs ástands, tegundar afbrota o. s. frv. Á síðustu tímum hafa mörg ríki komið upp slíkum stofnunum, en auk þess eru ráðnir sérstakir menn, sem hafa umsjón með skilorðsdæmdum mönnum að aðalstarfi og hafa hlotið til þess sérstaka menntun og þjálfun. Er starf þeirra í því fólgið að leiðbeina hinum skilorðsdæmdu mönnum og veita þeim hvers konar aðstoð til að komast á réttan kjöl í lífinu. Í því skyni hafa eftirlitsmennirnir samband og samvinnu við vinnuráðningarstofur, skóla o. fl. Í Englandi, þar sem skipun á þessum málum er komin í bezt horf, eru t. d. 1200—1300 fastráðnir eftirlitsmenn (probations officers). Í Danmörku hefur föstum eftirlitsmönnum verið fjölgað á síðustu árum, munu nú vera 6 í Kaupmannahöfn og auk þess í öðrum helztu bæjum, einn á hverjum stað. Eftirlitsmenn þessir hafa svo sér til aðstoðar ólaunaða hjálparmenn og sjálfboðaliða. Hér á landi verður ekki unnt að koma upp sérstofnunum handa skilorðsdæmdum mönnum með sama hætti og tíðkast erlendis og þá ekki heldur kleift að koma á þeirri aðgreiningu sakborninga, sem þar er gerð. Af þeim sökum er enn nauðsynlegra, að hér sé fastráðinn eftirlitsmaður með skilorðsdæmdum mönnum, einkum unglingum, sem leiðzt hafa út á afbrotabraut. Til hans gætu slíkir menn leitað með vandamál sín, fengið aðstoð hans við útvegun á vinnu, samastað o. s. frv. Mundi þetta vafalaust verða til mikils gagns fyrir hlutaðeigandi einstaklinga og þjóðfélagið í heild, auk þess sem það mundi spara útgjöld ríkisins til lögreglumanna, því að starf eftirlitsmanna er að öðrum þræði löggæzlustarf.

Þó að skilorðsbundin frestun refsiákvörðunar sé heimiluð samkvæmt framansögðu, þá þykir einnig rétt að láta haldast núgildandi heimild laga um frestun á fullnustu refsingar. Mundi slík heimild einkum verða notuð, þegar skilorð er einungis fólgið í því, að aðili fremji ekki nýtt brot á skilorðstímanum. Það er þó lagt á vald dómara að ákveða, hvort aðila skuli sett sérstök skilyrði, þegar fullnustu refsingar er frestað.

Áður en dómstóll ákveður, hvort skilorðsdómur skuli upp kveðinn og hvernig honum skuli vera háttað, ber honum að kynna sér rækilega persónulega hagi og aðstæður sakbornings, sbr. 75. gr. laga nr. 27/1951.

Samkvæmt 56. gr. núgildandi hegningarlaga er dómstólum veitt heimild til að setja aðila sérstök skilyrði, en ekki nánar greint, hver þau skilyrði megi vera. Rétt þykir að breyta þessu á þá leið, að skilyrðin séu ákveðin í lögunum, þ. e. tegundir þeirra, en síðan lagt á vald dómstóla, hvaða skilyrði séu valin hverju sinni. Eru skilyrði þessi tæmandi talin í 1.—6. tölulið 3. mgr. 57. gr. Oftast mundu dómstólar setja aðila skilyrði einungis með tilvísun til þess töluliðs eða þeirra tölulíða, sem við þykir eiga, en heimilt er þeim að kveða nánar á um það. Er og skylt að tiltaka tímalengd, þegar skilyrði er sett samkvæmt 4. tölulið. Að öðru leyti annast umsjónarmaður undir yfirstjórn ráðherra framkvæmd umsjónar og setur aðila á hverjum tíma þau fyrirmæli, sem við þykir eiga, en þó innan þeirra marka, sem í lögunum eru sett og nánar tiltekin í dómi.

Um heimild til að dæma óskilorðsbundna fésekt auk skilorðsbundins dóms um ákvörðun eða fullnustu refsivistar vísast til athugasemda við 4. mgr. 57. gr. Hér skal þess getið, að ekki þótti rétt að veita dómstólum heimild til að ákveða í refsivistardómi, að nokkur hluti refsivistar skuli vera óskilorðsbundinn, en nokkur hluti skilorðsbundinn. Um slík úrræði eiga betur við reglur V. kafla um reynslulausn, eftir að aðili hefur tekið út nokkurn hluta refsivistar, auk þess sem skilorðsbundin náðun getur leitt til sams konar eða svipaðrar niðurstöðu.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, haggar ekki að neinu leyti heimild þeirri, sem dómsmálaráðherra er veitt í 24. gr. laga nr. 27/1951 varðandi niðurfellingu saksóknar.

Um einstakar greinar skal eftirfarandi tekið fram:

Um 56. gr.

Grein þessi kemur í stað 30. gr. núgildandi hegningarlaga, og er því áður lýst, hvers vegna henni er valinn staður í þessum kafla. Einnig hefur þess áður verið getið, hver rök liggja til þess, að heimild dómsmálaráðherra til að fresta ákæru er rýmkuð til muna frá því, sem nú gildir.

Um 1. mgr. Rétt þykir að takmarka heimild ráðherra við það, að aðili hafi játað brot sitt. Þegar aðili viðurkennir ekki sök sína, verða dómstólar að kveða á um sekt hans eða sýknu.

Heimild ráðherra samkvæmt 1. tölulið er ekki háð sérstökum takmörkunum. Tekur hún til sérhvers brots, sem aðili hefur framið innan fullnaðs 21 árs aldurs, og skiptir ekki máli, þó að réttaraðgerðir út af brotinu hefjist síðar.

Í 2. tölulið er heimild ráðherra takmörkuð við það, að ekki sé um svo stórfelld brot að ræða, að niðurfelling saksóknar út af þeim mundi veikja um of þann tilgang refsilöggjafar að skapa almannavarnað. Dómvenja um skilorðsbundna dóma mun að sjálfsögðu verða ráðherra til leiðbeiningar um notkun þessarar heimildar.

Um 2. mgr. Um lengd skilorðstíma koma þau sjónarmið til greina, að hann má annars vegar ekki vera svo skammur, að ekki verði dregnar neinar öruggar ályktanir um breytta hegðun sakbornings. Hins vegar verður einnig að gæta þess, að fresturinn verði ekki úr hófi langur, með því að sú þvingun, sem felst í yfirvofandi ákæru og refsidómi, svo og ófrjálsræði það, sem samfara er umsjón og öðrum ráðstöfunum, getur dregið úr viðleitni sakbornings til að sjá sjálfum sér farborða og orðið honum fjötur um fót í samlífi við aðra menn, þegar til lengdar lætur. Með hliðsjón af þessum atriðum hefur þótt hæfilegt, að skilorðstíminn verði að jafnaði 2—3 ár. Gert er ráð fyrir því, að heimild sú, sem greinin veitir til að hafa frestinn skemmri eða lengri en hér var sagt, verði aðeins notuð, þegar sérstaklega stendur á. Lagt er á vald ráðherra að ákveða upphafstíma frestsins, en væntanlega verður hann að jafnaði miðaður við þann tíma, er ákvörðun er tekin.

Um 3. mgr. Þegar ákæru er frestað, er það ávallt skilyrði fyrir niðurfalli sak-

sóknar, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum, sbr. 4. mgr. Auk þess getur ráðherra sett aðila sérstök skilyrði, sem greind eru í 3. mgr. 57. gr., og verða þau nánar rædd í athugasemdum við þá grein. Dómsmálaráðherra er heimilt að breyta slíkum skilyrðum á skilorðstímanum, þó innan þeirra marka, sem ákveðin eru í 3. mgr. 57. gr. um einstök skilyrði. Að sjálfsögðu verður sú heimild ekki notuð, nema hegðun aðila eða breyttar ástæður gefi sérstakt tilefni til þess.

Um 4. mgr. Ef aðili fremur nýtt brot á skilorðstímanum, er það skilorðsrof, sem leitt getur til ákæru út af eldra brotinu. Þegar svo stendur á, er ráðherra þó ekki gert skylt, heldur aðeins heimilt, að ákæra út af eldra brotinu. Oft getur verið heppilegt að láta hina skilorðsbundnu frestun haldast og láta hana eftir atvikum taka til beggja brotanna, einkum ef nýja brotið er smávægilegt. Mundi þá oft ástæða til að setja aðila ný skilyrði, m. a. nýjan skilorðsfrest. Einnig getur komið til greina að afgreiða nýja málið sér í lagi, hvort heldur án málshöfðunar, ef til þess er heimild, sbr. 112. gr. laga nr. 27/1951, eða með ákæru og dómi. Gegnir svipuðu máli um þetta og heimild dómstóla til að dæma nýtt brot sér í lagi samkvæmt 60. gr. frv., og má um þau sjónarmið, sem þar koma helzt til greina, vísa til athugasemda við 60 gr.

Þegar aðili verður uppvís á skilorðstímanum að nýju broti, sem hann hefur framið, áður en ákæru var frestað, getur það einnig leitt til þess, að hann verði ákærður fyrir brot það, sem ákærufrestun tók til. Eru þá brostnar forsendur fyrir frestuninni. Lagt er á vald ráðherra, hvort frestun skuli haldast, þegar svo stendur á, og koma þar til greina svipuð sjónarmið og um ný brot, sem framin eru á skilorðstímanum.

Loks gefa rof aðila á hinum sérstöku skilyrðum, sem honum kunna að hafa verið sett, valdið því, að mál hans verði tekið fyrir af nýju. Rof hans á þeim skilyrðum eða fyrirmælum í sambandi við þau verða þó að vera veigamikil, til þess að hann glati rétti þeim, er hann hefur öðlazt með skilorðsbundinni frestun ákæru. Metur ráðherra það hverju sinni, en bera má þetta atriði undir dómstóla, sbr. 2. mgr. 59. gr.

Réttarrannsókn út af nýju broti aðila, hvort heldur það hefur verið framið áður eða eftir að ákæru var frestað, veldur því, að skilyrði er ekki fullnægt, enda sé rannsókn byrjuð fyrir lok skilorðstímans. Sama er um réttaraðgerðir, sem hefjast á skilorðstímanum út af rofi aðila á sérstökum skilyrðum. Ef slíkar réttargerðir hafa ekki hafizt fyrir lok skilorðstímans, verður aðila ekki eftir það dæmd refsing fyrir brot það, sem hin skilorðsbundna frestun tók til.

Um 5. mgr. Ákvæði þessarar mgr. eru sett til að koma í veg fyrir, að dómari ákveði sjálfur málshöfðun, sbr. 114. gr. laga nr. 27/1951, þegar vera má, að ráðherra vilji fresta ákæru skilorðsbundið. Ekki er ráðherra að neinu leyti bundinn við tillögur dómara um málið.

Um 6. mgr. Það varðar miklu, að sakborningi sé gert ljóst, hver skilyrðin eru og hvaða afleiðingar skilorðsrof hafi í för með sér fyrir hann. Nauðsynlegt er, að aðila sé afhent skírteini, þar sem þessi atriði eru skýrt greind.

Um 57. gr.

Um 1. mgr. Hér er í upphafi greind heimild dómstóla til að dæma skilorðsbundna dóma í sakamálum. Heimildin tekur til allra refsiverðra brota, hvort heldur eftir hinum alm. hegningarlögum eða öðrum lögum. Samkvæmt 56. gr. núgildandi hegningarlaga er ekki heimilt að kveða upp skilorðsbundinn dóm, þegar dæmdar eru fésektir eftir öðrum lögum en hinum alm. hegningarlögum, en sú takmörkun er hér felld niður. Dæma má skilorðsbundið, þó að opinbert refsimál skuli aðeins höfða eftir kröfu þess, sem misgert var við, eða refsikrafa verði einungis uppi höfð í einkamáli.

Heimildin tekur aðeins til refsingar, en ekki annarra viðurlaga brots. Upptaka eignar, svipting réttinda og önnur viðurlög, sem greinir í VII. kafla alm.

hegningarlaga, verða því ekki dæmd skilorðsbundnum dómi, og sama gildir um ómerkingu ummæla samkvæmt 1. mgr. 241. gr., birting dómsatriða samkvæmt 2. mgr. sömu gr. og 2. mgr. 148. gr., svipting erfðaréttar samkvæmt 265. gr. svo og brottvísun úr landi.

Heimildinni eru ekki sett nein takmörk, að því er tekur til tegundar afbrots, aldurs sakbornings, áður genginna refsidóma yfir honum né þyngd refsingar. Er hér ekki um breytingu að ræða frá núgildandi rétti, nema að því er varðar þyngd refsingar, en samkvæmt 56. gr. núgildandi hegningarlaga er ekki heimilt að dæma refsingu skilorðsbundið, ef hún fer fram úr sektum, tveggja ára varðvaldi eða eins árs fangelsi. Þessi takmörkun er felld niður í frv. Þykir ekki varhugavert að leggja á vald dómstóla að meta hverju sinni, hvort refsing skuli vera skilorðsbundin.

Samkvæmt b-lið 1. mgr. hafa dómstólar heimild, eins og í núgildandi lögum, til að ákveða skilorðsbundna frestun á fullnustu refsingar. Auk þess er það nýmæli sett í a-lið, að dómstólum sé einnig heimilt að fresta ákvörðun um refsinguna sjálfa. Áður hefur verið rætt um rök til þess, að þetta nýja ákvæði er sett, og vísast til þess. Ekki þykir ástæða til að setja ákvæði í frv., er bindi hendur dómstóla um notkun þessara mismunandi úrræða í einstökum tilfellum, og ákvæði til leiðbeiningar um það efni mundi verða svo almennt orðað, að það hefði lítið gildi. Gert er ráð fyrir, að heimild a-liðs verði einkum notuð, þegar aðila eru sett sérstök skilyrði samkvæmt 1.—6. tölulið 3. mgr., en heimild b-liðs, þegar dómur er ekki háður öðru skilyrði en því, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum. Frá þessari reglu geta dómstólar þó vikið, þegar þeim þykir henta.

Um 2. mgr. Skilorðstími skal jafnan vera tiltekinn í dómi, sbr. 1. mgr. Um lengd skilorðstíma vísast til athugasemda við 2. mgr. 56. gr. Upphaf skilorðstíma ber ávallt að ákveða í dómi, og verður væntanlega, eins og verið hefur, að jafnaði miðað við dómsuppsögu. Þegar máli er áfrýjað, getur hegðun sakbornings á áfrýjunartímanum haft áhrif á lengd þess skilorðstíma, sem Hæstiréttur kann að ákveða.

Um 3. mgr. Hér eru greind skilyrði þau, sem skylt er eða heimilt að láta sakborning sæta á skilorðstímanum.

Fyrst er það skilyrði, að aðili gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum. Þetta skilyrði er lögbundið, og verður ekki frá því vikið, er skilorðsdómur er upp kveðinn. Samkvæmt frv. eru öll brot, sem aðili fremur á skilorðstímanum, látin varða skilorðsrofum, hvort sem þau eru stór eða smá og hvort heldur refsing er við þeim lögð í alm. hegningarlögum eða öðrum lögum. Annað mál er það, að dómstólum er, þrátt fyrir slík skilorðsrof, heimilað í 60. gr. frv. að láta skilorð haldast eftir sem áður. Þykir heppilegra að leggja þetta undir mat dómstóla hverju sinni, heldur en að ákveða í lögum, að tilteknar tegundir brota skuli ekki hafa skilorðsrof í för með sér, svo sem gáleysisbrot og brot, er aðeins varða sektum, sbr. 1. gr. laga nr. 39/1907. Ef aðili verður á skilorðstímanum uppvís að nýju broti, sem hann hefur framið, áður en skilorðsdómur gekk, þá er þar að vísu ekki um eiginleg skilorðsrof að ræða, en samkvæmt 60. gr. getur það valdið því, að mál verði tekið fyrir af nýju og nýr dómur kveðinn upp án skilorðs, einnig um brot það, sem skilorðsdómur tók áður til.

Önnur skilyrði fyrir frestun á ákvörðun eða fullnustu refsingar eru talin í 1.—6. tölulið. Er dómstólum heimilt, en ekki skylt, að setja slík skilyrði. Rétt þykir að hafa tæmandi ákvæði um þau í lögum, svo að aðila verði ekki sett skilyrði, sem löggjafinn hefur ekki gert ráð fyrir.

Um 1. tölulið. Skilyrði um umsjón með sakborningi á skilorðstímanum er ekki nýmæli, því að sams konar ákvæði er í 2. mgr. 56. gr. núgildandi hegningarlaga. Starf umsjónarmanns á ekki að vera fólgið í því einu að kynna sér hegðun aðila til að genga úr skugga um, hvort hann fullnægir settum skilyrðum. Umsjónarmaður á að hafa persónulegt samband við aðila, svo sem föng eru á, leiðbeina honum og veita honum ráðleggingar í vandamálum hans, aðstoða hann um

öflun samastaðar, atvinnu, menntunar o. s. frv., og yfirleitt leitast við að halda honum að siðlegum lifnaðarháttum. Oft mundi umsjónarmaður geta fengið ólaunaða sjálfboðaliða, sérstaklega úr hópi vandamanna sakbornings, sér til aðstoðar í þessari viðleitni.

Heimilt er að dæma skilyrði samkvæmt 1. tölulið eitt sér, en oftast mundi vera heppilegt að dæma jafnframt skilyrði samkvæmt 2. tölulið, þar sem það veitir umsjónarmanni styrkari heimild til að setja aðila sérstök fyrirmæli um breytni sína. Ef sett eru skilyrði samkvæmt 2.—5. tölulið, ber ávallt að ákveða umsjón, með því að þá er nauðsynlegt að fylgzt sé með breytni aðila. Að sjálfsögðu er einnig heimilt að dæma umsjón jafnframt skilyrði 6. töluliðs.

Heimilt er dómstólum að dæma umsjón nokkurn hluta skilorðstímans, t. d. meðan dvöl á hæli stendur samkvæmt 4. tölulið.

Um 2. tölulið. Hér eru greind ýmis atriði, sem snerta almenna lifnaðarhætti og lífsvenjur sakbornings. Skilyrði samkvæmt þessum tölulið mundi einkum koma til greina um unga afbrotamenn. Gert er ráð fyrir, að við setningu skilyrðisins sé í dómi vitnað til 2. töluliðs í heild sinni, en að umsjónarmaður taki síðan nánari ákvarðanir. Ber honum þá að velja hverju sinni þá ráðstöfun, sem hann telur bezt hæfa, og íþyngja ekki skjólstæðingi sínum um nauðsyn fram. Getur umsjónarmaður svo fellt niður fyrirmæli og breytt um ráðstafanir á umsjónartímanum eftir ástæðum.

Skilyrði um dvalarstaði kemur einkum til greina, þegar heppilegt er að koma aðilja burt úr umhverfi því, þar sem hann hefur framið afbrot, sbr. það, sem tíðkazt hefur, að aðilja sé komið fyrir á góðu sveitaheimili. Slík fyrirmæli ber þó ekki að setja, nema aðilja sé vís samastaður annars staðar. Fyrirmæli um öflun menntunar, bóklegrar eða verklegrar, mundu einkum eiga við um unga menn, enda standi aðilja kennsla til boða og fjárhagsvandkvæði séu ekki í vegi fyrir fullnægingu skilyrðis. Fyrirmæli um vinnu eru háð því, að atvinna sé fáanleg, og má því ætla, að þau yrðu sérstaklega sett í sambandi við tiltekna vinnu, sem aðili ætti kost á, e. t. v. fyrir milligöngu umsjónarmanns. Þá er líklegt, að fyrirmæli um umgengni við aðra menn yrðu oftast á þá leið, að aðilja væri bannað að umgangast fyrri félaga, sem haft hafa slæm áhrif á hegðun hans, einkum menn, sem hefðu orðið honum samsekir um afbrot. Svipað má segja um fyrirmæli um notkun tómstunda. Þau gætu einnig miðað að því að firra aðilja vinnautn og óreglu í því sambandi.

Um 3. tölulið. Skilyrði samkvæmt þessum tölulið verða aðallega sett þeim aðiljum, sem framið hafa afbrot með áhrifum áfengis eða deyfilyfja. Þar sem hér er aðeins um skilyrði að ræða, varða rof á þeim ekki viðurlögum samkvæmt 2. mgr. 123. gr. sbr. 64. gr. alm. hegningarlaga. Ef dómstóll telur við eiga að setja aðilja fyrirmæli í dómi samkvæmt 64. gr., er honum það vitanlega heimilt, þó að dómur sé gerður skilorðsbundinn að öðru leyti, en skilyrði samkvæmt 3. tölulið mundi þá ekki koma til greina.

Um 4. tölulið. Skilyrði það, sem hér greinir, verður því aðeins notað, að til sé hæli, sem henta þykir aðilja með tilliti til brots hans og persónulegra ástæðna og að unnt sé að veita honum þar viðtöku. Verður dómstóll að afla sér vitneskju um þetta, áður en dómur gengur. Þegar slíkt skilyrði er sett, ber að tiltaka dvalartímann í dómi, en lagt er á vald ráðherra að stytta hann eða fella skilyrðið niður vegna breyttra ástæðna, sbr. 2. mgr. 58. gr. frv. Dvöl aðilja á hælinu er skilyrði, en ekki skylda. Hann yrði því ekki fluttur þangað með valdi, og óheimilt væri að hindra för hans af hælinu. Í stað þessa skilyrðis getur dómstóll dæmt aðilja hælisvist samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna, ef það þykir hentara. Rof á skilyrði 4. töluliðs gæti einnig leitt til þess, að aðilja yrði með nýjum dómi dæmd nauðungarvist á hælinu, ef lög stæðu til þess, sbr. 65. gr. hegningarlaganna, 31. gr. laga nr. 95/1947 og lög nr. 55/1949.

Um 5. tölulið. Þetta skilyrði gæti einkum hentað, þegar hætta er á, að aðili

eyði tekjum sínum eða eignum í óreglu eða með öðrum hætti sér til tjóns. Skilyrðið snertir ekki á neinn hátt umráðarétt aðilja yfir fé sínu eftir reglum lögræðislaga.

Um 6. tölulið. Ekki hafa allir verið á einu máli um það, hvort heppilegt sé að setja aðilja skilyrði um greiðslu fébóta, eins og hér er gert ráð fyrir. Einkum hefur þetta þótt tvísýnt, þegar aðili hefur gerzt sekur um auðgunarbrot og er veikur fyrir á því sviði. Mundu þá skilyrði um greiðslu fébóta geta freistað hans til nýs auðgunarbrots í því skyni að fullnægja greiðslunni. Þessi rök þykja þó ekki næg til að sleppa skilyrðinu með öllu. Þegar aðili hefur næg efni til að greiða bætur, er hentugt að setja skilyrðið, svo og þegar vinnutekjur hans gera honum kleift að greiða bætur smám saman. Greiðslufall mundi ekki valda skilorðsrofum, þegar það er afsakanlegt, sbr. orðalagið „eftir getu". Þetta skilyrði þrengir ekki neitt heimild kröfuhafa til að krefjast greiðslu skuldarinnar með venjulegum hætti.

Um 4. mgr. Áður hefur þess verið getið, að ekki þyki heppilegt að veita dómstólum heimild til að dæma með sama dómi bæði skilorðsbundna og óskilorðsbundna refsivist. Þar á betur við skilorðsbundin reynslulausn samkvæmt 40. gr. og skilorðsbundin náðun. Öðru máli gegnir, þegar dæma má samtímis fésektir og refsivist, hvort heldur um eitt eða fleiri brot er að ræða; sbr. 2. mgr. 49. gr. og 4. mgr. 77. gr. Getur þá hentað að hafa sektina óskilorðsbundna, þó að dómur sé að öðru leyti skilorðsbundinn.

Um 5. mgr. Um efni þessarar mgr. vísast til athugasemda við 6. mgr. 56. gr. frv.

Um 58. gr.

Í sambandi við skilyrði um umsjón kemur til álita, hvort eftirlit og nánari ákvarðanir varðandi umsjónina eigi að vera í höndum ráðherra eða dómstóla. Að athuguðu máli hefur þótt hentara, að framkvæmdin væri falin ráðherra. Það er hvort tveggja, að meira samræmi verður í framkvæmdinni, þegar hún er á einni hendi, og að það yrði mjög þungt í vöfum, ef breytingar á ráðstöfunum eða fyrirmælum á skilorðstímanum þyrfti jafnan að bera undir dómstóla. Hér hefur því sú leið verið valin að fela ráðherra skipun umsjónarmanns, og nánari framkvæmd um umsjón látin lúta valdi hans. Ráðherra ber því ekki einungis að færa til réttari vegar, ef fyrirmæli umsjónarmanns hafa ekki stoð í dómi, heldur og að breyta fyrirmælum, milda þau eða herða eftir atvikum, svo og að fella þau niður, ef hann telur þau ekki eiga við. Í 2. mgr. er ráðherra og veitt víðtæk heimild til að breyta skilyrði um dvöl á hæli eða fella það niður. Oft geta ástæður breytzt þannig, að slíkrar dvalar sé ekki lengur þörf eða að hún verði að teljast óheppileg. Sem dæmi má nefna, að aðili veikist, að honum bjóðist heppileg atvinna, sem hann vill hlíta, o. s. frv. Þar sem hér er aðeins um skilyrði að ræða, er ekki ástæða til að leita úrlausnar dómstóla hverju sinni um þessi atriði.

Um 59. gr.

Í þessari grein ræðir um rof aðilja á sérstökum skilyrðum, sem honum kunna að hafa verið sett í dómi samkvæmt 1.—6. tölulið 3. mgr. 57. gr., svo og fyrirmælum, sem umsjónarmaður eða dómsmálaráðherra hafa sett honum í því sambandi.

Um 1. mgr. Skilorðsrof valda því, að mál má taka upp af nýju fyrir dómi með þeim afleiðingum, sem greindar eru í 3.—5. mgr. þessarar greinar. Verður það aðeins gert eftir kröfu dómsmálaráðherra. Mál telst tekið fyrir af nýju, þegar bókun um það er gerð í þingbók. Hafi málið ekki komið fyrir dóm, áður en skilorðstíma lauk, verður aðilja ekki lengur gerð refsiábyrgð út af broti því, sem skilorðsdómur tók til, enda þótt skilorðsrof sannist.

Um 2. mgr. Þar sem í skilorðsdómi felast mikilvæg réttindi til handa sakborningi, þykir rétt að veita honum kost á að bera undir úrlausn dómstóla, hvort atvik þau, sem honum eru gefin að sök sem skilorðsrof, eigi að hafa þau áhrif, að

skilorð sé niður fallið. Ber þá undir dómstóla að meta meðal annars, hvort sönnur séu færðar á atvik það, sem skilorðsrofum á að valda, ef aðili synjar þess, hvort fyrirmæli það, sem talið er rofið, hafi stoð í skilorðsdómi, hvort verið hafi á valdi aðilja að fullnægja skilyrðum og hvort atvikið sé svo lítilvægt, að það verði ekki metið til skilorðsrofa.

Um 3. mgr. Rétt þykir að veita dómstólum heimild til að ákveða, að frestun skuli haldast áfram samkvæmt skilorðsdóminum, þó að skilorðsrof séu sönnuð. Mundi það einkum koma til álita, þegar skilorðsrof eru smávægileg eða afsakanleg og yfirleitt bera þess ekki vott, að framhaldandi frestun sé gagnslaus. Oft gæti þá komið til greina að setja aðilja ný skilyrði, sem ætla mætti, að betur ættu við samkvæmt fenginni reynslu. Úrskurð dómara um, að frestun skuli haldast, getur dómsmálaráðherra kært til Hæstaréttar, en aðili ekki.

Um 4. mgr. Hér ræðir um það tilvik, að í skilorðsdómi hafi ákvörðun um refsingu verið frestað með sérstökum skilyrðum, en þau skilyrði rofin. Ef dómstóll lætur ekki skilorðsdóminn haldast samkvæmt 3. mgr., getur hann nú ákveðið refsingu, með eða án skilorðs. Ákvörðun refsingar í nýjum skilorðsdómi mundi fela í sér áminningu til aðilja um að gæta framvegis betur settra skilyrða.

Um 5. mgr. Þessi málsgrein tekur til þess, að frestað hafi verið fullnustu refsidóms, en skilorð rofið. Ef frestur er þá ekki veittur samkvæmt 3. mgr., ber dómara að ákveða fullnustu dóms, og þarf ekki sérstakur úrskurður að ganga um það.

Um 60. gr.

Þessi grein fjallar um afleiðingar þess, að aðili hefur annaðhvort gerzt sekur um nýtt brot á skilorðstímanum eða orðið uppvís að áður ódæmdu broti, sem hann hefur framið fyrir uppsögu skilorðsdóms. Ef réttarrannsókn út af slíku nýju broti hefst ekki, fyrr en eftir að skilorðstíma er lokið, hefur hið nýja brot engin áhrif á skilorðsdóminn. Er þá ekki lengur heimilt að láta aðilja sæta refsingu fyrir brot það, sem sá dómur tók til. Hins vegar er vitanlega heimilt að dæma aðilja refsingu fyrir nýja brotið, ef sök er ekki fyrnd eða fallin niður af öðrum ástæðum, og er á valdi dómstóla að ákveða, hvort sá dómur skuli vera skilorðsbundinn.

Hér á eftir verður aðeins það tilvik haft í huga, að réttarrannsókn út af nýju broti hafi hafizt, áður en skilorðstíma lauk. Er dómstólum þá heimilt samkvæmt frv. að velja milli tveggja aðalleiða:

a. Dómstóll getur haldið málunum aðgreindum, þannig að skilorðsdómurinn haldist, en hið nýja brot sé dæmt sér í lagi. Sá dómur verður þó að vera óskilorðsbundinn, því ekki er hentugt, að tveir eða fleiri skilorðsdómar hvíli samtímis á aðilja. Gert er ráð fyrir, að skilorðsdómur verði einkum látinn haldast, þegar hið nýja brot hefur verið framið af gáleysi eða varðar aðeins sektum. Sem dæmi má nefna, að skilorðsdómur fjalli um auðgunarbrot, en að síðar komi til brot á umferðarlöggjöf og XXIII. kafla hegningarlaganna. Fleiri sjónarmið koma þó hér til greina, svo sem að hið nýja brot sé smávægilegt eða að brotin séu mjög mismunandi tegundar.

b. Dómstóll lætur hið nýja brot valda því, að bæði málin séu tekin fyrir og dæmd í einu lagi. Er þá einnig um tvær leiðir að velja.

1) Kveða má upp nýjan skilorðsbundinn dóm, sem þá tekur til beggja brotanna. Eðlilegt er, að þessi leið verði farin, þegar svo stendur á, að nýja brotið var framið, áður en skilorðsdómur gekk, en sá dómur hefði orðið allt að einu skilorðsbundinn, þó að þá hefði verið dæmt um bæði brotin. En þó að nýja brotið sé framið, eftir að skilorðsdómur gekk, getur verið ástæða til að láta skilorð taka til beggja brotanna, og þá eftir atvikum með breyttum skilyrðum frá því, sem áður var ákveðið. Sem dæmi má nefna, að síðara brotið sé mjög smávægilegt, og ekki þyki ástæða til að dæma það sér í lagi óskilorðsbundnum dómi. Þegar skilorðsdómur er dæmdur samkvæmt framansögðu, geta dómstólar valið á milli þess að fresta

ákvörðun um refsingu og fullnustu refsingar. Þó mundi síðari leiðin ávallt verða farin, ef refsing hefur verið tiltekin í fyrri dóminum.

2) Óskilorðsbundinn dómur er kveðinn upp, og refsing dæmd í einu lagi fyrir bæði eða öll brotin. Sú leið verður valin, þegar það þykir hafa sýnt sig, að skilorðsdómur komi ekki að gagni.

Um 61. gr.

Um 1. mgr. Hér er tekið upp óbreytt að efni til ákvæði úr 61. gr. núgildandi hegningarlaga.

Um 2. mgr. Samkvæmt 1. mgr. 84. gr. hegningarlaganna er heimilt að svipta mann, sem dæmdur er skilorðsbundnum dómi, réttindum eftir 3. mgr. 68. gr. laganna, en réttindin fær hann aftur af sjálfu sér, að reynslutíma liðnum, ef hann heldur skilorðið. Í þessari mgr. 61. gr. frv. er gerð sú breyting á nefndu ákvæði 84. gr., að aðili, sem hlýtur skilorðsdóm, skuli halda þessum réttindum, og glatar hann þeim þá aldrei, ef hann heldur skilorðið. Höfuðmarkmið skilorðsdóma er að samlaga sakborning samfélaginu af nýju, og mundi réttindasvipting ávallt verka öfugt við þá viðleitni.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með áorðnum breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við lögin bætist nýr kafli, X. kafli, um reiðhjól með hjálparvél, svohljóðandi:

44. gr. — Reiðhjól með hjálparvél nefnist í lögum þessum sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmcentimetra strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg. að þyngd.

45. gr. — Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél nema hann sé orðinn 15 ára að aldri og hafi næga kunnáttu í akstri og umferðarreglum að dómi lögreglustjóra, svo og næga andlega og líkamlega hreysti. Lögreglustjórar veita mönnum heimild til að stýra reiðhjólum með hjálparvél og skal heimildin rituð í innlend vegabréf heimildahafa gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Þeir sem óska eftir réttindum til að aka reiðhjóli með hjálparvél, skulu tilkynna lögreglustjóra það með 2 vikna fyrirvara og skal lögreglustjóri þá, ef þeir uppfylla skilyrði til réttinda önnur en aksturskunnáttu, heimila umsækjanda að æfa sig í akstri á ákveðnum svæðum og ákveðnum tímum næstu 2 vikur. Merkja skal hjól sérstaklega sem æfingahjól meðan þau eru notuð til þess.

46. gr. — Fyrir skrásetningu og skoðun reiðhjóla með hjálparvél skal greiða gjald í ríkissjóð, en upphæð þess ákveður dómsmálaráðherra með reglugerð.

Reiðhjól með hjálparvél skulu undanþegin bifreiðaskatti og ökumannstryggingu, en að öðru leyti gilda um þau, ökumenn þeirra, eigendur, tryggingar og akstur, ákvæði laga þessara eftir því sem við á, svo og ákvæði laganna um refsingar og sviptingu réttinda.

47. gr. — Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð reiðhjóla með hjálparvél, skrásetningu þeirra, skoðun og akstur, svo og útgáfu ökuréttinda og undirbúning þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Notkun reiðhjóla með hjálparvél hefur færzt mjög í vöxt nú á síðustu árum. Samkvæmt 1. gr. bifreiðalaganna sker dómsmálaráðherra úr hvaða faratæki skuli lúta ákvæðum laganna, en leita skal umsagnar fjármálaráðuneytisins þegar um gjaldskyldu er að ræða. Í samræmi við þetta er reglan nú sú, að reiðhjól með hjálparvél undir einu hestafli falla ekki undir ákvæði bifreiðalaganna. Gaf þetta allgóða raun, hjólin voru fá og voru notuð aðallega af mönnum, sem þurftu þeirra með til nauðsynlegra ferðalaga til vinnu o. þ. h. Nú hefur viðhorf breytzt nokkuð. Mjög mikill fjöldi af farartækjum þessum hefur verið flutt til landsins og svo virðist sem mjög verulegur hluti þeirra hafi lent í höndum barna, sem eru yngri en svo, að forsvaranlegt sé að láta þau fara með vélknúin farartæki í nokkurri mynd. Er því bráðnauðsynlegt að setja reglur um lágmarksaldur og að lögreglu-yfirvöld rannsaki, að þeir sem óska að aka farartækjunum hafi ákveðna kunnáttu og þekkingu. Þá verður og að telja nauðsynlegt vegna hagsmuna almennings, að farartækin séu tryggð fyrir tjóni, sem þau valda öðrum. Hinsvegar er ekki ástæða til að iþyngja eigendum hjóla þessara með meiri útgjöldum en tryggingaiðgjöldum. Farartæki þessi eru, þegar frá eru talin not barna og unglinga af þeim, nær eingöngu notuð til nauðsynlegra ferðalaga og eru þægileg til þess og tiltölulega ódýr. Ef tekin yrðu af þeim öll gjöld sem bifreiðum eða fullkomnum bifhjólum myndi notkun þeirra sennilega falla niður en fjöldi manna hefur eignazt þau meðan þau voru gjaldfrjáls. Ekki sýnist heldur neitt réttlæta ákvæði, sem mundu draga mjög úr notkun þessara þægilegu farartækja vinnandi fólks til og frá vinnu, annað en það sem nauðsynlegt er vegna almannaöryggis. Er því lagt til að settar verði nauðsynlegar öryggisreglur þ. á m. um skyldutryggingu, en ekki fjárhagslegar byrðar fyrir eigendur og notendur farartækjanna umfram það allra nauðsynlegasta. Af þeirri ástæðu eru ákvæðin um að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð nokkur gjöld varðandi farartæki þessi, en sum gjalda þessara mundu annars falla undir aukatekjulög ríkissjóðs og vera of há miðað við þessi farartæki, sem ekki munu hafa verið höfð í huga er þau lög voru samin.

Þá þykir nauðsynlegt að hafa í lögum þessum allvíðtæka reglugerðarheimild um ýmis atriði, varðandi farartæki þau, sem lögin fjalla um. Eru það ýmis minni háttar ákvæði til skýringar, sem of viðamikið mundi vera að setja í lögin, enda þarf væntanlega nokkur reynsla að komast á um ýmis atriði varðandi farartækin áður en gengið yrði frá slíkri reglugerð.

Í sambandi við aldursákvæðið í lagafrumvarpi þessu þykir rétt að taka fram, að það er sízt hærra en í nágrannalöndum vorum, er t. d. í Danmörku 16 ár.

Ekki þykir ástæða til að setja ítarlegri lagareglur um reiðhjól með hjálparvél en hér er lagt til, þar sem öll hin almennu ákvæði umferðarlaga og bifreiðalaga eiga að gilda um þau, með þeim undantekningum, sem lagafrumvarp þetta ber með sér.

Ekki virðist ástæða til verulegra skýringa við einstakar greinar frumvarpsins, annað en það að stærðarákvæði í 44. gr. eru sett í samráði við verkfræðilega ráðunauta ráðuneytisins, sem telja stærðarákvörðun í hestöflum, rúmsentimetrum og þyngd útiloka vafa um hvaða farartæki falli undir þennan kafla.

Ákvæði 45. gr. um innritun réttinda í innlend vegabréf eru til þess gerð, að leyfisútgáfa verði sem óbrotnust og ódýrust án þess að nokkuð sé dregið úr öryggi við leyfisútgáfuna.

Ed. **6. Frumvarp til laga** [6. mál]

um breyting á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi með nokkrum breytingum, lög 3. janúar 1851, um prentfrelsi.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

1. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Sá, sem annast prentun rits hér á landi, skal á hverju eintaki ritsins geta nafns síns eða firma svo og prentunarstaðar. Með sama hætti skal útgefandi rits nafngreina sig í hverju eintaki þess.

2. gr.

2. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Nú er nafngreining samkvæmt 1. gr. vanrækt eða rangt skýrt frá nafni prentara, útgefanda eða prentunarstað, og varðar það þá sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru.

Sömu refsingu skal sá sæta, sem hefur til sölu eða dreifingar rit, er skortir nafngreiningu samkvæmt 1. gr., eða veit, að rangt er skýrt frá þeim atriðum.

3. gr.

2. málsgrein 3. gr. tilskipunarinnar orðist svo:

Ef enginn slíkur höfundur hefur nafngreint sig, ber útgefandi rits ábyrgðina, því næst sá, er hefur ritið til sölu eða dreifingar, og loks sá, er annazt hefur prentun þess.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Unnið er nú að allsherjar endurskoðun á gildandi löggjöf um prentrétt, enda eru meginákvæði hennar orðin mjög gömul og úrelt að mörgu leyti, sbr. einkum tilskipun um prentfrelsi frá 9. maí 1855, sem lögleiddi með nokkrum breytingum dönsk lög um sama efni frá 3. janúar 1851. Endurskoðun þessi mun taka nokkurn tíma, þar sem margs er að gæta í þessum efnum.

Það, sem m. a. er tilefni þess, að endurskoðun þessi fer fram, er hin sívaxandi útgáfa sakamálarita hér á landi og er þá til athugunar, hvaða úrræði séu til að sporna við þeim ófögnuði. Meðan framangreindri endurskoðun er ekki lokið, þykir til bráðabirgða rétt að gera nokkrar breytingar á nefndri tilskipun frá 1855. Samkvæmt ákvæðum tilskipunarinnar hvílir ábyrgð á efni rits, sem prentað er og birt hér á landi, aðallega á höfundi þess, enda hafi hann nafngreint sig og sé auk þess annaðhvort búsettur hér á landi, þegar ritið kemur út, eða undir dómsvaldi ríkisins, þegar málið er höfðað. Ef slíkur höfundur hefur ekki nafngreint sig, hvílir ábyrgðin til vara með sömu skilmálum á útgefanda ritsins, því næst á kostnaðarmanni eða þeim, sem hefur það til sölu, og loks, ef þessir aðiljar verða ekki krafðir ábyrgðar, á prentaranum, sem andstætt hinum aðiljunum er skyldur að nafngreina sig á ritinu (sbr. 1. og 2. gr. tilskipunarinnar), og er ábyrgur, þótt hann hafi vanrækt þá nafngreiningarskyldu sína og fullnægi ekki framangreindum skilyrðum um búsetu eða dvalarstað.

Í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, er ekki haggað við þessari skipan um ábyrgð, en hins vegar gerð tillaga um skyldu til nafngreiningar útgefenda og um aðrar breytingar í samræmi við það. Eru þau ákvæði mjög svipuð þeim, sem nú eru í gildi hjá ýmsum nágrannaþjóða okkar. Ekki sízt með tilliti til útgáfu sakamála-

rita þeirra, sem áður er að vikið, getur sú krafa ekki talizt of hörð, að sá, sem kostar og ræður útgáfu slíkra rita og hirðir arð af henni, nafngreini sig á ritinu, enda á hann að vera næstur til að bera ábyrgð á efni ritsins, ef ekki verður komið fram ábyrgð á hendur höfundi samkvæmt 1. málsgr. 3. gr. tilskipunarinnar.

Nd. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um afnám laga um veitingaskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 99 19. júní 1933, um veitingaskatt, með síðari breytingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hér á landi er mikill skortur gistihúsa. Öll slík starfsemi hefur átt örðugt uppdráttar. Á hinn bóginn er höfuðnauðsyn, að straumur erlendra ferðamanna til Íslands geti aukizt, en til þess þarf bættan gisti- og veitingahúsakost.

Fyrir rúmum 20 árum, þegar mjög miklum erfiðleikum var bundið að sjá farborða fjárhag ríkissjóðs, var til þess gripið að lögfesta veitingaskatt, og hefur hann verið innheimtur síðan.

Þessi skattheimta hefur þyngt róðurinn fyrir veitinga- og gisthúsarekstri og hafa menn setið um færi, til þess að létta af þeirri byrði.

Veitingaskatturinn nam á s. l. ári rúml. 2.1 millj. króna. Hefur innheimta á skatti þessum reynzt verulegum örðugleikum bundin og náði skattfjárhæðin á s. l. ári ekki áætlun fjárlaga.

Þar eð nú hefur þótt fært að áætla ýmsa tekjuliði í fjárlagafrumvarpinu nokkru hærri en þeir eru í núgildandi fjárlögum er talið eðlilegt með skríkotun til þess, er hér að framan greinir, að skattur þessi sé afnuminn.

Nd. 8. Frumvarp til laga [8. mál]

um fremlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1955 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending

fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðsþóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum. Sala eða afhending heildsala á vörum er því aðeins undanþegin söluskatti, að vörurnar séu seldar eða afhentar aðilum, sem eru söluskattskyldir af sölu eða afhendingu sams konar vara.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt sem hér segir:

a. 2% af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, enda hafi aðilar þessir eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
b. 3% af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnaðarfyrirtækjum, matsölu-, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðsþóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að framlengd verði ákvæði um tekjuöflun, sem sett voru með lögum nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna, með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið á þeim.

Í málsgreininni næst á eftir b-lið 3. gr. frv. um umboðssöluviðskipti bóksala, er tekið fram, að í öðrum umboðssöluviðskiptum skuli smásali eða annar umboðssali ekki aðeins greiða af umboðsþóknuninni heldur af öllu heildarandvirði varanna, og er þetta gert til þess, að smásalar greiði ekki í umboðssöluviðskitpum lægri söluskatt en þegar þeir selja vöru venjulegri sölu og þannig verði mishár skattur á vörurnar eftir því hvaða söluaðferð er viðhöfð. Er þetta í samræmi við eldri ákvæði, sbr. 41. gr. laga nr. 128/1947 og 2. gr. laga nr. 62/1945.

Ed. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1955 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfagjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
c. Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
d. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla, 2. gr., með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða núgildandi lögum um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1954 með viðauka.

Ed. 10. Frumvarp til laga [10. mál]

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Frá 1. des. 1954 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 1830.00 á mánuði, að meðtalinni grunnuppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á grunnlaun, sem hærri eru en kr. 1830.00 á mánuði, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 5 stigum, þó þannig að á þann hluta mánaðarlauna, sem umfram er kr. 2200.00, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Laun reiknuð samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei vera lægri en hæstu laun eftir 2. málsgrein, og skal því, ef þau eru lægri, hækka þau í sömu upphæð og síðar nefnd laun nema.

2. gr.

Reikna skal kaupgjaldsvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðar nefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 94 1947, vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á kaup launþega síðan 1. maí 1950.

Kaupgjaldsvísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember að telja.

3. gr.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felldar 6. gr. laga nr. 22 1950 og 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 105 1951, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við þessi lög.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlengd verði óbreytt ákvæði þau, er nú gilda um útreikning kaupgjaldsvísitölu og greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og eftirlaun, þó þannig, að gildistíminn sé ekki lengur bundinn við eitt ár. Réttara þykir, að ákvæði þessi séu framvegis í sérstökum lögum, þar sem ákvæðum gengisskráningarlaganna nr. 22 1950 um þetta efni hefur oft verið breytt, en til óþæginda er að hafa þau á mörgum stöðum.

Ed. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Á árinu 1955 skal innheimta:

A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari breytingum á þeim lögum, með þessum hækkunum:
   a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.
   b. Af öllum öðrum vörum með 250% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 45% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkafli 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
— 10 — 1—7, korn, ómalað.
— 11 — 1—12, mjöl og grjón.

Tollskrárkafli 17 nr. 1—6, sykur.
— 22 — 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
— 24 — 1—9, tóbak.
— 25 — 10, salt.
— 27 — 1—4, kol.
— — — 14, steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna milliríkjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1955 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:
a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er framlenging á ákvæðum laga nr. 76/1953.

Nd. 12. Frumvarp til laga [12. mál]

um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er löggiltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frv. þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um yfirstjórn mála á varnarsvæðum o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarlið Bandaríkjanna dvelst hér á landi, beri brýna nauðsyn til að gera sérstaka skipan á yfirstjórn og framkvæmd varnarmálanna.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Nú leggja lög tiltekinn flokk mála til eins og sama ráðherra, og skal það ekki vera því til fyrirstöðu, að við skiptingu starfa með ráðherrum sé ráðherra þeim, sem falin er framkvæmd varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, er löggiltur var með lögum nr. 110/1951, fengin meðferð slíks málaflokks í lögsagnarumdæmi Keflavíkurflugvallar og á öðrum landsvæðum, er varnarliðinu eru fengin til afnota á hverjum tíma. Slík heimild gildir um dómsmál, að því er varðar brot, sem framin eru á varnarsvæðunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Sauðárkróki, 2. júlí 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 13. Frumvarp til laga [13. mál]

um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1954 að innheimta sérstakt leyfisgjald af innflutningsleyfum fyrir bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af „fob-verði" bifreiðanna og innheimtir innflutningsskrifstofan gjaldið um leið og leyfi er afhent, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast leyfisgjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árinu 1954. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst til 31. des. 1954.

3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, skal þá tollyfirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögunum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

6. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild.

7. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins:

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að rannsókn milliþinganefndar sem kjörin var á síðasta Alþingi til þess að rannsaka hag togaraútgerðarinnar, hafi leitt það í ljós, að hallarekstur togaraútgerðarinnar sé nú svo mikill að veita verði henni sérstaka aðstoð nú þegar, ef unnt á að vera að halda togurunum úti til áramóta. Þar sem telja verður brýna nauðsyn að koma í veg fyrir almenna stöðvun togaraflota landsmanna eru því hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1954 að innheimta sérstakt leyfisgjald af innflutningsleyfum fyrir bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af „fob-verði“

bifreiðanna og innheimtir innflutningsskrifstofan gjaldið um leið og leyfi er afhent, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast leyfisgjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árinu 1954. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst til 31. des. 1954.

3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, skal þá tollyfirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögunum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

6. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild.

7. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 6. ágúst 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

Ed. 14. Frumvarp til laga [14. mál]

um vistheimili fyrir stúlkur.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur samkvæmt fyrirmælum 37. gr. laga nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna. Skal ríkissjóði skylt að leggja fram nauðsynlegt fé í sambandi við stofnun og rekstur heimilisins, sbr. þó fyrirmæli 2. málsgr. sömu lagagreinar.

2. gr.

Til þess að spara ríkissjóði útgjöld í sambandi við stofnun heimilisins og til þess jafnframt að flýta fyrir framkvæmdunum svo sem unnt er, skal ríkisstjórnin leita eftir samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um afhendingu héraðsskólans að Reykjum í Hrútafirði fyrir vistheimilið, enda verði héraðinu jafnframt gefinn kostur á að reka elli- og örorkuheimili í stofnuninni, eftir því sem aðstæður leyfa.

Takist ekki samkomulag um afhendingu skólans ásamt tilheyrandi landi, byggingum öllum og áhöldum og öðru því, er skólanum tilheyrir, skal ríkissjóði heimilt að taka eignarnámi þann hluta þessara eigna, sem hann er ekki þegar eigandi að, enda komi fullt gjald fyrir.

3. gr.

Heimilt skal ríkisstjórninni að setja á stofn og reka vinnuheimili fyrir öryrkja og gamalmenni í sambandi við vistheimilið, eftir því sem húsrúm og aðrar aðstæður leyfa. En áður skal þó liggja fyrir yfirlýsing frá héraðinu, að það óski ekki að reka þar slíkt heimili.

4. gr.

Vinnuheimili, sem ríkissjóður kynni að koma upp og reka samkv. 3. gr., skal eiga sama rétt til fjárhagslegrar aðstoðar úr erfðafjársjóði, sem stofnaður var með lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila, og aðrir þeir aðilar, sem um ræðir í 2. gr. þeirra laga, enda fullnægi heimilið ákvæðum laganna um fyrirkomulag og rekstur.

5. gr.

Lög þess öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna, er svo fyrir mælt, að ríkissjóður skuli koma upp að minnsta kosti tveimur vistheimilum fyrir unglinga, sem lent hafi á glapstigum, þegar fé sé til þess veitt á fjárlögum. Skal annað heimilið vera fyrir pilta, en hitt fyrir stúlkur.

Á fjárlögum fyrir árið 1951 var í fyrsta skipti veitt nokkurt fé til þess að stofna og starfrækja slíkt heimili. Var þá ákveðið í samráði við barnaverndarnefnd, að fé þetta skyldi notað til þess að stofna og starfrækja vistheimili fyrir drengi. Var þegar hafizt handa um að koma heimilinu upp, og hefur það þegar tekið til starfa með ágætum árangri. Hefur síðan á hverju ári verið veitt nokkurt fé bæði til rekstrarins og til áframhaldandi bygginga. Hefur þegar verið byggt fyrir 15 drengi, en eftir er enn að kosta miklu fé til bygginga og endurbóta, áður en starfræksla þar geti orðið svo sem fyrirhugað og nauðsynlegt er.

Það hefur því ekkert fé verið fyrir hendi til þess að koma upp vistheimili fyrir stúlkur, en á því er svo mikil þörf, að það má á engan hátt dragast, ef ekki að að verða að því sívaxandi tjón fyrir þjóðfélagið.

Sé horfið að því að byggja allt upp frá grunni, mun þurfa til þess að minnsta kosti 6—8 millj. kr. Og með því að vitað er, að fyrir hendi er mikil skólabygging að Reykjum í Hrútafirði, sem á margan hátt væri mjög heppileg fyrir slíkt vistheimili, en litlar eða engar líkur til, að skóli verði rekinn þar í framtíðinni, þykir rétt að heimila ríkisstjórninni að semja um afhendingu skólans fyrir vistheimilið eða að taka þann hluta eignarinnar eignarnámi, er ríkissjóður er ekki þegar eigandi að, ef samkomulag tekst ekki. Mætti á þann hátt bæði spara ríkissjóði milljónaútgjöld og jafnframt flýta framkvæmdum, jafnvel um mörg ár, en það eitt er afar mikils virði, svo mikil sem nauðsyn á vistheimilinu er.

Þá skal og bent á, að takist samningar um afhendingu skólans, þá mætti samfara vistheimili fyrir stúlkur reka þar vinnuheimili fyrir öryrkja og gamalmenni, en slíka starfsemi er mjög hentugt að reka í sambandi við vistheimilið, og er því gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að héraðið fái aðstöðu til að hafa þar slíka starfsemi, ef það óskaði þess, eða að ríkissjóður tæki einnig að sér þann rekstur, ef það þætti æskilegra. Gæti þetta orðið héraðinu miklu meira virði en að halda þar áfram rekstri skólans við litla eða enga aðsókn, því vitað er, að það er eitt af vandamálum héraða nú að geta ekki komið upp slíkum vinnuheimilum og verða því að sæta því að senda öryrkja og gamalmenni frá sér til annarra héraða, þar sem þeir e. t. v. hafa miklu lakari skilyrði til að stunda vinnu við sitt hæfi. Slík starfsemi mundi skapa nægjanlegt verkefni fyrir stúlkurnar á vistheimilinu, en það er eitt af höfuðskilyrðunum fyrir góðum árangri, að verkefni séu nægjanleg og við hæfi þeirra, sem þar eiga að dveljast.

Rétt er að ákveða, að ef ríkissjóður setur á stofn slíka starfsemi í sambandi við vistheimilið, þá njóti hún sömu fjárhagsaðstoðar úr erfðafjársjóði og aðrir þeir aðilar, sem rétt eiga á fé úr sjóðnum til slíkrar starfsemi.

Með því að mál þetta allt er mjög aðkallandi, er þess vænzt, að frumvarpið nái fram að ganga á sem allra skemmstum tíma.

Ed. 15. Frumvarp til laga [15. mál]

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. Aftan við B. 61 bætist: og þaðan á Vesturlandsveg.
2. Á eftir B. 61 kemur nýr liður, er orðast svo.
   Tröllatunguheiðarvegur: Frá Valshamri á Strandarveg.
3. Aftan við B. 62 bætist: og þaðan að Hlíð.
4. Á eftir B. 63 koma tveir nýir liðir, er orðast svo:
   a. *Svínanesvegur:* Frá Kletthálsvegi um Kvigindisfjörð að Svínanesi.
   b. *Bæjarnesvegur:* Frá Kvigindisfirði um Kirkjuból að Bæ á Bæjarnesi.
5. Aftan við B. 64 bætist: og þaðan að Skálmarnesmúla.
6. Á eftir B. 89 kemur nýr liður, er orðast svo:
   Arnarfjarðarvegur: Frá Rafnseyri inn fyrir Arnarfjörð, um Langanes, fyrir Geirþjófsfjörð og á Barðastrandarveg.
7. Aftan við B. 94 bætist: og þaðan um Trostransfjörð á Arnarfjarðarveg.
8. Á eftir B. 95 kemur nýr liður, er orðast svo:
   Suðureyrarvegur: Af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Suðureyri.

9. Á eftir B. 96 koma tveir nýir liðir, er orðast svo:
   a. *Hjarðarnesvegur:* Af Barðastrandarvegi í Vatnsdal um Fossá að Auðshaugi.
   b. *Siglunesvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Haukabergi að Siglunesi.
10. Á eftir B. 97 kemur nýr liður, er orðast svo:
   Melanesvegur: Af Rauðasandsvegi við Bjarngötudal um Móberg að Melanesi.
11. Á eftir B. 98 kemur nýr liður, er orðast svo:
   Útvíkurvegur: Af Örlygshafnarvegi við Ósa um Gjögur, Sellátranes, Hænuvík, Kollsvík og til Breiðavíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er nú ljóst, að eigi að halda byggð í hinum afskekktari sveitum landsins, er óhjákvæmilegt að uppfylla frumskilyrði til þess að reka þar atvinnu, en það eru samgöngur á borð við aðrar sveitir. Flutningar á hestum, svo sem var áður og er enn, þar sem ekki er um akvegi að ræða, eru orðnir svo dýrir og úreltir, að þeir, sem við slíkar samgöngur búa, geta á engan hátt verið samkeppnisfærir í framleiðsluháttum eða skapað sér og skylduliði sínu sambærileg lífskjör við þá, sem við bættar samgöngur búa. Það er því óhjákvæmilegt að sjá þessum sveitum fyrir vegakerfi á borð við aðra landshluta. Skattamál þjóðarinnar eru enn slík, að sveitarsjóðunum eru ekki eftirlátnir þeir tekjustofnar, að unnt sé að greiða stórar fjárfúlgur til vegagerðar úr sýslusjóðum, og þó hafa héruðin orðið að taka á sig árlega þunga gjaldabyrði til þess að þoka áfram vegakerfinu að þeim leiðum, en með því að sýnt er, að það er sýslunum ógerlegt að standa undir þeim kostnaði, er af því leiðir að koma vegakerfi héraðanna í viðunandi horf á skömmum tíma og halda því síðan við, verður ríkissjóður að taka meira og meira að sér það hlutverk. Því er frumvarp þetta um breytingu á vegalögunum fram borið og þess vænzt, að það nái fram að ganga á þessu þingi.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í lögum þessum skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum, en ekki náð fram að ganga. Á næstsíðasta þingi fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

„Á undanförnum þingum hafa þingmenn Alþýðuflokksins flutt frv. um lögfestingu á 12 stunda hvíldartíma á botnvörpuskipum, þannig að sólarhringnum skuli skipt í fjórar sex stunda vökur og helmingur háseta vinna í einu, en hinn helmingurinn hvílast. Frv. þessi hafa ekki náð fram að ganga. Á síðasta þingi var frv. um þetta efni vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var þar til þess vísað, að samtök sjómanna séu þegar búin að fá framgengt kröfunni um 12 stunda lágmarkshvíld á saltfiskveiðum með frjálsum samningum, og sé eðlilegt, að ákvæði um lágmarkshvíld á ísfiskveiðum verði einnig samningsatriði. Meiri hluti Alþingis hafði ekki viljað fallast á að lögfesta 12 stunda lágmarkshvíld á botnvörpuskipum. Þess vegna urðu sjómenn að neyta afls samtaka sinna og verkfallsréttar síns til þess að knýja fram nokkurn hluta kröfu sinnar, þ. e. 12 stunda hvíldina á öðrum veiðum en ísfiskveiðum. Til togaverkfallsins síðasta hefði ekki þurft að koma, ef Alþingi hefði gengið til móts við óskir sjómannastéttarinnar.

Sjómenn og samtök þeirra telja þessu réttlætismáli ekki komið í höfn, fyrr en hásetum hefur verið tryggð 12 stunda lágmarkshvíld á öllum veiðum. Sú krafa verður ekki látin niður falla. Ef Alþingi skirrist enn við að setja lagaákvæði um þetta efni, jafngildir það því, að sjómönnum sé sagt, að þeir verði áfram að treysta einvörðungu á samtök sín og verkfallsrétt til þess að fá þessu hagsmunamáli sínu framgengt. Afleiðingarnar gætu orðið langar og harðvítugar vinnudeilur, sem þó gæti ekki lyktað nema á einn hátt, þ. e. með sigri sjómannasamtakanna, eins og síðasta verkfalli. Rökin fyrir því, að togarasjómönnum sé tryggð 12 stunda lágmarkshvíld, eru svo sterk, að baráttunni fyrir þessum málstað hlýtur að ljúka með algerum sigri. Þegar þeir, sem í landi vinna, hafa yfirleitt ekki lengri vinnudag en 8 stundir og mjög margir skemmri, er fráleitt, að sjómenn vinni nokkurn tíma 16 stundir í sólarhring. Þótt vinnudagurinn verði styttur niður í 12 stundir, er munurinn enn sannarlega nógu mikill, þegar það er haft í huga, að vinna háseta á botnvörpuskipum er ein hin erfiðasta, sem unnin er.“

Sþ. 17. Tillaga til þingsályktunar [17. mál]

um varnarsamninginn milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Hannibal Valdimarsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Emil Jónsson, Eggert Þorsteinsson.

Með tilvísun til 7. gr. varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna, frá 5. maí 1951, og með hliðsjón af því, að samningaviðræður ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna fyrr á þessu ári leiddu ekki til viðunandi breytinga á nefndum samningi, ályktar Alþingi að fela ríkisstjórninni, að undanfarinni tilkynningu til Bandaríkjastjórnar, að fara þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda aðstöðu þeirri, sem Bandaríkjunum er veitt á Íslandi með samningi þessum. Við endurskoðunina skal ríkisstjórnin m. a. leggja áherzlu á eftirfarandi atriði:

1. Íslenzkir aðilar annist allar framkvæmdir, sem ákveðnar voru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951 og enn er ólokið.
2. Sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem eingöngu eða fyrst og fremst þarf að nota í hernaðarþágu, skal þegar í stað girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð. Hið sama á við um þau varnarsvæði önnur, sem þegar hafa verið látin í té.
3. Ríkisstjórnin skal þegar hefja undirbúning þess, að Íslendingar taki í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu allra þeirra mannvirkja, sem byggð hafa verið eða óbyggð eru á grundvelli varnarsamningsins frá 1951, en leita skal samninga við stjórn Bandaríkjanna eða Norður-Atlantshafsbandalagsins um greiðslu kostnaðar, sem af því hlýzt, og enn fremur um það, að Íslendingum verði látin í té nauðsynleg aðstoð til þess, að þeir læri sem fyrst þau störf, sem hér er um að ræða. Ekki skal þó þjálfa Íslendinga til neinna hernaðarstarfa.
4. Þegar Íslendingar hafa sérmenntað starfsmenn til þess að taka að sér þau störf, sem um ræðir í 3. lið, eða ráðið erlenda sérfræðinga til að annast þau, getur Alþingi ákveðið með 3 mánaða fyrirvara, að herlið Bandaríkjanna skuli hverfa frá Íslandi. Meðan það er enn í landinu, skal það eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem það hefur fengið til umráða.

Fáist ekki fullnægjandi samkomulag um þessar breytingar innan þess tíma, sem í 2. málsl. 7. gr. varnarsamningsins greinir, skal ríkisstjórnin fylgja málinu eftir með því að segja samningnum upp samkv. 7. gr. hans.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var af hálfu Alþýðuflokksins flutt till. til þál. um endurskoðun varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna. Í tillögu þessari var lagt til:

1. Að íslenzkir aðilar skyldu annast allar framkvæmdir á grundvelli varnarsamningsins.
2. Að sá hluti Keflavíkurflugvallar, sem notaður er í hernaðarþágu, skyldi girtur og öll almenn umferð um hann bönnuð.
3. Að þegar skyldi hafinn undirbúningur þess, að Íslendingar tækju í sínar hendur rekstur, viðhald og gæzlu þeirra mannvirkja, sem byggð hefðu verið eða óbyggð væru á grundvelli varnarsamningsins, án þess þó að Íslendingar væru þjálfaðir til neinna hernaðarstarfa.
4. Að Alþingi gæti kveðið á um brottflutning herliðsins með 3 mánaða fyrirvara, þegar Íslendingar væru reiðubúnir til þess að taka fyrrgreind störf í eigin hendur.
5. Að meðan liðið væri enn í landinu, skyldi það eingöngu dveljast á þeim stöðum, sem það hefði þegar fengið til umráða.

Tillaga þessi náði ekki fram að ganga.

Þar eð samningaviðræður þær, sem fram fóru snemma á þessu ári milli stjórna Íslands og Bandaríkjanna, leiddu ekki til viðhlítandi breytinga á skipan þessara mála og horfur í alþjóðamálum virðast nú friðvænlegri en um langt skeið, telur Alþýðuflokkurinn rétt, að Alþingi feli ríkisstjórninni í samræmi við 7. gr. varnarsamningsins, að fara þess á leit við ráð Norður-Atlantshafsbandalagsins, að það endurskoði, hvort lengur þurfi á að halda aðstöðu þeirri, sem Bandaríkjunum var veitt fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins með samningnum. Við endurskoðun þá, sem 7. gr. samningsins gerir ráð fyrir, að þá fari fram, telur Alþýðuflokkurinn, að afstaða ríkisstjórnarinnar eigi að miðast við þá stefnu, sem mörkuð var í fyrrgreindri till. til þál. Fáist ekki fullnægjandi samkomulag um þessar breytingar innan þess tíma, sem 7. gr. samningsins gerir ráð fyrir, þ. e. 6 mánaða, skal ríkisstjórn, til þess að fylgja kröfum þessum eftir, segja samningnum upp, og fellur hann þá úr gildi 12 mánuðum síðar.

Nd. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um sömu laun kvenna og karla.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Við öll störf, embætti og sýslanir hjá íslenzka ríkinu og sveitarfélögum skulu konum greidd sömu laun og körlum.

2. gr.

Við færslu milli launaflokka skulu sömu reglur gilda fyrir konur sem karla.

3. gr.

Skrifstofustörf öll og afgreiðslustörf í verzlunum skulu greidd sama kaupi, hvort sem þau eru unnin af konum eða körlum.

4. gr.

Öll störf í hraðfrystihúsum og við iðju og iðnað skulu enn fremur greidd sama kaupi, hvort sem unnin eru af konum eða körlum. — Skulu sérákvæði öll í samningum stéttarfélaga um lægri kaupgjaldsákvæði kvenna falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Greinargerð.

Flutningsmaður þessa frumvarps flutti á þinginu 1948 frv. um jafnrétti kvenna og karla. Að því sinni var málið borið fram í efri deild. Efni þess var í aðalatriðum samhljóða efni þessa frumvarps, en nokkru víðtækara. Málið náði ekki fram að ganga.

Á seinasta þingi var málið flutt á ný, og er frumvarpið nú endurflutt óbreytt. Þá fylgdi málinu svo hljóðandi greinargerð:

„Krafan um jafnrétti kvenna og karla er ein af jafnaðar- og mannréttindakröfum, sem frelsishreyfingar þær, er gripu um sig í Norðurálfu á 19. öldinni, gáfu byr í seglin. En þá hófst sú sókn þeirra, sem kúgaðir voru og minni máttar, fyrir auknum réttindum og meira frelsi, og er þeirri sókn hvergi nærri lokið enn þá.

Mörgum áfanganum hefur verið náð á þeirri leið, og þar á meðal þeim, bæði hér á landi og í flestum öðrum menningarlöndum heimsins, að konur njóta sama réttar og karlar að því er snertir kjörgengi, kosningarrétt og rétt til embætta og sýslana, og vantar þó víða mikið á, að sá réttur sé viðurkenndur með fullum jöfnuði í framkvæmdinni. Þó er hitt lakara, að víða hefur verið tekið aftur með hægri hendinni það, sem sú vinstri gaf, þar sem enn helzt hinn mikli mismunur á launum karla og kvenna fyrir sömu vinnu. Þá tíðkast það mjög, að konur njóta ekki í raun og veru sama réttar og karlar til hinna betur launuðu starfa og flytjast ekki milli launaflokka á sama hátt og karlar, þó að svo eigi að heita í orði kveðnu.

Því til sönnunar nægir að benda á þessar staðreyndir:

Af föstum starfsmönnum Reykjavíkurbæjar voru árið 1950 140 konur, þar með taldar kennslukonur og hjúkrunarkonur. Af þeim voru 2 konur alls í 9 hæstu launaflokkunum. En 118 karlmenn af 468 voru þá í 9 hæstu flokkunum. Í 6 lægstu launaflokkunum eru hins vegar 111 karlmenn, eða 23.7% allra fastráðinna karla, og 62 konur, eða 44.4% allra fastráðinna kvenna.

Hjá fyrirtækjum Reykjavíkurbæjar: rafmagnsveitu, gasveitu, vatns- og hitaveitu og Reykjavíkurhöfn, voru sama ár 25 konur taldar fastir starfsmenn, af þeim var aðeins ein kona með hærri laun en 10. flokks.

Af föstum starfsmönnum ríkisins eru 246 konur, og af þeim er engin í fjórum hæstu launaflokkunum. Tvær eru í 5. launaflokki, aðrar tvær í 6. flokki og 5 í sjöunda flokki, — í 7 hæstu launaflokkunum eru þannig samtals einar 9 konur.

Úr öðrum starfsgreinum er sömu sögu að segja. Samkvæmt samningum „Iðju", félags verksmiðjufólks, er hæsta mánaðarkaup kvenna kr. 1200.00, en hæsta mánaðarkaup karla kr. 1830.00 (hvort tveggja grunnlaun). Konur ná þar ekki einu sinni fullkomlega ⅔ af kaupi karla.

Þó virðist hlutur kvennanna vera einna lakastur á verzlunar- og viðskiptasviðinu, einmitt þar sem segja mætti, að auðveldast og eðlilegast væri að koma við fullkomnum launajöfnuði með því að miða við ákveðin verk án tillits til þess, hver vinnur þau. Við athugun á samningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur við atvinnurekendur kemur þetta í ljós:

Í 1. (þ. e. hæsta) launaflokki, sem í eru skrifstofustjórar og fulltrúar 1. flokks, er eingöngu miðað við karla. Í 2. launaflokki, sem í eru aðalbókarar og fulltrúar 2. flokks, bréfritarar 1. flokks, sölustjórar og aðalgjaldkerar, er líka eingöngu miðað við karla. Það er ekki fyrr en komið er niður í B-lið 4. flokks (aðstoðarfólk á skrifstofum)), sem gert er ráð fyrir bæði körlum og konum í sama flokki.

Um afgreiðslufólkið gegnir svipuðu máli og ekki betra að því er konurnar varðar. Deildarstjórar 1. flokks eru eingöngu karlar, og meira að segja afgreiðslumenn 1. flokks eru líka karlar. Það er m. ö. o. ekki gert ráð fyrir, að konur geti verið afgreiðslumenn 1. flokks samkvæmt skilningi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og atvinnurekenda í þeirri grein. Konur geta aftur á móti verið deildarstjórar 2. flokks. Við afgreiðslustörf, t. d. í matvörubúðum, skyldu menn halda, að karlar og konur hefðu sömu laun, þegar um sambærilega menntun væri að ræða. Svo er þó ekki. Afgreiðslumenn (karlar) skulu hafa í grunnkaup 1351.35 pr. mán., en afgreiðslustúlkur með sömu menntun skulu hafa 1053.00. Er þó ekki sennilegt, að þær rétti færri kíló af sykri eða sápu yfir búðarborðið daglega en karlmaðurinn við hlið þeirra. En svona er þetta nú samt. — Það eimir lengi eftir af hugsunarhættinum, sem lét karla og konur bera saman á börum allan daginn, án þess að konur fengju nema í bezta lagi ⅔ af karlmannskaupinu — og oft ekki nema helmingskaup.

Við venjulega erfiðisvinnu er kaup karlmanna hér í Reykjavík samkvæmt taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar kr. 9.24 til kr. 12.00 á klst. eftir tegund vinnunnar (grunnkaup), en kaup kvenna samkvæmt samningi Verkakvennafélagsins Framsóknar kr. 6.60 til 6.90 á klst. eftir tegund vinnunnar, eða nokkru betur en ⅔ af karlmannskaupi, miðað við þann vinnuflokkinn, sem algengastur er.

Fleiri dæmi er ekki ástæða til að birta hér, þar sem þessar staðreyndir eru öllum, er um málið hugsa, augljósar og blasa hvarvetna við.

Verkalýðshreyfingin og kvenréttindahreyfingin um heim allan hafa á stefnuskrá sinni að bæta úr þessu misrétti. Gerði Samband frjálsra verkalýðsfélaga (I. C. F. T. U.), sem Alþýðusambandið hér er meðlimur í, meðal annars samþykkt um þessi mál á þingi sínu í Stokkhólmi síðastliðið sumar. Var þar lagt fyrir Alþýðusamböndin hvert í sínu landi að berjast fyrir því, að sama kaup yrði greitt konum og körlum fyrir sama vinnuverðmæti. Þá getur það ekki hafa farið fram hjá mönnum, að Alþjóðavinnumálastofnunin, sem Ísland er aðili að, hefur árum saman barizt fyrir sama kaupi kvenna fyrir sömu vinnu.

Á þingum Alþýðusambands Íslands hafa líka ár eftir ár verið bornar fram kröfur um sömu laun fyrir sömu vinnu, hvort sem hún væri unnin af konum eða körlum. Var það og ein af þeim kröfum, sem verkalýðsfélögin báru fram í vinnudeilunni í desember 1952, að brúað yrði sem mest bilið milli kaupgjalds kvenna og karla. Ekki náði það þó fram að ganga, enda má búast við, að seinfær verði samningaleiðin fyrir félög starfsfólks til þess að ráða niðurlögum þessa gamla ranglætis. Ber þá löggjafarvaldinu skylda til að koma til liðs við réttan málstað, og í trausti þess, að svo verði, er frv. þetta fram borið."

Nd. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 53 27. júní 1921, um hvíldartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og á lögum nr. 45 7. maí 1928, um breyting á þeim lögum.

Flm.: Sigurður Guðnason, Einar Olgeirsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Þá er skip er að veiðum með botnvörpu eða á siglingu milli innlendra hafna og fiskimiðanna, skal jafnan skipta sólarhringnum í fjórar sex stunda vökur. Skal eigi nema helmingur háseta skyldur að vinna í einu, en hinn helmingurinn eiga hvíld, og skal hver háseti hafa að minnsta kosti 12 klukkustunda hvíld á sólarhring hverjum. Samningar milli sjómannafélaga og útgerðarmanna um lengri vinnutíma en fyrir er mælt í grein þessari skulu ógildir vera.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri og útgerðarmaður bera sameiginlega ábyrgð á því, að fyrirmælum þessara laga sé fylgt, og varðar ítrekað brot skipstjóra stöðumissi.

3. gr.

Í stað „1000—10000“ í 5. gr. laganna komi: 5000—50000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sósíalistaflokkurinn flytur nú frumvarp þetta í níunda sinn. Rökin fyrir því hafa oft verið sett fram og skulu nú sett fram einu sinni enn:

Alþingi Íslendinga mun ásátt um, að líf þessarar þjóðar byggist öðru fremur á starfi því, sem sjómenn hennar inna af höndum, og þess vegna fari vel á því, að hún haldi einn dag vor hvert hátíðlegan til að votta mönnum þessum virðingu sína og þökk. Á sama hátt og aðrar þjóðir hafa sérstakan dag til að heiðra hermenn sína, hafa Íslendingar sérstakan dag til að heiðra sjómenn sína.

Sjómannadagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur síðustu 15 árin með skrúðgöngu og ræðuhöldum. Og Alþingi Íslendinga hefur alltaf átt fulltrúa meðal hinna atkvæðamestu ræðumanna dagsins. Fulltrúar þess hafa yfirleitt lagt áherzlu á, að Alþingi kunni vel að meta afrek sjómanna í þágu fósturjarðarinnar, og staðið fyrir miklum húrrahrópum. Í 15 ár hefur Alþingi sem sagt látið ótvírætt á sér skilja fyrsta sunnudag í júní og stundum oftar, að það telji sig og landsmenn alla eiga sjómönnum allt gott að þakka, enda vinni þeir þýðingarmestu störf þjóðfélagsins og séu hetjur hafsins. Og næstum jafnlengi hefur meiri hluti Alþingis barizt markvíst gegn því, að mönnum þessum veittist lagalegur réttur til mannsæmandi hvíldar. Þessi stofnun, sem aldrei telur eftir sér að húrra fyrir sjómönnum, hefur nú í rúman áratug þrjózkazt við að samþykkja frumvarp til afnáms því hróplega ranglæti, að hásetar á togurum hafa með lögum verið skyldugir til að þræla 16 klukkustundir á sólarhring. Mætti ætla, að ekki væri lítið unnið og ekki lítið vakað innan þeirrar stofnunar, sem þannig þykist sóma síns vegna mega haga sér.

Frv. þetta til lögfestingar 12 klst. lágmarkshvíldar háseta á togurum var fyrst flutt á sumarþinginu 1942. Flutningsmaður þess var einn af þingmönnum Sósíalistaflokksins, þáv. 2. landsk. þm., Ísleifur Högnason. Sjávarútvegsnefnd Nd. fékk frumvarið til meðferðar. Ef til vill hefur nefndinni ekki fundizt það ómaksins

vert að sinna þessari kröfu um, að helztu fyrirvinnur þjóðfélagsins fengju tíma til að hvíla sig eitthvað í líkingu við það, sem tíðkast um aðrar mannlegar verur á Íslandi, — svo mikið er víst, að nefndinni láðist að afgreiða frumvarpið og það dagaði uppi á þinginu.

Næst var frv. flutt á þinginu 1946 af tveim þingmönnum Sósíalistaflokksins, Hermanni Guðmundssyni og Sigurði Guðnasyni. Aftur fékk sjávarútvegsnefnd það til meðferðar, og að þessu sinni veitti hún sér tíma til að hafa skoðanir á því, enda gekk fulltrúi sósíalista í nefndinni mjög hart eftir því, að hún afgreiddi frumvarpið. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Sigurður Kristánsson og Pétur Ottesen, fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, og Skúli Guðmundsson, fulltrúi Framsóknarflokksins, lýsti sig andvígan málinu og lagði til, að frv. yrði fellt. Fulltrúi Alþýðuflokksins, Finnur Jónsson, lýsti yfir því, að hann væri ekki við því búinn að taka afstöðu til málsins. Fulltrúi Sósíalistaflokksins, Áki Jakobsson, var einn nefndarmanna til að styðja frumvarpið og lagði til, að það yrði samþykkt. Hins vegar láðist deildinni að afgreiða frumvarpið. Það dagaði enn uppi á þessu þingi.

Sömu þingmenn fluttu frv. í þriðja sinn á þinginu 1947. Á meðan var hafin hörð barátta í málinu utan þings. Um 400 starfandi sjómenn sendu Alþingi áskorun um að samþykkja frumvarpið, og sams konar áskorun hafði verið samþykkt á þingi Alþýðusambands Íslands 1946, enda hörfa nú andstæðingar málsins á Alþingi til nýrra varnarstöðva í baráttunni gegn því. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar í sjávarútvegsnefnd lögðu að þessu sinni til, að frumvarpinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar gegn loforði hennar um að athuga málið sjálf eða skipa nefnd til að athuga það. Og fulltrúi Alþýðuflokksins hljóp í bát með þessum mönnum, sem áður höfðu umsvifalaust viljað láta fella frumvarpið; lýsti sig fylgjandi afstöðu þeirra. Enn var aðeins einn nefndamanna fylgjandi samþykkt frumvarpsins, fulltrúi Sósíalistaflokksins.

Málinu var vísað til ríkisstjórnarinnar í marzmánuði 1948, en þremur mánuðum síðar skipaði þáv. forsætis- og félagsmálaráðherra, Stefán Jóh. Stefánsson, 6 manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um hvíldartíma háseta á togurum. Tveir nefndarmanna voru skipaðir án tilnefningar, tveir voru tilnefndir af samtökum sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, tveir af togaraeigendum.

Það fór eins og þingmenn sósíalista höfðu varað við, störf nefndarinnar urðu til einskis annars en tefja framgang þessa réttlætismáls. Í rúmt ár var nefndin að velta því fyrir sér, hvort mönnum þeim, sem fyrsta sunnudag í júní eru nefndir hetjur hafsins og þýðingarmestu starfsmenn þjóðfélagsins, skyldi lögum samkvæmt leyfast að hvíla sig lengur en 8 klst. á sólarhring. Og nefndin kom í þremur hlutum frá þessari löngu athugun. Fulltrúar sjómanna lögðu að sjálfsögðu til, að lögboðin yrði 12 klst. hvíld á togurum. Fulltúar útgerðarmanna lögðu til, að frv. um slíka lögfestingu yrði fellt, samkvæmt þeirri gamalkunnu röksemd, að heilsusamlegur svefn sjómanna hljóti að orsaka stöðugar andvökur útgerðarmanna vegna versnandi afkomu skipanna og fljótlega ná hámarki í algeru efnahagshruni þjóðfélagsins. Stjórnskipuðu fulltrúarnir létu ekki uppi neinar skoðanir á málinu, enda töldu þeir sig einungis hafa átt að leitast fyrir um sættir milli þessara tveggja stétta, en ekki að móta afstöðu nefndarinnar; sáttatilraunir þeirra hefðu hins vegar engan árangur borið.

Vegna hinnar seinfengnu niðurstöðu nefndarinnar tafðist framgangur málsins hátt á annað ár, en eftir að hún hafði lokið störfum haustið 1949, var frumvarpið enn flutt snemma á næsta þingi. Meiri hluti sjávarútvegsnefndar lagði þá til, að málið yrði afgreitt með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að eðlilegast væri, að sjómenn semdu sjálfir við útgerðarmenn um kjör sína, — og samþykkti deildin þessa afgreiðslu.

Þannig var málinu varpað úr höndum Alþingis og gert að deilumáli sjómanna og útgerðarmanna, og var afleiðinganna skammt að bíða. Togaraflotinn var stöðvaður og lá bundinn við bryggju vikum saman, og þjóðin beið af þessu tjón, sem

nam um 70 milljónum króna í erlendum gjaldeyri. En sjómenn komu úr átökum þessum með rétt sinn að nokkru heimtan; samningar þeirra fólu nú í sér ákvæði um 12 klst. lágmarkshvíld á saltfiskveiðum.

En gömlu vökulögin giltu eftir sem áður varðandi ísfiskveiðar, og baráttunni fyrir málinu var haldið áfram á Alþingi. Í fimmta sinn fluttu sósialistar frumvarp þetta á þinginu 1950 og í sjötta sinn á þinginu 1951, alltaf gegn sömu andstöðu meiri hlutans. Jafnframt héldu sjómenn sjálfir áfram sinni baráttu. Og útgerðarmenn héldu áfram að þrjózkast við. Áður en þeir létu sig, varð þjóðfélagið að þola nýtt áfall langrar og kostnaðarsamrar togarastöðvunar. En í þeirri deilu vinna sjómenn loks fullan sigur; 12 klst. lágmarkshvíld háseta er tryggð á öllum veiðum togaranna. -- Sjómenn tryggðu sér þennan rétt þrátt fyrir hina fjandsamlegu afstöðu Alþingis. Það hafði alltaf verið á valdi Alþingis að veita þeim hann og firra þannig þjóðfélagið vandræðum tveggja langvarandi togarastöðvana. Alþingi ber þannig höfuðábyrgð á því milljónatjóni, sem þessar togarastöðvanir ollu.

Tólf klst. lágmarkshvíld togaraháseta á öllum veiðum er að vísu tryggð í samningum, sem stendur. En fyrir því er engin trygging, að ekki verði reynt að ná þessum sjálfsagða rétti af sjómönnum aftur og málið þannig enn á ný gert að hörðu og kostnaðarsömu deilumáli. Hins vegar er það á valdi Alþingis að veita slíka tryggingu. Sósialistaflokkurinn gerði tilraun til þess að fá Alþingi til þess að veita slíka tryggingu og flutti því frv. þetta í sjöunda sinn á Alþingi 1952 og í áttunda sinn á Alþingi 1953. En allt fór á sömu leið og fyrr. Nú er frv. þetta flutt í níunda sinn af Sósialistaflokknum. Alþingi hefur enn tækifæri til að bæta að nokkru fyrir misgerðir sínar og fyrirbyggja, að tjón það, sem af þeim hlauzt, endurtaki sig. Þetta getur það gert með því einfaldlega að samþykkja nú loks frumvarpið og festa þannig í lög Íslands ákvæði um, að hetjur hafsins skuli hafa rétt til mannsæmandi hvíldar, engu síður en aðrir þegnar þjóðfélagsins.

Nd. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi gilda um allt fólk, sem starfar í þjónustu annarra, hvort heldur einstaklinga eða hins opinbera. Ná lög þessi jafnt til þeirra, er taka laun sín í hluta af verðmæti, sem hinna, er taka laun sín í peningum. Undanþegnir eru þó iðnnemar, sbr. 16. gr. laga nr. 46 25. maí 1949, um iðnfræðslu.

2. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs ár hvert hálfan annan dag — einn og hálfan dag — fyrir hvern unnin almanaksmánuð á orlofsárinu, en orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir. Telst í þessu sambandi hálfur mánuður eða meira sem heill mánuður, en skemmri tími ekki talinn með. Það telst vinnutími samkvæmt þessari grein, þótt maður sé frá vinnu vegna veikinda eða slysa, meðan hann fær kaup greitt eða hann er í orlofi.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Sá, sem fer í orlof, á rétt á að fá greitt orlofsfé 6½% — sex og hálfan af hundraði — af kaupi því, sem hann hefur borið úr býtum fyrir vinnu sína næsta orlofsár á undan.

Orlofsfé greiðir sá eða þeir, sem orlofsrétthafi hefur unnið hjá á orlofsárinu, og fer greiðsla fram með orlofsmerkjum hvert skipti, sem útborgun vinnulauna fer fram.

Þegar starfsmenn, sem eru í fastri stöðu, fara í orlof, halda þeir kaupi sínu óskertu orlofsdagana, jafnháu og þeir hefðu unnið venjulegan vinnutíma. Kaup fyrir orlofsdagana skulu þeir fá greitt næsta virkan dag áður en orlof hefst.

Nú fer maður úr fastri stöðu, og greiðir vinnuveitandi þá með orlofsmerkjum orlofsfé af kaupi því, er starfsmaðurinn vann fyrir á því orlofsári.

Starfsmaður, sem er í fastri stöðu, þegar hann fer í orlof, en hefur ekki unnið hjá sama vinnuveitanda samfellt næsta orlofsár á undan, fær greitt orlofsfé með orlofsmerkjum næsta virkan dag áður en orlof hefst, og miðast það við kaup það, er hann vann fyrir hjá núverandi vinnuveitanda á orlofsárinu.

Krafa um greiðslu orlofsfjár er forgangskrafa í dánar- eða þrotabú vinnuveitanda til jafns við kröfur þær, sem um ræðir í 83. gr. b. 5. lið skiptalaganna, nr. 3 12. apríl 1878.

4. gr.

15. gr. laganna orðist svo:

Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum fyrnast eftir sömu reglum og kaupkröfur samkvæmt lögum nr. 14 frá 20. okt. 1905, um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lögin um orlof voru samþykkt 1943. Aðdragandi þeirra var skæruhernaðurinn svonefndi, en eftir hann gerði Dagsbrún mjög mikilvæga samninga við atvinnurekendur síðari hluta sumars 1942. Með þeim samningum var viðurkenndur 8 stunda vinnudagur, og auk þess var orlof verkamanna samningsbundið tvær vikur á ári, og skyldu atvinnurekendur greiða verkamönnum orlofsfé, þannig að þeir héldu launum í leyfi sínu.

Alþingi gaf síðan samningi þessum lagagildi á næsta ári með lögum um orlof, en þau eru mjög mikilvægur áfangi í réttarbaráttu íslenzkrar alþýðu.

En svo mikilvæg sem lögin voru á sínum tíma, eru þau engan veginn fullnægjandi nú, og hafa þingmenn sósíalista beitt sér fyrir nauðsynlegustu umbótum á undanförnum þingum. Hermann Guðmundsson og Sigurður Guðnason lögðu fram frumvarp svipað því, sem hér liggur fyrir, á þinginu 1948—49, á næstsíðasta þingi var það enn flutt af Magnúsi Kjartanssyni og Steingrími Aðalsteinssyni, en á síðasta þingi af Karli Guðjónssyni ásamt flm. þess nú.

Í þessu frumvarpi felast fjórar meginbreytingar á lögunum:

1. Lágmarkssumarleyfi lengist upp í 18 virka daga, eða sem svarar þriggja vikna orlofi, og skal orlofsfé hækka í samræmi við það upp í 6½% af kaupi.

Þriggja vikna orlof er nú orðið mjög algengt hjá embættismönnum, starfsmönnum og ýmsum iðnaðarmönnum og mun af almenningi vera talinn mjög hæfilegur og eðlilegur tími. Erlendis hefur 3 vikna almennt orlof færzt mjög í vöxt á undanförnum árum. Norðmenn samþykktu lög um 3 vikna orlof þegar 1947, hafa þau gefið hina beztu raun og þykja jafnsjálfsögð nú og 2 vikna orlof áður. Síðan hefur sama breyting verið tekin upp í Danmörku og Svíþjóð.

Það er auðsætt, að vinnandi fólk á Íslandi mun ekki sætta sig við það lengi að vera eftirbátar starfsbræðra sinna á Norðurlöndum á þessu sviði.

2. Þá er lagt til í frumvarpinu, að orlofsrétturinn nái einnig óskertur til hlutarsjómanna.

Í orlofslögunum eru ákvæðin um orlof hlutarsjómanna óglögg og hafa valdið ágreiningi. Þar kemur til álita, hvort hlutarsjómenn fái nema hálft orlof, ef þeir taka

þátt í útgerðarkostnaði að einhverjum hluta. Það virðist með öllu ástæðulaust að láta slík ákvæði standa í orlofslögunum, enda mælir ekkert með því, að hlutarsjómenn séu afskiptir orlofsfé. Ef hlutarsjómaður jafnframt rekur útgerð, er hann að sjálfsögðu sem slíkur ábyrgur fyrir orlofsgreiðslunum á sama hátt og aðrir atvinnurekendur.

3. Lögin gera ráð fyrir, að orlof sé ekki greitt á eftirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu í sama hlutfalli og launagreiðslur, heldur svo sem um dagvinnu væri að ræða.

Hér er lagt til, að þessi ákvæði verði felld niður úr orlofslögunum og orlof verði í öllum tilfellunum jafnt, 6½%.

Breyting þessi stefnir að fyllri framkvæmd á markmiði laganna. Orlofslögin eiga að tryggja vinnandi fólki hæfilega hvíld að unnu starfi, og hlýtur hvíldarþörfin jafnan að verða miklum mun meiri, ef unnin er óhæfilega langur vinnudagur, svo sem jafnan er, þegar um eftir- og næturvinnu er að ræða.

4. Í 15. gr. orlofslaganna eru sérstök ákvæði um fyrningu á kröfum, og hljóða þau svo: „Kröfur á hendur vinnuveitendum samkvæmt lögum þessum falla úr gildi fyrir fyrning, ef þær hafa ekki verið viðurkenndar eða lögsókn hafin innan loka næsta orlofsárs eftir að kröfurnar stofnuðust."

Þessi tilhögun er óeðlileg. Þess eru mörg dæmi, að af þessu ákvæði hafi hlotizt óþægindi og misskilningur. Virðist sjálfsagt, að fyrning á kröfum vegna orlofsfjár fylgi algerlega sömu reglum og fyrning kaupgjalds, og er það lagt til í frumvarpinu.

Þegar hliðstætt frumvarp kom til umræðu á næstsíðasta þingi, komst fyrri flutningsmaður þess, Magnús Kjartansson, svo að orði meðal annars:

„Ef Alþingi fæst ekki til að breyta orlofslögunum, benda allar líkur á, að aukið orlof verði knúið fram af verkalýðsfélögunum sjálfum í samningum við atvinnurekendur, samningum, sem ef til vill fengjust ekki fyrr en eftir kostnaðarsamar deilur."

Þessi varnaðarorð rættust þegar nokkrum mánuðum síðar. Í desemberverkföllunum miklu 1952 var 3 vikna orlof ein meginkrafa verkalýðssamtakanna, og eftir hin miklu átök var samið um 15 daga orlof — helminginn af kröfum verkalýðssamtakanna á þessu sviði. En það er engum efa bundið, að verkföllin hefðu orðið auðleystari, ef Alþingi hefði fylgt tillögum sósíalista um afgreiðslu málsins.

Nú standa sakir þannig, að orlofslögin eru óbreytt með ákvæðum um 12 daga orlof. Verkalýðsfélögin hafa með samningum sínum tryggt 15 daga orlof, og flestir, ef ekki allir starfshópar hafa fylgt í kjölfar þeirra.

Lögin eru á eftir veruleikanum. Hins vegar væri ófullnægjandi að breyta lögunum aðeins til samræmis við ákvæði gildandi samninga, því að ekki verður til lengdar staðið gegn hinni sjálfsögðu kröfu um 3 vikna orlof, og Alþingi ber að draga ályktanir af reynslunni og leysa málið áður en til nýrra átaka kann að koma vegna þess.

Nd. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 46 1954, um breyting á lögum nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

H-liður 4. tölul. 7. gr. laganna orðist svo:

Fæðiskostnað sjómanna á fiskiskipum, ef þeir þurfa að sjá sér fyrir fæði, svo og nauðsynlegan dvalarkostnað annarra launþega, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, og við ákvörðun þess kostnaðar sé farið eftir mati

skattayfirvalda. Enn fremur skal draga frá tekjum sjómanna á fiskiskipum 600 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar.

2. gr.

Á eftir m-lið 4. tölul. 7. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:

Við ákvörðun á skattskyldum tekjum íslenzkra sjómanna á fiskiskipum skal telja ⅓ hluta þess kaups, sem þeir hafa aflað sem sjómenn á íslenzku fiskiskipi, sem skattfrjálsan kauphluta.

Atvinnurekendur skulu við kaupuppgjör á tekjum til skattayfirvalda tilgreina, hvort nokkur hluti tekna telst sjómannstekjur samkv. 1. málsgr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við skattaálagningu 1955 á tekjur ársins 1954.

Greinargerð.

Frumvarp það, sem hér er flutt, er í höfuðatriðum samhljóða frumvarpi, sem flutt var á síðasta Alþingi af Lúðvík Jósefssyni um skattfríðindi sjómanna á íslenzkum fiskiskipum. Þá eru og teknar með í þetta frumvarp breytingartillögur, sem flm. voru með í að flytja á síðasta Alþingi, við lög um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Eins og 1. gr. frumvarpsins ber með sér, er tilgangur hennar að veita hlutarsjómönnum, sem sjá sér sjálfir fyrir fæði, svo og þeim launþegum, sem sækja þurfa atvinnu til staða fjarri heimilum sínum, skattaívilnun vegna aukinna útgjalda, sem óhjákvæmilega hljóta að fylgja því að sækja atvinnu til annarra landshluta. Má þar til nefna mikinn ferðakostnað, dýrt fæði og húsnæði og fleira þess háttar. Í sömu grein er gert ráð fyrir, að sjómenn á fiskiskipum fái til frádráttar frá tekjum sínum til skatts 600 kr. á mánuði vegna hlífðarfatakostnaðar í stað 200—300 kr. frádráttar, sem er í núgildandi skattalögum.

2. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir, að sjómenn á íslenzkum fiskiskipum njóti þeirra fríðinda að mega draga ⅓ hluta af sjómannskaupi sínu frá brúttótekjum fram töldum til skatts. Ákvæði þetta mun, ef að lögum yrði, létta talsvert skattgreiðslur hlutaðeigandi manna.

Meginástæðan til þess, að rétt þykir að veita fiskimönnum skattaívilnun fram yfir aðra, er, að reynslan sýnir, að verra hefur verið að fá menn til þeirra starfa en flestra annarra.

Því verður ekki neitað, að tekjur sjómanna, sem oft og tíðum verða að dveljast langan tíma fjarri heimilum sínum, reynast ódrýgri en tekjur þeirra, sem vinna heima hjá sér og geta notað frístundir sínar til fyrirgreiðslu og umönnunar við heimili sín. Sjómaðurinn verður oft að kaupa heimili sínu aðstoð í fjarveru sinni fram yfir þá menn, sem geta stundað vinnu sína heima og sinnt slíku sjálfir án sérstakra útgjalda.

Á síðari árum hefur sífellt borið meira á því, að erfitt væri að fá menn til starfa á fiskiskipum. Kaup fiskimanna hefur, að minnsta kosti til skamms tíma, ekki þótt sérstaklega eftirsóknarvert og starfsskilyrði þeirra venjulega lakari en í landi. Auk þess fylgir allri sjósókn mikil slysahætta fram yfir flesta eða alla aðra vinnu.

Skortur á dugandi sjómönnum er þegar mikið áhyggjuefni þeirra manna, sem annast rekstur fiskiskipa, enda þjóðarvoði fyrir dyrum, ef ekki fást nægjanlega margir og ötulir sjómenn á fiskiskipastól landsmanna. Skattfríðindi, sem veitt yrðu fiskimönnum, ættu að vera einn þáttur í því að örva menn til starfa á fiskiskipum, enda er sjósókn íslenzku þjóðinni lífsnauðsyn.

Á þessu ári hefur töluvert áunnizt í þá átt að bæta kjör íslenzkra fiskimanna, bæði á fiskibátum og nú nýverið á togurum. Þó er ljóst, að þær hagsbætur, sem

sjómenn hafa fengið, eru ekki fullnægjandi og ekki í samræmi við hinn langa og erfiða vinnudag, sem þeir vinna við störf sín á hafi úti.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, er einn þáttur í því að bæta kjör fiskimannanna. Flm. er ljóst, að ýmislegt fleira þarf að gera til að bæta kjör íslenzkra fiskimanna en felst í þessu frumvarpi, svo að hægt sé að snúa við á þeirri óheillabraut undanfarinna ára, að fleiri og fleiri menn flýi frá framleiðslustörfum þjóðarinnar, og þá einkum fiskveiðunum, til óarðbærrar og sumpart óþjóðhollrar vinnu í landi. Íslenzkir fiskimenn eru margfalt afkastameiri við veiðiskap en stéttarbræður þeirra í öðrum löndum, sem stunda fiskveiðar í norðurhöfum. Það er því mikið alvörumál fyrir íslenzku þjóðina, ef kjarni okkar dugmiklu sjómannastéttar telur sig neyddan til að leita frá fiskveiðistörfum til tekjumeiri starfa í landi.

Skattfríðindi þau, sem frumvarp þetta hefur inni að halda til handa sjómönnum á fiskiskipaflotanum, eru aðeins smávíðurkenning til handa fiskimönnum okkar á hinu þýðingarmikla starfi þeirra og ættu að geta stuðlað að því, að dugandi menn sæju sér hag í því að gera sjómennsku að lífsstarfi sínu.

Að lokum leyfum við okkur að benda á, að samninganefndir beggja aðila við síðustu togarasamninga komu sér saman um sameiginlega yfirlýsingu um aukin skattfríðindi til handa togarasjómönnum, þar sem báðir aðilar lofuðu að vinna að því, að slík skattfríðindi nái fram að ganga.

Sþ. 22. Tillaga til þingsályktunar [22. mál]

um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara skjóta athugun á því, hvernig komið verði í veg fyrir, að vélbátaútgerð og fiskiðnaður á Vestfjörðum bíði áframhaldandi tjón af vaxandi rányrkju vestfirzkra fiskimiða vegna stóraukinnar ásóknar botnvörpuskipa.

Til þess að gera tillögur um ráðstafanir í þessu skyni skal ríkisstjórnin skipa 5 manna nefnd, þrjá eftir tilnefningu sýslunefndar Ísafjarðarsýslu og Vestur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tilnefningu bæjarstjórnar Ísafjarðar og einn án tilnefningar. Skal hann vera formaður nefndarinnar.

Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað áliti til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. marz 1955.

Greinargerð.

Síðan Faxaflóa og öðrum meiri háttar flóum og fjörðum var lokað fyrir botnvörpuveiði, hefur fiskigengd á þær slóðir aukizt verulega. Af því hefur leitt bætta aðstöðu og afkomu sjómanna. Sérstaklega á þetta við um sjómenn við Faxaflóa. Þeir höfðu orðið fyrir stórfelldu tjóni af völdum botnvörpuveiðanna. Aflinn á hinum fiskisælu miðum flóans fór stöðugt þverrandi og hlutirnir lækkandi. Er það margrakin saga, sem óþarfi er að rifja upp hér.

Það er þess vegna mjög ánægjulegt, að friðun Faxaflóa fyrir togveiðum skuli þegar í stað hafa fært sjómönnum og útgerðarmönnum þessa landshluta mjög aukið aflamagn og hækkaða hluti.

En því miður hefur lokun flóanna hér suðvestanlands haft í för með sér mikið tjón fyrir sjómenn og útvegsmenn í öðrum landshluta. Af henni hefur það leitt, að togaraflotinn hefur í stórauknum mæli leitað á hin fiskisælu mið fyrir norðanverðum Vestfjörðum. Afleiðing þess hefur svo aftur orðið sú, að mjög hefur dregið úr fiskigöngum upp á grunnmið þau, sem vélbátafloti Vestfirðinga sækir aðallega á. Hinn

gífurlegi fjöldi innlendra og þó fyrst og fremst erlendra togara hefur beinlínis myndað vegg úti fyrir Vestfjörðum. Á honum hafa svo fiskigöngurnar upp á grunnmiðin strandað.

Á þessum slóðum hafa fiskveiðitakmörkin víðast hvar aðeins verið færð út um eina sjómílu. Að þeirri ráðstöfun hefur, eins og að líkum lætur, ekki orðið það gagn sem skyldi.

Gagnvart Vestfirðingum horfir því málið þannig við, að í stað þess að verstöðvarnar á suðvesturlandi hafa haft stórkostlegt hagræði af friðunarráðstöfunum, þá hafa þær haft enn aukna rányrkju í för með sér á miðunum fyrir Vestfjörðum. Af því hefur svo leitt efnahagsleg áföll fyrir sjómenn og útvegsmenn í þessum landshluta.

Auðsætt er, að gera verður sérstakar ráðstafanir til þess að hindra hrun atvinnulífsins á Vestfjörðum af völdum rányrkjunnar. Til þess eru ýmsar leiðir. Sú þeirra, sem ætti að liggja beinast við, frekari útfærsla fiskveiðitakmarkanna, virðist þó lítt fær í bili. Að henni hlýtur þó að vera stefnt. En ýmisleg fyrirgreiðsla við vestfirzka útgerð, svo sem öflun stærri og fullkomnari skipa, bætt skilyrði til þess að taka á móti fiski af togurum með aukningu fiskiðnaðarins og fleiri skyldar ráðstafanir, mundi geta orðið að verulegu gagni og létt sjómönnum og útvegsmönnum baráttu þeirra gegn rányrkjunni.

Þessar ráðstafanir verður að gera. Það er ekki hægt að reka hinn erlenda togaraflota í túnið hjá vestfirzkum sjómönnum, ef svo mætti að orði komast, án þess að veita þeim nokkra liðsemd vegna þeirra erfiðleika, sem af því leiðir fyrir þá og allt atvinnulíf á Vestfjörðum.

Með tillögu þessari er lagt til, að ríkisstjórnin láti í samráði við sýslu- og bæjarfélög á Vestfjörðum fara fram skjóta rannsókn á því, hvernig við skuli brugðið í þessum málum. Að slíkri athugun lokinni kæmi það síðan í hlut þings og stjórnar að gera nauðsynlegar ráðstafanir. En mikið veltur á, að þær dragist ekki um of. Hér er um að ræða mikið vandamál heils landshluta, sem lagt hefur fram drjúgan skerf til framleiðslustarfsemi þjóðarinnar á liðnum tíma. Það verður a. m. k. að gera tilraun til þess að leysa það.

Nd. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 16 26. febr. 1943, um orlof.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

B-liður 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

Í stað 1. og 2. málsgr. 3. gr. laganna kemur:

Sérhver sá, sem lög þessi ná til, hefur rétt og skyldu til orlofs í þrjá virka daga fyrir hverja tvo almanaksmánuði, sem hann hefur unnið næsta orlofsár á undan, og hlutfallslega fyrir skemmri tíma.

Orlofsár merkir í lögum þessum tímabilið frá 15. maí til 14. maí næsta ár á eftir.

Í þessu sambandi telst einn þriðji hluti úr mánuði eða meira sem tveir þriðju úr mánuði, en skemmri tími er ekki talinn með.

3. gr.

Í stað orðanna „4% — fjóra af hundraði“ í 4. gr. laganna kemur: 6% — sex af hundraði.

4. gr.

Aftan við lögin komi svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Ríkisstjórnin skal undirbúa tillögur að endurbættu og föstu skipulagi ódýrra og hentugra orlofsferða innanlands og til útlanda með það fyrir augum, að almenningur geti notfært sér þær. Ríkisstjórnin leggi þessar tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta Alþingi, en dagaði þá uppi, eftir að hv. heilbrigðis- og félagsmálanefnd hafði klofnað í afstöðunni til þess. Minni hluti nefndarinnar (GÞG) lagði til, að frv. yrði samþykkt.

Á Alþingi 1952 fluttu þrír af þingmönnum Alþýðuflokksins þingsályktunartillögu um endurskoðun orlofslöggjafarinnar frá 26. febr. 1943, m. a. með það fyrir augum að lengja orlofsréttinn úr tveim vikum í þrjár. Enn fremur var í tillögunni gert ráð fyrir athugun á hentugum og ódýrum orlofsferðum innanlands og utan. Þingsályktunartillaga þessi hlaut ekki afgreiðslu þingsins, og ber að harma það, að slík rannsókn skyldi ekki fara fram.

Flutningsmaður þessa frumvarps telur það höfuðnauðsyn:

1) að orlofsrétturinn verði aukinn úr tveim vikum í þrjár;

2) að b-liður 1. gr. laganna verði felldur niður, en þar er gert ráð fyrir, að hlutarsjómenn njóti ekki að fullu þeirra hlunninda, sem lögin veita öðrum launþegum.

Nú hafa þessi mál skipazt þannig við lausn hinnar langvinnu vinnudeilu í desember 1952, að í samkomulagi milli verkalýðsfélaganna og vinnuveitenda var fallizt á hækkun orlofsfjár og lengingu á orlofsrétti launþega úr 4% — fjórum af hundraði — í 5% — fimm af hundraði. Þrátt fyrir þennan árangur er vitað af samþykktum fjölmargra verkalýðsfélaga, að þau muni ekki linna baráttunni fyrir framgangi þessara réttinda sinna fyrr en þeim árangri er náð, sem telja verður eðlilegan og sjálfsagðan með tilliti til þeirrar þróunar, er átt hefur sér stað t. d. á Norðurlöndum, en þar hefur nú víðast verið lengdur orlofsréttur úr tveim vikum í þrjár og tilsvarandi hækkun orlofsfjár.

Fullnægjandi réttindi í lögum þessum telja verkalýðsfélögin ekki tryggð fyrr en í fyrsta lagi orlofsrétturinn hefur verið hækkaður samkv. frv. þessu og í öðru lagi jafnframt tryggt, að þessi mál verði ekki samningsatriði milli vinnuþega og vinnuveitenda hverju sinni, heldur verði gerðar tilsvarandi breytingar á orlofslöggjöfinni, og þá jafnframt í þriðja lagi, að lögin nái til allra launþega.

Það er því í senn eðlileg og sjálfsögð þróun þessara mála í nágrannalöndunum og sanngirniskröfur launþegasamtakanna, sem gera það nauðsynlegt, að Alþingi samþykki frumvarp þetta, um leið og komizt yrði hjá frekari deilum en orðið er um þetta réttlætismál. Það má og ljóst vera, að framantaldar breytingar eru ekki einhlítar til úrbóta í þessum málum. Með það í huga er 4. gr. frv. sett hér og bráðabirgðaákvæði hennar um, að athugaðir verði möguleikar á, að almenningur geti hagnýtt sér orlofsféð og hvíldartímann á sem heilladrýgstan hátt.

Nd. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Flm.: Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Með félagsheimilum er í lögum þessum átt við samkomuhús, sem ungmennafélög, verkalýðsfélög, íþróttafélög, lestrarfélög, bindindisfélög, skátafélög, kvenfélög og hvers konar önnur menningarfélög, sem standa almenningi opin án tillits til stjórnmálaskoðana, eiga og nota til fundarhalda eða annarrar félagsstarfsemi. Sama gildir um samkomuhús sveitarfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, komst í nefnd, en var fellt við 2. umr.

Allir þeir, sem fylgzt hafa með framvindu félagsmála almennt hér á landi s. l. áratugi, hljóta að viðurkenna, að áhrifamestu samtök almennings eru stéttarfélögin og þá jafnframt þau fjölmennustu og telja nú yfir 26000 félaga. Allt frá stofnun fyrstu verkalýðsfélaganna um og eftir aldamótin síðustu hefur skortur á viðunanlegu húsnæði mjög háð eðlilegri og ákjósanlegri starfsemi þeirra. Á seinni árum hefur þó nokkuð úr þessu rætzt hjá fjölmennustu félögunum, en allur þorri stéttarfélaga býr þó við þröngan og alls ófullnægjandi húsakost til fundarhalda og hvers konar fræðslustarfsemi, sem samtökunum er brýn nauðsyn á, að starfrækt sé. Að sjálfsögðu eru stéttarfélögin fyrst og fremst hagsmunasamtök, en jafnframt fræðslu- og menningarsamtök þess fólks, sem myndar þau, og þegar litið er yfir sögu þessara samtaka, ber ef til vill hæst hinn menningarlegi árangur af starfi þeirra. Hinn mikli skortur húsnæðis þessara félaga stafar ekki hvað sízt af fjárskorti til slíkra framkvæmda.

Sú breyting, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, er í því fólgin, að ríkisvaldið komi til móts við stéttarfélögin á sama hátt og hin virðingarverðu félög, sem um getur í lögunum, og er því einungis krafa um, að þau njóti sama réttar til lausnar þessum vanda sínum og önnur samtök almennings. Með samþykkt þessa frumvarps eru opnaðir möguleikar fyrir lausn þessa vandamáls, t. d. með því, að hin smærri félög myndi með sér samtök til lausnar húsnæðisvandræðum sínum með tilstyrk þess opinbera.

Ed. 25. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [25. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. *Álafosshérað:* Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur á Álafossi.

3. *Akraneshérað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. *Kleppjárnsreykjahérað:* Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. *Borgarneshérað:* Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. *Ólafsvíkurhérað:* Breiðuvíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. *Stykkishólmshérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. *Búðardalshérað:* Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur, Múlahreppur og Barðastrandarhreppur. Læknissetur í Flatey;
11. *Patreksfjarðarhérað:* Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Tálknafjarðarhreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
12. *Bíldudalshérað:* Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bíldudal;
13. *Þingeyrarhérað:* Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
14. *Flateyrarhérað:* Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
15. *Bolungarvíkurhérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
16. *Ísafjarðarhérað:* Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. *Djúpavíkurhérað:* Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík;
19. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík;
20. *Hvammstangahérað:* Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
21. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
22. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;

24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;

25. *Siglufjarðarhérað:* Siglufjarðarkaupstaður og Grímseyjarhreppur. Læknissetur á Siglufirði;

26. *Ólafsfjarðarhérað:* Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;

27. *Dalvíkurhérað:* Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;

28. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur og Öngulsstaðahreppur. Læknissetur á Akureyri;

29. *Grenivíkurhérað:* Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;

30. *Breiðumýrarhérað:* Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;

31. *Húsavíkurhérað:* Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;

32. *Kópaskershérað:* Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Kópaskeri;

33. *Þórshafnarhérað:* Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;

34. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;

35. *Norður-Egilsstaðahérað:* Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi.

36. *Austur-Egilsstaðahérað:* Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi.

37. *Bakkagerðishérað:* Hjaltastaðahreppur, Borgarfjarðarhreppur og Loðmundarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi;

38. *Seyðisfjarðarhérað:* Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður. Læknissetur á Seyðisfirði;

39. *Neshérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;

40. *Eskifjarðarhérað:* Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur. Læknissetur á Eskifirði;

41. *Búðahérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi;

42. *Djúpavogshérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshrepur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;

43. *Hafnarhérað:* Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;

44. *Kirkjubæjarhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallarhreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;

45. *Víkurhérað:* Hvammshreppur og Dyrhólahreppur. Læknissetur í Vík;

46. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;

47. *Hvolshérað:* Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur, Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli;
48. *Helluhérað:* Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Hellu;
49. *Laugaráshérað*: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
50. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
51. *Eyrarbakkahérað:* Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
52. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
53. *Keflavíkurhérað:* Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
54. *Hafnarfjarðarhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði.
55. *Kópavogshérað:* Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Rauðseyja og Rúfeyja til Flateyjar; aðrir íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Flateyjarhérað: íbúar Barðastrandarhrepps vestan Vatnsdalsár til Patreksfjarðar;
3. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Hólmavíkurhérað: íbúar Kaldrananeshrepps norðan Kallbakskleifar til Djúpavíkur;
8. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
9. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur;
10. Grenivíkurhérað: íbúar Svalbarðsstrandarhrepps og Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
11. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
12. Bakkagerðishérað: íbúar Hjaltastaðahrepps til Egilsstaða og íbúar Loðmundarfjarðarhrepps til Seyðisfjarðar;
13. Búðahérað: íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps norðan Reyðarfjalls til Eskifjarðar;
14. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur.
15. Hvolshérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Víkur;
16. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólfshvols.

3. gr.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslækni að sitja um stundarsakir annars staðar en á lögskipuðu læknissetri.

4. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna í öll þau læknishéruð, sem talin eru í 1. gr., önnur en Reykjavíkurhérað.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af bæjarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt launalögum. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr bæjarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

5. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði laun handa allt að sex aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem eru ekki starfandi læknar aðrir en héraðslæknir, svo og í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem héraðslæknir gegnir umfangsmiklum embættisstörfum öðrum en lækningum. Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér slíka aðstoðarlækna í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra. Um laun aðstoðarlækna fer eftir ákvæðum launalaga.

Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna. Ráðherra er þó heimilt að undanþiggja aðstoðarlækna héraðslækna í einstökum héruðum slíkri kvöð.

Nú hefur læknir gegnt aðstoðarlæknisstarfi í sama héraði fimm ár eða lengur, og er þá ráðherra heimilt að skipa hann fastan aðstoðarlækni í því héraði.

Ef héraðslæknir forfallast frá störfum fyrir slysfarir, vanheilsu eða annað um stundarsakir, en þó lengur en svo, að henta þyki, að aðstoðarlæknir, ráðinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gerist staðgöngumaður hans, eða sé um að ræða héraðslækni í héraði, sem á ekki rétt á slíkum aðstoðarlækni, er ráðherra heimilt að skipa héraðslækninum staðgöngumann, er gegni héraðinu á eigin ábyrgð, og greiða úr ríkissjóði laun hans, er nemi héraðslæknislaunum í hlutaðeigandi héraði. Þessara hlunninda njóta einkum héraðslæknar, er lengi hafa gegnt embætti. Ákvæði þetta tekur einnig til annarra embættislækna en héraðslækna.

6. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum, þar sem eru fjölmenn afskekkt þorp eða byggðir, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis að sækja, enda sitji þá hjúkrunarkonur þessar í þeim þorpum eða byggðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Miða skal við það, að héraðshjúkrunarkonur taki laun sem aðstoðarhjúkrunarkonur samkvæmt ákvæðum launalaga.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

7. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

8. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna víðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Bæjarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

9. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans, eftir því sem um semur milli hans og hlutaðeigandi héraðslæknis (lyfsala) í samráði við landlækni. Náist ekki samkomulag, sker ráðherra úr. Telji ráðherra eftir atvikum eðlilegt, vegna nauðsynjar þeirra, sem viðskipti eiga við hinn starfandi lækni, að hann hafi sjálfur á hendi lyfjasölu, er ráðherra heimilt að úrskurða, að svo skuli vera, og er þá héraðslækni (lyfsala) skylt að una því bótalaust.

10. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir svarlegum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna, er ráðherra setur.

11. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, ásamt öllum lögum um breytingar á þeim lögum, sem síðan hafa verið sett og enn eru í gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp um læknaskipun landsins í heild lá fyrir síðasta Alþingi, en náði ekki afgreiðslu þingsins. Frumvarp þetta er samhljóða nefndu frumvarpi að öðru leyti en því, er hér greinir:

1. Í stað Kópavogshéraðs, sem skyldi ná yfir núverandi Álafosshérað og Kópavogshrepp, er nú gert ráð fyrir, að Álafosshérað haldist óbreytt, en stofnað verði nýtt hérað, Kópavogshérað, er taki aðeins yfir Kópavogshrepp.
2. Hin nýja skipun, sem gerð var á Egilsstaðahéraði á síðasta Alþingi, er tekin upp í þetta frumvarp. Vegna hins nýstofnaða Höfðahéraðs þurfti engar breytingar að gera á hinu upphaflega frumvarpi, með því að það hafði að geyma ákvæði um stofnun þess.
3. Í Rangárvallasýslu er nú gert ráð fyrir tveimur héruðum, Hvolshéraði og Helluhéraði, þannig, að Eystri-Rangá skipti aðallega héruðum. Jafnframt er gert ráð fyrir, að Austur-Eyjafjallahreppur falli undan Víkurhéraði og til Hvolshéraðs, þó þannig, að hreppsbúar eigi eftir sem áður tilkall til læknisþjónustu frá Vík. 6 bæjum í Rangárvallahreppi, sunnan Þverár, er og geymdur réttur til læknisþjónustu frá Stórólfshvoli, þó að hreppurinn í heild teljist til Helluhéraðs.

Að öðru leyti vísast til greinargerðar, sem fylgdi frumvarpinu, er það var lagt fyrir síðasta Alþingi.

Ed. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um náttúruvernd.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

I. KAFLI
Umtak náttúruverndar.

A. Um friðlýsingu.

1. gr.

Heimilt er að friðlýsa samkvæmt ákvæðum laga þessara:

a. Sérstæðar náttúrumyndanir, svo sem fossa, gígi, hella, dranga, svo og fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda, ef telja verður mikilvægt að varðveita þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess, að þær séu fagrar eða sérkennilegar. Náttúrumyndanir, sem friðlýstar eru samkvæmt þessu ákvæði, nefnast náttúruvætti.
b. Jurtir eða dýr, sem miklu skiptir frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði, að ekki sé raskað, fækkað eða útrýmt. Friðunin getur ýmist verið staðbundin eða tekið til landsins alls.
c. Landsvæði, sem mikilvægt er að varðveita sakir sérstæðs gróðurfars eða dýralífs. Svæði þau, sem friðlýst eru samkvæmt þessum lið, eru nefnd friðlönd.
d. Heimilt er að friðlýsa landsvæði, sem eru ríkiseign og sérstæð eru um landslag, gróðurfar eða dýralíf, í því skyni að varðveita þau með náttúrufari sínu, og leyfa almenningi aðgang að þeim. Enn fremur er heimilt að taka lönd manna eignarnámi í þessu skyni. Svæði, sem friðlýst er samkvæmt þessum lið, eru nefnd þjóðvangar (þjóðgarðar).

B. Um náttúruspjöll og náttúrulýti.

2. gr.

Nú veldur fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask utan kaupstaða og kauptúna hættu á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt, og er þá skylt að leita álits náttúruverndarráðs, áður en framkvæmdir hefjast. Þetta tekur þó hvorki til íbúðarhúsa né annarra jarðarhúsa, sem reist eru á jörðum. Ef vanrækt er að leita álits ráðsins, getur lögreglustjóri komið í veg fyrir, að fyrirhugað verk sé hafið, eða varnað því, að verki, sem hafið er, verði haldið áfram. Náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð geta lagt fyrir rétta aðilja að gæta sérstakrar varúðar, þegar svo hagar til sem í 1. málslið segir, eða hlutast til um ráðstafanir, sem komi í veg fyrir óþarfa spjöll. Fyrirmæli náttúruverndarnefnda skal bera undir náttúruverndarráð, sbr. 12. gr.

Nú er sérstök hætta á því, að sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum sé raskað með sandnámi, grjótnámi eða annars konar jarðnámi, og geta náttúruverndarnefndir þá lagt bann við slíku jarðraski eða áskilið, að leyfis þeirra sé leitað hverju sinni til jarðnámsins. Slíkra úrræða má og neyta, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af jarðraski. Skjóta má úrlausn náttúruverndarnefndar til náttúruverndarráðs innan tveggja mánaða frá því, er úrskurðurinn var birtur almenningi í B-deild Stjórnartíðinda, á náttúruverndarskrá. Áfrýjun úrskurðar frestar ekki réttaráhrifum hans.

Nú hefur jarðrask orðið við mannvirkjagerð eða á annan hátt af mannavöldum, og frá því hefur ekki verið gengið á snyrtilegan hátt. Skulu náttúruverndarnefndir þá beina tilmælum um úrbætur til þeirra, sem ábyrgð bera á jarðraski. Ef tilmælum nefnda er ekki sinnt, geta þær lagt fyrir rétta aðilja að bæta um innan tiltekins frests, að viðlögðum dagsektum samkv. 33. gr. Skjóta má fyrirmælum náttúruverndarnefnda til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er fyrirmæli nefnda voru birt aðilja.

3. gr.

Þegar menn eru staddir úti í náttúrunni, ber þeim að sýna varúð, svo að náttúru landsins sé ekki spillt að þarflausu. Spjöll á náttúru landsins, sem framin eru með ólögmætum hætti af ásetningi eða gáleysi, varða refsingu samkv. 33. gr.

Á víðavangi er bannað að skilja eftir rusl, sem er til óprýði eða hættu.

Rétt er að láta hreinsa rusl á kostnað þess, sem sannur er að broti á þessu fyrirmæli.

4. gr.

Óheimilt er að setja upp auglýsingaspjöld utan kaupstaða eða kauptúna án leyfis náttúruverndarnefndar, festa þar upp auglýsingu eða letra auglýsingu á mannvirki, sem þar eru. Þó er heimilt að setja eða letra auglýsingu um atvinnurekstur eða þjónustu á eign, þar sem slík starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Lögreglumönnum er rétt að nema brott auglýsingu, sem sett er andstætt banni þessu, á kostnað hins brotlega, ef því er að skipta. Ekki þarf að bera leyfi, er náttúruverndarnefnd veitir samkvæmt málsgrein þessari, undir náttúruverndarráð.

Með auglýsingu í ákvæði þessu er átt við þær auglýsingar einar saman, sem lúta að kaupskap, þjónustu eða öðrum viðskiptum („reklame“). Auglýsingar um mannfundi innan sveitarfélags eru leyfilegar, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. Taka skal þær niður eða má þær, þegar er mannfundur hefur verið haldinn.

Nú er auglýsing, sem ekki brýtur í bága við ákvæði greinar þessarar, til óprýði að mati náttúruverndarnefndar eða náttúruverndarráðs, og má þá leggja fyrir aðilja að taka hana niður eða breyta henni. Heimilt er að bæta aðilja beinan kostnað, sem hann sætir vegna þessa, af almannafé (sbr. 28. gr.).

Hvers konar áletranir á náttúrumyndanir eru óheimilar.

Á landsvæðum utan kaupstaða og kauptúna er óheimilt að hafa uppi áróðursspjöld eða áletranir, sem fela í sér áróður.

C. Innflutningur dýra.

5. gr.

Áður en leyfi er veitt til innflutnings á lifandi dýrum, skal leita umsagnar náttúruverndarráðs.

II. KAFLI

Um aðgang almennings að náttúru landsins.

6. gr.

Almenningi er heimil för um landsvæði utan landareigna lögbýla, svo og dvöl á þessum svæðum í lögmætum tilgangi.

Gangandi fólki er heimil för um óræktuð lönd manna utan þéttbýlis og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi dvöl manna þar ekki í för með sér mikið óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landinu. Nú hlýzt óvenjulegt tjón af dvöl manna á landinu, og skal þá greiða rétthöfum fullar bætur fyrir tjónið eftir virðingu náttúruverndarnefndar. Skjóta má úrlausn náttúruverndarnefndar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt reglum 18. gr.

För um ræktuð landsvæði er háð leyfi forráðamanns lands, svo og dvöl þar.

7. gr.

Á ræktuðum landsvæðum er berjatínsla óheimil án leyfis þess, er fyrir landi ræður.

Almenningi er heimilt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðum landsvæðum, er teljast til landareigna lögbýla, til neyzlu á vettvangi. Ef ber eru lesin í öðru skyni, þarf leyfi þess, er fyrir landi ræður.

Öllum er heimil berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla.

Heimilt er fyrir tilstuðlan náttúruverndarnefnda eða náttúruverndarráðs að veita almenningi kost á berjatínslu á tilteknum landsvæðum gegn fullu endurgjaldi, sem náttúruverndarnefndir ákveða, ef samkomulag næst ekki um gjaldið. Skjóta má úrlausn náttúruverndarnefndar um fébætur til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, samkvæmt reglum 18. gr. Landeigendum er skylt að hlíta kvöðum þessum, en þess skal jafnan gætt, að eigendur sjálfir eða ábúendur jarðar geti fullnægt þörf sinni á berjum.

Náttúruverndarnefndum er heimilt að kveða á um hámark fégjalds, sem forráðamaður lands má áskilja fyrir leyfi til berjatínslu, samkv. 1. og 2. mgr. Skjóta má ákvörðun náttúruverndarnefndar til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er aðilja var birt úrlausn nefndar.

Náttúruverndarráði er heimilt að leggja bann við notkun tækja eða verkfæra við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri.

8. gr.

Heimilt er að friða landsvæði og gera þau að fólkvöngum (almenningssvæðum), ef telja má, að þau séu vel fallin til að veita almenningi færi á að njóta náttúrunnar. Heimild þessi tekur einnig til kaupstaða og kauptúna. Taka má land eignarnámi (leigunámi) í þessu skyni, ef samningar takast ekki við rétta aðilja.

Náttúruverndarnefndir og sveitarstjórnir eða sýslunefndir eftir atvikum taka ákvörðun um það í sameiningu, hvort neyta skuli heimildar 1. mgr., en bæjarstjórnir einar saman í kaupstöðum. Ákvarðanir náttúruverndarnefnda um þetta efni þarf ekki að bera undir náttúruverndarráð.

III. KAFLI
Stjórn náttúruverndarmála.

9. gr.

Í hverju sýslufélagi skal skipa þriggja manna náttúruverndarnefnd. Sýslumaður er formaður nefndarinnar. Sýslunefnd kýs hina nefndarmennina, tvo til fjögurra ára í senn og jafnmarga varamenn. Leitazt skal við að kjósa þá menn til starfa þessara, sem kunnir eru að áhuga og þekkingu á náttúruvernd. Mönnum er skylt að taka kosningu í náttúruverndarnefnd.

Nú gegnir sýslumaður tveimur sýslum, og er hann þá formaður náttúruverndarnefndar í því sýslufélagi, sem hann býr í, eða í því sýslufélagi, sem nær er aðsetri hans, ef hann býr í kaupstað. Nú er sýslumanni óhægt að gegna formennsku í náttúruverndarnefnd í hinu sýslufélaginu vegna samgönguörðugleika, og getur hann þá færzt undan því. Skal hann segja til um þetta við Menntamálaráðuneyti í upphafi kjörtímabils náttúruverndarnefnda. Hlutast ráðuneytið þá til um, að sýslunefnd í þeirri sýslu, sem um er að ræða, kjósi 3 menn í náttúruverndarnefnd og jafnmarga til vara. Skulu formaður og varaformaður kjörnir sérstaklega.

Nú telur náttúruverndarráð, að þörf sé á náttúruverndarnefnd í tilteknum kaupstað, og hlutast þá Menntamálaráðuneyti til um, að slík nefnd sé skipuð. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur er bæjarfógeti formaður náttúruverndarnefnda, en bæjarstjórn kýs tvo nefndarmenn og tvo til vara til fjögurra ára í senn. Í Reykjavík kýs bæjarstjórn alla nefndarmennina, þrjá talsins, og jafnmarga varamenn til fjögurra ára í senn, og skulu formaður og varaformaður kjörnir sérstaklega.

10. gr.

Menntamálaráðherra skipar náttúruverndarráð með aðsetri í Reykjavík til fjögurra ára í senn. Er það skipað sjö mönnum, forstöðumönnum þriggja deilda Náttúrugripasafnsins, einum manni með sérþekkingu á búnaðarmálum, samkvæmt tillögu Búnaðarfélags Íslands, einum manni, sem Ferðafélag Íslands nefnir til, einum verkfræðingi, samkvæmt tillögu Verkfræðingafélags Íslands, og einum embættisgengum lögfræðingi, er menntamálaráðherra skipar, án tilnefningar, og er hann formaður ráðsins.

Þrjá varamenn skal skipa samkvæmt tilnefningu framangreindra félagasamtaka; varaformaður, sem skal vera embættisgengur lögfræðingur, er skipaður án tilnefningar, og enn er menntamálaráðherra rétt að skipa þrjá náttúrufræðinga varamenn forstöðumanna Náttúrugripasafnsins.

Nú varðar náttúruverndarmál, sem náttúruverndarráð fjallar um, að einhverju leyti landsvæði eða náttúrumyndanir, sem hafa fornfræðilegt gildi, og skal þjóðminjavörður þá sitja fundi ráðsins eftir kvaðningu formanns þess.

Náttúruverndarráði er heimilt að kveðja sérfræðinga á fundi ráðsins til ráðuneytis, svo sem skógræktarstjóra, skipulagsstjóra ríkisins, vegamálastjóra og raforkumálastjóra.

11. gr.

Menntamálaráðuneyti hefur yfirstjórn náttúruverndarmála.

IV. KAFLI
Úrlausn og meðferð náttúruverndarmála.

a. Úrlausn náttúruverndarmála.

12. gr.

Náttúruverndarnefndir leysa úr efnum þeim, er ráða þarf til lykta samkvæmt lögum þessum, nema úrlausn máls sé falin öðrum aðilja, sbr. 2. gr. 1. mgr. 1. málslið, 5. gr., 7. gr. 6. málsgr. og 27. gr. 4. málsgr.

Úrlausnir náttúruverndarnefnda um önnur efni en ákvörðun fébóta skulu bornar undir náttúruverndarráð, nema annars sé getið, sbr. 4. gr. 1. málsgr., 8. gr., 15. gr. 4. málsgr. og 33. gr. 6. málsgr., svo og 2. gr. 2. og 3. málsgr. og 7. gr. 5. málsgr., þar sem mælt er fyrir um áfrýjun úrskurða til náttúruverndarráðs. Þær úrlausnir, sem skylt er eða heimilt að bera undir náttúruverndarráð, öðlast fullnaðargildi, er ráðið staðfestir þær, sbr. þó 3. málsgr. Málskot frestar ekki áhrifum úrskurðar, en bíða skal með beinar framkvæmdir, unz sýnt er, hvort úrskurður hlýtur staðfestingu.

Ákvörðun náttúruverndarráðs um friðlýsingu samkvæmt c- og d-lið 1. gr. kemur ekki til framkvæmda, fyrr en Menntamálaráðuneyti hefur lagt samþykki sitt á hana. Sama gildir endranær, ef fébætur vegna náttúruverndaraðgerða nema 20 þúsund krónum eða hærri fjárhæð.

13. gr.

Nú varðar náttúruverndarmál náttúruminjar, sem eru í fleiri en einu lögsagnarumdæmi, og kveður Menntamálaráðuneyti þá á um, hvaða náttúruverndarnefnd leysa skuli úr máli. Sama er, ef óljóst er, í hvaða sýslufélagi náttúruminjar séu.

b. Meðferð náttúruverndarmála fyrir náttúruverndarnefndum.

14. gr.

Formaður náttúruverndarnefndar kveður nefndina til fundar, svo fljótt sem unnt er, eftir að honum hefur borizt beiðni um það frá Menntamálaráðuneyti, náttúruverndarráði, sýslunefnd, sveitarstjórn eða landeiganda, sem óskar náttúruverndaraðgerða á landi sínu. Auk þess getur nefndin komið saman að frumkvæði einhvers nefndarmanna.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar.

Nefndinni er rétt að fara á stað þann, sem mál varðar, og kveðja aðilja á vettvang.

Gerðir nefndar og úrskurðir skulu færðir til bókar, sem formaður löggildir. Nefnd er ályktunarfær, þegar tveir nefndarmenn eru á fundi, enda sé annar þeirra formaður nefndar. Þegar leysa skal úr máli með úrskurði, skal nefnd þó vera fullskipuð. Afl atkvæða ræður úrslitum.

15. gr.

Nú er stofnað til máls fyrir náttúruverndarnefnd, og skal formaður nefndar þá kveðja eigendur og aðra rétthafa eignar þeirrar, er mál varðar, fyrir nefndina og veita þeim kost á að gæta hagsmuna sinna. Kvaðningu þessa skal senda í ábyrgðarbréfi eða koma henni á framfæri á annan jafntryggilegan hátt. Enn fremur skal formaður tilkynna þeim, sem frumkvæði á að fyrirtöku máls, um frumfund nefndar. Um síðari fundi nefndar þarf ekki að tilkynna með fyrrgreindum hætti, nema máli sé frestað um óákveðinn tíma.

Aðiljar eða fyrirsvarsmenn þeirra, sem sækja fundi nefndarinnar, eiga kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um sakarefnið, hafa uppi kröfur og rökstyðja þær. Þeim, sem fengið hafa kvaðningu um að sækja fund og ekki hafa sótt hann, er og heimilt að senda skriflegar greinargerðir um málið, enda berist greinargerðir svo tímanlega, að það tefji ekki störf nefndarinnar.

Nú horfir náttúruverndarmál að því að friðlýsa landsvæði, og skal formaður þá hlutast til um, að takmörk landsvæðis séu mörkuð skýrlega á uppdrátt, ef unnt er.

Náttúruverndarnefnd getur lagt fyrir landeigendur eða aðra rétthafa lands á frumfundi með aðiljum eða síðar að hafast ekkert það að, er tálmað geti því, að náttúruverndaraðgerðum þeim, er mál fjallar um, verði hrundið í framkvæmd, ef til kemur. Ákvörðun nefndar þarf ekki að leggja undir náttúruverndarráð. Brot á fyrirmælum nefndar varðar sektum samkvæmt 33. gr.

16. gr.

Náttúruverndarnefnd skal kosta kapps um að ná samkomulagi við eigendur og aðra rétthafa eignar um friðun og önnur efni, sem varða náttúruvernd. Skal reynt eftir föngum að haga samkomulagi svo, að ekki horfi til útgjalda af almannafé. Nú næst samkomulag á þessum grundvelli, og er það þá fært til bókar. Ella verður að ráða máli til lykta með úrskurði.

Ef eigandi og aðrir rétthafar fallast á, að lagt sé haft á eign, svo sem að tiltekinn hluti hennar sé friðaður, án þess að til bótagreiðslu komi, getur formaðurinn einn gert þær ráðstafanir, sem við þarf, til að búa tryggilega um haftið að lögum.

17. gr.

Náttúruverndarnefnd getur ákveðið með úrskurði, að landsvæði eða aðrar náttúruminjar innan umdæmis nefndarinnar skuli friðuð, og mælt fyrir um, hvaða ráðstafanir gera skuli af opinberri hálfu vegna friðunarinnar, þ. á m. að friðlýst landsvæði sé girt eða auðkennt með glöggum mörkum. Enn fremur getur nefndin óheimilað mönnum að reisa mannvirki eða valda annars konar jarðraski á svæði þessu eða í grennd við það, nema með leyfi náttúruverndarnefndar.

Sporna má við umferð um friðuð svæði algerlega eða á vissum hlutum þeirra og á tilteknum árstímum.

Nú verður friðun ekki komið við, nema eigandi láti af hendi land eða muni, og er þá heimilt að taka slíkar eignir eignarnámi, ef samkomulag næst ekki. Fer um það eignarnám eftir almennum reglum.

18. gr.

Nú er náttúrufriðun ráðin með úrskurði náttúruverndarnefndar eða aðrar náttúruverndaraðgerðir, og skal nefndin þá jafnframt kveða á um, hvers eigendur og aðrir rétthafar skuli gæta í sambandi við friðunina. Enn fremur skal nefndin taka afstöðu til þess, hvort gjalda skuli bætur vegna aðgerðanna. Ef bætur skal gjalda, skal nefndin ákveða fjárhæð bóta og taka til, hversu þeim skuli skipt milli eigenda og annarra rétthafa eignar, sem kunna að hafa gert tilkall til bóta. Nú er vafasamt, að dómi nefndarinnar, hvort bætur skuli gjalda eða bótaþátturinn er sérstaklega vandasamur, og er þá heimilt að fresta þeim þætti málsins, þótt náttúruverndaraðgerðir séu ákveðnar með úrskurði, unz sýnt er, hvort náttúruverndarráð muni staðfesta úrskurðinn.

Þegar sérstaklega stendur á, getur náttúruverndarnefnd ákveðið friðun með þeim skildaga, að ekki komi til bótagreiðslu af almannafé, eða með þeim fyrirvara, að bætur séu greiddar innan tiltekins tíma.

Nú unir aðili ekki úrlausn náttúruverndarnefndar um bætur, og er honum þá rétt að beiðast yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, og er úrlausn þeirra fullnaðarúrslit bótamálsins, að því er varðar ákvörðun á fjárhæð bóta. Beiðni um yfirvirðingu skal hafa borizt dómara innan sex vikna frá þeim tíma, er úrlausn náttúruverndarnefndar um fébætur var birt aðilja. Yfirvirðingarmenn ákveða í virðingargerð sinni, hvor aðili eða hverjir gjalda skuli kostnað af yfirvirðingu.

Nú unir aðili ekki úrlausn náttúruverndarnefndar eða yfirvirðingarmanna um bótaskyldu eða bótagrundvöll, og er honum þá heimilt að leita úrlausnar dómstóla um þau efni. Höfða skal dómsmál innan þriggja mánaða frá því, er virðingargerð var lokið, eða frá lokum yfirvirðingargerðar, ef því er að skipta. Nú ónýtist málið, og má þá höfða mál að nýju innan þriggja mánaða frá því, er það ónýttist.

19. gr.

Náttúruverndaraðgerðum má létta með úrskurði náttúruverndarnefndar, ef talið verður, að þeirra sé ekki framar þörf. Úrskurður nefndar öðlast gildi, er náttúruverndarráð hefur staðfest hann, sbr. 12. gr.

Gæta skal reglnanna í 15. gr. eftir því, sem við á, þegar skera skal úr þessum atriðum, svo og 20. gr., að því er birtingu úrskurðar varðar, og 25. og 26. gr.

20. gr.

Úrskurði um friðun eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögum þessum skal birta eiganda og öðrum réttháfum eignar, sem sótt hafa fund nefndar eða sent greinargerð, í ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt. Nú er úrskurður þess efnis, að náttúruverndaraðgerðir skuli ekki fara fram, og skal þá tilkynna sömu aðiljum þau úrslit bréflega.

Endurrit af úrskurði skal senda sýslunefnd og sveitarstjórn eða sveitarstjórnum þar í umdæmi, sem náttúrumyndanir þær eru, er mál varðar. Enn fremur skal senda endurrit þeim aðilja, sem frumkvæði á að málinu.

21. gr.

Formaður náttúruverndarnefndar hlutast til um, að endurrit af úrskurði nefndar sé sent náttúruverndarráði, ásamt gögnum máls, svo fljótt sem föng eru á, enda sé þörf samkvæmt lögum þessum að bera úrskurð undir náttúruverndarráð, eða úrskurði er áfrýjað til ráðsins. Endranær skýrir og formaður nefndar náttúruverndarráði frá ákvörðun nefndar.

c. Meðferð náttúruverndarmáls fyrir náttúruverndarráði.

22. gr.

Formaður náttúruverndarráðs kveður ráðið til fundar og stýrir fundum þess. Ráðið er ályktunarhæft, ef fimm ráðsmenn hið fæsta eru á fundi, og sé einn þeirra formaður eða varaformaður. Afl atkvæða ræður úrslitum. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns (varaformanns).

Gerðir ráðsins, þ. á m. úrskurðir, skulu færðir til bókar, er Menntamálaráðuneyti löggildir. Ráðinu er rétt að veita aðiljum kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um úrlausnarefni hverju sinni.

23. gr.

Náttúruverndarráði er frjálst að breyta úrlausnum náttúruverndarnefndar, þ. á m. að rýmka eða þrengja umtak náttúruverndar frá því, sem ákveðið er í úrlausn nefndar. Skiptir ekki máli í því efni, hver frumkvæði hefur átt að náttúruverndarmáli eða hvaða kröfur voru hafðar uppi fyrir náttúruverndarnefnd. Náttúruverndarráð getur ákveðið, að tilteknar náttúruverndaraðgerðir skuli ná fram að ganga, þótt náttúruverndarnefnd hafi hafnað þeim. Þegar svo stendur á, leggur náttúruverndarráð fyrir náttúruverndarnefnd að meta bætur, og fer að öðru leyti um ákvörðun þeirra samkv. 18. gr.

24. gr.

Nú öðlast úrlausn náttúruverndarráðs ekki fullnaðargildi, nema Menntamálaráðuneyti fallist á hana, sbr. 12. gr. 3. málsgr., og skal náttúruverndarráð þá senda Menntamálaráðuneyti gögn máls svo fljótt sem unnt er. Tekur ráðuneytið svo fljótt sem kostur er afstöðu til þess, hvort úrlausn skuli koma til framkvæmdar.

Nú fellst ráðuneytið á, að úrlausn komi til framkvæmdar, og er sýslusjóði þá skylt að greiða þá fjárhæð, sem í hans hlut kemur.

Ákvæði þetta á ekki við um aðgerðir samkv. 8. gr.

25. gr.

Þegar fullnaðarúrlausn er fengin um náttúruverndargerðir, skal formaður náttúruverndarráðs hlutast til um, að úrlausn sé birt með sama hætti og úrlausnir náttúruverndarnefnda, sbr. 30. gr. Auk þess skal birta meginefni úrskurðar eða úrlausnar í B-deild Stjórnartíðinda, á náttúruverndarskrá. Efni náttúruverndarskrár skal talið manni kunnugt, þegar er atriði hefur sætt birtingu.

26. gr.

Náttúruverndarráð tilkynnir formanni náttúruverndarnefndar um úrslit náttúruverndarmáls og leggur fyrir hann að hlutast til um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd því skipulagi, sem úrlausn lýtur að, þ. á m. að annast um tryggingaráðstafanir, svo sem þinglýsingu, ef hennar er þörf. Formaður náttúruverndarnefndar sér og um greiðslu bóta samkv. 28. gr.

d. Ýmis störf náttúruverndarráðs.

27. gr.

Náttúruverndarráð er Menntamálaráðuneyti til aðstoðar um öll efni, er varða náttúruvernd. Áður en ráðuneytið setur reglugerðir eða aðrar reglur um slík málefni, skal leita umsagnar ráðsins.

Náttúruverndarráð skal kynna sér eftir föngum náttúruminjar, sem ástæða er til að friðlýsa samkvæmt lögunum, og getur ráðið átt frumkvæði að því að stofna til náttúruverndarmáls.

Náttúruverndarráð skal hið fyrsta, eftir að það hefur verið skipað, semja skrá um náttúruminjar, sem æskilegt er að friðlýsa samkvæmt lögum þessum. Við samningu skrárinnar er rétt að hafa samvinnu við náttúruverndarnefndir í héruðum, sveitarstjórnir og áhugamenn. Lýsa skal glögglega náttúruminjum, sem friðlýsa á, og hvert gildi friðlýsing muni hafa. Á grundvelli skrárinnar skal semja áætlun um náttúruvernd og leggja mál fyrir náttúruverndarnefndir í þeirri röð, sem ráðið telur heppilegast.

Nú telur náttúruverndarráð æskilegt að friðlýsa tilteknar náttúruminjar, staði eða svæði, en ekki þykir gerlegt vegna kostnaðar að stofna þegar til náttúruverndarmáls, og er ráðinu þá rétt að skýra náttúruverndarnefnd í héraði frá fyrirætlun um friðun og leggja fyrir hana að hafa vakandi auga með því, að engu sé raskað, er tálmað geti friðun síðar. Enn fremur má leggja fyrir eiganda að raska ekki náttúruminjum án leyfis náttúruverndarnefndar, þegar svo stendur á, að viðlagðri refsingu samkvæmt 33. gr.

Náttúruverndarráð færir skrá um úrlausnir ráðsins, svo og um úrlausnir náttúruverndarnefnda, er því berst tilkynning um. Náttúruverndarráð hefur yfirumsjón með friðlýstum náttúruminjum, og það skal kosta kapps um að skýra fyrir almenningi gildi náttúruverndar og kynna almenningi lagaákvæði um náttúruvernd.

e. Um bætur.

28. gr.

Bætur þær, sem greiða þarf samkvæmt I. og IV. kafla laga þessara, skal ríkissjóður gjalda að þremur fjórðu, en sýslusjóður þar í umdæmi, sem aðgerðir fara fram, geldur fjórðung bóta. Nú liggur landsvæði það, sem náttúruverndaraðgerðir taka til, í fleiri sýslufélögum en einu, og kveður þá Menntamálaráðuneyti á um, hversu skipta skuli bótagreiðslum milli sýslufélaganna.

Nú liggja náttúruminjar, sem vernda á, ofar byggð, og geldur þá ríkissjóður óskiptar fébætur samkvæmt þessari málsgrein.

Nú hafa náttúruverndaraðgerðir í för með sér skyldu til greiðslu bóta, er nema 40 þús. kr. eða hærri fjárhæð, og aðgerðirnar hafa gildi fyrir landið allt, en ekki sérstaklega fyrir það eða þau sýslufélög, þar sem landsvæðið er eða aðrar náttúruminjar, sem aðgerðir varða. Getur náttúruverndarnefnd þá ákveðið, að ríkissjóður greiði bæturnar að fullu. Áður en slíkur úrskurður gengur, skal veita fjármálaráðherra færi á að koma við greinargerð um málið. Bera skal úrskurð náttúruverndarnefndar undir náttúruverndarráð til staðfestingar eða synjunar.

Bætur vegna aðgerða samkvæmt II. kafla laganna, skulu greiddar af ríkissjóði, nema annan veg sé mælt. Kostnaður við að koma upp fólkvöngum fellur í hlut

sveitarfélags, þar sem fólkvangur er. Nú hafa slíkir fólkvangar mikið gildi fyrir íbúa tiltekinnar sýslu í heild eða fyrir íbúa margra sveitarfélaga innan sýslu, og getur náttúruverndarnefnd þá kveðið svo á, samkvæmt kröfu sveitarfélags, að sýslusjóður greiði helming af kostnaði við fólkvanga. Ákvæði 3. málsgr. á einnig við um þetta efni, eftir því sem við getur átt, að því er varðar hluttöku ríkissjóðs í kostnaði, svo og um meðferð máls.

Um bætur vegna tjóns, er menn vinna á landi með umferð um land eða dvöl þar, fer samkvæmt almennum bótareglum.

V. KAFLI
Almenn ákvæði.

29. gr.

Nú telur náttúruverndarnefnd eða náttúruverndarráð, að ógerlegt sé að leysa úr náttúruverndarmáli, nema áður sé fengin úrlausn dómstóla um tiltekin ágreiningsefni, svo sem um eignarrétt að landsvæði eða tilvist annarra réttinda yfir landsvæði, og er nefndinni þá rétt að leggja þessi ágreiningsefni fyrir dómstóla, enda náist ekki sættir um efnið. Náttúruverndarnefnd er sóknaraðili máls og nýtur gjafsóknarhagræðis. Til slíkra mála skal þó ekki stofna, nema náttúruverndarráð hafi lýst sig samþykkt málshöfðun og Menntamálaráðuneyti fallizt á hana.

Eigendum og öðrum rétthöfum er skylt að veita meðlimum náttúruverndarnefndar og náttúruverndarráðs frjálsa för um lönd sín og aðstöðu til rannsókna í sambandi við náttúruverndarmál.

30. gr.

Náttúruverndarráð felur náttúruverndarnefndum umsjón og eftirlit með náttúruminjum, sem verndaðar kunna að verða samkvæmt lögunum. Nefndunum er heimilt að ráða sérstaka menn til vörzlu á friðlýstum svæðum í samráði við náttúruverndarráð. Um skiptingu kostnaðar af þessum sökum fer eftir 28. gr. 1. og 2. málsgr.

Menntamálaráðuneyti er heimilt að setja nánari reglur um vörzlu og gæzlu friðlýstra svæða og annarra náttúruminja og enn fremur um aðgang almennings að þeim og umgengni.

31. gr.

Meðlimir náttúruverndarnefnda og náttúruverndarráðs fá þóknun fyrir störf sín, eftir því sem Menntamálaráðuneyti ákveður.

Sýslusjóðir skulu standa straum af kostnaði við náttúruverndarnefndir, en ríkissjóður greiði kostnað við náttúruverndarráð. Nú varðar náttúruverndarmál fleiri sýslufélög en eitt, og kveður Menntamálaráðuneyti þá um, hversu skipta skuli kostnaðinum milli sýslufélaganna.

Ríkissjóður ber annan kostnað vegna framkvæmdar laganna, að undanskildum bótum, samkvæmt sérákvæðum 28. gr.

32. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að gera ráðstafanir til þess, að Ísland gerist aðili að alþjóða náttúruverndarsambandinu (International Union for the Protection of Nature), og fela náttúruverndarráði að koma fram fyrir Íslands hönd í þeim samtökum.

VI. KAFLI
Refsingar og önnur viðurlög.

33. gr.

Brot á ákvæðum laga þessara eða á reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi.

Nú spilla menn eða raska náttúruminjum, sem friðlýst eru eftir lögum þessum, af ásetningi eða gáleysi, og varðar það sektum eða varðhaldi.

Nú er almenningi veittur aðgangur að landsvæðum fyrir atbeina náttúruverndarnefndar, og varðar ill eða hirðuleysisleg umgengni um slík svæði þá sektum.

Brot á fyrirmælum samkvæmt 27. gr. 4. málsgr. varða sektum.

Sektir samkvæmt lögunum renna í sýslusjóð, þar sem brot er framið. Nú er brot framið í fleiri sýslufélögum en einu, og skal þá skipta sektarfénu að jöfnu milli þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga.

Beita má dagsektum, er renna í sýslusjóð, allt að 500 krónum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum, sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt lögunum, eða til þess að láta af atferli, sem er ólögmætt eftir lögunum. Náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð geta kveðið upp úrskurði um dagsektir, en úrskurði þeirra má bera undir dómstóla innan tveggja vikna frá birtingu úrskurðar fyrir aðilja. Úrskurði náttúruverndarnefnda um dagsektir þarf ekki að bera undir náttúruverndarráð.

Beita má eignarupptöku samkv. 69. gr. almennra hegningarlaga við brotum á lögum þessum. Andvirði verðmæta, er sætt hafa upptöku, rennur í sýslusjóð, þar sem brot var framið. Nú er brot framið í fleiri sýslum en einni, og skal þá skipta verðmætum, er sætt hafa upptöku, að jöfnu milli þeirra sýslufélaga, sem í hlut eiga.

VII. KAFLI

Gildistaka og brottfallin lög.

34. gr.

Menntamálaráðuneyti hlutast til um, að náttúruverndarnefndir séu skipaðar hið fyrsta eftir gildistöku laganna, og um skipun náttúruverndarráðs.

35. gr.

Frá gildistöku laganna fellur úr gildi 1. gr. 2. málsgr. laga nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski, og 36. gr. 7. og 8. mgr. vegalaga, nr. 34/1947.

2. gr. laga nr. 123/1940 breytist svo, að í stað orðsins „vitamálastjóra“ á þremur stöðum í ákvæðinu kemur orðið: náttúruverndarráðs.

Við 2. gr. 1. málsgr. laga nr. 15/1948, um innflutning búfjár, bætist þessi málsliður: Áður en leyfi er veitt samkvæmt 1. gr., skal og leita umsagnar náttúruverndarráðs, sbr. 5. gr. laga um náttúruvernd.

Lög nr. 59/1928, um friðun Þingvallar, halda gildi sínu þrátt fyrir gildistöku laga þessara.

Lög nr. 27/1940, um friðun Eldeyjar, falla úr gildi, er náttúruverndarráð hefur birt úrskurð um friðlýsingu eyjarinnar samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta, sem samið er að tilhlutan Björns Ólafssonar, þáverandi menntamálaráðherra, hefur ýmis merk nýmæli að geyma og fjallar um efni, sem þörf er á að setja hið fyrsta lagafyrirmæli um. Sum einstök ákvæði frumvarpsins orka að sjálfsögðu nokkurs tvímælis, en að athuguðu máli telur menntamálaráðuneytið rétt að leggja frumvarpið óbreytt fyrir Alþingi eins og það barst ráðuneytinu frá semjendum þess, enda er hægurinn hjá að breyta einstökum atriðum á Alþingi, ef ástæða þykir til.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með bréfi dags. 29. sept. 1951 fól Menntamálaráðuneyti Ármanni Snævarr prófessor og dr. Sigurði Þórarinssyni að semja frv. til laga um náttúruvernd. Hafa þeir skipt svo með sér störfum, að hinn fyrrnefndi samdi drög til frumvarps, sem þeir ræddu síðan sín á milli. Dr. Finnur Guðmundsson hefur einnig farið yfir frumvarpið og tekið þátt í viðræðum um það.

I.

Jarðsögutímabil það, sem vér nú lifum, hefur verið kennt við manninn. Er það ekki ófyrirsynju, því að aldrei mun nein lífverutegund hafa orkað meir á umhverfi sitt, lífræna náttúru og ólífræna, sem mennirnir.

Drottinvald mannkyns yfir jörðinni hefur í stórum dráttum gerbreytt gróðri og dýralífi á flestum landsvæðum og raunar einnig á hafsvæðum. Ýmsum æðri dýrategundum hefur verið alls kostar útrýmt, svo sem t. d. úruxunum hér í Evrópu, og mörgum tugum fuglategunda. Má oss Íslendingum vera geirfuglinn hugstæður í því sambandi. Gróðri og landslagi hefur og verið gagnbreytt á mörgum stöðum, skógum og frumgróðri hefur verið eytt, fallvötn hafa verið beizluð, stöðuvötn hafa verið þurrkuð, þeim breytt eða ný mynduð, heil fjöll hafa verið jöfnuð við jörðu, og svo mætti lengi telja. Hvarvetna blasir við ægivald manna yfir náttúrunni.

Síaukin tækni hefur mjög stefnt að því að gera náttúruna mönnum undirgefna. Því meiri þroska, sem tæknin hefur náð, því meiri hafa raskanir á náttúrufari landa orðið. Menningarlegar framfarir hafa og í ríkum mæli verið beinlínis á því reistar, að menn hafa hagnýtt sér ýmis náttúruauðæfi, en með því hefur mjög verið gengið á náttúruna.

Mönnum hefur lengi verið ljóst, að rík þörf væri á að hamla gegn spjöllum á náttúru af manna völdum. Hafa þessar skoðanir markað þau spor, að sett hafa verið lagafyrirmæli um vernd ákveðinna þátta náttúrunnar í öllum menningarlöndum. Kvað þar í fyrstu mest að ákvæðum um friðun fugla, spendýra og fiska, en síðar komu til lagafyrirmæli um gróðurvernd og almenna náttúruvernd.

Upphaf löggjafar um almenna náttúruvernd mun mega rekja til Bandaríkja Norður-Ameríku, sem urðu fyrst allra ríkja til að friðlýsa landsvæði og stofna til náttúrugarða eða þjóðgarða, „í því skyni að náttúru landsins megi varðveita óspjallaða komandi kynslóðum til hugsvölunar“, svo sem segir í þjóðgarðalöggjöf Bandaríkjanna. Fyrsta friðlýsingin átti sér stað 1832, þar sem voru laugarnar í Hot Springs í Arkansas, en önnur í röðinni var hinn nafnkunni þjóðgarður Yellowstone á landamærasvæðum Wyoming, Idaho og Montana ríkja. Að bandarísku fordæmi voru þjóðgarðar stofnaðir víða um lönd, og verður nánar vikið að því hér síðar.

Þjóðgarðarnir og hliðstæð svæði, sem friðlýst hafa verið, hafa gegnt mjög mikilvægu hlutverki um náttúruvernd og m. a. forðað nokkrum dýrategundum frá útrýmingu, svo sem evrópska vísundinum. Brátt varð þó sýnilegt, að slíkir þjóðgarðar einir nægðu ekki til verndar náttúruminjum, og að þörf væri á almennri náttúruvernd. Sá maður, sem talinn er hafa átt drýgstan þátt í að koma á skipulagðri náttúruvernd, er þýzki náttúrufræðingurinn Hugo Wilhelm Conventz, f. 1855, grasafræðingur að menntun. Fyrir atbeina hans var komið á fót þýzkri náttúruverndarstofnun árið 1906, og varð hann fyrsti forstjóri hennar. Conventz fór fyrirlestraferðir til margra landa til að vekja áhuga á náttúruvernd og skipuleggja náttúruverndarstarfsemi. Hann hafði sérstakan áhuga á Norðurlöndum. Fyrirlestrar hans í Kaupmannahöfn 1905 urðu til þess, að danskir náttúrufræðingar stofnuðu náttúruverndarnefnd 1906, og beitti hún sér fyrir setningu almennra laga um náttúruvernd 1917. Gonventz átti og mikinn hlut að því, að Svíar settu sér náttúruverndarlög 1909 og Norðmenn ári síðar.

II.

Hér á landi skortir almenn lög um náttúruvernd, sem kunnugt er. Að vísu hefur ýmsum þáttum náttúru og náttúrulífs verið veitt vernd með friðunarlögunum. Má þar nefna lög um friðun fugla og eggja, bæði almennu lögin nr. 59/1913 og sérlög um friðun einstakra fuglategunda, sbr. l. nr. 74/1941, um æðarfugla, l. nr. 42/1921, um lunda, og lög nr. 83/1940, sbr. l. nr. 107/1950, um erni og vali. Frumvarp um fuglaveiðar og fuglafriðun var lagt fram á Alþingi 1951, og er nú orðið að lögum. Þá má og nefna lög, er varða dýrafriðun, l. nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, og l. nr. 23/1914, um friðun héra. Enn má nefna friðunarákvæði l. um

lax- og silungsveiði, nr. 112/1941, ákvæði l. nr. 21/1939, um ostrurækt, ákvæði tsk. 20. júní 1849, um selalátur og eggver (sbr. og l. nr. 30/1925), og ákvæði l. nr. 26/1949, um hvalveiðar, sbr. rgj. nr. 113/1949, sem friða tilteknar hvalategundir. Í þessu sambandi má og orða lög, sem stemma stigu við notkun ákveðinna veiðitækja, svo sem botnvörpu, flotvörpu eða dragnótar. Að því er tekur til gróðurfars, má nefna friðunarákvæði skógræktarlaga, nr. 100/1940, lög nr. 18/1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks, og l. nr. 85/1943, um ítölu. Þá má enn nefna ákvæði l. nr. 98/1940, 2. gr., sem óheimila landeiganda að spilla laugum og hverum eða breyta farvegi þess vatns, sem hverinn þeytir frá sér, eða afrennsli laugar, l. nr. 15/1923, IX. kafli, um óhreinkun vatna, og l. nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski. Hér má og orða l. nr. 45/1950, 31. gr., þar sem sá varnagli er sleginn, að ekki sé heimilt að taka land eignarnámi til notkunar, ef þar er „sérstök náttúruprýði, sem skylt er að vernda". Loks er rétt að geta laga nr. 59/1928, um friðun Þingvallar, og l. nr. 27/1940, um friðun Eldeyjar. Þessi tvenn lög styðjast í ríkara mæli við náttúruverndarsjónarmið en hin lögin, sem nefnd voru, og má raunar telja, að lögin um friðun Eldeyjar séu alfarið náttúruverndarlög.

Lagaákvæði þau, sem hér hafa verið nefnd, og fleiri, er nefna mætti, heita náttúru lands hverri nærri þeirri vernd, sem skylt er. Mörg þeirra styðjast við fjármunaleg eða búskaparleg sjónarmið ein, fyrst og fremst á þá lund, að þeim er ætlað að stuðla að hæfilegri nytjun hlunninda. Uppistaðan í þorra þeirra er einungis að koma í veg fyrir rányrkju. Þau nægja því hvergi nærri til raunhæfra úrræða um náttúruvernd almennt.

Þótt ekki muni raunar leika á tveimur tungum, að þörf sé á heildarlöggjöf um náttúruvernd, þykir allt um það rétt að reifa nokkru nánar, hversu mikið sé í húfi, ef ekki er sett náttúruverndarlöggjöf hið bráðasta og henni hrundið í framkvæmd.

Íslenzk náttúra, bæði hin dauða og lifandi, er um margt einstæð, meðal annars og ekki sízt fyrir það, að fram á síðustu ár hefur hún orðið fyrir minni áhrifum af manna völdum en náttúra annarra landa. Veldur því í fyrsta lagi það, að landið byggðist síðar en flest þau lönd, sem byggzt hafa, í öðru lagi, að það er enn eitt af strjálbýlustu löndum, og í þriðja lagi, að fram á síðustu áratugi hefur tæknileg menning íbúanna verið á svo lágu stigi, að þeir hafa raunverulega alls ekki drottnað yfir náttúru landsins og hafa megnað tiltölulega litlu um breytingar á náttúrunni. Því ber þó sízt að neita, að tilkoma mannanna og húsdýra þeirra hafa stórbreytt gróðurfarinu, einkum með eyðingu skóganna og þar af leiðandi uppblæstri og landeyðingu. En ástæða er til að ætla, að fram á síðustu áratugi hafi fánan breytzt tiltölulega lítið af manna völdum og hin dauða náttúra nær ekkert. Það má því með nokkrum sanni segja, að fram á síðustu áratugi hafi verið minni þörf almennrar náttúruverndarlöggjafar hér en víða annars staðar, þar sem þéttbýli og tæknimenning var meiri. En síðustu áratugina hefur viðhorfið gerbreytzt, og ber margt til þess. Vélamenningin hefur haldið innreið sína og skapað möguleika til stórfelldari breytinga á íslenzkri náttúru en nokkurn hafði órað fyrir. Með vélum hefur meiru verið umrótað hér á einum áratug en áður á mörgum öldum. Nægir í því sambandi að nefna framræslu mýranna síðustu árin. Hvern hefði grunað það fyrir tveimur áratugum, að á næstu áratugum yrði ræst fram nærri hver mýri í heilum byggðarlögum? Það getur jafnvel svo farið í náinni framtíð, að ástæða verði til að friða einhverja óframræsta mýri í sumum héruðum, svo að seinni tíma menn geti vitað, hvernig gróðurfari og öðru ásigkomulagi mýranna var háttað þar fyrir framræsingarnar. Bílvegir og brýr, jeppar og flugvélar hafa opnað öllum landsmönnum greiðan aðgang að stórum landsvæðum, sem áður voru nærri ósnortin. Meiri hluti landsmanna býr nú í bæjum og kauptúnum, og án alls samanburðar milli bæjar- og sveitamenningar er þess ekki að dyljast, að viðhorf bæjarbúa til náttúrunnar er oft annað en sveitafólks og náttúrunni minna í hag.

Eftir þessar almennu athugasemdir mun það nú rakið með nokkrum dæmum, hversu þörfin á náttúruvernd er orðin brýn hér á landi.

Suður í Krýsuvík er lítið stöðuvatn, Grænavatn. Dregur það nafn af hinum sérkennilega græna lit vatnsins, er stafar af brennisteinssamböndum. Vatn þetta, sem er nokkuð hundruð metra breitt og 45 metra djúpt, er myndað eftir ísöld, við eldgos, sem orðið hefur með sérstæðum hætti, þótt ekki verði það rakið hér. Meðal annars hafa í því gosi, sem myndaði vatnið, þeytzt upp hraunkúlur. Er gabbrókjarni í þeim, en bergtegundin gabbró hefur ekki fundizt annars staðar á Suðvesturlandi. Þetta litla vatn er vafalaust meðal merkustu náttúrufyrirbrigða í sinni röð. Með því að það er í sérkennilegu umhverfi, við þjóðveg, og auk þess í grennd við höfuðborgina, gistir vart sá jarðfræðingur landið, að ekki sé ekið með hann um Krýsuvíkurveg og honum sýnt vatnið. Fjöldi annarra útlendinga fer og þennan veg, og enn er á það að líta, að auðvelt er að sýna nemendum í skólum í grennd við Reykjavík þessar náttúruminjar. En á einu ári, 1949, var þessu merka náttúrufyrirbæri spillt svo, að jarðfræðingar munu blygðast sín fyrir að sýna það. Tveir votheysturnar og fjós voru reist frammi á norðvesturbakka Grænavatns. Í sambandi við þær byggingarframkvæmdir var farið um stórt svæði með jarðýtum, alveg fram á bakka vatnsins. Með þessu umróti og hinum háu votheysturnum hefur svip vatnsins verið gerbreytt, og svæðið hefur verið svipt þeirri sérstæðu auðnarstemningu, sem þar ríkti áður. Ekki er annað sýnilegt en hægt hefði verið að velja mannvirkjum þessum annan stað en á bakka Grænavatns, enda er landrými mikið á þessum slóðum, eins og alkunna er. Þó að þessi staður hefði þótt stórum álitlegastur þeirra staða, er til greina komu, er mönnum torskilið, hver nauður rak til að láta jarðýtu róta jarðveginum alveg fram á bakka vatnsins. Við þessa lýsingu má hnýta þeirri athugasemd, að engu er líkara en nota eigi vatnið sem ruslakistu, þar sem ýmiss konar drasli hefur verið hent niður yfir suðurbakka vatnsins, svo að blasir við vegfarendum.

Allar horfur eru á, að spjöllum á vatninu hefði orðið afstýrt, ef notið hefði löggjafar um náttúruvernd, þegar til þessara mannvirkja við Grænavatn skyldi koma.

Næsta dæmi, sem getið skal, eru Rauðhólarnir hér fyrir austan Reykjavík. Þessum merku náttúruminjum og fögru hefur verið nálega eytt, eins og alkunna er. Hólunum hefur í bókstaflegri merkingu verið skóflað burtu, en gjall þeirra hefur verið notað til ofaníburðar á götum Reykjavíkur og vegum hér í grennd. Hér skal ekki lagður dómur á það, hvort nauðsynlegt hafi verið að taka þessa hóla til ofaníburðar. Um það efni munu vera skiptar skoðanir meðal verkfræðinga. Hitt er ótvírætt, að auðvelt hefði verið að grafa hólana á snyrtilegri hátt en raun ber vitni. Vel mátti grafa frá einni átt og taka stál þvert yfir hólasvæðið og skilja þá eitthvað eftir af svæðinu ósnortið. Í stað þessara vinnubragða hefur mönnum leyfzt að vaða um allt hólasvæðið, að því er virðist eftirlitslaust, og taka bílhlöss á víð og dreif, svo að nú hefur þessu fagra og sérkennilega svæði verið nær gereytt.

Þriðja dæmið er Grábrók í Norðurárdal. Ekki er annað sýnilegt en þessa fagurskapaða gígs bíði sömu örlög og Rauðhóla, ef ekki er tekið í taumana í tíma. Þegar er farið að narta í gígkeiluna og einnig í þá hlið, er blasir við þjóðveginum. Sýnilegt er, að þörf er skjótra úrræða, ef bjarga á gignum frá tortímingu.

Fjórða dæmið er Helgafell í Vestmannaeyjum. Það hefur þegar verið grafið sundur til lýta og gjallið borið m. a. á flugvöllinn. Vera má, að óhjákvæmilegt hafi verið að taka þarna ofaníburð. En hinu verður ekki neitað, að hægt hefði verið að taka malargryfjurnar á öðrum stað og síður áberandi en nú er. Vestmannaeyjar eiga áreiðanlega eftir að verða fjölsótt ferðamannasvæði, ef rétt verður í haginn búið, og Helgafell er það íslenzkt eldfjall, sem flestir þeir, er til landsins koma sjóleiðina, líta fyrst augum, enda eru þær myndskreyttu ferðalýsingar hér fáar, sem ekki geyma mynd af Helgafelli. Helgafell er og höfuðprýði eyjarinnar. Hirðuleysisleg og sóðaleg umgengni um það fjall er ekki aðeins Vestmannaeyingum, heldur og allri þjóðinni til vansa.

Yfirleitt virðist vera óþarflega mikið um náttúruspjöll og slæma umgengni í sambandi við mörg mannvirki hérlendis, einkum eftir að jarðýtur og önnur stór-

virk vinnutæki komu til sögunnar. Frágangur á mörgum vegarköflum, þar sem jarðýtur hafa verið notaðar, er t. d. mjög vítaverður, þótt dæmi hins gagnstæða verði, sem betur fer, nefnd, sbr. t. d. frágang á veginum yfir Vatnsskarð og Holtavörðuheiði. Á prenti hefur og verið átalinn frágangur á Skeiðfossrafstöðinni, en hins vegar er frágangur á Ljósafossstöðinni til hreinnar fyrirmyndar. Hér veldur, hver á heldur, og í mörgum tilfellum er það skilningur forráðamanna mannvirkja á gildi góðrar umgengni og náttúruverndar, sem sköpum ræður. Er vert að nefna hér eitt dæmi, sem til mikillar fyrirmyndar er í þessu efni. Fyrir sjö árum var byggð brú yfir Laxá í Þingeyjarsýslu á veginum frá Arnarvatni norður með Mývatni að vestan. Laxá rennur þarna sem annars staðar milli fagurra, gróðursælla hraunbakka, og á brúarstæðinu er undurfagur hólmi í ánni. Er hann vaxinn hvönn og blágresi. Þeir Mývetningar, er stjórnuðu brúarbyggingunni, fluttu grjót og hnausa í hleðslu alllangt að, en þyrmdu hins vegar bökkum árinnar. Og svo nærgætnislega var unnið, að í hólmanum var varla troðin niður nokkur blágresisplanta. Slík ræktarsemi og snyrtimennska og skilningur á gildi þess að eira náttúrunni, er sannarlega þess virði, að getið sé.

Náttúruspjöllin blasa því miður víða við. Hjá Brjánslæk á Barðaströnd eru einhverjar hinar fegurstu jurtaleifar frá tertiertímanum, sem til eru í nokkru landi. Sérhver ferðamaður, sem þangað kemur, getur átölulaust rótað í þessum leifum og tekið með sér leirflögur, sem að jafnaði molna niður heima hjá honum, engum til gamans né gagns. Ferðalangar gera sér gjarna að stundargamni að brjóta niður og hafa á brott með sér dropsteinsdröngla úr Surtshelli, aðalprýði hellisins, og er þegar búið að stórskemma hann og aðra hella landsins með slíkum aðförum. Hverir landsins, og ekki sízt hinir fögru hverir á Hveravöllum, eru í ærinni hættu fyrir spellvirkjum. Þess má og geta, að eins og nú hagar til með löggjöf er ekki heimilt að friða sjaldgæfar jurtir, sem fundizt hafa á aðeins einum stað eða fáum stöðum.

Er auðvitað höfuðnauðsyn á lagaheimild til friðlýsingar á slíkum jurtum. Nefna má til dæmis í því sambandi klettaburkna (asplenium viride), sem vex aðeins á tveimur blettum í Öræfum og það aðeins í örfáum tugum eintaka, og glitrósina (rosa canina), sem vex aðeins á einum stað, Kviskerjum í Öræfum, svo að kunnugt sé.

Svona mætti lengi telja til að sýna hina miklu nauðsyn, sem er á löggjöf um náttúruvernd.

III.

Rétt þykir að fara næst nokkrum orðum um náttúruverndarmál á Alþingi. Tvenn frv. til laga um náttúrufriðun hafa verið borin fram á Alþingi, og annað þeirra tvisvar. Próf. Magnús Jónsson flutti fyrra frv., fyrra sinni 1932 (Alþtíð. 1932, A, þskj. 689, bls. 1223—1226), en síðara sinni 1933 (Alþtíð. 1933, A, þskj. 95, bls. 295—298). Fyrirsögn frv. var „frumvarp til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl.“. Frumvörp þessi dagaði uppi í þinginu. Hitt frv., sem hét „frumvarp til laga um friðun náttúruminja“, var flutt á Alþingi 1934. Flutti allsherjarnefnd Ed. það að ósk dómsmálaráðherra (Alþtíð. 1934, A, þskj. 435, bls. 651—654). Þetta frv. dagaði einnig uppi á Alþingi, og hefur ekki verið flutt síðan. Þá er þess að geta, að tveir alþingismenn, Páll Þorsteinsson og Jón Gíslason, báru fram á Alþingi 1947 tillögu til þingsályktunar um endurskoðun laga um veiði, friðun fugla og eggja o. fl. (Alþtíð. 1947, A, þskj. 361, bls. 683). Varð tillagan ekki rædd á því þingi. Sömu alþingismenn fluttu tillöguna að nýju á næsta þingi (Alþtíð. 1948, A, þskj. 53, bls. 162—3). Var tillagan þá samþykkt sem svofelld þingsályktun: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa löggjöf um verndun staða, sem eru sérstaklega merkir af náttúru sinni eða sögu“. Enn fluttu sömu þingmenn fyrirspurn til menntamálaráðherra um það á þinginu 1950, hvað endurskoðun þeirri liði, er þingsályktunin fjallar um (Alþtíð. 1950, D, bls. 262—266). Loks er vert að minnast á tillögu til þingsályktunar, sem Jónas Jónsson, alþingismaður, flutti 1948 um verndun

Geysis í Haukadal (Alþtíð. 1948, A, þskj. 501, bls. 920). Sú tillaga hlaut ekki afgreiðslu þingsins.

IV.

Áður en vikið er að einstökum köflum frv. og greinum, þykir rétt að drepa á nokkur almenn atriði, sem á reyndi, þegar frv. var samið.

1. Í frv. því til laga um náttúrufriðun, friðun sögustaða o. fl., sem lagt var fram á Alþingi 1932 og 1933, var gert ráð fyrir því, að fjallað væri í sama lagabálki um náttúruvernd og friðlýsingu merkra sögustaða. Ráðagerð sýnist og vera uppi um sömu hætti í þingsályktun Alþingis frá 25. febrúar 1948. Semjendur þess frv., sem hér er lagt fram, töldu ekki hyggilegt að hafa þenna hátt á. Yfirleitt ráða aðrar ástæður því, að náttúruminjar séu friðaðar en söguminjar. Yrði því óhjákvæmilegt að kveða á um friðlýsingu þessara tvenns konar minja í aðgreindum köflum frv., og væri mjög fátt, sem tengdi þá. Myndi frv. við þá hætti verða óskýrara og ruglingslegra. Hér er einnig á það að líta, að lítt gerlegt væri og raunar ógerlegt að láta sömu yfirvöld fjalla um náttúruverndarmál sem um mál, er varða friðun merkra sögustaða. Þyrfti því einnig að hafa sérákvæði í frv. um skipulag og meðferð á málum, er lúta að sögustöðunum. Þessi tvenns konar friðunarandlög skortir þá þann eðlisskyldleika eða eðlistengsl, sem valdi því, að ávinningur sé að ræða þau í sama bálki. Þess má og geta, að í löggjöf Norðurlandaríkjanna, Þýzkalands og flestra svissnesku fylkjanna er þetta tvennt greint sundur. Þótt þessi háttur sé valinn, þykir rétt að benda á, að brýn þörf er á fyllri ákvæðum en nú eru í lögum um friðun merkra sögustaða, en ákvæði um það efni eru tengdari lögum um fornminjar en löggjöf um náttúruvernd. Mun raunar einnig rétt að taka til athugunar í því sambandi, hvort ekki sé þörf á lagafyrirmælum um friðun gamalla bygginga eða annarra sérkennilegra mannvirkja, þótt ekki séu þau sögufræg.

2. Hugtakið náttúruvernd er mjög víðtækt hugtak og tekur í rýmstu merkingu til verndar á öllum þáttum náttúrunnar, kvikum og dauðum. Í lögum um náttúruvernd er óvíða eða jafnvel hvergi farin sú leið að mæla í einum og sama lagabálki um vernd á öllum þáttum náttúrunnar. Heppilegra þykir að skipa í sérlögum fyrir um vernd ýmissa sérgreindra þátta náttúrunnar, svo sem fugla, eggja og hreiðra, spendýra og fiska. Þau svið náttúrunnar, sem þá verða eftir, eru lægri dýr, alls konar gróður, jarðvegur og jarðmyndanir, fossar og stöðuvötn og annað vatn á jörðu og í, ýmiss konar auðæfi, sem brotin verða eða unnin úr jörðu, og annað því skylt.

En í þorra laga um náttúruvernd erlendis er jafnvel ekki mælt fyrir um þessa þætti náttúrunnar alla, sem síðast voru nefndir. Ýmsar stoðir geta runnið undir náttúruvernd samkvæmt þrengra hugtakinu, sem hér hefur verið reifað, eða mismunandi sjónarmið leitt til hennar. Þarf rannsóknar við, hvort hyggilegt sé að ræða þær hliðar allar í lögum um náttúruvernd.

Greina má milli náttúruverndar, sem styðst við menningarleg rök og sjónarmið, náttúruverndar, sem rót á í félagslegum viðhorfum, og náttúruverndar, sem reist er á fjármunalegum grundvelli. Skal nú farið nokkrum orðum um þessa þrjá þætti hvern um sig.

a. Ekki orkar tvímælis, að taka eigi í frv. slíkt sem þetta ákvæði um náttúruvernd, sem styðst við menningarleg sjónarmið. Koma hér til í fyrsta lagi ákvæði, sem ætlað er að girða fyrir spjöll á náttúruminjum og náttúrumyndunum, sem gildi hafa til skilningsauka á náttúrufari lands og náttúruþróun. Í öðru lagi eiga hér heima ákvæði um friðun sjaldgæfra jurta og dýra og steintegunda og enn fremur fornleifa jurta og dýra. Í þriðja lagi er það menningarleg skylda að reyna að búa svo um eftir föngum, að náttúrunni sé ekki spillt að þarflausu. Á það ekki sízt við í sambandi við ýmsar framkvæmdir og mannvirki. Og í fjórða lagi er það menningarleg skylda, sem stað á í fegurðarkennd manna, að reynt sé að varðveita fögur landsvæði og stuðla að góðri umgengni um náttúruna og koma í veg fyrir, að náttúran sé lýtt með ósmekklegum tiltækjum, svo sem með því að setja upp auglýsinga-

eða áróðursspjöld eða letra auglýsingar eða áróðursmál á mannvirki og náttúrumyndanir utan þéttbýlis.

b. Í löggjöf um náttúruvernd erlendis eru yfirleitt tekin ákvæði um svonefnda félagslega náttúruvernd. Með því réttaratriði er átt við lagaákvæði, sem greiða fyrir því, að almenningur geti átt þess kost að njóta náttúrunnar. Má þó e. t. v. segja, að slík ákvæði lúti fremur að náttúrunautn en náttúruvernd. Hér á landi er nú svo komið, að allur þorri landsmanna býr í þéttbýli og fæstir þeirra, sem þar búa, eiga land utan kaupstaða eða kauptúna. Er það þegar orðið mikið nauðsynjamál að búa svo um hnútana, að þéttbýlingar eigi færi á að njóta náttúru landsins. Ákvæði II. kafla frv. stefna að þessu marki, og verða þau skýrð í athugasemdum við þann kafla.

c. Fjármunaleg eða búskaparleg náttúruvernd lýtur að því að skapa mönnum aðhald með réttarreglum um að nytja ýmis náttúruauðæfi á hagfelldan hátt frá búskaparlegu sjónarmiði. Endursköpunarmáttur náttúruauðæfa er mismikill eins og alkunna er. Sum ganga ekki til þurrðar, þótt þau séu nytjuð í allríkum mæli, sbr. t. d. vatn eða ýmiss konar jarðargróður. Önnur verða aðeins notuð í eitt skipti og endurnýjast ekki fyrir afl náttúrunnar, sbr. t. d. málmar, mór og möl. Það er að sjálfsögðu verkefni lagasetningarvalds að setja ákvæði um nytjun ýmissa þessara verðmæta, og hefur slíkt verið gert að nokkru hér á landi, sbr. t. d. lög um náma, jarðhita, mótak, vatnsréttindi, skógrækt og ýmiss konar löggjöf um friðun á fiskum eða jafnvel öðrum þræði friðun á fuglum og spendýrum. Þótt slík lagaákvæði verði felld undir náttúruvernd í víðtækri merkingu, eru þessi ákvæði af talsvert öðrum toga spunnin en sú náttúruvernd, sem styðst við menningarleg eða félagsleg rök. Fá almenn ákvæði verða sett um þessa búskaparlegu náttúruvernd. Virða þarf við hverja tegund náttúruauðæfa, hversu takmarka eigi nytjun þeirra eða stuðla að eðlilegri nýtingu þeirra. Af þessum sökum þykir ráðlegra að skipa ákvæðum um þetta efni í sérlög, og er yfirleitt ekki mælt um þetta atriði í frv., sbr. þó t. d. 2. gr. 2. mgr.

3. Í 32. gr. frv. er lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til að sækja um inngöngu fyrir Ísland í alþjóðlega náttúruverndarsambandið. Við samningu frv. hefur verið höfð hliðsjón af samþykktum sambandsins, svo að íslenzk löggjöf girði ekki fyrir aðild Íslands að sambandinu.

4. Þegar setja á lög um efni eins og náttúruvernd, er ljóst, að ákvæði þeirra hljóta að koma nokkuð við eignarrétt einstakra aðilja. Frv. leggur eigendum og öðrum rétthöfum að eign þá skyldu á herðar, að þola ýmiss konar takmarkanir á eignarráðum sínum. Þeir verða að hlíta friðlýsingu á náttúruminjum o. fl. í löndum sínum (sbr. 1. gr. og að nokkru leyti 8. gr.), banna má þeim jarðnám ýmiss konar (2. gr.), og þeim er óheimilt að hafa uppi auglýsingar á eignum utan þéttbýlis eða áróðursspjöld eða áletranir (4. gr.). Þá er öllum mönnum, þ. á m. eigendum, lögð sú skylda á herðar að forðast allt það, er leiða kann til náttúruspjalla að þarflausu (3. gr.), og eigendur verða að sæta för almennings um óræktuð lönd þeirra og dvöl þar (6. gr.) og berjatínslu á vissum svæðum (7. gr.). Þegar almenn lög mæla fyrir um slíkar takmarkanir á eignarrétti, rís að jafnaði það álitaefni, hvort þær baki bótaskyldu.

Í frv. eru ekki almenn ákvæði um það, hvaða náttúruverndaraðgerðir baki bótaskyldu. Náttúruverndarnefndum og dómkvöddum yfirvirðingarmönnum er ætlað að greiða úr bótaþætti máls, þ. e. um bótagrundvöll og fjárhæð bóta. Úrlausn þeirra er fullnaðarúrslit varðandi ákvörðun um fjárhæð bóta, en úrlausn þeirra um bótagrundvöll má hins vegar bera undir dómstóla, sbr. 18. gr. frv. Um bótagrundvöllinn sjálfan, bótaskylduna, er örðugt að setja reglur í almennum lögum, þar eð 67. gr. stjórnarskrárinnar bindur hendur almenna lagasetningarvaldsins. Frv. byggir hins vegar á þeim skilningi á 67. gr., sem nú er tíðastur, að almennar takmarkanir á eignarrétti, sem leggjast með svipuðum þunga á alla þá eigendur, sem jafnt stendur á um, baki ekki bótaskyldu. Á það má benda hér, að á nokkrum stöðum í frv. er beinlínis veitt heimild til eignarnáms, sbr. 1. gr. d-lið, 7. gr. 4. mgr. (jafngildi eignarnáms), 8. gr. og 17. gr.

5. Hér að framan hefur það verið rakið, hver nauðsyn sé á setningu laga um náttúruvernd. Ljóst er, að árangur af slíkri löggjöf veltur á mörgum atvikum. Í fyrsta lagi er ókleift að vinna að þessum málum, nema nokkurt fé sé veitt til ýmissa aðgerða eftir lögunum. Í öðru lagi skiptir höfuðmáli, að náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð verði skipuð áhugamönnum, sem tök hafa á að beita sér í þessum efnum. En að lokum er á það að líta, að ekki má vænta góðs árangurs, nema allur almenningur sýni skilning í orði og verki á gildi náttúruverndar. Verður það væntanlega verkefni náttúruverndarráðs og félagsskapar náttúruunnenda að glæða þann skilning, m. a. með útgáfu upplýsingarrita um þessi mál. Er vikið að þessu verkefni náttúruverndarráðs í 27. gr. frv.

6. Hugtakið náttúruvernd hæfir e. t. v. ekki alls kostar vel því efni, sem frv. fjallar um. Í fyrsta lagi kann það að vekja þá hugsun, að frv. sé ætlað að fjalla um alla þætti náttúrunnar, sem vernda eigi eftir íslenzkum lögum. Í öðru lagi er mönnum sennilega ótamt og e. t. v. framandi að tala um náttúruvernd, þar sem er hin svo nefnda félagslega náttúruvernd. Að þessu leyti kann hugtakið náttúruvernd í frv. að vera of rúmt. En þess má geta í þriðja lagi, að vera má, að hugtakið sé of þröngt í einu sambandi. Hugtakið bendir a. m. k. fyrst og fremst til neikvæðra atriða, þ. e. til þess, að ætlunin sé að sporna við spjöllum á náttúrunni. En tilgangur með náttúruvernd er einnig sá, að efna til jákvæðra úrræða til að bæta úr spjöllum, sem þegar hafa verið framin á náttúrunni. Hugtakið náttúruvernd er valið hér þrátt fyrir þessa annmarka, og má vænta þess, að það verði mönnum tamt í þeirri merkingu, sem lögð er í það í frv. Ljóst er, að hugtakið náttúrufriðun, sem notað er í eldri frv., er flutt hafa verið á Alþingi um þetta efni, er of þröngt um þær aðgerðir, sem frv. þetta fjallar um.

7. Ýmis erlend náttúruverndarlög hafa verið höfð til hliðsjónar við samningu frv., svo sem Norðurlandalögin, þýzk lög, svissnesk og frönsk. Dönsku og sænsku lögin hafa verið endurskoðuð nýlega, sbr. lög nr. 140/1937 í Danmörku og lög frá 21. nóv. 1952 í Svíþjóð. Frv. til nýrra náttúruverndarlaga hefur og verið lagt fram í Noregi nýlega. Hafa þessi tvenn lög og lagafrumvörp reynzt drýgst til fyrirmyndar við samningu frv.

Athugasemdir við einstaka kafla og ákvæði frv.

Frv. er hlutað í sjö kafla. Fjallar I. kaflinn um umtak náttúruverndar eða svið hennar, þ. e. hvaða efni verði vernduð eða njóti verndar samkv. frv. II. kafli fjallar að nokkru um sama efni, en þar er rætt sérstaklega um aðgang almennings að náttúru landsins (félagslega náttúruvernd). Í III. kafla er rætt um stjórn náttúruverndarmála, í IV. kafla um úrlausn og meðferð náttúruverndarmála, í V. kafla eru almenn ákvæði, í VI. kafla eru ákvæði um refsingar og önnur viðurlög og í VII. kafla eru ákvæði um gildistöku og breytingar á eldri lögum.

I. kafli.

Um 1. gr.

Í 1. gr. eru greindar í heild lagaheimildir um friðlýsingu. Utan 1. gr. er þó veitt heimild í 8. gr. til að friða landsvæði. Sú friðun, sem þar getur, helgast af sjónarmiðum félagslegrar náttúruverndar eða náttúrunautnar, og þykir því hentara að skipa þeirri heimild með ákvæðum II. kafla en fjalla um hana í 1. gr.

Friðlýsingarheimildum er skipað í fjóra liði í 1. gr. Greining heimildanna er að verulegu leyti reist á því, að andlög friðunar eru mismunandi eftir liðunum. Í a-lið eru það sérstæðar náttúruminjar, sem eru andlög friðunar. Samkv. b-lið má friðlýsa jurtir og dýr, en eftir c- og d-liðum eru landsvæði háð friðlýsingu. Greinimunur á c- og d-liðum er fyrst og fremst sá, að eftir c-lið er ætlunin að stemma að meira eða minna leyti stigu við umferð um friðlýst landsvæði, en almenningur á að eiga aðgang að svæðum þeim, sem d-liður tekur til. Það er því fremur mismun-

andi markmið friðlýsingar, sem skilur milli c- og d-liða, en hitt, að andlögin séu misjöfn.

Ástæðurnar, sem liggja til grundvallar friðlýsingu samkv. 1. gr. eru mismunandi eftir því, á hvern liðinn er litið. Gætir þar mest tvenns konar ástæðna, sem nefna mætti fegurðarástæður og náttúrufræðilegar ástæður. En ljóst er, að oft eru ástæður þessar samslungnar, svo að þær ráða báðar tiltekinni friðun. Náttúrufræðilegar ástæður einar myndu tíðast ráða friðlýsingu samkv. b- og c-liðum 1. gr., og slíkt hið sama gæti átt sér stað um einstakar friðlýsingar samkv. a-lið 1. gr., en samkv. þeim lið gætu og fegurðarástæður einar sér ráðið friðlýsingu. Við friðlýsingu eftir d-lið myndi bæði reyna á náttúrufræðilegar ástæður og tíðast einnig fegurðarástæður.

Það er sammerkt öllum liðum 1. gr., að lagt er á vald náttúruverndarnefnda og náttúruverndarráðs að lokum að meta, hvort rétt sé að neyta heimilda 1. gr. til friðlýsingar. Því mati er sniðinn sá stakkur, samkv. a-lið, að friðlýsing er því aðeins heimil, að telja verði mikilvægt að varðveita náttúrumyndanir, og sama orðalag er notað í c-lið. Að efni til er og sama viðmiðunarregla í b-lið, en slíkrar reglu er ekki getið sérstaklega í d-lið, þótt mat þetta verði leyst þar með svipuðum hætti.

Friðlýsingarheimildir 1. gr. eru með allmismunandi móti. Af þessum sökum skiptir miklu máli, að heimildir þessar og flokkar friðlýstra náttúruminja séu skýrt aðgreind.

Virkasta úrræði til að koma á þeirri greiningu er það að velja hverjum flokki sérstakt heiti. Er lagt til, að sérstæðar náttúruminjar svo sem fossar, hellar, drangar, gígir o. s. frv., er friðlýstar hafa verið samkv. a-lið, séu nefndar náttúruvætti (vætti er hvorukyns, beygist sem kerti). Náttúruvætti samsvarar því, sem í bandarískri friðunarlöggjöf nefnist National monuments. Um sérstaka nafngift á jurtum og dýrum friðuðum samkv. b-lið er vart að ræða. Landsvæði friðlýst samkv. c-lið kallast friðlönd, og er þar fylgt gamalli og góðri málvenju, en friðland samsvarar hér nákvæmlega því, sem í bandarísku löggjöfinni nefnist National refuge. Landsvæði, sem friðlýst eru með stoð í d-lið, nefnast þjóðvangar, samsvarandi National parks í Bandaríkjunum, en fólkvangur þau svæði, sem friðuð eru samkv. 8. gr. frv., og samsvara þau Recreation areas í Bandaríkjunum. Virðist ekkert því til fyrirstöðu að taka orðið fólkvangur upp í þessari merkingu, þótt önnur sé merking þess orðs í fornu máli.

Um einstaka liði 1. gr. skal þessa enn fremur getið:

Um a-lið. — Andlag friðlýsingar er hér sérstæðar náttúruminjar. Í orðalagi ákvæðisins er það fólgið, að talning á þessum náttúruminjum sé ekki tæmandi. Ástæðurnar, sem hér geta legið til friðlýsingar, eru bæði þær, að friðlýsing hafi fræðilegt gildi, og eins þær, að náttúruminjar séu fagrar eða sérkennilegar. Geta og ástæður þessar farið saman. Friðlýsingin getur skapað bætta aðstöðu til rannsókna á náttúru landsins, og enn fremur til kennslu í náttúrufræðum. Að því er fegurðarástæður varðar, er þess að geta, að hvarvetna um lönd eru gerðar ráðstafanir af hendi allsherjarvalds til að vernda sérstaklega náttúrufagra eða sérkennilega staði. Er brýn þörf á að hafa heimild í lögum til slíkrar friðlýsingar hér á landi, þar sem óvenju mikið er um fagrar og sérkennilegar náttúruminjar, er laða að sér ferðamenn, innlenda og erlenda, og eru héraðsbúum til yndis. Þess er og að gæta, og er raunar næsta þýðingarmikið atriði, að hérlendis verða náttúruspjöll að jafnaði meira áberandi en erlendis og sjást víðar að vegna þess, hve landið er lítið gróið, og þó einkum vegna þess, hve skógvana það er.

Í a-lið er veitt heimild til að friðlýsa fundarstaði steingervinga og sjaldgæfra steintegunda. Er orðið mjög aðkallandi að fá lagaheimild til þess.

Um b-lið. — Samkvæmt b-lið er heimilt að friðlýsa jurtir eða dýr, sem hætt er við útrýmingu, á tilteknum svæðum eða á landinu í heild. Sá skildagi er orðaður, að miklu skipti frá náttúrufræðilegu eða öðru menningarlegu sjónarmiði, að náttúruminjar þessar varðveitist. Sker mat náttúruverndarráðs til fullnustu úr í því

efni. Hér er m. a. veitt heimild til að friða fágætar jurtir, sem e. t. v. vaxa aðeins á einum stað á landinu eða á örfáum stöðum, og hið sama á við um dýr, sem hliðstætt stendur á um, ef á skyldi reyna. Heimildin getur verið meira eða minna staðbundin, tekið til eins fundarstaðar, einnar sveitar, eins héraðs, landshluta eða landsins í heild. Væri t. d. plöntutegund enn algeng á Austfjörðum, en fyndist hvergi annars staðar á landinu að fráskildum tveimur smáblettum á Vestfjörðum, væri ástæða til að friða hana á þeim tveimur blettum, en engin ástæða til að friða hana á Austfjörðum.

Um c-lið. — Friðlýsing samkvæmt þessum lið tekur til landsvæða með sérstæðu gróðurfari eða dýralífi. Friðlýsing Eldeyjar í því formi, sem hún nú er til verndar súlubyggðinni í eynni myndi t. d. falla beint undir þennan lið, sömuleiðis myndi friðun einhvers óasa (vinjar) í hálendinu, t. d. Hvannalinda, falla hér undir. Oftast myndu náttúrufræðileg rök ein liggja til friðlýsingar eftir þessum lið, þótt önnur rök, t. d. menningarsöguleg eða atvinnusöguleg, geti einnig komið til greina. Markmiðið með friðlöndum þessum er að varðveita náttúruna óspillta með óbreyttu náttúrufari sínu og leyfa henni að þróast með náttúrlegum hætti. Um hvert slíkt friðland fyrir sig myndu gilda sérstök ákvæði, er sett væru af náttúruverndarráði, bæði um takmörkun umferðar og annað, er þurfa þætti við, til verndar gróðri og dýralífi svæðisins.

Um d-lið. — Ákvæðið veitir heimild til að stofna til þjóðvanga (þjóðgarða) á samfelldum svæðum með sérstæðu landslagi.

Hugmyndina um þjóðvanga má rekja til Bandaríkja Norður-Ameríku, sem fyrr greinir. Þjóðvangar í Bandaríkjunum eru nú 25 talsins, að meðtöldum þjóðvanginum á Hawaii, og eru 5 þeirra yfir 2000 ferkílómetrar. Þar að auki eru minni svæði, sem njóta náttúruverndar (National monuments), rúmlega 60 að tölu. Alls eru náttúruvernduð svæði í Bandaríkjunum meira en þriðjungur Íslands að flatarmáli.

Eftir bandarískri fyrirmynd hafa þjóðvangar verið stofnaðir í mörgum löndum. Má meðal hinna stærstu og merkustu nefna Canadian National Park í Alberta, Parc National d'Albert í austurhluta Belgísku Kongó og þjóðvangana í Argentínu, Suður-Afríku og Ástralíu. Þess er og skemmst að minnast, að stjórn Nýja-Sjálands friðlýsti fyrir fjórum árum 1600 ferkílómetra svæði syðst í landinu í því skyni að vernda fuglinn Takahe frá útrýmingu (fugl þessi var talinn útdauður, en hann fannst á þessu svæði fyrir fimm árum).

Í flestum eða öllum löndum á meginlandi Evrópu eru nú þjóðvangar. Jafnvel í Hollandi, þar sem þéttbýli og þröngbýli er geysilega mikið, eru 55 friðlýst svæði, og er hið stærsta þeirra 39 ferkílómetrar að stærð. Í Svíþjóð eru fleiri þjóðvangar en í hinum norrænu löndunum. Eru þeir 15 talsins. Kunnastur þeirra er Abiskó, náttúrufagurt og gróðursælt svæði við suðurströnd Torneträsk, en mestur sænskra þjóðvanga er Muddus, sem einnig er í Lapplandi, 492 ferkílómetrar að stærð.

Þjóðvangar gegna tvenns konar hlutverki eftir frv., náttúrufræðilegu og félagslegu. Er ætlunin að varðveita allstór landsvæði, þar sem þjóðvangarnir eru, og koma í veg fyrir, að þeim sé raskað, þannig að svæði þessi fái að þróast á náttúrlegan hátt. Er það mikið náttúrufræðilegt hagsmunamál að varðveita á þennan hátt dæmi um landslag og náttúru, sem ekki breytist fyrir tilverknað manna og njóti friðunar fyrir ágangi búfjár og annarra dýra. Þjóðvangar í öðrum löndum hafa og verið taldir mikilvægur vettvangur til náttúrufræðilegra rannsókna. Á það verður að leggja áherzlu, að náttúran fái að þróast með eðlilegum hætti á svæðum þessum, t. d. er ekki rétt að planta erlendum jurtum eða trjám í þessi svæði. Að sjálfsögðu væri forstöðumönnum slíkra garða heimilt og eftir atvikum skylt að útrýma meindýrum af þessum svæðum, þótt ekki sé þess sérstaklega getið í frv.

Þá er þjóðvöngum einnig ætlað að rækja félagslegt hlutverk. Þeir eiga að vera félagssvæði, þar sem almenningur á aðgang og getur notið náttúrunnar. Myndi dvöl manna þar vera fallin til að örva skilning þeirra á náttúru landsins og verða mönnum til heilsustyrktar.

Samkv. d-lið 1. gr. er gert ráð fyrir því, að landsvæði, sem eru í ríkiseign, yrðu fyrst og fremst tekin undir þjóðvanga. Hins vegar er ekki skotið loku fyrir, að lönd annarra aðilja verði tekin til þessara nota, og er veitt heimild til eignarnáms í ákvæðinu.

Í 8. gr. frv. er heimilað að stofna fólkvanga. Er ljóst, að verulegur mismunur er á þessu tvennu, þjóðvangi og fólkvangi samkv. frv. Fólkvöngum er fyrst og fremst ætlað að rækja félagslegt hlutverk. Hvorki er ætlunin að varðveita náttúruminjar, þar sem þeir garðar eru, né forða sérstæðu landslagi frá röskunum. Val á landi undir fólkvanga ræðst því af allt öðrum atvikum en val á landi til þjóðvanga. Í þessum fólkvöngum er ekki girt fyrir það, að náttúrunni sé raskað, erlendum jurtum plantað, leiktæki sett upp o. s. frv. Þrátt fyrir þetta geta slíkir garðar einnig gegnt náttúrufræðilegu hlutverki, enda er ætlunin, að þeir séu friðaðir fyrir ágangi dýra.

Þótt gert sé ráð fyrir aðgangi almennings að þjóðvöngum, er að sjálfsögðu á því byggt, að almennar reglur séu settar um aðgang almennings að görðum þessum og um umgengni, sbr. 30. gr. 2. málsgr. frv.

Hér á landi er einn þjóðgarður, eins og kunnugt er, þjóðgarðurinn á Þingvelli. Sérstök lög, nr. 59/1928, gilda um hann. Ástæðurnar, er ráða friðlýsingu Þingvallar, eru að sjálfsögðu fyrst og fremst sögulegar, þótt náttúruverndarrök liggi þar einnig til grundvallar. Renna því að nokkru aðrir stoðir undir þann þjóðgarð en þjóðgarða samkv. d-lið 1. gr. frv. Í frv. er gert ráð fyrir, að l. nr. 59/1928 haldi gildi sínu þrátt fyrir lögleiðslu þessa frv., enda mun heppilegt, að þjóðgarðurinn á Þingvelli lúti sérstakri stjórn, eins og verið hefur. Ástæða þykir til að benda á það hér, að æskilegt er að náttúra Þingvallar fái að þróast með eðlilegum hætti, án þess að erlendar jurtir eða tré séu gróðursett þar.

Í sambandi við 1. gr. frv. í heild er rétt að drepa á það, að í 17. sbr. 18. gr. frv. er því lýst nokkru nánar, í hverju friðun geti verið fólgin og hverjar ráðstafanir gera beri í sambandi við friðunina. Enn fremur er sett almenn eignarnámsheimild í lok 17. gr.

Um úrlausn friðlýsingarmáls samkv. 1. gr. er ákvæði í 12. gr. frv., og má sérstaklega vekja athygli á lokaákvæði 12. gr., þar sem áskilið er, að samþykki Menntamálaráðuneytis komi til í nokkrum tilvikum, þótt náttúruverndarráð hafi ákveðið friðlýsingu fyrir sitt leyti.

Um 2. gr.

Að framan var það rakið, að allmikil brögð væru að náttúruspjöllum hér á landi í sambandi við mannvirkjagerð. Því var og haldið fram, að oft mætti komast hjá slíkum spjöllum, án þess að framkvæmdir biðu hnekki við, ef forráðamenn mannvirkja hefði skilning á náttúruvernd og vilja til að forðast náttúruspjöll. Í 1. mgr. 2. gr. er lögð sú skylda á þá, sem ábyrgð bera á mannvirkjagerð eða jarðraski að leita álits náttúruverndarráðs, áður en verk er hafið, ef hætta er á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt.

Skylda til að leita álits náttúruverndarráðs er hér bundin við það, er fyrirhuguð mannvirkjagerð eða jarðrask veldur hættu á því, að sérkennilegt landslag breyti um svip eða merkum náttúruminjum sé spillt.

Það er að sjálfsögðu álitamál, hvenær hætta stafi af verki samkv. upphafi 2. gr.

Við sum mannvirki má jafnaðarlega vænta slíkrar hættu, svo sem við virkjanir og breytingar á vatnsborði stöðuvatna. Um önnur mannvirki fer þetta meira eftir atvikum, svo sem stærð þeirra, legu o. fl. Til dæmis um skaðvæna mannvirkjagerð mætti nefna vegagerð og skurðgröft, byggingu verksmiðju eða annars iðnaðarhýsis.

Ljóst er, að bygging venjulegra íbúðarhúsa getur leitt af sér þá hættu, sem rætt er um í upphafi 2. gr. Væri því út af fyrir sig æskilegt frá náttúruverndarsjónarmiði, að leitað væri álits náttúruverndaryfirvalda, áður en í slíka byggingu væri

ráðizt, ef aðstaða væri slík sem 2. gr. víkur að. En þess konar hættir væru sjálfsagt óframkvæmanlegir, og a. m. k. yrði náttúruverndarráði eða -nefndum bersýnilega ofviða að hafa eftirlit með þeim málum öllum. Lögleiðsla ákvæðis, er að slíku lyti, myndi vera athafnalífinu allt of mikill fjötur um fót. Yfirleitt verður að vara við því að teygja náttúruverndina of langt. Þeir, sem unna náttúruvernd, verða að ætla sér af. Hér er einnig á það að líta, að allur þorri húsbygginga veldur ekki neinni hættu á óhagstæðri breytingu á landslagi. Er því sleginn sá varnagli, að ekki þurfi að leita álits náttúruverndarráðs, þegar reisa skuli íbúðarhús. Af sömu sökum er sá fyrirvari gerður, að óþarft sé að leita álits ráðsins, þá er reisa á venjulegar byggingar í sambandi við landbúnað.

Er leggja skal í annars konar mannvirkjagerð en íbúðarhúsbyggingar og byggingar, sem standa í sambandi við landbúnað, er hins vegar skylt að leita álits náttúruverndarnefnda. Þetta tekur þó ekki til mannvirkja, sem reist eru í kaupstöðum og kauptúnum. Ástæðurnar til þessa fyrirvara eru í fyrsta lagi þær, að minna er í húfi á þessum svæðum frá náttúruverndarsjónarmiði, en í öðru lagi er yfirleitt lögskylt að gera skipulagsuppdrætti af þeim, og ættu þá bygginganefndir og skipulagsnefndir að gæta þess m. a., að mannvirki raski ekki sérstæðu landslagi.

Samkv. 2. gr. ber að leita álits náttúruverndarráðs. Að sjálfsögðu kom til greina að orða frumvarpsregluna þannig, að leita skyldi til náttúruverndarnefnda í stað náttúruverndarráðs. Kostirnir við síðargreindu hættina eru þeir, að hægara er að leita til nefndar, sem er nálægt vettvangi, en til ráðs, sem aðsetur hafi í Reykjavík, og nefndarmenn hafi meiri staðarþekkingu en náttúruverndarráðsmenn. Rökin fyrir þeirri skipan, að leita skuli til náttúruverndarráðs, eru hins vegar allmörg. Í fyrsta lagi er á það að líta, að flest þeirra mannvirkja, sem eru þannig vaxin, að skylt er að leita álits um þau, eru reist eða unnin á vegum stofnana, sem aðsetur hafa í Reykjavík. Má nefna sem dæmi rafvirkjanir, vegagerðir, brúa- og símaframkvæmdir og hafnargerðir, að svo miklu leyti sem þær geta fallið hér undir. Forráðamenn þeirra stofnana, sem standa fyrir slíkum mannvirkjum, eiga hægara með að leita til náttúruverndarráðs en einstakra náttúruverndarnefnda. Einnig má benda á það, að verkfræðileg störf í sambandi við mikinn fjölda annarra mannvirkja eru unnin í Reykjavík, og verður þá tiltölulega greitt að leita til náttúruverndarráðs. Þá er og fremur að vænta samræmdra aðgerða í þessum sökum, ef náttúruverndarráð ræður þessu atriði til lykta en náttúruverndarnefndir. Loks má nefna, að í náttúruverndarráði er betur séð fyrir kunnáttumönnum í náttúrufræði og verkfræði en er um náttúruverndarnefndir. Ættu því umsagnir ráðsins að verða þyngri á metunum en álit nefndanna. En ljóst er, að ráðið myndi hafa samband við héraðsnefnd þá, þar sem mannvirkið er fyrirhugað, til öflunar upplýsinga, ef þörf þætti.

2. gr. 1. mgr. skyldar forráðamenn mannvirkjagerða o. fl. til að leita álits náttúruverndarráðs. Umsögn ráðsins er hins vegar ekki bindandi í þeim skilningi, að óheimilt sé að reisa mannvirki, ef umsögn leggur gegn því. Að vísu kom til orða að hafa umsögn ráðsins bindandi, en frá því var horfið fyrir þá sök eina, að talið var, að slíkir hættir fælu í sér of mikið haft á athafnalíf manna. Í því sambandi er einnig á það lítandi, að vænta má þess að umsögnin skipti miklu máli, þótt ráðið geti ekki með þessum hætti girt fyrir mannvirkjagerð, því að reynslan sýnir, að náttúruvernd á yfirleitt miklu fylgi að fagna. Menn valda miklu oftar náttúruspjöllum af gáleysi en ásetningi. Þegar mannvirki skal reisa á vegum ríkis eða bæjar, má yfirleitt ætla, að umsögnin verði virt til fullnustu, og eins er í þeim tilvikum, er þessir opinberu aðiljar leggja að einhverju leyti atbeina sinn til mannvirkja eða sækja þarf um leyfi til þeirra um að reisa mannvirki. Það, sem hér er lagt til, er og að ýmsu leyti vænlegt til þess að stofna til góðrar samvinnu milli náttúruverndarráðs og ýmissa verktaka.

Þótt umsögn náttúruverndarráðs sé ekki bindandi, er þó skylt að leita álits ráðsins. Ef vanrækt er að leita umsagnar, getur lögreglustjóri varnað því, að verki sé haldið áfram, sem hafið er, sbr. 1. mgr. 2. gr. Enn fremur getur sú vanræksla

varðað sektum samkv. 33. gr., en byggt er á því, að ekki séu höfðuð mál, nema um tvímælalaust brot sé að ræða, þar eð mönnum má oft vera óljóst, hvort skylda samkvæmt upphafi 2. gr. hvíli á þeim.

Vera má, að náttúruverndarráði þyki ekki ástæða til að leggja gegn því, að í mannvirki sé ráðizt, þótt vænta megi nokkurra spjalla á sérkennilegu landslagi eða náttúruminjum. Í 4. málslið 1. mgr. greinarinnar er ráðinu þá heimilað það úrræði að leggja fyrir forstöðumenn mannvirkis að gæta sérstakrar varúðar í því skyni að forðast náttúruspjöll og að efna til ráðstafana til að koma í veg fyrir óþörf náttúruspjöll. Nú er fyrirlagi ráðsins ekki sinnt, og varðar það þá refsingu samkv. 33. gr., og auk þess er heimilt að beita dagsektum til að knýja fram ráðstafanir eftir sömu grein. 4. málsl. 1. mgr. á einnig við í þeim tilvikum, er ráðið hefur lagt gegn mannvirki í umsögn sinni, samkv. 1. málsl., en forstöðumaður mannvirkis hefur lagt í það allt að einu. Náttúruverndarnefnd er einnig heimilað að beita þessu úrræði, en úrlausn nefndar skal bera undir náttúruverndarráð, svo sem segir í 12. gr.

Í 2. mgr. er náttúruverndarnefndum heimilað annað tveggja að leggja bann við sandnámi, grjótnámi eða annars konar jarðnámi, þ. á m. moldarnámi, eða áskilja, að leyfis sé leitað hverju sinni til jarðnámsins, ef sérstök hætta er á því, að sérkennilegu landslagi eða merkum náttúruminjum sé raskað. Úrskurði nefndar má skjóta til náttúruverndarráðs innan tveggja mánaða frá almennri birtingu úrskurðar í B-deild Stjórnartíðinda.

Ákvæði 2. mgr. er mjög mikilvægt, þar eð stórkostleg náttúruspjöll hafa verið framin hér á landi með töku þeirra efna, sem ákvæðið lýtur að. Jarðnám leiðir stundum til landbrots, í annan tíma veldur það hættu á uppblæstri og gróðurauðn, og oft eru mikil náttúrulýti af því, svo sem malargryfjurnar meðfram þjóðvegum landsins bera órækt vitni um.

Í l. nr. 123/1940, um bann gegn jarðraski, eru tvenns konar ákvæði sett um jarðrask. Í fyrsta lagi segir svo í 1. mgr. 1. gr. laganna: „Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, malartaka og annað jarðrask í fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annarra mannvirkja.“ Í öðru lagi segir svo í 2. mgr. 1. gr.: „Ráðherra er enn fremur heimilt að banna sand- og malartöku, hvar sem er á landinu, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af því jarðraski að dómi Búnaðarfélags Íslands og vitamálastjóra.“

Ákvæði 1. mgr. 1. gr. laga nr. 123/1940 styðst við mikla nauðsyn. Þykir ekki ástæða til að hagga við því með þessu frv. Rétt þykir þó að breyta 2. gr. laganna, þar sem heimilað er að veita undanþágur frá 1. mgr. 1. gr. í það horf, að samþykkis náttúruverndarráðs skuli leita í stað samþykkis vitamálastjóra, svo sem er í 2. gr. í núgildandi mynd. Er tillaga til breytingar á 2. gr. laga nr. 123/1940 tekin upp í 35. gr. frv.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 123/1940 er miklu víðtækara og tekur til landsins alls. Banna má jarðrask, ef byggð eða nytjalandi stafar mikil hætta af því. Forsenda bannsins er því fyrst og fremst sú, að búskaparleg gæði séu í húfi. Nauðsynlegt er að hafa almennt ákvæði í frv. um náttúruvernd þess efnis, að hægt sé að stemma stigu við jarðnámi, sem hafi í för með sér röskun á sérstæðu landslagi eða valdi hættu á, að merkum náttúruminjum sé spillt. Úrlausn um það efni á að sjálfsögðu undir náttúruverndaryfirvöld. Nú er mjög óheppilegt að hafa tvenns konar lagaákvæði, er heimila að leggja bann við jarðraski, þ. e. bæði 1. gr. 2. mgr. l. nr. 123/1940 og ákvæði í væntanlegum náttúruverndarlögum. Er lagt til í frv., að 2. mgr. 1. gr. l. nr. 123/1940 sé numin úr lögum, en mál þessi lögð í heild til úrlausnar náttúruverndarnefnda, enda sé kostur á að áfrýja úrlausn nefndar til náttúruverndarráðs. Rétt þykir að heimila nefndunum að fella á bann við jarðraski einnig í því tilviki, þegar nytjalandi eða byggð stafar hætta af jarðraski. Við úrlausn þess, hvort

bann skyldi lagt við í slíku tilviki, væri rétt að hafa samvinnu við Búnaðarfélag Íslands.

Það þykir ekki ástæða til að hafa hér sérákvæði um mótak og málmvinnslu, en byggt er á því, að leyfi til þess konar jarðrasks verði yfirleitt veitt, ef raunhæf þörf er á því.

Þess var fyrr getið, að frágangi á mannvirkjum er mjög ábótavant hér á landi, og eins skortir nokkuð á, að frá annars konar jarðraski af mannavöldum sé gengið með viðunandi hætti. Er slíkt oft og einatt til mikilla náttúrulýta. Í 3. mgr. 2. gr. frv. er náttúruverndarnefndum heimilað að leggja fyrir forstöðumann mannvirkja að bæta úr ósnyrtilegum frágangi í sambandi við mannvirkjagerð eða annað jarðrask. Ef tilmælum nefndar er ekki sinnt, er henni heimilt að beita dagsektum til að knýja þá, sem ábyrgð bera á jarðraski, til þeirra ráðstafana, sem þörf er á.

Umbætur þær, sem 3. mgr. 2. gr. lýtur að, eru alls ekki alltaf kostnaðarsamar. Úrræðaleysi í þessu efni má oft rekja til slóðaskapar og skilningsskorts á gildi sæmilegrar umgengni fremur en fjárhagslegrar vangetu. Er full þörf að veita náttúruverndarnefndum heimild þá, sem ákvæðið fjallar um. Byggt er á því, að nefndirnar neyti þessarar heimildar í hófi, t. d. yrði að kanna það, hvort sá aðili, sem skylda er felld á, skorti fjárhagslegt bolmagn til úrbóta. Fyrirmælum náttúruverndarnefnda má skjóta til náttúruverndarráðs innan fjögurra vikna frá því, er fyrirmæli voru birt aðilja.

Náttúruverndarnefnd er rétt að kveða á um, hvaða úrbætur komi efnislega til greina. Fer það auðvitað eftir atvikum hverju sinni, hverjar þær séu. Þar sem land hefur verið skorið sundur með jarðýtum, kæmi t. d. til greina að sá grasfræi, svo að land greri upp að nýju, jafna mætti hröngl, sem grafið hefur verið upp úr skurðum og hrúgað hefur verið á bakka þeirra, malargryfjur má stundum byrgja, hreinsa þarf umhverfis byggingar og lagfæra lóð o. s. frv.

Í sambandi við efni 2. gr. í heild sinni er það ljóst, að mikilvægt er, að náttúruverndarráð leiti samvinnu við þær stofnanir, sem standa fyrir miklum mannvirkjum, svo sem vegamálaskrifstofu, vitamálaskrifstofu og raforkumálaskrifstofu. Til þess að sýna, hve mikið liggur hér við, ef óhyggilega er á málum haldið, og hversu miklu má bjarga með góðri samvinnu, þykir rétt að taka hér upp kafla úr grein, er Sigurður Þórarinsson reit í Náttúrufræðinginn, 20. árg. 1950, bls. 9—10: „Þær vatnsvirkjanir til raforkuvinnslu, sem fyrirhugaðar eru á næstu áratugum, stofna nokkrum náttúruverðmætum í hættu, ef ekki verða þar virt önnur sjónarmið en þau hreint fjárhagslegu. Í augum verkfræðingsins, sem á að gera áætlanir um orkuver og eðlilega vill vinna sem ódýrasta orku, er Skógarfoss fyrst og fremst foss, sem óvenju ódýrt er að virkja, miðað við hestafl. Frá sjónarmiði þeirra, er telja náttúrufegurð einhvers virði, er Skógarfoss nokkuð annað. Frá sjónarmiði Akureyringa, sem plágast af rafmagnsleysi vetur hvern, sökum klakastíflu í Laxá, er Mývatn vatn, sem stífla má upp og nota til vatnsmiðlunar í Laxá og til að ryðja burt klakastíflum. Frá sjónarmiði náttúruunnenda er Mývatn einna fegurst vatn á landi hér. Frá hreint náttúrufræðilegu sjónarmiði er það fullkomlega einstætt náttúrufyrirbrigði, ekki aðeins hérlendis, heldur í allri Evrópu og þótt víðar væri leitað, svo einstætt, að útlend náttúrufræðingasamtök myndu skerast í leikinn, ef sú frétt bærist þeim, að hrófla ætti að nokkru ráði við Mývatni.

Nú er það ekki skoðun mín, að náttúrufræðingar eigi að hafa í hendi sér að geta stöðvað nauðsynlegar framkvæmdir, ef þeim virðist það nauðsynlegt til verndar einhverjum náttúrumenjum. En ég tel bæði sjálfsagt og nauðsynlegt að stöðva tilgangslaus náttúruspjöll. Það verður að opna augu yfirvaldanna og almennings fyrir nauðsyn þess að taka eitthvert tillit til þeirra verðmæta, sem náttúrumenjar geta fólgið í sér. Oftast má með góðum vilja bjarga a. m. k. einhverju af þessum verðmætum, án þess að það þurfi að stangast verulega við svo kölluð praktísk sjónarmið.

Tökum aftur sem dæmi Mývatn. Setjum svo, að nauðsynlegt væri vegna virkj-

unarskilyrða að geta breytt hæð vatnsborðsins um 50 cm. Fyrir raforkuverkið gæti staðið á sama, hvort þessi breyting væri gerð með hækkun eða lækkun vatnsborðsins, en fyrir lífið í vatninu og fyrir gróður og fuglalíf á eyjum þess og ströndum getur það haft allt önnur áhrif, hvort það er hækkað eða lækkað, eða hvort það er t. d. hækkað um 30 og lækkað um 20 cm. Eins getur skipt verulegu máli, á hvaða tímum árs vatnsborðið þyrfti að breytast. Ef ekki er hægt að hlífa vatninu með öllu við breytingum, eins og langæskilegast væri, verður að reyna að finna ráð til að bjarga svo miklu sem auðið verður af náttúruverðmætum. Hér er um vandamál að ræða, sem ekki verður leyst nema í samvinnu við náttúrufræðinga, og það skal tekið fram, að Raforkumálaskrifstofan hefur sýnt góðan skilning á þessu máli.“

Um 3. gr.

Efni ákvæðisins er að mæla mönnum almenna varúðarskyldu í umgengni við náttúru landsins og að fella á menn refsingar fyrir náttúruspjöll og loks að draga úr því með refsiákvæði, að menn skilji eftir rusl úti í náttúrunni, svo að til óprýði sé eða hættu.

Refsiákvæði 1. mgr. er við það miðað, að menn spilli náttúru landsins af ásetningi eða gáleysi með ólögmætum hætti. Náttúruspjöll geta að sjálfsögðu orðið við ýmiss konar mannvirkjagerð, sem er fyllilega lögmæt, og kemur ekki til álita, að ákvæði 1. mgr. 3. gr. nái til þess, ef um raskanir er að tefla, sem jafnaðarlega eru samfara slíkri mannvirkjagerð. Orðin „með ólögmætum hætti“ gefa til kynna þann fyrirvara, sem hér verður að setja. Leggja þau á vald dómstóla að meta það, hvenær háttsemi sé lögmæt í þessu efni, eftir almennum sjónarmiðum í refsirétti um svonefnt hagsmunamat o. fl.

Umgengni almennings við náttúru landsins er verulega ábótavant. Vissulega er vænlegast að temja mönnum hæfilega umgengnishætti á þessu sviði með heppilegum uppeldisáhrifum og með því að móta ríkt almenningsálit, sem einhuga er um að fordæma óþörf náttúruspjöll. Orkar ekki tvímælis, að ýmsum félögum, einkum Ferðafélagi Íslands og Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi, hefur orðið mikið ágengt um að verka á almenningsálit í þá átt, sem hér var getið. Allt um það verður ekki hjá því komizt að hafa í íslenzkum lögum almennt refsiákvæði um náttúruspjöll, og má vænta þess, að það skapi mönnum nokkurt aðhald í þessum efnum.

1. mgr. 3. gr. veitir náttúru landsins í heild vernd. Ákvæðið tekur ekki til spjalla, sem unnin eru á friðlýstum svæðum, heldur varða spjöll á þeim við 33. gr. 2. mgr. frv. Rétt er að benda á það, að í ýmsum sérlögum er rætt um spjöll á vissum þáttum náttúru eða náttúrulífs og ganga refsiákvæði slíkra sérlaga framar hinu almenna refsiákvæði 3. sbr. 33. gr. Í skógræktarlögum, lögum um sandgræðslu og heftingu sandfoks, vatnalögum o. fl. eru t. d. slík sérstök refsiákvæði. En þegar refsiákvæði sérlaga þrýtur, á hið almenna ákvæði 3. gr. við. Ákvæði lögreglusamþykkta kunna að vera nothæf samfara refsiákvæði 3. gr. 1. mgr.

1. mgr. 3. gr. tekur til hvers konar ólögmætra spjalla á náttúrunni. Skiptir ekki máli, hvaða aðferð er við höfð. Það er því refsivert eftir ákvæðinu að spilla gróðri, hvort sem það leiðir til uppblásturs eða ekki, raska hverum eða laugum að þarflausu, svo að til spjalla sé, brjóta dröngla úr hellum, skemma sérkennilegar jarðmyndanir o. s. frv.

Í 2. mgr. er fjallað um þá háttsemi að skilja eftir rusl á víðavangi, svo að til óprýði sé eða hættu. Því miður kveður allt of mikið að því hérlendis, að menn hendi frá sér rusli og þrífi það ekki eftir sig, þegar þeir eru staddir úti í náttúrunni. Sá, sem ferðast með bifreið um þjóðvegi landsins, kemst vart hjá því að sjá umhverfis veginn hrannir af alls konar rusli, sem fleygt hefur verið, svo sem flöskur og flöskubrot, umbúðir alls konar, bréfsnuddur, niðursuðudósir o. m. fl. Á tjaldstöðum og áningarstöðum blasir oft við óglæsileg mynd af viðskilnaði manna, sem þar hafa hafzt við. Ægir þar saman alls konar drasli og óhroða, sem er til óþrifa, náttúrulýta og óþæginda fyrir þá, sem síðar hasla sér völl á þessum vettvangi. Mun ekki orka tví-

mælis, að mikil þörf sé á almennu refsiákvæði um þá háttsemi, sem 2. mgr. 3. gr. víkur að. Í lögreglusamykktum margra sýslufélaga eru að sönnu ákvæði, sem lúta að þrifalegri umgengni um áningarstaði og tjaldstaði. En þau ákvæði eru vart fullnægjandi. Fyrst og fremst fjalla þessi ákvæði yfirleitt ekki um almenna óhreinkun á náttúru landsins, heldur aðeins eða einkum um hirðuleysislega umgengni um tjaldstæði og áningarstaði. Ákvæði þessi eru einnig nokkuð sitt með hverju mótinu, og er bersýnilega þörf á samræmingu ákvæðanna. En auk þess er á það að líta, að ákvæði lögreglusamþykkta eru yfirleitt miður kunn en ákvæði, sem sett eru í almenn lög, enda má vænta þess, að náttúruverndarráð beiti sér fyrir því að kynna almenningi ákvæði þessa frv., ef lögfest verður. Þá má einnig geta þess, að náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð myndu hafa nokkurt eftirlit með því, að ákvæðum 3. gr. 2. mgr. frv. verði hlýtt, og fæst með því aukin trygging fyrir því, að ákvæðin verði raunhæf.

Í 3. mgr. er veitt heimild til þess að láta hreinsa rusl á kostnað þess, sem brotlegur er. Krafa um endurgjald er lögtakskræf samkv. 1. gr. l. nr. 29/1885.

Um 4. gr.

Efni ákvæðisins er að koma í veg fyrir viðskiptaauglýsingar utan kaupstaða og kauptúna og áróðursspjöld eða áletranir á sömu svæðum.

Hér á landi eru nokkur brögð að því, sérstaklega í grennd við Reykjavík, að auglýsingar um einstakar vörur séu settar upp í námunda við þjóðvegi. Hafa auglýsingar þessar jafnvel verið ritaðar á erlendu máli. Þær eru sjaldnast smekklega úr garði gerðar og eru yfirleitt til mikilla lýta á náttúru. Við þessum ósóma, sem tekinn er hér upp eftir erlendri fyrirmynd, verður að stemma stigu eftir föngum.

Í vegalögum nr. 34/1947, 36. gr. 7. og 8. málsgr., eru svofelld ákvæði: „Hvergi má festa upp auglýsingaspjöld meðfram alfaravegum utan kaupstaða og kauptúna né setja upp auglýsingar á annan hátt, nema um opinbera tilkynningu sé að ræða. — Heimilt er þó þeim, sem býr við alfaraveg, að auglýsa þar atvinnurekstur sinn.“ Ákvæði þessi voru lögfest 1933 og voru þá sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum í frv. til laga um náttúrufriðun o. fl., sem lagt var fyrir Alþingi 1932. Í lögreglusamþykktum ýmissa sýslna er einnig ákvæði, sem lúta að auglýsingum, en þau eru þó ekki fullnægjandi að þessu leyti. Ákvæðin í vegalögum leggja aðeins bann við auglýsingum meðfram alfaravegum, en full ástæða er til að bera niður á auglýsingum, þótt þær séu ekki við alfaraveg. Eiga ákvæði um þetta efni yfirleitt fremur heima í lögum um náttúruvernd en vegalögum, enda er slíkum ákvæðum skipað í náttúruverndarlög víðast erlendis. Eru því mótaðar tillögur um þessi efni í 4. gr. frv. þessa, en jafnframt er kveðið svo á í 35. gr. frv., að fyrrgreind ákvæði 36. gr. vegalaga séu numin úr gildi.

Spjöld eða áletranir, sem fela í sér áróður, eru að vísu ekki mikið tíðkuð hér á landi utan þéttbýlis. En fullt tilefni er þó til þess að girða fyrir slík áróðursspjöld, sem geta leitt til engu minni náttúrulýta en auglýsingar þær um viðskipti, sem fyrr var vikið að. Er lagt bann við slíkum spjöldum og áletrunum í sænskum lögum.

Meginregla samkv. 4. gr. frv. um auglýsingar er sú, að þær séu óheimilar utan kaupstaða og kauptúna. Frá þeirri reglu eru þó tvær undantekningar. Í fyrsta lagi er heimilt að auglýsa starfsemi eða þjónustu á þeirri eign, þar sem starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Í öðru lagi eru það aðeins auglýsingar, sem eru viðskiptalegs eðlis, sem skorður eru reistar við. Skal nú farið nokkrum orðum um hvert þessara atriða um sig.

Bannið gegn auglýsingum tekur aðeins til svæða utan kaupstaða og kauptúna. Styðst þessi takmörkun á reglunni við það annars vegar, að minni náttúrulýti eru að auglýsingum í þéttbýli en strjálbýli, og hins vegar er miklu meiri raunhæf þörf á auglýsingum á fyrrnefndu svæðunum en hinum síðarnefndu. Lagareglur um byggingarmálefni og skipulagsmál veita og úrræði til að vinna gegn t. d. auglýsingaspjöldum, sem varanleg eru, í þéttbýli.

Þótt auglýsingar, sem settar eru upp eða komið er fyrir utan þéttbýlis, séu yfir-

leitt til lýta, er á það að líta, að þær geta stundum gegnt allmikilvægu hlutverki. Vegast þá á tvenns konar hagsmunir, hagnýtt gildi auglýsingar og náttúruverndarsjónarmið.

Auglýsingar hafa t. d. hagnýtt gildi fyrir ferðamenn til upplýsingar um það, hvar greiðasala sé eða gististaðir. Tillitið til eiganda fasteignar eða þess, er rekur atvinnu í fasteign, mælir og með því, að leyfilegt sé að auglýsa atvinnustarfsemi á eigninni sjálfri. Af þessum sökum þykir ekki fært að banna auglýsingar um atvinnu eða þjónustu, ef auglýsingar eru settar á þá eign, þar sem starfsemi fer fram. Undantekningin frá meginreglunni er orðuð svo í 4. gr., að heimilt sé að setja upp auglýsingu á eign, þar sem starfsemi fer fram eða þjónusta er veitt. Með „eign" er hér átt við það, að heimilt sé að setja upp auglýsingu á starfhýsi. Hins vegar er ekki heimilt án leyfis náttúruverndarnefndar að koma fyrir auglýsingum annars staðar á landareign en á húsinu sjálfu. Er sjaldnast þörf á slíkum auglýsingum nema á húsi sjálfu, og er því eðlilegast að banna slíkar auglýsingar að meginstefnu, en heimila þó náttúruverndarnefndum að veita undanþágu, þegar sérstaklega stendur á. Getur nefnd þá sett það skilyrði fyrir leyfi, að auglýsing sé smekklega gerð og snyrtilega sé gengið frá henni.

Hin undantekningin frá auglýsingabanninu er fólgin í því, að það eru eingöngu auglýsingar viðskiptaeðlis, sem bannaðar eru (þ. e. „reklame"). Samkvæmt því eru ýmsar auglýsingar leyfðar, svo sem tilkynningar um margs konar mannfundi, ýmsar auglýsingar frá opinberum aðiljum, tilkynningar um það, hvenær aðgangur sé að ýmsum opinberum stofnunum, tilkynningar um fundna muni o. fl. Spjöld, sem á eru letruð eða rist bæjarnöfn, eru leyfileg samkv. ákvæðinu, umferðarmerki einnig að sjálfsögðu, upplýsingar um sögustaði eða náttúruminjar, spjöld eða áletranir, sem gefa til kynna bann gegn háttsemi, svo sem bann gegn aðgangi að eign, bann gegn berjatínslu, fuglaveiði o. fl. Vegvísar ættu og að falla undir undantekninguna, þótt þeir geti að vísu haft nokkurt viðskiptalegt auglýsingagildi (t. d. þegar vegvísir er settur við þjóðveg, og honum er ætlað að sýna skemmstu leið til hótels, er stendur við þverveg, eða sýna, hvar næsta benzinstöð sé). En áskilja verður þó, að vegvísarnir séu staðsettir þar, sem þörf er á þeim vegna hagsmuna umferðarinnar, og ekki sé raunverulega verið að ganga á svig við auglýsingabannið með þessu.

Enn fremur verður að áskilja, að vegvísarnir séu ekki stærri eða meir áberandi en títt er, svo að þeir geti gegnt umferðarhlutverki sínu, þ. e. ekki má vera um dulbúna viðskiptaauglýsingu að tefla.

Hér að framan hefur verið rætt um það, hvers konar auglýsingar sé óheimilt að hafa uppi. Ef auglýsing er að efni til óheimil, skiptir gerð hennar yfirleitt ekki máli. Í ákvæðinu er því atriði lýst svo, að óheimilt sé að setja upp auglýsingaspjöld, festa upp auglýsingar eða letra þær á mannvirki. Þessar aðferðir við að koma fyrir auglýsingum eru aðeins nefndar í dæma skyni. Ljóst er, að sá háttur um að letra auglýsingu, sem fólginn væri í að rista hana í tré eða klappa hana í stein, lyti ákvæðinu, og yfirleitt skiptir formun auglýsingar ekki máli.

Samkv. 4. gr. hafa náttúruverndarnefndir heimild til að veita undanþágu frá auglýsingabanninu. Því er ekki lýst sérstaklega, hvenær slík leyfi verði veitt, heldur er það lagt óskorað á vald nefndanna. Byggt er á því, að leyfi verði því aðeins veitt, að sérstaklega standi á. Í 4. gr. segir berlega, að ekki sé þörf á því að skjóta ákvörðun nefndar um leyfi til náttúruverndarráðs.

Í 3. mgr. er náttúruverndarnefndum heimilað að leggja fyrir aðilja að taka niður auglýsingu eða breyta henni, þótt auglýsingin í sjálfu sér sé ekki andstæð lögunum. Forsenda fyrir þessu er sú, að auglýsingin sé til óprýði að mati náttúruverndarnefndar eða náttúruverndarráðs, þegar mál kemur þangað. Ákvæði þetta hvílir á þeirri staðreynd, að auglýsingar, sem ekki þykir gerlegt að byggja út með frv. þessu, t. d. áletranir á húsi um gistihússrekstur þar eða annars konar atvinnurekstur, kunni að vera yfirtak ósmekklegar, svo að til beinna lýta sé. Er náttúruverndarnefnd þá heimilað annað tveggja: að leggja fyrir aðilja að taka auglýsingu

niður eða breyta henni. Er heimilt að bæta beinan kostnað, sem aðili sætir vegna þessa, þ. e. kostnað við að taka niður auglýsingu, breyta henni eða setja aðra í staðinn. Vert er að geta þess, að eigandi á ekki bótarétt vegna þess atviks, að frv. tekur í ýmsum greinum fyrir, að hann geti haft uppi auglýsingar á eign sinni eða í eignarlandi.

Sinni eigandi ekki ákvæðum 4. gr. eru afleiðingarnar fyrst og fremst þær, að lögreglumenn geta tekið niður auglýsingar, sem settar eru andstætt banni greinarinnar, á kostnað hins brotlega, ef því er að skipta. Enn fremur getur sá, sem brotlegur reynist við ákvæði, bakað sér refsingu samkv. 33. gr.

Í sænsku lögunum eru þær auglýsingar einar, sem lúta að viðskiptum, bannaðar, svo sem gert er í frv. En sá fyrirvari er einnig gerður, að lausar auglýsingar (affischer) falli utan auglýsingabannsins, þ. e. auglýsingar, sem ekki eru úr varanlegu efni eða ekki eru settar sérstakar tilfæringar undir. Þó er stundum hægt að bera niður á slíkum auglýsingum samkv. refsiákvæðinu um illa umgengni um náttúru. Ljóst er, að slíkar lausar auglýsingar horfa yfirleitt síður til náttúrulýta en föstu auglýsingarnar, sem svo mætti nefna. En allt að einu er æskilegt að reisa rönd við þeim. Þeir hagsmunir, sem í húfi eru á hinu leitinu, þ. e. viðskiptahagsmunir fyrst og fremst, sýnast ekki vera svo mikilvægir, að þeirra vegna verði að leyfa þessar auglýsingar.

Í 4. mgr. 4. gr. er lagt óskorað bann við áletrunum á náttúrumyndanir. Náttúruverndarnefndir geta ekki leyft slíkar áletranir, andstætt því, sem er um áletranir, sem greinir í 1. málsgr. Hvers konar áletranir eru bannaðar samkv. 4. málsgr., og ekki einungis áletranir, sem fela í sér auglýsingar eða áróður. Áletranir á náttúrumyndunum styðjast sjaldnast við raunhæfar þarfir, en hins vegar eru þær til mikilla lýta. Er því lagt til, að þær séu bannaðar skilmálalaust. Bannið gegn áróðursspjöldum er einnig óskorað.

Um 5. gr.

Efni ákvæðisins er að áskilja, að leita skuli umsagnar náttúruverndarráðs, áður en leyfi sé veitt til innflutnings á lifandi spendýrum.

Alkunna er, að dýr geta unnið hin mestu spellvirki á náttúru landsins. Er minkurinn nærtækt dæmi hér á landi, en hann mun mega telja einn hinn mesta vágest, sem gist hefur þetta land frá örófi alda, þegar litið er til náttúrulífs. Yfirleitt verður að sýna hina mestu varúð um að leyfa innflutning dýra, ekki eingöngu frá náttúruverndarsjónarmiði, heldur einnig að sjálfsögðu út frá heilbrigðissjónarmiðum. Er tvímælalaust bót að því, að umsagnar sem flestra dómbærra aðilja sé leitað, áður en horfið er að slíkum innflutningi. Í 2. gr. l. nr. 15/1948 er mælt svo fyrir, að innflutningur á hvers konar dýrum, þar með taldir fuglar, sé háður leyfi landbúnaðarráðherra. Leyfi má ekki veita, nema stjórn Búnaðarfélags Íslands mæli með því og yfirdýralæknir samþykki innflutninginn. Í 5. gr. frv. er lagt til, að einnig skuli leitað umsagnar náttúruverndarráðs, áður en leyfi sé veitt, að því er varðar innflutning á hvers konar dýrum. Sýnist vera brýn ástæða til þess, að náttúruverndarsjónarmið komi einnig fram í sambandi við slíka leyfisveitingu, þar eð hér getur verið geysimikið í húfi fyrir náttúru landsins. Í náttúruverndarráði eiga a. m. k. þrír náttúrufræðingar sæti, svo að öruggt er, að kunnáttumenn fjalla um álit ráðsins.

Samkvæmt 5. gr. er skylt að leita umsagnar ráðsins. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir því, að sú umsögn bindi hendur ráðherra.

Í 35. gr. frv. er tekin upp tillaga um að breyta 2. gr. l. nr. 15/1948 til samræmis við 5. gr. frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um aðgang almennings að náttúru landsins. 6. gr. fjallar um tvenn atvik, umferðarrétt almennings um lönd annarra manna utan þéttbýlis og rétt manna til dvalar þar í því skyni að njóta náttúrunnar. Í 7. gr. ræðir

um kosti manna á því að nýta sér ber, sem vaxa á landi annarra manna, en 8. gr. víkur að fólkvöngum, sem heimilt er að stofna til í því skyni að veita almenningi færi á að njóta náttúrunnar.

Íslenzkt þjóðfélag hefur tekið örum og gagngerum stakkaskiptum síðustu áratugi, sakir hinna miklu fólksflutninga úr sveitum landsins í þéttbýli. Árið 1900 bjuggu um það bil 20% af íbúum landsins í kaupstöðum og kauptúnum, og námu íbúar kaupstaða 13%, en íbúar kauptúna 7% af þeirri tölu. Árið 1920 hafa þessi hlutföll raskazt svo, að þá bjuggu 43% í kaupstöðum og kauptúnum, nánar tiltekið 31% í kaupstöðum, en 12% í kauptúnum. Árið 1930 teljast íbúar í kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa 54.5% af íbúatölu landsins, en í sveitum búa þá 45.5%. Árið 1940 voru hliðstæðar tölur 61.3% á fyrri landsvæðunum, en 38.7% á hinum síðari. Samkvæmt manntalinu frá 16. okt. 1952 voru íbúar í kaupstöðum landsins 91.625 eða rösklega 61% af íbúum landsins. Í kauptúnum með 300 íbúa eða fleiri eru íbúar alls 19.154 (tæp 13%), en í öðrum kauptúnum og sveitum 38.159 (eða rösk 25.6%).

Breyting þessi veldur í mörgum efnum aldahvörfum. Íslenzkt þjóðfélag hefur á hálfri öld breytzt úr bændaþjóðfélagi í bæjaþjóðfélag, — úr bændabyggð í bæjabyggð. Fæstir þeirra þriggja fjórðu hluta landsmanna, sem heima eiga í þéttbýli, eiga land utan þéttbýlis, þótt nokkrir eigi að vísu sumarbústaði og land undir þá. Hvarvetna í menningarlöndum, þar sem þéttbýli í kaupstöðum og kauptúnum tíðkast að marki, eru gerðar miklar ráðstafanir af þjóðfélagsins hendi til að tryggja almenningi, sem býr í þéttbýli, aðgang að náttúru lands. Þau úrræði eru að vísu mismunandi m. a. eftir staðháttum, en nokkurra þeirra skal getið hér.

Í Danmörku hefur verið lögð mikil áherzla á það í náttúruverndarlögum að veita almenningi aðgang að ströndum landsins. Er eigendum bannað að reisa mannvirki, sem tálmað geta umferð, á 100 m breiðu belti frá stórstraumsfjörumáli. Um þetta strandsvæði á almenningur frjálsa för, enda sé svæðið ekki vaxið nytjagróðri. Almenningur á hins vegar ekki rétt á að dvelja á þessum svæðum né hafa þar bækistöð til böðunar, nema náttúruverndarnefnd hafi kveðið svo á með sérstökum úrskurði. Almennu höftin, sem hér eru lögð á eigendur, eru ekki talin baka skyldu til greiðslu bóta, andstætt því, er úrskurður náttúruverndarnefndar gengur um aðstöðu almennings til böðunar eða dvalar á ströndum. Ákvæði laganna munu ekki taka til umferðar um strendur stöðuvatna né eftir árbökkum. Annað úrræði laganna er það, að skógar, sem eru í eign ríkis eða sveitarfélaga eru frjálsir til umferðar fótgangandi mönnum, þó svo, að menn verða að fara eftir tilteknum stígum eða vegum. Berjatínsla er leyfð í skógum þessum, án þess að gjald sé heimt af mönnum, en þó því aðeins, að hún fari ekki fram í atvinnuskyni.

Í Svíþjóð á almenningur einnig frjálsa för um óræktuð svæði og skóga. Heimilt er að áskilja leyfi til þess, að mannvirki verði reist á ströndum landsins, á bökkum fljóta og stöðuvatna á svæðum, sem eru allt að 300 m frá hafi eða vatni. Enn fremur eru heimildarákvæði í náttúruverndarlögunum um stofnun náttúrugarða, þar sem almenningur geti notið náttúrunnar (svipuð heimild er í 8. gr. frv. þessa).

Í Bretlandi munu strendur landsins einnig vera frjálsar til umferðar, a. m. k. í vissum landshlutum, og er þar reist rönd við byggingum á nokkru strandbelti hið næsta hafi.

Í þeim þremur löndum, sem nú hafa verið nefnd, er mikil áherzla lögð á frjálsa umferð um strandsvæði, og að nokkru leyti hlutast almenningsvald til um það, að almenningur eigi kost á aðstöðu til sundiðkana við strendur landanna. Úrræði hér á landi í því skyni að greiða fyrir aðgangi almennings að náttúru landsins hljóta að vera nokkur önnur en erlendis. Að vísu kæmi til greina að hefta mannvirkjagerð við strendur landsins og hafa umferð þar frjálsa. Eins og til hagar um vegi með ströndum fram, þykir þó ekki nægilegt tilefni til lagasetningar um það efni að sinni. Við auknar samgöngur ætti hins vegar að taka þetta atriði upp til rækilegrar athugunar. Á það er og að líta, að sund í söltu vatni er ekki jafnmikið tíðkað hér og víða erlendis.

Þau lagaúrræði, sem helzt koma til greina hér á landi í því skyni að greiða fyrir náttúrunautn almennings, varða í fyrsta lagi umferð almennings um lönd utan þéttbýlis, í öðru lagi heimild almennings til dvalar á slíkum löndum í því skyni að njóta náttúrunnar og í þriðja lagi heimild almennings til berjatínslu. Enn fremur getur það verið mikilvægt, svo sem fyrr er rakið, að í lögum sé heimild til að stofna sérstaka fólkvanga, er taki yfir allstór landsvæði, þar sem almenningi sé búin aðstaða til dvalar úti í náttúrunni.

Um 6. gr.

Um umferðarrétt almennings um lönd annarra manna utan þéttbýlis eru fá bein ákvæði í íslenzkum lögum. Í Jónsbók, Landsleigubálki 24, er mönnum heimilað að æja hestum sínum í landi annars manns, þar sem eigi hefur fyrr verið slegið, og samkvæmt Jónsbók, Landsleigubálki 20, er umferðamönnum rétt að höggva sér farargreiðabót í skógi annars manns að eiganda fornspurðum. Segja má, að hvorugt þessara ákvæða hafi mikið hagnýtt gildi beinlínis, eins og nú hagar til, en ákvæðin sýna þó þá lagastefnu, að rétt sé að greiða fyrir umferð manna, og það með þeim hætti, að landeigendur verði að þola bótalaust umferð annarra manna um lönd sín. Í íslenzkum eignarrétti er enn fremur talið, að hverjum, sem er, sé heimil umferð um land annars manns utan kaupstaða og kauptúna, þar sem ekki er ræktað land eða slægjuland, a. m. k. ef land er ógirt. Er þessi skoðun reist á fornri venju. Þá er þess einnig að geta, að samkv. 11. gr. vatnalaganna, nr. 15/1923, er mönnum yfirleitt heimilt að nota vatn annars manns til sunds og umferðar, einnig á ísi, og í 115., sbr. 117.—119. gr. sömu laga er mönnum, sem nota vatn til umferðar eða fleytingar, heimilaður réttur til þeirrar umferðar um vatnsbakkana og afnot af þeim, sem nauðsynleg eru, vegna umferðar um vatn. Út af þessum ákvæðum hafa menn leitt þá grundvallarreglu, að heimilt sé að hafa þau not af fasteign annars manns m. a. til umferðar, sem eigandanum séu bagalaus. En sá hængur er á þeirri reglu, að oft er torvelt að meta, hvort eiganda séu not annarra manna af landi sínu bagalaus.

Það er vitanlega frumforsenda fyrir því, að menn geti notið náttúru landsins, að þeir eigi færi á að komast út í náttúruna og dveljast þar. Ef sú réttarregla er talin gilda, að landeigendur geti meinað almenningi för jafnvel um óræktuð lönd með því einu að girða landið, er ljóst, að sú hætta vofir yfir, að fólki, sem í þéttbýli býr og á ekki land utan þéttbýlis, verði bægt frá náttúrusvæðum landsins, þegar frá eru skilin þau svæði, sem eru ofar allri byggð. Vera mætti t. d., að þvergirt væri fyrir lönd öll, sem lægju hið næsta þjóðvegi, svo að ógerlegt yrði að komast upp á fagurt fjall eða á annan fagran stað í grennd við vegi og jafnvel væri mönnum fyrirmunað að fara nokkuð að ráði út af veginum. Kveður orðið mikið að slíkum girðingum. Í framkvæmd mun það yfirleitt vera svo, að bændur og aðrir forráðamenn lands veiti leyfi til umferðar um girt lönd og óræktuð, þótt því miður séu dæmi til um meinbægni einstakra bænda í því sambandi. En á það er að líta, að vegfarendum er oft mikill trafali að því að leita til landeiganda út af umferðarleyfi, og raunar er einatt örðugt fyrir vegfarendur að ganga úr skugga um það, hver ráði fyrir tilteknu landsvæði, er þeir hyggjast leggja leið sína um. Þótt gangandi fólki sé sett sú lagaskylda að leita samþykkis landeiganda til umferðar, mun það og yfirleitt vera vafasamt, hvort sú skylda verði almennt virt. Þegar landeigendur hafa girt lönd sín, ber það jafnaðarlega vott um, að þeir ætli að hafa einhverjar nytjar af landi, en umferð gangandi fólks mun almennt ekki spilla fyrir þeirri nytjun lands, sem áformuð er, allt fram til þess, er tekið er að rækta landið. Hér vegast þó á tvenns konar hagsmunir, hagsmunir landeigenda og hagsmunir þeir, sem tengdir eru við náttúrunautn almennings. Liggur sú skoðun til grundvallar frv., að hagsmunir landeigenda séu hér minni að mun, meðan landsvæði er enn ekki tekið til ræktunar. Hins vegar verður að gera miklar kröfur til gangandi fólks um siðlega umgengnishætti, og reynir frv. að skapa mönnum aðhald í því efni, svo sem fyrr greinir.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. frv. um umferðarrétt eru þessi: 1. Almenningi er frjáls för um landsvæði utan landareigna lögbýla. 2. Umferð um óræktuð lönd

manna er frjáls og dvöl þar í því skyni að njóta náttúrunnar, enda hafi slíkt ekki í för með sér mikið óhagræði fyrir landeigendur eða aðra rétthafa að landi. T. d. er umferð um slægjulönd og dvöl þar ekki heimil. Slík umferð eða dvöl myndi að jafnaði ekki leiða til tjóns fyrir landeiganda eða rétthafa að landi, en ef sérstakt eða óvenjulegt tjón hlýzt af dvöl manna eða umferð, er gert ráð fyrir bótum samkvæmt úrlausn náttúruverndarnefndar. Úrlausn nefndar má skjóta til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna. 3. Umferð á ræktuðu landi er háð leyfi landráðanda, svo og dvöl þar. Um heimild til umferðar um vegi, sem liggja um ræktuð lönd eða óræktuð, fer eftir vegalögum og öðrum almennum reglum. Ákvæði frv. þessa varða ekki það efni.

Ákvæði 6. gr. fela ekki í sér allmiklar breytingar frá þeim reglum, sem nú eru taldar gilda, um umferð um land, svo sem reifað hefur verið, og leitazt er við að hafa þær ljósari en gildandi reglur.

Um dvöl almennings á náttúrusvæðum er svo fyrir mælt í 1. og 2. málsgr., að mönnum sé leyfilegt að hafa viðstöðu á þeim svæðum, sem umferð er leyfð um. Í 1. málsgr. er sá fyrirvari gerður, að dvöl sé í „lögmætum tilgangi“, en í 2. málsgr. er fyrirvarinn sá, að dvölin sé í því skyni að njóta náttúrunnar. Samkvæmt þessu er mönnum í hvorugu tilfellinu heimil varanleg dvöl (aðsetur). Í síðara tilvikinu myndi mönnum t. d. ekki heimil dvöl til sölu varnings eða til þess að bjóða fram þjónustu eða til veiða án leyfis landráðanda. Sú dvöl, sem hér kæmi til, væri einkum viðstaða til að skoða náttúru og njóta heilsulinda hennar og fegurðar, þ. á m. til að dveljast í tjaldi á landi. Þegar tjaldi er slegið upp, er áskilið, að leyfis forráðamanns sé yfirleitt leitað um val á tjaldstæði, svo sem fyrr segir.

Um 7. gr.

Þegar sumri hallar, dregur ekki annað menn fremur til dvalar úti í náttúrunni en ber, er þar vaxa. Fyrir þær sakir skiptir miklu, að ákvæði, er lúti að rétti manna til berjatínslu, séu sett í löggjöf um félagslega náttúruvernd. En á það er einnig að líta, að reglur íslenzks réttar um berjatínslu eru fjarri því að vera skýrar, og er þar fengið annað tilefni til að mæla um þetta efni í löggjöf. Í þriðja laga eru berin mikill vitaðsgjafi, sem kunnugt er, og mjög eftirsótt búsílag. Haust hvert sölnar mikið magn af berjum hér á landi. Stafar það af mörgum ástæðum, en m. a. má rekja það til hafta, sem eru á aðgangi almennings að berjalöndum. Er brýnt tilefni til þess fyrir lagasetningarvald að setja skýrari reglur um þetta efni en nú eru taldar gilda og greiða fyrir aðgangi almennings að berjalöndum, eftir því sem föng eru á.

Um gildandi rétt er þess að geta, að fá ákvæði eru í íslenzkum lögum um heimild almennings til að lesa ber. Í Landbrigðaþætti Grágásar, Grg. I b, 94, var svofellt ákvæði: „Hverr maðr á jarðarávöxt á sínu landi allan. Þat á maðr heimilt at éta í annars landi ber ok söl. En útlegð varðar þriggja marka ef hann hefur á brott ólofat ....“ Í Landsleigubálki Jónsbókar, 58. kap., er þetta ákvæði: „Eingi maðr skal lesa ber á annars manns jörðu né grös til heim að bera utan sá lofi er á. En ef less tvígildi ber ok svá grös.“ Þetta ákvæði Jónsbókar er talið hafa lagagildi enn í dag, enda hefur það hvorki verið numið beint né óbeint úr lögum. Er ekki kunnugt, að vikið sé að berjatöku annars staðar í settum lögum. Hins vegar hafa verið sett ákvæði um berjatínslu í flestar lögreglusamþykktir fyrir sýslufélög. Eru þau ákvæði allsundurleit. Í sumum lögreglusamþykktum er mönnum fyrirmunuð berjataka fortakslaust, í öðrum samþykktum er ferðamönnum heimilt að lesa ber til neyzlu á vettvangi, meðan áning eða hvíld stendur, í þriðja flokki samþykkta er mönnum heimiluð berjatínsla í óræktuðu landi, í fjórða flokki berjatínsla utan túns og engja, og loks eru þess dæmi, að mönnum sé óheimiluð berjataka „umfram það, er lög leyfa, án leyfis landráðanda“.

Yfirlitið sýnir, að ákvæði margra lögreglusamþykkta eru þrengri en heimild sú til berjatöku, er Jónsbók veitir almenningi, og verða hin fyrrnefndu ákvæði þá að þoka.

Lagaákvæðin um rétt manna á berjatínslu eru samkvæmt þessu á þá lund, að mönnum er heimil berjatínsla, ef berja er neytt þar á staðnum, sem þau eru lesin. Í öðru tilvikinu verða menn að leita leyfis landeiganda. Landeigendur munu veita slík leyfi endurgjaldslaust víðast hvar á landi hér, þegar frá eru skilin berjalönd í grennd við kaupstaði, einkum sunnan lands. Hér syðra mun fégjald yfirleitt vera tekið fyrir berjaleyfi.

Menn, sem kunnugir eru þessum málum, skýra svo frá, að yfirleitt sé ekki fyrirstaða af hendi bænda um að veita leyfi til berjatínslu, ef gjald sé greitt, en þó séu þess nokkur dæmi, að bændur synji mönnum með öllu leyfis til berjatöku á landi sínu.

Þegar setja á lagaákvæði um rétt almennings á berjatínslu, verður að sjálfsögðu að hafa í huga, að frá fornu fari hefur berjataka verið landsnytjar, sem heyra til hverri einstakri jörð. Sakir ákvæða 67. gr. stjórnarskrár verður því að fara varlega í sakir um að svipta landeigendur þessum nytjum. Almenningi er það hið mesta hagsmunamál að fá greiðan aðgang til berjatöku — og raunar er það einnig þjóðhagslegur ávinningur. Þótt smávægilegt fégjald sé áskilið fyrir berjaleyfi af hendi landeiganda, mun það út af fyrir sig heldur ekki fæla almenning frá berjaferðum. Ef slík gjöld hækkuðu úr hófi, væri hins vegar hætta á ferðum. Fyrir því er sett það ákvæði í 5. mgr. 7. gr., að náttúruverndarnefndir megi kveða á um hámark þess fégjalds, sem rétt sé að áskilja fyrir leyfi til berjatínslu. Þá er einnig nokkur hætta á því, að einstakir landeigendur kynnu að synja um leyfi til berjatöku í landi sínu, og það af meinbægni eða öðrum andþjóðfélagslegum hvötum eða ástæðum. Við þessu er að nokkru séð með ákvæði 4. mgr. 7. gr., þar sem náttúruverndarnefndum eða náttúruverndarráði er heimilað að leggja fyrir landeigendur að þola berjatínslu almennings á landi sínu gegn fullu endurgjaldi, þó svo, að þörf þeirra á berjatöku sé ekki borin fyrir borð. Til þessa leigunáms kemur þó ekki, nema samkomulag hafi ekki tekizt við landeiganda, þ. á m. um upphæð fégjalds. Rétt er að benda á, að samkv. 28. gr. geldur ríkissjóður bætur þær, er landeiganda eru ákveðnar samkvæmt 4. málsgr., enda verði landsvæði þessi frjáls til berjatínslu öllum almenningi án tillits til búsetu. Ef bótagreiðslur ríkissjóðs af þessum sökum þættu háar, mætti heimta fégjald af almenningi fyrir berjaleyfi, og afla fjár með þeim hætti upp í kostnað ríkissjóðs.

Samkvæmt 7. gr. er almenningi heimilt að lesa ber leyfislaust í tveimur tilvikum. Í fyrsta lagi er mönnum rétt að lesa ber, sem vaxa villt á óræktuðum landsvæðum, sem teljast til landareigna lögbýla, til neyzlu á vettvangi, samkv. 2. mgr. 7. gr. Er þar endurtekin hin forna regla Grágásar um þetta efni. Ef ber eru lesin í öðru skyni en að neyta þeirra á vettvangi, þarf leyfi forráðamanns lands að koma til. Í öðru lagi er almenningi heimiluð leyfislaust berjatínsla á landsvæðum utan landareigna lögbýla. Á öðrum landsvæðum er berjatínsla óheimil nema með leyfi landráðanda, sbr. 1. mgr. 7. gr.

Nýmæli 7. gr. eru þau, sem felast í 4. og 5. mgr. og áður var lýst, og enn fremur er 3. mgr. a. m. k. að nokkru leyti nýmæli og rýmkar heimild almennings til berjatínslu að eiganda fornspurðum. Um landsvæði þau, er greinir í 3. málsgr., er þess að geta, að landeigendur nýta sér yfirleitt ekki berjatekjuna þar og byggja ekki afkomu sína á henni. Landeigendum er það því yfirleitt bagalaust, þótt aðrir menn lesi þar ber, og réttlætir það sjónarmið þá reglu að veita almenningi endurgjaldslaust heimild til berjatöku. Er og á það að líta, að oft myndi vera mjög örðugt fyrir almenning að leita leyfis landeiganda til berjatekju, þar eð eigandi býr oft fjarri vettvangi, enda stundum erfitt að vita, undir hvaða jörð landsvæði eigi.

Ef borin eru saman ákvæði 6. gr. um umferðarrétt almennings um lönd annarra manna og dvalarrétt um stundarsakir annars vegar og rétt almennings á berjatínslu samkvæmt 7. gr. hins vegar kemur þetta fram: 1. Berjatínsla er heimil leyfislaust á landsvæðum þeim utan landareigna lögbýla, sem almenningur á frjálsa för um samkv. 1. mgr. 6. gr. 2. Almenningi er heimil för um óræktuð landsvæði, sem

teljast til landareigna lögbýla, en berjatínsla er á hinn bóginn ekki heimil á þessum svæðum, að landeiganda fornspurðum, nema til neyzlu á vettvangi. 3. Umferð um ræktuð lönd manna er óheimil án leyfis forráðamanns lands, og gegnir hinu sama um berjatöku.

Í 6. mgr. 7. gr. er náttúruverndarráði veitt heimild til að leggja bann við notkun tækja við berjatínslu, ef uggvænt þykir, að af þeim hljótist spjöll á gróðri. Eins og kunnugt er, hefur notkun svonefndra berjatína farið mjög í vöxt upp á síðkastið. Er lítt kannað, hvort þessi tæki valdi spjöllum á gróðri. Ef svo reynist, er heppilegt að hafa heimild í lögum til að leggja bann við notkun þeirra. Þessi heimild gæti og orðið alveg bráðnauðsynleg, ef enn stórfelldari tæki kæmust í tízku og skaðvænlegri fyrir gróðurinn.

Um 8. gr.

Ákvæðið veitir heimild til að stofna til svonefndra fólkvanga (almenningsgarða). Í athugasemdum við 1. gr. d-liðs frv. er lýst að nokkru hlutverki slíkra garða og drepið á þann mun, sem er á þeim og þjóðvöngum. Þjóðvangar samkv. 1. gr. d-liðs frv. eru stofnaðir í því skyni að varðveita samfelld svæði með sérstæðu landslagi og veita almenningi aðgang að þeim. Þar gætir því mest náttúruverndarsjónarmiða í þrengri merkingu þess orðs. Fólkvangarnir eiga hins vegar fyrst og fremst að rækja félagslegt hlutverk, þ. e. velja á tiltekin landsvæði til þess að skapa almenningi færi á að njóta náttúrunnar. Hér er ekki ætlunin að varðveita sérstætt landslag, heldur aðallega hitt að auka kosti almennings á að njóta náttúrunnar, þótt gert sé að vísu ráð fyrir því, að landið sé friðað. Í sveitum landsins eru víða fögur samkomusvæði, þar sem haldnar eru útisamkomur; myndu þau t. d. geta komið hér undir, og samkv. ákvæðinu væri heimilt að taka eignar- eða leigunámi landsvæði, sem þættu álitleg í þessu skyni. En heimildin til stofnunar slíkra vanga eða svæða er ekki bundin við skemmtisvæði í þrengri merkingu, heldur eigi líka undir ákvæðið svæði, sem vel eru fallin til þess, að almenningur sæki þangað í því skyni að njóta náttúrunnar, t. d. svæði, sem heppileg eru til bækistöðvar fyrir tjaldlegumenn o. fl. Þykir ekki rétt að einskorða ákvæðið við landsvæði utan þéttbýlis, þótt ákvæðið muni hafa mest gildi um þau svæði.

Um bætur fyrir aðgerðir samkv. greininni er mælt í 28. gr. 4. mgr. frv.

Um III. og IV. kafla.

Í köflum þessum er mælt fyrir um stjórn náttúruverndarmála og úrlausn þeirra og meðferð.

Eldri frv. um náttúruvernd, sem vikið var að hér að framan, kveða á um mismunandi skipulag á náttúruverndarmálum. Í frv., sem flutt voru á þingunum 1932 og 1933, var fimm manna friðunarnefnd falin úrlausn náttúruverndarmála. Hafði hún lögsögu um land allt. Skyldi Hið íslenzka náttúrufræðifélag velja tvo menn í nefndina, stjórn Ferðafélags Íslands einn mann, fornminjavörður var sjálfkjörinn í nefndina, en fimmta nefndarmann skyldi Menntamálaráðuneyti skipa. Í frv., sem flutt var 1934 að hvötum ríkisstjórnarinnar, var svo fyrir mælt, að dómsmálaráðuneytið léti semja skrá um náttúruminjar o. fl. og kvæði á um friðun.

Í frv. því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir allt öðru skipulagi en í eldri frv. Samkvæmt því skal skipa náttúruverndarnefndir í hverju sýslufélagi, og er sýslumaður yfirleitt formaður nefndar. Leysa þessar nefndir úr því í fyrstu, hvort koma skuli til friðlýsingar eða annarra aðgerða samkvæmt lögunum, nema annars sé getið. Úrlausnir nefndar öðlast hins vegar yfirleitt ekki gildi, fyrr en náttúruverndarráð, sem skipað er sjö mönnum, hefur staðfest þær. Náttúruverndarráð hefur yfirumsjón með friðlýstum svæðum og semur allsherjarskrá um náttúruminjar og önnur efni, sem ástæða er til að friða. Þriðji valdhafinn í þessum málum er síðan Menntamálaráðuneyti, sem hefur yfirstjórn náttúruverndarmála.

Reglur þær, sem nú voru reifaðar, varða það, hverjir leysi úr því, hvort friðun eða aðrar aðgerðir samkvæmt lögunum skuli fara fram. Um ákvörðun fébóta vegna þessara aðgerða gilda hins vegar aðrar reglur. Náttúruverndarnefnd ákveður bætur í fyrstu, en rétt er að skjóta úrlausn nefndar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna, og er úrlausn þeirra fullnaðarúrslit bótaþáttarins, að því er tekur til fjárhæðar bóta. Ákvörðun náttúruverndarnefnda og yfirvirðingarmanna um bótaskylduna má hins vegar bera undir dómstóla, sbr. síðustu málsgr. 18. gr.

Náttúruminjar, sem brýn þörf er á að vernda samkv. lögum um náttúruvernd, eru að sjálfsögðu víðs vegar um landið. Eru ekki miklar líkur til þess, að nefnd, sem situr í Reykjavík, viti skil á öllum slíkum náttúruminjum, þótt nefndin væri skipuð mönnum, er hefðu mikla kunnleika á náttúru landsins. Er þegar af þeirri ástæðu heppilegra, að nefndir héraðsbúa fjalli um slík mál. Við úrlausn þeirra mála skiptir einnig miklu, að þeir, sem úr greiða, hafi trausta staðarþekkingu að öðru leyti. Ber að hafa það í huga í þessu sambandi, að margir menn úti á landi eru miklir áhugamenn um náttúruvernd og hafa góða þekkingu á þeim málum. Er því vís ávinningur að því að fá þá til að starfa að náttúruverndarmálum, en slíkt er gert að nokkru með skipun héraðsnefnda, þar sem ætla má, að áhugamenn veljist til starfa. Þá er einnig viðfelldnara að veita héraðsbúum nokkur afskipti af slíkum málum sem þessum, en að láta nefnd með aðsetri í Reykjavík greiða úr þeim til þrautar. Eru þetta höfuðrök fyrir því skipulagi frv., er lýtur að héraðsnefndum.

Hins vegar hefur ekki þótt fært að ætla héraðsnefndum að leysa einum úr þessum málum. Hætt er við því, að úrlausnir nefnda yrðu nokkuð sín með hverju mótinu, svo að leiða myndi til ósamræmis. Við þessu er séð með því að ætla náttúruverndarráði að endurskoða úrlausnir héraðsnefndanna og lögmæla þann fyrirvara, að úrlausnir héraðsnefnda öðlast ekki gildi, fyrr en náttúruverndarráð hefur staðfest þær. Í náttúruverndarráði eru þrír náttúrufræðingar, og er með því séð fyrir, að sérfræðingar fjalli um mál þessi. Auk þess er nauðsynlegt, að allsherjarnefnd sé fyrir að fara, er hafi yfirumsjón með þessum málum, semji skrár um náttúruminjar, sem æskilegt er, að friðlýstar séu, og stjórni því í stórum dráttum, í hvaða röð leggja skuli mál fyrir nefndirnar o. fl.

Að sjálfsögðu koma margir aðrir hættir til greina um skipulag á þessum málum en þeir, sem gert er ráð fyrir í frv. Reynslan ein fær úr því skorið, hvert skipulag sé heppilegast. Er sjálfsagt að taka þessi atriði upp til endurskoðunar eftir nokkurra ára reynslu.

Ekki þykir ástæða til að rekja hér skipulag erlendra laga, þar sem það á ekki við hér á landi sökum annarra staðhátta.

Um 9. gr.

Í sumum sýslum hagar svo til, að sýslumaður gegnir tveimur sýslum, sbr. Gullbringu- og Kjósarsýslu, Mýra- og Bargarfjarðarsýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Norður- og Vestur-Ísafjarðarsýslu, Húnavatnssýslur, Þingeyjarsýslur og Skaftafellssýslur. Barðastrandarsýslur koma einnig hér undir. Vera má, að sýslumanni sé óhægt sakir samgönguörðugleika að gegna formennsku í náttúruverndarnefnd í þeirri sýslunni, sem fjær er aðsetri hans. Þykir þá rétt að veita sýslumanni heimild til að færast undan því að gegna starfa þessum, enda beri hann ósk um það upp við Menntamálaráðuneyti við upphaf kjörtímabils náttúruverndarnefnda. Hlutast ráðuneytið þá til um, að sýslunefnd í því sýslufélagi, sem fjær er aðsetri lögreglustjóra, kjósi þrjá menn í nefnd. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega, og hinir nefndarmennirnir með sérstakri kosningu.

Fágætt er, að merkar náttúruminjar, sem ástæða er til að vernda, séu innan lögsagnarumdæma kaupstaða. Innan lögsagnarumdæma tveggja kaupstaða a. m. k., Vestmannaeyja og Reykjavíkur, eru þó væntanlega slíkar náttúruminjar. Þess er einnig að geta, að lögsagnarumdæmi kaupstaðanna hafa stækkað óðum síðustu áratugina. Með þeirri þróun aukast líkurnar fyrir því, að þörf kunni að verða á nátt-

úruverndaraðgerðum innan umdæma kaupstaða. Fyrir þessar sakir þykir rétt að veita heimild til þess að skipa náttúruverndarnefndir í kaupstöðum, samkv. tillögum náttúruverndarráðs. Ekki þykir hins vegar ástæða til að skipa slíkar nefndir hvarvetna í kaupstöðum, þar sem víðast hvar hagar svo til þar, að þeirra er engin þörf. Um skipan nefndanna er tilefni til að taka fram, að í Reykjavík er ekki neinum sjálfkjörnum embættismanni til að dreifa, sem eðlilegt er að fela formennsku í náttúruverndarnefnd. Er því lagt til, að bæjarstjórnin í Reykjavík kjósi alla nefndarmennina. Er fyrirkomulag á þeirri kosningu hið sama samkvæmt frv. og á kosningu náttúruverndarnefndar í því tilviki, er sýslunefnd kýs alla nefndarmenn, samkv. 9. gr. 2. málsgr. frv.

Um 10. gr.

Sjálfsagt er, að forstöðumenn þriggja deilda Náttúrugripasafnsins séu í náttúruverndarráði, enda er höfuðnauðsyn á því, að þar séu sérfræðingar í náttúruvísindum. Einnig þykir nauðsyn til bera, að ráðið sé skipað einum lögfræðingi, þar eð oft reynir á lögfræðileg vandamál við úrlausnir þeirra mála, sem undir ráðið eiga. Er talið eðlilegt, að formaður ráðsins sé löglærður maður. Mikil þörf er á því, að einn ráðsmanna hafi sérþekkingu í verkfræði, og einnig er talið eðlilegt, að þar sé einn maður með sérþekkingu í búnaðarmálum. Þykir heppilegast, að félagasamtök nefni til slíka menn, en ráðherra skipi þá eftir þeirri tilnefningu. Nú er út af fyrir sig æskilegt að tengja sem flest þeirra félaga, sem starfa að málum, er lúta að náttúruvernd, við náttúruverndarráðið. En afleiðingin yrði þá sú, að náttúruverndarráð yrði geysifjölmenn stofnun. Er reynslan af mjög fjölmennum nefndum ekki góð. Hefur því verið horfið að því ráði að takmarka fjölda ráðsmanna við sjö menn. Þótti þá eðlilegt, að Ferðafélagi Íslands yrði veittur kostur á að nefna til sjöunda ráðsmanninn. Það félag er geysifjölmennt, eins og kunnugt er, og hefur deildir víðs vegar um landið. Hefur það og beitt sér mjög fyrir bættri umferðarmenningu, og auk þess átti félagið á sínum tíma frumkvæði að því, ásamt Hinu íslenzka náttúrufræðifélagi, að samin voru drög til frv. til laga um náttúruvernd.

Í 2. málsgr. segir, að þjóðminjavörður sitji fundi ráðsins, þegar fjallað er um friðlýsingu staða, þar sem fornminjar eru, eða staði, sem merkir eru af sögu sinni. Það er ekki gert ráð fyrir því, að þjóðminjavörður hafi atkvæðisrétt í ráðinu, heldur er hann þar til ráðuneytis.

Í 3. málsgr. er og vikið að því, að náttúruverndarráði sé heimilt að kveðja til ýmsa ríkisstarfsmenn sér til ráðuneytis samkvæmt kvaðningu formanns ráðsins. Er þess að vænta, að góð samvinna takist með ráðinu og þeim forstöðumönnum, sem málsgr. drepur á.

Um 11. gr.

Erlendis er það ekki einn veg, hverju ráðuneyti sé falin yfirstjórn náttúruverndarmála og yfirleitt friðunarmála. Eiga þessi mál víða undir landbúnaðarráðuneyti. Hér á landi og sums staðar erlendis hefur Menntamálaráðuneyti hins vegar verið falin yfirstjórn friðunarmála, og er einnig lagt til, að svo sé um mál þau, er frv. fjallar um. Þess má geta, að í lögum um fuglafriðun segir einnig, að Menntamálaráðuneyti hafi yfirstjórn fuglafriðunarmála.

Um 12. gr.

Hér er gangi náttúruverndarmála lýst í samfellu. Fyrsta úrlausnarstigið er yfirleitt náttúruverndarnefnd. Þó eru nokkur dæmi þess, að náttúruverndarnefnd leysi ekki úr máli á frumstigi, sbr. 2. gr. 1. málsgr., 5. gr. og 7. gr. og 27. gr. 4. málsgr. 2. málslið. Er náttúruverndarráði falin úrlausn í þessum tilvikum eða svo er fyrir mælt, að umsagnar náttúruverndarráðs skuli leitað (4. gr. 1. mgr. og 5. gr.).

Annað úrlausnarstig er náttúruverndarráð. Yfirleitt öðlast úrlausnir náttúruverndarnefnda ekki gildi, fyrr en náttúruverndarráð hefur staðfest úrlausn. Eru undantekningar frá þeirri meginreglu greindar í ákvæðinu. Rétt er að taka fram, að þegar áskilið er leyfi náttúruverndarnefndar til tiltekinna efna, sbr. 2. gr. 2. mgr.,

4. gr. 1. mgr. og 17. gr. 1. mgr., þarf ekki að bera ákvörðun nefndar um að veita leyfi eða synja þess undir náttúruverndarráð, enda brestur ráðið heimild til að veita leyfið. Höfuðreglan er sú, að skylt er að bera mál, sem náttúruverndarnefnd hefur leyst úr, undir náttúruverndarráð. Samkvæmt 2. gr. 2. og 3. mgr. og 7. gr. 5. mgr. er þó sá háttur hafður, að veitt er heimild til áfrýjunar, og veltur það, hvort ráðið fjallar um mál, þá á því, hvort heimildar er neytt eða ekki. Málskot til náttúruverndarráðs frestar í hvorugu tilvikinu réttaráhrifum úrskurðar, þ. e. ef úrskurður nefndar hefur verið á þá lund, að náttúruverndaraðgerðir skyldu fara fram, er landeiganda eða rétthafa óheimilt að raska nokkru á eign, svo að til tálmunar sé því, að úrskurður verði framkvæmdur, ef hann nær staðfestingu. En beinum framkvæmdum verður að sjálfsögðu að fresta, unz staðfesting er fengin.

Þriðja úrlausnarstigið er Menntamálaráðuneyti. Ef bætur nema 20 þús. kr. eða hærri fjárhæð, þykir rétt að mæla svo fyrir, að mál skuli lagt fyrir ráðuneytið, er taki fullnaðarákvörðun um, hvort úrlausn komi til framkvæmdar. Samkvæmt 3. málsgr. er og reglan sú um friðlönd og þjóðvanga, að ákvörðun náttúruverndarráðs um stofun þeirra kemur ekki til framkvæmdar, fyrr en Menntamálaráðuneyti hefur staðfest ákvörðunina.

Úrlausn um það, hvort beita skuli náttúruverndaraðgerðum, er tekin undan dómstólum, samkvæmt því, er fram kemur í 12. gr.

Um 13.—15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Þótt samkomulag takist með náttúruverndarnefndum og eigendum eða öðrum rétthöfum að landi, þykir nauðsynlegt, að ákvarðanir nefnda séu bornar undir náttúruverndarráð. Er sýnilegt af orðalagi 16. gr., að þessa er þörf, sbr. við 12. gr.

Um 17. gr.

Í ákvæðinu er lýst ýmsum úrræðum náttúruverndarnefnda í sambandi við náttúruverndaraðgerðir. Ákvæðið er að nokkru leyti áréttíng á fyrirmælum I. og II. kafla frv., en hefur þó einnig sjálfstætt gildi. Er þess sérstaklega að geta, að heimilt er að reisa skorður við því, að gera megi mannvirki á friðlýstum landsvæðum eða í grennd við þau, og enn fremur, að stemma megi stigu við umferð um slík svæði.

Heimild sú, sem hér er veitt í því skyni að áskilja leyfi náttúruverndarnefndar til þess að reisa mannvirki í grennd við friðlýst svæði, getur verið mjög mikilvæg. Þess eru mörg dæmi hér á landi, að hrófað hefur verið upp ýmiss konar skúrum eða byggingum í grennd við náttúrufagra staði, sem ferðamenn sækja mjög til. Eru slíkar byggingar einatt til mikilla lýta, svo að segja má, að ómenning sé að þeim. Er fullt tilefni til að veita heimild til að sjá við þess konar lýtum í framtíðinni.

Í lok ákvæðisins er veitt almenn eignarnámsheimild. Um eignarnámið fer eftir l. nr. 61/1917, um framkvæmd eignarnáms.

Um 18. gr.

Gert er ráð fyrir því, að náttúruverndarnefnd meti bætur, þegar hún hefur kveðið upp úrskurð um, að náttúruverndaraðgerðir skuli fara fram. Að vísu má halda því fram, að óeðlilegt sé, að náttúruverndarnefnd taki að ákvarða fébætur, fyrr en sýnt er, hvort náttúruverndarráð muni staðfesta úrskurð nefndar um framgang náttúruverndaraðgerða. En hér er þá á það að líta, að náttúruverndarráði er oft torvelt að taka afstöðu til þess, hvort staðfesta skuli úrskurð, fyrr en fengin er úrlausn um bótaþáttinn eða grundvöllur er a. m. k. lagður að slíkri úrlausn (þ. e. í því tilviki, er bótaúrlausn náttúruverndarnefndar er áfrýjað til yfirvirðingar). Og í annan stað horfa þessir hættir til að hraða máli, því að tafsamt væri að bíða með bótamálið algerlega, unz náttúruverndarráð hefði tekið afstöðu til þess, hvort staðfesta skyldi úrskurð náttúruverndarnefndar. Þegar bótaþáttur máls er sérstaklega

vandasamur eða vafi leikur á, hvort bætur skuli gjalda, er náttúruverndarnefnd heimilt að fresta ákvörðun um fébætur.

Gangur bótamáls er sá, að samkv. ákvæðinu, að náttúruverndarnefnd greiðir fyrst úr málinu, en heimilt er síðan að skjóta ákvörðun nefndar til yfirvirðingar þriggja dómkvaddra manna. Aðili, sem óskar yfirvirðingar, skal hafa beiðzt hennar innan sex vikna frá því, er honum var birt úrlausn náttúruverndarnefndar. Úrlausn yfirvirðingarmanna er fullnaðarúrslit um ákvörðun á fjárhæð bóta, svo að það atriði er tekið undan dómstólum, þótt þeir séu að vísu bærir um að meta það, hvort yfirvirðingarmenn hafi reist mat sitt á málefnislegum grundvelli o. fl. Hins vegar er aðilja veitt heimild í ákvæðinu til þess að leita úrlausnar dómstóla um bótagrundvöllinn innan þriggja mánaða frá lokum virðingargerðar (yfirvirðingargerðar). Eftir því skipulagi, sem mælt er í ákvæðinu, ætti úrlausn máls til hlítar ekki að taka mjög langan tíma, en mikilsvert er, að úrlausn um þessi mál sé skjótfengin.

Ljóst er, að ákvörðun bóta, samkvæmt 4. gr. 3. málsgr., 6. gr. 2. málsgr. og 7. gr. 4. málsgr. hlítir reglum 18. gr. Hins vegar fer um ákvörðun bóta vegna náttúruspjalla, er menn vinna, eftir almennum reglum, sbr. þó 6. gr. 2. málsgr.

Um 19. gr.

Ákvæðið fjallar um það, hversu náttúruverndaraðgerðum verði létt. Eru þar mæltir hliðstæðir hættir og gilda um ákvörðun á slíkum aðgerðum í öndverðu.

Um 20. gr.

Hér er fjallað um birtingu á úrskurðum eða ákvörðunum náttúruverndarnefnda. Þörf er á því, að sýslunefnd og sveitarstjórnir eigi þess kost að kynna sér gerla efni úrskurðar. Er því mælt svo fyrir í 2. mgr., að senda skuli þessum aðiljum endurrit af úrskurði. Endurrit skal og senda þeim aðilja, sem frumkvæði á að náttúruverndarmáli, þ. e. þeim, sem formlega hefur beiðzt þess, að nefnd tæki mál til meðferðar.

Um 21. gr.

Hér er lögð sú skylda á formann náttúruverndarnefndar að senda náttúruverndarráði endurrit af úrskurði um náttúruverndarmál, ásamt gögnum máls, svo fljótt sem föng eru á. Skyldan tekur bæði til úrskurða, sem skylt er að bera undir náttúruverndarráð, og úrskurða, er skjóta má til ráðsins. Formaður skal skýra náttúruverndarráði frá annars konar ákvörðunum nefnda, en ekki er nauðsynlegt að senda endurrit þeirra. Er hin mesta þörf á því, að náttúruverndarráð geti fylgzt með öllum ákvörðunum náttúruverndarnefnda, svo að upplýsingar um þetta efni séu tiltækar á einum stað. Í 27. gr. 5. málsgr. er og boðið, að ráðið skuli færa allsherjarskrá um ákvarðanir nefnda hvarvetna á landinu. Slík skrá verður ekki færð, nema náttúruverndarráði berist tilkynningar um þessi efni frá nefndunum.

Um 22.—26. gr.

Ákvæði þessi fjalla um náttúruverndarmál og meðferð þeirra mála fyrir náttúruverndarráði.

Um valdsvið náttúruverndarráðs hefur áður verið rætt. Um meðferð máls gilda þær reglur, að ráði er rétt að veita aðiljum kost á að tjá sig munnlega eða skriflega um sakarefni. Enn fremur er ráðinu frjálst að breyta úrlausnum nefndar, ýmist svo að fella brott friðun eða aðrar aðgerðir, þrengja þær eða rýmka, eða ákveða aðgerðir, þótt nefnd hafi hafnað kröfu um þær. Eftir að ráðið hefur fjallað um mál, má vera, að þörf sé að víkja því til ráðuneytis, sbr. 12. gr. 3. málsgr. og 24. gr. frv. Þegar ráðið hefur verið til hlítar að framkvæma aðgerðir, skal formaður náttúruverndarráðs hlutast til um birtingu á þeim úrslitum. Birtingarhættir eru hinir sömu og um úrlausnir náttúruverndarnefnda. En auk þess er skylt að birta meginefni úrskurðar eða úrlausnar í B-deild Stjórnartíðinda á sérstakri skrá, náttúruverndarskrá, sem ætlazt er til, að mynduð verði. Slík birting er nauðsynleg fyrir

almenning. Þegar atriði hefur verið birt á náttúruverndarskrá, skal telja það almenningi kunnugt. Er hér tekin upp svipuð regla og sú, er gildir um þinglýsingu eða skráningu á verzlanaskrá o. fl., birtingu gjaldþrotaúrskurða eða tilkynninga um upphaf nauðasamningameðferðar o. fl. Þá tilkynnir formaður náttúruverndarráðs formanni náttúruverndarnefndar loks um úrslit máls og felur honum að hlutast til um nauðsynlegar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd því skipulagi, er úrlausn lýtur að. Formaður náttúruverndarnefndar sér og um greiðslu fébóta.

Um 27. gr.

Þegar er náttúruverndarráð hefur verið skipað, skal það hefja skipulega rannsókn á náttúruminjum, sem æskilegt er, að verndaðar verði samkvæmt frv. Að sjálfsögðu hefur ráðið samvinnu við náttúruverndarnefndir og áhugamenn í héraði, og enn fremur t. d. við skipulagsstjóra ríkisins, sem fengizt hefur að undanförnu við að búa um ýmsar náttúruminjar, svo og skógræktarstjóra og búnaðarmálastjóra. Á grundvelli slíkra rannsókna skal síðan semja skrá um þau efni, sem ráðið telur, að friða þurfi. Að því búnu er gerlegt að semja áætlun um náttúruverndaraðgerðir næstu ára, en framkvæmd hennar hlýtur að sjálfsögðu að velta mjög á því, hversu mikið fé verði veitt til þessara mála á næstu árum af opinberri hálfu. Nú varnar fjárskortur því, að til aðgerða geti komið, og er þá vikið að tvenns konar úrræðum í 4. málsgr. 27. gr., er ráðið getur neytt. Annað er það að skýra náttúruverndarnefnd þar í umdæmi, sem ætlunin er að framkvæma aðgerðir, frá fyrirætlun þessari, og fela nefnd að hafa eftirlit með því, að engu sé raskað á vettvangi, er tálmað geti aðgerðir síðar. Þegar þessu úrræði er beitt, er ekki gert ráð fyrir, að landeiganda sé tilkynnt fyrirætlun náttúruverndaryfirvalda. Hitt úrræðið er að leggja fyrir eiganda að raska ekki svæði eða stað, án leyfis náttúruverndarnefndar, svo, að girt geti fyrir aðgerðir síðar. Í þessu síðara tilviki ákveður ráðið aðgerðir, en ekki náttúruverndarnefnd.

Í upphafi 27. gr. er mælt svo fyrir, að náttúruverndarráð sé Menntamálaráðuneyti til ráðuneytis um náttúruverndarmál. Skal leita umsagnar ráðsins, áður en reglugerðir eða aðrar reglur eru settar um þessi málefni. Hér er ekki vikið að því berlega, að frv. til laga um náttúruvernd séu lögð til umsagnar ráðsins, en slíkt myndi sjálfsagt verða gert í framkvæmdinni. Í lok 27. gr. er síðan ákvæði um það, að ráðið færi skrá um úrlausnir og ákvarðanir náttúruverndarnefnda og ráðsins sjálfs. Ráðinu er einnig falin þar yfirumsjón með friðlýstum svæðum og náttúrumyndunum. Þá er því lögð sú skylda að skýra fyrir almenningi gildi náttúruverndar og kynna lagaákvæði um náttúruvernd. Er ljóst, að fjárveitingar til ráðsins skera að verulegu leyti úr um það, hvort ráðinu sé gerlegt að rækja þessi verkefni.

Utan vettvangs IV. kafla frv. eru náttúruverndarráði falin verkefni í 2. gr. 1. málsgr. (í sambandi við jarðrask), í 5. gr. (um innflutning á lifandi dýrum), í 7. gr. 4. málsgr. (um berjatínslu á tilteknum landsvæðum) og 7. gr. 6. málsgr. (um tæki eða verkfæri við berjatínslu), í 30. gr. (um umsjón og eftirlit með friðlýstum svæðum o. fl.) og í 32. gr. (heimilt að fela náttúruverndarráði fyrirsvar fyrir Íslands hönd í alþjóða náttúruverndarsamtökunum, ef Ísland gerist aðili). Enn má minna á 29. gr., þar sem vikið er að afskiptum ráðsins af stofnun dómsmála til að kanna tilvist réttinda yfir fasteign.

Auk þessara lögmætu verkefna má vænta þess, að ráðið sinni ýmsum öðrum verkefnum, sem að höndum ber. Þá má og nefna það atvik hér, að líklegt er, að dómstólar og stjórnarvöld leiti til ráðsins, þá er þessir aðiljar leysa mál, er varða náttúruvernd.

Um 28. gr.

Það er efni ákvæðisins að mæla fyrir um, hversu greiða skuli bætur þær, sem skylt kann að vera að greiða samkvæmt frv.

Til bótagreiðslna getur komið í mörgum tilvikum eftir frv. Samkvæmt ákvæðum I. kafla frv. getur t. d. reynt á bætur eftir 1. gr., vegna friðlýsingar á náttúru-

minjum og í sambandi við stofnun þjóðvanga, eftir 2. gr., vegna fyrirmæla náttúruverndarnefnar eða náttúruverndarráðs, eða samkv. 4. gr., í tilefni af aðgerðum til að kveða niður auglýsingar úti í náttúrunni. Í 1. mgr. 28. gr. segir, að bætur eftir þessum ákvæðum skuli ríkissjóður gjalda að þremur fjórðu hlutum, en sýslusjóður gjaldi fjórðung bóta. Svo sem reifað er hér að framan, er það brýn þjóðfélagsleg menningarskylda þeirrar kynslóðar, sem nú byggir þetta land, að varðveita eftir föngum náttúruminjar og varna náttúruspjöllum. Þykir því rétt, að ríkissjóður greiði meiri hluta þess kostnaðar, sem af aðgerðum þessum getur hlotizt. Eftir 2. málsgr. er þó heimilt að gera ríkissjóði að greiða þessar bætur að fullu, ef svo stendur á, sem þar segir.

Reglur þær, sem nú voru raktar, gilda um skiptingu bóta samkvæmt ákvæðum I. kafla. Sömu reglur gilda og um bætur eftir ákvæðum IV. kafla. Eftir ákvæðum þess kafla getur t. d. komið til bótaskyldu eftir 15. gr. 4. málsgr., 17. gr. og 27. gr. 4. málsgr.

Ákvæði II. kafla frv. geta og leitt til bótaskyldu. Um tjón, sem hlýzt fyrir umferð manna og dvöl í löndum annarra manna segir svo í 4. málsgr. 28. gr., að þeir, sem ábyrgð bera á tjóni samkv. almennum bótareglum, skuli greiða bætur. Eiga landeigendur ekki aðgang að ríkissjóði né sýslu- eða sveitarsjóði af þeim sökum. Kostnaður, er stafar af því, að almenningi er búin aðstaða til berjatínslu á tilteknum landsvæðum, fellur á ríkissjóð, en hins vegar er sveitasjóðum gert að gjalda kostnað við að koma upp fólkvöngum samkv. 8. gr. Um fólkvanga er þess þó að geta, að tvenns konar heimildir eru orðaðar í 4. málsgr. 28. gr., er létt geta kostnaði af sveitarfélagi. Í fyrsta lagi er heimilt að fella helming kostnaðar á sýslusjóð, ef fólkvangur hefur gildi fyrir íbúa tiltekinnar sýslu í heild eða fyrir íbúa margra sveitarfélaga innan sýslu. Og í öðru lagi er heimilt að fella kostnað á ríkissjóð, ef svo hagar til, að 3. málsgr. 28. gr. eigi við, en í 4. málsgr. 28. gr. er til þess ákvæðis vitnað.

Í 28. gr. er ekki vikið að því, hver standa skuli straum af kostnaði við framkvæmd frv. að öðru leyti. Segir um það efni í öðrum ákvæðum frv. Í 30. gr. er rætt um kostnað við vörzlu á friðlýstum svæðum, og fer um skiptingu á þeim kostnaði eftir ákvæðum 28. gr. 1. og 2. málsgr. Um kostnað við náttúruverndarnefndir og náttúruverndarráð segir í 30. gr. 2. málsgr. Um annan kostnað er svo fyrir mælt í 3. málsgr. 30. gr., að ríkissjóður beri hann.

Að sjálfsögðu er það ærið álitamál, hvernig skipta skuli kostnaði í sambandi við náttúruverndaraðgerðir milli ríkissjóðs og sýslu- eða sveitarsjóðs, en hætt er við því, að lítið verði úr aðgerðum samkvæmt frv., ef ríkissjóði verður ekki ætlað að bera meginþungann af kostnaðinum. Ógerlegt er að segja nokkuð ákveðið um það, hversu kostnaðarsöm framkvæmd frv. verði, ef það sætir lögfestingu, en ljóst er, að fjárveitingar til þessara mála af ríkisfé sníða því fyrst og fremst stakk, í hverjar aðgerðir hægt verður að leggja.

Um 29.—31. gr.

Óþarft þykir að ræða þau ákvæði sérstaklega.

Um 32. gr.

Hér er ríkisstjórninni heimilað að gera ráðstafanir til að Ísland verði aðili að alþjóðasamtökum um náttúruvernd, sem stofnuð voru 1948. Eru Norðurlöndin öll aðiljar að þeim samtökum og allmörg ríki önnur í Evrópu og Ameríku. Kostnaður af þátttöku í samtökum þessum er mjög lítill. Samtökin halda úti tímariti og gefa út ýmis rit um náttúruvernd. Aðsetur þeirra er í Brüssel. Orkar ekki tvímælis, að hagkvæmt er fyrir Ísland að taka þátt í samtökum þessum.

VI. kafli.

Um 33. gr.

Greinin mælir um viðurlög við brotum á ákvæðum frv., refsingu, eignarupptöku og dagsektir.

Refsiviðurlög eru sektir eða varðhald, samkvæmt 1. og 2. málsgr., en sektir eftir 3. málsgr.

Hámark eða lágmark fésekta eða varðhalds er ekki sérstaklega nefnt í 33. gr., enda gerist þess ekki þörf, þar sem 44. gr. og 50. gr. alm. hegningarlaga geyma almenn ákvæði um þetta efni, sbr. l. nr. 14/1948, að því er varðar síðargreinda ákvæðið. Brot þau, er frv. lýtur að, geta verið með fjarska ólíku móti, meinlítil eða næsta meinleg, svo að halda kann við fullkomnum vandalisma. Verða því refsimörk að vera heldur rúm. Á síðari árum hefur og komið fram, að refsimörk í ýmsum friðunarlögum hafa þótt of væg, þegar til lagaframkvæmdar kemur, og er hér leitazt við að setja fram viðhlítandi mörk í upphafi.

Stundum er vísað til refsiákvæðis 33. gr. í einstökum ákvæðum frv., sbr. 3. gr. 1. málsgr., 15. gr. 4. málsgr og 27. gr. 4. málsgr. Í 1. málsgr. 33. gr. er almennt ákvæði um, að brot á lögunum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varði við 33. gr., og eru refsiviðurlög þá sektir eða varðhald, nema annars sé getið.

Í 33. gr. segir, að sektir og andvirði verðmæta, er sætt hafa upptöku, renni í sýslusjóð. Þetta skipulag er yfirleitt tíðkað í friðunarlögum og er látið haldast hér, þótt ríkissjóður standi að jafnaði straum af meira hluta kostnaðar af náttúruverndaraðgerðum.

Um 34. gr.

Athugasemdir óþarfar.

Um 35. gr.

1. gr. 2. málsgr. laga nr. 123/1940 er felld brott, sakir ákvæða 2. gr. 2. málsgr. frv., en 2. gr. laga 1940 er breytt í samræmi við athugasemdir um 2. gr. frv. Tvær málsgr. í 36. gr. vegalaga eru felldar niður í samræmi við athugasemdir um 4. gr. frv. 2. gr. 1. mgr. l. nr. 15/1948 er breytt til samræmis við 5. gr. frv. Lög um friðun Þingvallar halda gildi sínu, þar eð þau hafa um margt sérstöðu, svo sem fyrr greinir. Hins vegar er byggt á því, að mikil samvinna takist milli Þingvallanefndar og náttúruverndarráðs.

Eðlilegt þykir, að Eldey verði friðuð samkvæmt ákvæðum laga þessara. Er svo fyrir mælt, að lög nr. 27/1940 falli úr gildi, er náttúruverndarráð hefur mælt fyrir um friðlýsingu eyjarinnar.

Ed. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 68 frá 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

4. mgr. 6. gr. orðist svo:

Heimilt er ráðherra að fela innheimtumönnum ríkissjóðs, póststofum og póstafgreiðslum að annast innheimtu afnotagjalda fyrir útvarp.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 6. gr. laga nr. 68/1934, um útvarpsrekstur ríkisins, er svo fyrir mælt, að annist Ríkisútvarpið eigi sjálft innheimtu afnotagjalda, megi fela það póststofum og póstafgreiðslum. Skv. gildandi lögum verður þessi innheimta því eigi öðrum falin.

Fjárveitinganefnd hefur bent á, að hægt mundi að spara fé með því að hafa á þessu það fyrirkomulag, að fela innheimtumönnum ríkissjóðs að annast innheimtuna. Af hálfu útvarpsins hefur að vísu verið hreyft ýmsum athugasemdum gegn þeirri breytingu, en sjálfsagt er að afla til hennar lagaheimildar, ef hún verður talin til bóta að athuguðum öllum málavöxtum.

Nd. 28. Frumvarp til laga [28. mál]

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands, er veitist í fyrsta sinn frá 15. september 1956 að telja.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Við Háskóla Íslands skal starfrækja rannsóknarstofu, er vinni að rannsóknum í líffæra- og lífeðlisfræði og öðrum skyldum verkefnum. Stofnun þessi nefnist Rannsóknarstofa háskólans í líffæra- og lífeðlisfræði, og skal hún lúta læknadeild háskólans.

3. gr.

Forstöðumaður rannsóknarstofunnar skal vera sá prófessorinn í líffæra- eða í lífeðlis- og lífefnafræði, sem lengri starfsaldur hefur að baki sem kennari við læknadeild Háskóla Íslands. Launakjör hans verði þau sömu og þeirra prófessora, sem jafnframt eru yfirlæknar Landsspítalans. Laun hins prófessorsins, sem starfar við rannsóknarstofuna, eru hálf önnur prófessorslaun.

Við rannsóknarstofuna starfar sérmenntaður aðstoðarmaður, auk forstöðumanns og prófessors. Skal hann skipaður af menntamálaráðherra, að fengnum tillögum læknadeildar og forstöðumanns rannsóknarstofunnar. Aðstoðarmaðurinn tekur laun eftir 6. flokki launalaga. Forstöðumaðurinn ræður annað starfsfólk að fengnu samþykki menntamálaráðherra. Laun þess eru ákveðin af forstöðumanni, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins.

4. gr.

Menntamálaráðherra setur, að fengnum tillögum læknadeildar háskólans, reglugerð um starfsemi rannsóknarstofunnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á tveimur undanfarandi þingum hefur að tilhlutan þáverandi menntamálaráðherra verið flutt frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði, en sem eigi náði fram að ganga.

Nú hefur þótt rétt að taka frumvarpið upp af nýju í nokkru víðtækara formi og að leggja til við Alþingi, að stofnað verði sérstakt prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði ásamt rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði. Embætti þetta veitist þó eigi fyrr en frá 15. september 1956 að telja, svo að þeim, sem við starfinu tekur, veitist tóm til að búa sig sem bezt undir það.

Hér fer á eftir greinargerð prófessorsins í líffæra- og lífeðlisfræði um málið:

„Þegar núverandi prófessor í líffæra- og lífeðlisfræði tók við kennslu 1937, voru kenndar 10 stundir á viku í þessum greinum. Þá var engin kennsla í lífefnafræði og engin veruleg kennsla í lífeðlisfræði. Nemendafjöldi í læknadeild hafði þá undanfarin 5 ár (1932—37) verið að meðaltali 69, þar af 40—50 í fyrsta hluta, og að jafnaði innrituðust í deildina 16 á ári á þessum árum.

Nú er kennslan í líffæra-, lífeðlis- og lífefnafræði samtals 19 stundir á viku og nemendafjöldinn í fyrsta hluta læknadeildar hefur undanfarandi ár verið um 150 og árlega ritast nú inn í deildina 40—50 nemendur.

Líffærafræði ásamt vefjafræði og fósturfræði annars vegar og lífeðlis- og lífefnafræði hins vegar eru hvort um sig það stórar fræðigreinar, að fullkomið starf er að kenna og halda sér við í einu þeirra. Enda þekki ég engan háskóla annan en okkar, sem ekki hefur aðalkennara í hverju þessara faga, auk eins eða fleiri aðstoðarkennara eftir nemendafjölda. Víðast á Norðurlöndunum eru fjórir prófessorar í þessum fögum. Hér við bætist svo, að kennarinn í líffærafræði þarf að halda við og auka líffærasafn deildarinnar. Það þarf naumast að taka það fram, að stundirnar, sem aflögu verða til að sinna safninu, eru allt of fáar fyrir jafn nauðsynlegt kennslutæki og það er.

Af ofansögðu má ljóst vera, að það er ofvaxið einum manni að hafa á hendi munnlega og verklega kennslu 150 nemenda í þrem aðalfögum, og mun enginn kennari háskólans kenna jafnmargar stundir á viku og kennarinn í líffæra- og lífeðlisfræði. Við flesta háskóla er 4—6 stunda kennsla á viku talinn hæfilegur kennslustundafjöldi, og á það einnig við um meiri hluta kennara við Háskóla Íslands.

Til þess að kennsla í þeim greinum, er hér um ræðir, geti talizt viðunandi, er nauðsynlegt, að vel búnar rannsóknarstofur fylgi kennslustólnum, svo kennarinn geti gefið sig að sjálfstæðum rannsóknum og veitt nemendum verklega tilsögn. Nú er alls staðar lögð mjög mikil áherzla á verklega kennslu í læknisfræði, en þar sem hún er mun kostnaðarmeiri en sú munnlega, hefur verklega kennslan átt erfitt uppdráttar við Háskóla Íslands. Ef svo á að vera áfram, þá mun kennsla læknanema við Háskóla Íslands dragast hröðum skrefum aftur úr því, er kennt er við aðra háskóla, og getur hver og einn gert sér í hugarlund hverjar afleiðingarnar verða.

Þegar ég tók við kennslu í Háskóla Íslands, voru aðeins til hin nauðsynlegustu tæki til líkskurðar og vefjarannsókna, en þau síðast töldu hafði Lárus Einarsson útvegað frá Rockefellerstofnuninni. Engin tæki voru til viðvíkjandi lífeðlisfræði og lífefnafræði og ekkert fé var veitt á fjárlögum til verklegrar kennslu í þessum greinum.

Mitt fyrsta verk var því að skýra þáverandi kennslumálaráðherra frá því, að ég áliti það ekki forsvaranlegt að kenna það, sem mér væri ætlað, án þess að styðjast við verklegar æfingar, og sjálfur yrði ég að hafa aðstöðu til sjálfstæðra rannsókna auk þess, sem ég yrði að lifa. Til þess að leysa ofantalin vandamál ríkinu að sem kostnaðarminnstu taldi ég álitlegast að setja á stofn rannsóknarstofu, sem jafnframt því að veita nemendum verklega kennslu, tæki að sér vandameiri rannsóknir fyrir lækna og sjúkrahús.

Á þetta sjónarmið féllst ráðherra og fékk mér til umráða húsnæði í Kirkjustræti 12, 6000 kr. til áhaldakaupa (á fjárlögum 1938) og 4500 kr. í árlegan rekstrarkostnað.

Það var sýnilegt að tækin, sem fengust fyrir þetta fé, myndu allsendis ófullnægjandi og sótti ég því þegar á árinu 1938 um styrk frá Rockefellerstofnuninni til þess að búa tækjum fyrirhugaða rannsóknarstofu í hinum nýju híbýlum Há-

skóla Íslands, er þá var í smíðum. Þessi styrkur fékkst þó ekki fyrr en á árinu 1942, að Rockefellerstofnunin veitti Háskóla Íslands 15000 $ til þessara þarfa.

Starfsemi rannsóknarstofu Háskóla Íslands í líffæra- og lífeðlisfræði hefur jafnt og þétt aukizt, svo að nú starfa við hana, auk kennara í líffæra- og lífeðlisfræði, einn sérmenntaður læknir, sem jafnframt aðstoðar við verklegu kennsluna og tvær sérmenntaðar stúlkur. Á fjárlögum 1943 var veitt til rannsóknarstofunnar 11000 kr., og árið 1950 var þessi fjárveiting komin upp í kr. 22557.50, en á því ári barst rektor háskólans bréf frá kennslumálaráðuneytinu þess efnis, að reynt yrði að draga úr útgjöldum Háskóla Íslands eftir mætti, því nú stæði til að draga úr útgjöldum ríkisins á öllum sviðum. Árangurinn af þessu bréfi var sá, að síðan hefur fjárveitingin til rannsóknarstofunnar horfið af fjárlögum, en þrátt fyrir það hefur hin sama verklega kennsla í líffæra- og lífeðlisfræði farið fram.

Það er augljóst mál, að jafnþýðingarmikill þáttur í kennslunni og verklega kennslan og aðstaða kennara til sjálfstæðra rannsókna er, getur ekki átt tilveru sína undir því, að kennarinn reki rannsóknarstofuna á eigin áhættu og kosti eigin rannsóknir og verklega kennslu að verulegu leyti.

Tekjur rannsóknarstofunnar, sem aðallega eru frá Tryggingastofnun ríkisins vegna rannsókna fyrir sjúkrasamlögin í landinu og að litlu leyti frá sjúkrahúsum, numu á síðastliðnu ári liðlega 182000.00 kr. og kostnaðurinn varð 138000 kr. Hér við er það að athuga, að er hinn fyrirhugaði prófessor í lífeðlis- og lífefnafræði tekur til starfa, má gera ráð fyrir auknum tekjum vegna fjölbreyttari rannsókna og þeirri árlegu aukningu á aðsókn að rannsóknarstofunni, er hefur verið til þessa.

Eðlilegast finnst mér, að sjúkrarannsóknirnar greiddu allan kostnað utan húsnæðis, ljóss og ræstingar, nýrra áhalda og viðhalds þeirra og venjulegra launa þeirra tveggja prófessora er starfa við rannsóknarstofuna, en væntanlega yrði þetta reglugerðaratriði.

Aukin árleg útgjöld ríkissjóðs frá því sem nú er, yrðu þá laun eins prófessors auk áhalda og viðhalds þeirra. Að lokum vil ég leggja áherzlu á, að með þessari tilhögun nýtist bezt fagþekking og áhaldakostur jafnt í þágu háskólans sem Tryggingastofnunar ríkisins og af þeim ástæðum jafnframt ódýrasta lausnin á þörfum beggja aðila.“

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951, samkvæmt heimild í 7. gr. samningsins, svo og að leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er endurskoðunarfrestur sá, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Þar eð endurskoðunartími samningsins er sex mánuðir og uppsagnarfrestur eitt ár, telur Alþingi nauðsynlegt, að gerðar verði þegar í stað ráðstafanir til að draga úr skaðvænlegum afleiðingum hersetunnar, meðan hún varir, og ályktar því að fela ríkisstjórninni eftirfarandi:

1. að krefjast þess, að Bandaríkin fækki nú þegar stórlega herliði sínu hér á landi;
2. að neita Bandaríkjaher um leyfi til byggingar allra frekari herstöðva eða hernaðarmannvirkja á Íslandi;
3. að krefjast brottflutnings allra erlendra verkamanna, sem starfa á vegum hersins og að framkvæmdum í þágu hans;

4. að loka bækistöðvum Bandaríkjahers algerlega, þar til herliðið er flutt af landi brott, og einangra herinn innan þeirra stöðva;
5. að koma nú þegar í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu húsnæði í íbúðum Íslendinga;
6. að sjá svo um, að ekki verði fleiri Íslendingar ráðnir til starfa hjá herliðinu en nú eru þar. Meðan Íslendingar starfa innan bækistöðva hersins, sé herinn einangraður frá hinu íslenzka starfsliði og girt fyrir öll ónauðsynleg samskipti þeirra í milli;
7. að stöðva nú þegar rekstur hinnar bandarísku útvarpsstöðvar á Keflavíkurflugvelli;
8. að sjá að öðru leyti um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.

Greinargerð.

Tillögu samhljóða þessari fluttu sömu flm. í upphafi síðasta þings. Fylgdi henni þá svo hljóðandi greinargerð:

„Að nýlokinni síðustu heimsstyrjöld, síðla árs 1945, fóru Bandaríki Norður-Ameríku þess á leit við íslenzk stjórnarvöld að fá leigðar herstöðvar á Íslandi til 99 ára. Þá voru engar viðsjár í milliríkjamálum, enginn styrjaldarótti, ekkert kalt stríð. Mátti því augljóst vera hverjum manni, að Bandaríki Norður-Ameríku höfðu fullan hug á að innlima Ísland í hervirkjakerfi sitt, alveg án tillits til þess, hvort friðvænlega eða ófriðvænlega horfði í heiminum. Ýmsar raddir heyrðust þá í Bandaríkjunum, bæði í blöðum og á þingfundum, þar sem rætt var feimnislaust um nauðsyn þess, að Bandaríkin næðu öruggri og ævarandi herbúnaðaraðstöðu á Íslandi, svo að þau gætu gert það að útvirki sínu.

Þessar óskir Bandaríkjanna um herstöðvar hér til langs tíma vöktu einhuga mótmæli á Íslandi. Stjórnarvöld landsins, allir stjórnmálaflokkar, fjöldi félagssamtaka og einstaklinga kepptust um að lýsa yfir fullri andstöðu við tilmæli Bandaríkjastjórnar. Hvarvetna kvað við, að herstöðvar í landinu á friðunartímum mundi íslenzka þjóðin aldrei þola. Margir leiddu rök að því í ræðu og riti, ekki síður stjórnmálamenn en aðrir, að langvinn herseta táknaði afnám sjálfstæðis þjóðarinnar og ógnaði lífi hennar og tilveru.

Bandaríkin sáu brátt, að sú leið, sem þau höfðu ætlað að fara til að ná hér hernaðarlegri fótfestu, var ekki vænleg til árangurs. Tilmæli um herstöðvar á Íslandi til langs tíma voru því látin niður falla, en svipazt um eftir öðrum leiðum til að ná settu marki.

Árið 1946 sneru Bandaríkin sér til íslenzkra stjórnarvalda og fóru þess á leit, að þeim væri látin í té sérstök aðstaða á Keflavíkurflugvelli og heimilað að hafa þar allmikið óeinkennisklætt lið, er lyti ameríska lögsögu. Beiðni þessi var réttlætt með því, að Bandaríkin þyrftu að njóta slíkrar aðstöðu vegna herliðs síns í Þýzkalandi.

Þrátt fyrir öflug mótmæli fjölmargra þegna þjóðfélagsins fengu Bandaríkin óskum þessum fullnægt. Íslenzk stjórnarvöld tóku á sig þá ábyrgð að heimila bandarísku liði dvöl á Keflavíkurflugvelli að þjóðinni algerlega forspurðri.

Árið 1949 sneru Bandaríkin sér enn til íslenzkra stjórnarvalda og mæltust til þess, að Ísland gerðist aðili að svonefndu Atlantshafsbandalagi, hervæðingarsamtökum undir forustu Bandaríkjanna. Íslenzk stjórnarvöld voru fullvissuð um það, að innganga Íslands í bandalag þetta væri nánast formsatriði eitt, eins konar viljayfirlýsing um það, að Íslendingar teldu sig eiga samleið með öðrum vestrænum lýðræðisþjóðum. Var lögð á það sérstök áherzla, að ekkert samningsríki æskti eftir að hafa herstöðvar í öðru þátttökuríki á friðartímum. Aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu hlaut illu heilli samþykki Alþingis. Jafnframt var þó lögð á það megin-

áherzla af stjórnmálaforingjum þeim, sem beittu sér fyrir inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið, að aldrei mundu leyfðar hér herstöðvar á friðartímum.

Tveimur árum síðar stigu íslenzk stjórnarvöld það ógæfuspor að leyfa Bandaríkjunum hersetu á Íslandi. Hinn 5. maí 1951 var gerður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um „hervernd“ Íslands. Var herverndarsamningurinn svonefndi samþykktur af þingmannaliði þriggja stjórnmálaflokka, án þess að Alþingi væri kvatt saman, þrátt fyrir skýlaus ákvæði 21. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem svo er að orði kveðið, að ekki megi gera neina samninga, er fela í sér afsal eða kvaðir á landi og landhelgi, án samþykkis Alþingis.

Tilmæli Bandaríkjanna árið 1945 um hernaðarbækistöðvar á Íslandi til langs tíma sýndu ljóslega, að þau höfðu hug á að innlima Ísland í hernaðarkerfi sitt til langframa, hvernig sem skipaðist í heimsmálunum. Það var augljóst, að fyrirætlanir þessar stefndu að því að efla yfirráð og auka hernaðarstyrk Bandaríkjanna sjálfra, alveg án tillits til þess, hvað til öryggis horfði fyrir íslenzka þjóð. Með herverndarsamningnum 1951 hafði þeim að mestu tekizt að ná því marki, sem stefnt var að 1945. Ísland var orðið hlekkur í hernaðarkeðju þeirra.

Íslenzk þjóð er fámenn, en land hennar stórt. Henni er því augljós háski búinn af nánum samskiptum við þjóðir, sem eru henni margfalt stærri, og þó einkum bráður og geigvænlegur, ef hún á að deila með þeim landi sínu. Formælendur herverndarsamningsins lögðu áherzlu á það í upphafi, að engin þjóðernishætta stafaði af hinu ameríska herliði fyrir það, hve fámennt það yrði og bundið við fáa staði. Hins vegar er augljóst, að til þess að verja Ísland gegn hernaðarárásum öflugs stórveldis yrði að koma upp hervirkjum um gervallt landið og hafa tugþúsunda her að staðaldri í landinu. Hefur og stöðugt verið að því unnið af hálfu Bandaríkjahers, síðan herverndarsamningurinn var gerður, að fjölga hér hernaðarmannvirkjum, efla hernaðaraðstöðu og búa í haginn fyrir aukinn liðsafla í landinu. Hlýtur öllum að vera ljóst, að hverju stefnir, ef svo verður fram haldið. Íslenzkri menningu og þjóðerni er stefnt í vísan voða. Spilling sú, siðferðisleg og menningarleg, sem jafnan fylgir langvinnri dvöl herliðs í framandi landi, hefur þegar komið hér fram í mörgum myndum og er nægilega hryggileg orðin, þótt ekki verði á aukið. Einkum er æskulýðnum augljós hætta búin, enda hafa íslenzk ungmenni þegar goldið mikið afhroð í samskiptum við hið erlenda herlið. Dæmin um það eru deginum ljósari og fleiri en margir gera sér í hugarlund, að þau samskipti hafa valdið æskufólki ólæknandi böli og lagt líf þess í rústir.

Atvinnuvegir þjóðarinnar gjalda æ meira afhroð, vegna þess að hernaðarframkvæmdirnar soga til sín vinnuaflið. Alda nýrrar verðbólgu er yfirvofandi, með öllum þeim geigvænlegu afleiðingum fyrir atvinnulífið, sem því eru samfara. Horfumst við Íslendingar nú í augu við þann háska, að lífsatvinnuvegir þjóðarinnar riðlist, byggð landsins sporðreisist og fjárhagskerfið hrynji.

Allt það, sem nú var talið, eru svo dýrar fórnir, að þær eru þjóðinni með engu móti bærar. Þar við bætist, að herseta stórveldis hér á landi og hervirkjagerð er íslenzkri þjóð engin vernd, ef svo skyldi til takast, að út brytist heimsstyrjöld. Þvert á móti mundi hin svokallaða vernd auka stórlega þá hættu, að Ísland yrði styrjaldarvettvangur. Herlið styrjaldaraðila og herstöðvar hér á landi mundu aðeins freista til árása af hálfu andstæðingsins, en ekki verða íslenzku þjóðinni nokkur vörn. Kæmi til styrjaldar, mundi vafalaust kappkostað að ónýta þau hernaðarmannvirki, sem hér væru, og hlyti það að kalla yfir Íslendinga dauða og tortímingu.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, telja flutningsmenn þessarar tillögu lífsnauðsyn, að tekin verði upp gerbreytt stefna í utanríkismálum, landið losað við allt erlent herlið og því ekki teflt fram, svo sem verið hefur, eins og peði á skákborði stórveldanna. Leggjum við því til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að æskja nú þegar endurskoðunar á varnarsamningnum frá 5. maí 1951 og leggja fyrir Alþingi frumvarp til uppsagnar samningsins, þegar er hinn sex mánaða endurskoðunarfrestur, sem í samningnum er ákveðinn, heimilar uppsögn hans.

Þá teljum við og sjálfsagt, að Alþingi láti skýrt og ótvírætt í ljós þann vilja, að Bandaríkjaher verði ekki leyft að koma hér upp frekari herstöðvum eða hernaðarmannvirkjum en orðið er.

Þar eð endurskoðunartími samningsins er sex mánuðir og uppsagnarfrestur eitt ár, teljum við nauðsynlegt, að nú þegar séu gerðar ráðstafanir til að fækka herliðinu til mikilla muna, Alþingi feli ríkisstjórninni að beita í því sambandi ákvæðum 4. gr. samningsins, þar sem svo er að orði kveðið, að það skuli „háð samþykki íslenzku ríkisstjórnarinnar, hversu margir menn hafa setu á Íslandi samkvæmt samningi þessum.“ Jafnframt sé herliðið, meðan það dvelur hér, algerlega einangrað innan herstöðvanna, og komið sé í veg fyrir, að hermenn eða starfsmenn á vegum Bandaríkjahers hafi á leigu íslenzkt húsnæði. Útvarpsstöð þeirri, sem Bandaríkjaher hefur rekið á Keflavíkurflugvelli, sé tafarlaust lokað, enda brýtur sú starfsemi í bág við gildandi lagaákvæði um einkarétt íslenzka ríkisins til útvarpsrekstrar hér á landi. Þá verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að íslenzkir atvinnuvegir geti sem fyrst tekið í þjónustu sína alla þá Íslendinga, sem nú vinna á vegum herliðsins, og að því stefnt, að þar verði engir íslenzkir menn að störfum í þágu Bandaríkjahers að ári liðnu. Loks teljum við ástæðu til þess, að Alþingi brýni það fyrir ríkisstjórninni að sjá að öðru leyti svo um, að ekki verði á neinn hátt gengið á rétt Íslands í sambandi við framkvæmd varnarsamningsins, meðan hann er í gildi.“

Eins og fyrr segir, var tillaga þessi flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Flm. telja, að öll hin sömu rök, sem þá voru fram flutt fyrir nauðsyn þess að segja upp herverndarsamningnum og losna við allt herlið af íslenzkri grund, séu enn í fullu gildi. Síðan hafa og gerzt þeir atburðir, bæði innanlands og í alþjóðamálum, sem opnað hafa augu enn fleiri Íslendinga en áður fyrir þeirri staðreynd, hver voði þjóðinni er búinn af því, að land hennar hefur verið gert að herstöð.

Hinn 1. marz síðastliðinn má vera gervöllu mannkyni eftirminnilegur. Þann dag framkvæmdu Bandaríkjamenn vetnissprengjutilraun þá á Kyrrahafi, sem í einu vetfangi gerði mönnum ljóst, hve ólýsanlegar skelfingar yrðu kallaðar yfir heiminn, ef til atómstyrjaldar skyldi draga, og sýndi eðli allrar „vopnaverndar“ í því ljósi, að jafnvel blindir hlutu að fá sýn. Tugir japanskra fiskimanna fórust, áhafnir margra fiskibáta urðu fyrir hættulegum geislaverkunum, og hundruð manna á eyjum í nær 500 km fjarlægð frá sprengingarstað biðu tjón af geislaáhrifum. Japanskir sjómenn, sem voru 120 km frá tilraunastað, komu að landi með allan líkamann svartan af brunasárum, og fiskarnir, sem þeir höfðu veitt, voru svo eitraðir af geislaáhrifum, að þeir reyndust banvænir. Fiskiskip í allt að þúsund kílómetra fjarlægð frá tilraunastöðvunum urðu geislavirk. Hættusvæðið var talið um 300 þúsund ferkílómetrar, þrefalt stærra en allt Ísland.

Atburðir þessir sönnuðu svo ljóst sem verða má, í hvílíkan háska þeim þjóðum er stefnt, sem eiga í landi sínu útvirki hugsanlegra styrjaldaraðila — útvirki, sem nothæf eru og ætluð til árása í styrjöld. Er naumast ráð fyrir því gerandi, að nokkur maður sé svo skyni skroppinn, að hann sjái ekki, að hinar svokölluðu „varnarstöðvar“ á Íslandi eru íslenzku þjóðinni engin vörn, heldur voðinn sjálfur, ef atómvopnum verður beitt í styrjöld. Hér á landi hafa verið gerð mikil hernaðarmannvirki, sem bandarískir hernaðarsérfræðingar og bandarísk blöð hafa verið ófeimin að lýsa yfir að ætluð séu til árása á meginland Evrópu í hugsanlegri styrjöld. Slíkar árásir mundu kalla gagnárásir yfir Ísland, tortímandi kjarnorku- eða vetnissprengjuárásir, sem þurrkuðu árásarstöðvar Bandaríkjanna út — og tortímdu íslenzku þjóðinni um leið. Menn vita af biturri reynslu, að eftir að út í hildarleik styrjaldar er komið, eru litlar líkur til þess, að styrjaldaraðili, sem berst fyrir tilveru sinni, spyrði um það, hvað um Íslendinga yrði. Ekki hlífðu Bandaríkjamenn Nagasaki og Hiróshima. Bjó þar þó fleira fólk en á Íslandi, og styrjöldinni nálega lokið, er sigurvegararnir vörpuðu helsprengjum sínum yfir þær borgir.

Án herstöðva á Íslandi mundu hins vegar hverfandi líkur til þess, að hér yrði varpað kjarnorku- eða vetnissprengjum. Þeim verður naumast fleygt út í bláinn,

heldur yrðu skotmörkin fyrst og fremst þeir staðir, er þættu hernaðarlega mikilvægir og bein árásarhætta stafaði frá.

Aðrar þjóðir hafa þegar dregið ýmsar rökréttar ályktanir af þeim staðreyndum, sem hér hafa verið raktar. Alheimsathygli vöktu þau tíðindi, er Bretar ákváðu nú í sumar að hverfa brott með her sinn frá Súezeiði eftir sjö áratuga hersetu í landinu. Winston Churchill, forsætisráðherra Breta, rökstuddi þessa ákvörðun stjórnar sinnar á þá lund, að hin öra þróun hernaðartækni á síðustu árum og tilkoma vetnissprengjunnar hefði gerbreytt öllum aðstæðum og hernaðaráætlunum. Af þeim sökum væri herstöðin á Súezeiði ekki aðeins orðin gagnslítil, heldur blátt áfram stórhættuleg. Eigi þyrfti nema eina vetnissprengju til að þurrka út allar herstöðvar Breta á þessu svæði og tortíma þar hverju mannsbarni. Komst Churchill m. a. að orði á þessa leið: „Í herstöðinni við Súez sitja 80 þúsundir manna. Hið 8000 ferkílómetra landsvæði, sem hlaðið er mönnum og hergögnum, er sitjandi önd í dauðafæri í vetnissprengjuárás."

Kjarnorkufræðingar og aðrir vísindamenn hafa lýst því eftirminnilega, hve gífurlegum breytingum tilkoma vetnissprengjunnar hefur valdið á sviði hernaðartækni, og þó einkum hervarna. Má í því sambandi benda á stórathyglisverðan greinaflokk eftir brezka eðlisfræðinginn og Nóbelsverðlaunahafann P. M. S. Blackett, er birtist nýlega í brezka blaðinu The New Statesman and Nation. Færir hann þar óyggjandi rök að því, að gegn vetnissprengjuárásum séu engar varnir til, sem hafi nokkurt raunhæft gildi, nema takast mætti að tryggja það, að engin óvinaflugvél kæmist í námunda við sprengjumarkið. Jafnframt sýnir hann fram á það, að svo öflugum vörnum verði nálega hvergi við komið, hversu gífurlegum fjármunum og mannafla sem til þess yrði varið. Því næst kemst hann þannig að orði:

„Önnur mikilvæg afleiðing af fullkomnun vetnissprengna, bæði í austri og vestri, er sú, að mjög dregur úr hernaðarlegu gildi margra flugstöðva á hættusvæðum handan hafs. Sé vafamál, að stöðvar á Bretlandseyjum verði varðar, hversu miklu síður mun takast að verja stöðvar á Íslandi, Tyrklandi, Kýpur, fyrir botni Miðjarðarhafs, á Filippseyjum, Formósu eða Japan. ... Jafnvel þótt sjálf herstöðin væri nægilega varin, er ekki líklegt, að svo yrði um borgir þess lands, sem herstöðvarnar eru í. Þannig gætu Rússar beitt hinni miklu ógnun. Þeir gætu hótað kjarnorkuárásum á nálægar borgir, ef — og þá aðeins ef — hlutaðeigandi ríkisstjórn hefði leyft bandarískum eða brezkum kjarnorkusprengjuflugvélum not af stöðvum til kjarnorkuárása á rússneskt land. Það er enginn efi, að við vissar aðstæður væri hægt að knýja fram afnám margra framstöðva með þessum hætti. Þannig geta Atlantshafsríki neyðzt til þess að treysta í vaxandi mæli á tiltölulega öruggar stöðvar í Bandaríkjunum sjálfum eða útvirki í lítt byggðum löndum, þar sem ekki þarf að taka tillit til óbreyttra borgara. Afnám herstöðvanna við Súez, með því gífurlega fjármagni, sem þar hafði verið lagt í herstöðvar, mun því að líkindum verða fordæmi til eftirbreytni annars staðar."

Þessi ummæli hins heimsfræga vísindamanns hljóta að verða okkur Íslendingum ærið umhugsunarefni. Af þeim verða dregnar þær ályktanir fyrst og fremst, að ókleift muni reynast að verja herstöðvar á Íslandi gegn vetnissprengjuárásum, en dvöl og viðbúnaður erlends herliðs kalli yfir íslenzku þjóðina ægilega tortímingarhættu.

Í alþjóðamálum hafa og gerzt önnur mikilvæg tíðindi, er friður var á liðnu sumri saminn í Indó-Kína eftir átta ára látlausa styrjöld. Má því telja, að ekki hafi um langt skeið verið öllu friðvænlegra í heiminum en nú. Eins og alkunnugt er, var einkum reynt að réttlæta herstöðvasamninginn með því, að mjög ófriðlega liti úti í heiminum vegna þeirrar hættu, sem stafaði af styrjöldinni í Kóreu. Eftir að friður komst á í Kóreu, vitnuðu formælendur hernámsins til þess, að enn geisaði ófriður í Indó-Kína og gæti breiðzt út. Nú er vopnaviðskiptum lokið þar einnig, og ekki verður annað sagt en viðsjár og tortryggni fari heldur rénandi. Það er því tími til þess kominn, að þeir, sem allt til þessa hafa mælt hersetunni bót á þeim forsendum, að

ófriðareldur logaði í heiminum, endurskoði afstöðu sína til herstöðva á Íslandi. Það hafa ýmsir þegar gert og komizt að þeirri niðurstöðu, að allur her eigi að hverfa héðan á brott svo skjótt sem verða má. Koma þeir nú til liðs við alla þá, sem allt frá upphafi höfðu gert sér þess fulla grein, hvílíkur voði herstöðvar eru. Þessi vaxandi skilningur á eðli málsins kemur glöggt í ljós í sambandi við undirskriftasöfnun þá, sem nú fer fram um land allt til að krefjast uppsagnar herstöðvasamningsins og brottfarar hersins. Þar vinna hlið við hlið menn úr öllum stjórnmálaflokkum, og áhrifamenn úr röðum eins þeirra flokka, er að hernáminu stóðu, Alþýðuflokksins, eru meðal forgöngumanna þess máls. Nú er tími til þess kominn, að úr því fáist skorið, hvort þingmenn hernámsflokkanna virða algerlega að vettugi allar staðreyndir þessa máls, sem nú liggja ljósari fyrir en nokkru sinni áður.

Að lokum skal minnzt örfáum orðum á samningaþóf það, sem utanríkisráðherra átti í síðastliðinn vetur og vor við Bandaríkjastjórn varðandi framkvæmd hernámssamningsins. Eins og kunnugt er birtust niðurstöður þeirra viðræðna seint í maímánuði í vor, eftir nær fjögurra mánaða þóf. Varð niðurstaðan enn vesælli en jafnvel þeir, sem við minnstum árangri bjuggust, höfðu gert sér í hugarlund, og var þó ekki gæfulega til samningagerðarinnar stofnað. Hefðu forustumenn Framsóknarflokksins mælt það af fullum heilindum, að þeir vildu knýja fram verulegar endurbætur á framkvæmd herstöðvasamningsins, áttu þeir engan sterkari leik á borði en þann að láta Alþingi í þingsályktunartillöguformi láta álit sitt í ljós og marka stefnuna um þær kröfur, sem fram yrðu bornar. Slík samþykkt Alþingis hlaut að vera hinn sterkasti bakhjallur, sem fáanlegur var við samningagerð, ef einhver alvara fylgdi tali Framsóknarleiðtoganna um bætta framkvæmd herstöðvasamningsins. En ekkert slíkt máttu þeir heyra nefnt. Nú er og í ljós komið, svo glöggt sem verða má, að bak við glamuryrði utanríkisráðherra og flokksbræðra hans um umbætur á framkvæmd samningsins hefur engin alvara búið. Samkomulag það, sem utanríkisráðherra tilkynnti 26. maí að gert hefði verið milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkjanna, er hið vesælasta plagg, að mestu leyti orðafroða og loðmulla, þar sem naumast er bitastætt. Nálega eina breytingin, sem máli skiptir, er sú, að ákveðið er, að Hamiltonfélagið hætti störfum hér á landi. Þó eru ákvæðin um það atriði einnig svo óljós, að vafalaust má gera ráð fyrir því, að þess muni langt að bíða, að félag þetta hverfi héðan að fullu. Jafnframt hefur það „áunnizt“ við samningagerðina, að gæðingar stjórnarflokkanna beggja og sjálft íslenzka ríkið verða arftakar Hamiltonfélagsins og fá að sitja að gróðaaðstöðu þeirri, sem það félag hafði. Sá er því hinn raunverulegi árangur af samningamakki ríkisstjórnarinnar við Bandaríkjastjórn, að tekizt hefur að tengja helztu gróðamenn og gróðafélög landsins órofaböndum við hernaðarframkvæmdir, sem nú eru stórfelldasta gróðalind þessara aðila. Hámarkinu er náð með því, að gera ríkissjóð að hluthafa í fyrirtæki hermangara þeirra, sem raka saman fé á hervirkjagerð.

Öll rök hníga í eina átt: Íslenzku þjóðinni er það lífsnauðsyn, að land hennar sé ekki útvirki framandi stórveldis. Því ber að segja upp herstöðvasamningnum og krefjast brottfarar alls herliðs af íslenzkri grund.

Sþ. 30. Tillaga til þingsályktunar [30. mál]

um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa eftir tilnefningu þingflokkanna fimm manna nefnd til að gera allsherjaráætlun um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega, þannig, að unnt verði að veita þeim þúsundum Íslend-

inga, er nú starfa á vegum erlends herliðs, atvinnu í þjóðnýtum starfsgreinum. Skal nefndin hraða störfum og skila áliti og tillögum eigi síðar en 1. júlí 1955.

Greinargerð.

Tala íslenzkra verkamanna hjá „varnarliðinu“ svonefnda á Keflavíkurflugvelli hefur um alllangt skeið verið hátt á þriðja þúsund manns. Enn fremur vinnur fjöldi annarra Íslendinga beint eða óbeint á vegum hersins á vellinum. Er þá ótalið starfslið í öðrum herstöðvum og fólk utan herstöðva, sem að meira eða minna leyti vinnur störf í þjónustu setuliðsins. Nákvæmar tölur eru ekki fyrir hendi um fjölda alls þessa starfsliðs og enn síður um það, hve mörgum það hefur fyrir að sjá. Lauslegar athuganir benda til þess, að eigi færri en 15 þúsund Íslendingar hafi framfæri sitt í sambandi við dvöl hins erlenda setuliðs í landinu.

Öllum hugsandi mönnum hlýtur að vera það mikið áhyggjuefni, hvernig setuliðsvinnan sogar til sín vinnuaflið frá íslenzkum atvinnuvegum, enda koma afleiðingar þess sífellt betur í ljós. Sjávarútvegur, iðnaður og landbúnaður gjalda æ meira afhroð í kapphlaupinu við herinn um vinnukraftinn. Fólk hverfur úr kaupstöðum, sjávarþorpum og sveitum og leitar sér um stundarsakir atvinnu á Keflavíkurflugvelli. Stjórnarvöld landsins stuðla kappsamlega að þessari öfugþróun og virðast ekkert skeyta um það, hvað við tekur, er sú stund rennur upp, þegar þúsundir uppflosnaðra og vegalausra Íslendinga standa frammi fyrir því, að þeir geta ekki lengur framfleytt sér og sínum á herðnaðarvinnu.

Enginn Íslendingur hefur enn á opinberum vettvangi haldið því fram, að herstöðvar og setulið skuli vera hér um aldur og ævi, þó að ýmsar aðgerðir stjórnarvalda bendi einna helzt til þess, að svo sé ráð fyrir gert. Fæstir munu þó vilja viðurkenna, að þeir geri ráð fyrir snöpum í kringum erlent setulið sem framtíðaratvinnuvegi Íslendinga. Allir þeir, sem telja hernaðarvinnuna stundarfyrirbrigði, hljóta að geta orðið sammála um það, að gera beri hið fyrsta gagngerar ráðstafanir til þess, að hægt verði að veita því fólki, sem nú starfar á vegum hersins, arðbæra atvinnu við lífsatvinnuvegi þjóðarinnar.

Við flm. þessarar till. erum þeirrar skoðunar, að segja beri upp herstöðvarsamningnum, þegar er samningsákvæði leyfa og krefjast brottfarar alls hers úr landi. Höfum við lagt fram aðra þingskályktunartillögu um það mál. Okkur er ljóst, að það er mikið verkefni og næsta margþætt að sjá öllu því fólki fyrir framtíðaratvinnu við íslenzka atvinnuvegi, sem gálaus og skammsýn stjórnarvöld hafa látið hnappast saman á Keflavíkurflugvelli. Verður það að teljast óverjandi með öllu að hafast ekki að, en fljóta sofandi að feigðarósi. Með skynsamlegum, raunhæfum aðgerðum er að sjálfsögðu kleift að leysa þann vanda, sem hér er við að etja. Auðæfi hafs og moldar eru enn hvergi nærri fullnýtt. Íslenzkur iðnaður á stórfellda vaxtarmöguleika, ef rétt er á haldið. Hér á landi getur hvert mannsbarn haft næg verkefni við þjóðnýt störf.

Við lítum svo á, að Alþingi beri skylda til að láta nú þegar hefja nauðsynlegan undirbúning að því að leysa þetta mál.

Sþ. 31. Tillaga til þingsályktunar [31. mál]

um rannsókn á hagnýtingu brotajárns.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma rannsókn á því, hvort ekki muni arðvænlegt að hefja hér á landi hagnýtingu brotajárns, t. d. með því að framleiða úr því steypustyrktarjárn. Kostnaður við rannsóknina greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi henni svo hljóðandi greinargerð:

„Undanfarin fjögur ár hafa Íslendingar flutt út um 13700 smálestir af brotajárni. Á sama tíma hafa verið fluttar inn um 9000 smálestir af steypustyrktarjárni fyrir um það bil 20 millj. kr. Hefur þó innflutningur á steypustyrktarjárni verið óvenjulega lítill á þessu tímabili, þar eð byggingar hafa verið með minna móti. Má gera ráð fyrir, að eftirspurn eftir þessari vöru fari vaxandi, og mun varla ofreiknað, að árleg notkun steypustyrktarjárns verði á næstu árum 4000 smálestir. Með núverandi verðlagi kostar það magn af steypustyrktarjárni 12 millj. kr., miðað við útsöluverð.

Þegar hafin verður framleiðsla á sementi innanlands, má telja víst, að byrjað verði að steypa helztu þjóðvegi. Mun þá notkun steypustyrktarjárns aukast til muna. Steypustyrktarjárn má framleiða úr brotajárni, en til þess þarf bræðsluofn og mótunarvélar (valseværk). Tæki þessi eru alldýr, en miðað við reynslu víða erlendis benda allar líkur til þess, að slík framleiðsla gæti svarað kostnaði hér á landi. Að vísu verður að teljast hæpið, að hér falli til nægjanlegt brotajárn til að standa undir rekstri slíkrar verksmiðju að staðaldri. En sá möguleiki er ávallt fyrir hendi að kaupa erlendis gömul skip, sem seld eru til niðurrifs, draga þau hingað og nota sem hráefni fyrir verksmiðjuna, að svo miklu leyti, sem innlent hráefni hrekkur ekki til.

Hér er fyrst og fremst gert ráð fyrir framleiðslu steypustyrktarjárns, enda einfaldast og kostnaðarminnst að byrja á því. Þegar sú framleiðsla hefur komizt á góðan rekspöl, væri hugsanlegt að auka starfsemina, framleiða gjarðajárn, saum, girðingavír o. fl. Loks væri sá möguleiki fyrir hendi að framleiða dýrari tegundir stáls og auka þannig til muna verðgildi framleiðslunnar.

Af framansögðu ætti að vera ljóst, að það er fyllilega tímabært, að rannsakaðir verði möguleikar á hagnýtingu brotajárns hér á landi og gerð áætlun þar að lútandi. Búast má við, að slík rannsókn mundi kosta nokkurt fé, þar eð vafalaust yrði að leita til erlendra sérfræðinga um upplýsingar og aðstoð. Þess er varla að vænta, að einstaklingar vilji leggja fram það fé, sem þarf til undirbúnings þessa fyrirtækis. Leiði rannsókn hins vegar í ljós, að hér geti verið um arðvænlegt fyrirtæki að ræða, yrði án efa vandalaust að afla fjár til að koma því á laggirnar, hvort sem það yrði á vegum ríkisins (í sambandi við Landssmiðjuna?) eða annarra aðila. Þó að ríkið verði til rannsóknar þessarar nokkrum fjármunum — og um háa upphæð gæti naumast verið að ræða — mundi járnbræðslan á skömmum tíma endurgreiða í sköttum, beint og óbeint, margfalda þá fjárhæð, sem rannsóknin kostaði.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar telja rétt, að á meðan hin fyrirhugaða rannsókn fer fram, verði bannaður allur útflutningur á brotajárni. Slík ráðstöfun yrði til þess, að safnast mundu fyrir nokkrar birgðir af brotajárni, sem væru til taks, þegar vinnslan hæfist. Ef rannsóknin leiddi til jákvæðrar niðurstöðu og hafizt yrði handa um vinnslu járnsins hér á landi, mundi bann við útflutningi brotajárns að sjálfsögðu verða látið gilda áfram. Þætti hins vegar ekki ráðlegt að efna til þeirrar vinnslu, sem hér um ræðir, mundi að sjálfsögðu leyft að flytja út það brotajárn, sem safnazt hefði fyrir, meðan útflutningur þess var bannaður. Rýrnun á þeirri vöru er ekki svo mikil, að um verulegt tap þeirra hluta vegna yrði að ræða.

Af þessum sökum munu flutningsmenn tillögunnar leggja fram í neðri deild Alþingis frumvarp til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á brotajárni.“

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að banna útflutning á brotajárni.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að banna útflutning úr landinu á brotajárni svo og járnskipum, sem ætluð eru til niðurrifs.

2. gr.

Brot gegn banni samkv. 1. gr. varða sektum frá 1000—100000 kr., og renna þær í ríkissjóð. Ólöglega útflutt brotajárn skal gert upptækt og andvirði þess renna í ríkissjóð.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa lagt fram í sameinuðu Alþingi tillögu til þingsályktunar um rannsókn á hagnýtingu brotajárns með það fyrir augum, að komið verði á fót fyrirtæki, er framleitt gæti úr því steypustyrktarjárn o. fl. Telja flm. eðlilegt, að ekki verði leyft að selja brotajárn úr landi, meðan sú athugun fer fram. Þess vegna er frv. flutt. — Að öðru leyti vísast til greinargerðar með fyrrgreindri þingsályktunartillögu, sem prentuð er á þingskjali 31.

Nd. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Ákvæði í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í stjórnarskrá og almennum lögum eru ýmis ákvæði þess efnis, að réttindi og neyzla réttinda eru bundin því skilyrði, að aðili, sem hlut á að máli, hafi tiltekinn tíma verið heimilisfastur hér á landi. Samkvæmt 33. og 34. gr. stjórnarskrárinnar og 1. og 4. gr. laga nr. 80/1942 er það þannig skilyrði fyrir kosningarrétti og kjörgengi, að aðili hafi verið búsettur hér á landi 5 síðustu árin, áður en kosning fer fram. Þá má nefna, að eins árs heimilisfesti hér á landi er skilyrði, sem fullnægja

verður til þess að fá verzlunarleyfi, leyfi til veitingasölu og gistihúshalds og iðjuleyfi og iðnaðar, sbr. 3. gr. laga nr. 52/1925, 3. gr. laga nr. 21/1926 og 3. og 17. gr. laga nr. 18/1927. Enn má nefna, að það er skilyrði fyrir því, að maður fái skip sitt skráð hér á landi, að hann hafi verið búsettur hér eitt ár, ef hann er íslenzkur ríkisborgari, en ella fimm ár, sbr. 1. gr. laga nr. 37/1930. Ástæður þær, sem lágu til grundvallar ákvæðum þessum, eru nú orðið ekki fyrir hendi, að því er íslenzka ríkisborgara varðar. Er því lagt til, að slík ákvæði í almennum lögum verði úr gildi numin, að því er tekur til atvinnuréttinda. Frumvarpið miðar að því að fella úr gildi ákvæði þau, sem hér er um að tefla, einungis að því leyti sem þar er kveðið á um fyrirfarandi búsetu sem skilyrði fyrir atvinnuleyfi eða atvinnuréttindum íslenzkra ríkisborgara. Hins vegar er til þess ætlazt, að skilyrði laga um heimilisfesti eða búsetu, þegar leyfi er veitt eða réttinda neytt, skuli áfram vera í gildi.

Nd. 34. Frumvarp til laga [34. mál]

um uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og afnám laga um lagagildi hans.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Sigurður Guðnason, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Ríkisstjórn Íslands skal tilkynna ráði Norður-Atlantshafsbandalagsins, þegar eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, að Ísland hafi ákveðið að segja varnarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna upp með tilskildum fyrirvara og endurskoðun sé aðeins formsatriði. Sex mánuðum eftir þá tilkynningu til nefnds ráðs skal ríkisstjórnin tilkynna stjórn Bandaríkja Norður-Ameríku uppsögn samningsins og sjá svo um, að tólf mánuðum eftir það hafi Bandaríkin flutt allt sitt lið af landi brott.

2. gr.

Lög um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. des. 1951, falla úr gildi, um leið og varnarsamningurinn fellur niður samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveim undanförnum þingum, og fylgdi því síðast svo hljóðandi greinargerð:

„Síðan „varnarsamningurinn“ milli Íslands og Bandaríkjanna var gerður, hinn 5. maí 1951, og Ísland var aftur hernumið af amerískum her, eru nú liðin tvö og hálft ár.

Höfuðástæður þess, að flm. þessa frv. telja fullkomlega tímabært að segja honum upp, eru þessar:

I. Það hafur sýnt sig, að sá ótti, sem kann að hafa verið ríkjandi í hugum allmargra þingmanna, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni og hernáminu, sem henni fylgdi, um, að ný heimsstyrjöld og vopnuð árás á Ísland væri alveg yfirvofandi á hverri stundu, var ástæðulaus með öllu, heilaspuni einn og blekking, sem viss öfl höfðu reynt að ala á og koma inn hjá þingmönnum, er voru kallaðir saman til leynifunda til þess að samþykkja hernámið að þjóðinni forspurðri, þvert ofan

í stjórnarskrá landsins og þvert ofan í allar þær yfirlýsingar, sem þjóðinni voru gefnar 1949 og áður, um, að aldrei skyldi koma til hersetu á Íslandi á friðartímum.

Það er því ljóst nú, að samningurinn var gerður á fölskum forsendum. Þingmenn voru fengnir til að samþykkja hann með blekkingum um yfirvofandi heimsstyrjöld, sem ekki hefur komið og er nú ólíklegri en nokkru sinni fyrr vegna sívaxandi máttar og áhrifa friðaraflanna í heiminum.

II. Það hefur sýnt sig svo átakanlega, að því þarf ekki að lýsa, að sá ægilegi háski, sem sjálfstæði þjóðarinnar, íslenzkri menningu og tungu og siðferði uppvaxandi æskulýðs er búinn af hernámi Íslands af hálfu erlends stórveldis og setu þúsunda erlendra hermanna rétt við bæjardyr höfuðborgarinnar og í henni sjálfri, er jafnvel miklu meiri en menn gerðu sér grein fyrir, áður en hið nýja hernám hófst fyrir hálfu öðru ári.

III. Samningurinn sjálfur og viðbótarsamningur sá, sem honum fylgdi, hefur verið vanefndur og þverbrotinn af hálfu hins erlenda samningsaðala, Bandaríkjanna. Í honum og málamyndaákvæðum hans hefur ekki reynzt neitt hald gegn þeim hættum, sem af hersetunni stafa.

Bandaríkin lofuðu því hátíðlega í samningnum sjálfum að framkvæma skyldur sínar samkvæmt honum þannig að stuðla svo sem frekast mætti verða að öryggi íslenzku þjóðarinnar og hafa ávallt í huga, hve fámennir Íslendingar eru. Og enn fremur lofuðu þeir, að ekkert ákvæði samningsins skyldi skýrt þannig, að það raskaði úrslitayfirráðum Íslands yfir íslenzkum málefnum (8. gr. samningsins).

Þessi loforð hafa verið efnd þannig, að íslenzkir menn og konur geta ekki lengur verið örugg fyrir árásum, líkamsmeiðingum og nauðgunartilraunum amerískra hermanna á opinberum skemmtistöðum, á götum úti eða jafnvel í híbýlum sínum.

Bandaríkin sýna tillitssemi sína til fámennis Íslendinga með þeim hætti að láta þúsundir hermanna flæða yfir Reykjavík á nótt sem degi, stórauka húsnæðisvandræðin þar með því að yfirkaupa leiguhúsnæði handa yfirmönnum hersins, sem þykir þægilegra að búa hér með fjölskyldur sínar en á Keflavíkurflugvelli, taka heilar hæðir íbúðarhúsa eða heil hús á leigu fyrir einkaskemmtistaði hermanna og ólifnaðarbæli og koma þannig því óorði á höfuðborg Íslands úti um heim, að spilling og ólifnaður sé hér meiri en dæmi séu til, þar sem verst er í stórborgum (sbr. ummæli ameríska herprestsins á Keflavíkurflugvelli í viðtali við erlent blað).

Í 4. gr. viðbótarsamningsins um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þeirra er ákveðið, að hermenn í hernámsliðinu skuli vera einkennisklæddir.

Þetta ákvæði hefur verið þverbrotið af sjálfri yfirstjórn hernámsliðsins, beinlínis í þeim tilgangi að auka varnarleysi og öryggisleysi Íslendinga fyrir hættum hernámsins.

Þegar allt framferði hernámsliðsins og yfirgangur hér í bænum keyrði svo úr hófi, að það hafði vakið réttmæta reiði og fordæmingu alls almennings í landinu og alveg sérstaklega reykvíska borgara, sem urðu að horfa upp á það og þola daglega, greip herstjórnin sjálf til þess ráðs að birta auglýsingu í aðalstöðvum hersins þess efnis, að hermenn skyldu afklæðast einkennisbúningum sínum á ferðum sínum í Reykjavík.

Þetta tiltæki herstjórnarinnar hér mun vera algert einsdæmi og ekki eiga sér nein fordæmi jafnvel þar, sem ameríska hernámslið dvelur í sigruðum löndum, en það er alkunn staðreynd, að ameríska hermenn eru alls staðar óvinsælir og illa liðnir, hvar sem þeir dveljast utan heimalands síns, og hafa alls staðar fulla ástæðu til að dylja einkenni hers síns og þjóðernis. En hér á að heita svo, að þeir dveljist samkvæmt gerðum samningi við varnarlausa smáþjóð, allsendis óvana hermennsku og vopnaburði. Í samninginn vantar að vísu öll skýr ákvæði til verndar Íslendingum sjálfum í viðskiptum þeirra við hernámsliðið, og var rækilega bent á það af sósíalistum í umræðum um samninginn hér á Alþingi. En þegar samningsákvæði eins og það, að hermenn í hernumdu landi skuli bera einkennisbúning hers síns

til aðgreiningar frá innlendum mönnum, er jafnvel þverbrotið opinberlega af yfirstjórn hersins, einmitt þegar það er orðin krafa alþjóðar, að reglur séu settar til að reisa rönd við spillingaráhrifum, sem af hernum stafa, þá er það augljóst, að í slíkum samningi er engin vörn eða vernd og að hann er óþolandi, enda hefur því meira að segja verið haldið fram af þeim, sem lengst ganga í þjónustuseminni, — Alþýðublaðinu og utanríkisráðherranum, — að engin íslenzk lög séu til og engin lög heldur hægt að setja(!), sem reisi fullnægjandi skorður við flakki óeinkennisbúinna ameríska dáta utan samningssvæðanna svokölluðu, t. d. höfuðstað Íslands.

En sú vörn er þó til, eftir að öll þjóðin hefur fordæmt framkomu hernámsliðsins og reynslan hefur fært henni heim sanninn um hina geigvænlegu hættu af dvöl þess hér á landi og þá ómótmælanlegu staðreynd, að hún er jafnóþörf sem hún er háskaleg, að segja upp þessum samningi, sem gerður var á fölskum forsendum, með blekkingum og í blekkingaskyni, en auk þess hefur reynzt gersamlega haldlaus gagnvart hinum erlenda samningsaðila.

Sá samningsaðili, Bandaríki Norður-Ameríku, hefur nú sýnt Íslendingum það með framkvæmd fjögurra milliríkjasamninga, hvernig hann heldur gefin loforð og gerða samninga við eina af minnstu og varnarlausustu þjóðum heimsins:

I. Í herverndarsamningnum frá 1941 lofuðu Bandaríkin að hverfa burt frá Íslandi með allan herafla sinn á landi, í lofti og á sjó þegar að ófriðnum loknum.

Bandaríkin sviku þetta hátíðlega loforð, neituðu að hverfa burt héðan með her sinn og kröfðust árið 1945 herstöðva á Íslandi til 100 ára.

II. Þau neituðu að falla frá herstöðvakröfunum og fengu Keflavíkursamninginn árið 1946. Hver einasta grein þess samnings, sem til framkvæmda gat komið, var þverbrotin þau 5 ár, sem hann gilti.

III. Árið 1949, þegar Ísland var tekið í Atlantshafsbandalagið, gaf utanríkisráðherra Bandaríkjanna út hátíðlega yfirlýsingu „í embættisnafni fyrir hönd Bandaríkjanna og fyrir hönd allra bandalagsþjóðanna“, þess efnis, að „það skyldi aldrei koma til mála, að fram á það yrði farið við Íslendinga að hafa erlendar herstöðvar á Íslandi á friðartímum“. Þannig orðað flutti utanríkisráðherra Íslands (einnig í embættisnafni) þetta hátíðlega loforð Bandaríkjanna til Alþingis og íslenzku þjóðarinnar, þegar verið var að fá okkur í Atlantshafsbandalagið í marz 1949.

Þetta loforð, sem auðvitað átti að hafa samningsgildi og var samningur í sjálfu sér, var haldið svo, að í maí 1951 var herstöðvanna krafizt og þær teknar.

IV. Um það var gerður „varnarsamningurinn“, sem nú er í gildi og hefur verið haldinn svo sem alþjóð er kunnugt og nokkuð hefur verið drepið á hér að framan.

Þessi er reynsla Íslendinga af samningum við Bandaríkin.

Það er grundvallaratriði, sem allir milliríkjasamningar og allur þjóðaréttur byggist á, að „samninga ber að halda“.

Þetta grundvallaratriði og þessi forsenda allra ríkjasamninga hefur sannanlega brostið í öllum hinum þýðingarmestu samningaviðskiptum Íslands og Bandaríkjanna, eins og hér hefur verið sýnt, og er Íslendingum auðvelt að sanna þetta fyrir öllum heimi, hvenær sem er.

Efndir þeirra fjögurra samninga, sem hér er minnt á, sýna, að Bandaríkin hafa ekki hirt um að halda orð eða anda þeirra samninga, sem þeir hafa gert við Ísland.

Framkvæmd þessa samnings sýnir þó allra skýrast, að það er ekki vernd eða öryggi Íslendinga sem smáþjóðar, sem fyrir þeim vakir, heldur hernám Íslands í anda ameríkskrar hernaðarstefnu og vegna hernaðarþarfa Bandaríkjanna án minnsta tillits til smæðar og veikrar aðstöðu íslenzku þjóðarinnar. Með öðrum orðum, það er framkvæmd hinna ógrímuklæddu herstöðvarkrafna frá 1945 og ekkert annað.

Það var ekki vilji eða tilætlun íslenzku þjóðarinnar 1945 né 1951. Þess vegna ber að segja þessum samningi upp þegar í stað.“

Frumvarp þetta var, sem fyrr segir, flutt á síðasta þingi, en stjórnarflokkarnir hindruðu þá, að það kæmist til nefndar. Er það nú flutt aftur, til þess að það komi

í ljós, hvort hið nýja þing hefur lært betur en hið gamla af reynslunni og vill taka meira tillit til vilja þjóðarinnar.

Allar þær ástæður, sem fram eru færðar í ofanritaðri greinargerð fyrir því, að segja beri upp hernámssamningnum frá 1951, hafa síðan verið staðfestar og undirstrikaðar af reynslunni og rás viðburðanna innanlands og utan.

Í heimsstjórnmálum hefur það gerzt meðal annars síðan 1951, að Kóreustyrjöldin er úr sögunni og að aðalforustumenn þriggja mestu stórvelda heimsins, Sovétríkjanna, Bandaríkjanna og Bretlands, hafa allir lýst því yfir, að ekkert það deilumál sé til, sem ekki sé unnt að leysa með friðsamlegum samningum. Hvar í heiminum mundi nú finnast sá ábyrgur stjórnmálamaður, sem telur það líklegra, að á næstu mánuðum eða misserum brjótist úr allsherjar heimsstyrjöld, heldur en hitt, að aðalforustumenn stórveldanna setjist að samningaborði til þess að leysa deilumálin og tryggja heiminum öruggan frið á næstu árum, eins og forsætisráðherra Bretlands hefur opinberlega krafizt?

Í málefnum Atlantshafsbandalagsins hafa margir atburðir gerzt, sem gera það lausara í reipum en áður var og sýna, að það ofurvald, sem Bandaríkin hafa haft innan þess og yfir bandamönnum sínum yfirleitt, er nú úr sögunni. Þær tvær smáþjóðir, sem Íslendingar eru skyldastir innan þessa bandalags, Norðmenn og Danir, hafa báðir ákveðið hafnað eindregnum kröfum Bandaríkjanna um herstöðvar með þeim rökum, að nú séu friðartímar og sívaxandi friðarhorfur, enda hræði sporin frá Íslandi, reynslan af hernámi Íslands sýni, að herseta Bandaríkjanna í öðru ríki Atlantshafsbandalagsins sé því sjálfu enginn styrkur, heldur öfugt.

Og hvað hefur gerzt, og hvað er að gerast með íslenzku þjóðinni, á sama tíma og danskir og norskir talsmenn Atlantshafsbandalagsins haga orðum sínum og gerðum með þessum hætti, vara þjóðir sínar við ameríska hersetu með reynsluna frá Íslandi fyrir augum? Hverjir eru þeir íslenzkir stjórnmálamenn, sem nú treystast til að staðhæfa, að forsendan, sem þeir töldu vera fyrir hernámssamningnum 1951, yfirvofandi heimsstyrjöld og árás á Ísland á hverri stundu, sé til enn í dag?

En ef forsendan er brostin eða var aldrei til, ef nú eru friðartímar og vaxandi friðarhorfur þrátt fyrir allt, eins og Danir og Norðmenn telja og leggja til grundvallar neitun sinni við amerískum herstöðvum, hver eru þá rökin fyrir því að halda áfram samningsbundnu hernámi Íslands á friðartímum lengur en samningurinn um það gerir nauðsynlegt? Samkvæmt ákvæðum hans er hægt að losna við hernámið innan eins og hálfs árs. Hverjir vilja ekki vera lausir og óbundnir við hernám landsins þá, er friðarhorfur halda áfram að aukast?

Það er nú svo komið, að þeir flokkar allir, sem tóku á sig ábyrgð á samningsgerðinni 1951 og munu ávallt bera þá ábyrgð frammi fyrir dómstóli sögunnar, eru nú á undanhaldi í málflutningi sínum og varnir þeirra fyrir áframhaldandi hernámi landsins allar á ringulreið. Sá utanríkisráðherra, sem samninginn gerði og ber sérstaka ábyrgð á honum, hefur orðið að hrökklast frá því embætti. „Varnarmálanefnd“ sú, sem hann skipaði sér til aðstoðar, hefur farið sömu leiðina.

Sá flokkur, sem hafði stjórnarforustu, er samningurinn var gerður, og virtist ekkert hafa að athuga við samninginn og framkvæmd hans hátt á annað ár, sá sér þann kost vænstan, er að því kom að verja hvort tveggja fyrir dómstóli kjósendanna, að snúast til harðrar gagnrýni á allri framkvæmd samningsins og hefur nú falið nýjum utanríkisráðherra að freista þess að ráða einhverja bót á henni, um leið og blað hans krefst endurskoðunar samningsins í heild, og viðurkennir þar með, að samningurinn sjálfur sé óhæfur grundvöllur til að byggja á til frambúðar.

En þegar rætt er um endurskoðun samningsins, verða þeir, sem vilja varast nýjar blekkingar, að gera sér ljóst, að aðeins er um tvennt að gera: áframhaldandi hernám Íslands af hálfu Bandaríkjanna eða ekki. Áframhaldandi hernám með endurskoðuðum og endurnýjuðum hernámssamningi mundi þýða hernám Íslands um ófyrirsjáanlega langan aldur.

Þeir, sem ekki óska að tilkynna Bandaríkjunum það beinlínis fyrir fram, að Íslendingar séu nú, þrátt fyrir allar fyrri yfirlýsingar, reiðubúnir til þess að veita þeim herstöðvar hér á landi um langa framtíð á friðartímum og við sívaxandi friðarhorfur, t. d. jafnvel þótt samningar tækjust á næstu mánuðum milli stórveldanna, sem tryggðu öruggan frið um langa hríð, hljóta því nú að vera því fylgjandi, að Alþingi láti í ljós þann vilja sinn, að samningurinn frá 1951, sem gerir ráð fyrir setu amerísks herliðs á Íslandi á friðartímum, falli niður, en það er aðeins hægt að gera ótvírætt með því, að Alþingi samþykki uppsögn hans með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í þessu frv., með tilliti til þess, hvernig um hnútana var búið, er honum var á sínum tíma veitt lagagildi á Íslandi.

Nd. 35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um aðstoð við togaraútgerðina.

Flm.: Emil Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að hrinda í framkvæmd eftirfarandi atriðum, til viðreisnar togaraútgerðinni.

1. Að stofnlán togaranna verði lengd um 2 ár og falli niður afborganir annaðhvort fyrir árin 1953 og 1954 eða fyrir árin 1954 og 1955.
2. Að hlutazt verði til um útvegun bráðabirgðalána handa þeim útgerðarfélögum, sem þess þurfa með til þess að halda uppi eðlilegum rekstri.
3. Að togaraútgerðinni verði tryggð stofnlán til þess að koma á fót fiskverkunarstöðvum eða eignast þær, sem þegar eru fyrir hendi, svo að togaraútgerðarfélögin hafi sjálf aðstöðu til að vinna úr öllum afla sínum án kostnaðar til milliliða.
4. Að söluverð nýjustu togaranna verði lækkað með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að hagnýta fiskimjölsvélar þeirra.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi var kosin 7 manna nefnd til að athuga hag togaraútgerðarinnar.

Nefndin hóf þegar að starfa síðari hluta aprílmánaðar, strax og hún hafði verið kosin, og skilaði ríkisstjórninni skýrslu um athugun sína snemma sumars. Hins vegar gerði nefndin engar skriflegar tillögur til úrbóta til ríkisstjórnarinnar umfram það, sem formaður nefndarinnar og einstakir nefndarmenn ræddu við ráðherra og skýrðu þeim frá tillögum, sem uppi voru í nefndinni.

Eftir að hafa haft málið til athugunar nokkra hríð, lét ríkisstjórnin setja bráðabirgðalög um sérstakt aðflutningsgjald á bifreiðar, er varið skyldi til aðstoðar togaraútgerðinni, og var upphæðin á úthaldsdag hvers togara um leið ákveðin.

Umfram þetta er ekki kunnugt að neitt hafi gerzt í málinu, nema kaupverð á karfa til frystingar í hraðfrystihúsunum hefur hækkað um 5 aura, en verð á öðrum fiski hefur haldizt óbreytt.

Í viðtali, sem forsætisráðherra hefur átt við eitt dagblaðanna nú alveg nýlega um þetta mál, er þess ekki getið, að ríkisstjórnin muni bera fram aðrar tillögur til lausnar þessu aðkallandi vandamáli. Þykir því rétt að koma hér á framfæri þeim tillögum öðrum, sem nefndin hafði til umræðu og var að miklu eða öllu leyti sammála um.

Þó eru hér ekki teknar upp þær tillögur, sem áður hafa verið bornar fram á Alþingi, þar sem gera má ráð fyrir, að sömu flutningsmenn beri þær nú fram á ný, en um þær var einnig að mestu samkomulag í nefndinni. Þessar tillögur voru

um lækkun á vátryggingariðgjöldum, vöxtum, farmgjöldum, sköttum og olíuverði og hækkun á fiskverði frystihúsanna. Ég er efnislega þessum tillögum samþykkur og mun flytja þær sem viðbótartillögur, ef þær koma ekki fram frá öðrum.

Um einstaka liði skal þetta tekið fram:

Um 1. Allmargir togarar munu enn eiga eftir að greiða afborgun til stofnlánadeildar sjávarútvegsins fyrir árið 1953. Árleg afborgun hvers skips er um 150 þús. kr. Næsta afborgun fellur í gjalddaga í nóvember í haust. Vegna tapa að undanförnu eiga ýmsir afar erfitt með að taka fé út úr rekstri sínum til þessara afborgana. Hins vegar eru vextir af þessum lánum mjög hagkvæmir, eins og kunnugt er, og væri það því útgerðinni hinn mesti styrkur, ef þau fengju að standa afborganalaus í tvö ár. Til þessa þarf að vísu lagasetningu, en ekki ætti það að þurfa að valda neinum erfiðleikum að koma henni í framkvæmd.

Um 2. Hér mun vera um að ræða 12—15 skip, sem eru illa stæð fjárhagslega og þyrfti lánsupphæðin sennilega að vera 4—6 milljónir króna í allt. Ekki ættu lánin að þurfa að vera til lengri tíma en 5 ára. Af reikningum ýmissa skipanna er ljóst, að þau fá varla haldið áfram eðlilegum rekstri nema með auknum rekstrarlánum.

Um 3. Það er ljóst af reikningum útgerðarfélaganna, að þau, sem aðstöðu hafa til þess að verka sjálf afla sinn, fá yfirleitt meira fyrir hann en hin, er selja upp úr skipi. Mörg togaraútgerðarfélög hafa ráðizt í byggingu vinnslustöðva, en lán til framkvæmda eru nú að heita má ófáanleg til þeirra hluta.

Um 4. Þegar nýjustu togararnir voru keyptir, var mjög á það treyst, að fiskimjölsvélarnar í skipunum gætu að verulegu leyti staðið undir hinum aukna stofnkostnaði skipanna. Þetta hefur algerlega brugðizt, og útkoman hefur orðið sú, að mun meiri rekstrarhalli hefur orðið á þessum skipum en hinum, sem áður voru keypt. Virðist engin leið önnur vera fyrir hendi til að jafna þau met en að ríkissjóður komi til aðstoðar við lækkun stofnkostnaðarins.

Togaranefndin komst að þeirri niðurstöðu, að meðaltogari þyrfti á þessu ári 650 þús. kr. auknar tekjur til að standa í járnum með reksturinn að öllu óbreyttu frá fyrra ári. Nú hefur kaup togarasjómanna verið hækkað nýlega allverulega, og nemur sá kostnaður, sem af því leiðir, varla minna en 400 þús. kr. á skip á ári, en það þýðir, að þegar 650 þús. kr. vantaði áður, vantar nú rúma 1 millj. kr., til þess að jöfnuður náist.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur náðst rúmur helmingur þessarar upphæðar með nýjum skatti eða aðflutningsgjaldi. Til þess að fullur jöfnuður fáist, verður því fleira að koma til. Þau atriði, sem hér hafa verið nefnd, ættu að geta orðið gildur og veigamikill þáttur í nauðsynlegri viðleitni til að ná endunum saman.

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um breyting á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Magnús Jónsson, Jónas Rafnar, Einar Ingimundarson, Steingrímur Steinþórsson, Jón Sigurðsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:
Á eftir C. 31 kemur nýr liður:
Múlavegur: Frá Ólafsfjarðarkaupstað fyrir Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Unnið hefur nú verið að vegagerð fyrir Ólafsfjarðarmúla í tvö sumur. Var á undan gengin rannsókn sérfræðinga vegamálaskrifstofunnar, sem töldu þessa vegagerð vel framkvæmanlega.

Vegargerð þessi er Ólafsfirðingum mjög mikið áhugamál. Hafa forustumenn kaupstaðarins unnið af kappi að því að hrinda vegargerðinni áleiðis. Jafnframt hefur almennur áhugi bæjarbúa verið svo mikill, að vegargerðin var hafin fyrir gjafafé sumarið 1953. Vegamálastjóri sýndi málinu einnig strax mikinn skilning og velvild og lagði í fyrra fram af fjallvegafé nokkra fjárhæð til byrjunarframkvæmda.

Í sumar hefur vegargerðinni verið haldið áfram, og voru veittar til hennar 50 þús. kr. af fjallvegafé. Hefur nú verið ruddur 6—7 m breiður vegur nær 3 km út í Múlann frá Ólafsfjarðarkaupstað. Er nú komið yfir annað erfiðasta gilið. Mun vegargerðin hafa gengið vel.

Á síðasta þingi var lagt til, að Múlavegur yrði tekinn í þjóðvegatölu, en málið náði þá ekki fram að ganga.

Flutningsmenn þessa frv. telja hér vera um svo mikilvæga vegargerð að ræða, ekki aðeins fyrir Ólafsfirðinga, heldur einnig íbúa nálægra héraða, að þeir telja nauðsynlegt að hraða lagningu vegarins eftir föngum, en það verður ekki, nema vegurinn sé tekinn í vegalög.

Frv. þetta er flutt í samráði við 1. þm. Eyf., Bernharð Stefánsson.

Fylgiskjal.

Bréf bæjarstjórnar Ólafsfjarðar til þm. Eyfirðinga, Siglfirðinga, Akureyrar og Skagfirðinga 5. okt. 1953.

Þegar þess er gætt, að Akureyri er nú orðin sams konar viðskipta- og menningarstöð fyrir Norðurland eins og Reykjavík er fyrir Suður- og Suðvesturland, er ljós sú mikla nauðsyn fyrir nærliggjandi byggðalög við Akureyri að fá þangað betra og styttra vegasamband. Vegur fyrir Ólafsfjarðarmúla frá Ólafsfirði til Dalvíkur yrði 18 km langur og styttir vegalengdina frá Siglufirði og Fljótum til Akureyrar og alls Norðaustur- og Austurlands um 70—80 km., frá Ólafsfirði um 152 km og frá Ólafsfirði til Dalvíkur um 226 km. Það má því með réttu segja, að þetta vegasamband yrði til meiri og minni samgöngubóta allt frá Siglufirði og Fljótum til Norðaustur- og Austurlands.

Fyrir Ólafsfjörð er þetta vegasamband þó sennilega hvað mest aðkallandi og mundi óefað gerbreyta til batnaðar samgöngumálum þar og verða stórkostleg lyftistöng fyrir atvinnu- og menningarlíf Ólafsfjarðar og enda Siglufjarðar líka.

Nú sem stendur er samgöngum haldið uppi milli Akureyrar, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar með skipi, er gengur tvisvar í viku milli þessara staða, og er þessum ferðum haldið uppi með ríkisstyrk, er nemur hundruðum þúsunda króna á ári. Auk þess sem þessar samgöngur eru með öllu ófullnægjandi, er hér um að ræða mikinn árlegan útgjaldalið fyrir ríkissjóð, er ætti í það minnsta að lækka verulega, ef nefnt vegasamband kæmist á.

Vegamálastjóri hefur látið athuga vegstæði á milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur, og telur hann, að ekki sé um að ræða aðra leið en fyrir Ólafsfjarðarmúla.

Um það vegastæði er það að segja, að það er eins og gengur og gerist hér á landi, að undanskildum ca. 900 m kafla framan í Ólafsfjarðarmúla, en þar mun allvíða þurfa að gera öryggisráðstafnir.

Nú þegar hafa verið ruddir og gerðir bílfærir rúmir 2 km út eftir skriðunum Ólafsfjarðarmegin í Múlanum, og eru þá óruddir um 600 m út að fyrrnefndum 900 m kafla.

Vegastæðið mun hvergi fara yfir 200 m hæð yfir sjó, og verður vegurinn því að mestu hallalaus. Um krappar beygjur verður ekki að ræða, og kunnugir menn telja, að ekki sé hætta á grjóthruni í Múlanum, og skriðuhlaup hafa ekki orðið þar, svo að teljandi sé, í fjöldamörg ár, en snjóflóð hafa orðið í 2 giljum.

Í Ólafsfirði og víðar ríkir almennur áhugi fyrir þessu vegsambandi og hafa margir einstaklingar lagt fram nokkurt gjafafé til þessarar vegagerðar og kaupstaðirnir Akureyri og Ólafsfjörður samþykkt nokkurt fjárframlag.

Er þess vænzt, að háttv. Alþingi samþykki frumvarp það, er lagt hefur verið fram um, að Ólafsfjarðarmúlavegur verði tekinn upp í þjóðvegatölu og veitt verði til hans á þessu Alþingi sem ríflegast fjárframlag.

Ólafsfirði, 5. október 1953.

Bæjarstjórinn í Ólafsfirði,
Ásgrímur Hartmannsson.

Forseti bæjarstjórnar Ólafsfjarðar,
Sig. Guðjónsson.

Nd. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Gísli Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Eggert Þorsteinsson, Gils Guðmundsson, Kjartan J. Jóhannsson.

1. gr.

Fremst í 48. gr. framfærslulaga, nr. 80 5. júní 1947, kemur ný málsgr.:

Nú veldur maður með óreglu sinni og hirðuleysi um meðferð fjármuna hættu á því, að þeir, sem honum er skylt að framfæra, verði að leita aðstoðar um framfærslu eða líði nauð, og skal sveitarstjórn eða lögreglustjóri, sem til er leitað, þá leggja fyrir vinnuveitanda hans eða kaupgreiðanda að halda eftir tilteknum hluta af kaupi hans. Sá hluti, sem haldið er eftir, má nema allt að ¾ hlutum kaupsins, að frádregnum opinberum gjöldum. Sveitarstjórn eða lögreglustjóri ákveður jafnframt, hver skuli taka við kaupinu, og er þá óheimilt að greiða það öðrum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á 10. landsþingi Kvenfélagasambands Íslands, 7.—12. sept. 1953, var gerð svofelld ályktun:

„10. landsþing Kvenfélagasambands Íslands ályktar að kjósa milliþinganefnd, sem geri athugun á því, á hvern hátt helzt megi koma til hjálpar heimilum, sem svo stendur á um, að heimilisfaðirinn hefur að meira eða minna leyti brugðizt framfærsluskyldu sinni, til dæmis vegna drykkjuskapar. Kemur þá meðal annars til álita, hvort ekki sé unnt að fá því til vegar komið, að lögtekið verði ákvæði þess efnis, að atvinnurekendum sé heimilt eða eftir atvikum skylt að halda eftir ákveðnum hluta af kaupi slíkra manna vegna heimila þeirra.“

Í milliþinganefndina voru kosnar frú Herdís Ásgeirsdóttir, flutningsmaður tillögunnar, formaður, frú Jóhanna Egilsdóttir og frú Guðlaug Narfadóttir. Nefndin hefur síðan unnið að undirbúningi málsins, og að tilhlutan hennar hefur frv. þetta

verið samið. Hefur fulltrúaráð Bandalags kvenna í Reykjavík rætt frv. og samþykkt það.

Þess eru því miður mörg dæmi, að heimilisfeður vanrækja vegna drykkjuskapar og hirðuleysis að sjá heimili sínu farborða, þótt þeir hafi lífvænlegar tekjur. Þegar svo stendur á, er réttmætt og nauðsynlegt, að eiginkona eða aðrir, sem hlut eiga að máli, geti fengið sér greiddan hluta af kaupi mannsins. Er því ákveðið í þessu frv., að vinnuveitanda sé skylt, eftir ákvörðun sveitarstjórnar eða lögreglustjóra, að halda eftir hluta af kaupi slíkra manna og greiða til eiginkonu eða annarra þeirra aðila, er sveitarstjórn eða lögreglustjóri vísar á.

Með þessu frv., ef að lögum verður, er gerð tilraun til þess að rétta nokkuð hlut þeirra heimila, er eiga um sárt að binda vegna vanrækslu heimilisföður á skyldum sínum við þau.

Flm. áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt. við frv.

Nd. 38. Frumvarp til laga [38. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútsvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs, að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og herpinótaskip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að sökum þess að síldveiði hafi enn brugðizt í sumar, þá sé alger vá fyrir dyrum, ef síldarútvegsmönnum verði ekki veitt aðstoð vegna aflabrests, og að eðlilegt sé, að lögunum um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, nr. 48/1949, verði breytt í það horf, að síldveiðideild hlutatryggingasjóðsins verði heimilað að taka lán hjá almennu fiskideildinni, með ábyrgð ríkissjóðs, til þess að veita aðstoð samkvæmt reglum sjóðsins. Þá þykir rétt, að togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar í sumar, njóti bóta úr hlutatryggingasjóðnum.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til að gera umrædda breytingu á lögum um hlutatryggingasjóð, eru hér með samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar gefin út bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Aftan við síðustu málsgr. 10. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að ábyrgjast lán að upphæð kr. 5 250 000.00, er stjórn hlutatryggingasjóðs tekur fyrir hönd síldveiðideildar hjá hinni almennu fiskideild, svo og að ákveða, að ríkissjóður greiði vexti af láni þessu.

Togarar, sem gerðir hafa verið út á síldveiðar sumarið 1954, skulu njóta sömu bóta úr síldveiðideildinni og herpinótaskip.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 18. september 1954.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Ólafur Thors.

Nd. 39. Frumvarp til laga [39. mál]

um breyting á lögum nr. 38 1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Velja skal úr umsækjendum um stöðu eftir því, hver umsækjendanna verður með rökum talinn hafa til að bera mesta hæfileika, þekkingu, dugnað, reglusemi og samvizkusemi til að rækja stöðuna og aðra verðleika til að hljóta hana. Til verðleika skulu teljast námsafrek, einkum þegar valið er á milli ungra og að öðru leyti lítt reyndra umsækjenda, en síðan skal framar öðru litið til þess, hverrar reynslu umsækjandi hefur aflað sér í sams konar eða sambærilegu starfi, einkum í opinberri þjónustu, og við hvern orðstír hann hefur gegnt slíku starfi. Ef engum tillöguaðila er til að dreifa, skal sá, er veitir stöðuna, gera úr garði skriflega rökstudda grein fyrir veitingunni.

Nú er ákveðið, að stöðu skuli veita að fenginni tillögu um veitinguna, og gerir þá ráðherra (forstöðunefnd, forstjóri) úr garði skriflega rökstudda grein fyrir þeirri ráðstöfun sinni.

Umsækjendur um stöðu eiga rétt á að fá vitneskju um, hver tillaga hefur verið gerð um veitingu hennar, og sé staðan veitt öðrum umsækjanda en þeim, sem tillaga hefur verið gerð um að veita hana, á sá umsækjandi, sem þannig hefur verið gengið fram hjá, rétt á að fá í hendur eftirrit tillögunnar um veitingu stöðunnar, að svo miklu leyti sem hann sjálfan varðar, svo og rökstuðning ráðherra (forstöðunefndar, forstjóra) fyrir veitingunni. Þegar staða er veitt án fenginnar tillögu um veitingu hennar, eiga þeir umsækjendur, sem fram hjá hefur verið gengið, rétt á að fá í hendur eftirrit greinargerðar aðila um veitinguna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta Alþingi, er frv. um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins var til meðferðar í neðri deild, fluttum við þm. Þjóðvarnarflokksins breytingartillögu við 5. gr. frv., samhljóða þeirri breytingu, er við leggjum nú til að gerð verði á lögunum. Var sú breytingartillaga einkum rökstudd með því, að óskorað veitingavald í höndum pólitísks ráðherra væri varhugavert og jafnvel hættulegt, svo sem dæmi sanna. Bæri því nauðsyn til að setja veitingavaldinu þær skorður, sem eðlilegar þættu, og fá lögfest ákvæði um það, eftir hverjum meginreglum ráðherra bæri að fara við stöðuveitingar, svo að það yrði tryggt eftir föngum, að stöður séu veittar eftir hæfni manna og þekkingu, en ekki geðþótta stjórnmálamanna. Stjórnarflokkarnir töldu ekki ástæðu til að lögfesta þau ákvæði, sem hér um ræðir, og var tillaga okkar felld.

Síðan hafa gerzt þau tíðindi í sambandi við stöðuveitingar, sem sanna glögglega, að brýn þörf er á auknu aðhaldi í þessum efnum. Er þess að vænta, að fleiri alþingismenn en áður hafi öðlazt skilning á nauðsyn þess, að skorður verði reistar við því með löggjöf, að ofstopafullir og einræðishneigðir ráðherrar meti að engu verðleika umsækjenda, en troði í stöður pólitískum skjólstæðingum sínum. Á þessu hausti hefur dagblaðið Tíminn, aðalmálgagn annars stjórnarflokksins, Framsóknarflokksins, hvað eftir annað gagnrýnt harðlega ýmsar embættaveitingar núverandi menntamálaráðherra. Viljum við með flutningi frv. þessa reyna til nokkurrar hlítar, hvort nýliðnir atburðir hafa ekki opnað augu framsóknarmanna og annarra þingmanna fyrir nauðsyn þess, að lögfestar verði hóflegar reglur um stöðuveitingar.

Ed. 40. Breytingartillaga [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Við 2. gr. Á eftir 13. lið komi nýr liður, svo hljóðandi:
Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs.

Ed. 41. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmanna (HG) tekur þó fram, að hann sé andvígur B-lið 1. gr. (45% álagi á verðtoll) og skrifar því undir nál. með fyrirvara. Annar nefndarmanna (LJóh) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 13. okt. 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [40. mál]

um vegavinnuvélar og vegaframkvæmdir í afskekktum landshlutum.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að hinum afskekktari héruðum landsins verði framvegis séð fyrir meiri og hentugri vegavinnuvélum en verið hefur til samræmis við vinnuvélakost í hinum fjölbýlli héruðum, svo að vegagerðir og vegaviðhald megi verða sem örast og ódýrast, svo og að opnun vega í héruðunum til almennrar umferðar og vega- og brúarframkvæmdir almennnt verði hafnar svo snemma á ári hverju sem frekast er kostur, þannig að samgöngurnar megi koma að sem beztum notum fyrir íbúana.

Greinargerð.

Samkvæmt 13. gr. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár er alls varið til nýrra þjóðvega um 10½ millj. króna. Er upphæð þessari skipt niður á 184 vegi í landinu. Er ljóst, að miklu smærri upphæðir koma á hvern veg en æskilegt væri, en hins vegar engin tök á því að fella niður framlög til einstakra vega, svo mikil nauðsyn sem það er öllum sveitum landsins að fá vegakerfið bætt sem fyrst, enda almenningi kunnugt, að sú sveit, sem ekki á þess kost að komast í vegasamband, er dæmd til þess að tæmast af fólki, sem hlýtur að hverfa til þeirra héraða, sem betri hafa samgöngur. Baráttan fyrir framlagi til vega í hinum afskekktari héruðum, þar sem vegir hafa enn ekki verið lagðir, er því barátta fyrir því að halda jafnvægi í byggðum landsins.

En það er engan veginn nóg, þótt unnt sé að fá aukin framlög. Hitt er engu minna um vert, að það fé, sem fram er lagt, sé notað á þann hátt, að fyrir það fáist sem mestar og beztar framkvæmdir, en til þess að svo megi verða, verður að tryggja, að verkið sé framkvæmt með hinum hagkvæmustu og beztu vinnuvélum, sem völ er á, en á þessu hefur orðið allmikill misbrestur hvað snertir hina einstöku vegi í afskekktum héruðum. Þess eru mörg dæmi, að einmitt þar skortir allverulega nauðsynlegar vinnuvélar, svo sem veghefla, ámokstursvélar og jarðýtur, og að margt af þessum áhöldum og öðrum, sem notazt er við úti í afskekktari héruðum landsins, er á engan hátt sambærilegt við þau tæki, sem notuð eru við vegagerðir í hinum þéttbýlli héruðum. Á meðan þannig er haldið á málunum, er ekki einasta verið að mismuna héruðunum í vegaframkvæmdum miklu meira en til er ætlazt af Alþingi, þegar litið er á sjálft framlagið og skiptingu þess, heldur eru jafnframt tafnar allverulega framkvæmdirnar miðað við hitt, að notaðar væru hentugustu og afkastamestu vélar við vegagerðina.

Þá er einnig vitað, að margir af vegunum í hinum fjarlægari byggðum eru ekki opnaðir svo snemma á vorin sem kostur er á og sums staðar það seint, að bændur verða að koma til sín þungavöru, svo sem áburði, að öðrum leiðum, áður en vegur er gerður akfær, þótt oft sé um að ræða mjög kostnaðarlitlar aðgerðir, svo sem að gera við ræsi eða ýta í brott skafli á stuttum kafla, á meðan allmikið fé er veitt til að halda uppi ferðum á milli annarra staða allt árið. Er þess ekki að vænta, að almenningur, sem látinn er búa við hið lakara hlutskipti, sætti sig lengi við það án þess að bera fram óskir um umbætur.

Það er og kunnugt, að oft er látið dragast langt fram á sumar að hefja vinnu bæði við brúargerðir, vegagerðir og vegaviðhald, öllum aðilum til tjóns, sumpart beinlínis vegna þess, að nægilegar vinnuvélar eru ekki fyrir hendi til þess að framkvæma verkið. Má það öllum vera ljóst, hve afar áríðandi er að geta hafið slíkar

framkvæmdir svo snemma sem kostur er á, í stað þess að draga það fram á þann tíma ársins, þegar allra veðra er von.

Umbætur þær allar, sem hér er farið fram á að ríkisstjórnin hlutist til um að gerðar verði í sambandi við vegaframkvæmdir, mundu hafa í för með sér mikla réttarbót fyrir hinar afskekktari byggðir og sparnað fyrir ríkissjóðinn, ef þeim yrði komið á. Er þess því vænzt, að þáltill. verði samþykkt og ríkisstjórnin beiti sér síðan fyrir framgangi málsins.

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um fullgildingu á samningi um stöðu flóttamanna.

(Lögð fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samning um stöðu flóttamanna (Convention relating to the Status of Refugees) eins og hann liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UM STÖÐU FLÓTTAMANNA

Formáli.

Aðildarríkin,

álíta að Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Almenna mannréttindayfirlýsingin, sem samþykkt var af Allsherjarþinginu 10. desember 1948, hafi staðfest þá meginreglu, að allir menn skuli njóta mannréttinda og mannfrelsis án manngreinarálits,

álíta að Sameinuðu þjóðirnar hafi við ýmis tækifæri sýnt mikla umhyggju fyrir flóttamönnum og leitazt við að tryggja þeim sem bezta möguleika til þess að njóta mannréttinda og mannfrelsis,

álíta að æskilegt sé að endurskoða og sameina fyrri samninga þjóða í milli um stöðu flóttamanna, svo og með nýjum samningi að auka svið þessara samninga og vernd þá, sem þeir veita,

álíta að það geti lagt óhæfilega þungar byrðar á einstök lönd að veita mönnum griðland, og að viðunandi lausn vandamáls, sem Sameinuðu þjóðirnar hafa við-

CONVENTION RELATING TO THE STATUS OF REFUGEES

Preamble.

The High Contracting Parties,

Considering that the Charter of the United Nations and the Universal Declaration of Human Rights approved on 10 December 1948 by the General Assembly have affirmed the principle that human beings shall enjoy fundamental rights and freedoms without discrimination.

Considering that the United Nations has, on various occasions, manifested its profound concern for refugees and endea voured to assure refugees the widest possible exercise of these fundamental rights and freedoms,

Considering that it is desirable to revise and consolidate previous international agreements relating to the status of refugees and to extend the scope of and the protection accorded by such instruments by means of a new agreement,

Considering that the grant of asylum may place unduly heavy burdens on certain countries, and that a satisfactory solution of a problem of which the Uni-

urkennt að sé alþjóðlegt að eðli og umfangi, fáist því ekki án samvinnu þjóða milli,

láta í ljós þá ósk, að öll ríki, sem viðurkenna hið félagslega og mannúðlega eðli flóttamannavandamálsins, geri allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að koma í veg fyrir að vandamál þetta verði ágreiningsefni milli ríkja,

taka það fram, að erindreki Sameinuðu þjóðanna í málum flóttamanna hefur það hlutverk, að hafa umsjón með alþjóðasamningum, sem veita flóttamönnum vernd og viðurkenna að raunveruleg samræming þeirra ráðstafana, sem gerðar eru til úrlausnar þessu vandamáli, byggist á samvinnu ríkjanna við erindrekann, og

hafa þau því orðið ásátt um eftirfarandi:

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.
Skýring orðsins „flóttamaður".

A. Að því er tekur til þessa samnings, skal orðið „flóttamaður" eiga við hvern þann mann, sem:

1. hefur verið talinn flóttamaður samkvæmt samkomulagi frá 12. maí 1926 og 30. júní 1928, eða samkvæmt samningum frá 28. október 1933 og 10. febrúar 1938, viðbótarsamningi frá 14. september 1939 eða stofnskrá Alþjóðaflóttamannastofnunarinnar.

   Ákvarðanir, sem Alþjóðaflóttamannastofnunin hefur tekið meðan hún starfaði, um það, að maður skuli ekki talinn flóttamaður, skulu ekki koma í veg fyrir það, að hann njóti réttar sem flóttamaður, ef hann fullnægir skilyrðum annars töluliðs þessa stafliðs.

2. er utan heimalands síns vegna atburða, sem gerðust fyrir 1. janúar 1951, og af ástæðuríkum ótta við að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar í sérstökum félagsmálaflokkum eða stjórnmálaskoðana, og getur ekki,

ted Nations has recognized the international scope and nature cannot therefore be achieved without international co-operation,

Expressing the wish that all States, recognizing the social and humanitarian nature of the problem of refugees, will do everything within their power to prevent this problem from becoming a cause of tension between States,

Noting that the United Nations High Commissioner for Refugees is charged with the task of supervising international conventions providing for the protection of refugees, and recognizing that the effective co-ordination of measures taken to deal with this problem will depend upon the co-operation of States with the High Commissioner,

Have agreed as follows:

CHAPTER I
General Provisions.

Article 1
Definition of the Term "Refugee".

A. For the purposes of the present Convention, the term "refugee" shall apply to any person who:

(1) Has been considered a refugee under the Arrangements of 12 May 1926 and 30 June 1928 or under the Conventions of 28 October 1933 and 10 February 1938, the Protocol of 14 September 1939 or the Constitution of the International Refugee Organization;

   Decisions of non-eligibility taken by the International Refugee Organization during the period of its activities shall not prevent the status of refugee being accorded to persons who fulfil the conditions of paragraph 2 of this section;

(2) As a result of events occurring before 1 January 1951 and owing to well-founded fear of being persecuted for reasons of race, religion, nationality, membership of a particular social group or political opinion, is outside the

eða vill ekki, vegna slíks ótta, færa sér í nyt vernd þess lands; eða þann, sem er ríkisfangslaus, og er utan þess lands, þar sem hann áður hafði reglulegt aðsetur, vegna slíkra atburða og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta, hverfa aftur þangað.

Þegar um er að ræða mann, sem hefur fleiri en eitt ríkisfang, skulu orðin „heimaland hans“ taka til sérhvers þess lands, sem hann á ríkisfang í, og mann skal ekki talið skorta vernd heimalands síns, ef hann hefur ekki fært sér í nyt vernd einhvers þeirra ríkja, sem hann á ríkisfang í, án þess að til þess liggi gildar ástæður, byggðar á ástæðuríkum ótta.

B. 1. Að því er tekur til þessa samnings skulu orðin „atburðir, sem gerðust fyrir 1. janúar 1951“ í A-lið 1. gr., skilin á þann veg, að þau tákni annað hvort
   a. „atburði, sem gerðust í Evrópu fyrir 1. janúar 1951“, eða
   b. „atburði, er gerðust í Evrópu eða annars staðar fyrir 1. janúar 1951“,

   og sérhvert aðildarríki skal, um leið og það undirritar, fullgildir eða gerist aðili, tiltaka hvorum skilningnum það beitir með tilliti til skuldbindinga þess samkvæmt samningi þessum.

   2. Sérhvert aðildarríki, sem hefur tekið kost þann, er í a-lið greinir, getur hvenær sem er aukið skuldbindingar sínar með því að samþykkja þann kost, sem greinir í b-lið, skal það gert með tilkynningu stílaðri til framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.

C. Samningur þessi skal hætta að gilda um hvern þann mann, sem heimfæra má undir skilgreiningu stafliðs A, ef:
   1. hann hefur sjálfviljugur notfært sér á ný vernd heimalands síns; eða

country of his nationality and is unable or, owing to such fear, is unwilling to avail himself of the protection of that country; or who, not having a nationality and being outside the country of his former habitual residence as a result of such events, is unable or, owing to such fear, is unwilling to return to it.

In the case of a person who has more than one nationality, the term "the country of his nationality" shall mean each of the countries of which he is a national, and a person shall not be deemed to be lacking the protection of the country of his nationality if, without any valid reason based on wellfounded fear, he has not availed himself of the protection of one of the countries of which he is a national.

B. (1) For the purposes of this Convention, the words "events occurring before 1 January 1951" in article 1, section A, shall be understood to mean either
   (a) "events occurring in Europe before 1 january 1951"; or
   (b) "events occurring in Europe or elsewhere before 1 January 1951";

   and each Contracting State shall make a declaration at the time of signature, ratification or accession, specifying which of these meanings it applies for the purpose of its obligations under this Convention.

   (2) Any Contracting State which has adopted alternative *(a)* may at any time extend its obligations by adopting alternative *(b)* by means of a notification addressed to the Secretary-General of the United Nations.

C. This Convention shall cease to apply to any person falling under the terms of section A if:

   (1) He has voluntarily re-availed himself of the protection of the country of his nationality; or

2. hann hefur sjálfviljugur endurheimt ríkisfang sitt, sem hann hafði glatað; eða
3. hann hefur öðlazt nýtt ríkisfang og nýtur verndar hins nýja heimalands síns; eða

4. hann hefur sjálfviljugur setzt að á ný í landi því, sem hann yfirgaf, eða dvaldi ekki í, vegna ótta við ofsóknir; eða
5. hann getur ekki lengur neitað að hagnýta sér vernd heimalands síns, vegna þess að aðstæður þær, sem höfðu það í för með sér, að hann var viðurkenndur flóttamaður, eru ekki lengur fyrir hendi;

   Þó skal þessi töluliður ekki taka til flóttamanns, sem fellur undir A-lið 1 í þessari grein, ef hann getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hagnýta sér vernd heimalands síns vegna fyrri ofsókna;

6. hann getur horfið aftur til landsins, sem hann áður hafði reglulegt aðsetur í, vegna þess að aðstæður þær, sem leiddu til þess að hann var viðurkenndur flóttamaður, eru ekki lengur fyrir hendi, ef um ríkisfangslausan mann er að ræða;

   Þó skal þessi töluliður ekki taka til flóttamanns, sem fellur undir A-lið 1 í þessari grein, ef hann getur borið fyrir sig ríkar ástæður til þess að neita að hverfa aftur til landsins, sem hann áður hafði fast aðsetur í, vegna fyrri ofsókna.

D. Samningur þessi skal ekki taka til manna, sem nú njóta verndar eða aðstoðar hjá stofnunum eða deildum Sameinuðu þjóðanna öðrum en erindreka Sameinuðu þjóðanna í málefnum flóttamanna.

Þegar slík vernd eða aðstoð hefur fallið niður af einhverri ástæðu, án þess að högum slíks manns hafi verið endanlega ráðið í samræmi við viðeigandi ályktanir gerðar af Allsherj-

(2) Having lost his nationality, he has voluntarily reacquired it; or

(3) He has acquired a new nationlity, and enjoys the protection of the country of his new nationality; or
(4) He has voluntarily re-established himself in the country which he left or outside which he remained owing to fear of persecution; or
(5) He can no longer, because the circumstances in connexion with which he has been recognized as a refugee have ceased to exist, continue to refuse to avail himself of the protection of the country of his nationality;

Provided that this paragraph shall not apply to a refugee falling under section A (1) of this article who is able to invoke compelling reasons arising out of previous persecution for refusing to avail himself of the protection of the country of nationality;
(6) Being a person who has no nationality he is, because the circumstances in connexion with which he has been recognized as a refugee have ceased to exist, able to return to the country of his former habitual residence;

Provided that this paragraph shall not apply to a refugee falling under section A (1) of this article who is able to invoke compelling reasons arising out of previous persecution for refusing to return to the country of his former habitual residence.

D. This Convention shall not apply to persons who are at present receiving from organs or agencies of the United Nations other than the United Nations High Commissioner for Refugees protection or assistance.

When such protection or assistance has ceased for any reason, without the position of such persons being definitively settled in accordance with the relevant resolutions adopted

arþingi Sameinuðu þjóðanna, skulu þessir menn *ipso facto* eiga rétt á að njóta góðs af samningi þessum.

E. Samningur þessi tekur ekki til manns, sem þar til bær stjórnvöld þess lands, sem hann hefur setzt að í, hafa viðurkennt að njóti þeirra réttinda og beri þær skyldur, sem fylgja ríkisfangi í því landi.

F. Ákvæði þessa samnings skulu ekki taka til neins manns, sem ríkar ástæður eru til að ætla að:

a. hafi framið glæp gegn friði, stríðsglæp eða glæp gegn mannkyninu, eins og þetta er skilgreint í alþjóðlegum samningum, sem gerðir eru til þess að setja ákvæði um slíka glæpi;
b. hafi framið alvarlegan ópólitískan glæp utan lands þess, sem hann nýtur hælis í, áður en honum var veitt viðtaka sem flóttamanni í því landi;
c. hafi orðið sekur um athafnir, sem brjóta í bág við tilgang og meginreglur Sameinuðu þjóðanna.

2. gr.
Almennar skuldbindingar.

Sérhver flóttamaður hefur skyldum að gegna gagnvart landi því, sem hann dvelur í, en þær eru fyrst og fremst fólgnar í því, að hann hagi sér samkvæmt lögum þess og reglugerðum, svo og þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru til þess að halda uppi allsherjar reglu.

3. gr.
Jafnrétti.

Aðildarríkin skulu beita ákvæðum þessa samnings um alla flóttamenn, án manngreinarálits vegna kynþátta, trúarbragða eða ættlands.

4. gr.
Trúarbrögð.

Aðildarríkin skulu veita flóttamönnum, sem í löndum þeirra dvelja, að minnsta kosti eins góða aðstöðu og það veitir sínum eigin borgurum, að því er tekur til frjálsræðis til þess að iðka trú

by the General Assembly of the United Nations, these persons shall *ipso facto* be entitled to the benefits of this Convention.

E. This Convention shall not apply to a person who is recognized by the competent authorities of the country in which he has taken residence as having the rights and obligations which are attached to the possession of the nationality of that country.

F. The provisions of this Convention shall not apply to any person with respect to whom there are serious reasons for considering that:

(a) he has committed a crime against peace, a war crime, or a crime against humanity, as defined in the international instruments drawn up to make provision in respect of such crimes;
(b) he has committed a serious non-political crime outside the country of refuge prior to his admission to that country as a refugee;
(c) he has been guilty of acts contrary to the purposes and principles of the United Nations.

Article 2
General Obligations.

Every refugee has duties to the country in which he finds himself, which require in particular that he conform to its laws and regulations as well as to measures taken for the maintenance of public order.

Article 3
Non-discrimination.

The Contracting States shall apply the provisions of this Convention to refugees without discrimination as to race, religion or country of origin.

Article 4
Religion.

The Contracting States shall accord to refugees within their territories treatment at least as favourable as that accorded to their nationals with respect to freedom to practice their religion and

sína og til trúarlegrar uppfræðslu barna sinna.

5. gr.
Réttindi veitt utan þessa samnings.

Ekkert í samningi þessum skal talið skerða nokkur þau réttindi eða hagsbætur, sem samningsríki veitir flóttamönnum utan þessa samnings.

6. gr.
Orðin „við sömu aðstæður".

Að því er tekur til þessa samnings, þýða orðin „við sömu aðstæður" það, að flóttamaðurinn verður að uppfylla sérhverjar kröfur (þar með taldar kröfur um lengd og skilyrði dvalar eða aðseturs), sem umræddur einstaklingur yrði að uppfylla til þess að njóta réttinda þeirra, sem um er að ræða, ef hann væri ekki flóttamaður, að undanskildum þeim kröfum, sem flóttamanni er ómögulegt að uppfylla vegna eðlis þeirra.

7. gr.
Undanþága frá gagnkvæmi.

1. Aðildarríki skal veita flóttamönnum sömu aðbúð og það veitir útlendingum almennt, nema þegar samningur þessi hefur að geyma hagkvæmari ákvæði.
2. Að loknu þriggja ára aðsetri, skulu allir flóttamenn njóta undanþágu frá gagnkvæmi að lögum í löndum aðildarríkjanna.
3. Þar sem ekki er um gagnkvæmi að ræða, skal sérhvert aðildarríki halda áfram að veita flóttamönnum þau réttindi og hagsbætur, sem þeir áttu þegar rétt til er samningur þessi gekk í gildi fyrir það ríki.
4. Þar sem ekki er um gagnkvæmi að ræða, skulu aðildarríkin athuga með velvilja þann möguleika, að veita flóttamönnum réttindi og hagsbætur fram yfir það, sem þeir eiga rétt til samkvæmt 2. og 3. tölulið og færa undanþáguna frá gagnkvæmi út þannig að hún taki til flóttamanna, sem ekki uppfylla kröfur þær, sem settar eru í 2. og 3. tölulið.

freedom as regards the religious education of their children.

Article 5
Rights granted apart from this Convention.

Nothing in this Convention shall be deemed to impair any rights and benefits granted by a Contracting State to refugees apart from this Convention.

Article 6
The Term "in the same circumstances".

For the purpose of this Convention, the term "in the same circumstances" implies that any requirements (including requirements as to length and conditions of sojourn or residence) which the particular individual would have to fulfil for the enjoyment of the right in question, if he were not a refugee, must be fulfilled by him, with the exception of requirements which by their nature a refugee is incapable of fulfilling.

Article 7
Exemption from Reciprocity.

1. Except where this Convention contains more favourable provisions, a Contracting State shall accord to refugees the same treatment as is accorded to aliens generally.
2. After a period of three years' residence, all refugees shall enjoy exemption from legislative reciprocity in the territory of the Contracting States.
3. Each Contracting State shall continue to accord to refugees the rights and benefits to which they were already entitled, in the absence of reciprocity, at the date of entry into force of this Convention for that State.
4. The Contracting States shall consider favourably the possibility of according to refugees, in the absence of reciprocity, rights and benefits beyond those to which they are entitled according to paragraphs 2 and 3, and to extending exemption from reciprocity to refugees who do not fulfil the conditions provided for in paragraphs 2 and 3.

5. Ákvæði 2. og 3. töluliðs taka bæði til réttinda og hagsbóta, sem nefnd eru í 13., 18., 19., 21. og 22. gr. þessa samnings, svo og réttinda og hagsbóta, sem þessi samningur kveður ekki á um.

8. gr.
Undanþága frá sérstökum ráðstöfunum.

Að því er varðar sérstakar ráðstafanir, sem gerðar kunna að vera gagnvart persónu, eignum eða hagsmunum þegna annars ríkis, skulu aðildarríkin ekki beita slíkum ráðstöfunum við flóttamann, sem er formlega þegn þess ríkis, einungis vegna slíks þegnréttar hans. Þau aðildaríki, sem vegna löggjafar sinnar geta ekki beitt þeirri almennu reglu, sem sett er fram í þessari grein, skulu í þeim tilfellum, sem það á við, veita undanþágur vegna slíkra flóttamanna.

9. gr.
Bráðabirgðaráðstafanir.

Ekkert í þessum samningi skal vera því til fyrirstöðu, að aðildarríki geri, á ófriðartímum eða öðrum óvenjulegum alvarlegum tímum, bráðabirgðaráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar vegna öryggis þjóðarinnar, varðandi sérstakan mann, þar til samningsríkið hefur tekið ákvörðun um það, hvort sá maður sé í raun og veru flóttamaður og að áframhald slíkra ráðstafana sé nauðsynlegt, að því er hann snertir, til verndar öryggi þjóðarinnar.

10. gr.
Samfellt aðsetur.

1. Þegar flóttamaður hefur, meðan á annarri heimsstyrjöldinni stóð, verið færður nauðugur úr heimkynnum sínum og fluttur til lands samningsríkis og hefur aðsetur þar, skal slík nauðungardvöl talin löglegt aðsetur í því landi.

2. Þegar flóttamaður hefur verið fluttur nauðugur frá landi aðildarríkis meðan á annarri heimsstyrjöldinni stóð og hefur, fyrir gildistöku samnings þessa, horfið þangað aftur í þeim tilgangi að setjast þar að, skal litið

5. The provisions of paragraphs 2 and 3 apply both to the rights and benefits referred to in articles 13, 18, 19, 21 and 22 of this Convention and to rights and benefits for which this Convention does not provide.

Article 8
Exemption from Exceptional Measures.

With regard to exceptional measures which may be taken against the person, property or interests of nationals of a foreign State, the Contracting States shall not apply such measures to a refugee who is formally a national of the said State solely on account of such nationality. Contracting States which, under their legislation, are prevented from applying the general principle expressed in this article, shall, in appropriate cases, grant exemtion in favour of such refugees.

Article 9
Provisional Measures.

Nothing in this Convention shall prevent a Contracting State, in time of war or other grave and exceptional circumstances, from taking provisionally measures which it considers to be essential to the national security in the case of a particular person, pending a determination by the Contracting State that that person is in fact a refugee and that the continuance of such measures is necessary in his case in the interest of national security.

Article 10
Continuity of Residence.

1. Where a refugee has been forcibly displaced during the Second World War and removed to the territory of a Contracting State, and is resident there, the period of such enforced sojourn shall be considered to have been lawful residence within that territory.
2. Where a refugee has been forcibly displaced during the Second World War from the territory of a Contracting State and has, prior to the date of entry into force of this Convention, returned there for the pur-

á aðseturstímann fyrir og eftir slíkan nauðungarflutning sem eitt óslitið tímabil að því er tekur til hvers tilviks, þar sem samfellds aðseturs er krafizt.

pose of taking up residence, the period of residence before and after such enforced displacement shall be regarded as one uninterrupted period for any purposes for which uninterrupted residence is required.

11. gr.
Landflótta sjómenn.

Þegar um er að ræða flóttamenn, sem stunda að staðaldri sjómennsku á skipum, sem sigla undir fána aðildarríkis, skal það ríki taka til velviljaðrar athugunar að þeir setjist að í landi þess og að gefa út ferðaskírteini þeim til handa, eða leyfa þeim landvist um stundar sakir, einkum með tilliti til þess, að auðvelda þeim að setjast að í öðru landi.

Article 11
Refugee Seamen.

In the case of refugees regularly serving as crew members on board a ship flying the flag of a Contracting State, that State shall give sympathetic consideration to their establishment on its territory and the issue of travel documents to them or their temporary admission to its territory particularly with a view to facilitating their establishment in another country.

II. KAFLI
Réttarstaða.

CHAPTER II
Juridical Status.

12. gr.
Persónulegur réttur.

1. Persónulegur réttur flóttamanns skal fara eftir lögum þess lands, sem hann á lögheimili í, en eigi hann hvergi lögheimili, þá skal réttur hans fara eftir lögum þess lands, sem hann hefur aðsetur í.
2. Aðildarríki skal virða réttindi þau, sem flóttamaður hefur áður áunnið sér og byggjast á persónulegum rétti, einkum og sér í lagi réttindi, sem tengd eru hjúskap, með því skilyrði, að ef nauðsyn krefur, sé fullnægt formsskilyrðum, sem lög þess ríkis krefjast, enda sé um þau réttindi að ræða, sem hefðu verið viðurkennd af því ríki, ef hann hefði ekki orðið flóttamaður.

Article 12
Personal Status.

1. The personal status of a refugee shall be governed by the law of the country of his domicile or, if he has no domicile, by the law of the country of his residence.
Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var

aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera hlutafélag. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Nú veit það hver maður, sem eitthvað þekkir inn í venjulegan hlutafélagarekstur, að hluthafi er eigandi að jafnstórum hlut í viðkomandi hlutafélagi og hlutabréfaeign hans segir til um. Það virðist einnig sýnilegt, að þá reglu eigi að nota til þess að koma eignarrétti yfir áburðarverksmiðjunni í hendur þessa hlutafélags, þótt 3. gr. laganna kveði skýrt á um, að hún eigi að vera sjálfseignarstofnun. A. m. k. tveir ráðherrar, fyrrverandi landbúnaðarráðherra og núverandi fjármálaráðherra, hafa opinberlega lýst því yfir á Alþingi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þótt skýrum orðum standi í lögunum, að hún sé sjálfseignarstofnun. Fer þá skörin að færast upp í bekkinn, ef ráðherrum á að takast að breyta skýrum lagaákvæðum með yfirlýsingum á Alþingi.

Áburðarverksmiðjan mun kosta a. m. k. 125 millj. kr. Þar af nemur hlutafé 10 millj., og skulu aðrir hluthafar en ríkið eiga ⅖ hluta þess, eða 4 millj. kr. Allt hitt fjármagnið, 121 millj. a. m. k., verður ríkið að leggja fram sem hlutafé eða lán. Þessi lán, sem samkvæmt þessu mundu nema 115 millj., eiga að greiðast af notendum áburðarins í áburðarverðinu. Það liggja einnig fyrir ráðherrayfirlýsingar um það. Fjármagn þetta, sem að nokkru leyti er fé mótvirðissjóðs, er ríkið lánar verksmiðjunni, eða lán, sem ríkið tekur erlendis og endurlánar fyrirtækinu, á að greiðast á 20 árum með 5—6% vöxtum.

Ef hlutafélagið á nú að fá eignarrétt verksmiðjunnar samkvæmt yfirlýsingum ráðherranna, í stað þess að fylgt verði ákvæðum 3. gr. laganna um, að verksmiðjan sé sjálfseignarstofnun, þá þýðir það, að þeir hluthafar, sem eiga 4 millj. kr. hlutafé á móti ríkinu, eiga að þessum 20 árum liðnum ⅖ hluta fyrirtækisins, þegar skuldir eru greiddar, og mundu þá þessir ⅖ hlutar nema að verðgildi 50 millj. kr., miðað við sama peningagildi og nú. Það þýðir að eignast 2.3 millj. kr. verðgildi á ári í fyrirtækinu, auk þess sem lögin heimila þeim að taka 6% í arð af hlutafé sínu.

Þá má enn fremur minna á þá yfirlýsingu, sem núverandi bankastjóri Framkvæmdabankans gaf á fundi fjárhagsnefndar efri deildar á þingi 1952, að tilætlunin væri að selja hlutabréf ríkisins í Áburðarverksmiðjunni síðar meir. Verði horfið að því ráði, verður verksmiðjan öll afhent einkaaðilum á sama hátt.

Ég dreg mjög í efa, að allir þeir þingmenn, er léðu breytingartillögu þeirri, er varð 13. gr., fylgi sitt á síðustu stigum málsins vorið 1949, hafi þá ætlazt til þess, að breytingin yrði notuð til þess að afhenda verksmiðjuna einkaaðilum til eignar að einhverju eða jafnvel öllu leyti. Miklu fremur er líklegt, að þeir hafi litið svo á, að ummæli 3. gr. um, að verksmiðjan væri sjálfseignarstofnun, yrðu hin raunverulega gildandi ákvæði um eignarrétt hennar.

Það er ekki fyrr en nokkru eftir að lögin voru samþykkt, að ráðherrar fara að lýsa yfir þeim skilningi, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, þvert ofan í skýlaus ákvæði 3. gr.

Það er því sjálfsagt, að Alþingi breyti þessum lögum í það horf, sem ætlið var fyrirhugað þangað til á allra síðustu stigum málsins í þinginu, felli burt 13. gr. þeirra og sýni þar með ákveðið þann vilja, að þetta fyrirtæki eigi ekki að komast í eign einkaðila.

Það ástand, sem nú ríkir í málum áburðarverksmiðjunnar, ýtir og undir það, að stjórn og eign ríkisins á þessu mikla fyrirtæki sé gerð skýlaus.

Frv. eins og þetta var flutt á síðasta þingi af þm. Sósialistaflokksins, en náði þá ekki fram að ganga.

Ed. 56. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Jóni Kjartanssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðin „og Dyrhólahreppur“ í 45. lið komi: Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur;
   b. Orðið „Austur-Eyjafjallahreppur“ í 47. lið falli burt.
2. Við 2. gr. 15. liður orðist svo:
   Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols.

Nd. 57. Frumvarp til laga [50. mál]

um breyting á lögum nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 1—5 í 79. kafla orðist svo:
   Hljóðfæri, hljóðritunartæki og hlutar til þeirra:
   1 Flygel og pianó ..... tollfrjáls
   2 Hlutar til flygela og pianóa ..... tollfrjálsir
   3 Orgel og harmóníum ..... tollfrjáls
   4 Hlutar til orgela og harmónía ..... tollfrjálsir
   5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a. ..... tollfrjáls
2. Nr. 7—9 í sama kafla orðist svo:
   7 — önnur og hlutar til þeirra ..... tollfrjáls
   8 Harmonikur og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsar
   9 — grammófónar og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsir
3. Fyrir nr. 11 og 12 í sama kafla komi eitt nr., svo hljóðandi:
   11 — grammófónplötur ..... tollfrjálsar
4. Nr. 15—16 í sama kafla orðist svo:
   15 Trumbur ..... tollfrjálsar
   16 Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a. ..... tollfrjáls

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á hljóðfærum er nú tollur, sem nemur allt að 80%. Á það að sjálfsögðu sinn þátt í því, hve dýr þau eru. Er nú svo komið, að aðeins efnað fólk hefur möguleika til þess að kaupa hljóðfæri, eins og t. d. slaghörpu og orgel, sem æskilegt er að til séu á sem flestum heimilum í landinu.

Þetta er mjög illa farið. Tónmenntun þjóðarinnar hlýtur að vera snar þáttur í menningarlegu uppeldi hennar. En til þess að iðkun hljómlistar geti orðið almenn, þarf hljóðfæraeign mjög að aukast. Gegn því má hið opinbera ekki vinna með óhóflegum tollaálögum á þessi menningartæki. Á það má benda, að bækur, bæði skólabækur og aðrar bækur, sem inn eru fluttar, eru tollfrjálsar. Sama ætti að gilda um hljóðfæri.

Með frv. þessu er þess vegna lagt til, að felldir verði niður tollar af helztu hljóðfærum, sem til landsins eru flutt. Vegna þess, hve innflutningur þeirra hefur verið lítill undanfarin ár, missir ríkissjóður hverfandi lítils í af tekjum sínum með slíkri breytingu tollalaga. Samtals voru á s. l. ári flutt inn hljóðfæri fyrir rúmlega 975 þús. kr. að innflutningsverði. Vörumagnstollur, verðtollur og söluskattur af þessum innflutningi nam hins vegar rösklega 915 þús. kr.

Nd. 58. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Sigurðssyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Framan við efnislið greinarinnar komi:

1. Á eftir C. 24 koma 3 nýir liðir:
   a. *Efribyggðarvegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði um Efribyggð að Syðri-Mælifellsá.
   b. *Vesturdalsvegur:* Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi að Giljum í Vesturdal.
   c. *Austurdalsvegur:* Frá Jökulsárbrú hjá Goðdölum að Skatastöðum í Austurdal.
2. Aftan við C. 29 bætist: með álmu inn Unadal að Hrauni.
3. Á eftir C. 29 kemur nýr liður:
   Flókadalsvegur vestri: Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að Illugastöðum í Flókadal.

Nd. 59. Frumvarp til laga [51. mál]

um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Flm.: Jónas Rafnar, Gylfi Þ. Gíslason.

1. gr.

1. málsl. 38. gr. laganna orðist svo:

Húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða á þeim stað öðrum, er fræðslumálastjórnin, að undangenginni rannsókn á aðstæðum til skólahaldsins, kann að telja hentugri.

2. gr.

39. gr. laganna orðist svo:

Þegar skólinn fær eigið húsnæði, skal, svo fljótt sem auðið er, koma þar upp heimavist fyrir nemendur, er búa sig undir kennarastörf við húsmæðraskóla.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum skal húsmæðrakennaraskólinn starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar. Með frv. þessu er lagt til að heimila fræðslumálastjórninni að ákveða skólanum stað utan Reykjavíkur, ef æskilegt teldist.

Nd. 60. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyting á vegalögum, nr. 34, 22. apríl 1947.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Framan við efnislið 1. gr. komi nýr liður:

Á eftir A. 10 kemur nýr liður:

Heiðmerkurvegur: Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni, meðfram Elliðavatni í Heiðmörk.

Ed. 61. Frumvarp til laga [52. mál]

um breyting á lögum nr. 68 25. maí 1949 um bifreiðaskatt o. fl.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Í stað orðanna „31 eyri“ í a-lið 1. gr. laganna komi: 36 aura.

2. gr.

Í stað orðanna „5 aura“ í a-lið 8. gr. laganna komi: 10 aura.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi með svo hljóðandi greinargerð:

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þörf á endurbyggingu stórbrúa og byggingu nýrra er enn miklu meiri en svo, að núverandi tekjur brúasjóðs hrökkvi til viðunandi framkvæmda á því sviði. Hér er því lagt til, að tekjur sjóðsins verði auknar með því að hækka innflutningsgjald af benzíni um 5 aura á lítrann, og yrði það gjald þó ekki talið hátt hér á landi, miðað við það, sem tíðkast annars staðar í menningarlöndum, en verkefni hvergi meiri en hér hlutfallslega.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASKRIFSTOFA

Benzínskattur.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum var verðlag á benzíni í nóv. 1953 í nokkrum Evrópulöndum sem hér greinir. Miðað er við verð í höfuðborgum landanna:

Ísland	ísl. kr. 1.72	
hér af skattur	kr. 0.65	
Danmörk	D. kr. 0.78 á 2/363	= kr. 1.84
hér af skattur	kr. 0.41 = ísl. kr. 0.97	
Noregur	N. kr. 0.94 á 2/285	= — 2.15
hér af skattur	N. kr. 0.46 = ísl. kr. 1.05	
Svíþjóð	S. kr. 0.59 á 3/155	= — 1.86
Bretland	ísl. 9.52 á 4/546 l. 4 sh. 2d. pr. (imp. gl.)	= — 2.10
Finnland	F. mk. 35.00 á 0/071	= — 2.49
Þýzkaland	D. M. 0.63 á 3/883	= — 2.45
Belgía	b. frcs 6.40 á 0/3267	= — 2.09
Frakkland	fr. frcs. 64.10 á 0/466	= — 2.99
Holland	fls. 0.378 á 4/299	= — 1.63
Sviss	Sv. frcs 0.60 á 3/737	= — 2.24

Fjárveitinganefnd Alþingis.

Ed. 62. Breytingartillaga [11. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr. Í stað „45%“ í B-lið greinarinnar komi: 20%.

Nd. 63. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Framan við meginmál greinarinnar komi nýr liður:
Á eftir A. 60 kemur nýr liður:
Hvalnesvegur í Lóni: Af Suðurlandsvegi hjá Svínhólum um Vík að Hvalnesi.

Sþ. 64. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um lánsútvegun vegna sementsverksmiðju o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita fyrir sér eða láta leita um möguleika á því við stjórn Austur-Þýzkalands (Deutschen Demokratischen Republik) að kaupa þaðan vélar til sementsverksmiðju með gjaldfresti til nokkurra ára gegn

greiðslu í fiskafurðum, sem samið væri um til sama árabils. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að athuga, hvort samsvarandi möguleikar væru um kaup á vélum til fyrirhugaðra raforkuvera.

Greinargerð.

Erfiðlega hefur gengið um útvegun lána til byggingar sementsverksmiðju. Samkvæmt upplýsingum, er fram komu á Alþingi í fyrra, er svo að sjá, að sett séu þau skilyrði fyrir slíkum lánveitingum í Bandaríkjunum, að sementsverksmiðjan sé eign einkaaðila, en ekki íslenzka ríkisins, eins og lög mæla fyrir.

Vitað er, að möguleikar eru á að kaupa vélar til sementsverksmiðju í Austur-Þýzkalandi. Ætla má, að verð á þeim sé samkeppnisfært, því að þaðan eru seldar slíkar vélar víða um heim.

Hins vegar er það staðreynd, að möguleiki er á að selja miklu meira af freðfiski og ísfiski frá Íslandi til Austur-Þýzkalands en nú er gert. En verð á þeim fiski, sem samið hefur verið um við Austur-Þýzkaland, er mun hærra en vér fáum víða annars staðar.

Í viðræðum, sem fram hafa farið við stjórnarvöld í Austur-Þýzkalandi, hefur það komið í ljós, hvað vélar til hraðfrystihúsa snertir, að hugsanlegt var að semja um 3—5 ára gjaldfrest á slíkum vélum, einkum ef samningar væru gerðir til sama tíma um sölu á fiskafurðum. Ekki væri óhugsandi, að svipaðir samningar gætu fengizt um vélar til sementsverksmiðju, og er því rétt, að það sé athugað. Ef vel gengi með slíkt, væri og rétt að reyna svipaða samninga um vélar til raforkuveranna, sem nú eru fyrirhuguð í Sogi, Lagarfossi og Dynjanda.

Fyrir þjóðarbúið væri það mikill kostur að geta fengið vélar þessar með slíkum samningum. Jafnvel væri það hreinn ávinningur fyrir þjóðarbúið að eignast slíkar vélar fyrir fisk, sem ella hefði ekki verið framleiddur. En svo sem kunnugt er, hefur það borið við stundum undanfarið, að togarar og bátar hafa legið aðgerðalausir um nokkurn tíma árs, er vel var hægt að nota til fiskframleiðslu.

Ef slíkir samningar tækjust, þá væri þar með tryggður mestallur gjaldeyrir, sem þyrfti til vélakaupa í þessi nauðsynjafyrirtæki. Lánsútvegun til þess að gera þjóðarbúinu auðveldara um afborgun þessara fyrirtækja væri þá einvörðungu innanlandsmál og undir því komið, hvort rétt fjármálastefna er höfð til þess að hagnýta sem bezt afkastagetu þjóðarinnar.

Ed. 65. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við meginmál 1. gr. komi nýir liðir:

a. A. 14 orðast svo:
Biskupstungnabraut: Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Vatnsleysu, Geysi, um Brú og Kjóastaði að Gullfossi.

b. Á eftir A. 15 kemur nýr liður:
Reykjavegur: Af Tjarnarvegi um Syðri-Reyki, Efri-Reyki á Laugardalsveg.

c. Á eftir A. 18 kemur nýr liður:
Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði á Biskupstungnabraut.

d. Á eftir A. 24 koma tveir nýir liðir:
   1. *Flúðavegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi hjá Flúðum, um væntanlega brú á Litlu-Laxá, vestan Högnastaða, Bryðjuholts, á Skeiða- og Hreppaveg vestan Kirkjuskarðs.
   2. *Unnarholtsvegur:* Af Auðsholtsvegi vestan Unnarholts, vestan Langholtsfjalls á Hreppaveg hjá Hryggjarholti.

e. Á eftir A. 26 kemur nýr liður:
   Skarðsvegur: Frá Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.

Nd. 66. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Pétri Ottesen.

Framan við efnislið 1. gr. koma nýir liðir:

1. Á eftir B. 8 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Vatnshornsvegur: Af Draghálss- og Skorradalsvegi hjá Stóru-Drageyri um Haga að Vatnshorni.
2. Fyrir orðin „að Eyri“ í B. 11 kemur: hjá Eyri á þjóðveginn í Kornahlíð gegnt Geitabergi.
3. Á eftir B. 19 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Þingnesvegur: Af Bæjarsveitarvegi ofanvert við Þórdísarholt um Árbakka að Þingnesi.
4. Fyrir orðin „að Skógum“ í B. 20 kemur: hjá Skógum um Brennistaði og Geirshlíð á Bæjarsveitarveg hjá Litla-Kroppi.
5. Fyrir orðin „á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti“ í B. 21 kemur: um Rauðsgil á Hálsasveitarveg gegnt Giljum.
6. Á eftir B. 24 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
   Hálsasveitarvegur: Af Borgarfjarðarbraut framan Reykholts, um Uppsali gegnt Augastöðum á Borgarfjarðarbraut við Deildargil framanvert við Hraunsás.

Nd. 67. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Við 1. gr. Á undan efnislið greinarinnar koma nýir liðir:

1. Á eftir B. 55 kemur nýr liður:
   Sælingsdalsvegur: Af Laugavegi um Gerði að Sælingsdal.
2. Fyrir orðin „að Þverfelli“ í B. 59 kemur: og Þverfell að Hvammsdal.

Sþ. 68. Fyrirspurnir. [54. mál]

I. Til utanríkisráðherra um reglur um ferðir varnarliðsmanna.

Frá Gils Guðmundssyni.

Hvernig hljóðar samkomulag það, sem utanríkisráðherra tilkynnti 26. maí síðastliðinn að gert hefði verið milli íslenzku ríkisstjórnarinnar og yfirmanns ameríska „varnarliðsins“, „um á hvern hátt ferðir varnarliðsmanna út af samningssvæðum og ferðir Íslendinga inn á samningssvæði skuli takmarkaðar eftirleiðis“?

II. Til ríkisstjórnarinnar um ráðstafanir til að stemma stigu við mæðiveiki.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hve víða er talið, að mæðiveiki hafi komið upp að nýju eftir fjárskipti?
2. Hvaða ráðstafanir hyggjast ríkisstjórn og sauðfjársjúkdómanefnd gera til að stemma stigu við veikinni?

Ed. 69. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Andrési Eyjólfssyni.

Framan við efnisliði 1. gr. koma nýir liðir:

a. B. 25 orðist svo:
Varmalandsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Einifell, Veiðilæk, Svartagil, á Glitstaðaveg, með hliðarálmu að Varmalandsskólum.

b. B. 26 orðist svo:
Stafholtsvegur: Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.

c. Á eftir B. 27 kemur nýr liður:
Framhliðarvegur: Af Þverárhlíðarvegi hjá Högnastöðum, um Þverárrétt, um brú á Litlu-Þverá, að Hermundarstöðum.

d. Á eftir b. 29 koma 2 nýir liðir:
1. *Glitstaðavegur:* Frá Vesturlandsvegi hjá Grábrók, með brú á Norðurá (á milli Glitstaða og Svartagils) um Skarðshamra, um Krók, um væntanlega brú hjá Króki og á Norðurlandsveg.
2. *Borgarhreppsvegur:* Frá Vesturlandsvegi fyrir ofan Galtarholt um Valbjarnarvelli, Litla-Fjall, niður með Langá og á Stykkishólmsveg hjá Langárbrú.

e. Á eftir B. 30 koma 2 nýir liðir:
1. *Álftanesvegur:* Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
2. *Þverholtavegur:* Af Álftaneshreppsvegi austan Álftár, um Þverholt, Álftárbakka og á Hraunhreppsveg austan brúar hjá Hrafnkelsstöðum.

f. Á eftir B. 32 koma 2 nýir liðir:
1. *Sauravegur:* Frá Stykkishólmsvegi við Fornaselsás, um Saura, Miklholt, Hamra að Jaðri.
2. *Staðarhraunsvegur:* Af Stykkishólmsvegi á Raftás, um Staðarhraun að Hítardal.

Sþ. 70. Tillaga til þingsályktunar [55. mál]

um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi.

Flm.: Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að styrkja Flateyjarhrepp til atvinnuaukningar í Flatey með eftirfarandi aðgerðum:

1. að koma hraðfrystihúsinu í Flatey nú þegar í rekstrarhæft ásigkomulag og afhenda það síðan hreppnum kvaðalaust með öllum áhöldum og öðru því, er húsinu tilheyrir;
2. að greiða nú þegar til fólksins í Flateyjarhreppi öll ógreidd vinnulaun þess vegna fyrrverandi rekstrar frystihússins og útgerðar Sigurfara, enda verði þessar upphæðir látnar fyrst og fremst ganga til þess að mæta áföllnum og ógreiddum hreppsgjöldum þessara aðila.

Greinargerð.

Um allmörg undanfarin ár hafa íbúar í Flateyjarhreppi barizt harðri baráttu til þess að koma þar á fót auknum og öruggum atvinnurekstri til þess að tryggja það, að fólkið þyrfti ekki að flytja þaðan í burtu, heldur mætti framvegis una þar við sæmileg lífskjör, svo sem verið hefur um aldir. Er vitað, að í þessum byggðum eru margvíslegir möguleikar til góðrar lífsafkomu fyrir fólkið, ef aðeins skilyrði eru sköpuð því, til að hagnýta þá svo sem tækni nútímans getur bezt aðstoðað.

Fyrir margvísleg óhöpp, m. a. fyrir margra ára síldarleysi, hafa atvinnufyrirtæki þau, sem komið hefur verið þar upp, fengið slík áföll, að þau hafa komizt í greiðsluþrot og orðið að gefast upp. Af þessum ástæðum voru þeir tveir bátar, sem aðallega áttu að vera undirstaðan undir atvinnurekstrinum, seldir burt úr hreppnum sumarið 1953. En hraðfrystihúsið stöðvaði nokkru síðar rekstur sinn af sömu ástæðum. Áður en svo var komið, hafði fólkið lagt fram fé, sem nam hundruðum þúsunda og nú er glatað því að fullu, auk þess sem það á enn tugþúsundir af ógreiddum vinnulaunum hjá fyrirtækjunum, sem vitað er nú að þau geta ekki staðið skil á.

Með því að vitað er, að það er frumskilyrði fyrir viðreisn atvinnumálanna þar, að hraðfrystihúsið, sem reist var á staðnum, sé starfrækt, var leitað til ríkisstjórnarinnar með bréfi, dags. 22. marz s. l., um fjárhagslega aðstoð, svo að hægt væri að koma í veg fyrir sölu þeirra eigna og tryggja rekstur frystihússins í framtíðinni, en ríkisstjórnin sá sér þá ekki fært að verða við þeirri málaleitun, og voru eignirnar því seldar á opinberu uppboði. Varð ríkissjóður eigandi þeirra, þar sem hann hafði veð í eignunum. Er málum var svo komið, var enn leitað til ráðuneytisins og nú á þeim grundvelli, sem farið er fram á í þessari tillögu.

Þar sem enn hefur ekki fengizt endanlegt svar við þeirri málaleitun, en frystihúsið hins vegar ekki rekið og liggur þar að auki undir skemmdum, ef ekkert er aðhafzt, auk þess sem atvinnumál hreppsins bíða við þetta mikinn hnekki, þykir rétt að leita heimildar Alþingis fyrir því, að afhenda megi eignirnar til hreppsins og gera honum jafnframt mögulegt að reka þær.

Þá er einnig leitað heimildar fyrir ríkisstjórnina til að greiða fólkinu ógreidd vinnulaun þess hjá þessum fyrirtækjum. Nemur sú upphæð rúmum 90 þús. kr. Má geta nærri, hversu það er mikið áfall fyrir fólkið að hafa ekki fengið þetta fé greitt, ofan á allt annað tjón, sem það hefur haft í sambandi við örðugan fjárhag fyrirtækjanna og að síðustu uppgjöf þeirra um atvinnubætur. Hefur þetta orðið til þess, að fólkið hefur ekki getað greitt gjöld sín til hreppsins og beinlínis orðið að vísa á þessa innstæðu hjá atvinnurekanda, sem gat ekki greitt hana. Skapar þetta m. a. hreppssjóði margvíslega erfiðleika.

Af því, sem þegar er upplýst í þessu máli, er sýnt, að öll sanngirni mælir með því, að heimild sú, sem farið er fram á í þáltill., verði veitt og ríkisstjórnin noti hana síðar og það svo fljótt sem verða má.

Fylgiskjal.

Eins og hinu háa ráðuneyti er kunnugt, hefur enn ekki, þrátt fyrir allmikla aðstoð ríkissjóðs, verið unnt að bæta úr því öngþveiti, er ríkt hefur í atvinnumálum Flateyinga, og má segja, að atvinnuástandið þar hafi aldrei verið jafnískyggilegt og nú. Tveir stærstu mótorbátarnir, sem ríkisstjórnin á sínum tíma aðstoðaði við kaup á til staðarins, voru seldir þaðan á s. l. vori, en eftir standa enn ógreidd vinnulaun, sem úgerðin skuldar, að upphæð kr. 47.768,96, samkvæmt hjálögðum lista, dags. 30. nóv. s. l.

Ríkisstjórnin hefur að vísu aðstoðað við kaup á tveim minni bátum í stað þeirra, sem seldir voru í burtu, en annan þessara báta hefur orðið að gera út frá Stykkishólmi, þar sem engin aðstaða er í Flatey til að taka á móti fiski til hraðfrystingar, vegna fjárhagsörðugleika hraðfrystihússins, sem hefur orðið að hætta störfum og liggur nú undir stórkostlegum skemmdum, svo framarlega sem ekki er þegar hafizt handa um að fyrirbyggja þær, en til þess hefur hraðfrystihúsið ekkert fjármagn. Hvíla nú á því um kr. 1.400.000,00 skuldir, þar af eru ógreidd vinnulaun kr. 126.000,00, allt samkvæmt hjálögðum lista, dags. 31. des. s. l.

Þá er einnig látinn fylgja hér með listi yfir ógoldin vinnulaun hraðfrystihússins til íbúa Flateyjarhrepps, dags. 26. nóv. s. l., að upphæð kr. 44.365,22.

Af öðrum upplýsingum, sem fyrir liggja, er talið, að aðkallandi vélaviðgerð og nauðsynlegar umbætur á húsinu til að forða því frá frekari skemmdum muni kosta allt að því kr. 200.000,00. Er sýnilegt, að ógerlegt er að láta öll þessi mál liggja þannig framvegis, eignirnar grotna niður og verða að engu, en atvinnuleysið kreppa að íbúunum.

Ég vil því leyfa mér að fara þess á leit, að hið háa ráðuneyti úthluti Flateyjarhreppi kr. 1.000.000,00 af því fé, sem ætlað er til atvinnubóta á fjárlögum yfirstandandi árs og að upphæðinni verði síðan varið til þess:

1. Að koma hraðfrystihúsinu í vinnuhæft ástand.
2. Að greiða ógoldin vinnulaun til fólksins, bæði vegna frystihússins og Sigurfara-útgerðarinnar, svo og aðrar ógreiddar skuldir, sem á þessum fyrirtækjum hvíla.
3. Að nota eftirstöðvarnar sem rekstrarfé til tryggingar því, að húsið verði rekið í framtíðinni.

Vil ég mega vænta þess, að ráðuneytið taki þetta mál til alvarlegrar íhugunar og afgreiðslu, þar sem úrlausn á þessu þolir enga bið.

Ég legg hér með skilagrein yfir þær kr. 38.000,00, sem h/f Sigurfari og hraðfrystihúsið hafa áður móttekið frá ríkissjóði til greiðslu á hluta af ógreiddum vinnulaunum.

Allra virðingarfyllst,

Gísli Jónsson.

c. c. Atvinnumálaráðuneytið.

Til Félagsmálaráðuneytisins, Reykjavík.

Nd. 71. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Bjarnasyni.

Framan við efnislið 1. gr. bætast nýir liðir:

1. Aftan við B. 71 bætist: með álmum frá Melgraseyri að Laugalandi og frá Selárbrú að Skjaldfönn.
2. Fyrir orðin „að Mýri“ í B. 72 kemur: að Sætúnsbryggju í Grunnavík.
3. Á eftir B. 73 kemur nýr liður:
   Laugardalsvegur: Af Ögurvegi við botn Strandseljavíkur að Efstadal.
4. Á eftir B. 74 kemur nýr liður:
   Mjóafjarðarvegur: Frá Skálavík í Mjóafjarðarbotn á Ögurveg.
5. Fyrir orðin „fyrir Álftafjarðarbotn að Eyri í Seyðisfirði“ í B. 82 kemur: fyrir Álftafjörð, Seyðisfjörð, Hestfjörð og Skötufjörð að Hjöllum.

Nd. 72. Frumvarp til laga [56. mál]

um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans.

Flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson, Gunnar Jóhannsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal leita eftir samningum við íslenzkar skipasmíðastöðvar um byggingu tveggja togara af fullkomnustu gerð. Jafnframt skal ríkisstjórnin kaupa erlendis frá 8 fullkomna togara. Undirbúning þessara framkvæmda skal miða við það, að smíði þessara 10 skipa ljúki á árunum 1956 og 1957.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán allt að sextíu milljónum króna.

3. gr.

Skip þau, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að selja einstaklingum, félögum, bæjarfélögum eða sveitarfélögum eða hafa þau og reka í eigu ríkisins til atvinnujöfnunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Togaraútgerðin er afkastamesta og að ýmsu leyti bezta útgerð Íslendinga þjóðþjóðhagslega séð. Má í því sambandi benda á, að útvegur þessi hefur á síðustu árum notið minni fyrirgreiðslu af hálfu ríkisins en öll önnur útgerð. Bátagjaldeyrir hefur aldrei verið lagður á afurðir þessa útvegs honum til styrktar.

Þá liggur það í augum uppi, að Íslendingar eru sífellt að sækja á fjarlægari fiskimið, og bendir allt til, að nauðsyn þess að auka veiðarnar á fjarlægu miðunum, t. d. við Grænland, muni fara vaxandi, er tímar líða fram. Engin íslenzk fiskiskip eru vel til slíkra veiða fallin nema togararnir, og eru þó flestir þeir togarar, sem nú eru í eigu Íslendinga, að nokkru vanbúnir til mjög langsóttra veiða. Það er því

augljóst, að hinir ágætu nýsköpunartogarar, en þeir elztu þeirra eru nú að verða 8 ára gamlir, ganga úr sér og úreldast, og endurnýjun flotans fer að kalla að smám saman á næstu árum, og þar að auki er núverandi togarafloti of lítill.

Á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld voru jafnan upp undir 40 togarar gerðir út hérlendis, — 36—37 togarar á árunum 1934—1939, og hafði togaraflotinn þá hrörnað um skeið. Þeir 33 togarar, sem fest voru kaup á á nýsköpunarárunum, áttu fyrst og fremst að bæta upp langvarandi skort á endurnýjun skipastólsins, en hinu var ekki reiknað með, að gömlu togararnir hyrfu jafnskjótt úr sögunni og raun hefur á orðið. Á skipaskrá 1952 voru raunar enn 9 gamlir togarar. Enginn þeirra var það ár í fullum rekstri og sumir með öllu ónotaðir. Ólíklegt er, að þeir verði þannig gerðir út í framtíðinni, að afla þeirra gæti að nokkru ráði í heildarframleiðslunni.

Auk togaranna frá tíð nýsköpunarstjórnarinnar hefur ríkissjóður látið smíða 10 togara, svo að nú eru til í eigu landsmanna 43 nýlegir togarar, og eru það einu botnvörpuskipin, sem nokkurn veginn stöðugt eru starfandi. En þegar þess er gætt, að möguleikarnir til að hagnýta þau verðmæti, sem togararnir færa á land, eru nú margfaldir við það, sem áður var, þegar eingöngu varð að flytja fiskinn út ísvarinn eða salta hann, sést, að það er margfalt hagfelldara nú en áður að leggja kapp á aukna togaraútgerð. Er það fyrst og fremst vegna tilkomu hraðfrystihúsanna, en einnig á skreiðarverkunin sinn þátt í því.

Nú eru á því fullir möguleikar að tvöfalda togaraaflann í verðmæti með vinnuafli landsmanna, sem ella skortir oft verkefni og týnist í atvinnuleysi.

Flm. þessa frumvarps telja augljóst, að togaraútgerðin hljóti á komandi árum að verða í vaxandi mæli ein styrkasta stoðin undir sjálfstæðu atvinnulífi íslenzku þjóðarinnar og beri því hið bráðasta að gera ráðstafanir til þess, að ekki komi til stöðnunar í þróun hennar. Því er hér lagt til, að undinn verði bugur að því að auka togaraflotann um 10 skip, sem í öllu svari kröfum tímans og fullbúin séu til langsóttra veiða.

Það hefur ekki þótt rétt að binda það í lögum, hvort umrædd skip yrðu knúin eimvélum eða dieselvélum. Reynslan sýnir, að þeir diesel-togarar, sem hér eru reknir nú, eru mun sparari á eldsneyti en gufuskipin, en hitt er margra grunur, að mismunur á viðhaldskostnaði muni jafna þann mun, þegar til lengdar dregur. Um þetta efni, eins og raunar mörg fleiri tæknileg vandamál, væri sjálfsagt að leita umsagnar hinna fróðustu manna, áður en gerð skipanna yrði afráðin.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að tvö af þeim skipum, sem hér um ræðir, verði smíðuð innanlands.

Smíði stálskipa hérlendis er þegar hafin, og innlendar skipasmíðastöðvar hafa þegar allmikla reynslu í skipaviðgerðum. Flutningsmenn vita, að það er engum torleystum vandkvæðum bundið að komast að samningum við skipasmíðastöðvarnar hér um smíði togara, enda telja þeir það hina brýnustu nauðsyn, að slíkum smíðum verði hrundið af stað hérlendis hið allra fyrsta, svo að endurnýjun skipastólsins og aukning í framtíðinni geti orðið verk íslenzkra handa og hugvits í sívaxandi mæli.

Í nánustu framtíð er líklegt, að togarafloti landsmanna verði eitthvað yfir 50 skip. Óvarlegt er að reikna meðalendingu skipanna mikið yfir 25 ár. Endurnýjunarþörfin verður því 2 skip á ári, og ætti það að verða fast verkefni innlendra skipasmiða.

Af tveim ástæðum er hér þó ekki lagt til, að fleiri en 2 skip af þeim, sem um ræðir í þessu frumvarpi, verði smíðuð hérlendis. Hin fyrri er sú, að ólíklegt má teljast, að íslenzkir aðilar séu við því búnir að afkasta meiri smíði innan þess tíma, sem aukning flotans verður að teljast nauðsynleg. Síðari ástæðan er sú, að bygging þessara skipa yrði nokkur tilraunasmíði, sem öllum — sjómönnum og útgerðarmönnum jafnt sem skipasmiðum og þjóðinni allri — er hin mesta nauðsyn að fá á nokkra raunprófun, áður en mótuð er gerð og búnaður margra skipa.

Ríkisstjórninni eru í frumvarpi þessu ekki settar neinar skorður um ráðstöfun

skipanna. Hún getur selt þau hverjum sem er eða gert þau út sjálf, eftir því sem henni kann að þykja hentast. Hitt er vert að benda á, að enn eru til mörg bæjar- og sveitarfélög, álitlegir útgerðarstaðir, sem sækjast mjög eftir að eignast togara.

Frumvarpið gerir ráð fyrir allt að sextíu milljón króna lántöku til þessara framkvæmda. Það er augljóst, að sú upphæð er lægri an andvirði hinna 10 skipa, en þar er allt í senn, að ekki er ólíklegt, að ríkissjóður geti eitthvað til þessa lagt án lántöku, væntanlegir kaupendur eru líklegir til að inna af hendi einhverjar greiðslur, áður en smíðum lýkur, og einnig má telja, að lánsheimildin fáist hækkuð, ef nauðsyn krefur.

Flutningsmenn leggja áherzlu á það, að með frumvarpi þessu, ef að lögum yrði, er stefnt að því tvennu að bæta afkomu þjóðarinnar með eflingu þeirrar höfuðatvinnugreinar, sjávarútvegsins, sem telja má hyrningarstein undir allar meiri háttar framfarir á Íslandi, eins og nú er háttað málum, og blása lífi í hinn unga iðnað, sem áreiðanlega á eftir að vinna hér stórvirki, þegar tímar líða, ef hann fær að glíma við verkefni, sem honum eru samboðin. Togarasmíðar hér á landi eru iðnaðinum einmitt mjög ákjósanlegt verkefni, ekki einasta fyrir skipaverkfræðinga og skipasmiði, heldur einnig fyrir rafvirkja, vélvirkja, pípulagningamenn og húsgagnasmiði, svo að nokkrar iðngreinar séu nefndar.

Nd. 73. Frumvarp til laga [57. mál]

um stuðning við bæjar- og sveitarfélög til atvinnuframkvæmda.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka 50 milljón króna lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Til þess að gera tillögur um ráðstöfun þess fjár, er um ræðir í 1. gr., kýs Alþingi 5 manna nefnd. Skal hún gera tillögur til atvinnumálaráðherra um lánveitingar af fé þessu, en ráðherra ákveður síðan um lánveitingar.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að lána bæjar- og sveitarfélögum fé það, sem um ræðir í 1. gr., til 20 ára með 4% ársvöxtum, enda samþykki nefnd sú, sem um getur í 2. gr., ráðstöfun fjárins og tryggingar þær, sem settar eru fyrir lánunum.

4. gr.

Lánum þessum skal fyrst og fremst varið til framkvæmda í kaupstöðum og kauptúnum, til aukinna atvinnuframkvæmda og framleiðsluaukningar, svo sem byggingar eða endurbóta á frystihúsum og fiskimjölsverksmiðjum, bættrar aðstöðu til afgreiðslu fiskiskipa og annarra framkvæmda, sem miða að bættri aðstöðu við hagnýtingu sjávarafurða.

5. gr.

Heimilt er bæjar- og sveitarstjórnum að endurlána einstaklingum eða félögum lán þessi, enda sé þá jafnframt örugglega frá því gengið, að lánin komi þannig að fullu gagni til atvinnuaukningar á staðnum.

6. gr.

Ríkisstjórnin getur með reglugerð sett nánari ákvæði um allt, sem varðar framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í fjölmörgum bæjum og sjávarþorpum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum býr fólk við mikið og alvarlegt atvinnuleysi. Á mörgum stöðum í þessum landsfjórðungum er atvinnuástandið hið hörmulegasta. Tugir og hundruð af fólki á bezta aldri með fullt vinnuþrek sjá enga möguleika til að sjá sér og sínum farborða af þeirri litlu atvinnu, sem þar fellur til. Íbúar þessara staða lifa í sífelldum ótta við atvinnuleysið og eru háðir öllu því sára og mikla böli, sem því er samfara að vera atvinnulaus mánuð eftir mánuð. Hvergi er þetta ástand eins alvarlegt og í þeim bæjum og sjávarþorpum, sem byggt hafa afkomu sína á síldveiðum og síldarvinnslu. Þegar svo þar við bætist, að þorskveiðarnar á grunnmiðum hafa brugðizt að meira eða minna leyti undanfarin ár, og þegar það er jafnframt haft í huga, að mikil vöntun er á hentugum fiskiskipum, sem sótt geti á fjarlægari mið, ættu menn að geta skilið, hvað ástandið er alvarlegt og hvað þörfin er aðkallandi að koma þessum byggðarlögum til hjálpar fjárhagslega.

Þetta alvarlega ástand hefur orðið til þess, að tugir og hundruð fjölskyldna hafa neyðzt til að flytja frá þessum stöðum, aðallega til Suðvesturlandsins. Flest af þessu fólki fer sárnauðugt, enda ekki glæsilegt að þurfa að yfirgefa húseignir sínar án þess að geta komið þeim í verð og án þess að geta leigt þær út, flytja til nýrra og áður óþekktra staða og byrja þar að nýju að skapa sér heimili, oft og tíðum við hin erfiðustu skilyrði.

Fyrir það fólk, sem eftir verður, ekki vill eða getur flutt, eru þessir miklu brottflutningar ekki síður alvarlegir. Mörg sveitar- og bæjarfélög hafa verið neydd til stórkostlegrar skuldasöfnunar vegna hins alvarlega ástands, sem ríkt hefur í atvinnumálum viðkomandi staða. Á meðan næg atvinna var, var það létt verk fyrir bæina og sveitarfélögin að standa straum af skuldum sínum, enda í langflestum tilfellum ekki meiri en eðlilegt má teljast, miðað við þolanlegt ástand atvinnulega séð. En þegar atvinnan bregzt og fólkið neyðist til að flytja burt í stórhópum, fer ástandið að verða alvarlegt, ekki síður fyrir það fólk, sem eftir situr, en það, sem burt flytur. Útsvör og aðrir skattar til bæjanna og sveitarfélaganna vaxa iskyggilega, og í sumum bæjum og sjávarþorpum eru þessar álögur orðnar langt fram yfir það, sem greiðslugeta almennings þolir, og verða beinlínis til þess að ýta undir frekari fólksflutninga.

Það er fyrirsjáanlegt, að ríkisvaldið verður að koma þeim byggðarlögum til hjálpar, sem atvinnuleysið herjar nú. Atvinnuskilyrði þeirra staða verður að athuga, og þeim verður síðan að hjálpa til sjálfsbjargar.

Í flestum sjávarkauptúnum landsins er það sjávarútvegurinn og ýmis störf í sambandi við hann, sem leggja verður aðaláherzluna á. Útgerðarstaðir, sem vantar fiskibáta, hafa ónóg fiskvinnsluhús eða lélega hafnaraðstöðu, geta ekki lengur fylgzt með, og þar hlýtur atvinnuleysið óhjákvæmilega að vera landlægt. En þannig háttar einmitt víða í fiskiþorpum landsins. Til þess að þar geti hafizt að nýju þróttmikill atvinnurekstur, þarf að afla þangað fiskibáta, gera nauðsynlegar umbætur á hafnarmannvirkjum, einkum fyrir stærri fiskiskip, og reisa þar fiskvinnslustöðvar. En til þess að slíkt sé hægt, þarf mikið fjármagn, sem nú er ófáanlegt hjá lánsstofnunum.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að ríkissjóður taki 50 milljón króna lán, sem endurlánað verði bæjar- og sveitarfélögum, fyrst og fremst til þess að koma upp mest aðkallandi framkvæmdum til framtíðarúrbóta í atvinnumálunum. Gert er ráð

fyrir, að hver bæjar- eða sveitarstjórn geri sjálf tillögur um, hvað hún telur heppilegast að ráðast í. Framkvæmdir yrðu mjög mismunandi á hverjum stað, en fyrst og fremst eru þær hugsaðar til eflingar sjávarútvegi og iðnaði í sambandi við hann.

Nú þegar er hinn mikli og ágæti togarafloti landsmanna stöðugt meir og meir rekinn fyrir innlendar fiskverkunarstöðvar. Það rekstrarform, að togararnir sigli með afla sinn nýjan á erlendan markað, hefur farið stórlega minnkandi síðustu árin. Slíkur rekstur er í eðli sínu óheppilegur, þar sem mikill gjaldeyrir tapast þjóðinni við sölu á óunnum fiskaflanum, borið saman við vinnsluna innanlands. Hið nýja rekstrarform togaranna, að leggja aflann upp nýjan hér heima til vinnslu í frystihúsum eða öðrum verkunarstöðum, útheimtir margar hafnir víðs vegar um landið, vel útbúnar, til þess að taka við hinum stóru fiskförmum togaranna

Vegna legu beztu fiskimiða togaraflotans væru hafnirnar á Vestfjörðum sérstaklega heppilegar til þess að taka við nýjum fiski frá togurum. Oft veiða togarar líka mikinn fiskafla úti fyrir Austurlandi og Norðurlandi. Þá væru hafnirnar í þeim landshlutum beztar. En flestar hafnir í þessum landshlutum eru nú ekki nægilega vel útbúnar til þess að geta tekið við afla togara til vinnslu, svo að vel sé. Fisklöndun togaranna krefst góðra og mikilla löndunartækja. Á löndunarstað þarf að vera hægt að fá olíu og ís í næstu veiðiför. Húsrými fyrir aflann verður að vera mikið í landi og afköst fiskvinnsluhúsanna mikil.

Augljóst er, að margir útgerðarstaðir mundu nú, ef þeir ættu þess kost fjárhagslega, gera hjá sér nauðsynlegar umbætur til þess að geta tryggt sér togarafisk til vinnslu.

Frumvarp þetta, ef að lögum yrði, mundi gera mörgum stöðum kleift að ráðast í þær framkvæmdir, sem aðkallandi eru í þessu efni. Frumvarp þetta miðar að því að gera bæjar- og sveitarfélögum mögulegt að koma atvinnumálum sínum þannig fyrir, að atvinnuleysinu verði bægt í burtu. Það mundi, jafnhliða því að bægja atvinnuleysinu frá, skapa grundvöll að aukinni framleiðslu og aukinni gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Stækkun frystihúsa í útgerðarbæjum, bygging harðfiskverkunarstöðva, ný fiskþurrkunarhús og góð afgreiðsluskilyrði fyrir stór fiskiskip, slíkar framkvæmdir eru ekki aðeins málefni útgerðarbæjanna einna, þær eru líka málefni togaranna, sem verða að fá þessa aðstöðu með vaxandi innanlandslöndun. Slíkar framkvæmdir eru málefni þjóðarheildarinnar, því að þær eru stoðir undir framtíðarhag þjóðarinnar allrar.

Sþ. 74. Tillaga til þingsályktunar [58. mál]

um vantraust á menntamálaráðherra.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi menntamálaráðherra.

Nd. 75. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951 um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina koma nýir liðir

1. Á eftir D. 3 kemur nýr liður:
   Steintúnsvegur: Af Hafnarvegi hjá Hafnarkauptúni um Bjarg að Steintúni.

2. Á eftir D. 5 koma tveir nýir liðir:
   a. *Strandhafnarvegur:* Af Strandavegi við Borgarlæk um Ljósaland að Strandhöfn.
   b. *Selárdalsvegur:* Af Strandavegi norðan Selárbrúar inn Selárdal að Fagurhól.
3. D. 6 orðast þannig:
   Sunnudalsvegur í Vopnafirði: Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi austan við Hofsá um Sunnudal, Borgir, Sírekksstaði á Vopnafjarðarveg innan við Hof.
4. Á eftir D. 7 kemur nýr liður:
   Jökuldalsvegur eystri: Frá Hákonarstöðum um Hákonarstaðabrú, út Jökuldal austan Jökulsár, á Austurlandsveg nálægt Þrívörðu við Heiðarenda.
5. Á eftir D. 16 kemur nýr liður:
   Húsavíkurvegur: Af Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegi við Bakkagerði, um Hvannstóð til Húsavíkur.

Ed. 76. Frumvarp til laga [59. mál]

um iðnskóla í sveit.

Flm.: Hermann Jónasson.

1. gr.

Stofna skal skóla í húsasmíði. Skólinn skal vera heimavistarskóli, og leggur ríkið skólanum til stað einhvers staðar þar í sveit, sem vel hentar, svo og nauðsynleg húsakynni til að geta tekið á móti allt að 30 nemendum árlega. Einnig skal ríkið leggja til vélar og áhöld til náms og starfs í skólanum.

2. gr.

Skólinn skal rekinn á ábyrgð ríkisins sem sjálfstæð stofnun, er ber sjálf kostnað af skólahaldinu, eftir því sem tekjur hrökkva, enda njóti hún þess ágóða, er verða kann af smíðarekstri skólans, svo og af þeim atvinnurekstri, er hann tekur að sér samkvæmt lögum þessum. Heimilt er skólanum að taka lán til framkvæmda sinna, eftir því sem nauðsyn krefur, að fengnu samþykki ráðherra hverju sinni.

3. gr.

Rétt til skólavistar eiga þeir nemendur héraðsskólanna og gagnfræðaskólanna, sem lokið hafa miðskólaprófi í verknámsdeild með I. einkunn. Einnig eiga þeir rétt á skólavist, sem með prófi geta sannað, að þeir hafi eins mikla fræðilega og verklega kunnáttu og þeir, er slíks náms hafa notið.

4. gr.

Í skólanum skal fram fara bæði fræðileg og verkleg kennsla, og skal námstími hvers nemanda vera allt að tveimur árum. Hefst námið að jafnaði að vorlagi og skal vera lokið að vori. Námi lýkur með verklegu prófi, er jafngildi sveinsprófi í húsasmíði.

5. gr.

Fræðileg kennsla skólans skal fram fara í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Einnig skal nemendum gefinn kostur á nokkurri kennslu í íþróttum og söng.

6. gr.

Verklegt nám í skólanum skal miðað við það, að nemendurnir verði færir um að veita húsasmíði forstöðu. Það heyrir undir verklega námið að veita nemend-

um skólans ræki lega leiðbeiningu um meðferð helztu mótorvéla, rafmagnsvéla og hvers konar vinnuvéla, sem nota má við iðn þeirra.

7. gr.

Verklega námið skal fram fara í verkstæðum skólans og við húsbyggingar, er skólinn tekur að sér og veitir forstöðu.

Skólinn hefur rétt til að takast á hendur byggingar, hvar sem er í sveitum og kauptúnum með minna en 300 íbúa, svo og annars staðar með samþykki iðnráðs í héraði.

Þess skal gætt, að aldrei séu fleiri nemendur að starfi við hverja byggingu en svo, að þeir geti haft þar með höndum verkefni, er þeir læra af iðn sína, og að kennarar komi því vel við að kenna þeim réttar starfsaðferðir.

8. gr.

Verklegt skyldunám nemenda að sumrinu skal vera 7 stundir á dag alla virka daga. Að vetrinum er verknámið í vinnustofum skólans 4—5 stundir, en bóklegt nám 2—3 stundir á dag.

Nú vinnur nemandi að ósk skólans umfram þetta, og fær hann þá greiðslu samkvæmt verkamannataxta fyrra árið og 15% hærra kaup síðara námsárið.

9. gr.

Nemendur eiga sumarleyfi 12 virka daga hvort sumar og vetrarleyfi frá 16. desember til 5. janúar.

10. gr.

Við skólann skal skipaður forstöðumaður, er sé húsameistari að menntun eða arkitekt. Hann hefur aðalumsjón með skólanum og sér um allar framkvæmdir og kennslu. Um meiri háttar mál, svo sem verulegar undanþágur frá námi, styttingu eða sviptingu skólavistar, kveður hann kennara til meðráða og umsagnar. Hann hefur og á hendi allt reikningshald skólans.

11. gr.

Við skólann skulu starfa tveir fastir kennarar, en auk þess getur skólastjóri ráðið fleiri smiði til kennslu við húsabyggingar að sumrinu.

12. gr.

Launakjör skólastjóra og kennara skulu vera þau sömu og skólastjóra og kennara við bændaskólana.

13. gr.

Yfirstjórn skólans er í hendi þess ráðherra, sem með iðnaðarmál fer. Skal hann gefa út reglugerð, sem sett er eftir tillögum forstöðumanns skólans. Í reglugerðinni skal m. a. ákveða nánar um almennar skólareglur, tilhögun kennslu, próf, kennslukrafta, skyldur og réttindi kennara, nemenda og annarra fastra starfsmanna.

Greinargerð.

Á þingunum 1945 og 1946 flutti Hermann Jónasson, þingmaður Strandamanna, frumvarp um iðnskóla í sveitum. Í hvorugt skiptið náði frumvarpið fram að ganga.

Á þingunum 1947 og 1948 var málið enn borið fram af Hannibal Valdimarssyni, 3. landskjörnum þm., og Hermanni Jónassyni, þingmanni Strandamanna, en í verulega breyttri mynd. Ekki fékk það þó afgreiðslu að heldur. Að þessu sinni er frumvarpið að kalla má óbreytt frá þingunum 1947 og 1948, enda að vandlega athuguðu málið talið komið í það horf, að allvel hæfi þeirri hugmynd, sem fyrir flutningsmanni vakir.

Í frumvarpinu, eins og það var upphaflega, var gert ráð fyrir, að skólinn tæki árlega móti 50 nemendum. Nú er skólanum samkvæmt ákvæðum 1. greinar ætlað að geta tekið við allt að 30 nemendum á ári.

Þegar frumvarpið var flutt í sinni fyrri mynd, var það skilyrði fyrir skólavist, að nemandi hefði verið einn vetur í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla og fengið þar eigi lakari en II. einkunn, eða sem því svaraði.

Nú er það gert að inntökuskilyrði í skólann, að nemendur hafi hlotið I. einkunn við miðskólapróf verknámsdeildar í héraðsskóla eða gagnfræðaskóla — eða þeir geti sannað, að þeir hafi öðlazt hliðstæða undirbúningsþekkingu með öðru móti. Með þessari breytingu eru gerðar margfalt strangari kröfur til þekkingar nemenda, er þeir hefja nám í skólanum.

Samkvæmt frumvarpinu, eins og það var upphaflega, var gert ráð fyrir því, að skólinn skiptist í tvær deildir: húsasmíðadeild og húsgagna- og búsáhaldasmíðadeild.

Nú er skólanum einungis ætlað að einbeita sér að því hlutverki að gera nemendur sína sem allra færasta í húsasmíði.

Upphaflega var til þess ætlazt, að fræðileg kennsla skólans færi fram í íslenzku, teikningu, bæði almennri teikningu, og verkteikningu, iðnsögu, eðlisfræði og efnisfræði og auk þess í íþróttum og söng.

Ýmsir óttuðust það, að fræðileg kennsla í svo mörgum greinum kynni að verða kák eitt. Þess vegna er nú einungis gert ráð fyrir, að fræðileg kennsla fari fram í skólanum í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Þó skal nemendum auk þessa gefinn kostur á kennslu í íþróttum og söng, eins og áður var til ætlazt.

Enn er þess að geta, að í frumvarpinu í sinni fyrri mynd var til þess ætlazt, að nemendur skólans fengju aðeins iðnréttindi í sveitum og kauptúnum.

Nú er tilætlunin sú, að skólanum sé að vísu valinn staður í sveit og að auk þeirra smíða, sem fram fara í vinnustofum skólans að vetrinum, verði aðallega unnið á vegum skólans á sumrin að byggingu íbúðarhúsa og peningshúsa í sveitum og kauptúnum, en ekki í kaupstöðum landsins, nema samþykki iðnráðs komi til. Hins vegar þykir ekki rétt að takmarka réttindi þeirra manna, sem útskrifazt hafa úr skólanum, einungis við sveitir og kauptún með færri en 300 íbúum. Slíkt mundi verða lítt framkvæmanlegt.

Ákvæði eru nú um það í frumvarpinu, að forstöðumaður skólans skuli vera húsameistari eða arkitekt að menntun, og einnig ráð fyrir því gert, að tveir fastir kennarar, er við skólann starfi, séu færir fagmenn í húsasmíði. Þá er til þess ætlazt, að skólinn geti ráðið til sín fleiri húsasmiði á sumrin til þess að kenna nemendum, ef svo mörg hús eru undir í einu, að skólastjóri og kennarar geta ekki séð fyrir nægilegri kennsluaðstoð. Ætti þannig að vera alltryggilega fyrir því séð, að nemendur eigi jafnan kost góðrar faglegrar handleiðslu og tilsagnar.

Kjör nemenda samkvæmt frumvarpinu eru þau í aðalatriðum, að nemandinn vinni í skólans þágu allt að 7 klukkustundum á dag, meðan unnið er úti við að húsabyggingum. Hins vegar er skylduvinna nemenda í verkstæðum skólans að vetrinum ekki nema 4—5 stundir á dag, en við það bætist bóklegt nám 2—3 stundir á dag. Vinni nemandi umfram þetta, skal greiða honum kaup samkvæmt verkamannataxta fyrra árið og verkamannakaup með 15% álagi seinna námsárið. Auk þess hafa nemendur frítt fæði, húsnæði, ljós, hita, þjónustu og kennslu, og kemur það á móti skylduvinnu þeirra í þjónustu skólans samkvæmt framansögðu.

Mun því láta nærri, að námskjör þessi svari nokkurn veginn til þeirra kjara, er iðnnemar njóta hjá meisturum samkv. gildandi lögum. Þó er flm. þessa frv. sannfærður um, að með þessu námsfyrirkomulagi sé tryggilegar um það búið, að nemendur slíks skóla fái skilyrði til að ljúka námi bæði fljótt og vel og verða færir iðnaðarmenn í sinni grein.

Þegar frumvarpið var flutt í fyrsta sinn á Alþingi, var leitað umsagnar Teiknistofu landbúnaðarins um það, og einnig umsagnar Landssambands iðnaðarmanna.

Var svar Teiknistofunnar á þessa leið orðrétt:

Reykjavik, 19. des. 1945.

Ég undirritaður hef kynnt mér frumvarp til laga um iðnskóla í sveitum samkvæmt beiðni háttvirtrar iðnaðarnefndar. Ég álít, að frumvarp þetta sé komið fram af ríkri nauðsyn og sé mjög mikilsvert, að það verði að lögum sem allra fyrst. Í frumvarpinu virðist tekið fram allt það helzta, sem máli skiptir, og vil ég því eindregið mæla með því, eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Þórir Baldvinsson.

Í svari Landssambandsins sagði meðal annars svo:

„Stjórn sambandsins er sammála flutningsmanni frumvarpsins um það, að það er langt frá því, að ástandið í byggingarmálum sveitanna sé viðunandi, og að því valdi að miklu leyti þekkingarleysi á þessu sviði og skortur kunnáttumanna til þess að sjá um smíði sæmilegra húsa. Rétt er þó í því sambandi að benda á, að löggjafinn hefur ekki hingað til viljað ætla sveitunum kunnáttumenn á þessu sviði og að skortur kunnáttumanna stafar af því.

Ráðstafana til úrbóta í þessum efnum er því þörf, og sennilegt, að opinber skóli verði eina ráðið, er að gagni kemur, enda séu kennarar skólans fulllærðir iðnaðarmenn.

Stjórnin vill því fyrir sitt leyti mæla með þeirri grundvallarhugmynd, sem frumvarpið byggist á, en leyfir sér jafnframt að gera við frv. eftirfarandi athugasemdir: „— Efni athugasemdanna er birt hér í styttu máli. Var fyrsta athugasemd Landssambands iðnaðarmanna á þessa leið:

Verkstæði, sem rúmar 100 manns að vinnu við trésmíðar (glugga, hurðir, skápa og önnur húsgögn), ásamt geymslum fyrir efni og smíðisgripi auk skólahúsnæðis og kennaraíbúða, er feiknamikið bákn. Ætti til að byrja með að nægja, að skólinn rúmaði aðeins helming þess fjölda, sem í frumvarpinu er nefndur, enda viðráðanlegra að öllu leyti.

Eins og frumvarpið liggur nú fyrir, hefur þessi athugasemd verið tekin til greina og nemendatala miðuð við allt að 30 á ári — eða 50—60 nemendur í tveggja ára skóla.

Í annarri athugasemd sinni lét stjórn sambandsins í ljós það álit, að skólinn gæti ekki veitt full iðnaðarréttindi, heldur ætti hann að láta hæfum nemendum, sem námi lykju, í té burtfararskírteini.

Þessari athugasemd er nú mætt með miklu strangari kröfum til þekkingar nemenda í upphafi námstímans, svo og með ströngum kröfum um, að kennarar og forstöðumaður skólans verði mjög vel menntaðir iðnaðarmenn í húsagerðarlist.

Í þriðju athugasemd sinni bendir stjórn Landssambandsins á, að í frumvörpum milliþinganefndarinnar í skólamálum sé gert ráð fyrir, að tveggja ára framhaldsnám og miðskólapróf þurfi til inngöngu í iðnskóla og aðra framhaldsskóla.

Í núverandi mynd frumvarpsins er þessi ábending að fullu tekin til greina, enda var það sjálfsagt til þess að tryggja sem bezta undirstöðumenntun þeirra iðnaðarmanna, er nám stunduðu í skólanum.

Fjórða athugasemd Landssambandsins var þess efnis, að ekki væri gert ráð fyrir reikningskennslu í skólanum, en það væri sú fræðigrein, sem iðnaðarmenn rækju sig oftast á, að þá skorti tilfinnanlega þekkingu í.

Þessi ábending er viðurkennd réttmæt og tekin til greina í frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir. Skólinn skal veita fræðilega kennslu í íslenzku, reikningi, verkteikningu og bókfærslu. Námsgreinabreytingin er sem sé sú frá því, sem áður var í frumvarpinu, að niður eru felldar ýmsar greinar, sem Landssambandið lagði lítið upp úr, og kennslu í reikningi og bókfærslu bætt við í staðinn. Mun það flestra mál, að iðnaðarmönnum sé það næsta nauðsynlegt að kunna nokkur skil á helztu

undirstöðuatriðum bókfærslunnar, og þess vegna var sú grein tekin upp ásamt reikningnum.

Í seinustu athugasemd sinni lét stjórn Landssambandsins í ljós, að skólanum væri ætlað að grípa yfir allt of margar iðngreinar, og gæti verið hæpið fyrir ríkisvaldið að bera ábyrgð á hálfkunnáttu, er af því gæti leitt.

Einnig þessi ábending er tekin til greina, og er skólanum nú ætlað að einbeita sér að kennslu í húsasmíði með það fyrir augum að skila nemendum sínum sem allra færustum iðnaðarmönnum í þeirri grein.

Eins og frumvarpið er nú, ætti það því að vera í fullu samræmi við skoðun landssambandsstjórnarinnar, eins og hún koma fram í umsögn hennar um málið, þegar það var fyrst flutt á Alþingi.

Þá er þess að gæta, að frumvarp þetta er borið fram af bráðri þörf. Bæði í sveitum og kauptúnum er aðkallandi nauðsyn mikilla byggingarframkvæmda á næstu árum, en hins vegar eru þar aðeins til fáir faglærðir menn, er veitt geti slíkum byggingarframkvæmdum forstöðu. Kaupstaðirnir geta heldur enga hjálp veit um þetta, því að þar er nú alls staðar mikill hörgull á faglærðum byggingarmönnum.

Á því sex ára tímabili, sem styrjöldin stóð yfir, var mjög lítið byggt í sveitum og smákauptúnum. Ein af mörgum orsökum þessarar kyrrstöðu í byggingarmálum sveita og kauptúna var sú, að flestir þeir, sem helzt kunnu þar eitthvað til smíða, gerðust „gervismiðir“ við byggingar fyrir setuliðið eða fyrir innlenda iðnaðarhölda í kaupstöðum landsins. Síðan hefur sú raun á orðið, að margir þessara manna hafa setzt að í Reykjavík og kaupstöðunum og vinna þar enn að ýmiss konar iðnaðarstörfum. Af þessu leiðir, að í sveitum og kauptúnum er nú næsta fátt manna, sem nokkuð verulega kunna til bygginga, og reynslan er sú, að úr kaupstöðunum eru smiðir ófáanlegir til að veita byggingum í sveitum eða kauptúnum forstöðu, jafnvel hvaða kaup og fríðindi sem í boði eru.

Það er því augljóst mál, að fram úr þessum vanda verður að ráða með sérstökum aðgerðum. Kemur mönnum þá helzt í hug að byggja á verknámi því, sem nú er hafið í nokkrum héraðsskólum og gagnfræðaskólum landsins, og gefa í viðbót við það kost á tveggja ára skipulegu iðnaðarnámi í heimavistarskóla í sveit, eins og hér um ræðir.

Er það von flm. þessa frumvarps, að með því móti mætti takast að ala smám saman upp meðal þeirra, sem í sveitum og kauptúnum búa, allálitlegan hóp iðnlærðra manna til þess að takast það nauðsynlega verkefni á herðar að koma byggingarmálum sveita og kauptúna í sómasamlegt horf.

Um ástand byggingarmála í sveitum eru til nokkrar skýrslur, og skal nú vikið að nokkrum atriðum, er þau mál varða, til þess að sýna fram á, hversu brýn þörf er á því að auðvelda svo fljótt sem verða má víðtækar byggingarframkvæmdir í sveitum og sjávarþorpum.

Árið 1910 voru byggð býli talin vera 6796. Þá voru torfbæir 5035 eða 74%. Timburhús í sveitum voru það ár talin 1628 eða 24%. En þá voru steinhús aðeins 136 talsins eða rétt tæpast 2%. — Fæst af þessum svo nefndu steinhúsum voru þó úr steinsteypu, heldur munu þau flest hafa verið hlaðin úr steini á einn eða annan hátt. Þetta voru samt einu byggingarnar, sem talizt gátu nokkurn veginn varanlegar. Að því er timburhúsin snertir, er rétt að vekja athygli á, að tala þeirra er óeðlilega há. Stafar það af því, að þegar þessi skýrsla var gerð, voru talin með sveitum ýmis smærri þorp, sem í síðari skýrslum voru talin sjálfstæð kauptún. Ekki er þess að dyljast, að allmörg timburhúsanna munu hafa verið fremur lélegar byggingar, sem ekki þurftu síður endurbyggingar við en flestir torfbæirnir. Flest munu timburhúsin hafa verið í sjóþorpunum. Sést það meðal annars af því, að 700 þeirra, eða nærri helmingurinn, var í Gullbringu- og Kjósarsýslu, Ísafjarðarsýslum og Suður-Múlasýslu, en eins og kunnugt er, er mikið útræði í þessum sýslufélögum og búskapur og sjósókn víða rekin þar jöfnum höndum af sömu mönnum.

Af þessu sést þá greinilega, að um 1910, eða fyrir svo sem 38 árum, þurfti um það bil 80—90% af húsakosti sveita og kauptúna fljótlegrar endurnýjunar við. Er þetta, eins og menn sjá, allömurlegt ástand, sem fæstir mundu vilja una við.

Svona slæmt er þá ástandið í þessum málum heldur ekki í dag. Dálitið hefur þokazt í áttina, þótt lítið sé.

Árið 1931 eru torfbæirnir taldir 2253 að tölu, eða 38.5% af öllum íbúðarhúsum. Úr ýmsu efni (aðallega timbri og torfi) eru talin 1052 hús, eða um 18%. Samtals gerir þetta 3305 íbúðir, eða 56.5%.

Timburhúsin eru þetta ár 1617, eða heldur færri en þau voru 1910. Steinhúsin eru orðin 934, eða 16%. Hefur þeim fjölgað um ca. 800 á þessum 20 árum. Nú er það steinsteypan, sem hefur haldið innreið sína sem aðalbyggingarefnið í sveitunum eins og í kaupstöðunum.

Í árslok 1940 eru byggðar jarðir taldar 6006. Þá eru húsalausar jarðir 526. Miðað við tölu íbúðarhúsa á jörðum 1932 hefur byggðum jörðum fjölgað um 150 á þessu árabili. Byggist þessi fjölgun á því, að reist voru um 250 nýbýli á þessum umrædda áratug.

Torfbæir eru nú 1398 og bæir úr ýmsu efni 658, eða samtals 2056. Í þessum flokki íbúðarhúsa eru þannig enn í árslok 1940 34.2% allra íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum.

Timburhúsin eru þá enn 1918 eða 32%, en steinhúsin eru þá orðin 2032, eða 33.8%. Svarar það, eins og menn sjá, til þess, að steinhús séu komin á þriðju hverja jörð í landinu.

Þetta er sem sé nokkuð í áttina, miðað við það, sem var 1910, en hinu má þó ekki gleyma, að þessi skýrsla sýnir berlega, að fullur þriðjungur íbúðarhúsanna eru fallandi torfkofar, auk þess sem reikna má með því, að um það bil helmingur timburhúsanna séu fremur lélegar mannaíbúðir.

Þannig eru það því samkvæmt ofangreindum skýrslum rétt um 50% af íbúðarhúsum sveita og sjávarþorpa, sem ekki geta talizt mannsæmandi íbúðir og þurfa því bráðrar endurbyggingar við.

Enn er þess að geta, að samkvæmt athugun, sem skipulagsnefnd atvinnumála lét gera á árinu 1944 á íbúðarhúsnæði í sveitum og kauptúnum, eru það fast að þremur þúsundum fjölskyldna, sem þar verða enn að sætta sig við allsendis ófullnægjandi húsnæði. Er sú niðurstaða í fyllsta samræmi við það, sem áður greinir.

Það þarf því ekki í neinar grafgötur um það að fara, að Íslendingar verða á næstu árum að endurbyggja þúsundir íbúðarhúsa í sveitum og kauptúnum. Farist það fyrir, verður fólk það, sem í þeim er, húsnæðislaust með öllu og leitar athvarfs í braggahverfum Reykjavíkur eða öðrum þvílíkum húsakynnum. Mundi þó hvorki hugsandi Reykvíkingum né öðrum finnast það æskileg þróun í þessum málum.

Í viðbót við það, sem að framan er sagt um byggingarþörf íbúðarhúsa í sveitum, er rétt að taka það fram, að geysileg verkefni bíða líka í sveitunum eftir byggingafróðum mönnum vegna lélegra peningshúsa, svo þúsundum skiptir. Útihúsin eru allt of víða jafnóviðunandi fyrir búpeninginn eins og íbúðarhúsin eru það fyrir heimilisfólkið. En auk kofanna, sem falla á næstu árum, hagar víða svo til, að verið er að breyta sauðfjárbúum í kúabú, og leiðir af því, að mjög víða verður alls ekki hjá því komizt að breyta skipun peningshúsa í samræmi við breytta búskaparhætti. Er þetta eitt út af fyrir sig stórbrotnara verkefni en margur hyggur í fljótu bragði.

Það er álit fróðra manna, að fjárfesting flestra bænda sé eins mikil eða meiri í byggingum en ræktun og bústofni til samans. Hér er því ekki um neitt smámál að ræða, þegar á það er litið í heild.

Þá hefur það ekki litla þjóðhagslega þýðingu, að vel sé vandað til allra bygginga, jafnt í sveitum sem í kaupstöðum. Og víst er um það, að þegar til lengdar lætur, verða illa byggðu húsin ávallt jafnframt dýrustu húsin, auk þess sem þau

svara aldrei sínum tilgangi til hlítar. Það getur því orðið þjóðinni harla dýrt, ef sveitirnar verða látnar skorta sérmenntaða iðnaðarmenn til þeirrar stórkostlegu endurbyggingar, sem fram hlýtur að fara þar á næstu árum.

Það væri myndarleg úrbót og vænleg varnarráðstöfun í þessum málum að samþykkja frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og verður að vænta þess, að Alþingi beri gæfu til þess.

Með þessum skóla mundi vera stofnað til nýjungar í skólamálum okkar, þannig að ekki er um verulegar fyrirmyndir að ræða. Því er frumvarpið þannig samið, að leitazt er við að láta það koma skýrt fram, hvaða verkefni skólanum er ætlað og hvernig hugsað hefur verið, að hann leysi það í aðalatriðum. En hins vegar er svo um búið, að sá maður, sem valinn verður til að veita skólanum forstöðu, hafi sem frjálsastar hendur til að haga störfum hans eftir því, sem fyrsta reynsla sýnir, að bezt hentar. Forstöðumanninum er ætlað að gera tillögur um þá reglugerð, sem skólanum verður sett og skólinn á að starfa eftir, og mætti það vel dragast, þar til skólinn hefði verið starfræktur eitt til tvö ár.

Ekki hefur þótt fært að benda á ákveðinn stað fyrir skólann, enda er það naumast hægt, nema að undangenginni athugun og samningum, sem ríkisstjórnin ein getur látið framkvæma.

En sjálfsagt þykir þó, að skólanum verði valinn staður í sveit, þar sem góður kostur væri rafmagns til þess að knýja þær vélar og verkfæri, er hann kann að nota í verkstæðum sínum. Æskilegt væri einnig, að honum væri valinn staður, þar sem gnægð væri jarðhita til upphitunar híbýla hans og verkstæða, og í þriðja lagi væri hagkvæmt, að hann væri þannig settur strax í upphafi, að verkefni væru nærtæk til byggingar íbúðarhúsa í næstu framtíð.

Sem dæmi um stað, sem fyrir margra hluta sakir væri vel fallinn til handa slíkum skóla, mætti nefna Varmahlíð í Skagafirði, þar sem vatnsorka til rafvirkjunar er nærtæk, mikill jarðhiti til hitunar híbýla er fyrir hendi og mikil verkefni fyrir byggingarmenn í stórri, samfelldri byggð umhverfis staðinn. Það skal þó jafnframt tekið fram, að á landinu eru sjálfsagt til ýmsir fleiri staðir, sem áþekk skilyrði hafa að bjóða og gætu þannig engu síður komið til álita, er skólastaður yrði valinn.

Alþingi fær nú enn að taka afstöðu til þessa máls. Eftir því, hvernig sú afstaða verður, má gera sér hugmyndir um kröfur alþingismanna til húsnæðis — fyrir hönd alþýðu manna — og jafnframt, hversu alvarlegum augum þeir líta á flóttann úr sveitunum til kaupstaðanna og þá alveg sérstaklega til Reykjavíkur.

Ed. 77. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Kjartanssyni.

Framan við 1. tölul. 1. gr. bætast nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir A. 51 kemur nýr liður:
Rofamýrarvegur: Af Suðurlandsvegi norðan við Reynisfjall um Rofamýri að Litlu-Heiði.

b. A. 53 orðist svo:
Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú, um Herjólfsstaði, Þykkvabæjarklaustur, Mýrar, Jórvík, Holt á þjóðveginn ofan Herjólfsstaða.

c. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
Mörtunguvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Geirlandsá, um Prestsbakka að Mörtungu.

Nd. 78. Frumvarp til laga [60. mál]

um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur er heimilt að fella niður fyrir eitt ár í senn manntal samkv. lögum nr. 18 13. sept. 1901 og síðari breytingum á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur verið komið á fót vélspjaldskrá yfir alla landsmenn. Berklavarnir ríkisins, bæjarsjóður Reykjavíkur, fjármálaráðuneytið, hagstofan og Tryggingastofnun ríkisins hafa borið allan kostnað af þeim framkvæmdum. Eftir þessari allsherjarskrá er mjög fljótlegt að gera allar þær skrár, sem manntalsskrifstofan hefur hingað til afgreitt fyrir Reykjavík. Af því leiðir, að óþarft ætti að vera að taka árlega manntal í Reykjavík, eins og tíðkazt hefur undanfarið, enda hætta á margvíslegum ruglingi, ef unnið er eftir tveim manntalsskrám samtímis. Við þetta bætist, að manntal, sem nú yrði tekið eins og tíðkazt hefur, myndi valda því, að fólk tilkynnti síður aðsetursskipti, og veldur slíkt erfiðleikum á reglulegu viðhaldi vélspjaldskrárinnar.

Af þessum ástæðum er farið fram á heimild til að láta manntal í Reykjavík falla niður. Er sú heimild bundin við eitt ár í senn, unz sannreynt verður, hvort vélspjaldskráin er hlutverki sínu vaxin.

Nd. 79. Frumvarp til laga [61. mál]

um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar.

Flm. Hannibal Valdimarsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Ríkið kaupir og gerir sjálft út eigi færri en fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna eru taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur fiskiðjuver, sem illa eru hagnýtt vegna hráefnaskorts.

2. gr.

Höfuðmarkmið þessarar togaraútgerðar ríkisins er að jafna atvinnu í kaupstöðum og kauptúnum landsins á þann hátt, að togararnir leggi þar einkum afla á land, sem atvinnuleysi gerir vart við sig og mest er þörf aukinnar atvinnu hverju sinni. Við ákvörðun þess, hvar ríkistogari skuli leggja upp afla sinn, má útgerðarstjórnin einnig taka tillit til þess, að illa hagnýtt fiskiðjuver fái aukin hráefni til vinnslu.

3. gr.

Stjórn togaraútgerðar ríkisins er skipuð þremur mönnum, kosnum á Alþingi með sama hætti og stjórn síldarverksmiðja ríkisins. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra.

4. gr.

Togaraútgerð ríkisins hefur sjálfstæðan fjárhag og reikningshald, og ber ríkissjóður ábyrgð á rekstri fyrirtækisins og sér því fyrir rekstrarfé.

5. gr.

Reikningsár togaraútgerðar ríkisins skal vera almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. marz ár hvert. Skal þá þegar senda ríkisstjórninni rekstrar- og efnahagsreikninga skipanna, undirritaða af útgerðarstjórninni, reikningshaldara og framkvæmdastjóra, ásamt skýrslu um rekstur útgerðarinnar á árinu. Reikningarnir skulu árlega birtir í B-deild Stjórnartíðindanna og í ríkisreikningunum.

6. gr.

Sett verði reglugerð um tilhögun alla og rekstur togaraútgerðar ríkisins, og skal það sérstaklega tryggt með ákvæðum hennar, að megintilgangi laganna — jöfnun atvinnunnar — verði sem bezt náð.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp um togaraútgerð ríkisins til atvinnujöfnunar hefur verið flutt á nokkrum seinustu þingum, en hefur ekki náð samþykki Alþingis. Dylst þó engum, að með hverju ári, sem líður, vex málinu stöðugt fylgi.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til, að ríkið kaupi og geri sjálft út fjóra togara af þeirri stærð og gerð, sem að áliti reyndustu útgerðarmanna verði taldir heppilegastir til öflunar hráefnis á heimamiðum fyrir hraðfrystihús og önnur illa hagnýtt fiskiðjuver.

Eins og segir í 2. gr. frumvarpsins, er þessum ríkistogurum ekki ætlað það hlutverk að bæta úr atvinnuástandi neins eins ákveðins staðar. Ef svo væri, hefði alveg eins mátt hugsa sér að bæta úr því með togurum í einkaeign eða í bæjarrekstri. — Þeim togurum, sem um ræðir í frumvarpinu, er sérstaklega ætlað það hlutverk að jafna atvinnu í landinu, koma í veg fyrir atvinnuleysi, hvar í landinu sem það gerir vart við sig, og leggja þar afla á land, sem vinnuafl og vinnustöðvar skortir verkefni. Sá hreyfanleiki, sem nauðsynlegur er til að ná þessu takmarki, verður aðeins tryggður með ríkisrekstri togaranna, og þess vegna er lagt til, að það rekstrarform verði viðhaft.

Það mun verða aðalmótbáran gegn frumvarpi þessu, að með ríkisrekstri fjögurra togara taki ríkið á sig verulega fjárhagslega áhættu, og er það að vísu rétt, en því má þá ekki heldur gleyma, að togaraútgerð gefur einnig vonir um mikla gróðamöguleika.

Á það ber sérstaklega að líta í þessu sambandi, að það er ein af frumskyldum þjóðfélagsins að reyna að koma í veg fyrir atvinnuleysi, og það verður aldrei gert nema með miklum fjárhagslegum fórnum. Spurningin er aðeins sú, hvaða úrræði séu skynsamlegust til að afstýra böli atvinnuleysisins. Fer þeim mönnum sífellt fækkandi, sem trúa því, að ófrjó atvinnubótavinna leysi vandamál atvinnuleysisins í kaupstöðum og kauptúnum til nokkurrar hlítar, — hitt sé rétta leiðin, að ríkið veiti aðstoð til öflunar atvinnutækja og hafi áhrif á, að atvinnutækin séu hagnýtt svo sem bezt má verða.

Nú er það staðreynd, að flest hinna þýðingarmestu atvinnutækja við sjávarsíðuna, svo sem hraðfrystihús, fiskþurrkunarhús og fiskimjölsverksmiðjur, standa víða langtímum saman lítt eða ekki notuð, samtímis því að fólkið gengur atvinnulaust. Verður slíkt að teljast óþolandi ástand.

Til þessa liggja ýmsar ástæður. Á nokkrum stöðum er hægt að bæta úr hráefnisþörf hinna ónotuðu atvinnutækja með auknum vélbátakosti. En á öðrum stöðum er

orðið svo langsótt til fiskjar, m. a. vegna ágengni erlendra og innlendra togara á grunnmiðum, að vélbátar reynast þess ekki megnugir að annast hráefnaöflunina. Þar sem svona hagar til, er einkum þörf togara til nýtingar vinnuaflsins og til hráefnisöflunar fyrir hraðfrystihús, fiskimjölsverksmiðjur, þurrkhús og aðrar fiskvinnslustöðvar, ef vinnsluafköst þeirra eiga að notast til nokkurrar hlítar. En gernýting þeirra væri tvímælalaust þýðingarmesta aðgerðin til útrýmingar atvinnuleysinu, auk þess sem við það ynnist mikil aukning gjaldeyrisverðmæta og gerbreytt fjárhagsafkoma margra fiskiðnaðarfyrirtækja, sem komin eru í kröggur sökum verkefnaskorts.

Það eru viðurkennd og augljós sannindi, að ekkert er þjóðfélaginu eins dýrt og að láta fólk ganga atvinnulaust. Þannig kostar það þjóðfélagið eigi minna en 12 milljónir króna að láta þúsund manns ganga atvinnulausa í 4 mánuði. Oft mundi það þó sanni nær, að það væru um 2000 manns, sem byggju við atvinnuleysi um vetrarmánuðina, og kostar slíkt vinnutap, eins og menn sjá, eigi minna en 24—30 milljónir króna. — Hugsanlegt rekstrartap fjögurra togara gæti því aldrei orðið nema lítill brothluti slíkra upphæða, enda er það sannfæring flutningsmanna þessa frumvarps, að ríkisútgerð togara til atvinnujöfnunar sé skynsamlegasta leiðin til að afstýra atvinnuleysi, auka framleiðslutekjur þjóðarinnar og bæta rekstrarafkomu margra þýðingarmikilla atvinnufyrirtækja. Viljum við því vænta þess, að Alþingi beri nú gæfu til að gera frumvarpið að lögum.

Ed. 80. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951 um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Páli Zóphóníassyni.

I. Framan við 1. tölul. 1. gr. bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
   1. Í stað orðanna „að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði“ í A. 11 kemur: á Suðurlandsveg nálægt Hveragerði.
   2. Í stað orðanna „Vatnsleysu til Geysis“ í A. 14 kemur: Vatnsleysu, hjá Geysi og til Gullfoss.
   3. Í stað orðanna „sunnan Laxár“ í A. 26 kemur: hjá Sandlæk.
   4. Í stað orðanna „að Hábæ í Þykkvabæ“ í A. 38 kemur: um Miðkot að Unhól í Þykkvabæ.
   5. Í stað orðanna „að Múlakoti“ í A. 45 kemur: að Barkarstöðum.
   6. Síðari málsl. A. 58 orðist svo: Með Þverálnum undan Bjarnarnesi yfir Hornafjarðarfljót ytra á Inn-Nesja- og Mýraveg í Holtum.
   7. Á eftir B. 2 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
      Gufunesvegur: Af Vesturlandsvegi nálægt Grafarholti að Gufunesi.
   8. Í stað orðanna „Svínadal, vestan Skorradalsvatns ..... hjá Hvítárvöllum.“ í B. 8 kemur: Svínadal, Geldingadraga, niður Skorradal vestan Skorradalsvatns, um Hestháls, niður Andakíl á Vesturlandsveg hjá Hvítárvöllum.
   9. Í stað orðanna „að Vatnshorni“ í A. 9 kemur: um Vatnshorn, að Haga, á Dragháls- og Skorradalsveg hjá Drageyri.
   10. B. 15 (Hvalfjarðarferjuvegur) fellur niður.
   11. B. 18 orðast svo:
      Lundarvegur: Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði, Lund, Oddsstaði og yfir Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.

12. B. 19 orðast svo:
Bæjarsveitarvegur: Af Draghálss- og Skorradalsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit — með álmu að Hvítárbakka — hjá Litla-Kroppi, yfir brú á Reykjadalsá hjá Kleppjárnsreykjum og á Borgarfjarðarbraut. Frá veginum liggur álma að flugvellinum á Kálfanesmelum og yfir brú á Reykjadalsá að Kletti.
13. Í stað orðanna „á Borgarfjarðarbraut nálægt Reykholti“ í B. 21 kemur: fram Hálsasveit og á Borgarfjarðarbraut fyrir utan Húsafell.
14. Í stað orðanna „með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási“ í B. 29 kemur: með álmu yfir brú á Hvítá, við Barnafoss og á Borgarfjarðarbraut.
15. Í stað orðanna „Heydal að Bílduhóli á Skógarströnd“ í B. 33 kemur: Heydal á Skógarstrandarveg nálægt Bílduhóli.

II. Á eftir tölul. 3 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
B. 63 orðast svo:
Barðastrandarvegur: Af Vestfjarðavegi í Þorskafirði um Gufudalssveit, Múlasveit, Þingmannaheiði, Barðaströnd, Kleifaheiði til Geirseyrar við Patreksfjörð.

III. Á eftir tölul. 4 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Í stað „Gufudalsvegi“ í B. 64 kemur: Barðastrandarvegi.

IV. Á eftir tölul. 5 koma nýir liðir, svo hljóðandi:
1. Í stað „Bjarnarfjarðarvegi“ í B. 67 kemur: Reykjarfjarðarvegi í Bjarnarfirði.
2. Í stað orðanna „að Árnesi“ í B. 68 kemur: um Árnes að Eyri við Ingólfsfjörð, með álmu frá Árnesi að Gjögri við Reykjarfjörð.
3. B. 69 fellur niður.
4. Í stað „Mýri“ í B. 72 kemur: Sandeyri.
5. B. 80 orðast svo:
Vestfjarðavegur: Frá Ísafirði um Breiðdalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð um Gemlufallsheiði, inn fyrir Dýrafjörð, um Þingeyri, Brekkudal, Rafnseyrarheiði, inn fyrir Borgarfjörð og Dynjandavog, um Mosdal og á Barðastrandarveg nálægt Hellu í Vatnsdal.
6. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 81 kemur: Vestfjarðavegi.
7. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 83 kemur: Vestfjarðavegi.
8. Í stað „Ísafjarðarvegi“ í B. 84 kemur: Vestfjarðavegi.
9. B. 86 orðast svo:
Ingjaldssandsvegur: Af Vestfjarðavegi hjá Gemlufalli um Mýrar, Núp, Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
10. B. 87 fellur niður.
11. B. 88 fellur niður.
12. B. 89 fellur niður.

V. Á eftir tölul. 6 koma nýir tölul. svo hljóðandi:
1. Aftan við B. 91 bætist: með álmu að ferjustað við Arnarfjörð.
2. Í stað orðanna „að Reykjarfirði“ í B. 94 kemur: um Reykjarfjörð og á Vestfjarðaveg.

VI. Á eftir tölul. 8 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
B. 96 fellur niður.

VII. Á eftir tölul. 9 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Í stað „Lambavatni“ í B. 97 kemur: Naustabrekku.

VIII. Á eftir tölul. 11 koma nýir liðir, svo hljóðandi:
1. Í stað orðanna „að Norðurlandsvegi“ í C. 12 kemur: á Norðurlandsveg.
2. Í stað „Húnvetningabraut“ í C. 14 kemur: Norðurlandsvegi.

3. C. 16 orðast svo:
   Svínadalsvegur: Af Reykjabraut við norðurenda Svínavatns, vestan Svínavatns um Auðkúlu á Svínvetningabraut, innan við innri enda Svínavatns.
4. Í stað orðanna „að sýslumörkum“ í C. 18 kemur: á Skagaveg á sýslumörkum.
5. Í stað orðanna „að sýslumörkum“ í C. 20 kemur: á Skagastrandarveg á sýslumörkum.
6. Í stað orðanna „að Rip“ í C. 27 kemur: um Rip að Eyhildarholti.
7. Í stað „Ólafsfjarðar“ í C. 31 kemur: Ólafsfjarðarkaupstaðar.
8. C. 34 orðast svo:
   Dalvíkurvegur og Ólafsfjarðarvegur: Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp, Árskógsströnd, yfir brú á Svarfaðardalsá hjá Árgerði, um Dalvík, Upsaströnd og Ólafsfjarðarmúla til Ólafsfjarðarkaupstaðar.
9. Orðin „innst á Vaðlaheiði“ í C. 44 falla niður.
10. Á eftir orðunum „Af Fnjóskadalsvegi“ í C. 47 bætist: eystri.
11. Í stað „Vaðlaheiðarvegi“ í C. 48 kemur: Norðurlandsvegi.
12. Í stað orðanna „yfir væntanlega brú hjá Stóru-Völlum“ í C. 53 kemur: að Mýri, með þverálmu hjá Stóru-Völlum yfir væntanlega brú á Skjálfandafljóti á Bárðardalsveg eystri nálægt Sandvík.
13. Í stað orðanna „að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega“ í C. 55 kemur: og á Kópaskers- og Raufarhafnarveg.
14. Í stað orðanna „að vegamótum Tjörnesvegar hjá Lóni í Kelduhverfi“ í C. 57 kemur: og á Þingeyjarsýslubraut hjá Lóni í Kelduhverfi.
15. C. 59 orðast svo:
   Kópaskers- og Raufarhafnarvegur: Af Norðurlandsvegi skammt frá Grímsstöðum, um Hólssand skammt frá Dettifossi, Axarfjörð, Kópasker, Raufarhöfn og á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði.
16. C. 61 fellur niður.
17. Orðin „yfir Möðrudalsheiði“ í D. 4 falla niður.
18. Í stað orðanna „hjá Bóndastöðum“ í D. 9 kemur: nálægt Ásgrímsstöðum.
19. Í stað orðanna „og á Fljótsdalsveg .... Valþjófsstað“ í D. 11 kemur: og Fljótsdal að Kleif með álmu yfir brú á Jökulsá á Skóga- og Fljótsdalsveg utan við Víðivelli ytri.
20. D. 14 orðast svo:
   Seyðisfjarðarvegur syðri: Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaði að Skálanesi.
21. Í stað orðanna: „Heyskálum ..... í Borgarfirði“ í D. 16 kemur: Heyskálum, yfir Vatnsskarð, um Njarðvík, Bakkagerði, inn Borgarfjörð, Húsavíkurheiði, Húsavík, Nesháls, Stakkahlíð, Brimnesmúla á Seyðisfjarðarveg nyrðri hjá Brimnesi.
22. Í stað orðanna „yfir væntanlegar ..... Valþjófsstað“ í D. 23 kemur: að Sturluflöt.

Sþ. 81. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um jöfnun raforkuverðs.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Skúli Guðmundsson, Karl Kristjánsson, Eiríkur Þorsteinsson, Páll Þorsteinsson, Vilhjálmur Hjálmarsson, Ásgeir Bjarnason, Andrés Eyjólfsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa ráðstafanir til þess, að raforka til almenningsnota frá rafveitum í opinberri eigu verði seld á sama verði um land allt, og leggja tillögur um það efni fyrir Alþingi hið allra fyrsta.

Greinargerð.

Tillaga þessi er um það, að ríkisstjórninni verið falið að gera ráðstafanir til þess, að raforka verði seld landsmönnum við sama verði um land allt.

Nokkrum sinnum áður hefur verið um það rætt og tillögur fram bornar um það á Alþingi að koma á jöfnun raforkuverðs.

Á sumarþinginu 1942 fluttu nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins tillögu í sameinuðu þingi um raforkumál. Var þar lagt til, að kosin yrði 5 manna nefnd, er gera skyldi tillögur um fjáröflun til þess að byggja rafveitur í því skyni að koma nægilegri raforku í allar byggðir landsins, „enda verði raforkan ekki seld hærra verði í dreifbýli en stærstu kaupstöðunum á hverjum tíma".

Þessi tillaga var samþykkt á Alþingi með 43 samhljóða atkv.

Meiri hluti raforkumálanefndarinnar, sem kosin var samkvæmt framannefndri ályktun árið 1942, samdi frv. til raforkulaga og skilaði því til ríkisstjórnarinnar í nóvember 1944. Skömmu síðar, í janúar 1945, hlutaðist nefndin til um, að frumvarpið var borið fram á Alþingi, sem þá var að störfum. Flutningsmenn frumvarpsins voru fimm, og fjórir þeirra höfðu átt sæti í nefndinni, sem samdi frumvarpið. Í 12. gr. frv. var ákvæði um, að verð raforkunnar frá ríkisrafveitunum skyldi vera hið sama um land allt. En frumvarpið hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu.

Á næsta þingi, seint á árinu 1945, var fram borið frv. til raforkulaga að tilhlutun samgöngumálaráðuneytisins, og var það afgreitt með nokkurm breytingum sem lög frá þinginu. Í frumvarpinu voru engin ákvæði um jafnt raforkuverð. Fulltrúi Framsóknarfl. í iðnaðarnefnd neðri deildar bar fram svo hljóðandi breytingartillögu við frumvarpið:

„Söluverð raforkunnar skal vera hið sama um allt land og eigi hærra til notenda utan kaupstaðanna en íbúar þeirra þurfa að greiða á hverjum tíma að meðaltali."

Tillaga þessi var felld í þingdeildinni með 15 gegn 13 atkvæðum.

Þá fluttu þrír þingmenn Framsóknarflokksins svo hljóðandi tillögu:

„Heildsöluverðið skal vera hið sama um allt land."

Tillaga þessi féll með jöfnum atkvæðum, 16 gegn 16.

Á Alþingi 1952 flutti Eiríkur Þorsteinsson, þingm. Vestur-Ísfirðinga, frumvarp til laga um jöfnun raforkuverðs, en það hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu.

Eins og hér hefur verið rakið, hafa verið gerðar nokkrar tilraunir til þess að fá lögfest það fyrirheit, sem þingmenn gáfu ágreiningslaust með samþykkt þingsályktunartillögunnar 1942, að raforkan yrði ekki seld hærra verði í dreifbýli en í stærstu kaupstöðunum, en þær tilraunir hafa enn ekki borið árangur.

Fyrirtæki þau, sem nú selja raforku hér á landi, eru nálega öll byggð af ríkinu eða með meiri eða minni aðstoð þess. Ákveðið hefur einnig verið, að ríkið byggi þær aðalrafveitur til almenningsþarfa, sem komið verður upp í náinni framtíð. Og þar sem þjóðfélagið hefur tekið þessar framkvæmdir á sig í svo stórum stíl, eins og nauðsynlegt var, er eðlilegt, að allir þegnar þess njóti sömu kjara. Mikið vantar

nú á, að svo sé hjá almenningsrafveitum, t. d. er áberandi hátt verð á rafmagni frá rafveitum á þeim stöðum, sem ekki hafa vatnsafl til rafmagnsframleiðslunnar.

Það er nú orðið viðurkennt af mörgum, að nauðsyn beri til að gera aðstöðu manna í lífsbaráttunni sem jafnasta, hvar sem þeir búa á landinu. Á það hefur verið bent, hversu þýðingarmikið sé að skapa og viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Starfa nú tveir stjórnskipaðir menn að athugun þeirra mála, samkvæmt ályktun Alþingis. Eitt af því helzta, sem þar hlýtur að koma til greina, er að gera ráðstafanir til þess að jafna svo sem verða má aðstöðu manna til að njóta þeirra lífsþæginda og gæða, sem almenningur sækir eftir og telja má til lífsnauðsynja nú á tímum, en þar er rafmagnið í fremstu röð.

Fyrir nokkrum árum voru bornar fram tillögur á Alþingi um verðjöfnun á benzíni og olíu. Ýmsir tóku því máli fálega fyrst í stað, en eftir að það hafði verið flutt á þingi nokkrum sinnum, voru þó samþykkt lög um verðjöfnunina, og eru þau nú komin til framkvæmda. Nú munu flestir telja þetta sanngirnismál. En ekki er síður nauðsynlegt að koma á verðjöfnun á raforku. Og í því skyni að fá sanngjarna lausn á því máli hið fyrsta er tillaga þessi fram borin.

Nd. 82. Frumvarp til laga [63. mál]

um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

I. KAFLI
Tilgangur.

1. gr.

Iðnaðarmálastofnun Íslands er sjálfstæð stofnun og er tilgangur hennar að efla framfarir í íslenzkum iðnaði, m. a. með því að:

1. Stuðla að umbótum á vinnslu og meðferð iðnaðarframleiðslunnar með því að kynna þeim, er iðnað stunda, tæknilegar nýjungar og veita þeim leiðbeiningar, er miði að auknum afköstum, verknýtingu og vöruvöndun.
2. Rannsaka mikilvægi einstakra þátta í framleiðni (produktivitet) iðnaðarins og kynna árangurinn, svo að notum komi fyrir iðnfyrirtækin og tæknifræðsluna í landinu.
3. Efla samvinnu milli framleiðenda, stofnana og félagasamtaka innanlands um viðleitni til framfara í íslenzkum iðnaði, og hafa náið samstarf við þá aðila um þessi mál.
4. Leggja grundvöll að viðurkenndum mælikvörðum eða fyrirmyndum (standards) fyrir íslenzka iðnaðarframleiðslu, í samræmi við það, er bezt þekkist erlendis, og stuðla að því að komið verði á gæðamati iðnaðarvara.
5. Vinna að því, í samráði við Hagstofu Íslands, að ár hvert sé gefin út heildarskýrsla um iðnaðarmálin í landinu.
6. Hafa samband og samstarf við hliðstæðar erlendar tæknistofnanir.

Stofnunin skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis í tæknilegum vandamálum, er iðnaðinn varða, öðrum en fiskiðnaði.

Veita skal almenningi aðgang að því að njóta árangurs af störfum stofnunarinnar, eftir því sem frekast eru föng á.

II. KAFLI
Fjármagn.

2. gr.

Fé skal veitt til stofnunarinnar árlega á fjárlögum.

III. KAFLI
Stjórn og skipulag.

3. gr.

Ráðherra skipar stjórn stofnunarinnar til 4 ára í senn. Formann stjórnarinnar skipar ráðherra án tilnefningar, en 7 fulltrúar eiga sæti í stjórninni að fengnum tillögum eftirtalinna félagasamtaka, þannig:

1	samkvæmt	tilnefningu	Félags ísl. iðnrekenda.
1	—	—	Landssambands iðnaðarmanna,
1	—	—	Sambands ísl. samvinnufélaga,
1	—	—	Vinnuveitendasambands Íslands,
1	—	—	Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands,
2	—	—	Alþýðusambands Íslands, og skal annar vera fulltrúi iðnverkafólks.

Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Allar ákvarðanir stjórnarinnar verða að vera samþykktar með atkvæðum meiri hluta stjórnarmanna.

4. gr.

Stjórnin skal koma saman eigi sjaldnar en mánaðarlega, en auk þess þegar formaðurinn eða minnst þrír stjórnarmenn óska þess. Boða skal til fundar með minnst 3 daga fyrirvara og láta málaskrá fylgja fundarboði.

Halda skal gerðabækur um alla fundi.

5. gr.

Daglegum störfum stofnunarinnar stýrir framkvæmdastjóri, ráðinn af stjórninni, sem einnig ákveður laun hans, að fengnu samþykki ráðherra.

Framkvæmdastjórinn skal undirbúa mál þau, sem stjórnin á að fjalla um. Hann skal sitja fundi hennar og annast um framkvæmdir á samþykktum stjórnarinnar.

6. gr.

Stjórnin skal:

1. Ráða annað starfslið stofnunarinnar, að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, og ákveða laun þess í samráði við ráðherra.
2. Setja starfsreglur fyrir framkvæmdastjóra og starfsfólk.
3. Samþykkja fjárhagsáætlun.
4. Taka ákvarðanir um einstakar aðgerðir til eflingar framleiðslunni, sbr. 1. grein.
5. Gæta þess að starfsemi stofnunarinnar sé í samræmi við lög þessi og reglugerð.
6. Ganga frá ársreikningum. Reikningsárið skal vera almanaksárið.
7. Ráða endurskoðanda, setja honum erindisbréf og samþykkja reikningana eftir skýrslum endurskoðandans.
8. Ganga frá ársskýrslum fyrir árið.
9. Sjá um að ársuppgjör stofnunarinnar fari til endurskoðunar á sama hátt og rekstrarreikningar ríkisstofnana.

IV. KAFLI
Yfirstjórn.

7. gr.

Ráðherra sá, sem fer með iðnaðarmál, skal hafa yfirstjórn þeirra mála, er lög þessi fjalla um.

V. KAFLI
Um gildistöku laganna.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að tilhlutan iðnaðarmálaráðherra af 7 manna nefnd, er skipuð var 20. febrúar s. l.

Ríkisstjórnin hefur gert örfáar breytingar á frumvarpinu. Sú veigamesta er við 1. gr., næst síðustu málsgrein, þar sem bætt er við orðunum: „öðrum en fiskiðnaði". Er breytingin tilkomin vegna þess, að svo er til ætlazt, að Fiskifélag Íslands sé ríkisstjórninni til ráðuneytis í þessum málum, og er það samkvæmt vilja stærstu samtaka fiskiðnaðarins.

Tillögum nefndarinnar fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Hinn 20. febr. s. l. skipaði hr. Ingólfur Jónsson, iðnaðarmálaráðherra, sjö manna nefnd til þess að semja lög og reglur um Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Skipaðir voru í nefndina:

Kristján Jóh. Kristjánsson, formaður Félags ísl. iðnrekenda, Björgvin Frederiksen, formaður Landssambands iðnaðarmanna, Benedikt Gröndal, í framkvæmdastjórn Vinnuveitendasambands Íslands, Óskar Hallgrímsson, formaður Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands, Kristjón Kristjónsson, framkvæmdastjóri, fulltrúi Sambands ísl. samvinnufélaga, Þorsteinn Gíslason, verkfræðingur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, og Páll S. Pálsson, lögfræðingur, sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Um það leyti, er nefndin hóf störf, hinn 26. febr. s. l., var sú breyting gerð á skipan hennar, að Kristjón Kristjónsson var að eigin ósk leystur frá störfum sem fulltrúi í nefndinni, en ráðuneytið skipaði í hans stað Harry Frederiksen, framkvæmdastjóra iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga. Jafnframt skipaði ráðuneytið Kristjón Kristjónsson til þess að vera varaformann nefndarinnar.

Þegar nefndin hafði að miklu leyti lokið störfum, þ. e. í september s. l., hvarf Þorsteinn Gíslason af landi burt til allt að tveggja mánaða dvalar erlendis. Að ábendingu formanns nefndarinnar skipaði ráðuneytið Gísla Hermannsson, verkfræðing hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, til þess að gegna störfum sem varamaður Þorsteins.

Nokkuð tafði störf nefndarinnar, að einstakir nefndarmanna voru erlendis um vor- og sumartímann um lengri og skemmri tíma.

Ráðuneytið lagði hins vegar áherzlu á, að nefndin skilaði sameiginlegu áliti í frumvarpsformi fyrir næsta reglulegt Alþingi, og hefur nefndin stefnt að því marki.

Nefndin hefur nú lokið störfum og sendir hér með tillögur sínar í frumvarpsformi til hins háa ráðuneytis.

Um frumvarpið sjálft er það að segja, að nefndin hafði til hliðsjónar við samningu þess að nokkru leyti frumvarpstillögur frá þriggja manna nefnd, sem séð hefur um stofnsetningu og byrjunarrekstur Iðnaðarmálastofnunarinnar og að öðru leytinu samþykktir og starfsreglur frá nágrannalöndunum um sams konar stofnanir þar.

Einnig hafði nefndin til athugunar eins konar sýnishorn af tillögum til uppbyggingar á tæknistofnunum af þessu tagi, samdar til leiðbeiningar fyrir þátttökuríki í vestrænni samvinnu um tæknileg framfaramál.

Þá athugaði nefndin einnig öll þingskjöl, sem fram hafa komið varðandi tæknimiðstöð fyrir iðnaðinn, og skýrslur, sem birzt hafa um aðdragandann að stofnuninni.

Nefndin telur, að stofnun sem þessi eigi nauðsynlegu hlutverki að gegna í íslenzku athafnalífi. Ríkisvaldinu beri að styðja hana og styrkja, en stofnunin eigi þó að vera sjálfstæð að formi til og lúta eins konar sjálfstjórn, er skipuð sé fulltrúum atvinnurekenda í iðnaði og vinnuþega við iðnaðarstörf.

Var fullkomið samkomulag innan nefndarinnar um markmið stofnunarinnar og skipulag.

Óskir bárust til ráðuneytisins og einnig beint til nefndarinnar frá ýmsum félagasamtökum um aðild að stjórn stofnunarinnar, m. a. frá Verkfræðingafélagi Íslands, Iðnfræðingafélagi Íslands, Iðju, félagi verksmiðjufólks í Reykjavík, Akureyri og Hafnarfirði, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Iðnfræðsluráði og Neytendasamtökum Reykjavíkur.

Þessi þáttur frumvarpsins, stjórnaraðildin, varð tilefni til mikilla umræðna og athugana í nefndinni, en að lokum varð samkomulag um að leggja til, að stjórnin yrði skipuð með þeim hætti, er segir í 3. grein frumvarpsins.

Samkvæmt skipunarbréfinu átti nefndin að semja frumvarp til laga um „Iðnaðarmálastofnun Íslands“, svo að nefndin hefur ekki gert tillögur til breytinga á nafni stofnunarinnar, en telur þó að stytta megi að ósekju nafnið í „Iðnaðarstofnun Íslands“.

Nefndin telur miklu varða, að gengið verði frá lögum og starfsreglum fyrir stofnunina eins fljótt og kostur er á, því að óhjákvæmilega háir það störfum stofnunarinnar, að óvissa ríkir enn um skipulag hennar og stjórn.

Reykjavík, 9. okt. 1954.

Páll S. Pálsson. Björgvin Frederiksen. Harry Frederiksen.
Óskar Hallgrímsson. Kr. Jóh. Kristjánsson. Ben. Gröndal.
Gísli Hermannsson.

Nd. 83. Frumvarp til laga [64. mál]

um byggingarsjóð kauptúna.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Eiríkur Þorsteinsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður kauptúna. Félagsmálaráðuneytið annast bókhald sjóðsins og fjárreiður samkvæmt fyrirmælum sjóðstjórnar.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita lán til að byggja íbúðarhús í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, og að taka fé að láni til starfsemi sinnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins, sem er formaður stjórnarinnar, og tveir menn kjörnir hlutfallskosningu á Alþingi til fjögurra ára í senn.

4. gr.

Tekjur Byggingarsjóðs kauptúna eru :

1. Óendurkræft framlag ríkissjóðs, 400 þúsundir króna á ári.
2. Framlög sveitarsjóða og ríkissjóðs samkvæmt 10. gr.
3. Tekjur, sem sjóðurinn kann að hafa af starfsemi sinni.

5. gr.

Ríkissjóður lánar Byggingarsjóði kauptúna 10 milljónir króna á næstu tveim árum eftir gildistöku laga þessara. Skal helmingur þessarar upphæðar greiddur sjóðnum um leið og hann tekur til starfa. Lán þetta er vaxta- og afborgunarlaust í fimm ár, en endurgreiðist síðan á næstu 20 árum með jöfnum afborgunum og 5% ársvöxtum. Ríkisstjórninni er heimilt að taka jafnháa upphæð að láni fyrir hönd ríkissjóðs.

6. gr.

Sjóðurinn veitir, eftir því sem honum endist fé til, efnalitlum mönum, einkum fjölskyldumönnum, í kauptúnum, sem hafa 1000 íbúa eða færri, lán til að koma upp íbúðum til eigin nota. Lánsupphæð til íbúðar má nema allt að kaupverði efnis, sem til byggingarinnar þarf.

7. gr.

Afborganir og vexti af lánum úr sjóðnum greiða lántakendur með jöfnum upphæðum árlega (ársgreiðslum), þannig að lánin endurgreiðist að fullu á 20 árum. Sjóðstjórnin getur þó ákveðið að veita einstök lán til skemmri tíma. Ársvextir af lánunum skulu vera hinir sömu og hjá lánadeild smáíbúðarhúsa, sbr. lög nr. 36/1952.

8. gr.

Lán úr sjóðnum skulu tryggð með veði í íbúðum þeim, sem þau eru veitt til. Sé lán úr sjóðnum tryggt með síðari veðrétti, mega fyrri veðréttar lán eigi nema hærri upphæð samtals en því nemur, að þau ásamt láni úr sjóðnum fari ekki fram úr ⅔ af kostnaðarverði íbúðarinnar eins og það er að dómi sjóðstjórnarinnar.

9. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs, skilvísa greiðslu lána þeirra, er sjóðurinn kann að taka til starfsemi sinnar, enda séu þau eigi tekin til skemmri tíma en 20 ára og með vöxtum, er ráðherra samþykkir.

10. gr.

Ef ⅔ hlutar sveitarstjórna í þeim hreppum, sem kauptún er í, samþykkja, getur félagsmálaráðherra ákveðið til fimm ára í senn, að hver þeirra hreppa skuli greiða í sjóðinn árlega allt að 5% álagðra útsvara í kauptúninu, og greiðir ríkissjóður þá jafnmikið á móti. Framlag þetta er óendurkræft og vaxtalaust. Hreppar, sem þess óska, skulu þá jafnframt vera undanþegnir gjaldi til byggingarsjóðs verkamanna, enda eiga þeir þá ekki rétt til lána úr þeim sjóði. Jafnframt eiga þeir rétt til endurgreiðslu fyrri framlaga, enda hafi þeir ekki notið lána úr sjóðnum.

11. gr.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst fimm fjölskyldur, sem hafa ekki svo mikið land til afnota, að talizt geti lögbýli.

12. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins setur félagsmálaráðherra með reglugerð. Skulu þar m. a. settar reglur til tryggingar því, að stærð íbúða, sem lán eru veitt til, fari ekki yfir tiltekið hámark.

13. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Greinargerð.

Frumvarp um byggingarsjóð kauptúna var flutt á Alþingi 1952 og 1953. Íbúar þeirra kauptúna eða þorpa, sem frv. þetta tekur til, voru alls 18—19 þús. (18632) samkvæmt manntali 1953. Starfsemi byggingarsjóðs verkamanna hefur hingað til komið kauptúnunum að litlu gagni, og hætt við, að svo verði fyrst um sinn. Sama er að segja um fé það, er veitt hefur verið bæjar- og sveitarfélögum til íbúðabygginga. Fé þetta hefur að mestu lent í kaupstöðunum, þar sem fjölmennið er mest. Það er og kunnugt, að af veðdeild Landsbankans hafa fámenn kauptún lítils góðs notið, enda hefur hún lengi verið févana. Starfsemi lánadeildar smáíbúðarhúsa, er stofnuð var með lögum 1952, hefur hins vegar hjálpað mörgum kauptúnafjölskyldum til að koma sér upp íbúðum undanfarin ár og markar að því leyti tímamót á þessu sviði. Flm. telja samt heppilegast að setja á fót sérstaka byggingarlánastofnun fyrir þorpin og freista þess að efla hana til sjálfstæðrar starfsemi, eftir því sem föng eru á. Ef vinna skal að því á komandi árum að viðhalda og efla jafnvægi í byggð landsins, verður ekki hjá því komizt að gera sérstakar ráðstafanir til að auka byggð í þorpunum víðs vegar um land, en íbúatala margra þeirra stendur nú í stað eða fer jafnvel hækkandi. Ef komið væri upp sérstakri byggingarlánastofnun fyrir þorpin, sem miðuð væri við þeirra séraðstöðu og sérþarfir, væri þar með áreiðanlega stigið stórt spor í jafnvægisátt.

Ýmis rök eru til þess, að þjóðfélagið ætti að gefa hinum fámennu kauptúnum eða þorpum meiri gaum en gert hefur verið til þessa. Flest þeirra eru í öndverðu mestmegnis byggð upp af vanefnum af fátækum fjölskyldumönnum. Fólk, sem af einhverjum ástæðum hverfur úr sveitum, leggur oft leið sína til þorpanna í fyrsta áfanga, en margt af því hverfur þaðan aftur eftir stutta dvöl til hinna stóru kaupstaða, m. a. vegna þess, að viðunandi íbúðarhúsnæði skortir í þorpunum. En þar með hefur það að fullu yfirgefið hérað sitt og æskustöðvar og á þá yfirleitt ekki afturkvæmt þangað. Í sjávarþorpum eru þó víða mjög sæmileg afkomuskilyrði til sjós og lands og ekki óhugsandi, að þau skilyrði fari heldur batnandi, ef sá árangur verður af stækkun landhelginnar, sem margir hafa gert sér vonir um. Vonandi verður þess heldur ekki mjög langt að bíða, að þorpin velflest eða öll eigi kost nægrar raforku með viðunandi verði til heimilisnota og atvinnurekstrar og bæti þannig afkomumöguleika sína.

Ekki þykir ástæða til þess að svo stöddu að kveða nánar á um starfsemi sjóðsins en gert er í frv. þessu. Þykir rétt, að ráðherra og stjórn sjóðsins hafi frjálsar hendur til að ákveða nánar en hér er gert skilyrði fyrir lánum, hámarksupphæðir lána o. fl., eftir því sem hagkvæmt kann að reynast. Gert er ráð fyrir, að lánskjör verði svipuð og í lánadeild smáíbúða, sem stofnuð var með lögum 1952.

Gert er ráð fyrir (sbr. 5. gr.), að ríkissjóður láni Byggingarsjóði 10 millj. kr. sem stofnfé, sem endurgreiðist á 25 árum, en á sama tíma yrðu ríkisframlög til sjóðsins samtals 10 millj. kr. samkv. 4. gr.

Frv. þetta tekur ekki til kauptúna, sem hafa fleiri en 1000 íbúa, enda má gera ráð fyrir, að aðrar lánsstofnanir veiti lán til íbúða á þeim stöðum, og hlutur þeirra í engu skertur, þótt frv. verði að lögum.

Til skýringar 10. gr. skal þess getið, að samanlögð útsvör í þeim hreppum, er frv. þetta tekur til, voru 13.8 millj. kr. samkvæmt síðustu tölum hagstofunnar um það efni.

Fylgiskjal.

Mannfjöldi í árslok 1953 í 51 kauptúni, sem frv. þetta tekur til (samkvæmt bráðabirgðaskýrslum hagstofunnar):

Kauptún (og þorp)	Íbúafjöldi
Grindavík	583
Sandgerði	739
Borgarnes	773
Hellissandur	328
Ólafsvík	532
Grafarnes í Grundarfirði	246
Stykkishólmur	865
Búðardalur	81
Flatey á Breiðafirði	118
Patreksfjörður	862
Bíldudalur	379
Þingeyri	322
Flateyri	492
Suðureyri í Súgandafirði	348
Bolungavík	677
Hnífsdalur	283
Súðavík	216
Djúpavík	53
Drangsnes	208
Hólmavík	402
Hvammstangi	301
Blönduós	480
Höfðakaupstaður	591
Hofsós	301
Dalvík	789
Hrísey	324
Hjalteyri	116
Glerárþorp	531
Svalbarðseyri	67
Grenivík	125
Flatey á Skjálfanda	122
Kópasker	87
Raufarhöfn	391
Þórshöfn	409
Höfn í Bakkafirði	68
Vopnafjörður	311
Bakkagerði í Borgarfirði	171
Egilsstaðir	147
Eskifjörður	701
Búðareyri í Reyðarfirði	429
Búðir í Fáskrúðsfirði	587
Kirkjubólsþorp í Stöðvarfirði	160
Breiðdalsvík	84
Djúpivogur	309
Höfn í Hornafirði	458
Vík í Mýrdal	325
Hvolsvöllur	117
Hella	123

Kauptún (og þorp)	Íbúafjöldi
Stokkseyri	418
Eyrarbakki	520
Hveragerði	563

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Skúli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara nákvæma athugun á aðstöðu til þess að gera nothæfa lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar svo víða, að öll byggðarlög í landinu geti notið þeirra á auðveldan hátt.

Þegar þessi athugun hefur farið fram, skal ákveðið af stjórn flugmála í samráði við sveitarstjórnir, hvar slíkir lendingarstaðir skulu gerðir.

Greinargerð.

Þróun flugmála hefur orðið mjög ör hin síðustu ár. Samkvæmt lögum nr. 24 1945, um flugvelli og lendingarstaði fyrir flugvélar, er stefnt að því, að gerðir verði í öllum sýslum landsins flugvellir fyrir farþegaflugvélar.

En einn þáttur flugmála er flutningur sjúkra manna í flugvélum. Reynslan hefur þegar sýnt, að oft hefur tekizt vegna ötullar forgöngu íslenzkra flugmanna að ráða bót á hættulegum sjúkdómum með því að flytja sjúklinga í litlum flugvélum utan af landsbyggðinni, þar sem skilyrði eru ekki góð til læknisaðgerða og hjúkrunar, koma þeim í sjúkrahús og í hendur hinna færustu lækna. Þó að flugvellir fyrir farþegaflugvélar séu til staðar í mörgum héruðum, leysir það ekki allan vanda í þessum efnum. Líðan sjúklings er oft þannig háttað, að ekki er kleift að flytja hann um langa vegu að flugvél, þótt flugvöllur sé í héraði. Og að vetrarlagi lokast oft vegarsamband milli sveita.

Vinda þarf bráðan bug að því, að komið verði upp víðs vegar um land nothæfum lendingarstöðum fyrir hinar litlu sjúkraflugvélar. Slíka lendingarstaði mun víða hægt að gera án mikils kostnaðar. En fyrsta sporið í þá átt er það, að athugað sé af mönnum, sem þekkingu hafa á flugmálum, með aðstoð heimamanna á hverjum stað, er þekkja þar veðurfar og snjóalög, hvar aðstaða er bezt til þess í byggðum landsins. Þegar það hefur verið gert, þarf stjórn flugmála í samráði við sveitarstjórnir að ákveða staðaval.

Ed. 85. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Karl Kristjánsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.

2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla, Austur-Barðastrandarsýsla og Strandasýsla að Árneshreppi.
4. *Ísafjarðarumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.
5. *Húnaþingsumdæmi:* Húnavatnssýslur.
6. *Skagafjarðarumdæmi:* Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
7. *Eyjafjarðarumdæmi:* Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
8. *Þingeyjarþingsumdæmi:* Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
9. *Austurlandsumdæmi:* Múlasýslur, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
10. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla.
11. *Selfossumdæmi:* Árnessýsla og Vestmannaeyjar.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. lagnna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af því, að reynslan hefur sýnt, að dýralæknisumdæmin í landinu eru of fá.

Með ári hverju hefur vaxið aðsókn til dýralækna. Ber margt til þessa: bætt samgöngutækni, fjölgun síma, kynni af því, að dýralæknum tekst, ef til þeirra næst í tíma, að ráða bót á mörgum dýrakvillum og slysaáföllum, sem skepnur verða fyrir. Enn fremur kallar aukin kúarækt og mjólkurframleiðsla á meira dýralæknis-eftirlit en áður þurfti.

Í ljós hefur komið mjög greinilega, að það er ofverk einum lækni að þjóna Akureyrarumdæmi, eins og það er nú. Þess vegna leggja flutningsmenn til, að því verði skipt í tvö umdæmi: Eyjafjarðarumdæmi og Þingeyjarþingsumdæmi.

Einnig liggur ljóst fyrir, að ekki er lengur skynsamlegt að ætla einum lækni að gegna Varmahlíðarumdæmi, og þar af leiðandi er lagt til, að því verði einnig skipt í tvennt: Húnaþingsumdæmi og Skagafjarðarumdæmi.

Niðurfelling síðustu málsgr. 2. gr. dýralæknalaganna er sjálfsögð, af því að fyrirmæli málsgreinarinnar um, að yfirdýralæknir landsins skuli gegna dýralæknisstörfum í Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi, eru úr sögunni, þar sem sérstakur dýralæknir hefur verið skipaður fyrir umdæmið.

Hörgull hefur verið á dýralæknum hérlendis, en nú eru 8 Íslendingar við nám í þeirri grein, og má því vænta, að fljótlega fáist dýralæknar í öll umdæmin, sem verða 11, ef frumvarp þetta verður að lögum.

Frumvarpið er flutt í samræmi við óskir stjórnar Dýralæknafélags Íslands og yfirdýralæknis.

Ed. 86. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. koma nýir liðir:

a. Í stað orðanna „inn að Bjarnastöðum“ í C. 54 kemur: inn að Víðikeri.
b. Á eftir C. 56 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Austurhliðarvegur: Af Þingeyjarsýslubraut hjá Glaumbæ, um Akrabrú, suður austan Reykjadalsár að Laugaskólavegi.

Ed. 87. Frumvarp til laga [67. mál]

um útgerð togara til þess að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 5 milljónum króna til þess að kaupa hlutabréf í hlutafélögum, sem stofnuð eru með þátttöku tveggja eða fleiri bæjar- og hreppsfélaga til að reka togaraútgerð í því skyni að koma á og viðhalda jafnvægi í byggð landsins.

2. gr.

Nú verða stjórnir tveggja eða fleiri bæjar- og hreppsfélaga, þar sem atvinna er stopul og fiskverkunarstöðvar skortir verkefni, sammála um að stofna félag til útgerðar, samkvæmt 1. gr., og leggja fram hlutafé í þeim tilgangi, og skulu þær þá leita eftir hlutafjárframlögum hjá íbúum bæjar- og hreppsfélaga sinna og öðrum, er þær telja til greina koma. Þegar safnazt hefur hlutafé, er nemur a. m. k. 10% af áætluðum stofnkostnaði útgerðarinnar, er bæjar- og hreppstjórnunum rétt að snúa sér til félagsmálaráðuneytisins með beiðni um hlutafjárframlög af hálfu ríkisins og ríkisstjórninni heimilt að leggja fram hlutafé, sem nemur allt að 10% stofnkostnaðar, enda séu löndunar- og verkunarskilyrði togaraafla fyrir hendi í þeim kaupstöðum og kauptúnum, er að félagsstofnuninni standa.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast f. h. ríkissjóðs lán allt að 80% af stofnkostnaði togaraútgerðar hlutafélaga, sem mynduð eru samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Um stofnun og stjórn félags fer eftir almennum lögum um hlutafélög með þeim takmörkunum, er lög þessi ákveða. Val framkvæmdarstjóra er háð samþykki ríkisstjórnarinnar.

5. gr.

Nú þykir fullreynt, að stofnun félags til kaupa á nauðsynlegum togara takist ekki samkv. 1.—4. gr. laga þessara, og er þá ríkisstjórninni f. h. ríkissjóðs heimilt að kaupa og gera út allt að fjórum togurum til þess að leggja afla á land í verstöðvum, þar sem mikil nauðsyn er á aukinni atvinnu. Óheimilt er samkv. þessari grein

að gera út togara fyrir eina verstöð, enda sé útgerðin við það miðuð, að hún komi sem flestum útgerðarstöðvum að gagni til öflunar hráefnis og atvinnujöfnunar. Kaupstaðir og kauptún þau, er þessarar úrgerðar njóta sérstaklega, beri a. m. k. helmingsábyrgð móti ríkissjóði á rekstri þeirra togara, er við þau skipta, og njóti tilsvarandi rekstrarhagnaðar, ef til kemur. Skal um ábyrgðina gerður samningur milli ríkisstjórnarinnar og hlutaðeigandi bæjar- og hreppsstjórna.

Ríkisstjórnin setur reglugerð um rekstur þessara togara.

6. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka f. h. ríkissjóðs nauðsynleg lán til þess að fullnægja ákvæðum laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Togaraútgerð er orðin stór liður í atvinnulífi margra staða á Íslandi. Illa gengur, eins og sakir standa, að láta togaraútgerðina bera sig sem fyrirtæki og ber til þess margt, sem væntanlega verður bót á ráðin áður en langir tímar líða. Verður sú hlið málanna ekki gerð að umræðuefni í þessari greinargerð. Hitt er staðreynd, sem frumvarp þetta er á byggt, að fólkið, sem býr þar, sem togararnir leggja afla sinn á land, hefur sem betur fer miklar tekjur af vinnu vegna þeirra. En þetta veldur lífskjaramun í landinu og ójafnvægi milli staða, sem annars mundu standa líkt að vígi.

Kunnugt er, að flestir staðir — og raunar allir — sem njóta atvinnu vegna togararekstrar, eiga það stuðningi ríkisins að þakka — og margir í stórum stíl. Ríkið annaðist togarakaupin, lagði til eða útvegaði fé, ábyrgðist lán o. s. frv.

Á yfirstandandi ári, þegar útgerð togaranna ætlaði að stranda, innheimtir ríkið nýjan bifreiðaskatt til þess að veita með honum stuðning öllum, sem togararekstur hafa með höndum. Þessi skattur er jafnt tekinn af íbúum þeirra staða, sem engan togararrekstur hafa til atvinnubóta, og hinum.

Má því fullyrða, að mismunað hefur verið og er af ríkisins hálfu þeim verstöðvum, sem togararekstrar njóta, og það jafnvel á kostnað þeirra verstöðva, sem ættu að geta haft hann, en hafa hann ekki og búa við atvinnuskort.

Þetta kann ekki góðri lukku að stýra.

Hvergi má draga úr velgengni almennings, en leitast þarf við að auka hana þar, sem verr gengur.

Ráð verður að finna til þess að veita togaralausu útgerðarstöðvunum stuðning til jafnvægis móti hinum. Annars raskast meira og meira í byggð landsins jafnvægið, sem flestum kemur saman um að gæta þurfi.

Á landinu eru allmargar verstöðvar, sem geta veitt togurum aðstöðu til löndunar og tekið á móti togarafiski til verkunar og vinnslu, en hafa engin umráð yfir togara.

Það virðist liggja beint við, úr því að atvinnuskortur er á þeim stöðum, að athugað sé, hvort ekki er þjóðhagslega rétt, að ríkið veiti þeim aðstoð til þess að fá til sín togara.

Frumvarp þetta er, ef að lögum verður, heimild handa stjórn ríkisins til þess að veita slíka aðstoð.

Af því að hinir togaralausu, atvinnustopulu útgerðarstaðir hafa ekki bolmagn hver um sig til þess að eignast togara, og gæti orðið góð úrlausn hlutdeild í togaraafla, og með því að reynsla er fengin um, að samvinna milli útgerðarstaða um rekstur togara getur gefizt vel, þá er í frumvarpinu gert ráð fyrir slíkri samvinnu í

hlutafélagaformi. En vegna fjárskorts staðanna, sem er staðreynd, þá er einnig gert ráð fyrir hlutafjárframlögum frá ríkinu, auk ríkisábyrgðar á stofnlánum þeirra, hvort tveggja að tilteknu marki, enda hafi ríkið þá rétt til að hlutast til um, að framkvæmdarstjórn félagsins sé í öruggum höndum.

Þá er einnig í þessu frumvarpi gert ráð fyrir því, að nauður geti rekið til ríkisútgerðar á togurum til atvinnujöfnunar, og heimild veitt til hennar, þannig, að skipin verði eign ríkisins, reksturinn í höndum þess, en að hálfu á ábyrgð þeirra staða, er aflann fá til verkunar, og þá helmingsréttur til rekstrarhagnaðar, ef hann verður. Um rekstrarábyrgðina sé gerður samningur fyrir fram milli ríkisstjórnar og hlutaðeigandi bæjar- og hreppsstjórna.

Flutningsmenn líta svo á, að eins og nú er komið verði ekki komizt hjá róttækum aðgerðum af ríkisins hálfu til þess að koma á og viðhalda nauðsynlegu jafnvægi í byggð landsins.

Ríkið hefur þegar gengið langt í stuðningi við suma bjargálna staði. Aftur á bak verður ekki að ósekju gengið þar, og enn lengra verður þess vegna að ganga á öðrum stöðum, til þess að jafnvægi fáist og landsbyggðin sporðreisist ekki.

En það er skoðun flutningsmanna, að nauðsynlegt sé jafnan, að á hverjum stað, sem ríkið veitir stuðning, eigi íbúarnir frumkvæði og séu ábyrgir þátttakendur eftir því, sem efni þeirra og ástæður frekast leyfa og við verður komið. Við þetta eru tillögur frumvarpsins miðaðar.

Frumvarpið nær til allmargra staða, en er vitanlega ekki heildarlausn. Annarra úrræða þarf að leita fyrir aðra staði, og eru umræður um þau ekki dregin inn í þessa greinargerð.


Sþ. 88. Breytingartillögur [44. mál]

við till. til þál. um stækkun friðunarsvæðis fyrir Vestfjörðum.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Vilhjálmi Hjálmarssyni, Lárusi Jóhannessyni, Páli Þorsteinssyni, Páli Zóphóníassyni, Lúðvík Jósefssyni og Eggert Þorsteinssyni.

1. Við tillgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur skal friðunarlínan fyrir Austfjörðum og Suðausturlandi á svæðinu milli Langaness og Ingólfshöfða dregin þannig, að takmarkalína núverandi friðunarsvæðis, þar sem hún er dregin utan við grunnlínupunkt nr. 12 í reglugerðinni (Langanes), framlengist í beina línu og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 15 og 16. Þaðan skal línan dregin þannig, að hún liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 17—19 og í útlínu núverandi friðunarsvæðis við Hvalbak (grunnlínupunkt 50). Þaðan sé línan framlengd og liggi 16 sjómílum utar en grunnlínupunktar nr. 24 og 25, þangað til hún nær línu, sem framlengist í beina stefnu frá takmarkalínu núverandi friðunarsvæðis utan við grunnlínupunkt nr. 28 (Ingólfshöfða).
2. Fyrirsögn till. orðist þannig: Tillaga til þingsályktunar um stækkun friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum, Austfjörðum og Suðausturlandi.

Fylgiskjal (uppdráttur), sjá bls. 313.


15°
13°
66°
65°
64°
LANGANES
GLETTINGANES
GERPIR
HVALBAKUR
STOKKSNES
INGÓLFSHÖFÐI
11
12
13
14
15
16
17
18
19
20
21
22
23
24
25
26
27
28
30
GRUNNLÍNUSTAÐIR
FISKVEIÐITAKMÖRK
TILLAGA UM FRIÐUNARLÍNU

Nd. 89. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eiríki Þorsteinssyni.

Framan við efnislið 1. gr. koma nýir liðir, svo hljóðandi:

a. Á eftir B. 89 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Vestfjarðavegur: Frá Hrafnseyri inn fyrir Borgarfjörð, um Mosdal og upp úr honum suður á Barðastrandarveg.

b. Á eftir B. 90 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Lokinhamravegur: Frá Haukadal í Dýrafirði eftir ströndinni til Lokinhamra í Arnarfirði.

Sþ. 90. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um gistihús í landinu.

Flm.: Eiríkur Þorsteinsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á gistihúsaþörf landsmanna og undirbúa fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur, er miði að því að greiða fyrir stofnun gistihúsa og tryggja rekstur þeirra.

Greinargerð.

Samgöngur á sjó og landi eru orðnar hagstæðari en þær hafa nokkru sinni áður verið. Fólk ferðast þar af leiðandi oft í smáum og stórum hópum víðs vegar um landið. Jafnbetri afkoma alls þorra þjóðarinnar veldur og nokkru um, að ferðalög eru tíðkuð meir um landið en áður var.

Þegar slíkir hópar eru á ferli, þarfnast þeir gistingar þar, sem þeir eru staddir að kvöldi. Eru það þá venjulega bæir og kauptún, sem leitað er til með svefnstaði og næringu. Eins og nú er háttað, eru í mörgum tilfellum engir gististaðir á þessum stöðum, enda ofviða einstaklingum — fyrir lítinn rekstur — að leggja í kostnað við byggingu slíkra gististaða á eigin ábyrgð. Það verður því í mörgum tilfellum að níðast á íslenzkri gestrisni á þessum stöðum og hlýtur oft að valda óþægindum á heimilum, þar sem fólksekla er við heimilisstörf.

Þetta nægir til að sýna, að full þörf er þess, að athugaðir sé möguleikar til að ráða hér bót á. Er þess vænzt, að ríkisstjórnin rannsaki, á hvern hátt bezt verði fyrir því séð, og leggi fram tillögur í málinu fyrir næsta Alþingi.

Nd. 91. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á eftir 57. gr. laganna koma sex nýjar greinar (verða 58.—63. gr.) í nýjum kafla (verður VII. kafli), er ber fyrirsögnina: **Gagnfræðaskóli verkalýðssamtakanna** (og breytist tala kafla og greina samkvæmt því):

a. (58. gr.) Gagnfræðaskóli verkalýðssamtakanna starfar sex mánuði að vetrinum, frá 1. nóvember til 1. maí ár hvert.

Á sumrin getur skólinn haft styttri eða lengri námskeið til hvatningar og fræðslu, og fer kennslan þá aðallega fram í fyrirlestrum og frjálslegu námshópastarfi.

b. (59. gr.) Aðalnámsgreinar vetrarskólans eru íslenzk tunga, íslenzkar bókmenntir, Íslandssaga — einkum saga og þróun atvinnuveganna, þjóðfélagsfræði, hagfræði, alþjóðamálið esperanto, enska og eitt Norðurlandamál.

c. (60. gr.) Auk aðalnámsgreina skal gagnfræðaskóli verkalýðssamtakanna veita ýtarlega fræðslu um sögu, stjórn og starf verkalýðsfélaga, samvinnufélaga og samtaka atvinnurekenda. Einnig skal skólinn kynna nemendum rækilega meginatriði íslenzkrar félagsmálalöggjafar — alveg sérstaklega vinnulöggjöfina. — Þá skal í öllu starfi skólans brýna rækilega fyrir nemendum skyldur þegnanna og réttindi í lýðræðisþjóðfélagi.

Kenna skal fundarreglur og fundarstjórn og leiðbeina nemendum í að setja fram hugsanir sínar skipulega í ræðuformi. — Kennslan fer að nokkru leyti fram í fyrirlestrum.

Söngur skal iðkaður daglega í nánum tengslum við alla kennslu og starfsemi skólans.

d. (61. gr.) Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kýs 5 manna skólanefnd, er fer með yfirstjórn skólans og ræður skólastjóra og kennara.

e. (62. gr.) Skilyrði fyrir skólavist eru þau, að nemendur séu fullra 16 ára, hafi óflekkað mannorð, séu ekki haldnir smitandi sjúkdómi og séu í verkalýðsfélagi.

f. (63. gr.) Fræðslumálastjórnin setur, að fengnum tillögum skólanefndar, reglugerð um starf skólans, og skal þar nánar ákveðið um kennslutilhögun, námsgreinar, kennslutæki, heimilishætti og annað það, sem þurfa þykir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hugmyndin um sérskóla fyrir verkalýðshreyfinguna mun vafalaust koma einhverjum ókunnuglega fyrir í fyrstu. Ef til vill kann sumum að finnast slíkt vera blátt áfram fjarstæðukennd hugmynd. En ef svo fer, þá er því aðeins um að kenna, að við höfum í þessu efni dregizt langt aftur úr öðrum menningarþjóðum. Dönsk verkalýðshreyfing hefur t. d. alllengi átt aðgang að tveimur slíkum skólum, sem að sjálfsögðu eru kostaðir af ríkinu eins og aðrir skólar. Þetta eru lýðháskólarnir í Hróarskeldu og Esbjerg. Hliðstæðir skólar eru einnig til í Noregi og Svíþjóð. Eru þeir ávallt yfirfullir og þykja vera hinar gagnlegustu menningarstofnanir fyrir félagsfólk verkalýðssamtakanna og sérstaklega fyrir trúnaðarmenn þeirra og forustumenn.

Í þessum löndum eru löngu viðurkennt, að slíkt skólahald sé ekkert sérmál verkalýðsstéttarinnar út af fyrir sig, heldur sé slík fræðslustarfsemi eðlilegur og þýðingarmikill þáttur í skólakerfi þjóðarinnar.

Sumarið 1951 var Alþýðusambandi Íslands boðið að senda nefnd til Bandaríkjanna til þess að kynna sér skipan verkalýðsmála og atvinnumála í þessari voldugu ríkjasamsteypu. Formaður sendinefndarinnar var Finnur heitinn Jónsson alþingismaður.

Þegar heim kom, skrifaði Finnur skýrslu um það merkasta, sem fyrir þá félaga hafði borið í ferðinni. Duldist engum, sem skýrsluna las, að Finnur og félagar hans höfðu orðið einna hrifnastir af því, hversu veglegt rúm fræðslunni um verkalýðs-

mál og verkalýðshreyfingu var ætlað í ýmsum skólum Bandaríkjanna, jafnvel sjálfum háskólunum. — Segir svo um þetta í upphafi skýrslunnar:

„Einn af mörgum háskólum Cicagoborgar er Roosevelt College, ungur skóli, stofnaður 1945, sem hefur unnið sér viðurkenningu fyrir frjálslyndi og framsýni. Við skóla þennan er verkalýðsmáladeild, undir stjórn ungs prófessors, að nafni Mac Callister, og annaðist hann móttöku sendinefndarinnar í Chicago. Verkalýðsmálaskóla þennan sóttu veturinn 1950—51 um 1500 starfandi verkalýðsleiðtogar frá 50 félögum, og nú sótti sendinefnd Alþýðusambandsins fyrirlestra við þennan skóla og ræddi við prófessora þar um sögu, viðhorf og vandamál amerísku verkalýðshreyfingarinnar þær tvær vikur, sem dvalizt var í Chicago.“

Hvað ætli menn segðu hér, ef farið væri fram á stofnun prófessorsembættis eða sérstakrar deildar í verkalýðsmálum við Háskóla Íslands? — Hætt er við, að margur kynni að hrista höfuðið yfir slíku.

Skömmu eftir heimkomuna lagðist Finnur Jónsson í sjúkrahús, fársjúkur af því meini, er leiddi hann til bana nokkrum vikum síðar. En á sóttarsænginni var honum það ríkast í huga að vekja áhuga á stórauknu fræðslustarfi verkalýðshreyfingarinnar hér á landi. Skrifaði hann hverja hvatningargreinina á fætur annarri í banalegunni um fræðslu- og skólamál alþýðusamtakanna.

Í seinustu greininni fórust honum m. a. orð á þessa leið:

„Síðan ég skrifaði fyrri grein mína um nauðsyn á fræðslustarfsemi Alþýðusambandsins, hefur það tvennt skeð, að Alþingi hefur komið saman til fundar að nýju og Alþýðusamband Íslands hefur auglýst fræðslunámskeið nú í vetur. Þessari auglýsingu Alþýðusambandsins ber að fagna, þó að hins vegar sé ekki hægt að loka augunum fyrir því, að A. S. Í. skortir fé til slíkrar fræðslustarfsemi. Verður því eitt af hlutverkum þess Alþingis, sem nú situr, að veita fé til starfseminnar og það svo ríflega, að nægi til þess að leggja nauðsynlegan framtíðargrundvöll að fræðslustarfsemi Alþýðusambandsins.

A. S. Í. þarf að tryggja sér til kennslunnar hina beztu fáanlega starfskrafta um allt, er lýtur að stjórn og starfi verkalýðsfélaganna sjálfra, sögu þeirra, svo og samningagerðum og þess háttar. ...

Til annarra þátta þessarar fræðslustarfsemi, svo sem upplýsinga um félagsmálalöggjöfina, vinnulöggjöfina, mismun á lýðræði og einræði, fræðslu um löggjöf, sem lytur að öryggi á vinnustöðvum og eftirlit með skipum, réttindi og skyldur hvers þorgara í lýðræðisþjóðfélagi, svo og tilsögn um alþjóðastarfsemi verkalýðsfélaga og samstarf þeirra á lýðræðisgrundvelli, þarf að velja hina færustu fræðimenn, hvern á sínu sviði. Slík fræðsla ætti að fara fram í fyrirlestraformi, en að loknum hverjum fyrirlestri yrðu svo leyfðar fyrirspurnir og almennar umræður í því skyni að æfa nemendurna í að hugsa sjálfstætt og taka ákvarðanir, eftir að hafa skoðað allar hliðar málsins.“

Þetta voru skoðanir Finns heitins Jónssonar á nauðsyn og fyrirkomulagi fræðslustarfsemi á vegum verkalýðssamtakanna.

Nú mæla öll rök með því, að ríkið sjálft viðurkenni og kosti skóla verkalýðssamtakanna á sama hátt og bændaskólar, húsmæðraskólar og aðrir skólar fámennari vinnustétta (matsveinar, vélstjórar o. s. frv.) eru að meira eða minna leyti kostaðir af ríkisfé. Eða hvers ætti fjölmennasta stétt þjóðfélagsins að gjalda, ef það teldist goðgá að halda uppi myndarlegum skóla henni til fræðslu og menntunar?

Sú skoðun ryður sér æ meir til rúms í heiminum, að lýðræðið eigi allt sitt undir almennri þekkingu og menntun þegnanna, einkanlega staðgóðri þekkingu í þjóðfélagsmálum. Vitrustu menn hafa þegar gefið upp vonina um, að ofstæki og einræði verði nokkurn tíma útrýmt með þvingunarlöggjöf eða fangelsunum. Til þess sé aðeins ein leið fær: Bætt lífskjör, aukið öryggi og víðtæk þekking alþýðustéttanna á þjóðfélagsmálum.

Eins og skýrt kemur fram í a-, b- og c-liðum 1. gr. frumvarpsins, er skólanum ætlað að haga námsgreinavali og kennslutilhögun með svipuðum hætti og gefið hefur góða raun í sams konar skólum verkalýðssamtakanna á Norðurlöndum. Er allt við það miðað, að trúnaðarmenn verkalýðsfélaganna á vinnustöðvum og forustumenn félaganna eigi þess kost að afla sér þar praktískrar þekkingar á félagsstörfum. Þess vegna er áherzlan lögð á íslenzku, sögu, hagfræði, félagsfræði og hagnýtt tungumálanám.

Skiptir það þjóðfélagið miklu, að starfsmenn verkalýðssamtakanna séu sem allra bezt undir þann trúnað búnir, sem þeim er falinn í fjölmennustu og voldugustu félagssamtökum þjóðfélagsins. Þess vegna ber að leysa skólamál verkalýðssamtakanna með almennri lagasetningu.

Nd. 92. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. greinar laganna komi: 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ræktunarframkvæmdir og aðrar framkvæmdir, sem Ræktunarsjóður veitir lán til, hafa aukizt stöðugt undanfarin ár, og hefur Ræktunarsjóður þurft að afla sér dýrra lána til útlánastarfsemi sinnar. Af þessum sökum hefur Ræktunarsjóður orðið að standa straum af vaxandi greiðslum vegna vaxtamismunar.

Til þess að Ræktunarsjóður geti annað hlutverki sínu, er nauðsynlegt, að hann fái ríkisframlag í 20 ár frá gildistöku laganna í stað 10 ár, eins og nú er ákveðið í lögum nr. 66/1947.

Nd. 93. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 20 31. janúar 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Í stað „10 ár“ í síðari málsgrein 4. greinar laganna komi: 20 ár.

2. gr.

Í stað „10 ár“ í staflið 2 í 13. gr. laganna komi: 20 ár.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lögin um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum voru samþykkt á Alþingi árið 1947, þótti nægja að árlegt framlag úr ríkissjóði til landnámssjóðs og til byggingarsjóðs yrði ákveðið í næstu 10 ár. Nú er sýnilegt, að þetta framlag nægir ekki, þar sem nýbyggðirnar eru svo til í byrjun og byggingarsjóður hefur fengið og verður að fá til útlána á næstu árum dýr lán, og verður því að greiða á hverju ári stórar fjárfúlgur og vaxandi í vaxtamismun. Er því nauðsynlegt, að ríkisframlagið haldist óbreytt í 20 ár frá gildistöku laganna í stað 10, eins og nú er ákveðið í lögunum.

Ed. 94. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Á eftir 11. tölul. frv. komi 3 nýir tölul.:

1. Við C. 32 bætist: og þaðan, vestan Hörgár, að Flögu.
2. Fyrir „Barká“ í C. 33 komi: Sörlatungu.
3. Á eftir C. 33 komi nýr liður:
   Ólafsfjarðarvegur eystri: Frá Ólafsfjarðarkaupstað inn að brú á Fjarðará utan við Hól.

Ed. 95. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýir liðir:

a. Á eftir D. 20 kemur nýr liður:
   Hólavegur: Af Norðfjarðarvegi hjá Skálateigi að Fannardal.
b. Á eftir D. 24 kemur nýr liður:
   Geitdalsvegur: Af Skriðdalsvegi hjá Geitdalsárbrú um Flögu og Þorvaldsstaði að Geitdal.
c. Á eftir orðunum „hjá Þverhamri“ í D. 33 kemur: með álmu frá væntanlegri brú á Dalsá að Dölum.

Nd. 96. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Eysteini Jónssyni og Halldóri Ásgrímssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýr liður: Á eftir D. 16 kemur nýr liður:
Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Hamragerði, Hrjót, Ánastaði og Svínafell í Hjaltastaðaveg nærri Staðará.

Nd. 97. Frumvarp til laga [72. mál]

um olíueinkasölu.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason, Emil Jónsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Frá 1. júlí 1955 má enginn nema ríkisstjórnin flytja inn frá útlöndum nokkra tegund af steinolíu (petroleum) eða olíum eða feiti, sem unnar eru úr henni, svo sem benzíni, ljósaolíu, hráolíu (gas- og dieselolíu), brennsluolíu, smurningsolíum og smurningsfeiti, — né aðrar tegundir af olíum og feiti, sem unnar eru úr steinolíu.

2. gr.

Olíuvörur, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún olíusamlögum, kaupfélögum og öðrum verzlunarfélögum, kaupmönnum, félögum bifreiðaeigenda, fyrirtækjum, sem eru eign ríkis- og bæjarfélaga, og iðnaðarfyrirtækjum, en eigi öðrum.

3. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að leigja, kaupa eða láta byggja olíuflutningaskip til þess að annast olíuflutningana til landsins og sjá um dreifinguna innanlands með sem ódýrustum hætti.

4. gr.

Fé það, sem þarf til verzlunarrekstrar þess, er um ræðir í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni. Sama gildir um fé það, sem þarf til þess að reisa olíugeyma eða önnur mannvirki og byggingar, sem nauðsynlegar eru fyrir slíkan verzlunarrekstur.

Heimilt skal ríkisstjórninni að taka eignarnámi eða leigunámi hverja þá fasteign eða tæki, sem nú eru notuð hér á landi til verzlunarrekstrar með benzín, ljósaolíu, hráolíu og brennsluolíu.

5. gr.

Nafn verzlunarinnar skal vera: Olíueinkasala ríkisins.

6. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur olíueinkasölunnar, semur reglugerð um framkvæmd laga þessara, skipar forstöðumann einkasölunnar og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbréf.

7. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með olíubirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera í landinu 1. júlí 1955, og hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð. Eftir 1. apríl 1955 skal stjórninni vera heimilt að banna allan innflutning á olíum, nema leyfi hennar komi til.

8. gr.

Olíueinkasalan skal leggja frá 10—40 af hundraði á olíuvörur, eftir því sem henta þykir um hverja tegund. Álagningu þessa skal miða við verð vörunnar kominnar í geymi eða í hús hér á landi að meðtöldum geymslukostnaði og tolli.

9. gr.

Olíueinkasalan skal greiða hinn lögákveðna toll, þar sem vörurnar eru fyrst fluttar í land, á þann hátt og á þeim tíma, sem lög mæla fyrir. En heimilt skal þó ríkisstjórninni að ákveða í reglugerð, að reikningar tollstjóra á hverjum stað skuli greiðast beint í ríkissjóð.

10. gr.

Ágóði sá, sem verður af rekstri olíueinkasölunnar, eftir að hæfilegur hluti hans, fyrirtækinu til öryggis, hefur verið lagður í veltufjár- og varasjóði, fyrningar- og byggingarsjóði, skal geymast til næsta árs og notast það ár til lækkunar á verðlagi þeirra vara, er olíueinkasalan verzlar með, að svo miklu leyti sem eigi reynist unnt að verja ágóðanum til verðuppbótar á því sama ári, sem ágóðinn varð til. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil og ákveður árlega um framlög í sjóði.

11. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð olíuvaranna í smásölu.

12. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, allt frá 100 til 100000 kr., ef eigi liggur við þyngri refsing eftir öðrum lögum. Auk þess skulu allar olíuvörur, sem fluttar eru inn í heimildarleysi, gerðar upptækar og afhendast einkasölunni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

13. gr.

Með brot út af málum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Fyrir síðustu alþingiskosningar urðu heiftúðugar deilur milli stjórnarflokkanna út af olíufarmgjöldum, og varð af þeim deilum ljóst, að félög þau, sem annast olíuverzlunina, geta dregið til sín milljónafúlgur umfram það, sem hóflegt getur talizt, án þess að nokkur vissa sé þó fyrir því, að það komist upp.

Í þessu er ekkert öryggi. Einasta færa leiðin til að tryggja olíur með réttu verði er sú, að ríkið komi á fót einkasölu með olíur, enda er lagt til í þessu frumvarpi, að svo verði gert.

Á árunum 1943 og 1944 átti ríkisstjórnin með sérstökum ráðstöfunum allverulegan þátt í því að útvega hagkvæmara verð á olíur en verið hefði, ef olíufélögin hefðu ein mátt ráða. Í lok ársins 1944 var þessum afskiptum ríkisstjórnarinnar hætt með þeim afleiðingum, að verðið hækkaði mikið. Þessi ríkisafskipti af olíuverzluninni höfðu því reynzt heppileg.

Nú hefur ríkisstjórnin gert heildarinnkaup hjá Rússum á þeim olíum, sem við þurfum á þessu og næsta ári. Sjá allir, hversu hjákátlegt það er undir slíkum kringumstæðum, að ríkisstjórnin skuli þurfa að framselja samninga sína til olíufélaganna og valda með því verðhækkun, sem engin þörf er á.

Þessi heildarolíukaup ríkisins gera því einkasölu ríkisins á olíum að sjálfsögðum hlut, og eru þau ein aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta er flutt nú.

Þá mælir það líka með ríkiseinkasölu á olíum, að flutningar olíunnar verða miklu ódýrari, ef hún er flutt í sem allra stærstum tankskipum, jafnvel 16000 tonna eða þar yfir.

Einnig ber á það að líta, að dreifing olíunnar verður miklum mun ódýrari með einkasölufyrirkomulaginu. Mundi allt sölukerfið í landinu í heild þá verða miklu einfaldara og ódýrara, eins og bezt sést á því, að á mörgum sölustöðum úti um land eru vegna samkeppnisfyrirkomulagsins hafðar tvær til þrjár benzíndælur, og sama furðusjónin blasir líka við víða um land að því er olíugeymana snertir.

Enn er á það lítandi, að einkasala ríkisins mundi algerlega draga olíuverzlunina úr höndum þeirra erlendu olíufélaga, sem enn þá hafa verulegan hluta hennar í sínum höndum. Er varla hægt að segja, að það samrýmist sjálfstæði Íslands, að erlend verzlunarfélög skuli annast jafnþýðingarmiklar greinar íslenzkrar verzlunar sem olíuverzlunin er. Það er því fyllilega kominn tími til, að bundinn verði endir á það ástand. Þennan þátt verzlunarinnar getum við vel annazt sjálfir

og eigum auðvitað að gera það, en engar líkur eru til, að svo verði, nema lagasetning komi til um olíueinkasölu ríkisins.

Olíunotkun þjóðarinnar hefur margfaldazt á undanförnum árum.

Árið 1940 var olíueyðslan rúm 23000 tonn.
— 1944 — — tæp 36000 —
— 1945 — — rétt 40000 —
— 1946 — — 52000 —

Síðastliðið ár var olíueyðslan komin yfir 200000 tonn, og fer hún enn óðfluga vaxandi.

Atvinnulíf þjóðarinnar skiptir það miklu máli, að olíuverði sé haldið eins lágu og mögulegt er. Hér ríður því á að komast hjá óþörfum milliliðum, útiloka óhóflega álagningu, tryggja það, að olían sé flutt til landsins í stórum tankskipum og að dreifingarkerfið innanlands sé eins einfalt og ódýrt og verða má. — En þetta allt verður bezt tryggt með ríkiseinkasölu á olíu.

Nánar verður gerð grein fyrir þessu þýðingarmikla máli í framsögu.

Sþ. 98. Tillaga til þingsályktunar [73. mál]

um löggæzlu á samkomum.

Flm.: Karl Kristjánsson, Vilhjálmur Hjálmarsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að taka til rækilegrar athugunar, hvað hægt er og nauðsynlegt að gera af hálfu hins opinbera til þess að halda uppi traustri reglu á mannamótum og samkomum í byggðarlögum, þar sem nú er annaðhvort ekki starfandi lögreglulið eða ófullnægjandi.

Greinargerð.

Á ýmsum stöðum í landinu, þar sem fjölmenni safnast til dvalar tíma úr ári til þess að stunda atvinnu eða veiðifloti kemur til hafnar og liggur inni sólarhringum saman, eins og oft vill verða á vertíðum — ekki sízt síldarvertíðum — eru heimamenn að vonum vanmegnugir að halda uppi aga og reglu. Skapast þar stundum ástand eins og staðirnir væru í hers höndum. Mannamót og samkomur, sem þá er stofnað til og fjölmennið kallar eftir, verða oft og tíðum agalitlar og valda jafnvel slysum.

Ríkisvaldið verður á slíkum stöðum að leggja sérstakt lið. Þetta hefur ríkisvaldið líka gert a. m. k. víða, en þó þykir á skorta, að fullnægjandi sé. Tímarnir breytast ört og aldarandinn. Þessi málefni þarfnast áreiðanlega nýrrar athugunar.

Í sveitum landsins yfirleitt veldur það meiri og meiri vandræðum, að almennar skemmtisamkomur eru truflaðar af ölvuðum mönnum, sem gera óspektir og hlíta ekki mannasiðum. Venjulega eru þetta aðkomumenn úr þéttbýlinu, berserkir, sem finnst þeir vera í víking, svo að ekki sé verr um þá talað en efni standa til. Sveitir í námunda við kaupstaði og fjölmenn kauptún verða vitanlega mest fyrir slíkum heimsóknum, og hafa ekki — eins og sakir standa — ráð á viðbúnaði til varnar og móttöku sem skyldi.

Fjölmennustu kaupstaðirnir hafa lögreglu, sem kalla má til, og hús til geymslu; — geta þar af leiðandi látið fjarlægja slíka menn eða halda þeim í skefjum.

Nú orðið eiga jafnvel afskekktar sveitir við þennan ófögnuð að etja. Flestar sveitir hafa í þessum efnum nóg með sig — og getur út af borið — þó að ekki bætist innrásir við. Samgöngutæki nútímans gera það að verkum, að menn kom-

ast nú á tveim klukkustundum þann áfanga, sem áður var dagleið eða meira. Og venjulega setja sízt fyrir sig vegalengdir á samkomur þeir menn, sem neyta áfengis óhóflega og eira engu.

Þetta er þess vegna vandamál alls dreifbýlisins, — hraðvaxandi þjóðfélagsvandi, sem ekki dugir annað en horfast í augu við og leita án tafar ráða gegn.

Nd. 99. Frumvarp til laga [74. mál]

um breyting á lögum nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Heimilt skal dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir.

Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni atvinnumálaráðherra, en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

Frumvarp þetta er borið fram eftir beiðni stjórnar dvalarheimilis aldraðra sjómanna, og hefur stjórn dvalarheimilisins gert svofellda grein fyrir frumvarpinu:

„Á síðasta Alþingi voru samþykkt lög um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, þar sem dvalarheimilinu var heimilað að efna til happdrættis um bifreiðar, báta og búnaðarvélar. Öllum ágóða af happdrætti þessu skal varið til byggingar dvalarheimilisins í Laugarási við Reykjavík.

Undirtektir þjóðarinnar við málefni dvalarheimilis aldraðra sjómanna hafa orðið eindæma góðar. Bæði hafa stórgjafir frá einstaklingum borizt stofnuninni og þátttaka í happdrættinu hefur orðið meiri en nokkur þorði að gera sér vonir um í upphafi, þannig að eftirspurn eftir hlutamiðum hefur orðið meiri en svo, að allir fengju miða, sem vildu, og hefur orðið að synja mörgum um miða við hvern drátt. Til þess að koma til móts við óskir hins stóra hóps viðskiptavina happdrættisins er farið fram á, að val um vinninga verði aukið frá því, sem er í núgildandi lögum, þannig að vinningar í happdrættinu í framtíðinni verði ekki eingöngu bundnir við bifreiðar, báta og búnaðarvélar, heldur verði einnig hægt að bjóða upp á bifhjól, íbúðarhús og einstakar íbúðir, eftir því sem aðstæður leyfa og talið verður hagkvæmt hverju sinni. Stjórn happdrættis dvalarheimilis aldraðra sjómanna telur fullvíst, að þessi rýmkun um val vinninga í happdrættinu muni auka vinsældir þess meðal almennings og stuðla að því að flýta byggingu dvalarheimilisins í Laugarási.“

Nd. 100. Frumvarp til laga [75. mál]

um breyting á lögum nr. 67 17. júlí 1946, um iðnlánasjóð.

Flm.: Jónas Rafnar, Magnús Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Hlutverk iðnlánasjóðs er að styðja iðju og iðnað í landinu með hagkvæmum stofnlánum, og leggur ríkissjóður fram til hans árlega 600 000 kr.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn iðnlánasjóðs, en felur Iðnaðarbanka Íslands h/f stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Er iðnlánasjóður sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu. Lán úr sjóðnum skal veita eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna og eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Lánin veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og til að koma upp nauðsynlegum húsum fyrir rekstur sinn.

4. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Lánin skulu tryggð með veði í hinum keyptu munum eða fasteignum eða á annan hátt, sem sjóðsstjórnin telur jafntryggan.

5. gr.

Fyrir orðið „atvinnumálaráðherra“ í 9. gr. laganna komi: iðnaðarmálaráðherra.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður.

7. gr.

Í stað síðari málsl. 13. gr. laganna komi:

Sjóðsstjórnin skal hafa eftirlit með því, að fasteign, sem sett er að veði fyrir láni úr sjóðnum, sé jafnan vel við haldið. Ef veði er ekki haldið vel við, svo að hætta getur verið á, að það verði ekki næg trygging fyrir láni úr sjóðnum, getur sjóðsstjórnin sagt því upp fyrirvaralaust.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til iðnlánasjóðs hækki um 300 000 kr. frá því, sem nú er ákveðið í lögum frá 1946. Einnig er lagt til, að lögunum um iðnlánasjóð verði þannig breytt, að sjóðurinn veiti framvegis eingöngu stofnlán til nýrra og eldri iðju- og iðnaðarfyrirtækja í landinu, þ. e. a. s. til kaupa á vélum, stærri áhöldum og til þess að koma upp nauðsynlegum húsakosti. Þá er tekin upp í frumvarpið sú tilhögun varðandi stjórn og starfrækslu sjóðsins, sem ákveðin er í IV. kafla laga nr. 113 frá 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðn-

aðarbanka Íslands h/f. Í frv. eru og felld niður ákvæði 12. gr. laganna um iðnlánasjóð, en eftir þeim mun ekki hafa verið farið við lánveitingar úr sjóðnum.

Frá því er iðnlánasjóður tók fyrst til starfa samkvæmt lögum frá 1935, hefur sjóðurinn verið svo til eina lánsstofnunin í landinu, sem veitt hefur iðju og iðnaði samningsbundin lán til lengri tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. Hefur starfsemi sjóðsins því komið mörgum að góðum notum, svo langt sem hún hefur náð. Frá byrjun hefur starfsfé sjóðsins verið allt of lítið, enda þarfir iðnaðarins fyrir aukið lánsfé vaxið með ári hverju.

Þróun iðnaðarins hefur verið sérstaklega ör undanfarin ár, og er iðnaðurinn nú mikilsverður þáttur í atvinnulífi landsmanna, þriðji höfuðatvinnuvegurinn við hlið landbúnaðar og sjávarútvegs, en að því er nú unnið að efla lánastarfsemi þeirra atvinnuvega og tryggja þeim stofnlán til lengri tíma. Með því að auka fjárráð iðnlánasjóðs eru iðju og iðnaði veittir meiri möguleikar til nauðsynlegrar fjárfestingar.

Flutningsmenn telja, að framvegis eigi að binda starfsemi iðnlánasjóðs við fjárfestingarlán (stofnlán), þar sem það eigi fyrst og fremst að vera í verkahring Iðnaðarbankans og annarra bankastofnana að veita iðnaðinum nauðsynleg rekstrarlán.

Sþ. 101. Tillaga til þingsályktunar [76. mál]

um frjálsan innflutning bifreiða.

Flm.: Jóhann Hafstein, Jónas Rafnar, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita frjálsan innflutning bifreiða.

Greinargerð.

Innflutningur bifreiða hefur um langan aldur valdið miklum viðsjám og alvarlegum deilum hér á landi, eins og kunnugt er. Fyrirkomulag þessara mála hefur verið með þeim hætti, að óhætt mun að fullyrða, að á fáum öðrum sviðum þjóðfélagsmála hafi þróazt meira misrétti og óheilbrigðari viðskiptahættir. Bifreiðainnflutningurinn hefur stöðugt verið háður leyfisveitingum ýmiss konar nefnda og ráða. En á þessa grein hins ófrjálsa innflutnings hafa hlaðizt öll verstu einkenni haftakerfisins, og er þá mikið sagt.

Þetta er þeim mun hvimleiðara sem alviðurkennd er hin brýna nauðsyn landsmanna á miklum og hagkvæmum bifreiðainnflutningi, beinlínis vegna atvinnuvega landsmanna og hins, að bifreiðar eru eina samgöngutæki síðari tíma á landi hérlendis.

Algert handahóf hefur ríkt um innflutningsmagn bifreiða frá ári til árs og engum samræmdum reglum verið fylgt um eðlilegt viðhald. Umsóknir um innflutningsleyfi fyrir bifreiðum hafa hvorki verið í eðlilegu samræmi við þarfir manna til að nota bifreiðar né getu til að kaupa þær, en að verulegu leyti stjórnazt af ákafa manna í að braska með innflutningsleyfin eða bifreiðarnar á svörtum markaði vegna hins mikla ágóða, sem þau viðskipti hafa haft í för með sér. Settar hafa verið nýjar og nýjar reglur, en hinir óheilbrigðu verzlunarhættir hafa ekki horfið. Skipafélögin hafa fengið ströng fyrirmæli um flutning bifreiða til landsins, en þau hafa runnið út í sandinn og skapað aukið misrétti. Úthlutun innflutnings- og gjaldeyrisleyfa fyrir bifreiðum til sárafárra af fjölmörgum umsækjendum hefur í mörgum tilfellum samsvarað úthlutun stórra peningaupphæða til tiltekinna manna.

Með stjórnarsamstarfi því, sem hófst milli Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins árið 1950, hefur verið hröðum skrefum stefnt að því að gera innflutningsverzlunina frjálsa og afnema haftakerfið í landinu. Miklum árangri hefur

verið náð á þessu sviði. Hins vegar situr enn við sama keip varðandi innflutning bifreiða.

Á síðastliðnu sumri varð, eins og kunnugt er, mikill ágreiningur um það innan ríkisstjórnarinnar, hvort kleift væri að gefa innflutning bifreiða frjálsan. Í ráði var að stórauka innflutning bifreiða, m. a. í sambandi við ráðstafanir til aðstoðar togaraútgerðinni. Eftir að samkomulag hafði náðst milli stjórnarflokkanna um hið aukna innflutningsmagn, töldu sjálfstæðismenn, að tímabært væri að gefa innflutninginn frjálsan — en um það varð ekki samkomulag. Verður því hinum aukna bifreiðainnflutningi að þessu sinni úthlutað eftir hinum gömlu leiðum haftakerfisins.

Hins vegar er hér um svo mikla aukningu á bifreiðaeign landsmanna að ræða, að með henni hefur verið stigið stærsta sporið að því marki að „metta" bifreiðamarkaðinn innanlands, og er þá lokasporið enn nær en áður, að geta gefið innflutninginn frjálsan.

Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga flutt nú, í fullu trausti þess, að Alþingi veiti henni brautargengi og hún komi þá til framkvæmda á næsta ári.

Nánar í framsögu.

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu.

Flm.: Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að athuga, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina á ýmsum verzlunarstöðum tollgæzlu og almenna löggæzlu.

Greinargerð.

Sums staðar á verzlunarstöðum, þar sem ríkið kostar tollgæzlumenn lengri eða skemmri tíma úr ári, hafa þeir ekki viðfangsefni, svo að teljandi sé, nema annað veifið eða þegar skipkomur eru. Tolleftirlitið getur verið nauðsynlegt, en með þessu fyrirkomulagi er ekki fullnotaður vinnukraftur, sem ríkið kaupir. Menn þessir gætu jafnframt tollgæzlunni unnið að almennri löggæzlu, ef þeim væri ætlað það þar, sem slíka þjónustu vantar, en það mun víða vera á þessum stöðum.

Þá kunna einnig að finnast dæmi þess — eins og nú standa sakir — að löggæzlumenn einhverra staða gætu bætt á sig tollgæzlunni.

Þetta þarf að athuga, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Full samvinna þarf að verða — þar sem hún á við — um framkvæmd þessara mála milli þeirra ráðuneyta, sem hin almenna löggæzla og tollgæzlan heyra undir.

Nd. 103. Frumvarp til laga [78. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum, sbr. 4. gr.

2. gr.

Tekjur Fiskveiðasjóðs eru:

1. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 81 5. júní 1947.
2. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjávarútvegsmálaráðherra.

Er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni allt að 50 millj. kr.

4. gr.

Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánum.
b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla.

5. gr.

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn fyrsta veðrétti. Mega lán nema allt að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅗ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega þó lán nema allt að ¾ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs. Hámark lána er kr. 1 250 000.00 — ein milljón tvö hundruð og fimmtíu þúsund — til fiskiskipa og kr. 600 000.00 — sex hundruð þúsund — til fasteigna. Lengsti lánstími er 20 ár.

6. gr.

Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum 6% á ári og greiðast fyrirfram. Gjalddagi lána er 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir skulu vera ¾% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

7. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðsins megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingargerðir. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

9. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

10. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóðurinn heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, eða láta leggja það Fiskveiðasjóðnum út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóðurinn þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Fiskveiðasjóðurinn ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóðurinn getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

12. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóðnum, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

13. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

14. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og rekstur.

Skipun forstjóra sjóðsins er háð samþykki ráðherra.

15. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóðinn má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og rekstur, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 2. apríl 1943, lög nr. 107 30. desember 1943, lög nr. 39 29. apríl 1946 og lög nr. 120 20. desember 1951.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þann 12. apríl 1954 voru samþykktar á Alþingi tvær þingsályktunartillögur um endurskoðun laga nr. 34 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands. Út af þessu skipaði atvinnumálaráðherra þá Gunnlaug E. Briem skrifstofustjóra, Sigtrygg Klemenzson skrifstofustjóra, Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Elías Halldórsson forstjóra, til þess að annast þessa endurskoðun.

Nefndin hefur samið framangreint frumvarp ásamt eftirfarandi greinargerð:

„Á fyrstu árunum eftir styrjöldina mátti heita, að fiskiskipafloti landsmanna væri byggður upp að nýju. Var hér um að ræða mikið átak miðað við fjárhagslega getu þjóðarinnar. Gerðar voru sérstakar ráðstafanir af hálfu þess opinbera til þess að auðvelda útgerðinni þessa endurnýjun fiskiflotans, með setningu laganna um stofnlánadeild sjávarútvegsins. En svo sem kunnugt er byggðust lánveitingar deildarinnar á þeim 100 millj. kr., sem til hennar voru lagðar af Landsbanka Íslands, en áttu síðan að renna til bankans aftur. Var því eigi hér um framtíðarlausn að ræða.

Fiskveiðasjóður Íslands er að þessu frátöldu eina lánsstofnunin, sem stofnlán hefur veitt til sjávarútvegsins.

Það var hins vegar ljóst, að ef halda átti við á eðlilegan hátt þeim fiskiskipastóli, sem byggður var að lokinni styrjöldinni, þá var geta Fiskveiðasjóðs, með þeim tekjum, sem honum eru ætlaðar, ekki næg til að sinna þeim verkefnum. Einnig hlaut að koma að því, að ekki mundi nægja að ætla sér einungis að halda við þeim flota, sem byggður hafði verið, heldur varð að gera ráð fyrir eðlilegri aukningu, þegar frá liði.

En fiskiflotinn er aðeins annar liðurinn í uppbyggingu sjávarútvegsins. Hinn liðurinn, sem í rauninni er ekki þýðingarminni, er hagnýting þess afla, sem á land kemur.

Þrátt fyrir það að mikið hefur verið byggt af fiskvinnslustöðvum síðastliðin 10—15 ár má þó segja, að stofnlánaveitingar hafi miðazt meira við aukningu fiskiskipaflotans. Það veldur því aftur á móti, að þörfin fyrir stofnlán til fiskvinnslustöðvanna er nú enn brýnni en ella. Til skamms tíma var verulegur hluti afla togaranna fluttur úr landi óunninn, en á því hefur nú orðið mikil breyting m. a. vegna löndunarbannsins í Bretlandi. En jafnvel þótt banninu yrði aflétt, má gera ráð fyrir, að áframhald verði á því, að verulegur hluti togaraaflans verði unninn í landinu. Auk þess hefur hin nýja friðun fiskimiðanna leitt til verulega aukins afla, og er þess að vænta, að sú aflaaukning haldist í framtíðinni og verði jafnvel enn meiri en nú er komið á daginn.

Efling fiskiðnaðarins á styrjaldarárunum og fyrst eftir styrjöldina var oft gerð af vanefnum og takmarkaðri reynslu, sem hefur leitt til þess, að nokkur hluti vinnslustöðvanna stenzt nú ekki þær kröfur, sem gera verður til slíkra stöðva, um afköst, tækni og allan útbúnað. Mikil þörf er því á endurbótum á þessu sviði. En auk þess verður ekki komizt hjá því að byggja allmikið af nýjum fiskvinnslustöðvum svo sem frystihús, hús fyrir saltfiskverkun og skreiðarverkun, ef mögulegt á að vera að vinna þann afla, sem líklegt er að berist á land.

Loks er eitt atriði, sem ekki verður komizt hjá að sinna meira en unnt hefur verið hingað til, en það er bygging verbúða fyrir bátaflotann. Er víða mjög áfátt í þessu efni og ekki viðunandi til frambúðar.

Öll þau verkefni, sem hér hafa verið nefnd, bygging fiskiskipanna, endurbætur og aukning fiskvinnslustöðvanna og bygging verbúða, krefjast mikils fjármagns, sem ekki er fyrir hendi eins og er.

Eins og áður var sagt, er Fiskveiðasjóðurinn nú eina lánsstofnunin, sem veitir stofnlán til þessara framkvæmda. Geta sjóðsins hefur þó undanfarin ár ekki hrokkið til að sinna þeirri eftirspurn, sem verið hefur eftir stofnlánum til fyrirtækja sjávarútvegsins, og um síðustu áramót var svo komið, að lánbeiðnir hjá sjóðnum voru 50% meiri en handbært fé sjóðsins nam á þeim tíma.

Þó er fyllilega vitað, að lánaþörfin var mun meiri, þar sem menn leituðu ekki til Fiskveiðasjóðs vegna vitneskju um, að ekki var unnt að sinna lánabeiðnunum. Átti þetta sérstaklega við um fiskvinnslustöðvarnar, en auk þess gerðu lög sjóðsins ekki ráð fyrir, að lán yrðu veitt til verbúðabygginga. Þá er og fyrirsjáanlegt, að þær tekjur, sem sjóðnum eru nú ætlaðar, munu ekki nema meiru en því, sem ætla má að þurfi til nauðsynlegra lána vegna endurbóta og viðhalds bátaflotanum.

Í lok september þ. á. var þannig ástatt, að öllu handbæru fé sjóðsins var lofað fyrir fram til útlána, þar af um 8½ millj. kr. vegna fiskiskipa í smíðum. Á biðlista voru þá beiðnir um lán til bygginga fiskiskipa:

Innlend smíði	12 skip
Erlend smíði	26 —

og má áætla lánsfjárþörf þeirra, miðað við útlánareglur þessa frumvarps 25 til 27 millj. króna.

Auk þessa er vitað, að á döfinni voru í lok ágústmánaðar beiðnir um aðstoð til bygginga um 35 skipa, og er líklegt, að lánsfjárþörf þeirra yrði sem næst 25 milljónum króna.

Þá er ótalin þörfin fyrir lánsfé til bygginga vinnslustöðva og verbúða.

Nefndin hefur rætt all ýtarlega við bankastjóra Framkvæmdabanka Íslands um þessi mál. Eftir að málið hafði verið athugað, var nefndinni tjáð, að Framkvæmdabankinn mundi í framtíðinni veita lán til bygginga og endurbóta frystihúsa og annarra fiskverkunarstöðva, eftir því sem hann hefur fjármagn handbært og samrýmanlegt er öðrum verkefnum hans.

Með skírskotun til þessa hefur nefndin talið, að framvegis gæti raunin orðið sú, að Framkvæmdabankinn lánaði einkum í meiri háttar fiskiðjuver og fiskvinnslustöðvar, en Fiskveiðasjóður sinnti lánum til verbúða og annarra minni fasteigna í þágu bátaútvegsins. Eru áætlanir þær, er hér fara á eftir, reistar á því að framkvæmdin verði með þessum hætti.

En þrátt fyrir það, þó þessi verði raunin, raskar það eigi því, að Fiskveiðasjóðurinn hefur ríka þörf fyrir aukið fjármagn svo sem eftirfarandi áætlanir frá forstjóra sjóðsins sýna.

Fiskifélag Íslands hefur áætlað að til þess að viðhalda vélskipaflotanum sæmilega, þyrfti árleg nýsmíði að vera um 1000 rúmlestir.

Hér að framan er greint frá, að sótt sé um nýsmíði á 73 skipum. Ekki er vitað um fyrirhugaða stærð allra þessara skipa, en þó má áætla meðalstærð 55—60 rúmlestir. Samtals yrðu þessi skip um 4000 til 4400 rúmlestir.

Enda þótt þessar óskir, sem verður að viðurkenna að gefa ekki rétta mynd af raunveruleikanum, séu látnar liggja á milli hluta, og aðeins haldið sér að fyrri áætlunum um, að nýsmíðin verði 1000 rúmlestir árlega, þá krefst sú nýsmíði 15.5 millj. kr. lánsfjár á ári.

Þegar þessi áætlun Fiskifélagsins var gerð, var ekki reiknað með þeirri aukningu smábátaflotans, sem síðar hefur komið í ljós, að þörf er fyrir. Þykir ekki mega áætla lánsfjárþörfina í þessu skyni undir 1½ milljón kr. á ári.

Þá eru lán til endurnýjunar aflvéla í fiskiskipaflotanum stór liður í lánastarfsemi Fiskveiðasjóðs. Samkvæmt reynslu síðustu ára mun ekki veita af a. m. k. 7 millj. kr. árlega til slíkra lánveitinga.

Ekki er unnt að gera sér fulla grein fyrir lánaþörf til bygginga verbúða og smærri fiskvinnsluhúsa, en óvarlegt þykir að áætla í þessu skyni minna en 4 millj. króna á ári.

Tekjur Fiskiveiðasjóðs og umráðafé er:

Vextir, afborganir og hluti sjóðsins af útflutningsgjaldi.

Ef miðað er við, að Fiskveiðasjóður annist lánveitingar

1. til nýbyggingar vélskipaflotans um 1000 rúmlestir á ári og að auki til smábátanna,
2. til endurnýjunar aflvéla í bátaflotann eftir því, sem með þarf og
3. til verbúða og smærri vinnslustöðva um 4 millj. króna á ári.

Þá má hugsa sér eftirfarandi áætlun um starfsemi sjóðsins:

Útlánin eru 30. sept. 1954 um		kr. 55 000 000.00
Verða sennilega í ársbyrjun 1955		— 60 000.000.00
Þá verða óafgreidd lánsloforð um		— 10 000.000.00
og ef auk þess yrði lánað 1955:		
1. Til endurnýjunar bátaflotans	kr. 17 000 000.00	
2. — vélakaupa	— 7 000 000.00	
3. — verbúða og fiskhúsa	— 4 000 000.00	
		— 28 000 000.00
		Kr. 98 000 000.00
÷ afborganir, 1/20 af 60 millj.		— 3 000.000.00
Útlán 31. des. 1955		Kr. 95 000 000.00

Áætlun um útlán.

Ár	Útlán áætluð í ársbyrjun	Áætlaðar afborganir ca. 1/20	Áætlaðar lánveitingar á árinu	Útlán alls, áætluð í árslok
1955 ..	60 000 000.00	3 000 000.00	38 000 000.00	95 000 000.00
1956 ..	95 000 000.00	5 000 000.00	28 000 000.00	118 000 000.00
1957 ..	118 000 000.00	6 000.000.00	28 000 000.00	140 000 000.00
1958 ..	140 000 000.00	7 000 000.00	28 000 000.00	161 000 000.00
1959 ..	161 000 000.00	8 000 000.00	28 000 000.00	181 000 000.00

Áætlaðar tekjur.

Ár	Vextir*)	Afborganir	Útflutningsgj.	Alls
1955 ..	2 400 000.00	3 000 000.00	7 000 000.00	12 400 000.00
1956 ..	3 800 000.00	5 000 000.00	7 000 000.00	15 800 000.00
1957 ..	4 700 000.00	6 000 000.00	7 000 000.00	17 700 000.00
1958 ..	5 600 000.00	7 000 000.00	7 000 000.00	19 600 000.00
1959 ..	6 400 000.00	8 000 000.00	7 000 000.00	21 400 000.00

Áætlun.

Ár	Ný lán á árinu millj. kr.	Innheimtar afborganir millj. kr.	Fjárþörf til útlána millj. kr.	Vextir og útfl.gj. millj. kr.	Greiðsluhalli millj. kr.
1955	28	3	25	9.4	15.6
1956	28	5	23	10.8	12.2
1957	28	6	22	11.7	10.3
1958	28	7	21	12.6	8.4
1959	28	8	20	13.4	6.6
					53.1

Í framhaldi af framanritaðri greinargerð nefndarinnar vill atvinnumálaráðherra vekja athygli Alþingis á þeirri hugmynd að sameina Stofnlánadeild sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóð. Atvinnumálaráðherra hefur þó ekki talið ástæðu til að ræða þetta mál við stjórn Landsbankans meðan ekki er útséð um, hvort lán þau, sem gert er ráð fyrir í 3. gr. frumvarpsins, reynast fáanleg, en slíkar viðræður eru að sjálfsögðu eðlilegur undanfari þess, að sú tillaga verði borin fram.

Enn fremur vill atvinnumálaráðherra benda á, að þar eð vitað er, að allverulegur tekjuafgangur verður á ríkisbúskapnum á þessu ári, mundi æskilegt, að nokkrum hluta þess fjár yrði varið til þess að bæta úr brýnni þörf Fiskveiðasjóðs fyrir aukið starfsfé og lagt sjóðnum sem óafturkræft framlag.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

---

*) Þ. e. 4% af útlánum í ársbyrjun.
Áætlað er, að vextir af bankainnstæðum nægi fyrir rekstrarkostnað sjóðsins.

Um 1. gr.

Hér er lagt til að felld verði niður upptalning 1. gr. núgildandi laga á þeim fyrirtækjum útvegsins, sem Fiskveiðasjóður má lána til, sbr. athugasemdir við 4. gr.

Um 2. gr.

Lög nr. 81/1947 kveða nú á um útflutningsgjald af sjávarafurðum og um skiptingu þess milli Fiskveiðasjóðs og annarra aðila.

Um 3. gr.

Í 3. gr. núgildandi laga er lántökuheimild Fiskveiðasjóðs og ríkissjóðs vegna sjóðsins bundin við 4 millj. kr.

Með skírskotun til þess, sem segir í formála þessara athugasemda um fjárþörf Fiskveiðasjóðs, virðist hentugast, að lántökuheimild Fiskveiðasjóðs verði ekki bundin við ákveðna upphæð. Hins vegar er ábyrgðarheimild ríkissjóðs bundin við 50 millj. kr. Miðað við eignir sjóðsins, tekjur hans og útlánastarfsemi, ætti áhætta ríkissjóðs að vera hverfandi af þessari ábyrgð.

Um 4. gr.

4. gr. núgildandi laga hefur að geyma upptalningu á þeim eignum, sem Fiskveiðasjóður má lána út á. Slík upptalning getur fljótlega orðið úrelt og er þegar orðin það.

Í 4. gr. frumvarpsins eru einungis nefnd fiskiskip og vinnslustöðvar fyrir sjávarafurðir, svo og önnur mannvirki, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla.

Ákvæði þetta er mjög rúmt og fellur þar undir meðal annars verbúðir, sem brýna nauðsyn ber til að reisa í flestum verstöðvum landsins. Þá skal á það bent, að þar sem fiskiskipin eru stærri nú en 1943, þegar lögin voru sett, þykir rétt að hækka hámarksstærð skipa, sem eiga að sitja fyrir lánum, úr 150 rúml. í 200 rúml.

Um 5. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er höfuðreglan sú, að veita má allt að 50% fyrsta veðréttarlán út á ný fiskiskip. Enn fremur má veita 25% viðbótarlán, meðan fé hrekkur til, úr hinni sérstöku deild, sem um ræðir í 8. gr. laganna. Hentugt þykir að sameina þessar lánaheimildir. Vitað er, að fiskiskip, sem byggð eru hér á landi, eru nokkru dýrari en skip byggð erlendis, en hins vegar er meiri trygging fyrir því, að innanlandsskipin séu traustlega byggð. Þykir því rétt að lán til skipa byggðra innanlands megi nema allt að ¾ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs eða nokkru hærri upphæð en til skipa smíðaðra erlendis. Auk þess mun þessi skipan styrkja innlenda skipasmíði, sem einnig er útvegsmönnum til hagsbóta.

Í frumvarpsgreininni er lagt til, að hámarkslán til skipa hækki vegna aukins byggingarkostnaðar úr 750 þús. kr. í kr. 1 250 000.00. Á sama hátt er gert ráð fyrir hækkun á lánum út á vinnslustöðvar og aðrar fasteignir útvegsins úr 500 þús. kr. í kr. 600 000.00, en þó ekki yfir 60% af kostnaðar- eða matsverði.

Um 6. gr.

Þegar ákvæði 8. gr. gildandi laga um vaxtalaus viðbótarlán til skipa voru sett, voru almennir vextir mun lægri en nú. Þar sem nú er svo komið, að sjóðurinn verður að fara að starfa með lánsfé gegn hærri vöxtum en hann tekur sjálfur, þá þykir rétt, að þessi lán verði framvegis öll veitt gegn venjulegum útlánsvöxtum sjóðsins af skipalánum. Auk fyrrgreindrar breytingar á vöxtum af lánum til skipa er ráðgert, að öll önnur lán sjóðsins, þ. e. út á fasteignir í landi, vinnslustöðvar, o. s. frv., beri eftirleiðis 6% vexti á ári.

Yfirleitt mun mega telja, að vinnslustöðvarnar eigi hægra með greiðslur en útgerðin, og mun ekki af veita fyrir sjóðinn, sbr. það, sem áður segir um lánsfé. Þrátt fyrir þessa hækkun yrðu vextir af slíkum lánum þó ekki hærri en nú eru í sparisjóðum af innlánsfé með 6 mánaða uppsagnarfresti.

Um 7. gr.

Hér er um nýtt ákvæði að ræða, sem virðist eðlilegt.

Um 8.—13. gr.

Þessar greinar eru nær samhljóða gildandi lagaákvæðum og þarfnast ekki skýringa.

Um 14. gr.

Frumvarpsgreinin er efnislega samhljóða 17. gr. laganna, og er þar tekið fram berum orðum, að skipun forstjóra sjóðsins skuli háð samþykki ráðherra, svo sem verið hefur í framkvæmd.

Um 15. gr.

Lagt er til, að 2. mgr. 19. gr. laganna verði felld burtu. Ekki virðist ástæða til, að ráðherra verði sent á miðju reikningsári yfirlit yfir hag sjóðsins, sem birt sé í B-deild Stjórnartíðindanna. Nægilegt er, að ársreikningurinn sé birtur í Stjórnartíðindum.

Sjávarútvegsmálaráðherra, sem hefur yfirumsjón Fiskveiðasjóðs, getur að sjálfsögðu hvenær sem er krafizt allra upplýsinga um hag sjóðsins.

Um 16.—18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 104. Nefndarálit [38 mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þessu var í byrjun þings vísað til sjávarútvegsnefndar, en það er lagt fram á Alþingi til staðfestingar á bráðabirgðalögum um þetta efni, sem ríkisstjórnin gaf út 18. sept. s. l.

Síldveiðar fyrir Norðurlandi brugðust enn á s. l. sumri. Augljóst var í vertíðarlokin, að vá væri fyrir dyrum, ef síldarútvegsmönnum yrði ekki veitt aðstoð til þess að kljúfa erfiðleika þá, er aflabresturinn olli þeim. En síldveiðideild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins var fjár vant til þess að leysa þennan vanda. Aftur á móti var hin almenna fiskideild sjóðsins betur á vegi stödd að þessu leyti, og var litið svo á, að hún gæti lánað þá fjárhæð, er með þyrfti, til þess að síldveiðideildinni væri kleift að inna þessa fjárgreiðslu af hendi. Var því til þess ráðs gripið, að síldveiðideild fengi að láni hjá fiskideildinni upphæð þá, er um getur í frv., og að ríkisstjórnin bæri fyrir hönd ríkissjóðs ábyrgð á láninu og að ríkissjóður greiddi vexti af því. Enn fremur var ákvörðun um það tekin, að togarar, sem gerðir voru út á síldveiðar á s. l. sumri, nytu sömu bóta og herpinótaskip. Eins og fyrr greinir, er frv. þetta flutt til þess að leita samþykktar Alþingis á þessum ráðstöfunum.

Sjávarútvegsnefnd hefur athugað mál þetta og telur, að hjá því hafi ekki orðið komizt að gera þessar ráðstafanir eins og ástatt var og leggur því til, að frv. verði samþykkt.

Formaður nefndarinnar, Sigurður Ágústsson, var fjarstaddur vegna veikinda.

Alþingi, 29. okt. 1954.

Gísli Guðmundsson, fundaskr.	Pétur Ottesen, frsm.	Lúðvík Jósefsson.
	Eiríkur Þorsteinsson.	

Nd. 105. Frumvarp til laga [79. mál]

um ráðstafanir til atvinnujöfnunar.

Flm.: Magnús Jónsson, Einar Ingimundarson, Kjartan J. Jóhannsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, sem nefnist atvinnujöfnunarsjóður. Er sjóðurinn eign ríkisins.

Ríkissjóður afhendir atvinnujöfnunarsjóði sem stofnfé skuldabréf fyrir lánum þeim, sem veitt hafa verið einstaklingum, félögum og sveitarfélögum af fé því, sem ríkissjóður hefur varið til atvinnuaukningar samkvæmt fjárlögum.

Ríkissjóður leggur sjóðnum til árlegt framlag, eftir því sem hverju sinni er veitt í fjárlögum, en þó ekki innan við 5 millj. kr., í fyrsta sinn árið 1955.

Ríkissjóður skal enn fremur á árunum 1955 og 1956 leggja fram 5 millj. kr. hvort árið til atvinnujöfnunarsjóðs. Skal þetta fé vera vaxtalaust lán til sjóðsins, en endurgreiðist á 10 árum.

2. gr.

Hlutverk atvinnujöfnunarsjóðs er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með því að veita lán til atvinnubóta og framleiðsluaukningar á þeim stöðum á landinu, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, en hafa þau framleiðsluskilyrði, að íbúarnir geti haft sæmilega afkomu í meðalárferði.

Nú verða sveitarfélög fyrir sérstökum áföllum vegna aflabrests eða af öðrum sökum, þannig að annaðhvort sé þörf tímabundinnar aðstoðar eða breyta þurfi um atvinnuhætti, og skulu þá þau byggðarlög sitja fyrir um lán úr sjóðnum.

Lán úr sjóðnum má veita bæði sveitarfélögum, einstaklingum og félögum. Lán til hinna síðarnefndu aðila verða þó ekki veitt, nema sveitarstjórn telji viðkomandi framkvæmdir vera til atvinnuaukningar í sveitarfélaginu. Heimilt er sjóðsstjórninni að krefjast ábyrgðar sveitarsjóðs, ef lántaki getur ekki sett viðunandi tryggingu fyrir láninu.

3. gr.

Vextir af lánum atvinnujöfnunarsjóðs skulu vera 4%, en lánstímann ákveður sjóðsstjórn, og má hann vera mismunandi eftir aðstæðum og greiðslugetu.

Heimilt er sjóðsstjórn að lengja lánstímann frá því, sem upphaflega er ákveðið. Einnig er heimilt að stytta lánstímann, ef afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarsjóðs leyfir það.

Stjórn sjóðsins ákveður, hvaða tryggingar séu viðunandi fyrir lánunum.

Heimilt er stjórn sjóðsins, við sérstakar aðstæður, að veita fé úr sjóðnum sem óafturkræft framlag, ef öll sjóðsstjórnin er sammála því.

4. gr.

Stjórn atvinnujöfnunarsjóðs skal skipuð 4 mönnum. Kýs Alþingi 2 menn til fjögurra ára, en atvinnumálaráðherra og félagsmálaráðherra skipa sinn manninn hvor til sama tíma. Stjórnin kýs sér sjálf formann.

Allur kostnaður við starfsemi sjóðsins greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Lán úr atvinnujöfnunarsjóði skulu að jafnaði veitt einu sinni á ári, nema einstök mál krefjist skjótrar úrlausnar á öðrum tíma árs.

Sjóðsstjórnin skal, áður en lán eru veitt, kynna sér rækilega atvinnuástand á viðkomandi stöðum og rannsaka, hvaða framkvæmdir séu líklegastar til þess að bæta mest afkomu íbúanna.

Skylt er ríkisstofnunum og embættismönnum að veita stjórn atvinnujöfnunarsjóðs sérfræðilega aðstoð og leiðbeiningar við athugun á atvinnuástandi og mat á gildi framkvæmda.

Stjórn sjóðsins er heimilt að semja við opinbera lánsstofnun um afgreiðslu lána og innheimtu.

6. gr.

Nú óska sveitarfélög, hlutafélög eða einstaklingar eftir að kaupa nýja togara og leitað er aðstoðar atvinnujöfnunarsjóðs til þessara framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, að semja um smíði togara erlendis eða innanlands og selja þá viðkomandi aðilum, enda telji ríkisstjórnin og stjórn sjóðsins kaup togara brýna nauðsyn til þess að tryggja atvinnu og lífvænlega afkomu íbúa viðkomandi byggðarlags. Séu einstaklingar eða hlutafélög einstaklinga kaupendur togara, skal sveitarfélaginu áskilinn forkaupsréttur að skipinu, ef það ætti ella að seljast úr byggðarlaginu.

Ríkisstjórninni er heimil nauðsynleg lántaka í þessu skyni erlendis eða innanlands. Greiðsluskilmálar til kaupenda skulu vera í samræmi við lánskjör stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en lánsupphæð og tryggingar ákveður ríkisstjórnin í samráði við stjórn atvinnujöfnunarsjóðs.

Eigi sveitarfélag eða tvö eða fleiri sveitarfélög sameiginlega eða útgerðarfélag kost á að kaupa togara erlendis eða innanlands, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 90% af kaupverði togara eða kaupa togarann og endurselja hann, enda telji stjórn atvinnujöfnunarsjóðs kaup skipsins brýna nauðsyn til atvinnutryggingar.

7. gr.

Nú eru í gildi hömlur á fjárfestingu eða innflutningi framleiðslutækja eða skortur á lánsfé til framkvæmda, og er þá ríkisstjórninni heimilt að mæla svo fyrir, að fengnum tillögum stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs, að vissir staðir, sem við sérstaka atvinnuörðugleika eiga að stríða, skuli sitja fyrir um þessa fyrirgreiðslu, varðandi tilteknar framkvæmdir, sem í senn séu þjóðhagslega skynsamlegar og til mikilvægrar atvinnutryggingar.

8. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi atvinnujöfnunarsjóðs skulu sett með reglugerð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinna í landinu er nú mjög mikil og skortur á vinnuafli á Suðvesturlandi í ýmsum atvinnugreinum og einnig víða í sveitum landsins. Hins vegar er það svo, að vegna aflabrests og af ýmsum öðrum ástæðum eru erfiðleikar með að halda uppi fullri atvinnu í ýmsum kaupstöðum og kauptúnum, einkum norðanlands og vestan. Síldveiði fyrir Norðurlandi hefur enn brugðizt algerlega, en afkoma fólks við sjávarsíðuna þar hefur jafnan verið mjög tengd síldveiðunum. Önnur fiskveiði hefur einnig verið mjög stopul, þótt sú von sé bundin við stækkun landhelginnar, að aflabrögð aukist verulega og verði jafnari, en ekki aðeins stuttan tíma árs, eins og verið hefur til þessa. Fyrir Vestfjörðum hefur landhelgin lítið stækkað, en ágengni togara á bátamið þar farið mjög vaxandi. Eru því erfiðleikar bátaútvegsins á þeim slóðum mjög miklir.

Því ber vissulega að fagna, hversu blómlegt atvinnulíf hefur verið að undanförnu á Suðvesturlandi, þar sem meiri hluti þjóðarinnar býr. En hinir miklu möguleikar til atvinnu- og tekjuöflunar á þessum hluta landsins geta þó haft alvarlegar afleiðingar fyrir jafnvægi í byggð landsins, ef fólk á við miklum mun lakari afkomu að búa annars staðar á landinu. Vitanlega getur atvinnuþróunin verið þess

eðlis, að ekki sé óeðlileg nokkur tilfærsla á fólki, en þó því aðeins, að sú atvinnuþróun sé eðlileg og varanleg. Geta of miklir flutningar fólks milli héraða haft hinar alvarlegustu afleiðingar, ekki sízt fyrir þau byggðarlög, sem fólkið flytur til, ef þar þrengir aftur að um atvinnu. Það er því engum efa bundið, að fyrir afkomu þjóðarheildarinnar er það farsælast, að reynt sé eftir föngum að jafna atvinnuna og vinna þannig gegn flutningi fólks af þeim stöðum á landinu, sem veitt geta fólki sómasamlega lífsafkomu, ef það fær nauðsynleg skilyrði til framleiðslu og lífsbjargar.

Með þessu frumvarpi er að því stefnt að marka með löggjöf ákveðna stefnu í þá átt, að íbúar hinna ýmsu kauptúna og kaupstaða víðs vegar um land geti aflað sér lífsframfæris heima fyrir, en þurfi ekki að flytjast til annarra staða á landinu til atvinnuleitar að staðaldri. Tímabundin atvinnuleit til annarra staða getur hins vegar verið eðlileg og nauðsynleg vegna atvinnuhátta í þjóðfélaginu, sbr. sumarsíldveiði fyrir Norðurlandi og vetrarvertíð á Suðurlandi. En þegar menn þurfa mestan hluta árs að leita sér atvinnu utan heimilissveitar, hlýtur að því að koma, að menn flytjist á brott þaðan. Flutningsmenn þessa frumvarps halda því ekki fram, að þeir hafi fundið neitt allsherjarbjargráð til lausnar á atvinnuörðugleikum, og margvíslegar ráðstafanir hafa þegar verið gerðar til þess að styrkja jafnvægi í byggð landsins og bæta úr atvinnuörðugleikum fólks í ýmsum kauptúnum og kaupstöðum. Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í raforkumálum er stórfellt átak í þá átt að veita sömu lífsþægindi því fólki, sem í strjálbýli býr, og í þéttbýlinu. Síðustu árin hefur árlega verið veitt fé á fjárlögum til atvinnuaukningar, og hefur það fé síðan orðið að miklu gagni.

Hins vegar hefur þessari aðstoð til atvinnutryggingar ekki verið komið í fast form, heldur aðeins verið ákveðin frá ári til árs með fjárveitingum í fjárlögum. Hefur því ekki komið sú festa og skipulag á þessa starfsemi, sem verða mundi, ef hún væri varanleg og mörkuð með löggjöf.

Árið 1952 báru tveir af flutningsmönnum þessa frv., ásamt fleiri þm. Sjálfstæðisflokksins, fram frv. um stofnun atvinnubótasjóðs ríkisins, er hafa skyldi svipað hlutverk og atvinnujöfnunarsjóði er nú ætlað. Það frv. náði ekki fram að ganga, en þeirri stefnu þó fylgt, sem mörkuð var í því frv.

Kjarni þessa frumvarps er að koma í fast form þeim ráðstöfunum, sem af hálfu ríkisvaldsins þykir rétt og nauðsynlegt að gera til tryggingar atvinnu í þeim byggðarlögum, sem við atvinnuörðugleika eiga að stríða, en hafa þó góð framleiðsluskilyrði. Gert er ráð fyrir að stofna sérstakan sjóð, atvinnujöfnunarsjóð, og leggi ríkissjóður til sjóðsins ákveðið árlegt framlag, sem eigi sé minna en 5 milljónir króna. Þörfin fyrir aðstoð getur verið mjög misjöfn frá ári til árs, og verður því að gera ráð fyrir, að þörf geti verið á mun hærra framlagi sum árin. Raunverulega þyrfti sjóðurinn nú þegar á miklum mun meira fjármagni að halda, en flutningsmenn hafa viljað vera raunsæir í tillögum sínum og ekki gera kröfur um fjárframlög, sem væru það mikil, að ekki yrði talið gerlegt að afgreiða málið þess vegna. Vegna hinnar góðu afkomu ríkissjóðs nú kemur þó til athugunar, hvort ekki mætti leggja til þess sjóðs sérstaka upphæð á þessu ári, en þar sem ekki er vitað um endanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 1954, telja flutningsmenn ekki á þessu stigi málsins rétt að gera tillögur um það efni. Hins vegar er lagt til, að á árunum 1955 og 1956 leggi ríkissjóður atvinnujöfnunarsjóði til 10 millj. kr. vaxtalaust lán, sem endurgreiðist síðan á 10 árum. Þá er loks gert ráð fyrir, að sjóðurinn fái sem stofnfé skuldabréf fyrir lánum þeim, sem þegar hafa verið veitt af atvinnaukningarfé. Munu þau lán sennilega nema 18 millj. kr. eða meira, að meðtöldu því fé, sem lánað hefur verið á árinu 1954.

Atvinnujöfnunarsjóði er ekki ætlað að koma í stað þeirra lánsstofnana, sem þegar eru starfandi, heldur séu lánveitingar atvinnujöfnunarsjóðs viðbótarlán eða lán til framkvæmda, sem aðrar lánsstofnanir veita ekki lán til, en nauðsynlegar eru taldar til tryggingar atvinnu. Starfsgrundvöllur atvinnujöfnunarsjóðs er einnig

mjög ólíkur venjulegri bankastarfsemi, því að lánin skulu fyrst og fremst veitt þeim, sem erfiðasta aðstöðu eiga og því oft og tíðum eiga erfitt með að setja fullgildar tryggingar fyrir láni. Skulu lánveitingar við það miðaðar, að þeir staðir sitji fyrir, sem við mesta örðugleika eiga að stríða, og ekki þykir verða hjá því komizt að veita stjórn sjóðsins rúmar hendur um lánskjör, að öðru leyti en því, að rétt þykir að ákveða fastan vaxtafót fyrir lánum. Einnig þykir rétt að veita stjórn sjóðsins heimild til að lengja eða stytta lánstímann eftir því, hvernig afkoma viðkomandi fyrirtækis eða sveitarfélags er.

Stjórn atvinnujöfnunarsjóðs er ekki aðeins ætlað það hlutverk að meta lánsþörf hvers sveitarfélags eða fyrirtækis, sem leitar aðstoðar sjóðsins, heldur á stjórn sjóðsins að reyna að mynda sér heildaryfirsýn um það, hvar skórinn kreppir mest að og jafnframt hvernig hagkvæmast verði úr vandanum leyst, svo að hið takmarkaða fé komi að sem mestum notum. Af þessum sökum er nauðsynlegt, að árlegar lánveitingar úr sjóðnum geti að mestu leyti farið fram samtímis.

Þótt vonir standi til, að bætt verði úr hinni brýnu fjárþörf til stofnlána í sjávarútvegi, þá er þó hætt við, að lángeta til framkvæmda á þessu sviði og jafnframt gjaldeyrisaðstaða til fjárfestingar verði takmörkunum háð. Því er ríkisstjórninni í frumvarpinu veitt heimild til þess að mæla svo fyrir, að tilteknar framkvæmdir skuli hafa forgangsrétt, ef stjórn atvinnujöfnunarsjóðs telur mikla nauðsyn á þeim til tryggingar atvinnu. Er hér haft í huga bæði bygging óhjákvæmilegra fiskiðjuvera til nýtingar afla þeirra skipa, sem til eru á viðkomandi stað, bátakaup til þeirra staða, sem mannafla hafa á bátana og aðstöðu til að nýta aflann, og ýmsar aðrar framkvæmdir koma einnig til greina.

Reynslan hefur sýnt, að togaraútgerð er sá þáttur útgerðar, sem veitir varanlegasta atvinnu, og er útgerð togara nú orðin styrkasta stoðin undir atvinnulífi ýmissa bæjarfélaga. Mikill rekstrarhalli er að vísu nú á togaraútgerðinni, en það breytir ekki þeirri staðreynd, að togararnir eru ein styrkasta stoðin undir efnahagslífi þjóðarinnar.

Ýmis byggðarlög, sem ekki hafa þegar eignazt togara, hafa óskað eftir fyrirgreiðslu ríkisvaldsins til þess, og atvinnuástandi í sumum kauptúnum og kaupstöðum er þannig háttað, að ekki virðist önnur leið líklegri til þess að tryggja þar viðunandi afkomu en einmitt útgerð togara. Með ákvæðum þessa frumvarps er ekki ætlunin að marka stefnu um aukningu og viðhald togaraflota landsmanna almennt, heldur er ákvæðum frumvarpsins um aðstoð til togarakaupa ætlað að vera innan þess ramma, sem tilgangur frumvarpsins setur. Af þeim sökum er ekki talað um ákveðinn fjölda togara, heldur gert ráð fyrir því, að ríkisstjórnin annaðhvort hlutist sjálf til um smíði togara eða ábyrgist tiltekinn hluta af andvirði togara, sem keyptir yrðu til staða, sem taldir yrðu hafa brýna þörf yrir slík framleiðslutæki til þess að tryggja íbúum sínum atvinnu og lífvænlega afkomu. Er því gert ráð fyrir, að það verði eftir mati ríkisstjórnarinnar og stjórnar atvinnujöfnunarsjóðs hvort nauðsynlegt sé að nota þær heimildir, sem felast í 6. gr. frumvarpsins.

Um einstök atriði málsins mun verða nánar rætt í framsögu.

Nd. 106. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, l. nr. 99 18. des. 1950 og l. nr. 87 15. des. 1952, um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Um stýrimannaskólann gilda þrenn lög, frá 1945, 1950, og 1952. Frv. gerir ráð fyrir breytingum á þeim öllum og að lögin frá 1945 verði síðan gefin út með

áorðnum breytingum, þ. á m. þeim, er í þessu frv. felast. Í 1.—3. gr. frv. er kveðið á um, að skólinn heyri undir samgöngumálaráðuneytið, svo sem verið hefur í framkvæmd, síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu var skipt og breytt ákvæðum um afskipti kennslumálaráðuneytisins skv. 9. gr. laga 1945. Með 4. gr. frv. er lagt til, að felld verði niður bráðabirgðaákvæði, sem nú eru úrelt. 6. gr. felur í sér minni háttar breytingu á skrá um námsefni. En aðalbreytingin er í 5. gr. Þar er lagt til, að kennaraembættum við skólann verði fjölgað um eitt, þannig, að fastir kennarar skólans verði fimm, fjórir í siglingafræði og einn í tungumálum.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. — Formaður nefndarinnar, Sigurður Ágústsson, var fjarstaddur sökum veikinda, er málið var afgreitt.

Alþingi, 30. okt. 1954.

Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen. Lúðvík Jósefsson.
Eiríkur Þorsteinsson.

Ed. 107. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 frá 28. des. 1934, um útvarpsrekstur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta, og er hún því samþykk, að heimilað verði, að innheimtumönnum ríkissjóðs verði falin innheimta afnotagjalda fyrir útvarp. Tillaga í þessa átt er í fyrstu komin frá fjárveitinganefnd, og taldi hún, að hægt mundi að spara fé með því. Treystir fjárhagsnefnd því, að heimild þessi verði því aðeins notuð, að með því sparist fé, og í því trausti mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 29. okt. 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 108. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Fyrri málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar, skal lögreglan flytja í þar til gert sjúkrahús eða sjúkrahúsdeild, ef fyrir hendi er, annars í venjulegt sjúkrahús, sem hefur tök á að veita viðtöku slíkum sjúklingum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi 3 nýjar málsgr., er orðist svo:

Nú leiðir rannsókn í ljós, að aðili er ekki haldinn drykkjusýki né að um yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, og skal hann þá látinn laus að lokinni rannsókn, en

jafnframt skal honum þó gert það ljóst, að ölvun, sem leiðir til handtöku, geti áður en varir leitt til drykkjusýki og haft þar að auki í för með sér margvíslegar hættur bæði fyrir þjóðfélagið og hann persónulega.

Ítrekuð handtaka aðila vegna ölvunar skoðast sem yfirvofandi drykkjusýki, og ber þá að fara með hann sem drykkjusjúkling samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Þeim, sem sleppt er úr sjúkrahúsi að lokinni rannsókn, sbr. 2. málsgr. þessarar greinar, skal gert að greiða allan kostnað við dvöl sína á sjúkrahúsinu, þar með talin rannsókn og flutningur.

3. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Koma skal upp svo fljótt sem verða má sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu og rekstur slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda greiðist úr gæzluvistarsjóði.

4. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú vilja félög, eitt eða fleiri saman, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum, reisa og reka á sinn kostnað gæzluvistarstöðvar og dvalarheimili fyrir drykkjusjúkt fólk, sem af frjálsum vilja leitar sér lækninga við sjúkdómi sínum, og er þá ráðherra heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði.

Heilbrigðismálaráðherra staðfestir reglugerðir stofnana þessara, og skulu gæzluvistarstöðvar og dvalarheimili, sem reist verða og rekin samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, háð yfirumsjón og eftirliti heilbirgðisstjórnarinnar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra voru til umræðu á Alþingi 1949, var allmikill ágreiningur um það, hvaða stefna skyldi tekin í þessu mikla vandamáli þjóðarinnar. Drykkjumannahæli, sem komið hafði verið upp með ærnum kostnaði, hafði þá verið lagt niður, svo að þeir óhamingjusömu menn, sem ofurseldir voru ofdrykkju, áttu sér engan samastað nema úti á víðavangi, hvernig sem viðraði, og svo lögreglukjallarann í Reykjavík, þegar allt um þraut og þeir höfðu enn á ný gerzt brotlegir við umferðarreglur eða önnur þau ákvæði, sem bönnuðu ölvun og drykkjulæti.

Þótt menn væru sammála um, að úr þessu ástandi yrði að bæta, greindi þá á um leiðir. Þeir, sem skjótastar og mestar umbætur vildu á þessum málum, gerðu kröfur um, að hætt yrði að skoða drykkjumenn sem lögbrjóta, heldur skyldi farið með þá á allan hátt sem sjúklinga. Sá háttur skyldi niður lagður, að flytja þá á lögreglustöð sem afbrotamenn, en hinn tekinn upp, að flytja þá í þar til gerð sjúkrahús til þess að láta þá fá þar umönnun og meðferð, sem þeim væri nauðsynleg til þess að komast aftur á réttan kjöl og yfirvinna sjúkdóminn. Þá var þess og krafizt, að sérstakur áfengislæknir yrði settur yfir þessi mál og allur kostnaður við byggingu og rekstur sjúkrahúsa og vistheimila fyrir drykkjusjúklinga yrði greiddur af þeim ágóða, sem áfengiseinkasalan gæfi ríkissjóði.

Þessi sjónarmið urðu ekki nema að nokkru leyti ráðandi við setningu laganna 1949. Með þeim lögum var ákveðið, að ríkissjóður skyldi styrkja bæjar- og sveitarsjóðina til þess að byggja og reka slík sjúkrahús á sama hátt og önnur sjúkrahús í landinu. Jafnframt var þeim ákvæðum haldið, að enn skyldi flytja ölvaða menn í fangaklefa og eins þótt um fyrsta brot væri að ræða.

Árangurinn af löggjöfinni var sá, að engar umbætur fengust á hinum eiginlega vanda. Að vísu safnaðist fé til að aðstoða þau bæjar- eða sveitarfélög, sem kynnu

að vilja koma upp sjúkrahúsunum, þar sem ákveðið var í lögunum, að ákveðinni upphæð af ágóða áfengiseinkasölunnar skyldi varið til þess að mæta þeim útgjöldum. Hins vegar fengust bæjar- og sveitarfélögin ekki til þess að taka á sig nokkur útgjöld í sambandi við þessi mál og töldu, að ríkissjóði bæri að bera alla þá byrði, svo lengi sem hann hefði óskertar tekjur af einkasölunni.

Það var því fyrst eftir að 8. gr. laganna var breytt þannig á þinginu 1953, að gæzluvistarsjóður skyldi einn kosta byggingu og rekstur gæzluvistarhæla fyrir drykkjusjúka menn, að nokkur skriður komst á framkvæmdir til umbóta í málinu. Snerta þessar umbætur þó aðeins þá menn, sem þurfa langa hælisvist vegna drykkjusýki. Önnur ákvæði laganna frá 1949 eru enn óbreytt, með þeim sorglega árangri, að engum sjúkradeildum hefur verið komið upp fyrir aðra drykkjusjúklinga, og því eru þeir enn fluttir í fangaklefana og brennimerktir þar sem afbrotamenn.

Nefndin, sem ráðherra skipaði á þessu ári til þess að undirbúa rekstur og byggingu vistheimilis fyrir langvarandi drykkjusjúklinga, ræddi ýtarlega þann kafla laganna, sem snertir þessi atriði, og lét í skýrslu sinni til ráðherra í té álit sitt á eftirfarandi hátt:

„Þótt það sé ekki í verkahring nefndarinar að gera tillögur um annað eða meira en það, sem snertir ákvæði 8. gr. laganna, sbr. þó lög frá 17. des. 1953, þykir henni þó rétt að benda á, að hún lítur svo á, að brýna nauðsyn beri til að koma upp þeim sjúkradeildum, sem 1.—5. gr. laganna frá 1949 gera ráð fyrir, þar sem ljóst er, að sú starfsemi, sem þar er gert ráð fyrir að tekin verði upp, er meginskilyrði fyrir því að fyrirbyggja langvarandi drykkjusýki og minnka á þann hátt eða jafnvel útiloka þörfina fyrir hæli handa sjúklingum, sem þyrftu að dvelja um langan tíma á slíkum stofnunum.“

Breytingar þær, sem lagt er til í 1.—3. gr. frv. að gerðar verði á lögunum, myndu gera kleift, ef samþykktar yrðu, að koma á þeim umbótum, sem nefnd sú, er að framan greinir, lagði ríka áherzlu á, að ekki yrði frestað. Hefur mál þetta verið rætt á ný við ráðherra, sem er því fylgjandi, að þessar breytingar nái fram að ganga. En þar sem honum höfðu jafnframt borizt tilmæli um, að lögunum yrði breytt þannig, að heimilt væri einnig að styrkja félög, sem koma vildu upp sams konar vistheimilum, sbr. 4. gr. frv., óskaði hann eftir því, að slík heimild yrði tekin upp í frv. Þótti sjálfsagt að verða við þeim tilmælum. Fylgdi þessu erindi til ráðherra svo hljóðandi greinargerð:

„Á Alþingi 1949 voru, svo sem kunnugt er, sett lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Þar er svo ákveðið, að af ríkisins hálfu skuli reist og rekin gæzluvistarhæli til þess að taka við þeim drykkjusjúklingum, sem þarfnast langvarandi vistar og umönnunar vegna sjúkdóms síns.

Þá er og ákveðið í nefndum lögum, að á árinu 1950—56 skuli Áfengisverzlun ríkisins leggja til hliðar nokkra fjárhæð af tekjum sínum, og leggst þetta fé í sjóð, er nefnist gæzluvistarsjóður.

Sjóðurinn á að hafa það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laganna frá 1949, eftir því sem heilbrigðisstjórnin ákveður.

Á Alþingi 1953 var lögum þessum nokkuð breytt, og með áfengislögunum, sem samþykkt voru á Alþingi 12. apríl 1954, var ákveðið (29. gr.) að hækka þá upphæð nokkuð, sem Áfengisverzlunin ætti að leggja í gæzluvistarsjóð, og greiðsluskylda Áfengisverzlunarinnar til sjóðsins framlengd til ársins 1959.

Lögin frá 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, kveða svo á í 8.—11. gr., að komið skuli á fót skipulagsbundinni starfsemi, sem ríkið rekur og kostar að öllu leyti, til að vinna gegn drykkjusýki og afleiðingum hennar, og er yfirumsjón þessara mála, lækning og gæzla hinna drykkjusjúku manna þar falin geðveikrahælinu á Kleppi, sem hefur samkv. lögunum allt úrskurðarvald um það, hverjum skuli ráðstafað á hið væntanlega eða hin væntanlegu gæzluvistarhæli, sem reist verða og rekin af ríkinu samkv. lögunum. Hvergi í lögum þessum er gert ráð fyrir því, að styrkja megi einstaklinga eða félög, sem taka sér fyrir hendur að

vinna af frjálsum vilja gegn áfengisbölinu eða hjálpa mönnum til að ná bata fyrir eigin tilverknað. Þetta er mikill galli á löggjöfinni, því að víða annars staðar hefur það gefizt mjög vel, að samhliða þeim gæzluvistarhælum, sem rekin eru af ríki að sveitarfélögum, starfi smærri stofnanir, sem reknar eru af félögum, sem starfa að bindindis- og líknarmálum. Má þar m. a. nefna gæzluvistarstöðvar og dvalarheimili Bláa krossins og A.A.-félagsskaparins í Noregi og víðar, svo að dæmi séu nefnd.

Hér á landi sem annars staðar hefur það gefizt vel, að frjást framtak einstaklinga og félagssamtaka fái að njóta sín og sé styrkt til starfa samhliða aðgerðum af opinberri hálfu, og má m. a. nefna starfsemi Sambands ísl. berklasjúklinga og Slysavarnafélagsins, sem unnið hafa stórvirki hvort á sínu sviði, enda bæði notið verulegrar fjárhagsaðstoðar til starfsemi sinnar.

Hér á landi hefur nú verið stofnuð deild úr A.A.-félagsskapnum, en félagsskapur þessi, sem er samtök fyrrverandi drykkjumanna til hjálpar ofdrykkjufólki, hefur gefið hina beztu raun bæði í Bandaríkjum Norður-Ameríku og á Norðurlöndum.

Félagsskapur þessi hefur það markmið að hjálpa fólki, sem komið er of langt á braut drykkjuskaparins og á erfitt með að hverfa af þeirri braut af sjálfsdáðum, án þess þó að það sé svo langt leitt, að það þurfi langvarandi vist á gæzluvistarhæli eða sjúkrahúsi. Sumt af þessu fólki þarf þó að vera hægt að taka af heimili sínu um stundarsakir og láta það dvelja við góð skilyrði sér til hvíldar og hressingar undir læknishendi. Hefur því alls staðar reynzt nauðsynlegt, eigi félagsskapur sem þessi að koma að verulegum notum, að hann geti skapað sér sæmileg starfsskilyrði, sérstaklega hvað fyrrnefnd atriði snertir. Þá er það og, að allmargt af því fólki, sem orðið hefur ofdrykkjunni að bráð, á annaðhvort ekkert heimili eða getur ekki dvalizt á eigin heimili sínu fyrstu vikurnar eða mánuðina, sem tilraun með lækningu þess er gerð. Þá þarf og að vera til einhvers konar dvalarheimili, sem þeir menn geta fengið vist á um skemmri eða lengri tíma, er koma af gæzluvistarhælum eða sjúkrahúsum, en eiga annaðhvort ekkert heimili til að hverfa að eða kringumstæðurnar þar eru með þeim hætti, að því, sem áunnizt hefur með sjúkrahús- eða hælisvistinni, er teflt í tvísýnu, fari sjúklingurinn þangað aftur. Slík dvalarheimili eru ekki síður nauðsynleg því fólki, sem kemur af gæzluvistarhælum ríkisins og oftast er með öllu vegalaust, þegar hælisvistinni lýkur, en þeim, er leita sér lækninga á sjúkdómi sínum eftir öðrum leiðum.

Rétt þykir, að ráðin verði bót á þeim ágöllum laganna frá 1949, sem hér hefur verið minnzt á, með því að bæta inn í lögin nýrri grein, sem heimili ráðherra að veita styrk til gæzluvistarstöðva og dvalarheimila viðurkenndra bindindis- eða líknarfélaga úr gæzluvistarsjóði, enda sé þess gætt, að yfirumsjón slíkra stofnana verði í höndum heilbrigðisstjórnarinnar og að reglugerðir þeirra verði staðfestar af ráðherra."

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, er þess vænzt, að frv. verði samþykkt á þessu þingi.

Nd. 109. Frumvarp til laga [81. mál]

um breyting á lögum nr. 66 12. apríl 1945 um útsvör.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gísli Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Halldór Ásgrímsson, Eggert Þorsteinsson.

1. gr.

Á eftir a-lið 2. mgr. 8. gr. laganna komi nýr stafliður, sem verði b-liður, svo hljóðandi (liðatalan breytist samkvæmt því):

Ef hann hefur rekið síldarverkun og verzlun með síldarafurðir utan heimilissveitar, enda má þá ekki leggja á hann að því leyti í heimilissveit hans.

2. gr.

a. Í stað „8. gr., a—c-liðir“ í 1. mgr. 1. a. 9. gr. laganna komi: 8. gr., a—d-liðir.
b. Orðin „síldarsala, síldarverkun“ í 1. tölul. c. 9. gr. falli niður.

Greinargerð.

Frumvarp nærri samhljóða frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, var flutt á þingunum 1949 og 1950, en varð í hvorugt skiptið útrætt.

Felur frumvarpið í sér þá breytingu á gildandi útsvarslögum, að sveitarfélögum skuli heimilt að leggja útsvar á síldarsöltun og síldarverzlun, þar sem hún er rekin, án tillits til þess, hvort sá, sem það gerir, er heimilisfastur þar eða atvinnurekstrinn skráður þar eða ekki.

Er það hið mesta áhugamál forráðamanna margra bæja og kaupstaða á Norður- og Norðausturlandi, þar sem síldarsöltun er rekin í stórum stíl og víða að miklu leyti af mönnum þar ekki búsettum, að fá útsvarslögunum breytt í það horf, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, enda er það svo, að síldarverkun og síldarvinnsla er aðalatvinnuvegur margra staða á þessu svæði. Er því augljóst, að mjög er bagalegt fyrir viðkomandi staði að geta ekki nema að nokkru leyti lagt útsvör á þá, sem þennan atvinnurekstur stunda.

Í gildandi útsvarslögum felst að vísu heimild til þess að skipta útsvörum, ef sérstaklega stendur á, og láta hluta af útsvörum gjaldenda ganga til annars eða annarra sveitarfélaga en þess, þar sem gjaldandi á lögheimili og útsvar er á hann lagt. Slík heimild getur þó aldrei komið að sama haldi og rétturinn til að leggja útsvör á beint, þar sem skilyrði eru fyrir hendi til þess, m. a. vegna þess, að hin ýmsu sveitarfélög leggja útsvör á gjaldendur eftir allólíkum reglum, en af því leiðir, að staðir, þar sem slíkur atvinnurekstur er stundaður sem hér ræðir um, geta fengið hluta af útsvörum lögðum á eftir allt öðrum útsvarsstiga en þeim, sem notaður er þar sem atvinnureksturinn er stundaður. Er það því í alla staði eðlilegt, að þar sem svo stendur á sem hér er gert ráð fyrir, séu útsvör lögð á gjaldendur þar, sem þeir stunda atvinnurekstur sinn, sem þeir e. t. v. hafa aðaltekjur sínar af.

Nd. 110. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Einari Ingimundarsyni, Steingrími Steinþórssyni, Jóni Sigurðssyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 1. gr. Framan við efnislið greinarinnar komi nýr liður:
Á eftir C. 29 kemur nýr liður:
Siglufjarðarvegur ytri: Frá Siglufjarðarkaupstað fyrir Stráka um Úlfsdali og Almenningsskriður að Hraunum í Fljótum (enda leiði rannsókn, framkvæmd af vegamálastjóra samkv. þingsályktun, samþ. á Alþingi 1954, í ljós, að unnt sé að leggja þar veg vegna staðhátta og án óeðlilegs kostnaðar).

Nd. 111. Frumvarp til laga [82. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Glerárþorp í Glæsibæjarhreppi ásamt jörðunum Bandagerði, Rangárvöllum, Kollugerði, Hlíðarenda, Glerá, Lögmannshlíð, Hesjuvöllum, Kífsá, Hrappsstöðum, Mýrarlóni, Grænhóli, Syðra-Krossanesi og Ytra-Krossanesi skulu lagðar undir lögsagnarumdæmi Akureyrarkaupstaðar frá 1. janúar 1955.

Mörk milli Akureyrar og Glæsibæjarhrepps verða þó norðurmörk jarðanna Ytra-Krossaness, Grænhóls, Mýrarlóns og Hrappsstaða.

2. gr.

Frá sama tíma tekur Akureyrarkaupstaður að sér framfærslu allra þeirra, sem eru eða verða þurfamenn og framfærslurétt eiga eða munu eignast í Glæsibæjarhreppi, ef lög þessi væru ekki sett, vegna dvalar eða fæðingar á landi því, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Nú verður ekki, innan sex mánaða frá gildistöku laga þessara, samkomulag milli bæjarstjórnar Akureyrarkaupstaðar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps um bætur fyrir tekjurýrnun Glæsibæjarhrepps, er leiðir af ákvæðum 1. gr., og skulu þær þá ákveðnar af gerðardómi, skipuðum 3 mönnum. Tilnefna aðilar sinn manninn hvor í dóminn, en hæstiréttur tilnefnir oddamann, og er hann formaður dómsins. Vanræki annar hvor aðila eða báðir að tilnefna mann í dóminn, skal hæstiréttur tilnefna, svo að dómurinn verði fullskipaður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt af félagsmálaráðherra í samráði við þingmann Akureyrarkaupstaðar og þingmenn Eyfirðinga.

Í Glerárþorpi eru nú yfir 80 býli, þar sem 120 fjölskyldur búa, eða meira en 500 manns, en í öllum Glæsibæjarhreppi eru rösklega 900 íbúar. Þetta þorp, sem farið hefur ört vaxandi, hefur aðallega myndazt vegna tveggja atvinnufyrirtækja, síldarverksmiðjanna í Krossanesi og verksmiðja Sambands íslenzkra samvinnufélaga á Akureyri, Gefjunar og Iðunnar, og að öðru leyti byggt afkomu sína á atvinnu, sem til fellst á Akureyri. Þar eð afkoma þorpsbúa er þannig mjög háð þeirri atvinnustarfsemi, sem fram fer í Akureyrarkaupstað á hverjum tíma, þykir eðlilegt, að þorpið sé sameinað Akureyri, eins og ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Umræður hafa farið fram milli bæjarstjórnar Akureyrar og hreppsnefndar Glæsibæjarhrepps út af málefni þessu með þeim árangri, að báðir aðilar hafa fallizt á sameininguna, sbr. sameiginlegt bréf bæjarstjórans á Akureyri og oddvita Glæsibæjarhrepps til félagsmálaráðuneytisins, dags. 21. okt. s. l. Bréf þetta er prentað hér á eftir sem fylgiskjal með athugasemdum þessum.

Ákvæði 2. og 3. gr. frumvarpsins eru hliðstæð þeim ákvæðum, sem tíðkazt hafa í sambandi við breytingu lögsagnarumdæma, sbr. t. d. lög nr. 28 frá 18. febr. 1943, um stækkun lögsagnarumdæmis Neskaupstaðar, og lög nr. 52 frá 20. apríl 1954, um stækkun lögsagnarumdæmis Húsavíkurkaupstaðar.

Fylgiskjal.

Bæjarstjórn Akureyrar og hreppsnefnd Glæsibæjarhrepps hafa orðið sammála um að samþykkja, að Glerárþorp skuli sameinast Akureyri ásamt jörðunum Bandagerði, Rangárvöllum, Kollugerði, Hlíðarenda, Glerá, Lögmannshlíð, Hesjuvöllum, Kífsá, Hrappsstöðum, Mýrarlóni, Grænhól, Syðra-Krossanesi og Ytra-Krossanesi.

Mörk milli Akureyrar og Glæsibæjarhrepps verða þá norðurmörk jarðanna Ytra-Krossaness, Grænhóls, Mýrarlóns og Hrappsstaða.

Virðingarfyllst,

BÆJARSTJÓRINN AKUREYRI
Steinn Steinsen.

ODDVITI GLÆSIBÆJARHREPPS
Stefán Sigurjónsson.

Nd. 112. Breytingartillaga [2. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, l. nr. 99 18. des. 1950 og l. nr. 87 15. des. 1952, um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo:

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950 og nr. 87 1952.

Ed. 113. Nefndarálit [26. mál]

um frv. til l. um náttúruvernd.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin er sammála um, að ekki sé rétt að taka ákvörðun um þetta mál, án þess að leitað sé umsagnar þeirra aðila, er þetta mál snertir sérstaklega, sem eru sýslunefndir, bæjarstjórnir og Búnaðarfélag Íslands, og telur nefndin sjálfsagt að gefa þeim kost á að láta álit sitt í ljós, enda gerir frumvarpið ráð fyrir, að sýslunefndir kjósi náttúruverndarnefndir. Því leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin leiti umsagnar sýslunefnda, bæjarstjórna og Búnaðarfélags Íslands um málið og leggi fyrir næsta þing niðurstöður sínar, að undangenginni endurskoðun á frv., tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. nóv. 1954.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.
Andrés Eyjólfsson, fundaskr.
Sigurður Ó. Ólafsson.
Bernh. Stefánsson.
H. Guðmundsson.

Sþ. 114. Fyrirspurnir. [83. mál]

I. Til iðnaðarmálaráðherra um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá Eggert Þorsteinssyni.

1. Hvað líður setningu reglugerðar, sem sé til verndar heilbrigði og velferð verkamanna, er vinna í verksmiðjum, verkstæðum eða við sérhverja aðra starfsemi, og gert var ráð fyrir að sett yrði samkv. III. kafla laga frá 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum?
2. Í hverju er starfsemi öryggiseftirlitsins nú fólgin?

II. Til ríkisstjórnarinnar um sparifjáruppbætur.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

Hvers vegna hafa sparifjáreigendum ekki enn verið greiddar uppbætur þær á sparifé, sem ákveðnar voru með lögum nr. 22 1950, um gengisskráningu, launabreytingar, stóreignaskatt, framleiðslugjöld o. fl.?

III. Til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun launalaganna.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hvað líður endurskoðun launalaganna.
2. Er þess að vænta, að frv. til nýrra launalaga verði lagt fyrir yfirstandandi þing?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um samninga við verkfræðinga í þjónustu ríkisins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Hvers vegna hefur ríkisstjórnin ekki enn þá samið við verkfræðinga þá, sem hurfu úr þjónustu ríkisins á síðastliðnu sumri, og tekið þá aftur í þjónustu sína?

Ed. 115. Nefndarálit [10. mál]

um frv. til laga um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á tveim fundum og borið það saman við þau lagaákvæði um verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna, sem gilt hafa undanfarið.

Með frv. er lagt til að lögfesta til frambúðar þá skipan, sem gildir á þessu ári um greiðslu verðlagsuppbótar til opinberra starfsmanna. Telur nefndin, að það gangi í rétta átt.

Nefndin telur nauðsynlegt að gera ákvæði 3. gr. frv. skýrari og kveða á um það, hvernig með skuli fara, þegar ekki reynist unnt að fá endurgreiðslu hjá stofnun þeirri, er lífeyrisþegi tók laun sín hjá, t. d. vegna þess, að stofnunin er

lögð niður. Virðist þá ekki annað fyrir hendi en að ríkissjóður hlaupi undir bagga. Nefndin ber því fram brtt. um að umorða 3. gr. Einn nefndarmanna (HG) áskilur sér rétt til að bera fram fleiri brtt.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 3. gr. Greinin orðist svo:

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal, auk 15% uppbótar þeirrar, er tíðkazt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Nú reynist ekki unnt að fá endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun, og endurgreiðir ríkissjóður þá hlutaðeigandi lífeyrissjóði þann hluta, er stofnuninni bar að greiða.

Alþingi, 1. nóv. 1954.

Bernharð Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson.

Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Nd. 116. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. nóv. 1954.

Kristín Sigurðardóttir, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson.

Jörundur Brynjólfsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 117. Nefndarálit [71. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál og er öll sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 3. nóv. 1954.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.

Hannibal Valdimarsson. Sigurður Guðnason.

Nd. 118. Nefndarálit [70. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Jafnframt hafa nefndinni borizt tilmæli frá milliþinganefnd búnaðarþings, sem vinnur að endurskoðun jarðræktarlaganna, um, að landbúnaðarnefnd taki til athugunar og flutnings breytingu á 4. gr. ræktunarsjóðslaganna.

Samkvæmt núgildandi lögum má ekki veita til framkvæmda, sem njóta framlags samkv. jarðræktarlögum, hærra lán úr Ræktunarsjóði en sem svarar allt að 30% kostnaðarverðs, en út á aðrar framkvæmdir má veita allt að 60% kostnaðarverðs. Nú er jarðræktarframlagið mjög misjafnt til hinna ýmsu framkvæmda, en af því leiðir, að 30% ákvæði ræktunarsjóðslaganna getur valdið verulegu misrétti við lántökur eftir því, um hvaða framkvæmdir er að ræða. Landbúnaðarnefnd telur, að hér sé breytinga þörf, og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkv. jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það er miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

Alþingi, 3. nóv. 1954.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm. Jón Pálmason.

Sigurður Guðnason. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 119. Breytingartillaga [10. mál]

við frv. til l. um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 2. gr. 2. mgr. orðist svo:

Kaupgjaldsvísitala hvers mánaðar reiknast eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, og skal greiða verðlagsuppbót á laun samkvæmt því.

Til vara:

Aftan við 2. mgr. bætist nýr málsl.:

Nú eru gerðir kjarasamningar almennt milli atvinnurekenda og launþega um, að greiða skuli verðlagsuppbót á laun samkvæmt kaupgjaldsvísitölu hvers mánaðar, er reiknuð sé eftir framfærsluvísitölu næsta mánaðar á undan, og skal þá sama gilda um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna samkvæmt lögum þessum.

Sþ. 120. Tillaga til þingsályktunar [84. mál]

varðandi starfsmenn á radarstöðvum í þágu landvarnanna.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að starfsmenn radarstöðva þeirra, sem byggðar verða í hinum ýmsu landshlutum í þágu landvarnanna, verði íslenzkir menn, eftir því sem mögulegt reynist og Íslendingar geta aflað sér sérþekkingar þeirrar, sem nauðsynleg er til þess að leysa af hendi þau störf, sem þar verða unnin.

Greinargerð.

Einn þáttur í landvarnaframkvæmdum þeim, sem nú er unnið að hér á landi, er sem kunnugt er bygging radarstöðva á nokkrum stöðum í landinu. Hefur verið gert ráð fyrir, að tiltölulega fáa menn þurfi til gæzlu og rekstrar þessara nauðsynlegu öryggistækja. Þrátt fyrir það mun það almennt skoðun Íslendinga, að eðlilegt sé, að þeir sjálfir afli sér sérmenntunar til þess að annast þessa þjónustu, þannig að ekki þurfi að hafa menn úr hinu erlenda varnarliði í stöðvum úti um sveitir landsins.

Í þessu sambandi má á það benda, að allmörg íslenzk skip hafa nú fengið radartæki, og er þeim að sjálfsögðu stjórnað af íslenzkum mönnum. Verður því að telja líklegt, að Íslendingar eigi auðvelt að afla sér þeirrar sérþekkingar, sem nauðsynleg er til þess að geta annazt rekstur og gæzlu radarstöðva þeirra, sem settar verða upp í þágu landvarnanna. Það er enn fremur alkunna, að íslenzkir menn hafa aflað sér sérþekkingar til þess að annast margvíslega þjónustu í þágu alþjóðaflugsamgangna og fjarskiptatækni.

Að öllu þessu athuguðu telja flm. þessarar tillögu, að eðlilegt sé, að Íslendingar annist sjálfir þann þátt landvarna sinna, sem felst í rekstri fyrrgreindra öryggistækja, er sett munu verða upp í öllum landsfjórðungum. Leggja þeir því til, að utanríkisráðherra, sem þessi mál heyra fyrst og fremst undir, beiti sér fyrir því, að sá háttur verði á hafður.

Nd. 121. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. aftan við greinina bætist:
Á eftir C. 61 kemur nýr liður, svo hljóðandi:
Hafursstaðavegur: Af Hólsfjallavegi norðan Hólssands að Hafursstöðum.

Nd. 122. Frumvarp til laga [2. mál]

um breyting á lögum nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 99 1950 og nr. 87 1952.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðsins „kennslumálaráðuneytinu“ í 9. gr. laga nr. 69 12. apríl 1945 komi: samgöngumálaráðuneytinu.

2. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 16. gr. sömu laga komi: samgöngumálaráðuneytið.

3. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneytið“ í 18. gr. sömu laga komi: samgöngumálaráðuneytið, og í stað orðsins „Norðfirði“ í sömu grein komi: Neskaupstað.

4. gr.

19. gr. sömu laga, sem er ákvæði til bráðabirgða, falli niður.

5. gr.

3. gr. laga nr. 99 18. des. 1950 orðist svo:

Við stýrimannaskólann í Reykjavík skulu, auk skólastjóra, að jafnaði vera fimm skipaðir kennarar, fjórir í siglingafræði og tungumálakennari, og stundakennarar eftir þörfum.

Laun fastakennara skulu ákveðin í launalögum.

6. gr.

Orðið „Djúpmælar“ í 3. gr. laga nr. 87 15. des. 1952 falli niður.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 og laga nr. 87 15. des. 1952, inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa lögin út þannig breytt.

Sþ. 123. Breytingartillaga [58. mál]

við till. til þál. um vantraust á menntamálaráðherra.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að lýsa vantrausti á núverandi ríkisstjórn.
2. Fyrirsögnin orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um vantraust á ríkisstjórnina.

Sþ. 124. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um ráðstafanir gegn verkafólksskorti í sveitunum.

Flm.: Jón Pálmason, Jón Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til þess, að bændur landsins fái fólk til nauðsynlegustu heimilisverka.

Greinargerð.

Á undanförnum 20—30 árum hafa verið svo mikil brögð að því, að sveitafólk flytji til kaupstaðanna, einkum sunnanlands, að oft hefur til vandræða horft fyrir bændur með að geta haldið búum sínum vegna fólksfæðar. Fjöldi jarða fór af þessum sökum í eyði á tímabili. Um nokkurra ára bil, var stöðvun á þessum óheillastraum.

Réðu því fjárskiptin og töluvert meiri bjartsýni á framtíð sveitanna vegna aukinna ráðstafana til nytsamlegra framkvæmda, svo sem ræktunar, húsabygginga og samgöngubóta.

Nú hefur aftur sótt í hið verra horf, svo að á yfirstandandi ári hefur verkafólksskorturinn orðið svo mikill í mörgum sveitahéruðum, að aldrei hefur annað eins áður þekkzt í tíð núlifandi manna. Er hið mesta neyðarástand á mörgum heimilum af þessum sökum.

Til þessa liggja margar orsakir.

Skal sú saga ekki mikið rakin hér, enda er hún landslýð öllum að miklu leyti kunn. En staðreyndin, sem við augum blasir, er sú, að verði þetta látið afskiptalaust, eins og gert hefur verið, þá er þess skammt að bíða, að margt af þeim fjölmenna einyrkjahóp, sem nú heldur uppi byggð í sveitum landsins, gefst upp og flytur til kaupstaðanna í von um vel borgaða atvinnu og margvísleg þægindi, sem fámenn sveitaheimili fara á mis við.

Hér verður því að gera snöggar og róttækar ráðstafanir til viðunandi jafnvægis og til bjargar frá vandræðum og áframhaldandi óheillastraum þjóðfélaginu öllu til bersýnilegs tjóns.

Sjái stjórnarvöldin eigi ráð til að bæta úr þessu ástandi með innlendum vinnukrafti, ber að leita annarra ráða, enda þótt fyrri tilraunir í þá átt hafi gefizt misjafnlega.

Nánar í framsögu.

Ed. 125. Frumvarp til laga [10. mál]

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Frá 1. des. 1954 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 1830.00 á mánuði, að meðtalinni grunnuppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á grunnlaun, sem hærri eru en kr. 1830.00 á mánuði, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu að viðbættum 5 stigum, þó þannig, að á þann hluta mánaðarlauna, sem umfram er kr. 2200.00, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Laun reiknuð samkvæmt 3. málsgr. þessarar greinar skulu aldrei vera lægri en hæstu laun eftir 2. málsgrein, og skal því, ef þau eru lægri, hækka þau í sömu upphæð og síðar nefnd laun nema.

2. gr.

Reikna skal kaupgjaldsvísitölu eftir vísitölu framfærslukostnaðar á þann hátt, að eigi sé tekið tillit til þeirrar breytingar á hinni síðar nefndu, er á rót sína að rekja til breytts verðs á landbúnaðarafurðum, samkvæmt 4. gr. laga nr. 94 1947, vegna hækkunar eða lækkunar á launum bónda og verkafólks hans, þeirrar, er leitt hefur af greiðslu verðlagsuppbótar á kaup launþega síðan 1. maí 1950.

Kaupgjaldsvísitala reiknast eftir vísitölu framfærslukostnaðar 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember ár hvert, og gildir við ákvörðun verðlagsuppbótar á laun næstu 3 mánuði, frá 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember að telja.

3. gr.

Á lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóði barnakennara, Lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna og Lífeyrissjóði ljósmæðra skal, auk 15% uppbótar

þeirrar, er tíðkazt hefur, greiða verðlagsuppbót eftir sömu reglum og greidd er á laun starfsmanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í lífeyrinum. Hlutaðeigandi lífeyrissjóður annast útborgun uppbóta þessara gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá stofnunum þeim, er lífeyrisþeginn tók laun sín hjá. Nú reynist ekki unnt að fá endurgreiðslu frá hlutaðeigandi stofnun, og endurgreiðir ríkissjóður þá hlutaðeigandi lífeyrissjóði þann hluta, er stofnuninni bar að greiða.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felldar 6. gr. laga nr. 22 1950 og 3. málsgr. 1. gr. laga nr. 105 1951, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við þessi lög.

Nd. 126. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkv. jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það er miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 127. Nefndarálit [14. mál]

um frv. til laga um vistheimili fyrir stúlkur.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum. Einnig hefur hún sent það barnaverndarráði Íslands, fræðslumálastjóra og Aðalsteini Eiríkssyni námsstjóra til umsagnar, og hafa svör borizt frá þeim. Allir þessir aðilar mæla með því, að slíkt vistheimili fyrir stúlkur sem frv. gerir ráð fyrir verði stofnað, og telja mikla þörf á því. Hins vegar eru bæði fræðslumálastjóri og Aðalsteinn Eiríksson því mótfallnir, að Reykjaskóli í Hrútafirði sé tekinn til þeirra nota. Telja þeir, að bæði sé þörf fyrir húsið til skólahalds og svð sé það ekki hentugt (of stórt) fyrir vistheimilið. Barnaverndarráðið segir ekkert um þetta atriði.

Nefndin er flutningsmanni frv. og ofangreindum aðilum sammála um nauðsyn þess að koma upp vistheimili fyrir stúlkur, sem lent hafa á glapstigum. Vill hún því eindregið mæla með aðalatriði frv.: stofnun vistheimilisins.

Nefndinni virðist óvarlegt að ætla að reka slíkt vistheimili sem hér ræðir um, í sömu stofnun og elli- og örorkuheimili, og getur hún því ekki mælt með þeim ákvæðum frv., er að þessu lúta. Slíkt fyrirkomulag mun hvergi, eða a. m. k. mjög óvíða, hafa verið reynt og því ekki hægt að byggja á neinni reynslu um það. Þótt vonandi sé, að vistheimilið hafi þau áhrif á þær stúlkur, sem þar dveljast, að þær

komist á réttan kjöl aftur og geti orðið nýtar og góðar konur, þá mun þó hæpið að treysta því, að þær stúlkur, sem þarfnast slíkrar vistar, séu sérstaklega vel fallnar til að annast um gamalt fólk og öryrkja. Er hætt við, að sumu því fólki yrði sambúðin óheppileg. Auk þess álítur nefndin, að önnur störf mundu vera heppilegri fyrir stúlkurnar sjálfar. Vistheimilið ætti að reka sem allra líkast húsmæðraskóla. Á sumrum ættu stúlkurnar að vera við útivinnu, garðyrkju o. fl., og yrði því að reka heimilið í sambandi við búskap. Á vetrum nytu þær svo kennslu í matreiðslu, saumum og öðrum verklegum efnum auk almennrar fræðslu.

Það er þannig skoðun nefndarinnar, að reka eigi vistheimilið sem sjálfstæða stofnun, en ekki í sambandi við elliheimili né neina aðra stofnun. Af því leiðir, að hún telur, að Reykjaskóli í Hrútafirði sé óheppilegur staður fyrir heimilið, bæði allt of stór og auk þess í þjóðbraut, sem telja verður óheppilegt. Leggur nefndin því til, að ákvæðin um skólann séu felld úr frv.

Hins vegar viðurkennir nefndin það sjónarmið flutningsmanns, að til þess að spara ríkissjóði útgjöld og jafnframt til þess að flýta fyrir framkvæmdum sé rétt að fela ríkisstjórninni að leita eftir húsnæði, sem þegar er til og ríkið hefur að nokkru eða öllu umráð yfir, til afnota fyrir vistheimilið. Kæmi þá fyrst og fremst til greina hentugt skólahús, sem lítt eða ekki er notað. Hefur fræðslumálastjóri nefnt húsmæðraskólann á Staðarfelli í þessu sambandi. Nefndin telur þó ekki rétt að gera tillögu um neinn ákveðinn stað, heldur ber fram tillögu um að veita ríkisstjórninni almenna heimild til að leita eftir hæfilegu húsnæði fyrir vistheimilið.

Verði samþykkt sú tillaga nefndarinnar að fella úr frv. ákvæðin um öryrkja og gamalmenni, leiðar af því, að ekki er heimilt að verja neinu úr erfðafjársjóði til vistheimilisins. Leggur því nefndin til, að 4. gr. frv. falli niður.

Samkvæmt framanskráðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir, til þessara nota.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.
3. Við 4. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 8. nóv. 1954.

Ingólfur Flygenring, form. — Andrés Eyjólfsson, fundaskr. — Bernh. Stefánsson, frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson. — H. Guðmundsson.

Nd. 128. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Framan við efnislið 1. gr. bætast nýir liðir:

1. Aftan við C. 16 bætist: með hliðarálmu frá Grund að Rútsstöðum.
2. Á eftir C. 16 koma tveir nýir liðir, þannig:
   a. *Bugsvegur:* Frá Syðri-Löngumýri að Eldjárnsstöðum.
   b. *Blöndudalsvegur:* Frá Blöndubrú að Bollastöðum.
3. Fyrir orðin „að Bergsstöðum“ í C. 17 kemur: að Fossum.

Nd. 129. Breytingartillaga [70. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1955.

Nd. 130. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (GJóh) skrifar þó undir með fyrirvara. Annar nefndarmaður (ÁB) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Kristín Sigurðardóttir, form. Einar Ingimundarson, frsm. Jörundur Brynjólfsson.
Gunnar Jóhannsson, með fyrirvara.

Nd. 131. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. ÁB var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Kristín Sigurðardóttir, form. Jörundur Brynjólfsson, frsm. Einar Ingimundarson.
Gunnar Jóhannsson.

Ed. 132. Frumvarp til laga [70. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd)

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkv. jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það er miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Nd. 133. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason. Karl Guðjónsson.

Nd. 134. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um afnám laga um veitingaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason. Karl Guðjónsson.

Nd. 135. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. GÞG og KGuðj. taka fram, að þeir séu andvígir B-lið 1. gr. (45% álagi á verðtoll), og skrifa því undir nefndarálitið með fyrirvara.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara. Karl Guðjónsson, með fyrirvara.

Nd. 136. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur rætt frv., og leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 137. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er lagt til, að söluskatturinn, sem lagður var á með lögum nr. 100/1948, sé enn einu sinni framlengdur um eitt ár. Þessi skattur var upphaflega á lagður í sambandi við viðleitni þáverandi ríkisstjórnar til þess að koma í veg fyrir gengisfall krónunnar, og þurfti því að afla fjár til greiðslu útflutningsuppbóta. Tveim árum síðar var gengi krónunnar lækkað og þrem árum síðar var bátagjaldeyriskerfið tekið upp. Með báðum þessum ráðstöfunum voru miklar byrðar lagðar á bak almennings og þær réttlættar með nauðsyn útflutningsatvinnuveganna. Beinar útflutningsuppbætur úr ríkissjóði voru um leið felldar niður. Upprunaleg ástæða söluskattsins er því fallin burt. Tekjurnar af honum ganga nú til almennra þarfa ríkisins.

Við teljum, að almennra tekna ríkisins eigi ekki að afla með slíkum skatti sem söluskattinum, þar eð hann lendir jafnþungt á nauðsynlegum vörum og ónauðsyn-

legum, auk þess sem hann er oft og tíðum innheimtur margsinnis af sömu vöru. Aðaltillaga okkar er því sú, að frv. þetta sé fellt. Fjárhagur ríkissjóðs virðist, eins og nú árar, þola það, enda skýrði fjármálaráðherra svo frá í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv., að á þessu ári mundu tekjur ríkissjóðs fara fram úr áætlun um nálægt 107 millj. kr., eða einmitt þá upphæð, sem söluskatturinn allur er áætlaður á fjárlagafrv. fyrir árið 1955.

Meiri hl. nefndarinnar hefur hins vegar lagt til, að frv. þetta verði samþykkt, og má af því ráða, að framlenging söluskattsins standi fyrir dyrum. Með tilliti til þess, að bæjar- og sveitarfélög eiga enn í talsverðum fjárhagserfiðleikum sökum skorts á tekjustofnum og ekki var ráðið fram úr þeim erfiðleikum við endurskoðun þá, sem nýlega fór fram á skattalöggjöfinni, leggjum við til, að fjórðungur söluskattsins renni til bæjar- og sveitarfélaga, fyrst hann virðist eiga að innheimta á annað borð, og munum við flytja breytingartill. um það efni.

Alþingi, 9. nóv. 1954.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson.

Nd. 138. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Á eftir 3. gr. komi 4 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (4. gr.) Söluskattur samkvæmt lögum þessum skal að þrem fjórðu hlutum renna í ríkissjóð og að einum fjórða hluta til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

b. (5. gr.) Tekjum Jöfnunarsjóðs af söluskatti skal skipt milli bæjar- og hreppsfélaga eftir fólksfjölda, eins og hann var samkvæmt manntali næstliðins árs. Ekkert bæjar- eða hreppsfélag skal þó fá meiri greiðslu en nemi 50% af álögðum útsvörum næsta ár á undan í því bæjar- eða hreppsfélagi.

c. (6. gr.) Nú falla ábyrgðarskuldbindingar á ríkissjóð vegna sveitarfélags, og er félagsmálaráðherra þá heimilt að ákveða, að hluti sveitarfélagsins af söluskattinum gangi til greiðslu á slíkum kröfum.

d. (7. gr.) Ríkissjóður greiðir Jöfnunarsjóði þann hluta af söluskatti, sem honum ber, eigi síðar en einum mánuði eftir að innheimtumenn skattsins hafa gert fjármálaráðuneytinu ársfjórðungsskil.

Félagsmálaráðuneytið framkvæmir skiptingu fjárins milli sveitarfélaganna tvisvar á ári, 1. apríl og 1. október, og sér um, að greiðslur þær, sem í 5. gr. getur, séu inntar af hendi.

Sþ. 139. Breytingartillaga [76. mál]

við till. til þál. um frjálsan innflutning bifreiða.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Við tillögugr. bætist: enda sé jafnframt tryggt, að bankarnir selji á hverjum tíma öllum, er þess óska, erlendan gjaldeyri til kaupa á bifreiðum.

Nd. 140. Frumvarp til laga [86. mál]

um breyting á lögum nr. 50 17. maí 1947, um breyting á lögum nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Aftan við 2. gr. laganna bætist:
Á sama hátt skal greiða úr ríkissjóði móti þeim aukaframlögum, sem sveitarsjóðir og vegafélög kunna að leggja í sýsluvegasjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta miðar að því að gera þeim héruðum, sem hafa sýsluvegasjóð, auðveldara fyrir að ljúka nauðsynlegum vegum, sem eru í lagningu. Á það sér stað, að einstaka hreppar eða vegafélög óska heldur að leggja fram meira fé en vegaskattinum nemur til þess að fá vegarspotta fullagða. Er þá sanngjarnt, að ríkissjóður leggi einnig fé á móti slíkum framlögum á sama hátt og vegaskattinum.

Nd. 141. Breytingartillögur [8. mál]

við frv. til l. um framlenging á gildi III. kafla l. nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

a. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 falli niður.
Einnig falli niður 22. gr., 24. gr., 26. gr., 27. gr. og 29. gr. sömu laga. Greinatala laganna breytist í samræmi við þetta.

b. Við 3. gr. Greinin falli niður.

c. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Við A-lið 23. gr. laganna bætist: Einnig eru undanþegin söluskatti vélar og tæki til fiskiskipa, þar með talin öryggistæki og allur búnaður fiskiskipa, svo og skip, sem smíðuð eru innanlands. Enn fremur skulu dráttarvélar (traktorar), heyvinnslu- og garðyrkjuvélar undanþegnar söluskatti.

Sþ. 142. Tillaga til þingsályktunar [87. mál]

um rekstur radarstöðva varnarliðsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að ríkið taki að sér að öllu leyti rekstur radarstöðva varnarliðsins, og að sérfræðingar þeir, erlendir, sem þörf kann að vera fyrir við starfræksluna, verði starfsmenn ríkisins, enda verði jafnframt samið um endurgreiðslu rekstrarkostnaðar frá varnarliðinu.

Greinargerð.

Auk radarstöðvarinnar við Sandgerði er nú verið að byggja á vegum varnarliðsins radarstöðvar í þrem landsfjórðungum, við Aðalvík, á Heiðarfjalli og á Stokksnesi. Nokkur tími mun þó líða, þangað til starfræksla þeirra stöðva hefst.

Samkvæmt skýrslu utanríkisráðherra á Alþingi nýlega um framkvæmd varnarsamningsins var á s. l. vori um það samið, að varnarliðið gerði á sinn kostnað girðingar um landsvæði þau, er stöðvarnar hafa til afnota, til þess að tryggja sem bezt framkvæmd laga og reglna í þessu sambandi, jafnframt því sem íslenzkir lögreglumenn verða að sjálfsögðu til eftirlits á þessum stöðum. Um leið var frá því skýrt, að um starfrækslu radarstöðvanna eða starfslið hefði enn ekki verið samið. Ýmsir álíta heppilegast, að Bandaríkjamenn einir starfi í stöðvunum, og telja, að með því fyrirkomulagi verði auðveldast að einangra stöðvarnar á þann hátt, sem nauðsyn ber til, og í samræmi við gerða samninga um ráðstafanir til að koma í veg fyrir samskipti varnarliðsins við Íslendinga. En sums staðar, jafnvel á Alþingi, eru þó uppi raddir um, að rétt sé og eftirsóknarvert, að íslenzkir menn verði ráðnir til einhverra starfa hjá Bandaríkjamönnum á stöðvum þessum. Flm. telja hins vegar, að það fyrirkomulag, að útlendingar annist aðalstörfin ásamt stjórn stöðvanna með einhverri aðstoð íslenzkra undirmanna (sem þar teldust í þjálfun) og íslenzku þjónustuliði, sé, hvort sem þetta fólk ætti heima utan eða innan stöðvarsvæðanna, að ýmsu leyti miður æskilegt, ekki sízt frá sjónarmiði þeirra fámennu byggðarlaga, sem hér eiga sérstaklega hlut að máli. Er þá sýnu nær, að Íslendingar reki sjálfir radarstöðvarnar gegn þeirri greiðslu, sem um kann að semjast, undir íslenzkri stjórn og með íslenzku starfsliði aðallega, en hafi til þess aðstoð erlendra sérfræðinga, eftir því sem með kann að þurfa fyrst um sinn.

Með tillögu þeirri, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að unnið verði að þeirri lausn málsins, sem nú hefur verið nefnd, þ. e., að Íslendingar taki sjálfir að sér rekstur radarstöðvanna. Ef samkomulag næst, þarf ekki að efa, að íslenzkir sérfræðinemendur og sérfræðingar á því sviði, sem hér er um að ræða, hefðu möguleika til að afla sér á venjulegan hátt þeirrar viðbótarfræðslu, sem nauðsynleg kann að reynast.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [88. mál]

um kjarasamning við stéttarfélag verkfræðinga.

Flm.: Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að bjóða stéttarfélagi verkfræðinga nú þegar að gera við það kjarasamning, er sé í grundvallaratriðum eins og kjarasamningur sá, sem stéttarfélagið hefur þegar gert við Reykjavíkurbæ.

Greinargerð.

Síðastliðinn miðvikudag bar flutningsmaður þessarar tillögu fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um það, hvers vegna ríkisstjórnin hefði ekki enn þá samið við verkfræðinga þá, sem hurfu úr þjónustu ríkisins á síðastliðnu sumri, og tekið þá aftur í þjónustu sína. Hæstv. fjármálaráðherra svaraði því einu til, að það mundi valda misrétti í launagreiðslum ríkisins, ef gengið yrði að launakröfum verkfræðinganna.

Nú er það sannarlega ekki svo, að íslenzka ríkið sé kunnugt að því að gæta út í æsar jafnréttis í launagreiðslum. Mætti leiða ýmsa stuðningsmenn núverandi ríkis-

stjórnar til vitnis um það. Hér er því ekki um að ræða frambærilega ástæðu fyrir því, að ríkið sé lengi án starfskrafta jafnmikilvægra sérfræðinga og verkfræðingar eru.

Það varð til þess að draga úr ýmsum verklegum framkvæmdum á síðastliðnu sumri, að verkfræðingar höfðu sagt upp störfum. Ef ríkið tryggir sér ekki nú þegar starfskrafta þeirra á ný, þannig að hægt verði í vetur að vinna nauðsynleg undirbúningsstörf undir framkvæmdir næsta sumars, má búast við, að þær verði margar hverjar að farast fyrir, og jafnvel, að til algers öngþveitis komi á ýmsum sviðum.

Á það má og benda, að ýmsar opinberar stofnanir, sem ekki lúta beinlínis húsbóndavaldi ríkisstjórnarinnar, hafa samið við verkfræðingana og tryggt sér starfskrafta þeirra áfram. Það er ríkisstjórnin ein, sem talið hefur sér stætt á því, að semja ekki. En sé það dregið enn, má við því búast, að erfitt verði fyrir ríkið að fá nokkra verkfræðinga í þjónustu sína, þar eð þeir verði þá endanlega búnir að ráða sig til starfa hjá öðrum. Af því mundi hins vegar hljótast óbætanlegt tjón. Það er tilgangur þessarar tillögu að koma í veg fyrir slíkt.

Nd. 144. Frumvarp til laga [89. mál]

um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Á eftir 55. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Stimpilgjald skal innheimt í heilum krónum, en aurum sleppt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. desember 1954.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni fjármálaráðherra, og fylgdi því svofelld greinargerð:

Bankarnir og fleiri stofnanir eru að taka í notkun vélar til þess að stimpla skjöl í stað þess að líma á þau stimpilmerki, svo sem nú tíðkast. Er þetta gert með samþykki ráðuneytisins og samkv. heimild í 11. gr. laga nr. 75/1921.

Þar eð vélar þær, sem hér um ræðir, stimpla fjárhæðir aðeins í heilum krónum, er með frumvarpi þessu lagt til, að stimpilgjald verði framvegis innheimt í heilum krónum, en aurum sleppt.

Nd. 145. Breytingartillögur [33. mál]

við frv. til laga um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara eða neyzlu slíkra réttinda við fyrirfarandi búsetu eða dvöl hér á landi.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Orðin „eða neyzlu slíkra réttinda“ í 1. gr. og í fyrirsögn frv. falli burt.
2. Í stað orðsins „fyrirfarandi“ í 1. gr. og í fyrirsögn frv. komi: undanfarna.

Ed. 146. Nefndarálit [38. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur á fundi sínum í dag athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm. Bernharð Stefánsson.
Ingólfur Flygenring. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 147. Frumvarp til laga [90. mál]

um skógrækt.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

I. KAFLI
Um markmið og stjórn Skógræktar ríkisins.

1. gr.

Skógrækt ríkisins skal rekin með því markmiði:

1. að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
2. að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
3. að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.

2. gr.

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn skógræktarmála samkvæmt lögum þessum. Forseti Íslands skipar skógræktarstjóra, er annast framkvæmd þessara mála. Skal hann hafa leyst af hendi próf við skógræktarháskóla á Norðurlöndum eða við annan skóla jafnstæðan.

3. gr.

Ráðherra skipar skógarverði, að fengnum tillögum skógræktarstjóra. Skulu þeir eigi vera færri en einn í hverjum landsfjórðungi. Þeir skulu hafa aflað sér verklegrar kunnáttu í skógrækt og hafa staðizt próf, sem stjórn skógræktarmála kveður á um.

4. gr.

Skógarverðir skulu starfa samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og aðstoða hann í hvívetna við skógrækt og skóggræðslu í landinu. Þeir skulu settir yfir skógarjarðir ríkisins og annast framkvæmdir þar og enn fremur hafa eftirlit um meðferð skóga og kjarrs á þeim svæðum, sem þeim eru falin.

5. gr.

Störf og starfssvið skógræktarstjóra og skógarvarða skal ákveða með reglugerð, sem ráðherra setur.

II. KAFLI
Um meðferð skóga, kjarrs, lyngs o. fl.

6. gr.

Í skógum eða kjarri má hvorki höggva tré né runna á annan hátt en þann, að höggvið sé innan úr, þannig, að skógurinn eða kjarrið sé grisjað, enda sé það gert í samráði við skógarvörð. Ekkert svæði má rjóðurfella nema með samþykki skógræktarstjóra, og þó því aðeins, að sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg að nýju á öðru jafnstóru svæði og hafa byrjað á því innan tveggja ára.

7. gr.

Viðarrætur má ekki rífa upp eða skerða á neinn hátt. Ekki má rífa lyng, fjalldrapa, víði, mel eða annan hlífðargróður, heldur klippa eða skera. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er heimilt að banna allt skógarhögg og hrístekju og að banna að skerða hvers konar gróður, þar sem ætla má, að slíkt geti valdið uppblæstri eða landspjöllum. Bannað er að stinga upp og flytja á brott tré og hvers konar ungviði án leyfis skógræktarstjóra eða skógarvarða.

8. gr.

Í skógum þeim og kjarrlöndum, sem í afréttum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll beit bönnuð frá 1. nóvember til 1. júní. Nú hagar svo til á einstökum landsvæðum, að skógarkjarr eða annar gróður skóglendis er í sýnilegri hættu sökum óhóflegrar beitar að dómi skógræktarstjóra, og er ráðherra þá heimilt að banna eða takmarka beit á skóginn eða kjarrið um lengri eða skemmri tíma, enda komi bætur fyrir slíka skerðingu á landsnytjum eftir mati dómkvaddra manna. Bætur þessar skal greiða úr ríkissjóði. Ráðherra getur bannað með öllu að beita geitfé á skóg eða kjarr, enda telji skógræktarstjóri, að skóginum stafi bersýnileg hætta af beitinni.

9. gr.

Í þeim skógum og kjarri, sem er sameign fleiri manna eða jarða í óskiptu landi, mega einstaklingar ekki höggva án vitundar skógarvarðar eða eftirlitsmanns, sem segir fyrir um, hvar og hvernig grisja skuli.

10. gr.

Óheimilt er öllum, sem eiga skóg eða kjarr eða hafa umráðarétt yfir slíku, að selja eða gefa óupphöggvinn við án þess að hafa fengið leyfi skógarvarðar til þess. Enn fremur er öllum, sem um skóglendi fara, óheimilt að skerða trjágróður eða skemma hann.

11. gr.

Skógræktarstjóri og skógarverðir skulu fara eins oft og þörf krefur um sveitir þær, þar sem er skógur eða kjarr að nokkrum mun, og skulu þeir skipa fyrir um, hvernig skógur eða kjarr skuli höggvið. Þeir skulu og leiðbeina nothafa skógar og kjarrs um framkvæmd alla á fyrirmælum sínum, enda getur nothafi ekki skorazt undan að fylgja þeim í skóginn eða kjarrið.

12. gr.

Ef skógræktarstjóri eða skógarverðir óska þess, skulu hreppstjórar fylgja þeim á eftirlitsferðum um hreppinn til þess að kynna sér fyrirmæli um meðferð skóga og kjarrs, sem þeim ber að hafa eftirlit með. Á ferðum þessum fá hreppstjórar dagpeninga, sem greiðast af skógræktarfé.

13. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal þeim útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógur eða kjarr er.

III. KAFLI
Um friðun og ræktun skóga.

14. gr.

Á land það, sem Skógrækt ríkisins hefur til friðunar og skógræktar, má ekki beita búfé. Skógræktarstjóra og skógarvörðum er þó heimilt að veita undanþágu frá þessu, ef sérstakar ástæður mæla með.

15. gr.

Liggi alfaravegur um friðuð skóglendi, skulu vegfarendur loka þeim hliðum, sem á girðingum eru, svo að öruggt sé, að þau opnist ekki af sjálfsdáðum. Týni vegfarendur búfé í skógargirðingum, skulu þeir skyldir til að koma því út úr girðingunni svo fljótt sem unnt er.

Komist fé inn í skógargirðingu í afréttum eða fjarri búfjárhögum svo að nokkru nemi, er ráðherra heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með því, að dómi skógræktarstjóra, að fyrirskipa, að þau sveitarfélög, er fjárvon eiga innan skógargirðinga, annist smölun og fjallskil innan þeirra á sinn kostnað, enda hafi ekki þótt rétt að beita ákvæðum 17. greinar laganna.

16. gr.

Til þess að girðing um skógræktarsvæði megi teljast löggirðing, þ. e. að hún veiti örugga vörn gegn ágangi búfjár, skal hún minnst vera 105 sentimetrar á hæð og gerð með 7 strengjum gaddavírs eða úr öðru því efni, sem sé ekki minni vörn, t. d. vírneti eða vírneti ásamt gaddavír og undirhleðslu, þar sem þörf krefur. Bil milli jarðfastra staura má lengst vera 12 metrar og komi þá þrjár styttur þar á milli, eða 10 metrar og komi þá tvær styttur á milli. Hornstaurar skulu standa minnst 1.25 metra í jörðu, nema unnt sé að festa þá í jarðfasta klöpp. Skulu þeir steyptir niður eða púkkaðir og styrktir með stögum. Hliðstaurar skulu festir á svipaðan hátt og hornstaurar.

Skógargirðingar, sem komið hefur verið upp fyrir gildistöku laganna, eru að minnsta kosti 1 metri að hæð með 6 strengjum gaddavírs eða jafngildar því, skulu skoðast sem löggirðingar, unz þær verða endurbyggðar.

17. gr.

Komist sauðfé eða geitfé inn á skógræktarsvæði, sem girt er löggirðingu, má umsjónarmaður skógræktarsvæðisins taka féð í gæzlu og láta merkja það. Skal hann tafarlaust tilkynna hreppstjóra, hverjir séu eigendur fjárins og hvernig féð sé merkt. Hreppstjóri skal tilkynna þetta eigendum eða umsjónarmönnum fjárins og gefa þeim kost á að vitja þess innan ákveðins tíma. Sé féð ekki hirt, ákveður hreppstjóri, hvar fénu skuli sleppt.

Komist sömu skepnur aftur inn á sama svæði, án þess að snjóalögum verði um kennt, getur umsjónarmaður afhent hreppstjóra fénaðinn og krafizt þess, að hann verði tekinn í örugga vörzlu. Skal þá hreppstjóri láta athuga girðinguna þegar í stað, og fullnægi hún kröfum 16. greinar, eru fjáreigendur skyldir til að taka féð í vörzlu, sem hreppstjóri telur örugga. Sleppi fénaður úr þeirri vörzlu og komist enn inn á sama svæði, getur umsjónarmaður skógarins krafizt þess, að honum verði afhent féð til ráðstöfunar. Hann greiðir eiganda fjárins verð fyrir eftir mati úttektarmanna.

Nú verða óvenjuleg snjóalög, svo að hætta er á, að löggirðingu fenni í kaf. Getur þá umsjónarmaður girðingarinnar tilkynnt fjáreigendum í nágrenni hennar, á hvaða svæði girðingin sé ótrygg vörn, og ber þá fjáreigendum að hafa gætur á fé sínu og halda því frá þessum svæðum, unz girðingin telst fjárheld á ný. Á sama hátt ber fjáreigendum að gera skógareiganda eða umboðsmanni hans aðvart, ef þeir verða þess varir, að skógargirðing sé ótrygg vörn.

Ef um stutt höft á girðingu er að ræða, sem reynslan sýnir að þráfaldlega fara í kaf vegna aðfennis, getur fjáreigandi krafizt þess, að girðingareigandi láti gera höftin fjárheld, ef þess er kostur án óhæfilegs kostnaðar. Rísi ágreiningur um þetta, hafa úttektarmenn úrskurðarvald í þessum málum.

Geti fjáreigandi fært sönnur á, að varzla fjárins hafi valdið honum aukakostnaði, getur hann krafizt þess, að skógareigandi taki þátt í honum allt að helmingi eftir mati dómkvaddra manna.

Sé hreppstjóri eða úttektarmenn eða nánustu vandamenn þeirra við málið riðnir (eigi t. d. eitthvað af fénu), kveður sýslumaður eða bæjarfógeti óvilhallan mann eða menn í þeirra stað.

18. gr.

Heimilt er hreppsnefndum og bæjarstjórnum að ákveða, að ákvæði næstu greinar hér á undan skuli gilda um trjáræktarreiti og garðlönd einstakra manna innan umdæmisins, enda séu þau girt löggirðingu samkvæmt 16. grein.

19. gr.

Taka skal fram í byggingarbréfi gagnvart ábúendum jarða þeirra, sem eru eign ríkisins, að þeim sé skylt að hlífa svo skógi og kjarri á jörðum þessum, að hvorugt rýrni eða eyðist af völdum þeirra á meðan ábúðartími þeirra stendur. Enn fremur það, að ráðherra sé heimilt að taka til friðunar einstök skóg- og kjarrlendi á jörðum þessum á meðan ábúð þeirra stendur, enda lækki þá afgjald jarðanna vegna afnotamissis ábúenda af hinu friðaða landi eftir mati dómkvaddra manna.

20. gr.

Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum eða notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði af skógræktarfé til þess að girða skóglendi eða skóglaust land til þess að rækta á barrskóg með þeim skilyrðum, er hér greinir:

Skógrækt ríkisins leggur til girðingarefni og kemur því á næstu höfn við svæði það, er girða skal. Hún leggur til verkstjóra við uppsetningu girðingarinnar, en eigandi eða nothafi flytur girðingarefni að girðingarstæði á sinn kostnað og leggur til allan þann vinnukraft, sem til þarf til þess að setja upp girðinguna. Skulu þeir og fæða og hýsa verkstjóra endurgjaldslaust. Gera skal samning um girðinguna milli Skógræktar ríkisins annars vegar, en eiganda eða nothafa hins vegar. Skal hann þinglesinn í þeirri þinghá, sem jörðin liggur í, sem kvöð á jörðinni, á kostnað eiganda eða notanda. Skógrækt ríkisins greiði ⅓, en eigandi eða nothafi ⅔ viðhaldskostnaðar á girðingunni fyrstu 15 árin, en að þeim tíma liðnum stendur eigandi eða nothafi allan straum af viðhaldi hennar. Sé skóglaust land tekið til skóggræðslu, greiðir Skógrækt ríkisins helming kostnaðar við gróðursetningu eða sáningu í fyrsta sinn, en eigandi eða nothafi helming á móti. Ef ný gróðursetning er nauðsynleg eða sáning, skal eigandi eða nothafi framkvæma það á sinn kostnað samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra eða skógarvarðar.

Um friðun þessara svæða gilda sömu reglur og um friðun skóglendis, sem um getur í 14.—17. grein.

21. gr.

Nú er skóglendi eða kjarr í bersýnilegri hættu af gróðureyðingu, sem ekki verður stöðvuð nema með fullri friðun skóglendisins, en friðunin svo kostnaðar-

söm, að eigendur eða notendur landsins vilja eða treystast eigi til þess samkvæmt þeim skilyrðum um framlag, sem sett eru í 20. grein, og er ráðherra þá heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að kosta slíka girðingu að öllu leyti, gegn því, að eigendur og nothafar ábyrgist viðhald girðingarinnar og friðun landsins fyrir ágangi. Gera skal um það samning, sbr. 20. grein, enda taki ákvæði síðustu málsgreinar þeirrar greinar einnig til þess skóglendis.

Takist ekki samningar um friðun landsins samkvæmt framansögðu, getur Skógrækt ríkisins tekið skóglendið til fullrar umsjár og friðunar í 20 ár eða lengur, ef þörf krefur. Við afhendingu landsins aftur til landeiganda ber að meta til verðs friðunarárangur þann, sem orðið hefur, og ber landeiganda að greiða matsverðið til Skógræktar ríkisins. Skirrist landeigandi við því, er Skógrækt ríkisins heimilt að taka hluta af skóglendinu sem greiðslu, allt eftir mati dómkvaddra manna.

Alþingi heimilar fé í þessu skyni með sérstakri fjárveitingu, enda liggi fyrir Alþingi tillögur skógræktarstjóra um þessar girðingar ásamt kostnaðaráætlun.

22. gr.

Með samþykki ráðherra er skógræktarstjóra heimilt að leigja einstaklingum, félögum eða stofnunum lönd á erfðafestu innan girðinga Skógræktar ríkisins, gegn því að leigutakar gróðursetji barrskóg í landið samkvæmt fyrirmælum skógræktarstjóra og samningi þeim, sem gera skal við sérhvern leigutaka um gróðursetningu, hirðingu og meðferð lands.

Sá skógur, sem vex á landinu, verður eign leigutaka, en meðferð hans öll og grisjun skal háð fyrirmælum skógræktarstjóra.

Vanefndir á samningi um gróðursetningu og meðferð skógar, sem ekki stafa af ástæðum, sem leigutaka eru óviðráðanlegar, varða missi á erfðafesturéttindum, og fellur þá skógur leigutaka til Skógræktar ríkisins án endurgjalds.

23. gr.

Þeim, sem vilja koma upp trjálundum á jörðum sínum, en eiga ekki kost á styrk samkvæmt 20. grein laga þessara, greiðir ríkissjóður styrk á hvern lengdarmetra girðingar, er nemi 30 hundraðshlutum af girðingarkostnaði gegn eftirfarandi skilyrðum:

1. að land innan girðingar sé minnst 1 hektari;
2. að fyrir liggi yfirlýsing skógræktarstjóra um, að landið sé vel fallið til skógræktar.

24. gr.

Hreppstjórar og skógarverðir skulu, hver í sínu umdæmi, hafa eftirlit með því, hvort farið sé eftir ákvæðum og fyrirmælum um meðferð skóga og kjarrs og hvort brotið sé gegn friðunarákvæðum samkvæmt lögum þessum og þeim reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt 13. grein laganna. Skulu þeir, jafnskjótt og þeir verða þess varir, senda skýrslu um þetta til skógræktarstjóra, sem ákveður, hvað frekar skuli gert í málinu.

IV. KAFLI

Um Skógræktarfélag Íslands.

25. gr.

Skógræktarfélag Íslands er viðurkennt sem samband skógræktarfélaga í landinu.

26. gr.

Styrkur sá, sem veittur er í fjárlögum til skógræktarfélaga, er bundinn því skilyrði, að þau séu deildir í Skógræktarfélagi Íslands.

27. gr.

Ráðherra úthlutar styrknum, að fengnum tillögum skógræktarstjóra og formanns Skógræktarfélags Íslands.

V. KAFLI
Um skógarítök.

28. gr.

Ákvæði V. kafla laga nr. 100 frá 1940, um skógarítök og aflétting þeirra, skulu gilda áfram til ársloka 1955.

29. gr.

Eftir staðfestingu þessara laga er öllum óheimilt að selja, gefa eða láta af hendi ítök í skógum og kjarri, án þess að landið, skógartorfan, fylgi með afsalinu.

VI. KAFLI
Um sektir, málsmeðferð o. fl.

30. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 200—10000 kr., til ríkissjóðs, og fer um mál út af þeim brotum að hætti opinberra mála.

31. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands, og lög nr. 10 frá 13. febr. 1943, um breyting á lögum nr. 100 frá 14. maí 1940, um skógrækt, og lög nr. 58 frá 25. maí 1950, um breyting á sömu lögum, svo og fyrri málsgrein 15. gr. laga nr. 64 frá 23. júní 1932, um kirkjugarða.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Gildandi lög um skógrækt eru frá 14. maí 1940 ásamt tveimur breytingum frá 13. febr. 1943 og 25. maí 1950.

Sum ákvæði gildandi skógræktarlaga eru úrelt orðin, en önnur þurfa breytinga við. Þá hafa og breyttir tímar haft í för með sér nauðsyn nokkurra nýmæla, sem tekin eru upp í frumvarpið og gerð verður grein fyrir hér á eftir, þegar rætt verður um einstaka kafla frumvarpsins.

Frumvarp að nýjum skógræktarlögum lá fyrir Alþingi 1952, en varð ekki útrætt. Næsta búnaðarþing tók málið til meðferðar og kaus tvo menn til þess að ræða frumvarpið við tvo menn tilnefnda af Skógræktarfélagi Íslands og Skógrækt ríkisins. Í þeirri nefnd voru Guðmundur Jónsson, bóndi, Hvítárbakka, og Sigurður Snorrason, bóndi, Gilsbakka, kosnir af búnaðarþingi, og Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmaður, og Hákon Guðmundsson, hæstaréttarritari, tilnefndir af Skógræktarfélagi Íslands og Skógrækt ríkisins.

Urðu nefndarmenn sammála um frumvarpið, en búnaðarþing 1954 gerði nokkrar breytingar á því. Allar óskir búnaðarþings eru teknar til greina í frumvarpinu nema sú, sem fjallar um hæð löggirðinga. Nefndarmenn höfðu orðið sammála um 105 cm hæð löggirðinga, en búnaðarþing óskaði eftir 110 cm hæð með litlum meiri hluta atkvæða. Skógræktarfélag Íslands og skógræktarstjóri telja nokkra annmarka á þessu í framkvæmd og hafa óskað þess, að hæð sú, sem samkomulag varð um, verði lögákveðin.

Um hina einstöku kafla og greinar skal þetta tekið fram:

Tilvísun til hinna ýmsu greina skógræktarlaganna er í samræmi við þær breytingar, sem gerðar hafa verið eftir 1940.

I. kafli.

Á 2. gr. er gerð sú breyting, að forseti Íslands skipi skógræktarstjóra í stað landbúnaðarráðherra. Er menntun sú, sem skógræktarstjóri þarf að hafa samkvæmt lögum þessum, eigi minni en krafizt er af æðstu embættismönnum þjóðarinnar. Orðin „ef þess er kostur“ falla niður.

3. gr. breytist þannig, að í stað ákvæðis um, að skógarverðir skuli að jafnaði vera einn í hverjum landsfjórðungi, komi, að skógarverðir skuli eigi vera færri en einn í hverjum landsfjórðungi. Skógarverðir eru nú alls 8, þar af þrír með hálfum launum, og er því ekki samræmi milli gildandi laga og fjölda skipaðra skógarvarða.

5. gr. Felld hefur verið niður síðasta málsgrein 5. gr., þar sem hún er óþörf eftir að nýju launalögin voru sett.

II. kafli.

6. gr. Ákvæði þessarar greinar hafa verið rýmkuð í samræmi við óskir búnaðarþings. Samkvæmt fyrri lögum var bannað að rjóðurfella skóg, nema græddur yrði upp skógur að nýju á landinu eða öðru jafnstóru svæði, en nýja ákvæðið er þannig, að bannað er að rjóðurfella skóg, nema sá, sem heggur, skuldbindi sig til þess að breyta landinu í tún eða græða upp skóg á öðru svæði jafnstóru og hafa byrjað á því innan tveggja ára.

10. gr. Bætt er við greinina ákvæði um, að öllum, sem um skóglendi fara, sé óheimilt að skerða trjágróður eða skemma hann.

11. gr. fellur niður, þar sem hún er óþörf eftir að 22. gr. frá 13. febr. 1943 var bætt við, og breytist töluröð eftirfarandi greina samkvæmt því.

12. gr. verður 11. gr. Felldur er niður seinasti hluti greinarinnar um skyldu nothafa skógar til þess að höggva endurgjaldslaust ákveðið svæði í skóginum til þess að kynnast, hvernig höggva skuli.

13. gr. fellur niður. Efni hennar felst að mestu í 11. gr. frumvarpsins.

14. gr. verður 12. gr. Orðalagi greinarinnar er breytt lítils háttar.

15. gr. verður 13. gr.

III. kafli.

17. gr. verður 15. gr. Orðalagi greinarinnar er breytt lítils háttar og nánar kveðið á um þau tvö atriði, sem greinin fjallar um.

16. gr. Með lögum nr. 58 frá 25. maí 1950 var bætt inn í kafla þennan nýrri grein, er fjallar um rétt skógareiganda til þess að láta lóga sauðfé eða geitfé, er sækti sérstaklega inn á skógræktarsvæði. Sú grein var mjög þunglamaleg, er til framkvæmda kom, og sætti auk þess gagnrýni búnaðarþings. Gerði búnaðarþing ályktun um, að æskilegt væri, að upp yrðu tekin í lög um skógrækt ákvæði um gerð skógargirðinga, og girðing ekki talin fullgild vörn eða löggirðing, nema þeim ákvæðum væri hlýtt.

Orðalag greinarinnar um rétt skógareiganda til þess að láta lóga fé hlýtur þá að breytast samkvæmt þessu. Búnaðarþing óskaði einnig nokkurrá breytinga að því er varðaði snjóalög og girðingarvörzlu. Ályktun búnaðarþings var rædd á næsta aðalfundi Skógræktarfélags Íslands, og féllst fundurinn á hana með nokkrum breytingum.

Fyrir því hefur verið bætt inn nýrri grein, sem verður 16. gr., um löggirðingar. Er þar að mestu farið eftir óskum búnaðarþings, t. d. með því að lögbjóða 7-þættar gaddavírsgirðingar. Hins vegar er varla ástæða til að lögbjóða hærri girðingar en 105 cm. Nefnd sú, sem fjallaði um málið af hálfu búnaðarþings og skógræktarinnar, kom sér saman um 105 cm hæð á löggirðingum, en búnaðarþing samþykkti síðar, að hæðin yrði 110 cm. Af hálfu Skógræktar ríkisins þykir varhugavert að fara eftir þessu af ýmsum ástæðum, sem skógræktarstjóri mun væntanlega skýra munnlega fyrir landbúnaðarnefnd.

17. gr. (áður 18. gr.) fjallar um, hvernig ráðstafa skuli áleitnu sauðfé eða geitfé, er sæki í skógargirðingar. Helztu breytingar á þeirri grein eru þær, að fjáreigandi getur krafizt þess, að girðingareigandi láti gera stutt höft fjárheld, sem reynslan sýnir að þráfaldlega fara í kaf vegna aðfennis, ef það hefur ekki óhæfilegan kostnað í för með sér. Einnig getur fjáreigandi krafizt þess, að skógareigandi taki að hálfu leyti þátt í þeim aukakostnaði, sem varzla fjárins hefur valdið honum.

Eru viðbætur þessar teknar upp samkvæmt óskum búnaðarþings.

21. gr. (áður 22. gr.). Orðalagi greinarinnar breytt nokkuð, einkum 2. málsgreinar.

22. gr. er nýmæli. Þar er lagt til, að ráðstafa megi á erfðafestu löndum Skógræktar ríkisins til þeirra einstaklinga, félaga eða stofnana, sem vilja taka að sér að rækta barrskóg á landinu. Sá skógur, sem upp vex, verður eign leigutaka eða erfingja þeirra. Tilgangurinn með grein þessari er fyrst og fremst að hvetja þá, sem hafa efni og ástæður til að leggja eitthvað til skógræktar, til þess að koma upp nytjaskógum. Skógrækt ríkisins á víða afgirt svæði, sem ekki mun vinnast tími til að gróðursetja barrvið í á næstu áratugum, en aðalatriðið er, að hér rísi upp barrskógar sem allra fyrst.

Á síðari árum hafa margir einstaklingar sýnt mikinn og lofsverðan áhuga fyrir gróðursetningu barrviða, en þá hefur flesta skort hentug lönd til þess að gróðursetja í, auk þess sem kostnaður við að girða og halda við girðingum er oft umfram það, sem efnahagur manna leyfir. Ódýrast er að girða stór samfelld svæði og skipta þeim svo á milli þeirra aðila, sem vilja gróðursetja skóg.

23. gr. er einnig nýmæli. Á síðari árum hefur fjöldi manna óskað eftir að fá styrk til þess að koma upp smálundum við bæi. Ómögulegt hefur verið að sinna beiðnum þessum, enda tæplega unnt að telja þetta til skógræktar. Hins vegar eru slíkir reitir til mikils menningarauka og heimilisprýði. Hér er aðeins ætlazt til þess, að girðingar þessar verði settar á bekk með jarðræktargirðingum og njóti líkra kjara, að uppfylltum tveimur skilyrðum, sem getið er í greininni.

Grein sú, sem áður var 23. gr., hefur verið felld niður samkvæmt ósk búnaðarþings.

V. kafli.

Kaflinn um skógarítök er framlengdur til ársloka 1955. Þess má þó geta, að flest skógarítök eru fallin niður, þar sem þeim var ekki lýst á tilsettum tíma. Er unnið að því að aflétta hinum, en mjög hefur gengið treglega að fá upplýsingar um flest þeirra. Stafar það einkum af því, hve menn nú telja þau lítils virði.

VI. kafli.

30. gr. Sektir fyrir brot á lögunum hafa verið hækkaðar sakir lækkunar krónunnar.

31. gr. Auk þess, sem nú falla úr gildi fyrri lög um skógrækt, þá er hér og lagt til, að fyrri málsgrein 15. gr. laga nr. 64 frá 23. júní 1932, um ókeypis afhendingu trjáplantna til gróðursetningar í kirkjugarða, falli niður. Ástæðulaust er, að kvöð þessi hvíli lengur á Skógrækt ríkisins, þar sem verð á plöntum fer árlega lækkandi, en reynslan hefur sýnt, að undantekningarlítið verða mikil vanhöld á plöntum, sem látnar eru í té ókeypis.

Ed. 148. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. jan. 1851, um prentfrelsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.
Páll Zóphóníasson. Sig. Ó. Ólafsosn.

Ed. 149. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson. frsm.
Sig. Ó. Ólafsson. Guðm. Í. Guðmundsson.

Nd. 150. Lög [9. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1955 með viðauka.

(Afgreidd frá Nd. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 9.

Nd. 151. Lög [11. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 12. nóv.)

Samhljóða þskj. 11.

Ed. 152. Frumvarp til laga [33. mál]

um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ákvæði í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 153. Frumvarp til laga [91. mál]

um byggingu íbúðarhúsa til útrýmingar herbúðunum o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Sigurður Guðnason.

1. gr.

Ríkisstjórnin skal láta byggja allt að 800 íbúðir, 3—4 herbergja, á árunum 1955 og 1956. Skulu íbúðirnar vera í samstæðum íbúðarhúsum, útbúnar nýtízku þægindum.

2. gr.

Íbúðarhús þessi skulu byggð í þeim bæjum og sveitum, þar sem íslenzkar fjölskyldur hafast enn við í herbúðum. Jafnóðum og þessi íbúðarhús ríkisins eru fullgerð til íbúðar, skal þeim fjölskyldum, er nú búa í herskálunum, boðið að flytja inn í þær, þeim fjölskyldum fyrst, er barnflestar eru og lengst hafa þar búið, og þannig haldið áfram, unz herskálarnir eru tæmdir af því fólki, er úr þeim vill flytja. Skal hver sá herskáli rifinn, er íbúarnir flytja úr.

3. gr.

Næstu 8 ár eftir að fjölskylda hefur flutt inn í íbúðarhús ríkisins skal mánaðarhúsaleiga hennar reiknast 10% af mánaðarkaupi Dagsbrúnarverkamanns.

4. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka nauðsynleg lán til byggingannna, eftir því sem með þarf, og verja af tekjuafgangi ríkissjóð á árunum 1954 og 1955 því, sem á vantar, ef þess gerist þörf.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar. Um leið fellur úr gildi 1. tölul. 1. gr. laga nr. 50 5. apríl 1948, um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl.

Greinargerð.

Í gömlum herskálum, er rífa skyldi fyrir mörgum árum, búa enn yfir 2400 Íslendingar, þar af yfir 900 börn í Reykjavík einni. Herskálarnir eru óþolandi vistarverur, íbúum þeirra til heilsutjóns og andlegs niðurdreps og allri þjóðinni til vansæmdar. Það verður að útrýma þeim og það strax, ef þeir eiga ekki að vinna meira tjón, en þeir þegar hafa gert.

Hefðu lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða frá 1946 fengið að vera í fullu gildi, hefði öllum herskálaíbúðum verið útrýmt á fjórum árum eftir setningu laganna, eða í síðasta lagi 1950. Það er því ríkisvaldinu og þeim flokkum, sem með það hafa farið, að kenna, að þúsundir Íslendinga hafa orðið að þola þá hörmung, að búa í þessum húsakynnum allt of lengi.

Því er rétt, að ríkið bæti tafarlaust fyrir misgerðir sínar, bæði með því að byggja strax yfir alla þá, sem í herskálunum búa, og með því að leigja þeim fyrstu 8 árin í þessum íbúðum með leigukjörum, sem væru sanngjörn og sjálfsögð, ef nokkurt vit væri í fjármálastefnu ríkisins og nokkur meining í aðgerðum hins opinbera gegn dýrtíðinni. Eftir þann tíma ákvæði löggjafinn, hvaða stefnu skyldi hafa í húsnæðismálunum, hvað þessi hús snerti.

Samkvæmt 5. gr. frv. er lagt til að fella úr gildi „bráðabirgða"-breytingu þá, sem eyðilagði lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða. Þegar þau þannig kæmu aftur í fullt gildi, væri ríkið skyldugt til þess að aðstoða bæjar- og sveitarstjórnir til útrýmingar þess heilsuspillandi húsnæðis, sem vondir kjallarar, ófær þakherbergi, gamlir torfbæir og aðrar slíkar vistarverur eru. En t. d. í Reykjavík einni búa í óhæfum kjallaraíbúðum yfir 3000 manns. En þegar bæjar- og sveitarstjórnir hæfust handa með útrýmingu slíks húsnæðis, þá hefði þó ríkið sjálft gengið á undan með stærsta átakið í baráttunni við böl húsnæðisskortsins með útrýmingu „bragga"-íbúðanna samkvæmt þessu frumvarpi.

Nd. 154. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Síðari málsgr. 20. gr. laganna orðist á þessa leið:

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda. Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það eða þau börn fyrir, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi foreldra sinna á jörðinni og hafa mesta möguleika til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, ræður meiri hluti, ella sker skiptaráðandi úr.

2. gr.

Í stað 1. málsl. 29. gr. laganna komi tveir málsl. á þessa leið:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni frá því, er aðalfasteignamat fór fram. Það mat skal framkvæmt af úttektarmönnum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ættarjarðir heita samkvæmt lögunum frá 1943 þær jarðir, sem verið hafa í eigu sömu ættar 75 ár eða lengur, svo og þær jarðir, sem gerðar hafa verið að ættaróðali.

Þessar jarðir eru margar víða um land, og þeim fer eðlilega fjölgandi. En það hafa víða komið fram vissir örðugleikar við eigendaskipti þessara jarða, einkum þegar skipta þarf dánarbúum þeirra eigenda, er eigi hafa ráðstafað jörðinni fyrir

andlát sitt, svo sem lögin gera ráð fyrir. Ákvæði 20. gr. laganna um, að erfðaréttur fari eftir aldri systkina hefur reynzt óheppilegt, og ákvæði 29. gr. laganna um næstum skilyrðislaust fasteignamatsverð, þegar eigendaskipti verða, hefur líka reynzt örðugt í framkvæmd og getur verið ranglátt.

Landbúnaðarnefnd eru þessir annmarkar ljósir, og því flytur hún hér frumvarp um breytingu þessara ákvæða.

Nefndin telur eðlilegt, að þau systkini sitji fyrir erfðarétti á ættarjörðum, sem að staðaldri hafa staðið fyrir búi foreldra sinna eða unnið heima án þess að búa sjálf. Þau hafa alloftast mesta möguleika og mestan vilja til að stunda sjálf búskap á jörðinni áfram. Þetta eru allt eins oft yngri systkini sem eldri. Á þeirri fólksflutningaöld, sem við lifum nú, er miklu tíðara, að eldri systkini flytji burt og hefji aðra atvinnu, ef öll verða fulltíða, áður en foreldrarnir andast.

Um söluverð ættarjarða vill landbúnaðarnefnd eigi hvika frá því ákvæði að miða við fasteignamatsverð jarðarinnar eins og það var, þegar lögin tóku gildi, og eins og það verður, þegar aðalmat fer fram. En um umbætur, sem gerðar eru milli aðalmatsgerða, svo sem byggingar og aðrar framkvæmdir, gegnir mjög öðru máli. Eru þær framkvæmdir oft nýjar og hafa því eigi gefið arð, en mikið fé í þeim fest, sem ekki er réttlátt að skrifa mikið niður við skipti. Leggur nefndin til í 2. gr. þessa frumvarps, að þær séu metnar sérstaklega af úttektarmönnum á hverjum stað, þegar eigendaskipti verða á ættarjörð. Um þá matsgerð gegnir mjög öðru máli en um allsherjar fasteignamat, sem gert er fyrst og fremst vegna skattgreiðslu og því er nauðsynlegt að samræma sem mest um allt land. Matsgerð úttektarmanna á umbótum ættarjarða getur verið framkvæmd að nokkru leyti í samráði við erfingjana og þarf því eigi að vera endilega í samræmi við annað mat. Fastar reglur fyrir þeirri matsgerð þykir því eigi rétt að setja í lög. Svo margvíslegar kringumstæður geta verið fyrir hendi, að treysta verður eingöngu á réttsýni og sanngirni úttektarmanna á hverjum stað.

Nánari grein þykir landbúnaðarnefnd eigi þörf að gera fyrir þessu frumvarpi.

Sþ. 155. Tillaga til þingsályktunar [93. mál]

um ráðstafanir til lækkaðrar dýrtíðar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita þegar samninga um lækkað verðlag við Samband íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, Samband smásöluverzlana, Eimskipafélag Íslands, Félag íslenzkra iðnrekenda, Sláturfélag Suðurlands, Stéttarsamband bænda og aðra hliðstæða aðila, sem áhrif geta haft á verðlag í landinu, og freista þess að fá þá til að lækka alla álagningu í heildsölu og smásölu og gera ráðstafanir til að draga úr hvers konar milliliðakostnaði, sem nú á þátt í hærra verðlagi en brýn nauðsyn krefst.

Skal í samningum þessum lögð höfuðáherzla á, að verðlagi sé haldið eins lágu og mögulegt er á öllum helztu nauðsynjavörum landsmanna.

Kostað sé kapps um, að samningum þessum geti verið lokið fyrir næstu áramót.

Greinargerð.

Þegar mynduð var ríkisstjórn í Finnlandi fyrir skemmstu, var það eitt af aðalatriðunum í stefnuyfirlýsingu stjórnarinnar, að hún ætlaði sér að leita ýmissa úrræða til að lækka verðlag í landinu með frjálsum samningum við þá aðila, sem áhrif hafa á verðlagið.

Um líkt leyti, og þó nokkru fyrr, hófst norska stjórnin, undir forustu Óskars

Torp forsætisráðherra, handa og byrjaði samninga við forustumenn 15 áhrifamikilla félagasamtaka í verzlun, iðnaði og landbúnaði um, að þeir skyldu þegar gera allar tiltækar ráðstafanir til að draga úr hvers konar kostnaði við framleiðslu og dreifingu nauðsynjavara. Samtímis hreyfði forsætisráðherrann málinu í Stórþinginu og fór þess á leit við alla stjórnmálaflokkana, að þeir styddu stjórnina á hvern þann hátt, er þeir gætu, í viðleitni hennar við að þrýsta verðlaginu niður án þess að beita höftum eða lögbundnum verðlagsákvæðum. Hlaut sú málaleitun forsætisráðherrans einróma undirtektir, og hétu allir flokkarnir stjórninni fyllsta stuðningi sínum í þessu máli. Hafði forsætisráðherrann sjálfur forgöngu um samningana, og tilkynntu blöðin skömmu síðar, að samkomulag hefði þegar náðst um lækkað verðlag á ýmsum vörutegundum. — Fyrsti árangurinn var stórfelld lækkun á unnum kjötvörum.

Lítur þannig út fyrir, eftir seinustu fréttum að dæma, að þessi leið í dýrtíðarmálunum ætli að gefast ágæta vel í Noregi, og virðist því sjálfsagt að reyna hana einnig hér.

Verðlag hér á landi hefur farið hækkandi þrátt fyrir heldur lækkandi verðlag á heimsmarkaðinum seinustu 12—18 mánuðina. Einkum hefur verð hækkað allískyggilega í haust, bæði á vörum og þjónustu. Getur ekki hjá því farið, að slíkum verðhækkunum fylgi almenn hækkun kaupgjalds og embættislauna. Og víst er um það, að haldi verðlag áfram að hækka, hlýtur það innan stundar að valda atvinnuvegunum vaxandi erfiðleikum og gæti jafnvel gert þá ósamkeppnishæfa á erlendum mörkuðum.

Hér er því full ástæða til að stinga við fótum, og með einhverjum ráðum verður að koma í veg fyrir verðhækkanir hér á landi, þegar verðlag fer lækkandi í viðskiptalöndum okkar.

Þegar ekki eru í gildi lögskipuð verðlagsákvæði, er ábyrgðin í verðlagsmálum í rauninni lögð á herðar kaupsýslumönnum og atvinnurekendum. Ef þeir reynast ekki þeirri ábyrgð vaxnir, er varla um annað að ræða en að hverfa að ströngum verðlagsákvæðum á ný. Það væri þó ánægjulegra að öllu leyti, ef unnt reyndist með frjálsum samningum að halda verðlagi á vörum og þjónustu innan hóflegra takmarka.

Nokkur innlend reynsla styður líka þá skoðun, að rétt sé að reyna hina frjálsu samningaleið, áður en lagaboði er beitt í verðlagsmálum. Er hér átt við samningana um lausn vinnudeilunnar miklu í desember 1952. En þeir samningar leiddu til verulegrar verðlækkunar á ýmsum nauðsynjum og mörkuðu raunar gleðileg tímamót í dýrtíðarmálunum hér á landi.

Einn liður í því samkomulagi var sá, að Samband ísl. samvinnufélaga, Samband smásöluverzlana og Verzlunarráð Íslands skuldbundu sig til vissrar hámarksálagningar á nokkrum tegundum álnavöru svo og á búsáhöldum og leir- og glervöru. Vegna þessarar skuldbindingar var innflytjendum gert að skyldu að skila verðútreikningum yfir hinar samningsbundnu vörutegundir, og hefur verðgæzlan síðan fylgzt með verðinu.

Skýrir verðgæzlustjóri svo frá í seinustu skýrslu sinni, að athugaðar hafi verið á árinu 1953 60 vefnaðarvörusendingar með samningsbundinni álagningu. 51 þessara sendinga var flutt inn af heildsölum og 9 sendingar beint af smásölum. Reyndist meðalheildsöluálagning fyrrnefndu sendinganna 9.8% og meðalálagning á 9 síðarnefndu sendingarnar 27.9%. Einnig voru athugaðar 20 sendingar af vefnaðarvöru á skilorðsbundnum frílista, með samningsbundinni álagningu. Voru þær allar innfluttar af heildsölufyrirtækjum, og reyndist meðalálagningin á þær 10.5%. Smásöluálagning á þessar sendingar var athuguð í 19 tilfellum, og reyndist hún vera 27.9% að meðaltali. Enn fremur voru athugaðar 10 sendingar af ullarefnum, allar innfluttar af heildsölum með samningsbundinni hámarksálagningu, og reyndist meðalálagningin 10.4%. Álagning á þessar vörur var athuguð í 6 tilfellum, og var meðalálagningin 24.6%.

Af búsáhöldum og leir- og glervörum voru athugaðar 17 sendingar með samningsbundinni álagningu. 10 þessara sendinga voru innfluttar af heildsölum, en 7 af smásölum. Á þeim 10 sendingum, sem innfluttar voru af heildsölufyrirtækjum, reyndist meðalheildsöluálagningin vera 19.3%. Smásöluálagning á þessar 10 sendingar var athuguð í 6 tilfellum, og reyndist meðalálagningin vera 36.5%. Álagningin á þær 7 sendingar, sem innfluttar voru beint af smásölum, reyndist vera 57.7%. Af alúmíníum-búsáhöldum, innfluttum af heildsölufyrirtækjum, voru athugaðar 4 sendingar, og reyndist meðalálagningin vera 10.1%. Smásöluálagning var athuguð í tveimur tilfellum og reyndist vera 32.0%.

Af ósamningsbundnum vefnaðarvörum voru á sama hátt athugaðar 60 sendingar á árinu 1953. Voru 46 sendinganna fluttar inn af heildsölufyrirtækjum, en 14 af smásöluverzlunum. Reyndist meðalheildsöluálagningin á fyrrnefndu sendingarnar vera 17.7%, en meðalálagning á 14 síðarnefndu sendingarnar 44.5%. Munar þannig miklu, hversu hin ósamningsbundna álagning er hærri en á þeim vörum, sem lúta umsaminni hámarksálagningu síðan haustið 1952.

Þessi reynsla vísar veginn. Mætti áreiðanlega lækka dýrtíðina til mikilla muna, ef ríkisstjórnin gengi af dugnaði til slíkra samninga og boðaði strangt eftirlit og lögboðin verðlagsákvæði, ef frjálsir samningar bæru ekki tilætlaðan árangur. — Vissir þættir dýrtíðarinnar verða að vísu alls ekki kveðnir niður með lagaboði, hversu vel sem því væri framfylgt. Þess eðlis er t. d. húsaleiguokrið, þar sem það er verst. Gegn því dugir ekkert nema stóraukið íbúðarhúsnæði.

Ríkisstjórnin hefur góða aðstöðu til samninga við flesta þá aðila, sem nefndir eru í þessari tillögu. En ef sú aðstaða verður ekki notuð til þess að knýja niður verðlag í landinu, er alveg víst, að ný verðhækkunar- og kauphækkunaralda skellur yfir, áður en langt um líður. Verkfræðingadeilan ætti fyrir löngu að vera búin að sannfæra ríkisstjórnina um það, að mikil hækkun launa samkvæmt launalögum er óumflýjanleg að öllu óbreyttu. Mikil og almenn verðlækkun gæti ein gert það vandamál nokkru auðleystara.

Það er að mestu undir dugnaði og einbeittum vilja ríkisstjórnarinnar komið, hvaða árangur verður af þessari tillögu. Hitt er engum vafa bundið, að tillagan bendir á affarasæla og vel færa leið í dýrtíðarmálunum. Verði tillagan felld og leið hinna frjálsu samninga ekki reynd, verður áreiðanlega ekki komizt hjá mikilli hækkun launa samkvæmt launalögum og almennum kauphækkunum samkvæmt stéttarfélagasamningum.

Það má því segja, að enn þá eigi ríkisstjórnin kost á því að velja um leiðir í verðlags- og kaupgjaldsmálum, en óvíst er, að tækifærið bíði lengi við dyr stjórnarráðsins, ef því verður engu sinnt.

Nd. 156. Frumvarp til laga [94. mál]

um iðnskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms, og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi:

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI

Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiriháttar atriði, er skólana varða.

6. gr.

Hverjum skóla stjórnar skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, hreppur eða sýsla, kýs bæjarstjórn, hreppsnefnd eða sýslunefnd 2 nefndarmenn hlutbundinni kosningu á 1. fundi eftir kosningar. Ef 2 sýslur eða fleiri, 2 hreppar eða fleiri standa að sama skóla, kýs hver sýslunefnd eða hver hreppsnefnd einn nefndarmann. Iðnaðarmannafélag hlutaðeigandi staðar kýs jafnmarga menn til sama tíma.

Ráðherra skipar formann nefndarinnar til sama tíma.

Verksvið skólanefndar skal ákveðið með erindisbréfi, er ráðherra setur.

Þegar iðnskóli er deild innan gagnfræðaskóla, skulu hlutaðeigandi iðnaðarmannafélög eða iðnsamband tilnefna einn fulltrúa í skólanefnd eða fræðsluráð viðkomandi gagnfræðaskóla.

III. KAFLI
Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:
1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla, þegar tala nemenda er 60 og fleiri.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, skal iðnskólinn vera sem sérstök deild innan gagnfræðaskóla.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í stofn- og rekstrarkostnaði samkvæmt 1. og 2. tölulið er hundin því skilyrði, að fullnægt sé ákvæðum, er gilda hverju sinni, um árlegan starfstíma skóla og lágmarkstölu nemenda í deildum gagnfræðastigsskólanna.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. greinar. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- eða sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum, svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum. Stofnkostnaður iðnskóla greiðist eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum, enda sé tryggt framlag á móti.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiði gjöld vegna þeirra eftir því sem ráðherra ákveður eftir tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

10. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI
Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar,

burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI
Kennarar.

14. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um lengd skólatímans í heild og lengd árlegs skólatíma, um kennslu í skólunum, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Í erindisbréfi, er ráðherra setur, skal kveða á um verksvið skólastjóra og kennara.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt numin úr gildi öll ákvæði, er fara í bága við þau.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ríki og sveitarfélög gerist aðilar að stofn- og rekstrarkostnaði iðnskólanna á sama hátt og gagnfræðastigsskólanna. Þykir ekki lengur hlýða, að iðnfræðslan standi með öllu utan við skólakerfið og búi við lakari kost en aðrir sambærilegir skólar af hálfu opinberra aðila.

Með framkvæmd gildandi skólalöggjafar, þ. e. lengingu skólaskyldu og fjölgun skóla, sem veita svo að segja hverju ungmenni tækifæri til miðskólaprófs og gagnfræðanáms, verður það hagkvæmt einstaklingum og sjálfum skólarekstrinum að skipa svo þessum málum, að kennsla í iðnskólum falli að skólakerfi því, sem nú er. Þess vegna er miðskólapróf gert að inntökuskilyrði í iðnskóla. Með ákvæðum frumvarpsins um inntökuskilyrði er krafizt mun meiri undirbúningsmenntunar en verið hefur. Það ætti að tryggja betri menntun iðnaðarmanna og gefa meira tóm til þess að sinna hagnýtu sérnámi iðnskólans en verið hefur.

Inntökuskilyrðið veitir iðnskólunum samstöðu með gagnfræðaskólum, þ. e. fjórða bekk gagnfræðastigsins. Það er því eðlilegt og hagkvæmt, að smærri iðnskólar geti starfað innan gagnfræðaskólanna sem ein grein hagnýtra fræða. Iðnskólinn gæti

engu að síður haldið nafni sínu og eðli — og eru iðnaðarmönnum tryggð áhrif á skólahaldið með því að eiga fulltrúa í skólanefnd viðkomandi gagnfræðaskóla. Þessi tengsl gagnfræðaskólanna og iðnskólanna myndu hafa í för með sér mikinn sparnað í stofnkostnaði og einnig í rekstrarkostnaði. Þá veitir þetta aukin tækifæri þeim, sem miðskólaprófi ljúka til hagkvæms framhaldsnáms, sem beinir braut til atvinnu. Hinir stærri iðnskólar, sem hefðu 60 nemendur eða fleiri, væru aftur á móti sjálfstæðar stofnanir í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Eins og nú horfir myndu slíkir skólar verða 2—3, þ. e. í Reykjavík, Akureyri og ef til vill á einum stað til. Skilyrði fyrir lögmætri hlutdeild ríkissjóðs í skólakostnaðinum eru hin sömu og í gagnfræðastigsskólum.

Rétt þótti að tryggja það, að hlutur þeirra iðnskóla, sem nú eru starfandi og ekki geta fullnægt þessum lágmarksskilyrðum, þ. e. um nemendafjölda miðað við árlegan starfstíma skóla, yrði ekki rýrður frá því, sem nú er. Þess vegna er gert ráð fyrir, að þá iðnfræðslu megi styrkja á sama hátt og verið hefur.

Í frumvarpinu er því slegið föstu, að iðnskólar þeir, sem fullnægja áðurnefndum lágmarksskilyrðum, skulu kostaðir sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Eins og kunnugt er hafa engin slík ákvæði gilt áður um þessa tegund skóla. Má í þessu sambandi benda á það, að ríkið kostar bændaskólana, garðyrkjuskólann, sjómannaskólann, vélstjóraskólann og alla embættismannaskólana. Starfsstéttir þær, sem þessa skóla sækja, til þess að hljóta þar menntun og réttindi til ákveðinna lífsstarfa, þurfa ekkert fram að leggja til skólahaldsins.

Hér er ekki gengið lengra en það, að ríkið taki að sér skólakostnaðinn á móti sveitarfélögum á sama hátt og gagnfræðastigsskólana. Sjálfsagt er að iðnskólarnir lúti að öðru leyti sömu reglum um réttindi og skyldur, sem þeir skólar.

Ed. 157. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra,

er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1955 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf tryggingnefndar, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf tryggingnefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1.—4, skulu vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 6528.00
      Á 2. — ..... — 4896.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 4080.00
      Á 2. — ..... — 3060.00
2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 2400.00
   Á 2. — ..... — 1800.00
3. Árlegar fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 1200.00
   Á 2. — ..... — 900.00
4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3 mán., eftir lát maka ..... kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ..... — 450.00 - —
5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 2448.00
   Á 2. — ..... — 1836.00
6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 18.00 á dag.
      Á 2. — ..... — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 15.00 - —
      Á 2. — ..... — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

7. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu málsgr. 23. gr. laganna.

8. gr.

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Vanræki framfærslusveit að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

9. gr.

Ákvæði 28. gr. laganna skulu aðeins taka til þeirra fráskilinna kvenna, sem fengið hafa fullan lögskilnað.

10. gr.

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gift hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dveljist þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnunin barnalífeyri þennan.

11. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

12. gr.

Auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna skal greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.
Á 2. — með 2. barni — 300.00, með 3. barni — 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur, og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðast án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin

nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

13. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

14. gr.

Til ársloka 1955 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

15. gr.

Tryggingarráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

16. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

17. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

18. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

19. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur samkv. 57. gr. laganna:
   a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkvæmt sama lið kr. 4080.00.
   b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400.00 á ári.

c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir um systkini, sbr. 5. tölul.
d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

20. gr.

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a-, c- og d-lið 3. töluliðs 19. greinar, greiða þessar grunnupphæðir:

1. Til ekkju eða ekkils skv. fyrri málslið a-liðs ..... kr. 14000.00
2. Til uppkomins barns eða systkinis skv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu ..... kr. 2000.00 til — 6000.00
3. Til foreldris skv. d-lið ..... — 2000.00 — — 6000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 3. töluliðs 19. greinar, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

21. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkv. 53. gr. laganna, einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

22. gr.

Barnalífeyrir samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

23. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

24. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1956, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

25. gr.

Til þess tíma, er 24. gr. segir, skal III. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.

2. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasam'aga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.
3. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 17. gr., ef ákvæði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
4. Ákvæði 2. mgr. 39. gr. taka ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 72 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

26. gr.

Til ársloka 1955 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

27. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal, í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og hlutaðeigandi héraðsstjórn, láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum.

IV. KAFLI

28. gr.

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árið 1955:

1. Árleg iðgjö'd hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 455.00
      Á 2. — ..... — 365.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 410.00
      Á 2. — ..... — 330.00
   c. Ógiftar konur:
      Á. 1. verðlagssvæði ..... — 305.00
      Á 2. — ..... — 245.00

2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 5.45 á viku.
   Á 2. — ..... — 4.10 - —
3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   12.6 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   20.4 millj. kr.

29. gr.

Auk þeirra, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna samkvæmt 105. gr. laganna, skulu þegnar þeirra ríkja, sem hafa gagnkvæmissamninga um tryggingar við Ísland og búsettir eru hér á landi, einnig greiða iðgjöld til almannatrygginganna. Ráðherra ákveður iðgjaldaupphæð þeirra.

30. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 28. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

31. gr.

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

32. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

33. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1955, að fella niður af iðgjö'dum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104/1943.

34. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar því er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

35. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á

rekstri tryggínganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 28. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

36. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

37. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

38. gr.

Til ársloka 1955 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðssstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

39. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

40. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

41. gr.

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1955.

42. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

43. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1953 og lög nr. 50/1954.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ýmis veigamestu ákvæði laganna um almannatryggingar falla úr gildi við lok þessa árs, svo sem ákvæði 22. gr. viðaukalaganna, nr. 38 frá 1953, um frestun á framkvæmd heilsugæzlu, ákvæði 26. gr. sömu laga, um iðgjaldaupphæðir, framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða, ákvæði 38. gr. sömu laga, um skerðingu lífeyris vegna tekna, og fleiri ákvæði varðandi framkvæmd tryggínganna, sbr. nefnd viðaukalög nr. 38 frá 1953.

Ríkisstjórnin ákvað að skipa 5 manna nefnd til þess að endurskoða löggjöfina um almannatryggingar í heild. Var þessi nefnd skipuð af félagsmálaráðherra hinn 7. maí s. l.

Nefnd þessi skal sérstaklega:

1. Athuga gaumgæfilega fjárhagslegan grundvöll tryggginganna.
2. Hafa við endurskoðunina til hliðsjónar samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 102 frá 1952, um lágmarksákvæði almannatrygginga, svo og samninga aðildarríkja Evrópuráðsins um almannatryggingar.
3. Leita umsagnar og tillagna hjá bæjarstjórnum og hreppsnefndum í landinu, svo og öðrum þeim aðilum, sem nefndin álítur gagnlegt að hafa samráð við um tryggingalöggjöfina og framkvæmd hennar.

Að rannsóknum sínum loknum skal nefndin semja frumvarp til heildarlaga um almannatryggingar, og skal því skilað til ríkisstjórnarinnar svo fljótt sem kostur er.

Nefnd þessi tók til starfa í maí s. l.

Það er augljóst af því, sem hér hefur verið greint frá um verkefni þessarar nefndar, að enginn möguleiki er á því, að hún fái lokið störfum og skilað heildarfrumvarpi til laga um almannatryggingar svo tímanlega til ríkisstjórnarinnar, að það gæti orðið að lögum, þegar áðurnefnd þýðingarmikil ákvæði viðaukalaganna falla úr gildi, eða nú fyrir áramótin.

Nefndin hefur því undanfarið unnið að undirbúningi þessa lagafrumvarps, sem hér liggur fyrir.

Með frumvarpi þessu er m. a. lagt til, að ákvæði þau, sem falla úr gildi 31. des. n. k., verði áfram í gildi til 31. desember 1955. Nefndin gerir ráð fyrir því, að hafa skilað umræddu frumvarpi til heildarlaga um almannatryggingar áður en reglulegt Alþingi 1955 kemur saman.

Inn í þetta frumvarp er fellt ákvæði laga nr. 50 frá 1954, um bætur vegna dánarslysa lögskráðra sjómanna, sbr. 20. gr. frv.

Að öðru leyti er frumvarp þetta í meginatriðum samhljóða lögum nr. 38 frá 1953, um breyting á lögum nr. 50 frá 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Þar eð flestar greinar þessa frumvarps eru samhljóða tilsvarandi greinum laga nr. 38 frá 1953, þykir yfirleitt ekki þörf athugasemda um einstakar greinar frumvarpsins.

Áður er gerð grein fyrir því, að ákvæði laganna nr. 38 frá 1953, sem eru tímabundin og miðuð við 31. desember 1954, eru í frumvarpi þessu framlengd um eitt ár til 31. desember 1955.

I.

Nýmæli er í 9. gr. frumvarpsins. Samkvæmt grein þessari er lagt til, að ákvæði 28. gr. laga nr. 50 frá 1946 verði framvegis takmörkuð við þær einar fráskildar konur, sem fengið hafa fullan lögskilnað. Ef grein þessi verður að lögum, eiga konur, sem aðeins hafa leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, ekki rétt til þess, að Tryggingastofnunin greiði þeim barnalífeyri, en til þessa hafa ákvæði 28. gr. einnig verið látin taka til þeirra. Reynslan hefur leitt í ljós, að oft er erfitt fyrir Tryggingastofnunina að fá slíkan barnalífeyri endurgreiddan, vegna þess, að því er af framfærslusveit haldið fram, að lögfylgjur skilnaðar að borði og sæng séu fallnar niður og þar með rétturinn til að krefja framfærslusveit, t. d. þegar hlutaðeigandi hjón hafa tekið upp samvistir á ný. Tryggingastofnunin telur, að skipulegt eftirlit af hennar hálfu í þessu efni hlyti að vera mjög umfangsmikið og kostnaðarsamt og þó óvíst um árangur. Þykir því rétt að takmarka rétt fráskilinna kvenna á hendur Tryggingastofnun ríkisins við þær konur einar, sem fengið hafa fullan lögskilnað. Rétt kvenna, sem hafa skilnaðarleyfisbréf að borði og sæng, til barnalífeyris hjá viðkomandi dvalarsveit gegn endurgreiðslu frá framfærslusveit

fóður mun þurfa að tryggja með breytingu á framfærslulögum. Ef ákvæði þetta verður að lögum, mun ríkisstjórnin hlutast til um þessa breytingu á framfærslulögunum.

II.

Ákvæði 21. gr. frumvarpsins svarar til 19. gr. laga nr. 38 frá 1953, en er þó nokkuð breytt. Tilgangurinn með þessari breytingu er að takmarka áhættu þá, sem Tryggingastofnun ríkisins tekst á hendur samkvæmt greininni, við þau ein slys, sem gefa rétt til greiðslu slysadagpeninga. Tryggingastofnuninni er þannig ekki ætluð áhætta vegna slysa, sem orsaka óvinnuhæfni skemur en 10 daga. Ef um er að ræða óvinnuhæfni í 10 daga eða lengur, hefur Tryggingastofnunin áhættu þá, sem greinir fjallar um. Samkvæmt nýlega uppkveðnum dómi í Hæstarétti var ákvæði 19. gr. laga nr. 38 frá 1953 skýrt án umræddrar takmörkunar. Breytingu þeirri, sem felst í frumvarpsgreininni, er ætlað að koma í veg fyrir, að Tryggingastofnunin beri áhættu samkvæmt greininni vegna slysa, sem eigi hafa í för með sér óvinnuhæfni í a. m. k. 10 daga.

III.

Við 25. gr. frumvarpsins er þetta að athuga:

a. Nú hafa sjúkrasamlög verið stofnuð alls staðar þar, sem lög gera ráð fyrir. Fyrsti tölul. 23. gr. laga nr. 38 1953 er því felldur niður úr frumvarpinu.

b. Á eftir 3. tölul. er nýr töluliður varðandi þá, sem öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi samkvæmt milliríkjasamningi. Sem dæmi má nefna milliríkjasamning milli Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, um flutning milli sjúkrasamlaga og um sjúkrahjálp vegna dvalar um stundarsakir, sem gerður var 20. júlí 1953. Hér er um að ræða sjúkrahjálp samkvæmt III. kafla samningsins. Samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laga nr. 104 frá 1943 á tryggður maður, sem er á ferðalagi utan umdæmis síns sjúkrasamlags, rétt til sjúkrahjálpar frá samlagi sínu, ef hann veikist. Með nefndum milliríkjasamningi hefur honum nú verið tryggður réttur á hendur sjúkrasamlagi í dvalarlandinu til greiðslu læknishjálpar og sjúkrahúsvistar.

Rökrétt afleiðing af þessu er, að niður falli skylda samlagsins í heimalandinu til að greiða þessa sjúkrahjálp. Danir, Norðmenn og Svíar eiga rétt til sjúkrahjálpar hér, ef þeir veikjast meðan þeir dvelja hér. Íslendingar, sem veikjast meðan þeir dveljast í Danmörk, Noregi eða Svíþjóð, eignast tilsvarandi rétt þar, og mættu því skoðast tvítryggðir, ef þeir einnig ættu rétt til að krefja íslenzkt samlag vegna veikinda, sem danskt, norskt eða sænskt samlag á að standa straum af samkvæmt samningnum. Reglan, sem þessi töluliður fjallar um, mun raunar mega teljast í gildi samkvæmt 137. gr. almannatryggingalaganna. Umræddur töluliður breytir því ekki gildandi lögum, en er skotið inn í greinina til skýringar og ábendingar.

IV.

Ákvæði 27. gr. frumvarpsins fjallar um athugun á vinnugetu öryrkja og svarar til 25. gr. laga nr. 38 frá 1953, en er nokkuð breytt. Breytingin er í því fólgin, að gert er ráð fyrir samstarfi þriggja aðila um þessa athugun í stað Tryggingastofnunarinnar einnar. Eðlilegt má telja, að fleiri aðilar en Tryggingastofnunin standi að þessari athugun, svo að sjónarmið hennar sem bótagreiðanda komi ekki ein til álita. Er því lagt til, að athugun þessi verði framkvæmd í samvinnu við hlutaðeigandi héraðsstjórn og félagsmálaráðuneytið.

Nú þegar er hafin athugun á vinnugetu öryrkja í Reykjavík á vegum félagsmálaráðuneytisins, Tryggingastofnunarinnar og Reykjavíkurbæjar.

V.

Í sambandi við 28. gr. er ástæða til að taka þetta fram:

Samkvæmt fjárhagsáætlun Tryggingastofnunar ríkisins fyrir árið 1955 er gert ráð fyrir, að heildarútgjöld verði 126.5 milljónir króna. Heildartekjur stofnunarinnar eru hins vegar ekki áætlaðar nema 118 milljónir króna. Hvort tveggja er miðað við vísitölu 158. Reksturshalli er þannig áætlaður 8.5 milljónir króna.

Eftirstöðvar tryggingasjóðs voru um 12 millj. króna í árslok 1952. Á árinu 1953 var hallinn ca. 2 millj. króna og á yfirstandandi ári mun samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins mega gera ráð fyrir ca. 5 millj. króna halla. Samkvæmt þessu verða eftirstöðvar tryggingasjóðs nú um áramótin ca. 5 millj. króna. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1955, sem nú hefur verið lagt fyrir Alþingi, er lagt til, að ríkissjóður greiði Tryggingastofnun ríkisins 5 millj. króna aukaframlag á árinu 1955. Nefndin leggur til, að iðgjöldin verði óbreytt þetta eina ár. Nefndin telur, að ekki sé fært að láta tryggingasjóð bera meira en ca. 2 millj. króna af áætluðum halla ársins 1955. Hún leggur því til, að aukaframlag ríkissjóðs fyrir árið 1955 verði hækkað um 1.5 millj. króna í 6.5 millj. króna.

VI.

Ákvæði 29. gr. frumvarpsins eru nýmæli. Greinin fjallar um tryggingarskyldu þeirra erlendra manna, sem öðlazt geta rétt til bóta samkvæmt gagnkvæmissamningum. Greinin þarfnast annars ekki skýringa.

VII.

Ákvæði 2. mgr. 40. gr. laga nr. 38 frá 1953, um útgáfu handbókar, þykir mega falla niður að þessu sinni, þar eð almannatryggingalögin eru í endurskoðun.

VIII.

Bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/1953 á nú ekki lengur við og er því ekki tekið upp í frumvarpið.

Nd. 158. Frumvarp til laga [96. mál]

um breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vill maður fá girt uppblásturssvæði, sand, mel eða annað gróðurlaust land í landareign sinni, og sendir hann þá Búnaðarfélagi Íslands beiðni um það og lætur fylgja ýtarlegar skýrslur um aðstæður allar. Lætur þá félagið sandgræðslustjóra athuga landið og gera tillögur um framkvæmd verksins, áætlun um kostnað og annað, sem að því lýtur, og tekur það síðan, að framförnu mati á landsvæðinu, ákvörðun um málið. Kostnaður af girðingu, græðslu og viðhaldi svæðisins skal að ⅔ greiddur úr ríkissjóði, en ⅓ af landeiganda, og skal fullnægjandi trygging, að dómi Búnaðarfélags Íslands, sett fyrir því, að landeigendur greiði sinn hluta kostnaðar. Arður af sandgræðslusvæðinu skal ganga upp í kostnað við sandgræðsluna, þar til afhending hefur farið fram samkvæmt 10. gr., enda hafi hvorki landeigandi né ábúandi umráðarétt eða afnota af landinu.

2. gr.

Í stað „foksvæðið“ í 9. gr. laganna komi: sandgræðslusvæðið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Ræktun landsins er eitt af hinum mikilvægustu þjóðmálum, enda ofarlega á baugi með þjóðinni. Með ræktun er bætt aðstaða þeirra, er búskap stunda, og aukin ræktun er undirstaða að fjölgun býla í samræmi við vaxandi fólksfjölda í landinu.

Sandgræðsla er merkilegur og mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu. Fátt er ánægjulegra en að sjá sandauðn breytast í grænar grundir. Stækkun landsins á þann hátt er starf, sem komandi kynslóðir eiga að njóta ávaxta af.

Á sviði sandgræðslunnar hefur verið unnið stórvirki að undanförnu í sumum héruðum landsins með því að koma í veg fyrir uppblástur og græða gömul sár. Þekking manna vex og reynsla í starfi og árangurinn á þessu sviði að sama skapi. Á síðustu árum hafa íslenzkir menn lært að hagnýta í þessu skyni erlendar jurtir, sem ætla má að reynist mjög gagnlegar við að auka gróður landsins og geta jafnvel orkað því að beina straumlitlum vötnum í vissa farvegi.

Lög þau, er nú gilda um sandgræðslu og heftingu sandfoks, mæla einungis fyrir um það, að unnið sé að sandgræðslu á vegum ríkisins á svæðum, þar sem uppblástur lands á sér stað, til þess að koma í veg fyrir hann og græða foksvæðin.

Það nýmæli felst í frumvarpi þessu, að starfsemi sandgræðslu ríkisins er ætlað víðara svið en verið hefur. Samkvæmt frumvarpinu skal sandgræðslunni heimilt að girða og græða sanda, mela eða annað gróðurlaust land, ef þess er óskað af landeiganda, þótt þar sé ekki hætta á uppblæstri og gróðurleysið stafi ekki af sandfoki, heldur öðrum ástæðum.

Í sumum héruðum landsins eru stór svæði sanda og mela, sem telja má víst að auðvelt sé að breyta í gróðurlendi.

Með frumvarpi þessu er að því stefnt, að sandgræðsla ríkisins hafi aðstöðu til að færast enn meira í fang en verið hefur við hið gagnlega starf að auka gróður landsins.

Ed. 159. Nefndarálit [74. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71 24. apríl 1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja fjórir nefndarmenn til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (PZ) er andvígur málinu.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Hermann Jónasson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 160. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og l. um breyt. á þeim. l., nr. 99 1950 og nr. 87 1952.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Lög um stýrimannaskólann, þau er nú gilda, eru, eins og að ofan greinir, frá 1945, 1950 og 1952. Í frv. er gert ráð fyrir breytingum á þeim öllum og síðan verði lögin frá 1945 gefin út með áorðnum breytingum. Breytingarnar í 1.—3. gr. frv. eru, að skólinn heyri undir samgöngumálaráðuneytið, en svo hefur verið í framkvæmd undanfarið.

Í 4. gr. frv. er lagt til, að úrelt ákvæði sé fellt niður.

Í 5. gr. frv. er lagt til, að kennaraembættum við skólann verði fjölgað um eitt, svo að þá verða fastakennarar fimm, fjórir í siglingafræði og einn í tungumálum.

Í 6. gr. er lagt til, að ákvæði um djúpmæla falli niður.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Einn nefndarmanna, Bernharð Stefánsson, var fjarstaddur sökum veikinda, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 15. nóv. 1954.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ingólfur Flygenring, frsm.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Sþ. 161. Nefndarálit [65. mál]

um till. til þál. um lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og mælir með, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Emil Jónsson.	Karl Guðjónsson.	Sig. Ágústsson.
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Sþ. 162. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um gistihús í landinu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa og mælir með því, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillgr. orðist svo:

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á gistihúsaþörf í landinu og undirbúa, í samráði við Ferðaskrifstofu ríkisins, fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur, er miði að því að greiða fyrir stofnun gistihúsa og tryggja rekstur þeirra.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Emil Jónsson.	Karl Guðjónsson.	Sig. Ágústsson.
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Sþ. 163. Nefndarálit [43. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa þingsályktunartillögu og leggur til, að hún verði samþykkt.

Alþingi, 12. nóv. 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Sig. Ágústsson.
Emil Jónsson.	Karl Guðjónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.
	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Sþ. 164. Fyrirspurnir. [97. mál]

I. Til landbúnaðarráðherra um rannsókn byggingarefna.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma þingsályktun um rannsókn byggingarefna, er samþykkt var á Alþingi 3. marz 1954?

II. Til ríkisstjórnarinnar um áburðarverksmiðjuna.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hvað kostar áburðarverksmiðjan upp komin?
2. Hver er rekstrarafkoma áburðarverksmiðjunnar það, sem af er?
3. Hvernig líkar gerð áburðarins, og hvaða horfur eru um sölu hans framvegis?
4. Hvað er framleiðsluverð áburðarins á smálest, og hvað er verð samsvarandi útlends áburðar?
5. Hafa komið fram tæknilegir gallar á gerð verksmiðjunnar? Þarf að gera breytingar á vélakosti hennar, og ef svo er, hvaða kostnað er álitið, að þær hafi í för með sér?

III. Til félagsmálaráðherra um jöfn laun karla og kvenna.

Frá Kristínu Sigurðardóttur.

Hvað hefur ríkisstjórnin gert til að framkvæma þingsályktun frá 13. apríl 1954, um staðfestingu samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna?

IV. Til ríkisstjórnarinnar um áburðarverksmiðjuna.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Hvernig hefur reynzt áburður sá, sem framleiddur er í áburðarverksmiðjunni?
2. Eru líkur á því, að hann seljist á innlendum markaði á næsta ári?
3. Hefur fengizt markaður fyrir áburðinn erlendis?
4. Er víða framleiddur sams konar áburður með tilliti til kornastærðar og hér er gert?
5. Eru allar vélar áburðarverksmiðjunnar framleiddar af þekktum fyrirtækjum, sem langa reynslu hafa í framleiðslu slíkra véla?
6. Hafa komið fram gallar á vélum eða tækjum verksmiðjunnar, og þá hverjir?
7. Er talið útlit fyrir, að nú þegar þurfi að endurnýja eða skipta um eitthvað af vélum verksmiðjunnar, og ef svo væri, hve mikið mundu slíkar breytingar kosta?
8. Hve mikið fé var bandarískum aðilum greitt fyrir teikningar, aðstoð og eftirlit með byggingu verksmiðjunnar?

V. Til ríkisstjórnarinnar um Grænland.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hefur sú ákvörðun Dana að lýsa Grænland óaðskiljanlegan hluta danska ríkisins komið til umræðu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna?
2. Hafa fulltrúar Íslands tekið afstöðu til þess máls?
3. Ef svo er, hver var þá afstaða þeirra?

Sþ. 165. Tillaga til þingsályktunar [98. mál]

um rannsókn á Geysi.

Flm.: Páll Zóphóníasson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlegar rannsóknir á Geysi, svo að ljósara liggi fyrir, hvort hafa megi áhrif á það, hvenær hann gýs, og með hvaða aðferðum það verði gert, og einnig á hvern hátt hann verði bezt varðveittur. Kostnaður við rannsóknirnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allir vita, að Geysir var hættur að gjósa, þegar Trausti Einarsson prófessor vakti hann til lífsins aftur. Geysir er þekktasta náttúrufyrirbrigði þessa lands og

jafnframt eitt hið merkilegasta. Margir óttast um framtíð Geysis og halda jafnvel, að svo geti farið, að hann leggist aftur til hvíldar. En um það ættu allir Íslendingar að geta verið sammála, að það væri illa farið og sjálfsagt að reyna að sporna við því eftir föngum.

Tillagan er flutt í því skyni, að sem beztar upplýsingar fáist um þessa dýrmætu þjóðareign, svo að vitað verði, á hvern hátt hún verði bezt varðveitt.

Sþ. 166. Þingsályktun [43. mál]

um undirbúning löggjafar um eftirlit með jarðborunum.

(Afgreidd frá Sþ. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 46.

Sþ. 167. Þingsályktun [65. mál]

um lendingarstaði fyrir sjúkraflugvélar.

(Afgreidd frá Sþ. 17. nóv.)

Samhljóða þskj. 84.

Nd. 168. Nefndarálit [51. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á þrem fundum. Skólanefnd húsmæðrakennaraskólans hefur ritað n. um málið, og bréf hennar prentað sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti. Skólastjóri húsmæðrakennaraskólans hefur og komið til fundar við nefndina.

Nú er svo kveðið á í lögum, að „húsmæðrakennaraskóli skal starfa í Reykjavík eða nágrenni hennar". Frv. fer fram á, að skólinn skuli starfa „í Reykjavík eða á þeim stað öðrum, er fræðslumálastjórnin, að undangenginni rannsókn á aðstæðum til skólahaldsins, kann að telja hentugri".

Menntmn. telur sig ekki hafa aðstöðu til þess að dæma um það, hvar skólinn skuli staðsettur, er hann þarf á næstunni að flytjast úr því húsnæði, er nú hefur hann. N. virðist rétt að hafa staðarval óbundið í lögunum, til þess að fræðslumálastjórnin geti tekið þá ákvörðun, um húsakynni skólans, sem rannsókn á öllum aðstæðum bendir til að skynsamlegust sé. N. mælir því með samþykkt frv.

Alþingi, 15. nóv. 1954.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Páll Þorsteinsson, fundaskr. Halldór Ásgrímsson.

Karl Guðjónsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Fylgiskjal.

Skólanefnd og skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands leyfa sér hér með að gera grein fyrir afstöðu sinni gagnvart 59. „Frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 16 12. marz 1947, um menntun kennara", er fram hefur komið á Alþingi því, er nú situr, um heimild til handa fræðslumálastjórninni um að staðsetja Húsmæðrakennaraskóla Íslands utan Reykjavíkur.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands á samkvæmt lögum nr. 65/1941 að starfa í Reykjavík, og er það einróma álit skólanefndar og skólastjóra, að skólinn eigi að vera í höfuðstað landsins, því að þar eru mestir möguleikar til þess, að nám húsmæðrakennaranna geti orðið fullkomið og fjölþætt.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands hefur verið til húsa í Háskóla Íslands, frá því skólinn var stofnaður, eða í 12 ár. Þar hefur skólinn lagt grundvöll að starfsemi sinni, en í byrjun var við margvíslega erfiðleika að etja, fyrst og fremst af því, að fáar kennslubækur voru fyrir hendi, og urðu kennararnir að styðjast við útlendar bækur, en fella úr og bæta við því, sem nauðsynlegt var með hliðsjón af íslenzkum staðháttum.

Það hefur ávallt verið markmið skólans, að fræðsla hans væri raunhæf og miðuð við íslenzkar aðstæður, en slíkt hefði ekki tekizt, ef skólinn hefði ekki notið jafnágætra kennslukrafta eins og þeirra stundakennara, er við hann hafa starfað frá upphafi.

Nú hefur hver kennari byggt upp sína námsgrein, og er því kennslan nú orðin fastmótuð, en prentun námsbóka fyrir jafnfámennan skóla og Húsmæðrakennaraskóla Íslands er útilokuð.

Hér á landi er aðeins einn sérfræðingur í næringarefnafræði, dr. Júlíus Sigurjónsson, og hefur hann kennt þá námsgrein við skólann frá byrjun.

Fullkomin kennsla í næringarefnafræði er mjög mikilvægur liður í menntun húsmæðrakennara og nauðsynlegt, að nemendur skólans geti stundað verklegar æfingar, en aðeins í Reykjavík er aðstaða til slíks.

Til þess að skólinn fengi því jafngóð starfsskilyrði að þessu leyti utan Reykjavíkur, yrði að koma á fót sérstakri rannsóknarstofu fyrir matvæli í skólanum sjálfum.

Prófessor Trausti Ólafsson hefur frá upphafi kennt efnafræði við skólann, og hafa nemendur stundað verklegar æfingar í atvinnudeild háskólans, og vonandi yrði það svo framvegis, ef skólinn starfar hér áfram.

Aðrir stundakennarar við skólann eru einnig hinir færustu sérfræðingar, hver á sínu sviði, og hafa þeir aðgang að söfnum háskólans eftir þörfum, og mundi það verða miklum vandkvæðum bundið að fá jafngott kennaralið við skólann utan Reykjavíkur.

Frá byrjun hefur verið samstarf með Hjúkrunarkvennaskóla Íslands og Húsmæðrakennaraskóla Íslands. Hafa nemendur H. K. Í. kennt nemendum hjúkrunarkvennaskólans sjúkrafæðu í æfingakennslu, en forstöðukona Hjúkrunarkvennaskóla Íslands kennt nemendum H. K. Í. hjálp í viðlögum.

Þá er mjög mikilsvert, að nemendum H. K. Í. gefist kostur á því að stunda æfingakennslu í skólaeldhúsum, meðan þær eru við nám. Hafa þær kennt hér í skólaeldhúsum gagnfræðaskólanna, en hvergi utan Reykjavíkur er aðgangur að nægilega mörgum skólaeldhúsum, til þess að nemendur fái þar æfingu, sem nauðsynleg er, en margar þeirra verða kennarar við gagnfræðaskólana síðar.

Í Reykjavík skoða nemendur allar verksmiðjur, sem framleiða matvæli. Söfn og sýningar eru skoðaðar og leikhús og listsýningar sóttar eftir því, sem við verður komið, því að markmið skólans er að auka þroska nemenda á sem flestum sviðum.

Skólinn starfar í þrjú samfelld námstímabil, samtals um 22 mánuði. Á þeim tíma fá nemendur aðeins tveggja vikna sumarleyfi.

Námsefnið er mikið og námið erfitt, en það, að skólinn starfar að Laugar-

vatni um sumartímann, skapar þá tilbreytingu í skólalífinu, er vér álítum nauðsynlega til þess að koma í veg fyrir námsþreytu hjá nemendum.

Þar sem bent hefur verið á hús Húsmæðraskóla Akureyrar sem tilvalinn stað fyrir Húsmæðrakennaraskóla Íslands og látið í veðri vaka, að það hús sé reiðubúið til þeirra afnota, þá hefur skólastjóri H. K. Í. skoðað húsið og vill benda á eftirfarandi:

Húsmæðraskóli Akureyrar er byggður sem heimangönguskóli fyrir 36 nemendur með 2 stórum eldhúsum og 4 stórum kennslustofum. Hins vegar eru þar engin svefnherbergi eða annað, sem nauðsynlegt er fyrir heimavist, og engin kennslutæki, rannsóknarstofur eða söfn eru þar fyrir hendi.

Að sjálfsögðu yrði skólinn að vera heimavistarskóli, ef hann yrði staðsettur á Akureyri, því að fáir af nemendum skólans yrðu heimilisfastir þar og því yrði að gerbreyta allri innréttingu í skólahúsinu. Sú breyting yrði mjög kostnaðarsöm, og yrði ekki hægt að koma þar öllu svo haganlega fyrir eins og ef byggt yrði yfir skólann nýtt hús.

Húsmæðrakennaraskóli Íslands þarfnast ekki neins stórhýsis, heldur vantar hann lítið hús, byggt fyrir hann á þeim stað, sem honum er hagkvæmastur, og sá staður er Reykjavík, að voru áliti, því að auk framangreindra ástæðna verður ekki gengið fram hjá þeirri staðreynd, að þar vill ungt fólk frekast dvelja.

Reykjavík, 26. október 1954.

f. h. skólanefndar Húsmæðrakennaraskóla Íslands,
Karítas Sigurðsson,
formaður.

Soffía J. Claessen. Guðbjörg Birkis.

f. h. Húsmæðrakennaraskóla Íslands,
Helga Sigurðardóttir,
skólastjóri.

Ed. 169. Frumvarp til laga [99. mál]

um breyting á lögum nr. 46 frá 15. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Guðmundur Í. Guðmundsson.

1. gr.

Aftan við 1. málsgr. 12. gr. laganna bætist:

Frádráttur þessi skal þó aldrei nema lægri upphæð en þeirri, sem skattgreiðandi hefur fengið greidda í bætur hjá Tryggingastofnun ríkisins á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við álagningu skatta árið 1955.

Greinargerð.

Þegar persónufrádráttur var ákveðinn í gildandi lögum um tekjuskatt og eignarskatt, mun nokkur hliðsjón hafa verið af því höfð, að þeir, sem ekki höfðu annan framfærslueyri en bætur frá Tryggingastofnun ríkisins, þyrftu ekki að greiða tekjuskatt af þeim bótum. Það olli því nokkrum vonbrigðum, er í ljós kom við framkvæmd hinna nýju skattalaga, að ýmsir, er ekki höfðu annað sér og sínum til framfæris en bætur frá Tryggingastofnuninni, urðu að greiða tekjuskatt af bótun-

um. Gamalmenni og öryrki, sem dvelja á elliheimili eða sjúkrahúsi og fá því smávægilegar uppbætur á ellilaun sín eða örorkubætur, verða samkvæmt skattalögunum að greiða nokkurn tekjuskatt af þessum bótum. Ekkja, sem fær ekkjubætur í eitt ár og barnalífeyri að auki, lendir einnig í tekjuskatti. Þetta er ósanngjarnt, og gætir hér ósamræmis milli tekjuskattslaganna og tryggingalaganna, sem miða bætur aðeins við brýnustu nauðþurftir. Bætur ekkjunnar og gamalmennisins í elliheimilinu eru ekki við það miðaðar, að þessir aðilar séu af bótum sínum einum aflögufærir um tekjuskattsgreiðslur. Það er og í fyllsta máta óeðlilegt, að þessir aðilar skuli einir allra þeirra, sem bóta njóta, tekjuskattsskyldir af bótum sínum. Þessu frumvarpi er ætlað að sníða þennan galla af lögunum um tekjuskatt og eignarskatt með því að taka það fram, að bætur frá Tryggingastofnun ríkisins skuli ætíð falla undir persónufrádráttinn að fullu.

Ed. 170. Frumvarp til laga [100. mál]

um breyting á lögum nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl.

Flm.: Guðmundur Í. Guðmundsson, Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 2. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Bönkum er skylt að láta af hendi gjaldeyri fyrir vörum, sem innflutningur er frjáls á, innan tveggja vikna frá því, er þeim berst beiðni um hann. Hið sama á við um frjálsar gjaldeyrisgreiðslur fyrir öðru en vöruinnflutningi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar lögin um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála voru til umræðu á þinginu 1953, vakti Alþýðuflokkurinn athygli á því, að í þeim fælist engin breyting, sem máli skipti, á skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Innflutningurinn var eftir sem áður háður innflutningsleyfum, væri hann ekki gefinn frjáls með sérstakri reglugerð. Áður en lögin gengu í gildi, var það fjárhagsráð undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar, sem gaf út reglugerðirnar um, að innflutningur tiltekinna vörutegunda skyldi vera frjáls, en eftir gildistöku laganna gaf ríkisstjórnin sjálf út þessar reglugerðir. Breytingin var því hér sú ein, að ríkisstjórnin faldi sig ekki lengur á bak við fjárhagsráð. Bæði fyrir og eftir gildistöku laganna var það á valdi bankanna, hvort og hvenær þeir létu af hendi gjaldeyri til kaupa á vörum, sem innflutningur var frjáls á.

Liggur í augum uppi, að í slíkri skipan felst ekki verzlunarfrelsi. Bönkunum er alveg í sjálfsvald sett, hvort þeir láta í té gjaldeyri fyrir vörum, sem eru á svonefndum frílista, og vitað er, að þeir neita mjög oft um gjaldeyri fyrir slíkum innflutningi.

Í því skyni að gera frílistann að öðru og meiru en nafninu einu lagði Alþýðuflokkurinn til á seinasta þingi, að tekin væru upp í lögin um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála ákvæði, sem skylduðu bankana til að selja hverjum þeim, sem flytja vildi inn frílistavörur, nauðsynlegan gjaldeyri. Með samþykkt slíkrar tillögu hefði fyrst verið um raunverulega frjálsan innflutning að ræða á frílistavörum. Þessi tillaga fann ekki náð fyrir augum stjórnarflokkanna og var felld.

Nú er komin fram tillaga til þingsályktunar frá þingmönnum úr öðrum stjórnarflokkanna um, að veittur verði frjáls innflutningur á bifreiðum, og frá þingmanni úr hinum stjórnarflokknum viðbótartillaga um, að jafnframt verði tryggt, að bankarnir selji á hverjum tíma öllum, er þess óska, erlendan gjaldeyri til kaupa á bifreiðum. Þessar tillögur, og einkum þó viðbótartillagan, verða trauðla skildar á þann veg, að formælendur þeirra telji, að bifreiðar eigi að hafa einhvern forgang um gjaldeyri umfram aðrar vörur, sem innflutningur er kallaður frjáls á. Slíkt væri fráleitt. Sönnu nær virðist að líta svo á sem nú sé að vakna skilningur á því í herbúðum ríkisstjórnarinnar, að takmarkað gagn sé að því að heimila frjálsan innflutning vöru á pappírnum, nema jafnframt sé tryggður erlendur gjaldeyrir til greiðslu á andvirði hennar. Þessum aukna skilningi á málinu ber að fagna, og í von um, að hann sé nægilega almennur hjá stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar á Alþingi, er þess nú freistað að bera fram á ný tillöguna um að skylda bankana til að láta af hendi gjaldeyri til kaupa á frílistavörum til allra, er óska að flytja slíkan varning inn.

Sþ. 171. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um samvinnu í atvinnumálum milli ríkisstjórnar, atvinnurekenda og kaupþegasamtaka.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til samvinnu við atvinnurekendur og kaupþegasamtök um skipulagningu vinnubragða og vinnukjara til þess að auka og bæta framleiðslu og afköst og veita almenningi — einnig á þann hátt — skilyrði til batnandi lífskjara.

Greinargerð.

Aðalundirstaða þjóðarteknanna er framleiðslan til lands og sjávar. Á þeirri undirstöðu byggist velmegun landsmanna, hvar sem þeir leggja hönd að verki. Því meiri sem þjóðartekjurnar eru, því meira kemur til skipta milli fólksins í landinu.

Lífskjörin fara eftir framleiðslunni: batna, ef framleiðslan eykst eða vex að verðmæti, hraka aftur á móti, ef hún gengur saman eða rýrnar að verðgildi.

Til þess að þjóðartekjurnar verði sem mestar, þarf hver maður, sem að öflun þeirra vinnur, að skila sem beztu og mestu verki. Og til þess að þær verði að sem fullkomnustum notum til uppbyggingar og velmegunar, þurfa aðrir, sem þjóðnýt störf vinna, að gera sitt bezta á sínum sviðum.

Fullyrða má, að ekki er nú lögð svo almenn áherzla sem skyldi á það að vanda verk og afkasta miklu.

Samtök þeirra, er vinna fyrir kaupi, leita samninga fyrir félaga sína um sem hæst kaup fyrir sem fæstar vinnustundir dag hvern. Um afköst er yfirleitt ekki talað sem grundvöll. Dagsláttur og annað þvílíkt er að hverfa sem mælikvarði launa. Tala vinnustunda ein lögð til grundvallar fyrir kröfum.

Sjaldgæft mun einnig, að atvinnurekendur bjóði meiri greiðslur fyrir úrvalsafköst en kauptaxtar gera skylt.

Þessir viðmiðunarhættir ýta ekki undir til bættra vinnubragða og betri afraksturs seldrar vinnu, heldur hið gagnstæða öllum til tjóns. Vinnugleði skapa þeir ekki heldur í brjóstum þeirra, er vinna, né ánægju hjá atvinnurekendum, eins og ef mælikvarðinn væri: því betri vinnubrögð, því meiri laun.

Flutningsmenn þingsályktunartillögu þessarar hugsa sér, að ríkisstjórnin byrji

á því að stofna til viðræðna við fulltrúa atvinnurekenda og kaupþega um, á hvern hátt sé hægt að koma við í þessum efnum umbótum, sem leiði til betri og meiri afkasta og um leið bættra lífskjara. Síðan beiti ríkisstjórnin sér fyrir því, að samtök hefjist milli atvinnurekenda og vinnandi fólks um framkvæmdir þess fyrirkomulags, er samkomulag hefur orðið um að við eigi.

Fyrir tillögumönnum vakir ekki að lækka eigi vinnulaun hjá neinum frá því, sem nú er, heldur gefa þeim, sem vinnu sína selja, tækifæri til þess að bæta kjör sín með því að vanda verk sín og auka afköst sín.

Þetta er áreiðanlega eitt af því, sem gera þarf til þess að hækka á heilbrigðan hátt þjóðartekjurnar og tryggja betri hagnýtingu þeirra. Á það hljóta að geta fallizt allir þeir, sem vilja bæta þjóðfélagið og gera þjóðina vinnufúsari og vinnuglaðari.

Sþ. 172. Breytingartillaga [76. mál]

við till. til þál. um frjálsan innflutning bifreiða.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við tillögugreinina bætist:
   Enn fremur skal veittur frjáls innflutningur á byggingarefni og hvers konar öðrum nauðsynjum til íbúðabygginga, öllum hráefnum til iðnaðar, pappír, hjólbörðum, mótorvélum, beltisdráttarvélum, rafvélum, saumavélum, hjúkrunarvörum og lækningatækjum.
   Jafnframt séu gerðar ráðstafanir til þess að tryggja, að bankarnir selji ávallt þeim, er þess óska, erlendan gjaldeyri fyrir þeim vörum, sem eru á frílista.
2. Við fyrirsögn bætist: byggingarefnis, hráefna til iðnaðar o. fl.

Ed. 173. Lög [38. mál]

um breyting á lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins.

(Afgreidd frá Ed. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 38.

Ed. 174. Lög [60. mál]

um heimild til að fella niður manntal í Reykjavík.

(Afgreidd frá Ed. 18. nóv.)

Samhljóða þskj. 78.

Ed. 175. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og um breyting á lögum nr. 38/1953, um breyting á þeim lögum og viðauka við þau.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Finnbogi R. Valdimarsson.

1. gr.

Aftan við 13. gr. laga nr. 50/1946 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Fé það, sem veitt er sem ólögboðin eftirlaun eða heiðurslaun samkvæmt fjárlögum, skal ekki koma til frádráttar lífeyri almannatrygginganna nema á sama hátt og aðrar tekjur lífeyrisþega samkvæmt 1. tölulið bráðabirgðaákvæða laganna.

2. gr.

1. málsgr. 21. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Ellilífeyrisþegi, sem hefur á framfæri sínu börn, yngri en 16 ára, þar með talin fósturbörn, á rétt til að fá greiddan með þeim barnalífeyri, unz þau eru 16 ára. Barnalífeyrir er þó aðeins greiddur með kjörbarni eða fósturbarni, að það hafi verið á framfæri lífeyrisþega, áður en hann fékk rétt til ellilífeyris, og sýnt þykir, að taka þess standi ekki í neinu sambandi við væntanlegar bætur.

3. gr.

1. málsgr. 22. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Hver sá, sem fær greiddan örorkulífeyri samkvæmt 18. gr. og hefur á framfæri sínu börn yngri en 16 ára, á rétt á að fá greiddan með þeim barnalífeyri eftir sömu reglum og segir í 21. gr. um ellilífeyrisþega.

4. gr.

1. málsgr. 23. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Ekkja, sem við lát manns síns hefur á framfæri sínu börn yngri en 16 ára, þar með talin fósturbörn, á rétt á að fá greiddan barnalífeyri samkvæmt ákvæðum 20. gr., unz þau eru fullra 16 ára.

5. gr.

32. gr. laga nr. 50/1946 orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar foreldrum barnanna, ef þeir eru á lífi og sjá um uppeldi þeirra. Þó getur Tryggingastofnunin greitt þær öðrum aðila, ef hún telur, að þær komi börnunum að betri notum með þeim hætti, sbr. 33. gr.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða ekki.

6. gr.

2. málsgr. 40. gr. laga nr. 50/1946 falli niður.

7. gr.

Upphaf og 1. töluliður 5. gr. laga nr. 38/1953 orðist svo:

Grunnupphæðir bótanna samkvæmt II. kafla laganna, 1—4, skulu vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 8160.00
      Á 2. — ..... — 6120.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 5100.00
      Á 2. — ..... — 3825.00

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttu þrír þingmenn Sósíalistaflokksins í Nd. frumvarp um breytingar á almannatryggingalögunum. Inntak þess er tekið upp í 1. gr. og 6.—8. gr. þessa frumvarps. Aðrar efnisgreinar þessa frv. eru nýjar.

Í 1. gr. er lagt til, að heiðurslaun og ólögboðin eftirlaun, sem ákveðin eru í fjárlögum, komi ekki til frádráttar ellilífeyri almannatrygginganna beint eins og verið hefur, heldur aðeins á sama hátt og almennar tekjur lífeyrisþeganna.

Alþingi hefur löngum tekið upp á 18. gr. fjárlaga heiðurslaun eða eftirlaun til gamalla og æruverðugra starfsmanna, án þess að til þess lægi bein skylda. Jafnaðarlega eru fjárhæðir þær, sem þannig eru ákveðnar hverjum einstökum, lægri en ellilífeyrir hlutaðeigandi manna, sem rétt eiga á ellilífeyri.

Fjárveiting Alþingis til þessa fólks á fjárlögum er því alls ekki raunveruleg. Það, sem skeður, þegar ellilífeyrisþegi kemst inn á 18. gr. fjárlaga, er aðeins það, að almannatryggingarnar stöðva einn góðan veðurdag greiðslu ellilífeyris til hans og benda honum á, að í stað ellilífeyris eigi hann nú að innheimta hjá ríkissjóði heiðurs- eða eftirlaun sín.

Þetta kostar hinn aldraða heiðurslaunaþega töluverða fyrirhöfn og umstang einmitt af því tagi, sem mörgu gömlu fólki hentar illa, og á þetta einkum við um þá, sem búsettir eru utan Reykjavíkur. Þurfa þeir að útvega sér trúnaðarmann í höfuðstaðnum, gefa honum umboð til að veita fjárveitingunni úr ríkissjóði viðtöku og fá fé sent. Fjárhagslegur ávinningur er enginn af þessu, heldur aðeins kostnaður og óþægindi.

Nú eru í lögum ákvæði um það, að ellilífeyrir skerðist, ef aðrar tekjur lífeyrisþegans nema hærri upphæð en lífeyririnn, og falli með öllu niður, nemi tekjurnar þreföldum lífeyri (sbr. lög nr. 50/1946, ákvæði til bráðabirgða, 1. lið). Flm. þessa frv. telja, að eðlilegt sé, að heiðurslaun og ólögboðin eftirlaun lúti þessu almenna ákvæði, en óeðlilegt, að aldnir heiðurslaunþegar hreppi einungis óþægindi af heiðrinum.

Samkvæmt 2., 3., og 4. gr. er gert ráð fyrir, að elli- og örorkulífeyrisþegar og ekkjur skuli fá greiddan lífeyri með öllum börnum, sem þau hafa á framfæri sínu, jafnt eigin börnum, stjúpbörnum, kjörbörnum og öðrum fósturbörnum. Í núgildandi lögum er rétturinn takmarkaður við eigin börn, stjúpbörn og kjörbörn. Þá er látið niður falla það ákvæði núgildandi laga, að greiðsla barnalífeyris skuli vera bundin við það, að barnið (kjörbarn, fósturbarn) hafi verið á framfæri viðkomandi a. m. k. 5 ár, áður en hann fékk ellilífeyri (eða örorkulífeyri, með undantekningum þó), eða á framfæri hins látna jafnlangan tíma, þegar um ekkjur er að ræða. Þessar takmarkanir eru oft óréttlátar og virðast hafa við veigalítil rök að styðjast.

Í 5. gr. er lagt til, að fjölskyldubætur nái einnig til þeirra barna, sem barnalífeyrir er greiddur með. Hér er um að ræða tillögu til leiðréttingar á því atriði almannatrygginganna, sem brýnust þörf er að bæta um.

Fjölskyldubætur eru nú greiddar án nokkurs tillits til efnahags bótaþeganna. Réttur til fjölskyldubóta fellur einungis niður, ef um barnalífeyrisgreiðslur er að ræða. Þetta þýðir það, að öryrkjar fá engar fjölskyldubætur vegna barna sinna og ekki heldur ellilífeyrisþegar né heldur þeir, sem tekið hafa börn í fóstur og fá með þeim barnalífeyri.

Það fer vægast sagt harla illa á því að undanskilja einmitt þessa aðila fjölskyldubótum, á sama tíma sem hinir bezt stæðu foreldrar njóta fullra fjölskyldubóta.

Í 6. gr. er lagt til, að niður falli 2. málsgr. 40. gr. laga nr. 50/1946. Sú málsgrein er í kaflanum um sjúkrabætur og er þannig:

„Giftar konur fá því aðeins greiddar sjúkrabætur, að þær færi sönnur á, að maður þeirra geti ekki séð þeim farborða."

Þetta ákvæði útilokar í rauninni giftar konur frá þessum mikilvæga þætti tryggingarinnar. Engum öðrum þjóðfélagsþegni er gert það að skilyrði fyrir sjúkrabótum, að hann sanni óhæfni ættingja sinna eða sifjaliðs til að framfæra sig í veikindum. Flm. þessa frv. sjá enga ástæðu til að setja giftar konur, þ. e. fyrst og fremst íslenzkar húsmæður, þannig skör lægra að því er til þessara réttinda kemur en annað fólk, og telja því meira en tímabært, að þetta ákvæði verði afnumið.

Í 7. gr. er lagt til, að elli- og örorkulífeyrisgreiðslur verði hækkaðar um 25 af hundraði.

Það er kunnara en svo, að ástæða sé til að rekja það hér, hvað kaupmáttur launa hefur farið ört minnkandi að undanförnu, og er það að sama skapi tilfinnanlegra fyrir elli- og örorkulífeyrisþega en aðra launþega sem þeirra kostur er óríflegri.

Nú hafa flestar starfsstéttir þjóðfélagsins með samtakamætti sínum náð að hamla að einhverju leyti upp á móti hinni sívaxandi dýrtíð, en þeir, sem einungis hafa lífeyri sér til framfærslu og fá ekki varið kjör sín á þann hátt, hafa um alllangt skeið búið við kosti, sem sífellt hafa þrengzt.

Sú hækkun, sem hér er lögð til, mundi þýða það, miðað við vísitöluna 158, að á 1. verðlagsvæði hækkaði mánaðarlegur elli- og örorkulífeyrir úr 536 kr. í 671 kr. fyrir einstakling, en lífeyrir hjóna mundi hækka úr ca. 860 kr. í 1073 kr. á mánuði.

Hækkunin á lífeyrinum mundi að sjálfsögðu hækka skerðingartakmörkin, meðan þau eru í lögum. Miðað við núgildandi vísitölu byrjar skerðing hjónalífeyris á 1. verðlagssvæði, þegar tekjurnar eru röskar 10300 kr. á ári, en samkvæmt þeirri breytingu, sem hér er lögð til, ekki fyrr en tekjurnar eru komnar hátt á 13. þúsund, og lífeyrisgreiðslur mundu þá ekki falla niður með öllu, fyrri en heildartekjurnar eru orðnar yfir 38 þús. kr. á ári. Ef um einstakling er að ræða, færist skerðingarmarkið á sama hátt úr tæpum 6500 kr. á ári upp í röskar 8000 kr., en lífeyrisgreiðslurnar falla ekki niður með öllu, fyrr en komið er yfir 24 þús. kr., ef gert er ráð fyrir, að skerðingartakmörk þau, sem nú gilda til bráðabirgða, verði framlengd óbreytt.

Það skal tekið fram, að allar þær breytingar, sem hér er lagt til að gerðar verði á almannatryggingalögunum, eru í samræmi við tillögur Kvenfélagasambands Íslands til nefndar þeirrar, sem vinnur að endurskoðun tryggingalaganna.

Nd. 176. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Skúli Guðmundsson, Gylfi Þ. Gíslason, Gils Guðmundsson, Einar Olgeirsson.

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, er hljóði svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita þeim, er verzlunarleyfi hefur, leyfi til að selja sjálfur málverk, myndir, listmuni og bækur á frjálsu uppboði, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í flestum menningarlöndum heims, að Íslandi undanskildu, eru uppboð hvers konar listaverka mjög vinsælar og fjölsóttar kaupstefnur, og hafa margir Íslendingar, er utan hafa farið, kynnzt slíkum kaupstefnum. Hafa ýmis viðkunnustu uppboðsfirmu í Evrópu starfað óslitið öldum saman, og hefur mesti sægur listaverka og listmuna verið seldur á kaupstefnum þessara fyrirtækja, áður en þau hafa fengið varanlegan samastað.

Hér á landi hefur söluaðferð þessi á listaverkum ekki verið reynd þar til á árinu 1953, að reynt var að koma henni á hér.

En við framkvæmd þessarar söluaðferðar hefur komið í ljós, að hún er talin koma í bága við tilskipun um uppboðsþing í Danmörku og Noregi frá 19. des. 1693, en tilskipun þessi hefur aldrei verið birt hér á landi, en þó verið fylgt.

Í 7. gr. laga nr. 84/1933 segir svo:

„Þegar boðnar eru á uppboði vörur, sem sagðar eru stafa að einhverju eða öllu leyti frá nafngreindum mönnum eða úr tilteknum búum, skal þess greinilega getið á uppboðinu um þessa muni, úr hvaða búi eða frá hvaða manni þeir stafi hver um sig. Ef haldið er uppboð á munum eða vörum frá nafngreindum manni eða úr tilteknu búi skal þess getið greinilega í uppboðsauglýsingunni, ef á uppboðinu á jafnframt að selja aðra muni. — Í hverri uppboðsauglýsingu skal þess getið, hvort það, sem selja á, er selt fyrir reikning uppboðsbeiðanda eða annars manns."

Framsögumaður frumvarpsins viðhafði svofelld ummæli um þessa grein í framsöguræðu sinni:

„Í 7. gr. eru ákvæði, sem eiga að tryggja það, að rétt sé skýrt frá um það, hvaðan þeir munir eru, sem boðnir eru upp. Ef t. d. selja á bækur eftir merkan bókamann, dregur það að sér ýmsa þá, sem áhuga hafa fyrir góðum bókum. En ef nota ætti sér það til að koma út einhverju ómerkilegu rusli um leið, undir því yfirskini, að það væri allt frá þessum þekkta bókamanni, þá kæmi það í bága við þessi ákvæði, ef frv. verður að lögum." — Alþt. 1933 — B., bls. 2306.

Í lagagreininni eru sett skýr ákvæði um framkvæmd uppboða, sem jafnt geta átt við frjáls uppboð og opinber uppboð, lögin sjálf eru um verzlunarhætti, og á því viðbót sú, sem felst í þessu frumvarpi, heima í þessum lögum. Verður ekki séð, að því fylgi nein áhætta að leyfa einstaklingum að halda frjáls uppboð á listmunum hér á landi, en þó teljum við flm. eðlilegt, að viðskiptamálaráðherra veiti leyfi til þess og að það verði einungis veitt aðilum, er verzlunarleyfi hafa.

Hvort greiða eigi í ríkissjóð gjald fyrir þetta leyfi, er atriði, sem komið gæti til athugunar við meðferð málsins, en í því sambandi má benda á, að þeir, sem leyfi fengju samkvæmt frumvarpi þessu, hafa þegar greitt í ríkissjóð gjald fyrir verzlunarleyfi sín. Þar sem leyfishafar mundu greiða skatta og skyldur af þessum verzlunarrekstri með sama hætti og öðrum atvinnurekstri sínum, virðist ekki ástæða til að skattleggja uppboðsrekstur þennan sérstaklega, og sölulaun til ríkissjóðs koma hér ekki til greina, þar sem opinberir starfsmenn koma ekki nærri listmunauppboðum þessum.

Flm. telja, að fyrirkomulag það, sem hér er lagt til, miði að því að koma málum þessum í betra horf hér á landi en verið hefur til þessa.

Með þessu fyrirkomulagi er listamönnunum opnuð leið til þess að koma listaverkum sínum í verð og út til fólksins án þess að þurfa að standa í verzlunarrekstrinum sjálfir, auk þess sem öllum almenningi væri það til hagræðis að geta með þessu móti, og e. t. v. með skömmum fyrirvara, komið í peninga listmunum, sem menn teldu sig af ýmsum ástæðum þurfa að selja.

En þeir, sem auka vilja eignir sínar í listaverkum eða öðrum listmunum, mundu á slíku uppboði eiga kost á frjálsu uppboðsverði, sem þá væri venjulegast sannvirði líðandi stundar.

Nd. 177. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Eiríkur Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 300 kr. verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 150 kr. fyrir hvern mink.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á Alþingi 1951 flutti landbúnaðarnefnd Nd. frv. um breytingu á lögum um eyðingu refa og minka. Var þar lagt til, að skotlaun fyrir hlauparefi yrðu hækkuð og sömuleiðis greiðslur fyrir að vinna minka. Frv. varð þá ekki útrætt.

Á síðasta búnaðarþingi var málið til umræðu, og samþykkti þingið þá tillögu um að hækka verðlaunin upp í 300 kr. á ref og 150 kr. á mink. Eru tillögur búnaðarþings um upphæðirnar teknar upp í frumvarp þetta.

Um nauðsyn þess að eyða dýrbít í landinu þarf ekki að fjölyrða, og um minkinn má segja eitthvað í sömu átt, þar sem hans hefur orðið vart.

Fylgiskjal.

Ályktun frá búnaðarþingi 1954.

Mál nr. 17 og 34.

Erindi Búnaðarsambands Vestfjarða um bann gegn minkaeldi í landinu og erindi Jóhannesar Davíðssonar um hækkun á verðlaunum fyrir skotnar hlaupatófur.

Málið afgreitt með eftirfarandi ályktun, sem samþykkt var með 23 samhljóða atkvæðum:

Þar sem grenjavinnslukostnaður í landinu er að verða gífurlega hár, eða 700—800 krónur á hvert unnið dýr, skorar búnaðarþing á Alþingi að breyta lögum nr. 56 frá 25. maí 1949, 8. gr., á þá leið, að skotlaun fyrir unna hlauparefi verði kr. 300.00 á hvert dýr og kr. 150.00 fyrir mink.

Jafnframt vill búnaðarþing vekja athygli hreppsnefnda og sýslunefnda á þeirri skyldu, er á þeim hvílir samkv. 2. og 3. gr. nefndra laga um útrýmingu refa og minka. Einnig skorar búnaðarþing á sýslunefndir að gera sérstakar ráðstafanir í þessum efnum, þar sem um víðáttumikil eyðilönd er að ræða.

Enn fremur felur búnaðarþing stjórn Búnaðarfélags Íslands að sjá um, að hér verði á boðstólum góðar og langdrægar byssur til refaveiða.

Ed. 178. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til læknaskipunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft málið til meðferðar á mörgum fundum, borið frv. saman við ákvæði gildandi laga og rætt efni þess við landlækni og heilbrigðismálaráð-

herra. Þá hefur nefndin einnig kynnt sér álit einstakra þingmanna á þeim breytingum, er í frv. felast og varða kjördæmi þeirra sérstaklega. Nefndin ræddi ýtarlega þau ákvæði frv., er binda takmörk læknishéraðanna við heila hreppa, samkv. ósk hagstofunnar. — Þar sem fulltryggður er með ákvæðum 2. gr. réttur þeirra, sem þannig flytjast milli læknishéraða, til sömu læknisþjónustu og þeir hafa nú, telur nefndin rétt að fallast á þetta sjónarmið.

Gísli Guðmundsson, þm. N-Þ., sendi nefndinni erindi um stofnun læknishéraðs á Raufarhöfn. Þá bárust og eindregin tilmæli frá Sigurði Ágústssyni, þm. Snæf., um, að Staðarhérað á Snæfellsnesi yrði ekki lagt niður, svo sem frv. gerir ráð fyrir. Eftir vandlega athugun taldi nefndin rétt að verða við tilmælum þingmannanna og hefur tekið Staðarhérað og Raufarhafnarhérað upp í tillögur sínar.

Einn nefndarmanna (GíslJ) tekur fram, að hann lítur svo á, að Reykjavík eigi jafnan rétt við aðra landshluta til héraðslæknis (borgarlæknis), er kostaður sé af ríkissjóði, og ekki hvað sízt svo lengi sem honum er gert að skyldu að gegna heilbrigðisstörfum í héruðum, sem eru utan takmarka Reykjavíkur, en að sjálfsögðu væri þá réttur um skipun í það embætti í höndum heilbrigðisstjórnarinnar án íhlutunar Reykjavíkurbæjar, og geymir hann sér því allan rétt til að bera fram um það tillögu eða fylgja slíkri tillögu, ef hún skyldi koma fram á síðara stigi málsins.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. Verður gerð nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Alþingi, 18. nóv. 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. H. Guðmundsson.

Ed. 179. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Á eftir „Ólafsvíkurhérað“ í 6. tölul. komi: Staðarsveit.
   b. Orðið „Staðarsveit“ í 7. tölul. falli burt.
   c. Fyrir orðin „Múlahreppur og Barðastrandarhreppur“ í 10. tölul. komi: og Múlahreppur.
   d. Á eftir „Patreksfjarðarhérað“ í 11. tölul. komi: Barðastrandarhreppur.
   e. Fyrir orðin „og Öngulsstaðahreppur“ í 28. tölul. komi: Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur.
   f. Orðið „Svalbarðsstrandarhreppur“ í 29. tölul. falli burt.
   g. Fyrir orðin „og Dyrhólahreppur“ í 45. tölul. komi: Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur.
   h. Orðið „Austur-Eyjafjallahreppur“ í 47. tölul. falli burt.
   i. Aftan við greinina bætist tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
      Við bætast eftirtalin læknishéruð, þegar þau verða skipuð:
      a. *Staðarhérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað.
      b. *Raufarhafnarhérað:* Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Raufarhöfn.
      Ólafsvíkurhérað, Stykkishólmshérað og Kópaskershérað skerðast samsvarandi.

2. Við 2. gr.
   a. 2. tölul. falli burt.
   b. Orðin „Svalbarðsstrandarhrepps og“ í 10. tölul. falli burt.
   c. Á eftir 11. tölul. komi nýr liður, svo hljóðandi:
      Kópaskershérað (eftir að Raufarhafnarhérað hefur verið stofnað): íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns og Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar.
   d. Á eftir 13. tölul. komi nýr tölul., svo hljóðandi:
      Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs.
   e. 15. tölul. orðist svo: Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols.

Sþ. 180. Tillaga til þingsályktunar [105. mál]

um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá ríkisstjórninni.

Alþingi samþykkir, að utanríkisráðherra gefi sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrirmæli um að sitja hjá við atkvæðagreiðslu á allsherjarþinginu um ályktun gæzluverndarnefndarinnar varðandi það, að Dönum beri ekki lengur að senda skýrslur um Grænland til Sameinuðu þjóðanna.

Sþ. 181. Breytingartillaga [105. mál]

við till. til þál. um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Flm.: Finnbogi R. Valdimarsson.

Tillgr. orðist svo:
Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa fulltrúum Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna nú þegar fyrirmæli um að greiða atkvæði gegn viðurkenningu Sameinuðu þjóðanna á innlimun Grænlands í danska ríkið og bera fram ákveðin mótmæli Íslands gegn þeirri innlimun og lokun Grænlands.

Nd. 182. Frumvarp til laga [106. mál]

um, að gjafir til Krabbameinsfélags Reykjavíkur skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.
Gjafir til Krabbameinsfélags Íslands, allt að 15 þús. kr., skal gefanda heimilt að telja til frádráttar skattskyldum tekjum sínum það ár, og reiknast gjöfin sem annar löglegur frádráttur, áður en lagðir eru á skattar til ríkis og bæjar eða sveitar.

2. gr.
Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1955.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 128 30. des. 1943 voru sett ákvæði um, að gjafir til Vinnuhælis berklasjúklinga skyldu dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Með lögum nr. 21 24. marz 1944 voru samhljóða ákvæði sett um skattfrelsi gjafa til barnaspítala.

Voru í báðum þessum lögum ákvæði um gildistíma þeirra, og skyldu hin fyrrnefndu gilda til ársloka 1944, en hin síðarnefndu til ársloka 1945.

Sanngjarnt þykir, að Krabbameinsfélag Íslands njóti svipaðra hlunninda um þetta efni og ofangreind líknarfélög á sínum tíma.

Er frumvarp þetta sniðið eftir framangreindum lögum, að öðru leyti en því, að samkvæmt frv. er hámark frádráttarbærra gjafa miðað við 15 þús. kr., en slíkt hámark var ekki sett í áður nefnd lög.

Sþ. 183. Breytingartillaga [105. mál]

við till. til þál. um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Pétri Ottesen.

1. Tillögugr. orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leggja fyrir fulltrúa Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, er nú situr, að mótmæla með atkvæði sínu innlimun Grænlands í Danmörku.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um afstöðu fulltrúa Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna varðandi Grænland.

Sþ. 184. Breytingartillaga [105. mál]

við till. til þál. um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Gils Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi samþykkir, að utanríkisráðherra gefi sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna fyrirmæli um að greiða atkvæði gegn því að viðurkenna innlimun Grænlands í danska ríkið með því að leysa Dani undan þeirri skyldu að gera gæzluverndarnefnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stjórn sinni á Grænlandi.

Ályktar Alþingi að fela sendinefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum að rökstyðja þessa afstöðu með því að lýsa yfir:

1. Að Íslendingar viðurkenni ekki rétt neinnar þjóðar til að gera aðra þjóð að hluta af sinni þjóð og land hennar að hluta af sínu landi.
2. Að Íslendingar vefengi, að við innlimun Grænlands í danska ríkið hafi Grænlendingar verið spurðir um vilja sinn á fullkomlega lýðræðislegan hátt.
3. Að ekkert hafi komið fram í þessu máli, sem réttlæti það, að Danir séu leystir undan þeirri skyldu að gera gæzluverndarnefnd Sameinuðu þjóðanna grein fyrir stjórn sinni á Grænlandi, sízt af öllu ef tillit er tekið til þess, að Grænland er enn raunverulega lokað land.

Sþ. 185. Breytingartillaga [105. mál]

við till. til þál. um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Þar eð Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til Grænlandsmálsins í heild, leggur þingið fyrir sendinefnd Íslands á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að taka ekki þátt í atkvæðagreiðslu um ályktun gæzluverndarnefndarinnar varðandi það, að Dönum beri ekki lengur skylda til að senda skýrslu um Grænland til Sameinuðu þjóðanna, og taki hún jafnframt fram, að Íslendingar telji afgreiðslu málsins ekki þjóðréttarlega bindandi.

Sþ. 186. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um breytta skipun strandferða.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi ályktar að kjósa 2 menn hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til þess að framkvæma á því athugun, hvort tiltækilegt sé með breyttri skipan á rekstri strandferða á vegum Skipaútgerðar ríkisins að draga úr kostnaði af þeim rekstri, án þess að á nokkurn hátt sé skert sú þjónusta, er strandferðirnar veita landsmönnum nú.

Skal athugun lokið og tillögum skilað til ríkisstjórnarinnar fyrir 1. júlí n. k.

Greinargerð.

Með stofnun Eimskipafélags Íslands árið 1914 er hafinn undirbúningur að því, að Íslendingar tæki sjálfir í sínar hendur vöru- og fólksflutninga að og frá landinu og með ströndum fram. Höfðu flutningar þessir verið þá árum saman í höndum erlendra aðila og gefizt misjafnlega. Félagið lætur þá þegar smíða 2 skip, annað til þess að annast flutninga að og frá Suður- og Vesturlandi, en hitt að og frá Norður- og Austurlandi. Með þessu voru sameinaðir flutningarnir milli landa og milli hafna innanlands, eftir því sem tök voru á með svo litlum skipastól.

Áður en þessi skip tóku til starfa, hafði fyrri heimsstyrjöldin skollið yfir, og samtímis kom röskun á allar skipaferðir. Reynt var þó að halda þessum ferðum á árinu 1915, en það haust strandaði Goðafoss, sem annast skyldi ferðir til Norður- og Austurlands, og verður þá um alllangt skeið breyting á ferðunum. Við þetta bættist svo, að önnur skipafélög, sem haldið höfðu uppi siglingum til landsins og umhverfis það, sendu þessi skip sín í siglingar erlendis, svo að Íslendingar stóðu andspænis þeim vanda að verða að bjarga sér sjálfir með samgöngur allar, jafnt á milli landa sem meðfram ströndum landsins. Eimskipafélag Íslands hafði þá eignazt annað skip í stað Goðafoss, að visu bæði eldra og óhentugra, en það bætti þó nokkuð úr flutningaþörfinni, þótt það fullnægði henni á engan hátt og sízt af öllu þeim þættinum, sem sneri að strandsiglingunum. Og með því að félagið hafði þá enga möguleika fjárhagslega til þess að auka skipastól sinn, réðst ríkissjóður í það að kaupa strandferðaskip árið 1917 og að reka það á sinn kostnað undir stjórn Eimskipafélagsins. Þótt hér væri um tvo aðila að ræða, er voru eigendur að þeim skipum, sem önnuðust hvort tveggja, flutningana landa á milli og siglingar meðfram ströndum landsins, þá var siglingum þessum þó stjórnað af einum og sama aðila, en það þótti þá frumskilyrði fyrir því, að skipin yrðu öll notuð á sem beztan

hátt og ferðir þeirra nýttar til hagsbóta fyrir þjóðina, svo sem bezt mátti verða. Þessi skipan siglingamálanna hélzt óbreytt til ársins 1922, að strandferðaskip ríkisins strandar.

Þegar hér var komið málum, var fyrri heimsstyrjöldinni löngu lokið. Siglingar í álfunni höfðu komizt í sitt fyrra horf, og ýmis erlend skipafélög höfðu aftur hafið siglingar til Íslands og á ýmsar hafnir umhverfis landið. Eimskipafélagið hafði þá einnig bætt skipastól sinn, þótt það hefði ekki fengið neitt skip til þess sérstaklega að annast strandsiglingarnar. Þótti því eðlilegt, að ríkissjóður léti smíða nýtt skip í stað þess, sem strandað hafði, og því yrði ráðstafað til strandsiglinga undir stjórn Eimskipafélagsins á sama hátt og fyrr hafði verið gert. Kom það skip til landsins vorið 1923 og hóf þegar strandferðir.

Nokkrum árum síðar er Skipaútgerð ríkisins sett á stofn. Var henni falið hvort tveggja í senn, útgerðarstjórn strandsiglinga og landhelgisgæzlunnar. Þótti þá ekki nægilegt að hafa eitt skip í strandferðum, og því haldið fram, að fjárhagslega mundi miklu betra fyrir ríkissjóðinn að kaupa annað strandferðaskip til og hafa þannig tvö skip í þessum ferðum, líkt og verið hafði um aldamótin síðustu. Var fallizt á þessi rök og ríkissjóði heimilað að kaupa annað skip í trausti þess, að við það batnaði afkoma Skipaútgerðar ríkisins.

Hér skulu ekki rakin þau mistök, sem urðu í sambandi við hin nýju skipakaup, þau eru svo alkunn, en aðeins bent á, að fljótt kom í ljós, að nú voru engan veginn nægjanleg verkefni fyrir bæði strandferðaskipin í strandsiglingum, enda höfðu þá hin önnur skipafélög aukið allverulega siglingar meðfram ströndum landsins, svo að skipin eltu oft hvert annað skipulagslaust á sömu hafnirnar, og hefði eitt skip oft mátt gera sama gagn og öll, sem á ferðinni voru, ef nokkur samvinna hefði átt sér stað á milli aðilanna um skipulagningu ferðanna. Og með því að skip skipafélaganna höfðu jafnan beint samband við útlönd í hverri ferð, stóðu þau betur að vígi í samkeppninni en strandferðaskipin, með þeim árangri, að tapið á strandferðunum fór sívaxandi. Var þá horfið að því að taka það skipið, sem betra var og smíðað var sérstaklega til þess að þjóna þjóðinni í strandsiglingunum, og það látið sigla landa á milli um sumarmánuðina og reynt að skapa á þennan hátt frekara verkefni fyrir Skipaútgerðina. Með þessu var Skipaútgerðin horfin frá því að veita fólkinu þá þjónustu, sem strandferðaskipin gátu veitt því og áttu að veita því samkvæmt þeim fyrirmælum, sem gefin voru, er Alþingi heimilaði fé úr ríkissjóði til skipakaupanna.

Það kom brátt í ljós, að þessi nýja skipan málanna var bæði óvinsæl meðal þjóðarinnar og bætti auk þess á engan hátt úr hallarekstri útgerðarinnar, enda hafði það skipið, sem tekið var í millilandasiglingarnar, engin skilyrði til að laða að sér farþega, er fara vildu landa á milli, og hitt skipið, sem haldið var í strandferðunum, enn minni skilyrði til þess að uppfylla þær kröfur, sem til slíkra skipa varð að gera. Taldi þjóðin, að hér hefðu miklar vanefndir á orðið. Hún vildi ekki sætta sig við þetta ofan á síhækkandi fjárframlög ríkissjóðs til strandferðanna. Var þá leitað heimilda til þess að selja annað strandferðaskipið og kaupa í þess stað nýrra, stærra og betra skip til strandferðanna, og féllst Alþingi á að veita slíka heimild. En þá gerist það, að betra skipið er selt úr landinu, og þjóðinni boðið upp á hinn lakari kostinn. Skyldi nýja skipið útbúið þannig, að sigla mætti því með farþega landa á milli, jafnt og í strandsiglingum, ef reynslan sýndi, að ekkert verkefni yrði fyrir það í strandferðum. Kom þetta skip til landsins í byrjun síðari heimsstyrjaldarinnar og var þá þegar sett til strandsiglinga.

Meðan á styrjöldinni stóð, komust allar siglingar á ný úr jafnvægi og færðust mjög í það horf, sem þær voru í í fyrri styrjöld, þ. e. að skipafélögin önnuðust svo að segja einhliða flutninga landa á milli, en Skipaútgerð ríkisins annaðist strandsiglingarnar. Á þennan hátt komust flutningarnir umhverfis landið að langmestu leyti á eina hönd, þ. e. til Skipaútgerðar ríkisins.

Það leið þó ekki á löngu, þar til ýmsir einstaklingar sáu gróðavon í því að

keppa við Skipaútgerðina um flutninga í einstaka landshluta, og risu þannig upp ýmsir aðilar, sem fóru að annast flutninga umhverfis landið án nokkurs tillags úr ríkissjóði og högnuðust vel á því starfi, þótt þeir seldu þjónustu sína allmiklu lægra verði og drægju þannig allverulega flutninga frá Skipaútgerðinni. Halda sumir þessir aðilar enn áfram flutningum þessum og sýnast hafa af því góðan hagnað.

Afkoma hins nýja skips Skipaútgerðarinnar á þessum árum mátti teljast sæmileg, þótt hins vegar hið gamla skip tapaði jafnan stórfé. Vaknaði þá loksins sú hugsun hjá forráðamönnum stofnunarinnar, að rétt mundi að losa sig við þá byrði og fá ný og hentug skip í staðinn. Eftir nokkrar bollaleggingar og umræður utan þings og innan skipaði ríkisstjórnin í júní 1943 fjögurra manna milliþinganefnd til þess að gera tillögur um nýtt fyrirkomulag strandsiglinga. Starfaði nefndin að þessum málum um tveggja ára skeið undir forustu þáverandi forstjóra Skipaútgerðar ríkisins. Varð nefndin þríklofin í málinu, og skilaði hver hluti sínu áliti og tillögum í júní 1945. Þykir rétt að taka hér upp nokkur meginatriði úr nefndarálitunum.

Í nál. forstjóra Skipaútgerðarinnar segir svo orðrétt:

„Það munu varla vera skiptar skoðanir um það, að samgöngur á sjó meðfram ströndum landsins eru eitt af höfuðskilyrðunum fyrir heilbrigðri þróun atvinnuveganna. En þrátt fyrir það hefur það atvikazt svo, að strandferðum hefur verið mjög ábótavant. Ræður þar mestu um ónógur og óhentugur skipakostur og skipulagsleysi strandferðamálanna yfirleitt."

Eru þetta orðrétt ummæli þess manns, sem sjálfur hafði þá stjórnað þessum málum í meira en hálfan annan áratug og m. a. sjálfur ráðið öllu um þann skipakost, sem keyptur hafði verið til ferðanna.

Síðan lýsir forstjórinn samkeppni þeirri, sem Skipaútgerðin á við að búa, og þeim afleiðingum, sem af henni hljótist, og er það allt í samræmi við það, sem fyrr er tekið fram í þessari greinargerð. Þá tekur forstjórinn það fram í nál., að millilandaferðirnar fari væntanlega í sama horf og áður var, nú þegar ófriðnum er lokið, þannig að blandað verði saman á ný millilandaferðum og strandferðum, og að slíkt verði að fyrirbyggja. En það sé aðeins hægt með því, að komið verði upp einni umhleðsluhöfn í hverjum fjórðungi og verði innflutningsvörunum síðan dreift þaðan umhverfis landið með strandferðaskipum, sem þá einnig safni útflutningsvörunum á umhleðsluhöfnina. Segir síðan orðrétt í áliti hans:

„Ef gengið er út frá því, að millilandaferðirnar verði færðar í það horf, sem hér að framan hefur verið drepið á, tel ég, að eftirgreind skip og tilhögun á ferðum þeirra þurfi til að byggja upp fullkomið strandferðakerfi."

Með þetta ákveðna skipulag fyrir augum leggur hann síðan til, að höfð verði í strandferðunum tvö skip lík og Esja og þrír strandferðabátar, heldur minni en Skjaldbreið, svo og flóabátur með líku sniði og nú er, þar á meðal 300 smál. skip í Borgarnesferðum, eða skip á borð við Laxfoss, eins og hann var. Ætlast hann til, að ríkissjóður verði eigandi að öllum þeim skipum og bátum og reki þau á sinn kostnað. Um þetta segir forstjórinn orðrétt í áliti sínu:

„Fari svo, að ekki þyki fært að skipuleggja millilandasiglingarnar á þann hátt, sem bent hefur verið á hér að framan, er hætt við, að þær falli í svipaðan farveg og áður var, þ. e. að millilandaskipin sigli nokkuð í strandferðum jafnframt millilandaferðunum. Verður þá ekki nægilegt verkefni fyrir allan þann skipakost í strandferðum, sem gert hefur verið ráð fyrir hér að framan."

Nú hefur reynslan sýnt, að siglingarnar hafa fallið í svipaðan farveg og áður var, þ. e. að millilandaskipin sigla einnig á ströndina í mjög vaxandi mæli, og að ekki hefur tekizt að koma á hinu fyrirhugaða umhleðslukerfi, sem kosta mundi íbúanna úti á landsbyggðinni of fjár, nema því aðeins að umhleðslu- og dreifingarkostnaðurinn yrði greiddur af ágóða frá millilandaflutningum, en það mun reynast torvelt, svo lengi sem flutningarnir eru ekki allir á einni hendi. En þegar mönnum

er þetta ljóst, þá er hitt jafnljóst, að ekki er nægilegt verkefni fyrir öll þau skip, sem keypt voru á sínum tíma til þess að annast allan flutning umhverfis landið.

Í séráliti Gísla Jónssonar um þetta mál segir orðrétt:

„Það kom þegar fram í upphafi, að ef gera átti tillögur um nýja skipun strandsiglinga, yrði að ganga út frá því, að strandferðirnar yrðu framvegis allar á einni hendi, þ. e. lytu allar einni og sömu stjórn. Á þann hátt var auðveldast að fá fullt yfirlit yfir flutningaþörfina á hverjum tíma og þá jafnframt hægast að tryggja nægjanlegan skipakost til ferðanna, án þess þó að fleiri skip væru í ferðunum en þörf væri á. Um þetta urðu allir nefndarmenn sammála. Skyldu tillögurnar síðan gerðar með tilliti til þessa samkomulags."

Í þessu áliti er sýnt fram á, að vöruflutningamagnið með skipum útgerðarinnar komst hæst árið 1943 upp í rúmlega 50 þús. smál., en lækkaði strax á næsta ári um nærri 7 þús. smál., sem efalaust kom til af því, að þá fóru einnig önnur skip með vörur á hafnir umhverfis landið. Á því ári hafði farþegatalan komizt hæst upp í 26 þús. farþega. Tekjur af öllum þessum flutningum urðu þetta ár 6.7 millj. króna. Flutti þá eitt skipið, Esja, 75% allra farþega og nærri 30% af öllum vörunum.

Þá er í nál. gerður samanburður á rekstrarafkomu eftir því, hvers konar skipakostur er notaður til ferðanna, en hann er sem hér segir:

a. Tvö skip á stærð við Esju að viðbættri Súðinni, sem þá var í strandferðum. Áætlað árlegt tap 2.4 millj. króna.
b. Tvö skip á stærð við Esju og einn 300 smál. bátur. Áætlað árlegt tap 1.2 millj. króna.
c. Esja, Súðin og tveir 300 smál. bátar. Áætlað árlegt tap 800 þús. krónur.
d. Esja og fjórir 300 smál. bátar. Áætlað árlegt tap 800 þús. krónur.
e. Þrjú skip lík og Esja. Áætlað árlegt tap 4 millj. króna.
f. Tvö skip lík og Esja og fjórir 300 smál. bátar ásamt einum 150 smál. bát. Áætlað árlegt tap 5.6 millj. króna.

Sýnilegt var af þeim gögnum, sem fyrir lágu, að heppilegast mundi að hafa í ferðunum eitt skip á stærð við Esju og 3—4 báta 300 smál. Með því móti mætti væntanlega finna bátunum nýtt verkefni, ef flutningaþörfin færi minnkandi. Með tilvisun til þessara staðreynda lagði Gísli Jónsson til, að leitað yrði tilboða í smíði eins skips á stærð við Esju og 3—4 báta 300—400 smál. Jafnframt yrði Skipaútgerðinni falið að gera rekstraráætlun um þessi skip í strandsiglingum. Ríkisstjórnin fellst á þessar tillögur. Tilboða í skipin var aflað og síðan heimilað með sérstökum lögum að láta smíða eitt skip líkt og Esju og tvo 300 smál. báta. Gerði Skipaútgerðin rekstraráætlun fyrir þessi skip í strandsiglingum, miðað við árið 1947. Skyldi þessi áætlun vera Alþingi og ríkisstjórn til leiðbeiningar og öruggur mælikvarði á það, hve mikið fé þyrfti að leggja fram úr ríkissjóði til strandferðanna, eftir að þær fengju slík skip til umráða.

Í þessum áætlunum er gert ráð fyrir því, að gjöld öll vegna rekstrar Esju verði 2 millj. 640 þús. og tekjur jafnháar á móti. Rekstrargjöld Heklu eru áætluð 2 millj. 785 þús. og jafnháar tekjur á móti. Rekstrargjöld 300 smál. báts 739.4 þús. og tekjur 542 þús., eða rekstrarhalli 197.4 þús. Og rekstrargjöld Breiðafjarðarbáts 173 smál. 714 þús., en tekjur á móti 500 þús., eða 214 þús. króna rekstrarhalli. Allur rekstrarhallinn á ferðunum var þá áætlaður rúmlega 411 þús. Hér við skyldi þó bæta áætluðum sameiginlegum kostnaði, 300 þús., og auk þess afskriftum af skipunum og vöxtum af höfuðstól. Látnir eru fylgja þessari áætlun til samanburðar rekstrarreikningar fyrir árið 1944, er sýndu, að framlag ríkissjóðs til strandferðanna það ár varð um 2.5 millj.

Á þessari glæsilegu áætlun frá stofnuninni um stórkostlegan sparnað í rekstri strandferða við að fá ný og hentugri skip byggði Alþingi heimildina til skipakaupanna.

Útkoman á þessum rekstri varð hins vegar allt önnur og miklu óhagstæðari fyrir ríkissjóðinn. Árið 1947 var framlag ríkissjóðs um 2.2 millj. í stað þess, að áætlað hafði verið 711 þús. Var hér um að ræða þrefaldan kostnað á fyrsta ári.

1948 hækkar framlagið upp í 4.6 millj. eða nærri sjöfalda áætlunarupphæðina. Eykst framlagið þannig ár frá ári og nær hámarki 1952, en þá er það 7.8 millj. eða um ellefufalt frá frumáætluninni. Hafði þó Skipaútgerðinni bætzt eitt skip, Þyrill, sem sýndi nærri 600 þús. króna rekstrarhagnað á því ári, en hæst hafði það skip komizt í rekstrarhagnaði í rúmlega 1.1 millj. árið áður, og hefur sá hagnaður jafnan verið notaður til að lækka rekstrartap annarra strandferðaskipa, þótt útgerðarmenn og sjómenn um land allt litu svo á, að hann hefði átt að nota til lækkunar á olíuverði, á meðan ekki var sett sama verð á olíu um land allt.

Þegar farið er yfir skýrslur og reikninga Skipaútgerðarinnar á þessu tímabili, verður ljóst, að meginástæðan fyrir þessari ömurlegu rekstrarútkomu er hraðminnkandi vöru- og farþegaflutningur, og það svo, að sýnilegt er, að skipin hafa engan veginn nægileg verkefni, enda er nú komið aftur í hið fyrra far, að bezta skipið er tekið allt sumarið til millilandasiglinga í stað strandferða og að önnur skip en skip Skipaútgerðar ríkisins annast strandferðir í hraðvaxandi mæli. Sýna eftirfarandi samanburðartölur þetta ljóst.

Árið 1952 flytja skip Skipaútgerðarinnar alls 32 þús. smál. af vörum á móti 50 þús. smál. 1943 og rúml. 17 þús. farþega á móti 26 þús. 1943, og er þó hér innifalið í vörumagn og farþegar, sem flutt er landa á milli, sem ekki þekktist 1943. Auk þessara flutninga flytja skipin nærri 59 þús. smál. af olíu, en af þessu magni flytur Þyrill 57 þús. smál., svo að þetta raskar ekki samanburðinum, þar sem um enga slíka olíuflutninga var að ræða 1943.

Þegar enn fremur er litið á þróunina á öllum sviðum viðskipta og athafna um land allt frá 1943, hljóta þessi straumhvörf á flutningunum frá Skipaútgerðinni að vekja undrun, og því er það mjög svo aðkallandi að fá rannsakað til hlítar, hvað gera mætti nú til þess að bæta úr þessu, þar sem sýnilegt er, að grundvöllurinn, sem kaup hinna nýju skipa voru byggð á, er ekki lengur til staðar til að byggja á.

Þá þykir rétt að benda á, að nú er í fyrsta skipti gert ráð fyrir því, að ríkissjóður greiði framlag vegna rekstrar Þyrils. Nemur þetta framlag 228 þús. kr. Er þetta talið stafa af því, að nú komi olíufélögin til þess að hafa nægan skipakost til þess að annast sjálf dreifingu olíunnar, en við það tapast einokunaraðstaða Skipaútgerðarinnar, er hún hefur haft undanfarin ár, en hefur beinlínis verið útgerðarmönnum í óhag, eins og bent hefur verið á, svo að reikna verði með þessu rekstrartapi á n. k. ári. Sýnir þetta bezt, að Skipaútgerðin þolir ekki frjálsa samkeppni, ekki heldur í olíuflutningum og það á móti aðilum, sem hafa ekki haft á sér neitt sérstakt orð fyrir að selja vöru eða flutninga sér í óhag. Er því sýnilegt, að mjög er aðkallandi að gera hér einhverja breytingu á, því að varla mun þjóðin una því lengi, að Skipaútgerðin láti olíuskip ríkisins elta að þarflausu olíuskip annarra á sömu hafnir með stórkostlegu framlagi úr ríkissjóði og sömu flutningsgjöldum. Annars sækir Skipaútgerðin það mjög fast í tillögum sínum til þingsins að fá hér einkaaðstöðu til olíuflutninganna og telur, að fólkið muni ekkert um að greiða sem svarar 10 kr. hærra gjald á hverja smálest olíu, sem mundi þá gefa Skipaútgerðinni um 1 millj. króna rekstrarhagnað á olíuflutningunum og lækka þá að sama skapi heildartap strandferðaskipanna.

Þó að öll milliþinganefndin væri sammála um það, að strandferðirnar mættu ekki falla í sama farveg eftir ófriðinn og þær höfðu áður verið í, og þótt í raun og veru allir nefndarmenn óttuðust, að svo myndi fara, ef ekkert yrði gert til þess að stöðva þá þróun, var það Gísli Jónsson einn nefndarmannanna, sem gerði ákveðna tillögu í þessu máli hér að lútandi, sbr. 2. tölulið í nál. hans, en þar leggur hann til, „að ríkisstjórnin leiti nú þegar samvinnu við Eimskipafélag Íslands um skipulagningu á strandsiglingum og millilandasiglingum, svo og að semja um fullkomna verkaskiptingu á flutningum á milli þessara aðila". Hann leggur enn fremur til undir tölulið 3 í nál., „að þegar ofanrituðum verkefnum er lokið, verði nefndinni eða öðrum aðila falið að gera tillögur þær um skipun strandsiglinga, sem til var ætlazt í fyrrnefndu bréfi ráðuneytisins frá 28. júní 1943".

Ráðuneytið sinnti aldrei hvorugri þessari tillögu. Hins vegar var fallizt á tillögu G. J. undir tölulið 1, að leita tilboða í ný skip eins og þar um ræðir.

Við flm. teljum mjög misráðið, að aldrei skuli hafa verið leitað eftir samkomulagi við Eimskipafélag Íslands um skipulagningu strandsiglinga og millilandasiglinga, eins og lagt var til árið 1945. Hefði svo verið gert, væru þessi mál án efa miklu betur skipulögð en raun ber vitni um. Síðan hafa orðið miklar breytingar bæði á strandsiglingunum og millilandasiglingunum, sem gert hafa þessi mál öll margfalt óhagstæðari fyrir Skipaútgerð ríkisins. Samband ísl. samvinnufélaga hefur á þessu tímabili komið upp miklum og góðum skipastól og beitt honum, sem eðlilegt er, til þess að flytja vörur og fólk landa á milli og með ströndum fram innanlands, með þeim árangri, að hér hefur Skipaútgerðin fengið sterka samkeppni um flutningana, sem að líkindum fer mjög vaxandi, ef ekkert er aðhafzt. Eimskipafélag Íslands hefur stóraukið sinn flota og beitir honum nú meir en áður í strandsiglingarnar, og flugvélar og sérleyfisbifreiðar auka í stórum stíl fólksflutninga sína, jafnt vetur sem sumar, og allt gert til þess, að þessi þjónusta nái til sem allra flestra íbúa landsins, hvar svo sem þeir búa, þar með talið til íbúa Grímseyjar, eins og kunnugt er. Er í þessu gífurleg öryggisþjónusta fyrir þetta fólk og einna stærsti liðurinn í því að viðhalda jafnvægi í byggð landsins. Frá þessari stefnu verður því ekki vikið, heldur farið enn lengra inn á hana í framtíðinni.

Við flm. höfum á tveimur þingum í röð borið fram þáltill. þess efnis, að leita skyldi samninga við Eimskipafélag Íslands og Samband ísl. samvinnufélaga um, að þessir aðilar tækju að sér strandsiglingarnar og fengju afhent þau skip, sem ríkissjóður er eigandi að og höfð eru í strandferðunum, jafnframt því sem bæta skyldi þjónustu þá, sem almenningi er í té látin og farið hefur minnkandi í ýmsum landshlutum þrátt fyrir aukinn skipakost. Má t. d. benda á hina algerlega óviðunandi þjónustu Skipaútgerðarinnar við öll Breiðafjarðarhéruðin. Beztu skipin, Hekla og Esja, hafa þar aldrei viðkomur, aðeins eitt skip af fjórum, sem Skipaútgerðin hefur í strandferðum, er látið þjóna þessu svæði, og það er Skjaldbreið, annað þeirra, sem minnsta hafa möguleika til þess að uppfylla þarfir fólksins. Á meðan Esja hin eldri og Súðin önnuðust þessar ferðir, höfðu þessi skip reglubundnar viðkomur á leiðum sínum frá Reykjavík til Vestur- og Norðurlands og þaðan aftur til Reykjavíkur. Nú er hins vegar ógerlegt að fá vörur frá Austur- og Norðurlandi til Breiðafjarðarhafna nema með umhleðslu í Reykjavík, með þeim árangri, að vörurnar spillast og á þær leggst margfaldur aukakostnaður, miðað við, að hægt væri að taka þær beint, svo sem áður var. Hefur það engan árangur borið, þótt sýslunefndir hafi ár eftir ár sent Skipaútgerðinni áskoranir um að láta Esju og Heklu hafa viðkomur á Breiðafjarðarhöfnum til að færa samgöngurnar í ekki lakari farveg en áður var.

Við töldum, að með því að semja við þessi félög mætti spara ríkissjóði milljónaútgjöld, án þess að þjónustan við fólkið í landinu yrði á nokkurn hátt rýrð, og höfum vísað til þess sem reynslan hefur sýnt um árangurinn af því, að sérleyfisferðir póststjórnarinnar voru lagðar niður og afhentar einstaklingum, sem gefið hafa fólkinu síðan margfalt betri þjónustu, um leið og ríkissjóður sparar sér milljónir árlega á þessu fyrirkomulagi.

Meiri hluti Alþingis hefur sýnt það, svo að ekki verður um deilt, að hann vill ekki, að þessi háttur verði hafður á hvað strandsiglingarnar snertir. Með tilvísun til þess og til þeirrar röskunar, sem orðið hefur á kerfi samgangnanna, svo sem bent hefur verið á hér, verður ekki hjá því komizt að athuga möguleika á nýrri skipan strandsiglinga, ef koma á í veg fyrir áframhaldandi stóraukinn fjáraustur úr ríkissjóði frá ári til árs, án þess að þjónusta batni, heldur verði og lakari með ári hverju.

Ed. **187. Breytingartillaga** [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 2. gr., 10. tölulið. Liðurinn falli burt.

Sþ. **188. Þingsályktun** [105. mál]

um atkvæðagreiðslu af hálfu Íslands á þingi Sameinuðu þjóðanna.

(Afgreidd frá Sþ. 22. nóv.)

Samhljóða þskj. 180.

Nd. **189. Frumvarp til laga** [108. mál]

um mótvirðissjóð.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Mótvirðissjóð skal geyma óskertan á lokuðum reikningi í Landsbanka Íslands, þangað til og ef Alþingi ákveður að endurgreiða hann.

2. gr.

Lán þau, sem þegar hafa verið veitt úr mótvirðissjóði, skal Landsbanki Íslands yfirtaka með sömu kjörum gagnvart lántakanda og þau voru upphaflega veitt, og skulu lánaupphæðirnar endurfærðar á reikning mótvirðissjóðs (sbr. 1. gr.).

3. gr.

Landsbanka Íslands skal heimilt að auka útlán sín til eflingar atvinnuvegum þjóðarinnar um þá upphæð, er samsvarar mótvirðissjóði eins og hann verður, þegar ákvæði 1. og 2. gr. eru komin til framkvæmda, eftir nánari ákvörðunum Alþingis og þannig, að fullt tillit sé tekið til lána, sem þegar hafa verið veitt (sbr. 2. gr.), og þess, að ekki geti valdið hættulegri verðbólguþróun.

4. gr.

Öll eldri lagaákvæði um mótvirðissjóð og ráðstöfun hans falla úr gildi með lögum þessum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er, hefur Bandaríkjastjórn undanfarin ár gefið íslenzku ríkisstjórninni ýmis atvinnutæki og aðrar vörur. Er hér um að ræða svo kölluð „framlög“ frá efnahagsstofnuninni (E. C. A.) og síðar frá öryggisstofnuninni (M. S. A.).

Vörur þessar hefur íslenzka ríkisstjórnin selt íslenzkum innflytjendum, og hafa þeir greitt andvirðið inn í banka hér, en það síðan verið bókfært á sérstakan reikning

í Landsbanka Íslands, og hefur sá reikningur verið nefndur mótvirðissjóður. „Inneign“ þessi (mótvirðissjóður) er þannig aðeins bókfærslulegs eðlis, þar sem þau verðmæti, sem orsökuðu „sjóðsmyndunina“, eru fyrir löngu uppétin eða fest sem vélar o. a. í rafvirkjunum o. s. frv.

Samkvæmt auglýsingu ríkisstjórnarinnar nr. 62 5. júlí 1948, um samning milli Íslands og Bandaríkja Ameríku um efnahagssamvinnu, hefur íslenzka ríkisstjórnin ekki heimild til að ráðstafa þessari inneign hjá Landsbankanum (mótvirðissjóði) nema að fengnu formlegu leyfi bandarískra stjórnarvalda, en um það atriði segir svo m. a. í 4. gr. þessa samnings, 6. málsgr.:

„Ríkisstjórn Íslands getur hafið innstæður, sem fyrir hendi kunna að vera á hinum sérstaka reikningi (þ. e. mótvirðissjóði), til þeirra ráðstafana, sem samkomulag kann að nást um á hverjum tíma við ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku. Við athugun á tillögum, sem ríkisstjórn Íslands gerir um ráðstöfun á innstæðum á hinum sérstaka reikningi, mun ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku hafa í huga þá þörf, sem er á því að efla eða viðhalda öryggi í peningamálum og fjármálum innanlands á Íslandi og á því að efla framleiðslustörf og milliríkjaviðskipti svo og leit að og eflingu á nýjum auðlindum á Íslandi, þar með talið sérstaklega: (b) útgjöld í sambandi við leit að og aukna framleiðslu á efnivörum, sem þörf kann að vera fyrir í Bandríkjum Ameríku vegna skorts, sem er eða líklegt er að verði á slíkum vörum í Bandaríkjum Ameríku.“

Og í 7. málsgr. 4. gr. samningsins segir svo orðrétt:

„Kvaðalausum innstæðum, öðrum en óráðstöfuðum upphæðum, sem lagðar hafa verið til hliðar samkv. 4. mgr. þessarar greinar, sem eftir eru á hinum sérstaka reikningi hinn 30. júní 1952, skal ráðstafað á Íslandi í þeim tilgangi, sem samkomulag kann að nást um milli ríkisstjórna Íslands og Bandaríkja Ameríku, og er þá áskilið, að samþykki Bandaríkja Ameríku sé háð staðfestingu löggjafarþings Bandaríkja Ameríku í formi laga eða sameiginlegrar ályktunar beggja deilda.“

Að því athuguðu, sem hér að framan greinir, er það augljóst mál, að notkun fjár úr mótvirðissjóði er, ef litið er á áhrif á hagkerfið, nákvæmlega sama eðlis og t. d. lántaka ríkissjóðs hjá Landsbankanum. Munurinn er aðeins sá, að erlendir aðilar (Bandaríkjastjórn og Bandaríkjaþing) geta sagt íslenzku ríkisstjórninni fyrir verkum um það, hvernig og til hvers nota megi fé úr mótvirðissjóði, og geta, samkv. framangreindum tilvitnunum, haft mjög víðtæk áhrif, ef ekki úrslitaáhrif á íslenzk peningamál, fjármál og efnahagsmál, m. a. hvernig þeim skuli hagrætt í þágu Bandaríkjanna, en á hinn bóginn hefur íslenzka ríkisstjórnin að sjálfsögðu frjálsar hendur, að fengnu samþykki Alþingis, til að taka þau lán hjá Landsbankanum, sem nauðsynleg eru talin vegna þeirra framkvæmda, sem æskilegt þykir að hrinda í framkvæmd.

Frumvarp það, sem við þingmenn Þjóðvarnarflokks Íslands flytjum hér um mótvirðissjóð, er flutt í þeim tilgangi einum að losa þjóðina við þau erlendu afskipti af íslenzkum fjármálum og efnahagsmálum, að ekki séu nefnd yfirráð, sem notkun fjár úr mótvirðissjóði hefur í för með sér.

Frumvarpið hefur engar aðrar breytingar í för með sér.

Áhrif þeirra ráðstafana, sem lagt er til í frumvarpi okkar að gerðar verði, eru á hagkerfið nákvæmlega þær sömu og ef lán væri veitt úr mótvirðissjóði og lánsfjármöguleikar óbreyttir.

Til að losna við hin erlendu afskipti er í frumvarpinu lagt til, að mótvirðissjóður verði „frystur“ í Landsbankanum, þ. e. a. s., að þjóðin hagi sér í einu og öllu eins og hann væri ekki til, en geri nauðsynlegar ráðstafanir um öflun fjár til þeirra framkvæmda, sem ríkissjóður vill leggja lánsfé, eftir öðrum leiðum.

Virðist það svo augljóst mál, að þessa ráðstöfun sé nauðsynlegt að gera, að alleinkennilegt má teljast, að því máli skuli aldrei hafa verið hreyft í frumvarpi á Alþingi. Hafa þessi mál þó verið þar til umræðu áður, t. d. þegar sett voru lög um að stofna sérstakan banka til að ráðstafa mótvirðissjóði. En einmitt í sambandi við það mál varaði hinn kunni bankamaður Jón Árnason, núverandi banka-

stjóri við Alþjóðabankann, Alþingi við hættunni af þeim erlendu áhrifum, sem notkun mótvirðissjóðs hefði í för með sér. Í bréfi, sem hann skrifaði ríkisstjórn og Alþingi 3. des. 1952, farast honum m. a. svo orð: „Hinn svo kallaði mótvirðissjóður hefur orðið til vegna óafturkræfra framlaga frá stjórn Bandaríkjanna. — — Ekki má veita fé úr sjóðnum, hvorki sem lán né annað, án samþykkis Bandaríkjastjórnar, og virðist það í rauninni eðlilegt. En af því leiðir, að slíkar leyfisveitingar um meðferð mótvirðissjóðs hljóta að hafa í för með sér meiri eða minni afskipti af fjármálalífi landsins í heild.“

Og síðar í sama bréfi segir Jón Árnason, að „ef afskipti Bandaríkjastjórnar haldi áfram“, álíti hann það „æskilega og sjálfsagða leið — — að leita samninga við stjórn Bandaríkjanna um endurgreiðslu mótvirðissjóðs — enda takist að ná samningum um það langan greiðslutíma, að þjóðinni verði ekki um megn að inna greiðsluna af hendi“.

Þannig er þá það álit, sem einn kunnasti bankamaður þjóðarinnar, Jón Árnason, hafði á málinu og kom á framfæri við þing og stjórn þegar á árinu 1952.

Það virðist því ekki ofmælt, þó að sagt sé, að það hafi dregizt einkennilega lengi að fara þá leið í þessum málum, sem við flutningsmenn þessa frumvarps leggjum til að farin verði, til að losna algerlega og auðveldlega við hin erlendu afskipti á þessu sviði, og það því fremur, ef þess er gætt, að engin ákvæði hins svo nefnda „Marshallssamnings“ verða skilin né túlkuð á þann veg, að íslenzka ríkisstjórnin sé skuldbundin til að nota fé úr mótvirðissjóði. Um það atriði er 6. málsgr. 4. gr. samningsins gleggstur vitnisburður, en þar segir svo: „Ríkissjóður Íslands getur hafið innstæður, sem fyrir hendi kunna að vera á hinum sérstaka reikningi“ (þ. e. mótvirðissjóði). Hins vegar stendur hvergi í samningnum, að ríkisstjórn Íslands sé skylt að hefja þessar innstæður.

Samkvæmt eðli málsins og málsatvikum þeim, sem hér hafa verið rakin, ætti að mega vænta þess, að Alþingi brygði skjótt við og samþykkti þetta frumvarp.

En ef það gerðist hins vegar, að Alþingi legðist — móti vonum okkar flutningsmanna — gegn samþykkt þess, þá verður ekki komizt hjá því að segja eins og er, að þá væri Alþingi ekki lengur að vinna með íslenzka hagsmuni eina fyrir augum og gegn þarflausri erlendri íhlutun um innanlandsmál og sérmál þjóðarinnar, heldur væri það þá beinlínis gengið í þjónustu erlendra aðila til að ryðja braut erlendum áhrifum og afskiptum af íslenzkum innanlandsmálum, fjármálum, efnahagsmálum og atvinnulífi.

Nd. 190. Frumvarp til laga [109. mál]

um kaup á olíuflutningaskipum.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa eða láta smíða á kostnað ríkissjóðs tvö olíuflutningaskip, 12000—16000 lestir hvort.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka erlendis allt að 80 millj. króna lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Um nokkurt skeið hefur verið vaxandi áhugi á því, að Íslendingar eignuðust olíuflutningaskip, eitt eða fleiri. Þeir, sem hafa kynnt sér málið, eru þeirrar skoðunar, að kaup olíuflutningaskipa muni verða hagkvæm fyrir þjóðina og spara henni allverulega erlendan gjaldeyri. Er hér einnig um mikilsverða öryggisráðstöfun að ræða, þar eð þeir tímar geta auðveldlega komið, að háskalegt sé að vera algerlega upp á aðrar þjóðir komnir um svo mikilvægt atriði sem aðflutninga til landsins á olíum.

Olíunotkun Íslendinga er nú orðin yfir 200 þús. smálestir árlega og fer sífellt vaxandi. Benda allar líkur til þess, að sú þróun haldi áfram. Landsbúum fjölgar ört, skipastóll landsmanna á væntanlega fyrir sér að vaxa, vélanotkun öll, bæði við sjó og í sveit, er stöðugt að aukast. Enn má benda á það, að upphitun íbúðarhúsa með olíu hefur rutt sér mjög til rúms á síðustu árum. Má því telja fullvíst, að aðflutningur á olíum til landsins muni enn aukast verulega í náinni framtíð.

Íslendingar hafa á undanförnum árum greitt milli 30 og 40 millj. kr. í farmgjöld til erlendra aðila. Flutningsgjöld olíuflutningaskipa hafa nú að vísu lækkað allverulega, en nema þó háum upphæðum.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að kaupa eða láta smíða tvö olíuflutningaskip, 12—16 þús. lestir, en athuganir þykja benda til þess, að sú stærð skipa henti okkur bezt.

Byggingarkostnaður tveggja slíkra skipa mun nema samtals 70—80 millj. kr. Yrði hins vegar horfið að því ráði, sem vel kemur til greina og ef til vill mun reynast hagfelldast, að kaupa nýleg skip, má vænta þess, að þau yrðu allmiklu ódýrari. Vegna lækkaðra flutningsgjalda er nú miklu auðveldara en verið hefur undanfarin ár að fá slík skip keypt. Virðist augljóst, að nota beri tækifærið og fá hið fyrsta úr því skorið, hvort ekki er hægt að ná góðum samningum um kaup á nýlegum og hentugum skipum.

Rekstur olíuflutningaskipa er talinn svo öruggur og arðvænlegur, að öflun lánsfjár í því skyni að kaupa eða smíða slík skip mundi að öllum líkindum auðveldari en lánsfjáröflun til margra annarra framkvæmda. Hefur kunnur útgerðarmaður, sem mikið hefur kynnt sér þetta mál, látið þess getið á opinberum vettvangi, að hann mundi geta útvegað lánsfé erlendis til slíkra skipakaupa.

Tvö olíuflutningaskip af þeirri stærð, sem hér um ræðir, mundu hafa næg verkefni, þar eð þau gerðu litlu betur en anna þörfum okkar Íslendinga. Má því telja fullvíst, að rekstur þeirra yrði fjárhagslega tryggur. Skipin mundu örugglega spara meiri gjaldeyri en nota þyrfti til greiðslu vaxta og ofborgana af stofnláninu.

Við Íslendingar höfum á að skipa mörgum dugandi sjómönnum, þar á meðal faglærðum mönnum, sem siglt hafa á olíuflutningaskipum, svo að engin vandkvæði ættu að vera á því að manna tvö olíuflutningaskip með íslenzkum áhöfnum. Mundu þar fá örugga atvinnu um 90 sjómenn, sem gera má ráð fyrir að framfleyttu um 400 manns.

Flutningsmenn þessa frumvarps telja það að vísu meginatriði í sambandi við málið, að tvö góð olíuflutningaskip komist í íslenzka eigu. Hitt skiptir einnig verulegu máli, hver tilhögun verður viðhöfð um eignaryfirráð og rekstrarfyrirkomulag skipanna. Telja flm. eðlilegast, að ríkið kaupi skipin og reki þau.“

Á síðasta þingi bar ríkisstjórnin einnig fram frumvarp um heimild til að ábyrgjast lán til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum, allt að 50 millj. kr. vegna hvors skips. Í greinargerð, er fylgdi stjórnarfrumvarpi þessu, var m. a. svo að orði kveðið:

„Þótt kaupskipastóll landsmanna hafi aukizt mjög hin síðari ár hefur þó um alla olíuflutninga til landsins eingöngu orðið að treysta á erlend leiguskip, þar eð

íslenzkir aðilar hafa enn eigi eignazt skip, er annazt gætu slíka flutninga. Hefur hin síðari ár verið varið tugum milljóna króna í erlendum gjaldeyri á ári hverju til greiðslu á leigum fyrir olíuflutningaskip. Þegar þetta er haft í huga svo og að olíumagn það, er til landsins er flutt, vex ár frá ári, má ljóst vera, hve mikilsvert er þjóðhagslega, að landsmenn sjálfir geti tekið olíuflutingana í sínar hendur. Auk þessa ættu Íslendingar sem eyþjóð, með auknum skipakosti, að hafa aðstöðu til í vaxandi mæli að afla verðmæta með siglingum í þágu annarra þjóða.

Af framangreindum ástæðum telur ríkisstjórnin sjálfsagt að greiða fyrir því, að Íslendingar geti sjálfir eignazt skip til að bæta úr þessari brýnu þörf, og fer því fram á heimild Alþingis til þess að mega veita ríkisábyrgð fyrir lánum til kaupa á tveimur olíuflutningaskipum, svo sem nánar greinir í frumvarpinu sjálfu."

Frumvarp þetta var stöðvað á síðasta þingi, og kom aldrei um það nefndarálit frá meiri hluta fjárhagsnefndar, er fékk málið til meðferðar. Skal engum getum að því leitt hér, hvað valdið hefur. Enn þá bólar ekkert á frumvarpi um þetta mál frá ríkisstjórninni. Þar eð enn eru í fullu gildi öll hin sömu rök og fram voru flutt til stuðnings kaupum á olíuflutningaskipum á síðasta þingi, höfum við þingmenn Þjóðvarnarflokksins nú flutt frv. okkar að nýju.

Nd. 191. Frumvarp til laga [110. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

1. gr.

Upphaf 1. málsgr. 13. gr. laganna orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt þrátt fyrir ákvæði 2. gr. að leita eftir þátttöku félags- og stéttarsamtaka bænda um hlutafjárframlög til stofnunar áburðarverksmiðjunnar.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ríkissjóði er skylt að innleysa á nafnverði hlutabréf annarra hluthafa, sem hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni frá því að hlutabréfin voru keypt, enda sé þeim aðilum, sem um ræðir í 13. gr. (sbr. 1. gr. hér að framan), gefinn kostur á að kaupa þau hlutabréf, sem ríkissjóður innleysir samkv. framangreindum ákvæðum.

Umboð þeirra tveggja stjórnarnefndarmanna, er núverandi hluthafar, aðrir en ríkissjóður, hafa kosið, falla þegar niður, og skulu formaður Búnaðarfélags Íslands og formaður Stéttarsambands bænda taka sæti þeirra í verksmiðjustjórninni, unz sölu þeirra hlutabréfa, sem um ræðir í þessari grein, er lokið og hinir nýju hluthafar hafa kosið tvo stjórnarnefndarmenn samkv. 13. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frumvarpi, er við fluttum um sama efni á síðasta þingi, en varð ekki afgreitt.

Fylgdi því þá efnislega svo hljóðandi greinargerð:

Þegar fyrst var borið fram frumvarp á Alþingi um að stofna og reka áburðarverksmiðju hér á landi, var svo ráð fyrir gert, að ríkissjóður skyldi einn leggja fé til þess fyrirtækis auk lána, sem heimilt skyldi að taka vegna stofnkostnaðar verksmiðjunnar. Skyldi verksmiðjan síðan sjálf standa straum af þeim lánum með rekstri sínum, enda var þá lagt til, að hún yrði sjálfseignarstofnun.

Á því stigi málsins, og raunar bæði fyrr og síðar, var því fram haldið, að það væri eitt af brýnustu hagsmunamálum bænda, að rekin yrði hér á landi áburðarverksmiðja.

Samkvæmt eðli málsins er það auðsætt, ekki sízt eftir að sýnt er, að áburðarverksmiðjan verður að veruleika, að bændur eiga mestra hagsmuna að gæta í sambandi við það fyrirtæki, rekstur þess og stjórn, þar sem þeir eiga og þurfa að nota aðalframleiðsluvöru verksmiðjunnar, áburðinn, við atvinnu sína. Hagkvæmni eða óhagkvæmni í rekstri áburðarverksmiðjunnar hefur því áhrif á afkomu og lífsbjargarmöguleika bænda umfram aðrar stéttir þjóðfélagsins.

Í samræmi við þetta mátti þegar í upphafi telja eðlilegt, að bændum yrði tryggður réttur til að hafa áhrif á rekstur og stjórn áburðarverksmiðjunnar. Verður nauðsyn þess þó enn ljósari, þegar það er haft í huga, að gert er ráð fyrir því, að öll lán vegna stofnkostnaðar verksmiðjunnar verði greidd á 20 árum úr rekstri hennar og þá fyrst og fremst af bændum, sem kaupa áburðinn og borga þessi lán í áburðarverðinu.

Þegar framangreind heimild í lögum nr. 40 23. maí 1949 kom til framkvæmda þannig frá þeim gengið, að heimilt var að breyta verksmiðjunni í hlutafélag, þar sem ríkissjóður yrði stærsti hluthafinn. Var þá af ýmsum talið, að þetta væri gert til þess að gefa bændum kost á að eignast hlutdeild í þessu mikilvæga fyrirtæki, sem verið var að stofna í þágu landbúnaðarins, og tryggja rétt þeirra til áhrifa á rekstur þess og stjórn.

Þegar framangreind heimild í lögum nr. 40 23. maí 1949 kom til framkvæmda og áburðarverksmiðjunni var breytt í hlutafélag, urðu hins vegar þau mistök í sambandi við það mál, að aðrir aðilar en bændur fengu að kaupa og keyptu öll þau hlutabréf, sem seld voru öðrum en ríkissjóði.

Kom það þá fljótlega í ljós, svo sem vænta mátti, að bændur undu því illa að vera sniðgengnir í þessu máli og töldu óeðlilegt, að aðilum, sem ekki höfðu sýnilega annarra hagsmuna að gæta í sambandi við þetta mál en að öðlast hlutdeild í gróða af áburðarframleiðslu, ef um slíkt yrði að ræða, væri gafinn kostur á að eignast hlutdeild í áburðarverksmiðjunni og kjósa tvo menn í stjórn hennar, en sérsamtökum bænda ekki. Hafa Búnaðarfélag Íslands, Stéttarsamband bænda og fleiri félagssamtök þeirra samþykkt ályktanir þess efnis, að Alþingi hlutist til um, að hlutur bændastéttarinnar verði réttur í þessu efni.

Þjóðvarnarflokkur Íslands hefur áður látið í ljós þá skoðun, að hann telji, að hér sé um sanngirniskröfu að ræða af hálfu bænda með tilliti til eðlis málsins.

Fyrir okkur flutningsmönnum þessa frumvarps vakir því það, að fá hlut bænda réttan og koma til móts við óskir þeirra í þessu máli, jafnframt því að þau mistök, sem orðið hafa í sambandi við hlutabréfasölu í áburðarverksmiðjunni, verð leiðrétt.

Þess vegna leggjum við til, að lögum nr. 40 23. maí 1949 verði breytt á þann veg, að það sé ótvírætt, að sérsamtök bænda eigi rétt á að eiga og reka áburðarverksmiðjuna móti ríkissjóði og aðrir ekki.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 211. Tillaga til þingsályktunar [113. mál]

um nýja skipan á framkvæmd vegagerðar.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Bjarnason, Sigurður Ó. Ólafsson, Sigurður Ágústsson.

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta Iðnaðarmálastofnun Íslands gera á því athugun, úr hvaða efni og á hvaða hátt heppilegast sé að leggja og halda við vegum landsins, og gera um það tillögur til Alþingis, ásamt tillögum um nýja skipan á framkvæmdum í vegagerð, er miði að því, að komið verði sem fyrst upp traustu vegakerfi um land allt.

Skal Iðnaðarmálastofnuninni heimilt að ráða sér til aðstoðar við þessar framkvæmdir innlenda og erlenda sérfræðinga, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til þess að komast að sem traustustum og beztum niðurstöðum. Hafa skal stofnunin samráð við vegamálastjóra um allar framkvæmdir, þar með taldar tilraunir, sem nauðsynlegt þykir að gera á einstökum vegaköflum til að sannprófa þol nýrra efna, og umbætur í breyttum vinnuaðferðum.

Kostnaður við rannsóknir og framkvæmdir allar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Sívaxandi flutningaþörf um allar byggðir landsins kallar óhjákvæmilega á breytta skipan í vegagerð, ef tryggja á traust og heilsteypt vegakerfi um land allt, en að því verður að stefna, ef hinar stórstígu framkvæmdir í ræktun, iðnaði og margvíslegum framleiðsluháttum eiga að geta notið sín til fulls og orðið sú lyftistöng til bættra lífskjara fyrir allan landslýð, sem til er ætlazt og vonir standa til að verði, þegar fram líða stundir.

Traust og fullkomið vegakerfi mundi ekki einasta tryggja öruggar samgöngur um landið, heldur mundi það einnig lækka mjög verulega allan flutningskostnað, sumpart með því að nota mætti á slíkum vegum miklu stærri og eldsneytissparari bifreiðar og sumpart vegna þess, að slit á vögnum, vélum og hjólbörðum yrði allt annað og miklu minna. Kæmi þá og til greina að nota rafmagn til orku í stað benzíns eða olíu, en það mundi spara þjóðinni milljónir í innflutningi á ári hverju.

Segja má, að vegagerð á Íslandi sé ekki nema nokkurra áratuga gömul. Allt fram að síðustu heimsstyrjöld var að langmestu leyti unnið með handverkfærum einum, en síðan hafa stórvirkar vélar verið notaðar í vaxandi mæli, einkum þó við lagningu veganna.

Sú stefna hefur orðið ofan á að teygja vegina sem allra mest út um byggðina, og það svo, að víða hefur verið látið nægja að ryðja brautir, sem aka mætti að sumarlagi, en teppast strax í fyrstu snjóum. Hefur orðið að hafa þennan hátt á, vegna þess að óhjákvæmilegt hefur verið að koma sem flestum byggðum í vegasamband, þótt ekki væri það á annan hátt en að framan greinir. Smátt og smátt hefur síðan orðið að endurbæta þessa vegi eða byggja þá upp að nýju, breikka þá og bæta, eftir því sem fé hefur verið fyrir hendi á hverjum tíma og eftir því, hve umferðin hefur aukizt og vagnarnir stækkað og þyngzt.

Í höfuðatriðum hefur það jarðefni verið notað bæði í undirbyggingu og ofaníburð, sem hendi er næst á hverjum stað, þótt örfáar undantekningar hafi átt sér stað. En þetta hefur aftur orðið til þess, að hlutföllin milli viðhalds og lagningar nýrra vega verða með ári hverju óhagstæðari, og er nú svo komið, að ekki verður við það unað miklu lengur án einhverra raunhæfra aðgerða. Voru t. d. á s. l. ári veittar 11.3 millj. til nýrra þjóðvega, en 24 millj. til viðhalds, eða meira en tvöfalt á móti nýbyggingunum. Við þetta bætist vaxandi jarðrask meðfram vegunum, sem er að verða mjög til lýta og tjóns og verður aldrei að fullu bætt hvað suma staði snertir. Má öllum ljóst vera, að það getur ekki verið svo um alla framtíð, að þúsundir smálesta séu fluttar árlega í vegina til þess að fjúka samstundis úr þeim út í veður og vind, ef þurrt er og nokkur umferð á sér stað, eða skolazt í burt í stríðum straumum, þegar regn er, skapa alls konar truflun og slysahættu á vegunum og ausa yfir vagna og vegfarendur ryki, aur og vatni. Á örfáum kílómetrum hafa verið reyndar aðrar aðferðir í vegagerð og þá helzt malbikun og sementssteypa, en hvorugt sýnist bera sama árangur og hliðstæðar vegagerðir í öðrum löndum hvað endingu snertir, hvað sem valda kann. Er það því ærið rannsóknarefni, á hvern hátt og úr hvaða efni á að leggja vegi á Íslandi í framtíðinni, og óverjandi að skjóta lengur á frest að framkvæma slíka rannsókn.

Mjög hefur því verið haldið á lofti, að ameríski herinn hafi byggt hér flugbrautir og vegi við Keflavík með aðferðum og vélum, er vel gæti hentað að nota við vegagerðir almennt, og talið, að þetta hafi gefizt vel. Er sjálfsagt, að allt slíkt verði athugað í sambandi við þessi mál.

Sýnilegt er, að nauðsynlegt muni verða að gera margvíslegar tilraunir, áður en ákveðið er að fullu, hvaða gerð vega megi teljast heppilegust, enda ekki ólíklegt, að þetta mætti flokka eftir jarðlagi og umferð, og því kann rannsókn sú, sem hér er um að ræða, að þurfa að standa yfir árum saman. Með tilliti til þess leggjum við flm. ekki til, að þetta sé falið sérstakri nefnd, heldur þeirri stofnun, sem í tæknilegum málum á jafnan að vera ríkisstjórn og ríkisstofnunum til aðstoðar. Að sjálfsögðu þyrfti stofnunin að ráða til sín eitthvað af sérfræðingum um tíma, en gæti þó unnið verkið að langmestu leyti með aðstoð þeirra annarra stofnana ríkisins, sem ráða yfir mönnum með þekkingu á þessum málum, svo sem vegamálaskrifstofunnar, atvinnudeildar háskólans og rannsóknaráðs ríkisins, svo að eitthvað sé nefnt.

Um þörfina á því, að þetta mál verði gaumgæfilega athugað, verður ekki deilt né heldur um möguleika þeirra aðila, sem hér er bent á, til að framkvæma hana. Sýnist því sjálfsagt að samþykkja þessa þáltill., og væntum vér flm., að svo verði gert á þessu þingi og ríkisstjórnin láti síðan hefjast handa um framkvæmdir hið bráðasta.

Nd. 212. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

2. málsgr. 11. gr. laganna orðist svo:

Ekkill eða ekkja öðlast rétt til sama hluta af þeim lífeyri, sem alþingismaðurinn hefði öðlazt, ef hann hefði verið á lífi við gildistöku laganna eða fullnægt skilyrðum 7. gr., áður en hann lézt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og lög þessi hefðu öðlazt gildi 1. janúar 1954.

Greinargerð.

Við ákvörðun á lífeyri ekkna samkvæmt lögum nr. 84 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl., kom í ljós, að fjórar ekkjur fyrrv. alþingismanna öðluðust ekki rétt til lífeyris samkvæmt þeim, vegna þess eins, að hinir látnu fyrrv. alþingismenn fullnægðu ekki aldursskilyrði 7. gr. laganna. Þeir voru yngri en 65 ára, er þeir létust, og hefðu ekki náð þeim aldrei við gildistöku laganna, þó að þeir hefðu lifað svo lengi. Ekkja öryrkja nýtur lífeyris samkvæmt lögunum án tillits til aldurs hans, er hann fellur frá. Stjórn lífeyrissjóðs alþingismanna hefur rætt þetta mál og talið eðlilegast, að sama gilti almennt, er fyrrv. alþingismaður fellur frá, þ. e., að ekkjan fái lífeyri án tillits til aldurs hins látna, að fullnægðum öðrum skilyrðum laganna um þingsetu tilskilinn fjölda ára eða kjörtímabila.

Um 1. gr.

Breyting sú á 11. gr. laganna, sem hér er lagt til að gerð verði, miðar að því að tryggja ekkju eða ekkli þann rétt, er að framan er minnzt á.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Rétt þykir, að ekkjur þær, sem öðlast rétt til lífeyris samkvæmt 1. gr. frv., verði eins settar og ef þetta ákvæði hefði verið í lögum frá upphafi.

Ed. 213. Lög [71. mál]

um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 26. nóv.)

Samhljóða þskj. 93.

Ed. 214. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til l. um afnám laga um veitingaskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi 26. nóv. 1954.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.

Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 215. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um, að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og m. a. aflað sér upplýsinga um það, að Krabbameinsfélag Íslands er landssamband allra þeirra félaga í landinu, sem sett hafa sér það að aðaltakmarki að berjast gegn hinum válega sjúkdómi, krabbameininu.

Lítur nefndin svo á, að frumvarpið, ef að lögum verður, nái einnig til þeirra gjafa, er berast kunna til einstakra sambandsfélaga innan Krabbameinsfélags Íslands.

Öll nefndin er sammála um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. nóv. 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Karl Guðjónsson, frsm.
Jóhann Hafstein. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 216. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. nóv. 1954.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 217. Nefndarálit [47. mál]

um till. til þál. um gistihús á Þingvöllum.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og leitað umsagnar um hana hjá Þingvallanefnd, sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Leggja allir þessir aðilar til, að hún verði samþykkt. Telja þeir það hið mesta nauðsynjamál, að gistihús verði reist á Þingvöllum.

Þrír nefndarmenn, MJ, EmJ og SB, leggja til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. En tveir nefndarmenn, ÁB og EirÞ, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim.

Hér með fylgja sem fylgiskjöl I—III álitsgerðir þeirra aðila, sem nefndin leitaði umsagnar hjá um tillöguna.

Alþingi, 26. nóv. 1954.

Sigurður Bjarnason, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr., með fyrirvara. Eiríkur Þorsteinsson, með fyrirvara.
Emil Jónsson. Magnús Jónsson.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 8. nóv. 1954.

Sem svar við bréfi nefndarinnar, dags. 2. þ. m., skal yður hér með tjáð, að Þingvallanefnd hefur á fundi sínum í dag tekið fyrir till. til þál. á þingskjali 52, og tjáir nefndin sig samþykka því, að hún nái fram að ganga. Aðeins vill nefndin benda á, að hún telur, að um staðarval og útlit byggingarinnar verði að hafa fullt samkomulag við hana, ef til framkvæmda kemur.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst.

F. h. Þingvallanefndar

Gísli Jónsson,
formaður.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

SAMBAND VEITINGA- OG GISTIHÚSAEIGENDA

Reykjavík, 10. nóv. 1954.

Með tilvísun til fyrirspurnar háttvirtrar samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis í bréfi nefndarinnar, dags. 2. þ. m., leyfir stjórn Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda sér að taka fram eftirfarandi:

Stjórn sambandsins fagnar því, að á Alþingi skuli vera komið fram frumvarp um veitinga- og gisthús á Þingvöllum, enda verður ekki um það deilt, að mikil þörf er á góðu gistihúsi á mesta helgistað þjóðarinnar, enda staðurinn þannig í sveit settur, að ekki er hægt að vera þar án gisti- og veitingahúss.

Stjórn sambandsins hefur ekki miklu við að bæta hina ágætu greinargerð flutningsmanna. Hins vegar vill stjórnin undirstrika og taka skýrt fram, eftir að hafa kynnt sér málið nokkuð hjá réttum aðilum, að ekki eru sjáanlegir möguleikar fyrir arðbærum rekstri gistihúss á Þingvöllum, nema til komi bæði beinn og óbeinn stuðningur ríkisvaldsins, t. d. í því formi, að útvegað mundi lán til langs tíma með mun lægri vöxtum en nú tíðkast, t. d. með sömu kjörum og stofnlán til sjávarútvegsins. Athuga mætti, hvort ekki væri rétt, að gistihús á Þingvöllum væri undanþegið öllum sköttum til ríkis, sýslu og hrepps, enda ekki óeðlilegt, að svo sé um rekstur, sem í raun og veru er til gagns og ánægju öllum landsmönnum, enda er og verður væntanlega allur rekstur á Þingvöllum háður ákvörðunum Þingvallanefndar og verður allur rekstur á staðnum með öðrum hætti en ef eigendur hefðu sjálfir ákvörðunarrétt um, hvaða rekstur og hvernig færi fram á staðnum.

Virðingarfyllst.

F. h. stjórnar
Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda,
Lúðvíg Hjálmtýsson.

Til samgöngumálanefndar Nd. Alþingis.

Fylgiskjal III.

FERÐASKRIFSTOFA RÍKISINS

Reykjavík, 22. nóvember 1954.

Vér viðurkennum móttöku bréfs yðar frá 2. þ. m., þar sem óskað er eftir umsögn um till. til þál. um gistihús að Þingvöllum. Flutningsm. hr. alþm. Gunnar Thoroddsen og Sigurður Bjarnason.

Oss þykir leitt, hvað dregizt hefur að svara þessu bréfi, en það stafar af því, að forstjóri Ferðaskrifstofu ríkisins hefur verið erlendis að undanförnu.

Framkominni till. til þál. ber að fagna, enda þótt vér lítum svo á, að nauðsyn beri til þess, að hið háa Alþingi taki gistihúsavandamálið til meðferðar á breiðari grundvelli.

Um ástandið í gistihúsamálum er óþarft að fjölyrða, því að það er alkunna, að í þessu efni ríkir vandræðaástand í landi voru. Þessu til rökstuðnings leyfum vér oss að vísa til hjálagðrar greinargerðar hótelnefndar, sem skipuð var árið 1951 af þáverandi samgöngumálaráðherra. Greinargerðin fylgdi tillögu nefndarinnar um myndun gistihúsasjóðs, „Frumdrög að lögum um gistihúsasjóð".

Ísland hefur frá náttúrunnar hendi upp á margt að bjóða, sem laðar og heillar ferðamanninn. Lækningamáttur heita vatnsins og heita leirsins hefur ekki verið rannsakaður enn til hlítar, en allt bendir til þess, að hér séu miklir ónytjaðir möguleikar fyrir hendi. Landið hefur ótvírætt öll skilyrði til þess að verða fjölsótt ferðamannaland. Og nú er það ekki lengur einangrað og fjarlægt öðrum löndum. Á sviði samgangna hafa risaskref verið stigin. Með íslenzkum farartækjum getum vér flutt innanlands og að og frá landinu ferðamenn svo þúsundum skiptir.

En þriðja frumskilyrðinu fyrir því, að land geti orðið ferðamannaland hefur hvergi verið fullnægt. Staðreyndin er sú, að á sama tíma sem vér höfum varið hundruðum milljóna til samgöngubóta og til kaupa á samgöngutækjum, hefur hverfandi litlu fé verið varið til bygginga eða endurbóta á gistihúsum. Hér gætir feikilegs ósamræmis, og gegnir furðu, hvílíkt tómlæti gistihúsavandmálunum hefur verið sýnt á tímum hinnar miklu nýsköpunar og framfara í íslenzku atvinnulífi. Það virðist svo, að forráðamenn þjóðfélagsins hafi ekki áttað sig á því, að tekjur af komu erlendra ferðamanna geti orðið drjúgur liður í gjaldeyrisöflun íslenzku þjóðarinnar. Tekjur af komu hundrað ferðamanna, — svo dæmi sé tekið, — sem dveldu hér 14 daga og ferðuðust með íslenzkum farartækjum að og frá landinu, gætu engu síður orðið gott búsílag en ísfisksala botnvörpungs á erlendum markaði. Hver hópur slíkra gesta mundi skilja eftir 600—700 þús. krónur.

En nú er það ekki fjárhagshliðin ein, sem skiptir hér máli. Menningarhlið þessa máls má ekki hverfa í skuggann. Það hlýtur að verða metnaðarmál hins unga íslenzka fullvalda ríkis að geta boðið gistivinum sínum vistarverur, sem teljast mega samboðnar sjálfstæðu menningarríki.

Gistihúsarekstur er ung atvinnugrein í landi voru og á við margs konar erfiðleika að etja; lánsfjárskort og skilningsleysi, og það hefur sýnt sig, að það er ekki á valdi einstakra þegna þjóðfélagsins að leysa gistihúsavandamálið. Lausn þess fæst aðeins með samstilltu átaki undir forustu ríkisvaldsins.

Það er því óumdeilanlega í verkahring hins háa Alþingis að taka gistihúsamálið í heild til meðferðar, og það, sem gera þarf fyrst, er að samþykkja lög um gistihúsasjóð, sbr. ræktunarsjóð og nýbýlasjóð, og sjá honum fyrir ríflegu stofnfé, svo að menn geti fengið hagkvæm lán til gistihúsabygginga og endurbóta á þeim, sem þegar hafa verið reist. Síðan yrði, að tilhlutan hins háa Alþingis, skipuð nefnd hæfra manna, sem athugaði og gerði tillögu um:

1) Hvar og hvers konar gistihús skuli reist.
2) Hvaða skólabyggingar séu heppilegar og hæfar til þess að breyta í gistihús yfir sumarmánuðina, og hvernig þær verði bezt búnar þægindum fyrir ferðamenn.

3) Hvar og hvernig verði hægt að koma á fót hressingar- og heilsuböðum í sambandi við jarðhita.

Vér viljum taka það fram og leggja áherzlu á, að enda þótt æskilegt sé, að hótelmálið verði tekið til meðferðar á víðfeðmari grundvelli en gert er í umræddri till. til þál. um gistihús að Þingvöllum, þá fögnum vér framkominni tillögu og vonum, að hún nái samþykki hins háa Alþingis, því að hvernig sem þessi mál kunna að skipast í framtíðinni, verður aldrei ágreiningur um það, að fyrsta skrefið, sem stíga skal gistihúsavandamálinu til lausnar, er einmitt bygging vistlegs hótels að Þingvöllum.

Virðingarfyllst.

Ferðaskrifstofa ríkisins,

Þorleifur Þórðarson.

Til samgöngumálanefndar Nd. Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 218. Tillaga til þingsályktunar [115. mál]

um rannsókn Kötlusvæðis.

Flm.: Jón Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka Kötlusvæðið og fylgjast með breytingum á Mýrdalsjökli og Mýrdalssandi, er staðið gætu í sambandi við Kötlugos, og framkvæma aðrar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar þykja til þess, ef unnt er, að geta sagt eitthvað fyrir um það, hvenær ætla megi, að Katla gjósi, og hvaða svæði séu helzt í hættu af jökulhlaupi, svo að gera megi í tíma ráðstafanir til varnar gegn slysum af völdum hlaupsins. — Kostnaður við rannsókn þessa greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Katla liggur undir Mýrdalsjökli, suðaustan á hábungu jökulsins.

Vitað er um 14 Kötlugos, frá því að sögur hófust. Tíminn, sem liðið hefur milli gosa, hefur verið nokkuð mismunandi langur, en a. m. k. fjórum sinnum hefur liðið skemmri tími en 40 ár milli gosa. Síðasta Kötlugos var haustið 1918, og eru síðan liðin 36 ár. Getur því Katla gert vart við sig á hvaða tíma sem er úr þessu.

Katla er sennilega hættulegasta eldfjallið hér á landi. Stafar það af því, að gosum Kötlu fylgja jafnan stórfengleg jökulhlaup, sem koma samtímis gosinu og með ógnarhraða. Svo mikill var hraði hlaupsins í síðasta gosi, að á minna en einni klukkustund hafði það náð hámarki. Hafði þá meginhluti Mýrdalssands verið þakinn vatnsflóði og jökulhrönn.

Það ræður að líkum, að í slíkum hamförum er mönnum og skepnum hætta búin, enda mega það kallast undur, að ekki varð manntjón í síðasta gosi, en tjón á búpeningi var mjög mikið.

Sveitirnar á sléttlendinu í næsta nágrenni Kötlu — vesturhluti Meðallands og Álftaverið — eru í mestri hættu af jökulhlaupi frá Kötlu. Einnig gæti Víkurkauptún verið í hættu, ef hlaupið tæki stefnu vestur með Höfðabrekkufjalli.

Vegna hinnar miklu hættu, sem getur stafað af Kötluhlaupi, er það vart forsvaranlegt að sitja auðum höndum og hafast ekkert að. En er nokkuð hægt að gera? Ég hef rætt þetta atriði við dr. Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, en hann er án efa fróðastur allra núlifandi Íslendinga á þessu sviði. Dr. Sigurður hefur látið mér í té álit sitt um það helzta, sem gera bæri, og þar segir m. a.:

„1. Kortagerð og hallamælingar.

Til þess að geta fylgzt með breytingum á Kötlusvæðinu er mjög æskilegt, að gert verði nákvæmara kort en nú er fyrir hendi af Kötlu og nærsvæði hennar í Mýrdalsjöklinum. Auðveldast er að gera slíkt kort eftir ljósmyndum úr lofti, en væntanlega þarf einnig að gera einhverjar þríhyrningamælingar. Tæki til slíkrar ljósmyndunar eru nú til hérlendis. Þá væri og æskilegt, að gert yrði nákvæmt kort af efri hluta Mýrdalssands og að hallamælingar yrðu gerðar bæði milli Hafurseyjar og Vatnsrásarhöfuðs, Hjörleifshöfða og Höfðabrekku og þvert yfir Mýrdalssand ofan til, til þess að hægt verði að glöggva sig á því, betur en nú er hægt, hvaða stefnu væntanlegt jökulhlaup mundi að líkindum taka. Það er t. d. mikilsvert fyrir Vík í Mýrdal að vita, hvort líkur eru fyrir því eður eigi, að meginvatnið í hlaupi fari niður vestan Hafurseyjar og Hjörleifshöfða, og jafnmikilvægt fyrir Meðallendinga og Álftveringa að fá einhverja vitneskju um líklega stefnu aðalhlaupsins.

2. Þykktarmælingar á Kötlusvæðinu og Höfðabrekkujökli.

Augljóst mál er, að mjög æskilegt væri að fá vitneskju um það, hvernig landslag er undir jöklinum á Kötlusvæðinu og undir Höfðabrekkujökli, því að af því mætti ef til vill eitthvað ráða um líklegasta leið hlaupvatnsins. Einnig væri mjög fróðlegt að vita, hvort þegar er farið að safnast vatn undir ísnum á Kötlusvæðinu. Þykkt jökla er nú hægt að mæla með nokkurri nákvæmni með bergmálsmælingum, og hafa slíkar mælingar, sem kunnugt er, verið gerðar á Vatnajökli vorið 1951. Með bergmálsmælum á einnig að vera hægt að finna, hvort vatn muni undir ís eður eigi, en væri hægt að sýna fram á það, að á Kötlusvæðinu væri nú komið mikið vatn undir jökul, mundi það auka líkur fyrir því, að hlaup væri að nálgast. Tæki til slíkra þykktarmælinga eru ekki til hérlendis sem stendur, en ekki er talið ólíklegt, að hægt sé að fá hingað útlendan sérfræðing með slík tæki gegn því einu að standa straum af ferðakostnaði hans.

3. Jarðskjálftamælingar.

Jarðhræringar með upptök undir eldstöðvum eru oft forboði eldgosa, og hefur tekizt að segja eldgos fyrir með því að fylgjast með slíkum jarðskjálftum. En til þess að hægt væri að staðsetja upptök slíkra jarðhræringa með nægilegri nákvæmni, þyrfti að hafa jarðskjálftamæli starfandi ekki fjarri Kötlusvæðinu. Gæti t. d. Kirkjubæjarklaustur verið ákjósanlegur staður.

4. Aðrar jarðeðlisfræðilegar mælingar.

Með nákvæmum hallamælum (tiltmeters) hefur stundum tekizt að segja fyrir gos. Er það vegna þess, að oft lyftast gosstöðvar og nærsvæði þeirra nokkuð, á meðan bergkvikan er að ryðja sér rúm upp í yfirborðið. Fleiri mælingar geta komið til greina, og skal það ekki rakið hér, en full ástæða er til að fylgjast með því, sem gerist í þessum efnum með þjóðum, sem fremstar standa í eldfjallarannsóknum, svo sem Ítölum og Japönum.

5. Mælingar á ákomu og bráðnun á jöklinum og breytingar hans (lengdar- og þykktarbreytingar) vegna veðráttu.

Er þetta mjög æskilegt til að geta glöggvað sig á því, að hverju leyti breytingar eru af veðráttu eða loftslagsins völdum og að hverju leyti þær er að setja í samband við væntanlegt gos og hlaup. Staðkunnugir menn höfðu áður ýmsar breytingar á Kötlusvæðinu til merkis um það, hvort hlaup væri í nánd eður eigi. En síðustu árin hafa jöklar breytzt svo stórlega vegna batnandi loftslags, að þessi gamalkunnu einkenni gilda nú ekki lengur.

Hér hefur verið drepið nokkuð á það helzta, sem að mínum dómi þyrfti að gera austur þar á næstu árum. Um kostnað af slíkum athugunum er ómögulegt að segja neitt með vissu. Fer það auðvitað mjög eftir því, hversu ýtarlegar rannsóknirnar verða. Svo að nefnt sé eitthvert dæmi, gæti ég hugsað mér, að til þykktarmælinganna, sem ég tel einna nauðsynlegastar, þyrfti einar 15.000 krónur, og er þá gert ráð fyrir því, að sjálfboðaliðar fáist til starfsins að mestu, utan þess útlenda sérfræðings, sem kosta þyrfti, svo og gert ráð fyrir því, að tæki fáist að láni. Þess er að gæta, að þótt Katla sé mannabyggð nær, er Kötlusvæðið illviðrabæli, og reynslan hefur sýnt, að rannsóknir þar geta orðið ærið tafsamar og erfiðar.

En þótt ekki yrði hægt að framkvæma á næstu árum nema sumt af því, sem á var drepið, er það þó allténd í áttina. Og svo mikið er hér í húfi, að það er vart vansalaust, að ekki sé eitthvað að gert. Einnig mætti á það líta, að væntanlega yrði það einhver hjálp þeim, er segja eiga á sínum tíma fyrir um næstnæsta Kötlugos, að fylgzt sé með aðdraganda þess goss, sem nú er að nálgast, og virðist mér raunar skylda okkar að skila einhverri fræðslu um þann aðdraganda í hendur eftirkomendunum."

Þetta voru ummæli dr. Sigurðar Þórarinssonar. Með þáltill. þeirri, sem hér er flutt, er stefnt að því að safna einhverjum fróðleik um eitt hættulegasta eldfjall á landi hér og reyna á sama hátt að afstýra eða draga úr þeirri hættu, sem vofir yfir nálægum byggðum.

Sþ. 219. Tillaga til þingsályktunar [116. mál]

um raflýsingu vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Flm.: Ingólfur Flygenring, Emil Jónsson, Guðmundur Í. Guðmundsson, Finnbogi R. Valdimarsson.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að láta raflýsa veginn milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur á svæðinu frá Álftanesvegi að kirkjugarðinum í Fossvogi.

Greinargerð.

Dauðaslysum og öðrum slysum á veginum milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur hefur fjölgað mjög á seinni árum með aukinni umferð á þessari leið. Flest þessi slys hafa orðið á hinum óupplýsta kafla vegarins. Því er auðsætt, að mjög má úr slysahættu draga með góðri götulýsingu. Eins og allir vita, er umferð um þennan veg mörgum sinnum meiri en um nokkurn annan veg á landinu, þar sem hinn þéttbýli Reykjanesskagi með Keflavíkurflugvelli að ógleymdum Hafnarfirði hafa geysimikla vöru- og fólksflutninga daglega. Leið sú, er lýsa þarf upp, er um 6 km að lengd, en framkvæmd þessa verks má ekki dragast, því að slíkt getur kostað mannslíf áður en varir.

Nd. 220. Lög [70. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 29. nóv.)

Samhljóða þskj. 208.

Nd. 221. Breytingartillaga [47. mál]

við till. til þál. um gistihús á Þingvöllum.

Frá Eiríki Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Tillögugr. orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á möguleikum fyrir byggingu gistihúss á Þingvöllum og hvaða aðilar ættu að standa að stofnun og rekstri þess.

Nd. 222. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1954.

Páll Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.

Hannibal Valdimarsson. Helgi Jónasson.

Nd. 223. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um breyt. á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. jan. 1851, um prentfrelsi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir einróma með, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 30. nóv. 1954.

Kristín Sigurðardóttir, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Einar Ingimundarson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 224. Nefndarálit [48. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta og orðið sammála um, að ekki sé rétt að taka ákvörðun um málið að svo stöddu, með því að þingkjörin nefnd vinnur nú að endurskoðun laga um kosningar til Alþingis og laga um sveitarstjórnarkosningar. Leggur því nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að þingkjörin nefnd vinnur nú að endurskoðun gildandi laga um kosningar til Alþingis og laga um sveitarstjórnarkosningar, telur deildin ekki ástæðu til að taka afstöðu til frumvarps þessa að svo stöddu og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 30. nóv. 1954.

Kristín Sigurðardóttir, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson. Gunnar Jóhannsson.

Ed. 225. Nefndarálit [82. mál]

um frv. til laga um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins. — SÓÓ var ekki á fundi, er ályktun var tekin um afgreiðslu málsins.

Alþingi, 30. nóv. 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 226. Nefndarálit [33. mál]

um frv. til l. um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. — Sig. Ó. Ólafsson var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 30. nóv. 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Páll Zóphóníasson.
Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 227. Lög [7. mál]

um afnám laga um veitingaskatt.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 7.

Ed. 228. Lög [89. mál]

um viðauka við lög nr. 75/1921, um stimpilgjald.

(Afgreidd frá Ed. 30. nóv.)

Samhljóða þskj. 144.

Ed. 229. Nefndarálit [12. mál]

um frv. til l. um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna (GÍG) tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. des. 1954.

Hermann Jónasson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Páll Zóphóníasson.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 230. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frv., og telur hún mjög eðlilegt að hækka verðlaun fyrir unnin hlaupadýr og minka, sem árlega eyðileggja mikil verðmæti. Það hefur líka sýnt sig á undanförnum árum, að fáir menn vilja leggja á sig erfiði til að útrýma dýrum þessum sakir þess, hvað verðlaunin þykja lág.

Nefndin mælir með frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Í stað „300 kr.“ komi: 180 kr.
b. Í stað „150 kr.“ komi: 90 kr.

Alþingi, 2. des. 1954.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason.
Sigurður Guðnason. Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 231. Þingsályktun [68. mál]

um gistihús í landinu.

(Afgreidd frá Sþ. 2. des.)

Alþingi felur ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á gistihúsaþörf í landinu og undirbúa, í samráði við Ferðaskrifstofu ríkisins, fyrir næsta reglulegt Alþingi tillögur, er miði að því að greiða fyrir stofnun gistihúsa og tryggja rekstur þeirra.

Sþ. 232. Tillaga til þingsályktunar [117. mál]

um stækkun friðunarsvæða eftir núgildandi meginreglum.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar, að þegar í stað beri að gera ráðstafanir til að færa út núgildandi friðunarlínu, sem ákveðin er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, þannig að fylgt verði sömu meginreglum og þar er gert, en eftirtaldar breytingar gerðar á grunnlínunni og friðunarlínunni í samræmi við það:

1. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 1 og 5, þ. e. frá Horni í Ásbúðarrif.
2. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 12 og 15, þ. e. frá Langanesi í Almenningsfles.
3. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 25 og 28, þ. e. frá Stokksnesi í Ingólfshöfða.
4. Grunnlínan verði dregin beint milli punkta 28 og 31, þ. e. frá Ingólfshöfða í punktinn Meðallandssandur II.
5. Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 35 og 39, þ. e. frá Geirfuglaskeri í Eldeyjardrang.

Breytingar þessar felur Alþingi ríkisstjórninni að auglýsa og tilkynna erlendis með sama hætti og gert var um reglugerðina nr. 21 frá 19. marz 1952.

Greinargerð.

Sú stækkun friðunarsvæðanna við Íslandsstrendur, sem gerð var 1952, vakti almennan fögnuð með þjóðinni. Það hefur líka komið greinilega í ljós á því tímabili, sem liðið er frá gildistöku reglugerðarinnar, að víða við strendur landsins hafa möguleikar til fiskafla á grunnmiðum stórlega aukizt, og virðist fiskisældin nú haldast mjög í hendur við hin friðuðu svæði, þannig, að þar sem friðunarlínan færðist verulega út, hefur afli bátaflotans aukizt mest, en minna eða ekki, þar sem stækkun friðunarsvæðanna varð lítil.

En þótt það meginefni reglugerðarinnar að stækka friðunarsvæðin væri Íslendingum almennt fagnaðarefni, hafa þó frá öndverðu verið skiptar skoðanir um það, hvort með henni hafi verið gengið eins langt og fært var, enda munu fáir eða engir telja þá skipan þessara mála, sem þar var mótuð, viðhlítandi til langrar framtíðar, heldur beri að stefna að fullum yfirráðum Íslendinga yfir öllu íslenzka landgrunninu.

Tillögur þær, sem lagðar eru nú fram á hverju Alþingi um stækkun friðunarsvæða eftir öðrum reglum en þeim, sem gildandi eru, sanna það gleggst, að endur-

skoðun á landhelgisframkvæmd okkar er ekki einasta tímabær, heldur knýjandi nauðsyn.

Hitt er þó vitað, að áður en grundvallarreglum núgildandi fiskveiðitakmarkana verður raskað, þarf að fara fram undirbúningsstarf af hendi ríkisstjórnarinnar, og á því virðist ekkert örla enn sem komið er. Þess mun því vart að vænta, að þær stækkanir friðunarsvæða fyrir Vestfjörðum og Austurlandi, sem tillögur hafa verið gerðar um hér á Alþingi, komi til framkvæmda á næstu mánuðum, þar eð þær verða ekki framkvæmdar án þess að breyta þeim meginreglum, sem núgildandi friðunarlína er dregin eftir.


Öðru máli gegnir um þær breytingar, sem þessi tillaga gerir ráð fyrir. Þær er hægt að framkvæma eftir gildandi reglum og með sama rétti og öll þau friðunarákvæði, er sett voru 1952.

Þetta er staðfest í bók þeirri, er íslenzka ríkisstjórnin gaf út á ensku um þetta mál í septembermánuði s. l. og nefnist The Icelandic Efforts for Fisheries Conservation. Á blaðsíðu 23 í þeirri bók er sérstaklega vitnað til þess, að á þeim stöðum, sem þessi tillaga fjallar um, hafi verið möguleikar til að hafa friðunarsvæðin stærri en gert var. Það er enda vitað, að á sínum tíma létu íslenzk stjórnarvöld það undan andróðri Breta í þessu máli að hafa friðunarsvæðin, að minnsta kosti á þessum tilteknu stöðum, minni en reglur þær, sem annars var farið eftir, gáfu tilefni til.

Hér skal ekki lagður neinn dómur á það, hve viturleg eða réttmæt sú undanlátssemi kann að hafa verið. Hún hefur vafalaust verið framkvæmd í þeirri von, að Bretar mundu þá líta á okkar ráðstafanir af meiri skilningi en ella. Hitt vita svo allir, að í reynd hafa Bretar sýnt okkur fullan fjandskap í þessu máli og hafið við okkur viðskiptastríð vegna þess. Það liggur því alveg ljóst fyrir, að þótt tilslakanirnar hafi ef til vill átt sér einhverja afsökun í öndverðu, þá er því ekki lengur til að dreifa.

Eins og fyrr getur, felur tillaga þessi ekki í sér neina endanlega lausn þess máls, er hún fjallar um, en hún miðar að stækkun fiskveiðisvæða íslenzka bátaflotans og friðun mikilvægra fiskimiða fyrir botnsköfum, — svæða, sem nú eru flest óspart sótt og þaulnýtt af erlendum togurum, — og framkvæmd hennar ætti ekki að vera neinum annmörkum háð og því framkvæmanleg þegar í stað, aðeins með hæfilegum tilkynningarfyrirvara.

Fylgiskjal (uppdráttur, sjá næstu síðu).



Nýju friðunarsvæðin samkv. þáltill. eru auðkennd með skástrikum.

Sþ. 233. Tillaga til þingsályktunar [118. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands.

(Lögð fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd viðbótarsamning þann við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands, sem prentaður er sem fylgiskjal með þingsályktunartillögu þessari, ásamt íslenzkri þýðingu.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands.

Aðilar Norður-Atlantshafssamningsins, sem undirritaður var í Washington hinn 4. apríl 1949,

hafa fullvissað sig um, að öryggi á Norður-Atlantshafssvæðinu mundi aukast við það, að Sambandslýðveldið Þýzkaland gerist aðili að samningnum;

þeir skírskota til þess, að Sambandslýðveldið Þýzkaland hafi, með yfirlýsingu 3. október 1954, gengizt undir skuldbindingu 2. greinar stofnskrár Sameinuðu þjóðanna og muni með aðild sinni að Norður-Atlantshafssamningnum skuldbinda sig til að forðast sérhvert athæfi, sem ósamrýmanlegt sé varnaranda samningsins;

enn fremur skírskota aðilar samningsins til þess, að ríkisstjórnir þær, sem aðilar eru að samningnum, eru sammála yfirlýsingu ríkisstjórna Bandaríkja Ameríku, Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og franska lýðveldisins, einnig frá 3. október 1954, í sambandi við áðurnefnda yfirlýsingu Sambandslýðveldisins Þýzkalands

og hafa því orðið ásáttir um það, sem hér fer á eftir:

1. gr.

Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal við gildistöku viðbótarsamnings þessa bjóða, fyrir hönd allra samningsaðila, ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands að gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Sambandslýðveldið

PROTOCOL

to the North Atlantic Treaty on the Accession of the Federal Republic of Germany.

The Parties to the North Atlantic Treaty signed at Washington on April 4, 1949,

Being satisfied that the security of the North Atlantic area will be enhanced by the accession of the Federal Republic of Germany to that Treaty, and

Having noted that the Federal Republic of Germany have, by a declaration dated October 3, 1954, accepted the obligations set forth in Article 2 of the Charter of the United Nations and has undertaken upon accession to the North Atlantic Treaty to refrain from any action inconsistent with the strictly defensive character of that Treaty, and

Having further noted that all member governments have associated themselves with the declaration also made on October 3, 1954, by the Governments of the United States of America, the United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland and the French Republic in connexion with the aforesaid declaration of the Federal Republic of Germany,

Agree as follows:—

Article I

Upon the entry into force of the present Protocol, the Government of the United States of America shall on behalf of all the Parties communicate to the Government of the Federal Republic of Germany an invitation to accede to the North

Þýzkaland verður síðan aðili samningsins þann dag, er það afhendir ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku staðfestingarskjal sitt samkvæmt 10. gr. samningsins.

2. gr.

Viðbótarsamningur þessi skal ganga í gildi: (a) er allir aðilar Norður-Atlantshafssamningsins hafa tilkynnt ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku um samþykki sitt á honum; (b) er öll fullgildingarskjöl að viðbótarsamningnum um breytingar og fyllri túlkun á Brüsselsamningnum hafa verið afhent ríkisstjórn Belgíu; (c) er öll fullgildingar- eða staðfestingarskjöl samningsins um dvöl erlends herliðs í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi hafa verið afhent ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýzkalands. Ríkisstjórn Bandaríkja Ameríku skal skýra öllum aðilum Norður-Atlantshafssamningsins frá því, hvenær henni berst hver einstök aðildartilkynning að viðbótarsamningi þessum, og frá því, hvenær viðbótarsamningur þessi öðlast gildi.

3. gr.

Viðbótarsamning þennan, sem gerður er á ensku og frönsku þannig, að báðir textar eru jafngildir, skal varðveita í skjalasafni ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku. Sú ríkisstjórn skal senda öllum ríkisstjórnum aðildarríkja Norður-Atlantshafssamningsins staðfest eftirrit af viðbótarsamningnum.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar með fullu umboði ríkisstjórna sinna undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í París, hinn tuttugasta og þriðja dag októbermánaðar nítján hundruð fimmtíu og fjögur.

Atlantic Treaty. Thereafter the Federal Republic of Germany shall become a Party to that Treaty on the date when it deposits its instrument of accession with the Government of the United States of America in accordance with Article 10 of the Treaty.

Article II

The present Protocol shall enter into force, when *(a)* each of the Parties to the North Atlantic Treaty has notified to the Government of the United States of America its acceptance thereof, *(b)* all instruments of ratification of the Protocol modifying and completing the Brussels Treaty have been deposited with the Belgian Government and *(c)* all instruments of ratification or approval of the Convention on the Presence of Foreign Forces in the Federal Republic of Germany have been deposited with the Government of the Federal Republic of Germany. The Government of the United States of America shall inform the other Parties to the North Atlantic Treaty of the date of the receipt of each notification of acceptance of the present Protocol and of the date of the entry into force of the present Protocol.

Article III

The present Protocol, of which the English and French texts are equally authentic, shall be deposited in the Archives of the Government of the United States of America. Duly certified copies thereof shall be transmitted by that Government to the Governments of the other Parties to the North Atlantic Treaty.

In witness whereof, the undersigned Representatives, duly authorised thereto by their respective Governments, have signed the present Protocol.

Signed at Paris the twenty-third day of October nineteen hundred and fifty-four.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Á fundi Norður-Atlantshafsráðsins í París hinn 23. október 1954 var undirritaður viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands.

Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til þess að Ísland fullgildi viðbótarsamninginn.

Ed. 234. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til l. um breyt. á almennum hegningarlögum, nr. 29 frá 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það á fundum sínum. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 3. des. 1954.

Hermann Jónasson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm.

Sig. Ó. Ólafsson. Páll Zóphóníasson.

Nd. 235. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 180 kr. verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 90 kr. fyrir hvern mink.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 236. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 2. Út. IX. (Sjálfvirka stöðin í Reykjavík). Fyrir „1 700 000“ kemur	2 700 000
2.	—	3. —	A. Sundurliðun. 5. II. a. (Ríkisútvarpið).	
			a. Við 1. (Grunnlaun). Fyrir „1 662 600“ kemur	1 719 462
			b. Við 2. (Verðlagsuppbót). Fyrir „840 645“ kemur	873 278
3.	—	10. —	III. 14.	
			a. Liðurinn orðist svo: Til upplýsinga- og kynningarstarfsemi	70 000
			b. Nýr liður: Til kaupa á kvikmynd fyrir sendiráð Íslands erlendis til landkynningar	35 000
4.	—	11. —	A. 3. b. (Borgarfógetaembættið). Nýr liður: Til kaupa á bifreið	96 400

5. Við 11. gr. A. 9. k. (Lögreglukostnaður). Nýr liður:
Til kaupa á talstöðvum í bifreiðar 65 000
6. — 11. — A. 9. 1. (Annar löggæzlukostnaður).
Fyrir „350 000“ kemur 400 000
7. — 11. — A. 10. (Landhelgisgæzla).
Fyrir „10 655 000“ kemur 10 995 000
8. — 11. — A. 11. b. 1. (Vinnuhælið á Litla-Hrauni).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „204 282“ kemur 229 554
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „107 976“ kemur 121 370
9. — 11. — A. 12. (Bygging fangahúsa).
Fyrir „300 000“ kemur 475 000
10. — 11. — B. 1. e. (Röntgentæki fyrir skipaskoðunina).
Fyrir „95 000“ kemur 263 000
11. — 11. — B. 3. (Bifreiðaeftirlit).
a. Við b. (Annar kostnaður).
Fyrir „490 000“ kemur 540 000
b. Við ÷ Tekjur.
Fyrir „1 176 898“ kemur 1 226 898
12. — 11. — B. 7. a. (Fiskmat).
a. Við 2. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir „90 000“ kemur 110 000
b. Við 6. (Ferðakostnaður).
Fyrir „185 000“ kemur 200 000
13. — 11. — C. I. a. 1. (Tollstjóraembættið).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „1 778 175“ kemur 1 821 260
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „920 462“ kemur 945 452
14. — 12. — IV. I. 1. (Blóðbankinn).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „109 682“ kemur 129 689
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „56 780“ kemur 68 384
15. — 12. — XI. Nýr liður:
a. Til endurbóta á sjúkraskýli Rauðakrossins í Sandgerði 75 000
b. Til fávitahælis í Skálatúni, byggingarstyrkur 60 000
16. — 12. — XXII. Nýr liður:
Til Valtýs Bjarnasonar læknis til sérnáms í Bandaríkjunum í svæfingum 15 000
17. — 13. — A. II. a. Liðurinn orðist svo:
Til nýrra akvega:

1. Reynivallavegur	90000
2. Reykjavegur	40000
3. Hafnavegur	65000
4. Grindavíkurvegur	25000
5. Andakílsfossavegur	90000
6. Melasveitarvegur	20000
7. Mófellsstaðavegur	20000
8. Lundarreykjadalsvegur	60000
9. Skálpastaðavegur	50000

10.	Reykdælavegur	70000
11.	Hálsasveitarvegur	90000
12.	Hvalfjörður	200000
13.	Þverárhlíðarvegur	50000
14.	Hvítársíðuvegur	90000
15.	Álftárósvegur	100000
16.	Grímsstaðavegur	40000
17.	Hraunhreppsvegur	110000
18.	Hnappadalsvegur	30000
19.	Hítarnesvegur	10000
20.	Skógarnesvegur	10000
21.	Stakkhamarsvegur	10000
22.	Lýsuhólsvegur	10000
23.	Ólafsvíkurvegur	30000
24.	Rifsvegur	50000
25.	Útnesvegur	150000
26.	Hellnavegur	10000
27.	Fróðárheiðarvegur	70000
28.	Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur	105000
29.	Framsveitarvegur	10000
30.	Bjarnarhafnarvegur	10000
31.	Helgafellssveitarvegur	80000
32.	Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	110000
33.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110000
34.	Vesturlandsvegur í Svínadal	165000
35.	Miðdalavegur (fyrir ofan Fell)	25000
36.	Haukadalsvegur	30000
37.	Hörðudalsvegur	20000
38.	Laxárdalsvegur	30000
39.	Laugavegur	10000
40.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	160000
41.	Efribyggðarvegur á Fellsströnd	25000
42.	Staðarhólsvegur	25000
43.	Reykhólavegur	25000
44.	Gautsdalsvegur	10000
45.	Gufudalsvegur	200000
46.	Fjarðarhlíðarvegur	40000
47.	Barðastrandarvegur	100000
48.	Rauðasandsvegur utan Saurbæjar	20000
49.	Rauðasandsvegur um Bjarngötudal	20000
50.	Örlygshafnarvegur	200000
51.	Bíldudalsvegur, Arnarfjarðarmegin	65000
52.	Tálknafjarðarvegur	60000
53.	Suðurfjarðavegur	30000
54.	Dalahreppsvegur	30000
55.	Súgandafjarðarvegur	70000
56.	Önundarfjarðarvegur	70000
57.	Ingjaldssandsvegur	55000
58.	Gemlufallsheiðarvegur	30000
59.	Álftamýrarvegur	25000
60.	Dýrafjarðarvegur	140000
61.	Þingeyrarvegur	15000
62.	Ögurvegur	280000
63.	Vatnsfjarðarvegur	100000

64.	Fjarðavegur	100000
65.	Snæfjallastrandarvegur	50000
66.	Jökulfjarðavegur	40000
67.	Selstrandarvegur	95000
68.	Strandavegur	300000
69.	Reykjarfjarðarvegur	95000
70.	Vatnsnesvegur	45000
71.	Vesturárdalsvegur	80000
72.	Austurárdalsvegur	20000
73.	Austursíðuvegur	30000
74.	Ásabæjavegur	30000
75.	Vesturhópsvegur	20000
76.	Víðidalsvegur	95000
77.	Vatnsdalsvegur vestan og austan	160000
78.	Skagastrandar- og Skagavegur	100000
79.	Svínadalsvegur	75000
80.	Norðurárdalsvegur	10000
81.	Svartárdalsvegur	30000
82.	Skagavegur	80000
83.	Reykjastrandarvegur	40000
84.	Sæmundarhlíðarvegur	15000
85.	Skagafjarðarvegur	80000
86.	Hólavegur	50000
87.	Hofsósvegur	60000
88.	Siglufjarðarvegur	205000
89.	Flókadalsvegur	25000
90.	Ólafsfjarðarvegur	120000
91.	Hrísavegur	25000
92.	Hörgárdalsvegur ytri	60000
93.	Hörgárdalsvegur innri	25000
94.	Vatnsendavegur	20000
95.	Laugalandsvegur	40000
96.	Eyjafjarðarbraut	40000
97.	Svalbarðsstrandarvegur	20000
98.	Fnjóskadalsvegur í Höfðahverfi	60000
99.	Kljástrandarvegur	25000
100.	Fnjóskadalsvegir (í Hálshreppi)	100000
101.	Kinnarbraut (við Núp)	50000
102.	Bárðardalsvegur eystri	45000
103.	Bárðardalsvegur vestri	35000
104.	Laugaskólavegur	30000
105.	Mývatnssveitarvegur nyrðri	50000
106.	Tjörnesvegur í S.-Þing.	50000
107.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða	150000
108.	Mývatnsöræfavegur	50000
109.	Tjörnesvegur í N.-Þing.	50000
110.	Kelduhverfisvegur	50000
111.	Hólsfjallavegur	65000
112.	Kópaskers- og Raufarhafnarvegur	90000
113.	Sandsvegur	10000
114.	Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar	65000
115.	Langanesvegur utan Heiðar	70000
116.	Bakkafjarðarvegur	30000
117.	Sandvíkurheiði	100000

118.	Vopnafjarðarvegir:		
	a. Strandavegur	20000	
	b. Vesturdalsvegur	10000	
	c. Fjallasíðuvegur	20000	
	d. Sunnudalsvegur	50000	
			100000
119.	Jökuldalsvegur efri		30000
120.	Hlíðarvegur		25000
121.	Hróarstunguvegur nyrðri		30000
122.	Hróarstunguvegur eystri		20000
123.	Fellavegur efri		20000
124.	Fljótsdalsvegur		60000
125.	Hjaltastaðavegur		50000
126.	Borgarfjarðarvegur		170000
127.	Seyðisfjarðarvegur		70000
128.	Fjarðarheiðarvegur		125000
129.	Skógavegur		15000
130.	Norðurbyggðarvegur í Skriðdal		25000
131.	Mjóafjarðarvegur		60000
132.	Eskifjarðarvegur		20000
133.	Vaðlavíkurvegur		15000
134.	Viðfjarðarvegur í Helgustaðahreppi		40000
135.	Fáskrúðsfjarðarvegur		200000
136.	Vattarnesvegur		15000
137.	Stöðvarfjarðarvegur		180000
138.	Breiðdalsvíkurvegur		50000
139.	Breiðdalsvegur		30000
140.	Berufjarðarvegur		80000
141.	Geithellnavegur		60000
142.	Austurlandsvegur		220000
	Þar af til Fagradalsbrautar 70 þúsund krónur.		
143.	Lónsheiðarvegur		125000
144.	Almannaskarðsvegur		80000
145.	Nesjavegur		25000
146.	Mýravegur		40000
147.	Suðursveitarvegur		45000
148.	Öræfavegur		50000
149.	Síðu- og Fljótshverfisvegur		35000
150.	Suðurlandsvegur um Landbrot		20000
151.	Landbrotsvegur syðri		50000
152.	Búlandsvegur		25000
153.	Meðallandsvegur		75000
154.	Mýrdalssandsvegur		50000
155.	Mýrdalsvegur		50000
156.	Dyrhólavegur		10000
157.	Álftaversvegur		15000
158.	Reynishverfisvegur		20000
159.	Eyjafjallavegur		40000
160.	Suðurlandsvegur um Landeyjar		10000
161.	Sandhólmavegur		30000
162.	Hólmavegur		20000
163.	Landeyjavegur syðri		70000
164.	Út-Landeyjavegur		20000

165.	Fljótshlíðarvegur	40000	
166.	Bakkabæjavegur	30000	
167.	Oddavegur	10000	
168.	Þykkvabæjarvegur	70000	
169.	Árbæjarvegur	100000	
170.	Landvegur	60000	
171.	Vetleifsholtsvegur	35000	
172.	Ásvegur	30000	
173.	Heiðarvegur	70000	
174.	Gnúpverjahreppsvegur	20000	
175.	Grafningsvegur	65000	
176.	Hrunamannahreppsvegur	30000	
177.	Laugardalsvegur	90000	
178.	Skálholtsvegur	45000	
179.	Partavegur	25000	
180.	Þorlákshafnarvegur	50000	
181.	Bræðratunguvegur	35000	
182.	Hamarsvegur	20000	
183.	Auðsholtsvegur	25000	
184.	Stórhöfðavegur (í Vestmannaeyjum)	50000	
			11 060 000

18. Við 13. gr. A. II. c. (Endurbygging þjóðvega).
Fyrir „500 000“ kemur ... 800 000

19. — 13. — A. III.
a. Liðurinn orðist svo:
Brúargerðir:

1.	Leirvogsá	125000	
2.	Deildargil	150000	
3.	Norðurá hjá Glitsstöðum	200000	
4.	Laugará	220000	
5.	Múlaá	235000	
6.	Fífustaðaá	135000	
7.	Fossá	125000	
8.	Botnsá í Dýrafirði	225000	
9.	Seljalandsá	200000	
10.	Víðidalsá	250000	
11.	Laxá hjá Skrapatungu	200000	
12.	Hörtná á Skaga	100000	
13.	Svartá	150000	
14.	Fnjóská hjá Þórðarstöðum	200000	
15.	Ormarsá	180000	
16.	Kvíslá	160000	
17.	Fuglabjargsá	110000	
18.	Dalsá	190000	
19.	Tunguá	235000	
20.	Gilsá í Breiðdal	70000	
21.	Karlsá í Lóni	255000	
22.	Laxá í Fljótshverfi	200000	
23.	Álar á Hólmabæjarvegi	70000	
24.	Hólskvísl hjá Ytrahóli	50000	
25.	Laxá hjá Gröf	200000	
26.	Lindará á Möðrudalsöræfum	140000	
27.	Smábrýr	875000	
			5 250 000

b. Nýr liður:
Til endurbyggingar gamalla brúa (fyrri greiðsla af tveimur) 1 500 000

20. Við 13. gr. A. IV. (Fjallvegir).
Fyrir „550 000“ kemur 800 000

21. — 13. — A. VII.
a. Liðurinn orðist svo:
Til ræktunarvega:

1. Í Vestmannaeyjum	30 000	
2. Í Flatey á Breiðafirði	10 000	
3. Í Flatey á Skjálfanda	10 000	
4. Í Grímsey	10 000	
5. Í Hrísey	8 000	
		68 000

b. Nýr liður:
Til vegalagningar á landi ríkissjóðs í Kópavogi 60 000

22. — 13. — C. VIII. Liðurinn orðist svo:
Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:

1. Akranes	300000
2. Akureyri	250000
3. Arnarstapi	15000
4. Bakkafjörður	50000
5. Bíldudalur	30000
6. Blönduós	90000
7. Bolungavík	50000
8. Borgarfjörður eystra	50000
9. Borgarnes	60000
10. Dalvík	85000
11. Eskifjörður	50000
12. Eyrarbakki	50000
13. Fáskrúðsfjörður	25000
14. Flatey á Breiðafirði	25000
15. Flateyri	60000
16. Gerðar í Garði	25000
17. Gjögur	30000
18. Grafarnes	80000
19. Grenivík	70000
20. Grímsey	120000
21. Hafnarfjörður	300000
22. Hellnar	10000
23. Hnífsdalur	30000
24. Hofsós	30000
25. Hrísey	130000
26. Húsavík	40000
27. Hvammstangi	40000
28. Höfn í Hornafirði	250000
29. Ísafjörður	250000
30. Járngerðarstaðir	75000
31. Kópasker	120000
32. Kópavogur	70000
33. Mjóifjörður	50000
34. Neskaupstaður	150000
35. Norðurfjörður	75000
36. Ólafsfjörður	175000

			37. Ólafsvík	150000	
			38. Patreksfjörður	125000	
			39. Raufarhöfn	120000	
			40. Sandgerði	250000	
			41. Sauðárkrókur	250000	
			42. Siglufjörður	250000	
			43. Skagaströnd	125000	
			44. Skarðsstöð	50000	
			45. Stokkseyri	30000	
			46. Stykkishólmur	30000	
			47. Stöðvarfjörður	175000	
			48. Suðureyri	130000	
			49. Tálknafjörður	20000	
			50. Vattarnes	50000	
			51. Vestmannaeyjar	300000	
			52. Vopnafjörður	80000	
			53. Þingeyri	50000	
			54. Þorlákshöfn	300000	
			55. Þórshöfn	70000	
			56. Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum	300000	
			57. Landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi	500000	
					6 665 000
23.	Við	14. gr.	B. I. a. (Háskólinn).		
			a. Við 8. (Áhaldakaup læknadeildar).		
			Fyrir „10 000“ kemur		20 000
			b. Við 12. Nýr liður:		
			Til vísindastarfsemi		50 000
24.	—	14. —	B. I. b. 1. (Tilraunastofa á Keldum).		
			a. Við a. (Grunnlaun).		
			Fyrir „273 673“ kemur		308 863
			b. Við b. (Verðlagsuppbót).		
			Fyrir „138 174“ kemur		154 187
25.	—	14. —	B. VI. c. (Menntaskólinn á Laugarvatni, húsnæði o. fl.).		
			Fyrir „45 000“ kemur		75 000
26.	—	14. —	B. 5. (Sundskylda í barnaskólum).		
			Fyrir „500 000“ kemur		560 000
27.	—	14. —	B. XIV. 8. (Ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla).		
			a. Við a. (Grunnlaun).		
			Fyrir „250 000“ kemur		292 500
			b. Við b. (Verðlagsuppbót).		
			Fyrir „145 000“ kemur		169 650
28.	—	14. —	B. XIV. 10.		
			Fyrir liðinn koma tveir liðir:		
			a. Styrkur til tímaritsins „Menntamál“ gegn því, að ritið sé sent öllum skólanefndarformönnum ókeypis		6 000
			b. Styrkur til tímaritsins „Heimili og skóli“		5 000
29.	—	14. —	B. XVII. 1. f. (Íþróttakennaraskóli, lagfæring íþróttavalla).		
			Fyrir „20 000“ kemur		105 000
30.	—	14. —	B. XVII. 2. Nýr liður:		
			Til sundlaugarbyggingar á Akureyri vegna sundnáms nemenda í ríkisskólum þar (fyrri greiðsla)		45 000
31.	—	14. —	B. XXVIII. Nýr liður:		
			Framlag til lækkunar á byggingarskuldum stúdentagarðanna		100 000

32.	Við 15. gr.	A. III. 1. (Þjóðminjasafnið).		
		a. Við a. (Grunnlaun).		
		Fyrir „133 185“ kemur		150 033
		b. Við b. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „59 778“ kemur		69 549
		c. Við 9. Nýr liður:		
		Til kaupa á bifreið		53 000
33.	— 15. —	A. V. 1. (Náttúrugripasafnið).		
		a. Við a. (Grunnlaun).		
		Fyrir „93 375“ kemur		163 755
		b. Við b. (Verðlagsuppbót).		
		Fyrir „44 276“ kemur		88 302
34.	— 15. —	A. VIII. 34. (Lesstofa sjómannaheimilis á Raufarhöfn).		
		Fyrir „1 000“ kemur		4 000
35.	— 15. —	A. VIII. 45. Nýr liður:		
		Til héraðsskjalasafns Skagfirðinga til kaupa á eintaki af filmum af skjölum og handritum í þjóðskjalasafninu		20 000
36.	— 15. —	A. IX. 11. Nýir liðir:		
		a. Til Halldórs Halldórssonar dósents til þess að rannsaka íslenzk orðtök		8 000
		b. Til Magnúsar Más Lárussonar prófessors til þess að rannsaka íslenzka kirkjusögu		8 000
		c. Til Björns Þorsteinssonar cand. mag. til rannsókna á verzlunarsögu Íslands á 14. og 15. öld		8 000
37.	— 15. —	A. IX. 16. (Íslenzk orðabók).		
		Fyrir „75 000“ kemur		100 000
38.	— 15. —	A. IX. 24. Nýr liður:		
		Til Jóns Guðnasonar skjalavarðar til útgáfu ritsins „Strandamenn“		15 000
39.	— 15. —	A. X. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).		
		a. Fyrir „630 000“ kemur		800 000
		b. Við heiðurslaun Gunnars Gunnarssonar.		
		Fyrir „21 600“ kemur		27 400
40.	— 15. —	A. XIX. (Guðmundur Kjartansson).		
		a. Liðurinn fellur niður.		
		b. Nýir liðir:		
		1. Til Helga Jónassonar bónda til grasafræðirannsókna		8 000
		2. Til Svanhildar Jónsdóttur til rannsókna á hraungróðri		8 000
41.	— 15. —	XXIII. Nýr liður:		
		Til Jóns Leifs tónskálds		5 000
42.	— 15. —	A. XXV. (Til vísindamanna og fræðimanna).		
		Fyrir „90 000“ komi		120 000
43.	— 15. —	A. XXVIII. 14. (Kennsla í orgelleik o. fl.).		
		Fyrir „5 850“ kemur		8 000
44.	— 15. —	A. XXVIII. 17. Nýr liður:		
		Til Péturs T. Oddssonar, utanfararstyrkur, til þess að kynna sér stjórn kirkjukóra		8 000
45.	— 15. —	A. XXXIV. Nýr liður:		
		Til Félags íslenzkra myndlistarmanna vegna þátttöku í norrænni listsýningu í Róm		100 000

Undirbúning og tilhögun á þátttöku íslenzkra myndlistarmanna í sýningunni skal ákveða með samþykki menntamálaráðuneytisins.

46. Við 15. gr. A. XXXVI. Nýr liður:
Til trjágarðsins Skrúðs, Núpi í Dýrafirði 5 000

47. — 15. — A. XLVI. Nýr liður:
Til minnismerkis Jóns Arasonar á Grýtu 25 000

48. — 15. — B. IV. 1. (Almenn veðurþjónusta).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „677 222“ kemur 700 826
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „340 844“ kemur 353 354

49. — 15. — B. IV. 2. f. (Veðurþjónusta vegna millilandaflugs). Nýr liður:
Ferðakostnaður 20 000

50. — 15. — B. VII. 1. (Sjómælingar).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „78 240“ kemur 114 882
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „33 287“ kemur 50 478

51. — 15. — B. VIII. 1. (Húsameistari ríkisins).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „167 100“ kemur 200 220
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „78 031“ kemur 93 568

52. — 16. — A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „1 690 000“ kemur 1 900 000

53. — 16. — A. 6. b. (Kaup á jarðræktarvélum).
Fyrir „350 000“ kemur 600 000

54. — 16. — A. 7. (Verkfæranefnd ríkisins).
Fyrir „90 000“ kemur 125 000

55. — 16. — A. 12. b. (Jarðræktartilraunir, stofnkostnaður).
Fyrir „375 000“ kemur 475 000

56. — 16. — A. 19. Nýr liður:
Til fyrirhleðslu í Bessastaðaós 60 000

57. — 16. — A. 20. c. (Fyrirhleðslur). Nýir liðir:
a. Í Dyrhólaós 25 000
b. Í Þjórsá við Selpart 30 000

58. — 16. — A. 27. b. (Sandgræðslustöðvar).
Fyrir „400 000“ kemur 550 000

59. — 16. — A. 30. (Skógrækt).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „201 256“ kemur 234 376
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „104 054“ kemur 119 591
c. Við b. (Skrifstofukostnaður).
Fyrir „65 000“ kemur 85 000

60. — 16. — A. 39. (Sauðfjársjúkdómavarnir).
a. Við b. (Bætur vegna fjárskipta o. fl.).
Fyrir „3 343 000“ kemur 3 718 000
b. Við c. (Kostnaður við vörzlu).
1. Fyrir „480 000“ kemur 630 000
2. Nýr liður:
Nýjar girðingar 320 000

c. Við d. (Viðhald girðinga og endurbætur).
Fyrir „750 000“ kemur 850 000
d. Við f. Nýr liður:
Til rannsókna 100 000

61. Við 16. gr. A. 43. (Til nautgriparæktarsambanda).
Fyrir „200 000“ kemur 300 000

62. — 16. — A. 44. Nýir liðir:
a. Til Búnaðarfélags Íslands, andvirði lóðar (fyrsta greiðsla af þremur) 350 000
b. Til greiðslu upp í kostnað vegna skemmda af skriðuföllum á þremur jörðum í Skagafirði 100 000

63. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „1 604 000“ kemur 1 744 000

64. — 16. — B. 7. (Nýjar síldveiðiaðferðir).
Fyrir „1 500 000“ kemur 1 850 000

65. — 16. — C. 6. Nýr liður:
Til Félags íslenzkra iðnrekenda vegna iðnsýningar í Brüssel 25 000

66. — 16. — D. XIII. Nýr liður:
Til Andrésar Andréssonar og Þórarins Andréssonar til biksteinsrannsókna í Loðmundarfirði 50 000

67. — 17. — 2. a. 2. (Almannatryggingar, viðbótarframlag).
Fyrir „5 000 000“ kemur 6 000 000

68. — 17. — 6. c. (Elliheimilið í Skjaldarvík).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000

69. — 17. — 10. Nýr liður:
Til barnaheimilis Kvenfélagsins Hlífar, Akureyri, byggingarstyrkur 30 000

70. — 17. — 13. (Dvalarheimili fyrir afvegaleidd börn og unglinga).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000

71. — 17. — 15. a. Nýr liður:
Til Rauðakross Íslands, styrkur til þess að kaupa sjúkrabifreið 52 000

72. — 17. — 15. e. (Til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur).
Fyrir „15 000“ kemur 35 000

73. — 17. — 22. (Heimilisiðnaðarfélag Íslands).
Fyrir „12 000“ kemur 18 000

74. — 17. — 40. (Evrópuráðið).
Fyrir „73 586“ kemur 100 000

75. — 20. — Út. VIII. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „3 000 000“ kemur 3 600 000

76. — 20. — Út. XXI. Nýr liður:
Til byggingar peningshúsa að Litla-Hrauni 250 000

77. — 20. — Út. XXIV. Nýr liður:
Til að lána Félagi garðyrkjumanna til byggingar sýningarskála 150 000

78. — 22. — IX. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

79. — 22. — XIV. Nýir liðir:
a. Að kaupa einkasafn Finns Guðmundssonar af náttúrugripum og bókum um náttúrufræði.
b. Að kaupa grasasafn Ingólfs Davíðssonar.

80. Við 22. gr. XV. Nýr liður:
Að kaupa eignarhluta Hauks Jörundssonar í kennarabústað á Hvanneyri.
81. — 22. — XVI. (Til flugvallagerðar).
Fyrir „2.5 millj. kr.“ kemur: 3.5 millj. kr.
82. — 22. — XXIV. Nýr liður:
Að selja landhelgisgæzlunni sóttvarnarhúsið í Reykjavík.

Sþ. 237. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 2. gr. 4. (Verðtollur).
Fyrir „138 000 000“ kemur 147 000 000
2. — 2. — 10. (Stimpilgjald).
Fyrir „12 000 000“ kemur 13 000 000
3. — 2. — 14. (Söluskattur).
Fyrir „107 000 000“ kemur 112 000 000
4. — 3. — A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur).
Fyrir „69 128 025“ kemur 72 128 025
5. — 3. — A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasalan, tekjur).
Fyrir „44 557 145“ kemur 45 557 145
6. — 20. — Út. XXIV. Nýr liður:
Stofnframlag vegna þátttöku ríkissjóðs í sameignarfélaginu Íslenzkir aðalverktakar 1 000 000
7. — 20. — Út. XXVI. (Framkvæmdasjóður ríkisins).
Fyrir „10 000 000“ kemur 5 000 000
8. — 22. — XXIII. Liðurinn orðist svo:
Að ábyrgjast fyrir sameignarfélagið Íslenzkir aðalverktakar allt að 1.5 millj. kr. lán vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu.

Sþ. 238. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin stendur öll að flutningi meginhluta breytingartillagna sinna við fjárlagafrv., en hefur þó ekki náð samkomulagi um endanlega afgreiðslu frv. Varð einkum ágreiningur um tekjuáætlunina. Hefur nefndin því ekki getað sameinazt um nefndarálit, og munu tveir nefndarmanna (LJós og HV) væntanlega gefa út sérálit.

Fjárlagafrv. var útbýtt á Alþingi 9. okt. Hóf nefndin þegar athugun á frv. og hefur síðan rætt það á 40 fundum. Nefndinni hafa borizt í sambandi við frv. hátt á fjórða hundrað erindi með aragrúa af fylgiskjölum að auki. Hafa öll þessi erindi verið ýtarlega athuguð og flest afgreidd, en nokkur erindi þurfa nánari athugun, og mun nefndin taka endanlega afstöðu til þeirra fyrir 3. umr. Er hér m. a. um að ræða tillögur um hækkun á framlagi til skólabygginga og sjúkrahúsabygginga, hækkun á framlagi til iðnlánasjóðs og íþróttasjóðs, framlag til ferjuhafna, erindi

varðandi tónlistarstarfsemi og söngmennt og nokkra aðra liði á 15. gr., beiðni um styrk til endurbyggingar skólahúss á Siglufirði og nokkur fleiri erindi. Þá bíða til 3. umr. að venju tillögur n. varðandi 18. gr.

Nefndin hefur rætt við forstöðumenn allra helztu ríkisstofnana og aðra þá aðila, sem stjórna ýmiss konar opinberri starfsemi, sem fé er veitt til. Þá hefur nefndin einnig rætt við marga einstaklinga og sendinefndir ýmissa samtaka, sem erindi hafa sent til nefndarinnar.

Mikil ásókn hefur verið um fjárveitingar úr ríkissjóði til hinna margvíslegustu verkefna, og margar ríkisstofnanir hafa talið sig þurfa meira fé til starfsemi sinnar. Þótt fjárbeiðnir þessar hafi flestar verið til þjóðnýtra mála, þá hefur nefndin ekki getað sinnt þeim nema að nokkru leyti. Í einstaka ríkisstofnun leggur nefndin til að heimila fjölgun starfsmanna, en hvergi er þó um raunverulega aukningu starfsliðs að ræða, heldur aðeins starfsmenn, sem þegar hafa verið ráðnir og sumir starfað um langt skeið, en ekki verið viðurkenndir á starfsmannaskrá við undirbúning fjárlaga. Telur nefndin tilgangslaust að taka ekki laun þeirra í fjárlög, úr því að þeir starfa engu að síður.

Nefndin bendir á þá uggvænlegu staðreynd, að útgjöld ríkisins hækka mjög ár frá ári, enda verða kröfurnar á ríkissjóð æ háværari úr öllum áttum. Flest þau útgjöld ríkissjóðs, sem árlegri hækkun valda, eru lögboðin og verða eigi færð til lækkunar nema með víðtækum lagabreytingum. Þarfirnar eru að sjálfsögðu einnig miklar á ýmsum öðrum sviðum. Hefur nefndin talið óumflýjanlegt að hækka ýmsa útgjaldaliði og taka upp í tillögur sínar nýja útgjaldaliði. M. a. hefur nefndin talið óumflýjanlegt að hækka nokkuð framlög til samgöngubóta á sjó og landi. Vegna góðrar afkomu ríkissjóðs hefur þessi útgjaldahækkun verið talin gerleg nú, en ekki eru líkur til, að hægt sé að auka útgjöld ríkissjóðs á næstu árum hlutfallslega við þróun síðustu ára. Þrátt fyrir hækkuð útgjöld hefur þó ekki reynzt auðið að leggja fram nema að nokkru leyti þann hluta, sem ríkissjóði er ætlað að greiða af kostnaði við skólabyggingar, hafnargerðir og sjúkrahús, og ekki einu sinni halda í horfinu í því efni. Hraði landsmanna í þessum framkvæmdum hefur verið meiri en svo. Ógreiddur hluti ríkissjóðs vegna skólabygginga mun nú vera um 16.5 millj. kr., vegna hafnargerða og lendingarbóta um 5.6 millj. og vegna sjúkrahúsa um 2 millj.

Þótt meiri hl. nefndarinnar sé ljóst, að ekki verði miklu lengra gengið í útgjaldaátt án hallarekstrar ríkisbúsins, hefur nefndin á svo skömmum tíma sem hún hefur haft til umráða ekki haft svigrúm til þess að gera sér grein fyrir leiðum til lækkunar á útgjöldum ríkisins, en telur allar horfur á, að það verði að gerast á næsta ári, ef þá á að vera auðið að afgreiða hallalaus fjárlög. Ekki mun enn fram komið álit nefndar þeirrar, sem ríkisstjórnin skipaði á þessu ári til þess að rannsaka, hvar koma mætti við sparnaði í rekstri ríkisins. Telur fjárveitinganefnd eigi síður nauðsynlegan hinn þáttinn í verkefni þeirrar sparnaðarnefndar, að íhuga úrræði til þess að takmarka hin sívaxandi útgjöld ríkissjóðs vegna ábyrgðarskuldbindinga.

Verður nú nánar vikið að ýmsum einstökum atriðum í fjárlagafrv. og breytingartillögum nefndarinnar.

TEKJUR

Tekjur ríkissjóðs eru í fjárlagafrv. áætlaðar samtals tæpar 495 millj. kr., eða um 51 millj. kr. hærri en í fjárlögum þessa árs. Árið 1953 urðu tekjurnar 510 millj. kr.

Í lok nóvembermánaðar þessa árs voru innheimtar ríkissjóðstekjur 456 millj. kr., en voru á sama tíma í fyrra 423 millj. Tekjurnar tvo síðustu mánuðina, einkum í október, hafa reynzt rýrari en ætla hefði mátt, að þær yrðu eftir þróuninni fyrr á árinu, en gera má þó ráð fyrir, að árstekjurnar geti orðið allt að 550 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir rúmlega 13% hærri tekjum í desember nú en í fyrra, og er sú hækkun í samræmi við þróunina til nóvemberloka.

Um 2. gr.

Lagt er til að hækka ýmsa liði tekjuáætlunarinnar um 19 millj. kr. Telur meiri hl. nefndarinnar með engu móti fært að ganga lengra til hækkunar án þess að tefla afkomu ríkissjóðs í voða. Tekjur ríkissjóðs yfirstandandi ár munu reynast meiri en nokkurn óraði fyrir í byrjun ársins. Stafa þessar tekjur að langmestu leyti af geysilegum innflutningi, og miðað við gjaldeyristekjur þjóðarinnar og allar aðstæður nú, er jafnvel mjög vafasamt, að eins mikill innflutningur verði á næsta ári.

Umframgreiðslur hafa ætíð orðið töluvert miklar, enda ekki hægt að sjá fyrir ýmis óhjákvæmileg útgjöld, þegar fjárlög eru samin og samþykkt. Þótt tekjur næsta árs yrðu eins háar og í ár, er nefndinni ljóst, að jafnmiklar umframgreiðslur og undanfarin ár geta leitt til greiðsluhalla hjá ríkissjóði, þótt ekki sé hærra farið með útgjaldaáætlun en nefndin leggur til. Telur nefndin þess vegna, að fullrar aðgátar þurfi með á fjárlagaárinu af hálfu ríkisstjórnar.

Um 3. gr.

Rekstrarkostnaður póstsins á síðastliðnu ári bendir til þess, að hætt sé við meiri rekstrarhalla á næsta ári en frv. gerir ráð fyrir, nema sérstakar ráðstafanir verði gerðar. Ítrekar n. þá skoðun sína, að þjónusta þessi þyrfti að standa undir sér.

Óhjákvæmilegt er að verja meira fé til byggingar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík, og er lagt til, að sá liður hækki um 1 millj. kr.

Við ríkisútvarpið er lagt til að hækka laun sem svarar launum 3 starfsmanna. Allir þessir starfsmenn vinna þegar við stofnunina og ekki talið auðið að komast af án þeirra. Er því óeðlilegt að greiða laun þeirra án fjárlagaheimildar.

GJÖLD

Um 10. gr.

Lagt er til að hækka framlög til upplýsinga- og kynningarstarfsemi um 30 þús. kr., þar sem talið er nauðsynlegt að auka landkynningu á ýmsum sviðum.

Sendiráð Íslands erlendis hafa lagt á það mikla áherzlu að fá til umráða íslenzkar kvikmyndir til landkynningar. Er talið nauðsynlegt að leggja fram allt að 35 þús. kr. í þessu skyni.

Um 11. gr. A.

Bifreið borgarfógetaembættisins er ónýt og talið óhjákvæmilegt að kaupa nýja, enda gjöld tekin fyrir notkun bifreiðarinnar.

Mikilvægt er talið að hafa talstöðvar í bifreiðum lögreglunnar, og er lagt til að veita 65 þús. kr. til kaupa á þeim.

Lagt er til að hækka ýmsan lögreglukostnað um 50 þús. kr. með hliðsjón af raunverulegum útgjöldum.

Fluggæzla við landhelgisvarnir hefur gefið mjög góða raun og mikilvægt talið að auka hana. Er þess vegna lagt til að hækka framlög til landhelgisgæzlu um 350 þús. kr.

Ekki verður hjá því komizt að ráða matreiðslumann að Litla-Hrauni, og eru laun hækkuð sem því nemur. Áður gegndi þessu starfi einn fanganna, sem ekki er lengur á hælinu.

Fangahús eru nú í smíðum á nokkrum stöðum, og er lagt til að hækka framlög til byggingar fangahúsa um 175 þús. kr., þannig að ríkið leggi fram sinn hluta.

Um 11. gr. B.

Talið er nauðsynlegt til aukins öryggis við skoðun skipa, að skipaskoðunin fái röntgentæki til umráða. Er í fjárlagafrv. lagt til að veita fé í því skyni. Síðar er upplýst, að hafa verði tæki þessi í sambandi við sérstaklega útbúna bifreið, og er lagt til, að liðurinn hækki um 168 þús. kr. af þessum sökum.

Bifreiðar bifreiðaeftirlitsins eru orðnar úr sér gengnar og nauðsynlegt talið að heimila kaup á einni bifreið. Tekjur bifreiðaeftirlitsins eru vaxandi, og hefur nefndin hækkað áætlaðar tekjur sem verði bifreiðarinnar nemur.

Miðað við reynslu og þarfir, er talið óumflýjanlegt að hækka fjárveitingu til fiskmatsins, einkum vegna ferða matsmanna. Er lagt til að hækka tvo liði um samtals 35 þús. kr.

Um 11. gr. C.

Störf við tollafgreiðslu í Reykjavík hafa vaxið stórlega. Er talin brýn þörf á því að fjölga um tvo tollriturum við tollstjóraembættið. Hafa menn þessir fyrir nokkru verið ráðnir, en ekki gert ráð fyrir launum þeirra í frv.

Um 12. gr.

Nefndin leggur til að hækka laun við Blóðbankann sem nemur launum einnar starfsstúlku. Hefur stúlka þessi starfað þar um alllangt skeið, og er ekki talið auðið að komast af án vinnu hennar. Er því ástæðulaust annað en taka laun hennar í fjárlög.

Lagt er til að veita Rauða krossi Íslands 75 þús. kr. styrk vegna nauðsynlegra endurbóta á sjúkraskýli félagsins í Sandgerði og veita 60 þús. kr. styrk til byggingar fávitahælis að Skálatúni.

Lagt er til að veita Valtý Bjarnasyni lækni nokkurn styrk til náms í svæfingum sjúklinga.

Um 13. gr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu vegna endurbyggingar þjóðvega um 300 þús. kr. Er mikil nauðsyn á auknu fé til þessara framkvæmda. Þá er lagt til að hækka fjallvegafé um 350 þús. kr., þar eð ýmis brýn verkefni bíða úrlausnar á þeim leiðum.

Lagt er til að veita sömu fjárhæðir til ræktunarvega og á fjárlögum þessa árs.

Þá er lagt til, að veittar verði 1.5 millj. kr. til endurbyggingar gamalla brúa og sé sú fjárveiting hin fyrri af tveim.

Brúasjóður hefur það hlutverk að kosta byggingu stórbrúa, en tekjur hans hrökkva alls ekki til þess að endurbyggja brýr, sem eru orðnar gamlar og hættulegar umferð. Þess vegna er fjárveitingin upp tekin.

Nefndin taldi óhjákvæmilegt að hækka framlög til nýbygginga á vegum um 620 þús. kr., brúm um 600 þús. kr. og höfnum um 807 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Mikilvægt er talið að veita ungum vísindamönnum aðstöðu við háskólann til að starfa að sérgreinum sínum, meðan þeir eru ekki ráðnir til sérstakra starfa. Er hér um að ræða nýjan þátt í starfi háskólans, og er lagt til að veita nú 50 þús. kr. í þessu skyni.

Læknadeild háskólans skortir ýmis nauðsynleg tæki, og er lagt til að hækka framlag til tækjakaupa um 10 þús. kr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til tilraunastöðvarinnar að Keldum sem nemur launum eins sérfræðings. Getur stofnunin nú ekki annað öllum þeim verkefnum, sem áríðandi er að vinna að í sambandi við rannsóknir á búfjársjúkdómum, og er ætlazt til, að hinn nýi sérfræðingur vinni að þessum verkefnum.

Húsaleiga menntaskólans á Laugarvatni er áætluð of lág í frv., og verður að hækka þá fjárveitingu um 30 þús. kr.

Vegna fjölgunar skólabarna og sundstaða er talið nauðsynlegt að hækka fjárveitingu vegna sundskyldu í barnaskólum um 60 þús. kr.

Láðst hefur að reikna í fjárlagafrv. 17% uppbót á ráðskonukaup við heimavistarbarnaskóla, og þarf að bæta úr því.

Unnið er að gerð íþróttavalla á Laugarvatni. Er mikilvægt að hraða því verki vegna hinna mörgu skóla þar. Er lagt til að hækka fjárveitingu til íþróttakennaraskólans um 95 þús. kr. vegna þessara framkvæmda.

Talið er sanngjarnt, að ríkið taki nokkurn beinan þátt í kostnaði við byggingu hinnar fullkomnu sundlaugar á Akureyri vegna afnota nemenda í ríkisskólum þar af sundlauginni. Er gert ráð fyrir alls 90 þús. kr. framlagi í þessu skyni, er skiptist á tvö ár.

Enn hvíla rúmar 900 þús. kr. á stúdentagörðunum, sem eru eftirstöðvar af byggingarkostnaði þeirra. Hamlar þetta nokkuð eðlilegri starfsemi þeirra. Er lagt til, að veittar verði 100 þús. kr. til að létta þennan skuldabagga.

Um 15. gr. A.

Telja verður nauðsynlegt fyrir þjóðminjasafnið að hafa bifreið til afnota vegna mikilla ferðalaga. Vegna aukinna starfa er einnig þörf á að ráða skrifstofustúlku við safnið. Er lagt til að veita nauðsynlegt fé í þessu skyni, þar eð hér er um mikilvæga menningarstofnun að ræða, sem þarf að geta rækt hlutverk sitt sem bezt.

Lagt er til að heimila ráðningu tveggja starfsmanna við náttúrugripasafnið vegna aukinnar starfsemi. Annar er þegar starfandi þar, en hinn er Guðmundur Kjartansson jarðfræðingur. Er um leið lagt til að fella niður sérstaka styrkveitingu til hans.

Lagt er til að hækka lítið eitt framlag til lesstofu sjómannaheimilis á Raufarhöfn.

Á síðasta þingi var samþykkt að veita tveimur héraðsskjalasöfnum styrk til að fá filmur af skjölum í þjóðskjalasafni. Lagt er til að veita nú þriðja héraðsskjalasafninu sams konar aðstoð.

Lagt er til að veita þremur fræðimönnum nokkurn styrk til rannsókna á merkilegum menningarsögulegum viðfangsefnum.

Mikilvægt er að reyna að hraða meir samningu hinnar íslenzku orðabókar. Er lagt til að hækka framlag ríkissjóðs um 25 þús. kr. gegn jafnháu framlagi frá háskólanum.

Jón Guðnason skjalavörður hefur samið merkilegt og einstætt ættfræðirit. Mun útgáfa þess verða mjög dýr, og er lagt til að veita honum nokkurn styrk.

Lagt er til að hækka styrki til skálda, rithöfunda, listamanna svo og fræðimanna um 200 þús. kr. og heiðurslaun Gunnars Gunnarssonar í sama hlutfalli.

Lagt er til að veita tveimur grasafræðingum nokkurn styrk til rannsókna.

Á næsta ári verður haldin samnorræn listsýning í Rómaborg í boði ítölsku ríkisstjórnarinnar. Er hér um einstætt tækifæri að ræða til að kynna umheiminum íslenzka myndlist, því að „allar leiðir liggja til Róm“. Er lagt til að veita félagi íslenzkra myndlistarmanna 100 þús. kr. styrk til þátttöku í sýningunni.

Gert hefur verið myndarlegt líkneski af Jóni Arasyni, sem reisa á í minningarlundi hans að Grýtu. Hafa áhugamenn unnið að þessu af miklum dugnaði, og mun styttan kosta um 75 þús. kr. Er lagt til að styrkja þetta fyrirtæki með 25 þús. kr.

Um 15. gr. B.

Láðst hafði að reikna með laun eins veðurathugunarmanns við veðurstofuna. Nauðsynlegt er enn fremur talið með hliðsjón af reynslu undanfarinna ára að áætla nokkra upphæð vegna ferðakostnaðar í þágu veðurstofunnar.

Ráða þarf skipstjóra á sjómælingaskipið í stað Péturs Sigurðssonar, núverandi forstjóra landhelgisgæzlunnar, er áður hafði gegnt því starfi.

Vegna mikilla verkefna er talið óumflýjanlegt að heimila húsameistara ríkisins að ráða einn arkitekt til viðbótar núverandi starfsliði.

Um 16. gr. A.

Vegna aukins kostnaðar er lagt til að hækka fjárveitingu til Búnaðarfélags Íslands um 210 þús. kr.

Þar sem stærri og um leið dýrari jarðræktarvélar eru nú keyptar en áður, en mikil nauðsyn, að þessari starfsemi verði haldið í horfi, er lagt til að hækka framlag til kaupa á jarðræktarvélum um 250 þús. kr.

Vegna vaxandi starfsemi verkfæranefndar er talið nauðsynlegt að hækka fjárveitingu til hennar um 35 þús. kr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til jarðræktartilrauna um 100 þús. kr. vegna bygginga á tilraunastöðvunum.

Lagt er til að veita 115 þús. kr. í því skyni að koma í veg fyrir landskemmdir á þremur stöðum.

Komið hefur í ljós við þurrkun í Landeyjum, að sandfok hefur aukizt þar mikið. Er áríðandi að gera sem fyrst varnarráðstafanir, en áætluð fjárveiting til sandgræðslustöðva þarf þá að hækka um 150 þús. kr.

Lagt er til að veita skógræktarstjóra heimild til að fastráða sem fulltrúa skógfræðing, er starfað hefur að undanförnu við skógræktina. Skrifstofukostnaður er hækkaður nokkuð með hliðsjón af fenginni reynslu.

Óumflýjanlegt er talið að hækka framlög til sauðfjárveikivarna um 1.040 þús. kr. Svo sem kunnugt er, hefur mæðiveikin að nýju komið upp á tveimur stöðum á fjárskiptasvæðinu, og ber nauðsyn til að gera skjótlega ráðstafanir til að hefta útbreiðslu veikinnar.

Umsóknir bárust nefndinni frá nautgriparæktarsamböndunum í Eyjafirði og Árnessýslu um aukin fjárframlög til starfseminnar. Er lagt til að veita samböndum þessum samtals 300 þús. kr., en ráðherra ætlað að skipta fénu eftir því, sem sanngjarnt verður talið.

Fyrir nokkrum árum var Búnaðarfélagi Íslands afhent til eignar lóð, sem ríkið á milli Tryggvagötu og Sölvhólsgötu í námunda við hús Fiskifélags Íslands. Ætlaði félagið að reisa þar hús fyrir starfsemi sína. Síðar kom í ljós, að ríkið þurfti að nota þessa lóð undir byggingu fyrir rannsóknarstofur í þágu sjávarútvegsins. Varð það að samningum, að ríkið fengi aftur lóðina til þessara nota gegn því að greiða félaginu matsverð hennar. Er lagt til að greiða félaginu nú þriðja hluta lóðarverðsins.

Eins og kunnugt er, urðu miklar skemmdir af skriðuföllum í Skagafirði á síðastliðnu sumri, og urðu þrjár jarðir þar fyrir miklum skemmdum. Er lagt til að bæta að nokkru tjón eigenda þessara jarða til þess að koma í veg fyrir, að þeir þurfi að yfirgefa jarðirnar.

Um 16. gr. B.

Vegna aukins rekstrarkostnaðar er lagt til að hækka framlag til Fiskifélags Íslands um 140 þús. kr.

Ákveðið er að gera tilraunir með nýja aðferð við herpinótaveiði, sem trúlegt þykir að haft geti í för með sér mikinn sparnað í mannahaldi. Er nauðsynlegt í því sambandi að hækka fjárveitingu til tilrauna með nýjar síldveiðiaðferðir um 350 þús. kr.

Um 16. gr. C.

Þátttaka Íslendinga í iðnsýningu í Brüssel reyndist nokkru dýrari en gert var ráð fyrir, en hins vegar árangur góður. Er lagt til, að ríkið greiði nokkurn hluta kostnaðar.

Um 16. gr. D.

Tekin er upp fjárveiting vegna rannsókna á biksteini í Loðmundarfirði til þess að fullnægja áður gefnu loforði ríkisstjórnarinnar um fjárstyrk í þessu skyni.

Um 17. gr.

Ljóst er, að rekstrarhalli almannatrygginganna verður meiri en gert var ráð fyrir, þegar fjárlagafrv. var samið, og nauðsyn meiri hlutdeildar ríkissjóðs í greiðslu hallans. Er lagt til að hækka viðbótarframlagið um 1 millj. kr.

Elliheimilið í Skjaldarvík er rekið af einstökum manni af miklum dugnaði, óeigingirni og hagsýni. Er því lagt til að hækka um 25 þús. kr. framlag ríkisins til aukningar á byggingum hælisins.

Lagt er til að veita Kvenfélaginu „Hlíf“ á Akureyri 30 þús. kr. byggingarstyrk vegna barnaheimilisins „Pálmholt“ við Akureyri.

Þar sem sýnt er, samkv. upplýsingum, er fram hafa komið, að rekstrarkostnaður dvalarheimilis afvegaleiddra unglinga í Breiðuvík er of lágt áætlaður í frv., er lagt til að hækka fjárveitinguna um 100 þús. kr.

Það er orðin föst venja að veita nokkurn stuðning við kaup sjúkrabifreiða. Er hér lagt til að veita Rauða krossi Íslands sams konar aðstoð, en í nokkuð öðru formi en verið hefur að undanförnu.

Framlag til Evrópuráðsins er nokkru hærra en áætlað er í frv.

Um 20. gr.

Lagt er til að hækka fjárveitingu til viðbótarbygginga við ríkisspítalana um 600 þús. kr. Er mikil þörf á að hraða þessum framkvæmdum.

Unnið hefur verið að því að auka búrekstur að Litla-Hrauni til þess að starfskraftar fanganna geti komið að notum við hagnýt störf. Hefur því orðið að koma þar upp peningshúsum, og þarf nú að verja 250 þús. kr. til þess að greiða kostnað við þessar framkvæmdir.

Félag garðyrkjumanna er að koma upp sýningarskála í Reykjavík. Var í fjárlögum þessa árs heimilað að lána félaginu 300 þús. kr. úr ríkissjóði í þessu skyni. Nægir það lán ekki, og er hér lagt til að hækka lánið um 150 þús. kr.

Ákveðið hefur verið, að ríkið gerist að ¼ hluta þátttakandi í sameignarfélaginu „Íslenzkir aðalverktakar“. Er stofnframlag ríkissjóðs 1 millj. kr.

Vegna hækkunar á útgjaldaliðum frv. er lagt til að lækka framlag til framkvæmdasjóðs ríkisins um 5 millj. kr.

Um 22. gr.

Lagt er til að breyta nokkuð orðalagi heimildar til ríkisábyrgðar vegna hraðfrystihúsa. Er sú breyting aðeins til staðfestingar þeirri reglu, sem fylgt hefur verið í framkvæmd.

Ríkið á alla kennarabústaði á Hvanneyri aðra en íbúð þá, sem Haukur Jörundsson á. Er lagt til að heimila ríkisstjórninni að kaupa þennan eignarhluta.

Flugmálastjórnin hefur fengið að nota umframtekjur flugvallanna til framkvæmda. Mikil nauðsyn er á auknu fé til flugvallagerða, og þykir nefndinni rétt að verða við óskum flugmálastjórnarinnar um að rýmka heimildina úr 2.5 millj. kr. upp í 3.5 millj. kr.

Landhelgisgæzluna skortir tilfinnanlega birgðageymslu, og virðist mjög hagkvæmt að hún fái sóttvarnarhúsið í Reykjavík til þeirra nota. Er það eign ríkisins og stendur nú autt.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður greiðsluafgangur á sjóðsyfirliti tæpar 11 millj. kr. Gera má enn ráð fyrir nokkurri útgjaldahækkun vegna þeirra mála, sem bíða 3. umr.

Hafin er nú endurskoðun launalaga. Ekki sýnist líklegt, að þeirri endurskoðun verði lokið það snemma, að málið komi til meðferðar á þessu þingi. Hins vegar er gert ráð fyrir einhverjum bráðabirgðaráðstöfunum á næsta ári, sem án efa munu hækka útgjöld ríkissjóðs um allverulega fjárhæð.

Ljóst er því, að greiðsluafgangur sá, sem nú er í frumvarpinu, gerir varla betur en að mæta þeim óhjákvæmilegu útgjöldum, er sagt hefur verið frá í greinargerð þessari, að nefndin hefur — af ýmsum ástæðum — orðið að geyma til 3. umræðu að gera tillögur um.

YFIRLIT

Breytingartillögur meiri hluta nefndarinnar leiða til eftirfarandi niðurstöðu:

1. Tekjuhækkun alls	kr.	19 000 000
2. Hækkun gjalda	kr.	11 188 450
÷ Lækkun gjalda	—	15 000
Gjaldahækkun umfram lækkun alls	kr.	11 173 450

Verði allar breytingartillögur nefndarinnar og meiri hluta hennar samþykktar, verða niðurstöður fjárlaganna þessar:

Rekstraryfirlit.

Tekjur samkvæmt frumvarpinu			kr. 494 941 759
+ Tekjuhækkun			— 19 000 000
Tekjur alls			kr. 513 941 759
Gjöld samkvæmt frumvarpinu	kr.	432 197 752	
+ Gjaldahækkun umfram lækkun	—	11 173 450	
Gjöld alls	kr.	443 371 202	
Rekstrarhagnaður	—	70 570 557	
Alls	kr.	513 941 759	kr. 513 941 759

Sjóðsyfirlit.

Inn			kr. 516 391 759
Út	kr.	505 609 033	
Hagstæður greiðslujöfnuður	—	10 782 726	
	Kr.	516 391 759	kr. 516 391 759

Alþingi, 5. des. 1954.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Karl Kristjánsson. Halldór Ásgrímsson. Jón Kjartansson. Jónas G. Rafnar.

Nd. 239. Breytingartillaga [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Eiríki Þorsteinssyni.

Við 1. gr.

a. Á eftir staflið a í síðustu málsgr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
Suðureyrarhérað: Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri.

b. Á eftir orðinu „Stykkishólmshérað“ í niðurlagi greinarinnar bætist: Flateyrarhérað.

Nd. **240. Lög** [6. mál]

um breyting á tilskipun 9. maí 1855, sem lögleiðir á Íslandi, með nokkrum breytingum, lög 3. jan. 1851, um prentfrelsi.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 6.

Ed. **241. Lög** [33. mál]

um afnám ákvæða í lögum, sem binda atvinnuréttindi íslenzkra ríkisborgara við undanfarna búsetu eða dvöl hér á landi.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 152.

Ed. **242. Lög** [82. mál]

um stækkun lögsagnarumdæmis Akureyrarkaupstaðar.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 205.

Ed. **243. Lög** [12. mál]

um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 6. des.)

Samhljóða þskj. 12.

Nd. **244. Þingsályktun** [47. mál]

um gistihús á Þingvöllum.

(Afgreidd frá Nd. 6. des.)

Samhljóða þskj. 52.

Sþ. **245. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar (HV og LJós).

1.	Við 2. gr. 3. (Vörumagnstollur). Fyrir „26 000 000“ kemur		30 500 000
2.	— 2. — 4. (Verðtollur). Fyrir „138 000 000“ kemur		158 300 000
3.	— 2. — 5. (Innflutningsgjald af benzíni). Fyrir „9 500 000“ kemur		14 500 000

4. Við 2. gr. 6. (Gjald af innlendum tollvörum).
Fyrir „8 000 000“ kemur 9 000 000
5. — 2. — 8. (Bifreiðaskattur).
Fyrir „4 000 000“ kemur 4 700 000
6. — 2. — 9. (Aukatekjur).
Fyrir „7 600 000“ kemur 8 600 000
7. — 2. — 10. (Stimpilgjald).
Fyrir „12 000 000“ kemur 14 500 000
8. — 2. — 14. (Söluskattur).
Fyrir „107 000 000“ kemur 126 000 000
Þar af ⅓ (42 millj. kr.) til bæjar- og sveitarfélaga og skiptist eftir fólksfjölda.
9. — 3. — A. Sundurliðun 3. I. (Áfengisverzlunin, tekjur).
Fyrir „69 128 025“ kemur 75 128 025
10. — 3. — A. Sundurliðun 4. I. (Tóbakseinkasalan, tekjur).
Fyrir „44 557 145“ kemur 54 557 145
11. — 13. — A. VIII. (Steyptir og malbikaðir vegir).
Fyrir „100 000“ kemur 2 000 000
12. — 14. — B. II. c. (Lánasjóður stúdenta).
Fyrir „500 000“ kemur 800 000
13. — 16. — B. 10. Nýr liður:
Til stuðnings bæjar- og sveitarfélögum til kaupa á fiskiskipum samkv. skilyrðum, er ríkisstjórnin setur 10 000 000
14. — 16. — D. V. (Nýjar raforkuframkvæmdir).
Fyrir „5 860 000“ kemur 12 000 000
15. — 16. — D. X. (Raforkusjóður).
a. Fyrir „5 000 000“ kemur 10 000 000
b. Nýr liður:
Til verðlækkunar á rafmagni frá dieselrafstöðvum 1 000 000
16. — 17. — 27. Nýir liðir:
a. Til útrýmingar heilsuspillandi húsnæði samkv. III. kafla laga nr. 44 7. maí 1946 ..... 3 000 000
b. Til byggingar verkamannaskýla í hafnarbæjum, gegn tvöföldu framlagi annars staðar að 1 000 000
17. — 22. — XVI. Nýir liðir:
a. Að verja 20 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs 1954 til eflingar Fiskveiðasjóði Íslands.
b. Að taka lán til byggingar íbúðarhúsnæðis og endurlána:
1. Til byggingarsjóða kaupstaða og kauptúna 15 millj. kr.
2. Til lánadeildar smáíbúða 15 millj. kr. Bankastofnun sjái um alla framkvæmd lánveitinga.
3. Til byggingarsamvinnufélaga 10 millj. kr.
c. Að taka allt að 50 millj. kr. lán og framlána bæjar- og sveitarfélögum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi til viðreisnar og eflingar atvinnulífinu í þessum landshlutum.
d. Að verja allt að 10 millj. kr. til atvinnubóta, og sé þeim úthlutað af fimm manna nefnd, er skipuð sé tveimur fulltrúum tilnefndum af Alþýðusambandi Íslands og þremur kosnum af Alþingi.

Sþ. **246. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárveitinganefnd hefur klofnað um afgreiðslu frumvarpsins. Stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar vilja samþykkja frumvarpið í öllum meginatriðum eins og það var lagt fyrir Alþingi af ríkisstjórninni. Við undirritaðir teljum stefnu ríkisstjórnarinnar í fjármálum, þá stefnu, sem frumvarpið er byggt á, ranga og hættulega atvinnuvegum landsins.

Stefna núverandi ríkisstjórnar í fjármálum er hin sama og stefna fyrrverandi ríkisstjórnar, þeirrar sem mynduð var árið 1950 og hóf stjórnarstörf sín með gengisfellingunni.

Aðaleinkenni í fjármálastefnu þessara tveggja ríkisstjórna hefur verið að hækka álögur á landsmenn í einu eða öðru formi og auka þannig tekjur ríkissjóðs. Jafnhliða hafa svo ríkisútgjöldin vaxið og fyrst og fremst farið í sístækkandi embættisbákn og til þess að hlaða upp margföldu styrkjakerfi.

Til sönnunar þessu má benda á, að undanfarin 5 ár hafa ríkistekjurnar verið þessar:

1950		306	millj. kr.
1951		413	— —
1952		420	— —
1953		510	— —
1954	áætlaðar	550	— —

Auk þessarar gífurlegu skattheimtu hefur svo verið lagður á bátagjaldeyrisskattur og nú síðast bílaskattur í þeim tilgangi að koma í veg fyrir algera stöðvun framleiðsluatvinnuveganna. Þannig hefur skattpíningarstefnan birzt þjóðinni í framkvæmd.

Útgjöld ríkisins hafa hækkað í sömu hlutföllum, og þó hafa fjárveitingar til beinna verklegra framkvæmda eins og vegamála, hafnarmála og brúargerða lækkað verulega, sé miðað við verðlag nú og fyrir 5 árum.

Þegar gengislækkunin var gerð á öndverðu ári 1950, var því haldið fram af forsvarsmönnum þeirrar stefnu, að jafnframt mundu allar uppbótargreiðslur og styrkir til atvinnuveganna falla niður. Reynslan hefur orðið allt önnur. Síðastl. ár voru greiddar um 50 milljónir króna í niðurgreiðslur úr ríkissjóði, aðallega til verðlækkunar á landbúnaðarafurðum. Enn er ráðgert að greiða sömu fjárhæð á næsta ári í þessu skyni. Auk þessa eru svo, eins og áður er á minnzt, miklar fjárhæðir greiddar til stuðnings bátaútveginum og nú síðast togaraútgerðinni. Uppbótargreiðslur og styrkir eru því sannarlega í framkvæmd enn og reyndar í miklu ríkari mæli en nokkru sinni áður, enda varla við öðru að búast eins og skattpíningarvélinni hefur verið beitt gegn atvinnulífi landsmanna.

Annar höfuðþáttur í fjármálastefnu núverandi ríkisstjórnar hefur verið sá að gefa braskara- og gróðabrallslýð sem lausastan tauminn til þess að raka saman gróða á viðskiptunum við landsmenn og atvinnuvegina. Þær hömlur, sem í gildi voru gegn okurálagningu og braski, hafa verið afnumdar ein eftir aðra undir því fagra kjörorði, að verið væri að auka á „frelsi“ einstaklinganna.

Þetta „frelsi“ hefur birzt í því, að gæðingar stjórnarflokkanna hafa fengið einkaaðstöðu til þess að ráðska með alla útflutningsverzlun landsins. Það hefur birzt í því að leyfa ótakmarkaða álagningu á flestar vörutegundir, sem fluttar eru inn í landið. Og það hefur smám saman leitt til þess, að nokkrir stórir innflytjendur í hvorum stjórnarflokki eru að verða allsráðandi í vöruinnflutningi til landsins og verzlun landsmanna. Afleiðing þessa hefur svo orðið sú, að dýrtíðin

eykst stöðugt, milliliðir raka að sér gróða á kostnað atvinnuveganna, en síðan verður að grípa til nýrra og nýrra neyðarráðstafana til þess að koma í veg fyrir stöðvun atvinnulífsins.

Starfskerfi ríkisins stækkar jafnt og þétt. Frá ári til árs hækkar kostnaðurinn við ríkisstjórnina, við dómgæzlu og lögreglustjórn, við opinbert eftirlit, við tolla- og skattainnheimtu. Ný ótrúlega dýr ráðuneytisdeild hefur verið sett á stofn, svokölluð varnarmáladeild, og nú síðast er ríkissjóður orðinn stór þátttakandi í gróðabrallsfyrirtæki stjórnarflokkanna í sambandi við framkvæmdir á vegum hernámsliðsins.

Við erum algerlega andvígir þessari fjármálastefnu ríkisstjórnarinnar. Við teljum hana til tjóns fyrir eðlilegt atvinnulíf þjóðarinnar og að hún hljóti að bitna á afkomu almennings í landinu.

Okkur er ljóst, að til þess að breyta um stefnu í fjármálum landsins þarf meira en að breyta nokkrum liðum í áætlunum fjárlagafrumvarpsins. Til þess að draga úr embættisbákninu þarf m. a. að breyta lögum, og þess vegna flytjum við engar tillögur nú um lækkun útgjalda í því sambandi. Við erum í meginatriðum ósamþykkir þeirri tekjuöflun ríkissjóðs, sem nú er bundin í lögum. Við teljum þó augljóst, að tekjur á fjárlagafrumvarpinu eru allt of lágt áætlaðar, enda 50—60 millj. kr. lægri en þær munu reynast á þessu ári. Við flytjum því tillögu um hækkun á tekjuáætluninni og miðum þá við það, sem telja má fullvíst að tekjurnar muni reynast.

Við lítum svo á, að ekki komi mála að afgreiða svo fjárlög fyrir næsta ár, að ekki sé gert ráð fyrir ráðstöfunum ríkisins til viðreisnar atvinnulífinu víðs vegar á landinu og þá fyrst og fremst þar, sem atvinnuástandið er verst nú, eins og á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Við flytjum því tillögu um að heimila ríkisstjórninni að taka lán og framlána bæjar- og sveitarstjórnum í þessum landshlutum 50 milljónir króna á næsta ári til viðreisnar atvinnulífinu þar.

Þá leggjum við til, að varið verði 20 milljónum króna af tekjuafgangi yfirstandandi árs til eflingar fiskveiðasjóði. Sennilega verður tekjuafgangur þessa árs um 60—70 milljónir króna. Endurnýjun bátaflotans er eitt brýnasta nauðsynjamálið, sem nú liggur fyrir, og álítum við því sjálfsagt að verja myndarlegum hluta tekjuafgangsins í þessu skyni.

Þá flytjum við tillögu um stuðning ríkisins við íbúðarhúsabyggingar. Ríkisstjórnin hefur lofað ýmsu í þessum efnum, og viljum við því freista þess að fá nokkra fyrirgreiðslu ákveðna nú við afgreiðslu fjárlaga til lausnar þessum miklu vandamálum.

Við leggjum til, að hækkað verði framlag til atvinnubóta úr 5 milljónum í 10 milljónir og jafnframt verði ákveðið, að sérstakri nefnd með fulltrúum frá Alþýðusambandi Íslands verði falið að sjá um réttláta skiptingu fjárins. Komið hefur í ljós, að útdreifing þessa fjár er í fullkomnu öngþveiti og ekki sjáanlegt, að farið sé eftir neinum reglum. Ýmsir vel efnaðir einstaklingar og stórfyrirtæki njóta orðið atvinnubótastyrks, en bláfátækir hreppar og bæjarfélög fá ekki fyrirgreiðslu sinna mála.

Það skal tekið fram, að við stöndum með meiri hluta fjárveitinganefndar að allmörgum tillögum til breytinga á frumvarpinu, og eru þær allar fluttar á sérstöku þingskjali frá allri nefndinni.

Samkomulag hefur orðið um að fresta til 3. umræðu ýmsum tillögum, þar á meðal tillögum varðandi framlög til skólabygginga og sjúkrahúsabygginga. Við leggjum því ekki fram breytingartillögur varðandi þessa liði að sinni, enda þótt okkur sé ljóst, að fjárframlög verða að hækka að verulegu leyti í þessu efni frá því, sem ráðgert er í frumvarpinu.

Alþingi, 6. des. 1954.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. **247. Frumvarp til fjáraukalaga** [119. mál]

fyrir árið 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1952, eru veittar kr. 46 666 658.73 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstmál	kr.	588 172.35
	en tekjur fóru kr. 336 656.24 fram úr fjárlagaáætlun.		
2.	Síminn	—	2 538 797.34
	af kr. 5 000 574.53 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
3.	Áfengisverzlun ríkisins	—	1 168 775.83
	en brúttótekjur urðu kr. 508 948.45 umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Tóbakseinkasala ríkisins	—	392 021.23
	en brúttótekjur urðu kr. 8 863 135.78 umfram fjárlagaáætlun.		
5.	Ríkisútvarpið	—	1 629 484.23
	en tekjur fóru kr. 480 356.40 fram úr fjárlagaáætlun.		
	Viðtækjaverzlunin	—	267 082.98
	af kr. 522 208.59 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	270 274.75
	af kr. 428 197.52 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Áburðarsala ríkisins	—	79 114.57
	af kr. 225 307.47 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Grænmetisverzlun ríkisins	—	192 028.90
	af kr. 274 664.28 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
9.	Landssmiðjan	—	792 872.13
	af kr. 908 666.48 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Tunnuverksmiðjur ríkisins	—	590 561.59
	en tekjur fóru kr. 590 561.59 fram úr fjárlagaáætlun.		
11.	Innkaupastofnun ríkisins	—	100 220.30
	af kr. 276 372.85 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
13.	Vífilsstaðabú	—	660 108.76
	af kr. 662 058.31 brúttótekjum.		
14.	Kleppsbú	—	380 154.08
	af kr. 385 813.72 brúttótekjum.		
15.	Kópavogsbú	—	82 700.23
	af kr. 89 758.05 brúttótekjum.		
16.	Skólabúið á Reykjum í Ölfusi	—	293 196.55
	af kr. 326 160.84 brúttótekjum.		
17.	Skólabúið á Hólum	kr.	309 083.64
	en brúttótekjur urðu kr. 309 083.64.		
18.	Skólabúið á Hvanneyri	—	783 639.46
	af kr. 784 169.89 brúttótekjum.		
		Kr.	11 118 288.92

Til viðbótar við gjöldin í 7. gr.		eru veittar	kr. 1 243 457.51
— — — — - 8. —		— —	— 374 224.44
— — — — - 10. —		— —	— 2 202 952.39
— — — — - 11. — A.		— —	— 1 525 688.36

Til viðbótar við gjöldin í 11. gr. B. eru veittar	kr.	145 581.45
— — — — - 11. — C. — —	—	1 363 448.10
— — — — - 11. — D. — —	—	64 101.17
— — — — - 12. — — —	—	1 695 294.65
— — — — - 13. — A. — —	—	4 716 896.10
— — — — - 13. — B. — —	—	5 249 447.88
— — — — - 13. — C. — —	—	1 886 287.84
— — — — - 14. — A. — —	—	29 871.88
— — — — - 14. — B. — —	—	3 008 897.45
— — — — - 15. — A. — —	—	323 677.44
— — — — - 15. — B. — —	—	128 749.52
— — — — - 16. — A. — —	—	519 785.88
— — — — - 17. — — —	—	541 679.53
— — — — - 18. — — —	—	289 142.01
— — — — - 19. — 1. — —	—	2 152 299.94
— — — — - 19. — 3. — —	—	1 844 279.74
	Kr.	40 424 052.20
Frá dragast launahækkanir, sbr. 19. gr. 2. fjárlaga 1952	—	3 500 000.00
	Kr.	36 924 052.20
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar	—	9 742 606.53
Inn fóru kr. 18 880 452.34 fram úr fjárlagaáætlun.		
Samtals	kr.	46 666 658.73

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1952. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1952 sýnir, að undanskilinni 9. grein.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1952.

Nd. 248. Frumvarp til laga [120. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1952 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:	Áætlun:	Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr. fjárlaga ..	kr. 287 850 000.00	kr. 317 222 003.78
2.	— — 3. — A. — ..	— 84 893 378.00	— 94 478 438.35
3.	— — 3. — B. — ..	— 10 000.00	— 2 061.24
4.	— — 4. — — ..	— 1 935 000.00	— 3 636 768.15
5.	— — 5. — — ..	— 1 500 000.00	— 4 724 242.80
6.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr. fjárlaga	— 5 950 000.00	— 87 992 322.76
	Greiðslujöfnuður		— 4 110 436.25
		Kr. 382 138 378.00	Kr. 512 166 273.33

	Útborganir:						Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt	7. gr.		fjárlaga ..	kr.		3 783 775.00	kr.	5 027 232.51
2.	— —	8. —		— ..	—		438 035.00	—	812 259.44
3.	— —	9. —		— ..	—		3 544 170.00	—	3 705 771.72
4.	— —	10. —	I.	— ..	—		5 192 834.00	—	7 031 982.01
5.	— —	10. —	II.	— ..	—		777 530.00	—	820 319.31
6.	— —	10. —	III.	— ..	—		4 928 900.00	—	5 249 915.07
7.	— —	11. —	A.	— ..	—		22 600 776.00	—	24 126 464.36
8.	— —	11. —	B.	— ..	—		1 575 686.00	—	1 721 267.45
9.	— —	11. —	C.	— ..	—		8 562 945.00	—	9 926 393.10
10.	— —	11. —	D.	— ..	—		2 250 000.00	—	2 314 101.17
11.	— —	12. —		— ..	—		24 981 170.00	—	26 676 464.65
12.	— —	13. —	A.	— ..	—		33 978 221.00	—	38 695 117.10
13.	— —	13. —	B.	— ..	—		5 003 000.00	—	10 252 447.88
14.	— —	13. —	C.	— ..	—		10 641 205.00	—	12 527 492.84
15.	— —	13. —	D.	— ..	—		3 582 617.00	—	3 225 152.30
16.	— —	14. —	A.	— ..	—		5 521 442.00	—	5 551 313.88
17.	— —	14. —	B.	— ..	—		50 771 722.00	—	53 780 619.45
18.	— —	15. —	A.	— ..	—		4 222 083.00	—	4 545 760.44
19.	— —	15. —	B.	— ..	—		5 702 790.00	—	5 831 539.52
20.	— —	16. —	A.	— ..	—		38 560 859.00	—	39 080 644.88
21.	— —	16. —	B.	— ..	—		4 981 300.00	—	4 955 297.17
22.	— —	16. —	C.	— ..	—		1 701 220.00	—	1 699 720.00
23.	— —	16. —	D.	— ..	—		6 807 361.00	—	5 342 843.74
24.	— —	17. —		— ..	—		41 129 113.00	—	41 670 792.53
25.	— —	18. —		— ..	—		11 158 231.00	—	11 447 373.01
26.	— —	19. —	1.	— ..	—		25 000 000.00	—	27 152 299.94
27.	— —	19. —	2.	— ..	—		3 500 000.00		
28.	— —	19. —	3.	— ..	—		1 500 000.00	—	4 508 127.95
29.	Eignahreyfingar samkv.	20. gr.		fjárlaga	—		47 076 075.00	—	154 487 559.91
	Greiðslujöfnuður			.....	—		2 665 318.00		
						Kr.	382 138 378.00	Kr.	512 166 273.33

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1952, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Á það skal bent, að greiðslur samkvæmt 19. gr. 2. fjárlaganna eru færðar á viðkomandi gjaldaliði ríkisreiknings.

Ed. 249. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til laga um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100/1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá fjárhagsnefnd.

Eins og fram er tekið í athugasemd við frv., er hér um að ræða framlengingu laga um tekjur fyrir ríkissjóð. Eru ákvæði þessi öll óbreytt frá gildandi lögum, nema hvað inn eru sett ný ákvæði um söluskatt af umboðssölu, sbr. síðari málsl. 2. mgr. undir b-lið 3. gr. frv. Er breyting þessi gerð til þess að varna því, að hægt

sé að komast hjá að greiða söluskatt af öllu andvirði vörunnar í smásölu, þegar svo stendur á, að umboðssali selur vöruna beint til neytanda. Hins vegar er ekki til þess ætlazt, að umboðssali greiði söluskatt af öllu andvirði vöru, er hann selur til smásala og áður hefur verið greiddur söluskattur af. Hefur ráðherra heitið því, að reglugerð um söluskatt skuli breytt í samræmi við það. Með þessum fyrirvara leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, er málið var afgreitt, og hefur því ekki tekið þátt í afgreiðslu þess.

Alþingi, 7. des. 1954.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
	Karl Kristjánsson.	

Sþ. 250. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 12. gr. XI. Nýr liður:
Til leirbaða í Hveragerði 50 000

II. Frá *Sigurði Ágústssyni* og *Ásgeiri Bjarnasyni.*
Við brtt. 236,17. 18. (Við 13. gr. A. II. a.). Nýr liður:
Heydalsvegur 300 000
Til vara 200 000

III. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 236,17. 88. (Við 13. gr. A. II. a. — Siglufjarðarvegur).
Fyrir „205 000“ kemur 300 000

IV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við brtt. 236,19. a. 25. (Við 13. gr. A. III.). Nýir liðir:
1. Andalækur 150 000
2. Dalsá 100 000

V. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við brtt. 236,19. b. (Við 13. gr. A. III.).
Fyrir orðin „endurbyggingar gamalla brúa“ kemur: endurbyggingar gamalla stórbrúa.

VI. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 236,22. 42. (Við 13. gr. C. VIII. — Siglufjörður).
Fyrir „250 000“ kemur 350 000

Miða skal framkvæmdir þessar við, að þessi kafli Austurvegar verði fullgerður á næstu tveimur árum. Að svo miklu leyti sem ekki verður veitt nægilegt fé á fjárlögum áranna 1955 og 1956 til þessara framkvæmda, er ríkisstjórninni falið að nota heimild í lögum um Austurveg til lántöku til greiðslu vegagerðarkostnaðarins.

Greinargerð.

Á Alþingi 1946 voru samþykkt lög um Austurveg, nr. 32 1946.

Samkvæmt þessum lögum skyldi gera nýjan veg, steinsteyptan, frá Lögbergi, um svonefnd Þrengsli, austur um Ölfus að Selfossi. Vegagerð þessari skyldi ljúka á næstu 7 árum frá gildistöku laganna, en hefja skyldi framkvæmdir með því að leggja þann kafla vegarins, sem liggur um Þrengslin, eða nánar tiltekið frá Suðurlandsbraut í Svínahrauni, um Þrengslin, á Selvogsveg nálægt Þurá í Ölfusi, og skyldi þessi vegur gerður fyrst í stað sem malarvegur. Eru lög þessi byggð á áliti nefndar, sem skipuð var 1944 til rannsóknar á samgöngumálum Sunnlendinga og skilaði áliti í nóv. 1945.

Vegarlagningu þessari um hina svokölluðu Þrengslaleið er fyrst og fremst ætlað að bæta úr samgönguerfiðleikum milli Suðurlandsundirlendisins og Reykjavíkur á vetrum, þegar vegurinn um Hellisheiði er ófær bifreiðum vegna snjóa. En hár og góður vegur um Þrengslin mun verða miklu lengur fær en Hellisheiðarvegurinn, þar sem hinn fyrrnefndi er 252 m yfir sjó, en Hellisheiði 374 m. Þrengslaleið er því í líkri hæð og Svínahraun.

Eins og nú er háttað samgöngum milli Reykjavíkur og Suðurlandsundirlendis, verða allir flutningar á þessari leið að jafnaði að fara fram um Krísuvíkurveg, strax og Hellisheiðarvegurinn verður ófær vegna snjóa. Ekki skal því neitað, að mikil samgöngubót er að Krísuvíkurleið, en sá galli er á, að hún er 35 km lengri en væntanleg

leið um Þrengslin og 43 km lengri en Hellisheiðarleið, miðað við leiðina Reykjavík—Selfoss. Þar að auki er vegurinn um Krísuvík svo mjór mestan hluta leiðarinnar, að bílar geta ekki mætzt nema á „útskotum".

Er vegurinn því stórhættulegur í vondum veðrum hinum stóru og þungu vöruflutningabifreiðum, sem notaðar eru á þessari leið, og eru nærtæk dæmi, sem sanna það. Má næstum segja, að það sé þegar af þeirri ástæðu neyðarúrræði að þurfa að beina hinni miklu umferð og flutningum, sem þarna er um að ræða, á Krísuvíkurveginn.

Sá hluti Austurvegar, sem hér er lagt til að gerður verði á næstu tveim árum, er um 20 km að lengd. Að honum gerðum er víst, að þessi leið mundi taka við miklum hluta þeirrar umferðar, sem nú verður að fara um Krísuvík, en við það sparast stórfé á degi hverjum. Því til sönnunar má benda á, að veturinn 1950—51 var ekið um Krísuvík í rúma 100 daga, því að allan þann tíma var Hellisheiðarvegurinn ófær vegna snjóa. Vegamálastjóri lét þá fara fram athugun á auknum kostnaði, sem leiddi af hinni lengri leið. Komst hann að þeirri niðurstöðu, að aukinn flutningskostnaður við það að aka Krísuvíkurleiðina, á móti því að fara hina styttri leiðina, næmi um 15 þús. kr. á dag eða um 1½ millj. kr. í þessa 100 daga. Við þetta má bæta, að síðan þessi athugun fór fram, hafa flutningar og ferðalög stóraukizt á þessari leið. Má af þessu ljóst vera, að þessi vegagerð um Þrengslin mundi spara erlendan gjaldeyri í stórum stíl, þar sem um er að ræða á lengri leið aukið slit á bifreiðum, benzín- og olíueyðslu. Þá mundi og sparast vinnuafl og komið í veg fyrir mikið erfiði hjá þeim mörgu mönnum, sem af miklum dugnaði annast þessa vetrarflutninga.

Að þessu öllu athuguðu og því ógleymdu, að þessi vegur átti samkv. gildandi lögum að vera fullgerður fyrir ári, er þess vænzt, að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt og ríkisstjórnin beiti sér síðan fyrir framgangi málsins.

Ed. 268. Nefndarálit [103. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta og leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu. — PZ var ekki viðstaddur á þeim nefndarfundi, er gekk frá málinu.

BREYTINGARTILLAGA

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er hljóða svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita allt að 5 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum í hverjum hinna kaupstaðanna, sem verzlunarleyfi hafa og til þess teljast hæfir að hans dómi, leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði málverk, myndir, listmuni og bækur, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en 5 ára í senn. Leyfisgjald er 1500 krónur, er renni í ríkissjóð. Eigi skulu greidd sölulaun til ríkissjóðs af andvirði muna þeirra, sem þannig eru seldir.

Alþingi, 13. des. 1954.

Hermann Jónasson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Sig. Ó. Ólafsson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Sþ. **269. Breytingartillögur** **[1. mál]**

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 3. gr. A. Sundurliðun 2. Út. II.
(Til viðauka símakerfa o. fl.)
Fyrir „1 450 000“ kemur 1 650 000
2. — 11. — A. 9. a. 1. (Ríkislögreglan í Reykjavík, laun).
a. Við a. (Grunnlaun).
Fyrir „803 352“ kemur 926 947
b. Við b. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „420 241“ kemur 485 746
3. — 11. — A. 9. e. (Sumarlöggæzla á Raufarhöfn).
Fyrir „20 000“ kemur 25 000
4. — 11. — C. I. b. 2. (Tollgæzla á Keflavíkurflugvelli).
a. Við a. 1. (Grunnlaun).
Fyrir „229 146“ kemur 375 750
b. Við a. 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „119 368“ kemur 195 764
c. Við b. (Einkennisfatnaður).
Fyrir „31 200“ kemur 58 200
5. — 12. — IX. (Læknisbústaðir, sjúkraskýli og sjúkrahús).
Fyrir „1 500 000“ kemur 2 000 000
6. — 12. — XIV. Nýr liður:
Til hreppsnefndar Hveragerðishrepps til stofnkostnaðar vegna leirbaða 50 000
7. — 12. — XXVI. (Styrkur til ýmissa sjúklinga).
Fyrir „60 000“ kemur 100 000
8. — 13. — A. II. a. 43. Textinn orðist svo:
Reykhólavegur utan Staðar.
9. — 13. — A. III. (Brúargerðir).
a. Við 16. Textinn orðist svo:
Kvíslá í Vopnafirði.
b. Við 17. Textinn orðist svo:
Fuglabjargsá við Ljósaland.
c. Við 18. Textinn orðist svo:
Dalsá í Fáskrúðsfirði.
d. Við 19. Textinn orðist svo:
Tunguá í Fáskrúðsfirði.
e. Við 20. Textinn orðist svo:
Gilsá í Breiðdal.
10. — 13. — C. VIII. 57. Nýr liður:
Til lendingarbóta á eftirtöldum stöðum á Vestfjörðum og Austfjörðum gegn jafnmiklu framlagi annars staðar að:
a. Skálavík 20 000
b. Hjarðardal í Önundarfirði 35 000
c. Gemlufalli 20 000
d. Loðmundarfirði 3 000
e. Gautavík (endurveiting) 12 000
f. Krossi (endurveiting) 5 000
95 000

11. Við 14. gr. A. VI. (Álag vegna afhendingar kirkna).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
12. — 14. — B. XIV. 6. (Til byggingar barnaskóla o. fl.).
Fyrir „3 200 000“ kemur 4 150 000
13. — 14. — B. XIV. 10. (Tímaritið Menntamál).
Fyrir „6 000“ kemur 8 000
14. — 14. — B. XV. 3. (Til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla).
Fyrir „1 500 000“ kemur 2 000 000
15. — 14. — B. XV. 4. Nýr liður:
Til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara 15 000
16. — 14. — B. XV. Nýr (rómv.) liður:
Upp í vangoldin ríkisframlög vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga 1 200 000
17. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „750 000“ kemur 1 000 000
18. — 14. — B. XVIII. (Kennsla heyrnar- og málleysingja).
a. Við 2. (Fæðiskostnaður).
Fyrir „80 000“ kemur 100 000
b. Við 4. Nýr liður:
Til viðhalds gamla skólahússins 25 000
19. — 14. — B. XIX. (Matsveina- og veitingaþjónaskóli).
Fyrir „100 000“ kemur 145 000
20. — 15. — A. III. 5. (Þjóðminjasafnið, viðhald gamalla bygginga).
Fyrir „80 000“ kemur 85 000
21. — 15. — A. V. (Náttúrugripasafnið).
a. Við 4. (Kaup á safnahirzlum o. fl.).
Fyrir „25 000“ kemur 30 000
b. Við 5. (Til rannsókna og ferðakostnaðar).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000
22. — 15. — A. VIII. 37. (Sjómannalesstofa K. F. U. M. í Vestmannaeyjum).
Fyrir „2 000“ kemur 4 000
23. — 15. — A. VIII. 43. Nýr liður:
Til bókasafns Hafnarfjarðar, byggingarstyrkur .. 20 000
24. — 15. — A. IX. 2. Nýr liður:
Til útgáfunefndar handrita 100 000
25. — 15. — A. IX. 5. Liðurinn orðist svo:
Til Hins íslenzka fræðafélags til útgáfustarfsemi, enda verði á árinu haldið áfram útgáfu jarðabókarinnar 15 000
26. — 15. — A. IX. 11. Nýr liður:
Til Björns Th. Björnssonar til að semja myndlistarsögu Íslands fyrir siðaskipti 8 000
27. — 15. — A. XIV. Nýr liður:
Til Jónasar Þorbergssonar til ritstarfa 15 000
28. — 15. — A. XXII. (Sigurður Skagfield).
Liðurinn fellur niður.
29. — 15. — A. XXVIII. (Leiklistarstarfsemi).
a. Við 2. (Leikfélag Akureyrar).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000
b. Við 4. (Ingibjörg Steinsdóttir).
Liðurinn fellur niður.
c. Við 9. (Leikfélag Vestmannaeyja).
Fyrir „3 000“ kemur 4 000

30. Við 15. gr. A. XXX. (Tónlistarstarfsemi).
a. Við 1. Nýr liður:
Til Tónlistarskólans í Reykjavík til söngkennslu 40 000
b. Við 7. (Hljómsveit Reykjavíkur).
Liðurinn fellur niður.
c. Við 10. (Lúðrasveit Vestmannaeyja).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
d. Við 11. (Lúðrasveit Hafnarfjarðar).
Fyrir „5 000“ kemur 8 000
e. Við 12. Nýir liðir:
1. Til lúðrasveitar verkalýðsins í Reykjavík, til hljóðfærakaupa 8 000
2. Til lúðrasveitar Ísafjarðar, til hljóðfærakaupa .. 8 000
3. Til lúðrasveitar Neskaupstaðar, til hljóðfærakaupa 8 000
f. Við 16. (Landssamb. blandaðra kóra og kvennakóra).
Fyrir „12 000“ kemur 18 000
31. — 15. — A. XXX. Nýr (rómv.) liður:
Til söngnáms erlendis eftir ákvörðun menntamálaráðs 70 000
32. — 15. — A. XXXIII. Nýr liður:
Til Ólafar Pálsdóttur, til náms í höggmyndalist .. 8 000
33. — 15. — A. XXXIV. (Guðmundur Jónsson).
a. Liðurinn fellur niður.
b. Nýir liðir:
1. Til Ásgeirs Beinteinssonar, til tónlistarnáms erlendis 8 000
2. Til Rögnvalds Sigurjónssonar, til tónlistarnáms erlendis 8 000
3. Til Sigursveins D. Kristinssonar, til tónlistarnáms 8 000
4. Til Jóhanns Tryggvasonar, til að nema hljómsveitarstjórn 8 000
34. — 15. — A. XXXVI. Nýir liðir:
a. Vegna þátttöku íslenzkra myndlistarmanna í samnorrænni listsýningu í Róm. Undirbúning og tilhögun á þátttöku þeirra í sýningunni skal ákveða með samþykki menntamálaráðuneytisins 100 000
b. Til Guðmundar Einarssonar frá Miðdal, byggingarstyrkur 30 000
c. Til Péturs Fr. Sigurðssonar, byggingarstyrkur 30 000
35. — 15. — B. I. 1. a. (Iðnaðardeild, laun).
a. Við 1. (Grunnlaun).
Fyrir „412 103“ kemur 432 103
b. Við 2. (Verðlagsuppbót).
Fyrir „203 758“ kemur 213 758
36. — 16. — A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).
Fyrir „1 900 000“ kemur 2 000 000
37. — 16. — A. 21. a. (Fyrirhleðsla í Laxá í Nesjahreppi).
Fyrir orðin „Laxá í Nesjahreppi“ kemur: Steinsvötn í Suðursveit.
38. — 16. — A. 47. Liðurinn orðist svo:
Til greiðslu upp í kostnað vegna skemmda af skriðuföllum í Skagafirði 130 000

39.	Við 16. gr.	B. 1. (Fiskifélag Íslands). Fyrir „1 744 000“ kemur		1 814 000
40.	— 16. —	B. 6. Nýr liður: Til að leita nýrra fiskimiða		250 000
41.	— 16. —	C. 3. (Iðnlánasjóður). Fyrir „300 000“ kemur		450 000
42.	— 16. —	C. 7. Nýr liður: Til Baldvins Jónssonar vegna uppfinningar á dúnhreinsunarvél		10 000
43.	— 17. —	17. Nýr liður: Til flugbjörgunarsveitarinnar		50 000
44.	— 17. —	24. Nýr liður: Til Náttúrulækningafélags Íslands til byggingar heilsuhælis		100 000
45.	— 17. —	27. (Jöfnunarsjóður bæjar- og sveitarfélaga). Fyrir „1 250 000“ kemur		1 600 000
46.	— 17. —	33. Nýr liður: Til hjálpar flóttafólki í Evrópu		50 000
47.	— 17. —	35. (Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn). Fyrir „50 000“ kemur		100 000
48.	— 18. —	II. a.		
		a. Niður falla þessir liðir:		
		1. Benedikt Sveinsson.		
		2. Grímur Grímsson.		
		3. Helgi Árnason.		
		4. Lúðvík Hansson.		
		5. Magnús Andrésson.		
		6. Svanhildur Ólafsdóttir.		
		b. Eftirfarandi liðir breytast:		
		1. Áskell Snorrason, fyrrv. söngkennari. Fyrir „5 000.00“ kemur		6 500.00
		2. Björn Stefánsson, fyrrv. sóknarprestur. Fyrir „5 000.00“ kemur		6 000.00
		3. Friðleifur Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsmaður. Fyrir „2 242.50“ kemur		4 000.00
		4. Guðbrandur Björnsson, fyrrv. sóknarprestur. Fyrir „5 000.00“ kemur		6 000.00
		5. Halldór Jónsson, fyrrv. yfirfiskmatsmaður. Fyrir „6 000.00“ kemur		8 000.00
		6. Jón Brandsson, fyrrv. sóknarprestur. Fyrir „5 000.00“ kemur		6 000.00
		7. Jórunn Þórðardóttir, fyrrv. handavinnukennari. Fyrir „5 000.00“ kemur		7 000.00
		c. Við bætast í stafrófsröð:		
		1. Anna Björnsdóttir, fyrrv. kennari		5 000.00
		2. Anna Þórhallsdóttir, fyrrv. aðstoðargjaldkeri		5 000.00
		3. Egill Hallgrímsson, fyrrv. barnakennari		3 500.00
		4. Elísabet Friðriksdóttir, fyrrv. barnakennari		3 500.00
		5. Finnbogi Arndal, fyrrv. fulltrúi		15 000.00
		6. Friðrik J. Rafnar, vígslubiskup		12 000.00
		7. Ingibjörg Jóhannsdóttir, fyrrv. kennari		4 000.00
		8. Jóhann Briem, fyrrv. sóknarprestur		6 000.00
		9. Jón Hallvarðsson, fyrrv. sýslumaður		14 000.00
		10. Jón Jónsson, fyrrv. kennari, Höfnum		2 500.00

11. Jónas Eyvindsson, fyrrv. símaverkstjóri 3 000.00
12. Jósef Jónsson, fyrrv. sóknarprestur 6 000.00
13. Karl H. Bjarnason, fyrrv. dyravörður 13 900.00
14. Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur 2 000.00
15. Kristján Sigurðsson, fyrrv. barnakennari 3 500.00
16. Lúðvík D. Norðdal, fyrrv. héraðslæknir 12 000.00
17. Magnús Jónsson, dr. theol. 14 000.00
18. Nikólína Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 1 800.00
19. Ólafur Th. Sveinsson, fyrrv. skipaskoðunarstjóri 8 800.00
20. Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri 5 000.00
21. Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsmaður 2 240.00
22. Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari 3 500.00
23. W. Thomas Möller, fyrrv. síma- og póstafgreiðslumaður 4 000.00

49. Við 18. gr. II. b.

a. Niður falla þessir liðir:
   1. Anna Ásmundsdóttir.
   2. Álfheiður Kjartansdóttir.
   3. Kristín Guðmundsdóttir.
   4. Marta Þórarinsdóttir.

b. Eftirfarandi liðir breytast:
   1. Klara Helgadóttir.
      Fyrir „2 000.00“ kemur 4 000.00
   2. Sigríður Fjeldsted.
      Fyrir „3 363.75“ kemur 4 500.00
   3. Sigrún Bjarnason.
      Fyrir „4 360.00“ kemur 6 000.00

c. Við bætast í stafrófsröð:
   1. Elísabet Jónsdóttir 5 000.00
   2. Guðrún Pétursdóttir 18 000.00
   3. Jóhanna Pálmadóttir 7 000.00
   4. Lára Skúladóttir 3 000.00
   5. Margrét Blöndal 3 500.00
   6. María Tómasdóttir 2 500.00
   7. Sigrún Auðuns 4 000.00
   8. Sigrún Guðbrandsdóttir 4 000.00
   9. Valgerður Halldórsdóttir 8 000.00
   10. Þóra Hjartar 2 000.00

50. — 20. — Út. IX. Nýr liður:
Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, fyrsta greiðsla af þremur 120 000

51. — 22. — III. Nýir liðir:
a. Að greiða Ólafi Lárussyni full prófessorslaun og Vilhjálmi Finsen ⅔ sendiherralauna, ef þeir láta af störfum á árinu.
b. Að heimila áfengisverzlun ríkisins að greiða Bjarna Kjartanssyni útsölumanni 60% af launum hans, eins og þau voru, er hann lét af störfum.

52. — 22. — IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 80% af heildarkostnaði.

53. — 22. — XVI. Nýr liður:
Að kaupa jörðina Gröf í Hrunamannahreppi.

54. Við 22. gr. XIX. Nýr liður:
Að greiða halla á rekstri Þjóðleikhússins allt að 250 þús. kr.
55. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að greiða Ólafi Þór Jónssyni hæfilegar bætur vegna slyss, er hann varð fyrir 15. júlí 1946 af völdum sprengingar við bæinn Minna-Knarrarnes á Vatnsleysuströnd.
56. — 22. — XXIII. Nýr liður:
Að gefa Kjartani Guðmundssyni eftir 336 þús. kr., sem er helmingur af skuld hans við ríkissjóð vegna kaupa á Súðinni.
57. — 22. — XXVI. Nýr liður:
Að taka allt að 800 þús. kr. lán til stækkunar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík.
58. — 22. — XXVII.
a. Liðurinn orðist svo:
Að taka allt að 5 millj. kr. lán til að auka húsnæði ríkisspítalanna.
b. Nýr liður:
Að leyfa stjórn landhelgisgæzlunnar að greiða úr landhelgissjóði hluta af byggingarkostnaði björgunar- og varðskips fyrir Norðurlandi.

Sþ. 270. Nefndarálit [1. mál]

um styrk til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Nefndin hefur samkvæmt venju undirbúið tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Hefur hún aflað sér upplýsinga um rekstur og afkomu þessara samgöngutækja og notið til þess aðstoðar forstjóra Skipaútgerðar ríkisins.

Töluverður misbrestur er á því, að stjórnendur einstakra flóabáta sendi upplýsingar um rekstur sinn í tæka tíð. Hefur það valdið nokkrum töfum á störfum nefndarinnar. Verður að leggja áherzlu á það framvegis, að úr þessu verði bætt.

Rekstrarafkoma flóabátanna á yfirstandandi ári hefur eins og oft áður verið nokkuð misjöfn. Einstakir bátar hafa komizt allvel af með þann styrk, sem þeir hafa notið. Hjá öðrum hefur orðið nokkur halli.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir, að rekstrarstyrkur flestra bátanna verði nær óbreyttur. Hins vegar hefur ekki orðið hjá því komizt að veita sumum þeirra nokkra styrki til vélakaupa og viðgerða. Þeir, sem þessa báta reka, geta yfirleitt ekki fengið lán hjá lánastofnunum sjávarútvegsins, þar sem þeir eru ekki notaðir til fiskveiða. Hefur því reynzt óhjákvæmilegt að hlaupa undir bagga með þeim, þegar skipt hefur verið um vél eða meiri háttar viðgerðir framkvæmdar.

Nefndin leggur til, að skipulag flóabátaferðanna verði með svipuðum hætti og áður. Ferðir eins báts, Berufjarðarbáts, eru þó felldar niður, þar sem akvegasamband hefur skapazt milli þeirra byggðarlaga, sem báturinn hélt uppi ferðum fyrir. Þá hefur sú breyting orðið á Vestmannaeyjaferðum, að þeim er nú haldið uppi frá Þorlákshöfn í stað Stokkseyrar. Verður gerð nánari grein fyrir þeirri breytingu síðar í áliti nefndarinnar.

Um rekstur einstakra flóabáta og ferðir þeirra skal þetta tekið fram:

Breiðafjarðarsamgöngur:

Lagt er til, að rekstrarstyrkur til Flateyjarbáts hækki um 10 þús. kr. Hefur þessi bátur átt við mikla erfiðleika að etja. Var farið fram á allverulega hækkun

styrks til rekstrar hans. Taldi nefndin að fengnum upplýsingum um allar aðstæður óhjákvæmilegt að koma nokkuð til móts við þær óskir.

Tillögur hafa komið fram um að fela Stykkishólmsbátnum að annast jafnframt ferðirnar um norðanverðan Breiðafjörð. En gegn þeirri breytingu komu eindregin mótmæli frá hreppsnefnd Flateyjarhrepps og stjórnendum Norðra h/f, sem annazt hefur rekstur Flateyjarbátsins m/b Konráðs. Var talið, að brýna nauðsyn bæri til þess, að sá bátur, sem annaðist þessar ferðir, væri gerður út frá Flatey, m. a. vegna þess, að þar væri læknis- og prestssetur, en þessir embættismenn þjóna einnig landhreppunum við norðanverðan Breiðafjörð. Taldi nefndin ekki unnt að ganga gegn óskum Flateyinga í þessum efnum.

Sú breyting hefur á orðið um Stykkishólmsbát, sem annast samgöngur um sunnanverðan Breiðafjörð, að nýr bátur hefur tekið við þessum ferðum. Er hann allmiklu stærri en hinn fyrri. Í þennan bát hefur einnig verið keypt ný vél, eða réttara sagt tvær vélar. Hafa allar þessar endurbætur á farkosti þeim, sem ferðirnar annast, kostað mikið fé. Leggur nefndin til, að rekstrarstyrkur hans verði óbreyttur, en auk þess verði honum veittur 40 þús. kr. styrkur vegna vélakaupanna. Hækkar heildarstyrkur til þessa báts því um 20 þús. kr.

Lagt er til, að styrkur til Skógarstrandar- og Langeyjarnesbáts verði óbreyttur.

Ísafjarðarsamgöngur:

Svipað skipulag hefur verið haft á þeim ferðum og undanfarin ár. Rekstrarstyrkur bátsins á þessu ári er 350 þús. kr. En auk þeirrar upphæðar voru honum veittar 20 þús. kr. til byggingar nýs stýrishúss. Leggur nefndin til, að rekstrarstyrkur hans verði nú 350 þús. kr. En þar sem efnahagur bátsins leyfir ekki umrædda umbót á honum án aukins framlags, hefur hún talið, að hjá því yrði ekki komizt að veita honum aukinn styrk til hennar. Leggur nefndin því til, að Djúpbátnum verði á næsta ári veittur 40 þús. kr. viðbótarstyrkur til þess að byggja á hann nýtt stýrishús. Eru þær 20 þús. kr., sem veittar voru á s. l. ári í því skyni, geymdar, þar til í framkvæmdina verður ráðizt. En það mun verða gert á næsta ári.

Norðurlandssamgöngur:

Á s. l. ári var veittur svipaður styrkur til Húnaflóa- og Strandabáts og veittur hafði verið undanfarin ár, enda þótt bátur sá, sem ferðirnar hafði annazt, hefði verið seldur og gert væri ráð fyrir, að flótabátaferðir milli Strandahafna yrðu niður felldar. Var þá haft í huga, að flóabátastyrknum skyldi varið til vegabóta um norðurhluta Strandasýslu.

Niðurstaðan varð hins vegar sú, að meginhluta styrksins var varið til þess að styrkja ferðir nýs báts, sem fenginn var til ferðanna. Fékk hann nær 69 þús. kr. af þeim 100 þús. kr., sem veittar voru í fyrrgreindu skyni. Er nú gert ráð fyrir, að þessi bátur haldi ferðunum áfram. Ber og brýna nauðsyn til þess, að hinar afskekktu byggðir nyrzt á Ströndum njóti þeirrar þjónustu áfram, sem flóabátaferðirnar hafa veitt. Leggur nefndin til, að þær verði styrktar með sömu fjárupphæð og veitt var til Húnaflóa- og Strandabáts á þessu ári. Telur nefndin einnig eðlilegt, að leitað verði tillagna sýslunefndar Strandasýslu um það, hvernig ferðunum verði bezt hagað, þannig að þær komi héraðinu að sem mestu gagni.

Lagt er til, að Norðurlandsbátur, sem heldur uppi ferðum um Eyjafjörð og Skagafjörð, fái óbreyttan rekstrarstyrk. Hins vegar hefur nefndin talið óhjákvæmilegt að styrkja hann nokkuð til vélakaupa. Er lagt til, að honum verði á þessu ári veittar 50 þús. kr. í því skyni og sama upphæð á næsta ári. Mun ný vél verða sett í skipið fyrri hluta næsta árs. Hefur útgerðarmaður þess enga möguleika til þess að rísa aðstoðarlaust undir þeim útgjöldum, sem af því leiðir.

Þá er lagt til, að styrkir til Haganesvíkurbáts og Flateyjarbáts á Skjálfanda verði óbreyttir. Hins vegar er lagt til, að styrkur til Hríseyjarbáts hækki um 4 þús. kr.

Austfjarðasamgöngur:

Lagt er til, að styrkir til Loðmundarfjarðar- og Mjóafjarðarbáta verði óbreyttir. Hins vegar er felldur niður styrkur til Berufjarðarbáts, þar eð ferðir hans eru nú óþarfar orðnar vegna akvegasambands, sem skapazt hefur milli þeirra byggðarlaga, er hann hélt uppi ferðum fyrir. Í fyrra var felldur niður styrkur til Eskifjarðarbáts af sömu ástæðum. Reynist þannig mögulegt að draga úr styrkjum til flóabátaferða í einstökum landshlutum vegna bættra samgangna á landi.

Suðurlandsskip:

Nefndin leggur til, að sami háttur verði á hafður og áður um stuðning við vöruflutninga til Vestur-Skaftafellssýslu, en það hérað býr við mjög háan flutningskostnað á öllum nauðsynjum sínum, sem fluttar eru langa og erfiða leið frá Reykjavík austur þangað. Er sýslan, eins og kunnugt er, algerlega hafnlaus og getur ekki haft gagn af strandferðum eða flótabátaferðum. Á þessu ári er styrkur til þess að greiða niður flutningskostnað á þessari leið 145 þús. kr. En auk þess var veittur 25 þús. kr. styrkur til kaupa á snjóbíl í héraðið. Leggur nefndin til, að sama heildarstyrkupphæð verði veitt á næsta ári til þess að styrkja vöruflutninga Vestur-Skaftfellinga. Enn fremur er lagt til, að styrkur til vöruflutninga til Austur-Skaftfellinga hækki um 15 þús. kr. Mun ekki ríkja ágreiningur um það, að Skaftafellssýslur hafi algera sérstöðu um aðdrætti og flutninga frá héruðunum.

Sú breyting hefur verið gerð á Vestmannaeyjaferðum á þessu ári, að ferðirnar eru nú farnar frá Þorlákshöfn í stað Stokkseyrar. Hefur þeim nú einnig verið breytt í daglegar ferðir í stað vikulegra áður. Þessi breyting, sem gerð er til þess að tryggja Vestmannaeyingum næga mjólk og mjólkurafurðir, hefur haft í för með sér mjög mikinn kostnaðarauka. Hefur þingmaður Vestmannaeyjakaupstaðar farið fram á, að styrkur til þessara ferða verði hækkaður úr 80 þús. kr., sem hann er á þessu ári, í 360 þús. kr.

Með tilliti til þess, að full reynsla er ekki fengin um það, hver kostnaður verður við hið breytta fyrirkomulag ferðanna, taldi nefndin þó ekki fært að taka svo stórt stökk í styrkveitingum til þessara ferða. Leggur hún til, að bátnum verði veittur 200 þús. kr. rekstrarstyrkur á næsta ári. Enn fremur verði ríkisstjórninni heimilað að styrkja ferðir þessar með allt að 50 þús. kr. aukaframlagi, ef rekstur bátsins sýnir, að þess gerist þörf.

Tillaga kom fram um það í nefndinni (frá BrB), að styrkurinn skyldi verða 300 þús. kr., enda verði þá sama útsöluverð á mjólk í Vestmannaeyjum og annars staðar á landinu. En meiri hluti nefndarinnar taldi réttara að bíða nokkuð átekta og sjá, hvernig rekstur bátsins gengi með hinu nýja fyrirkomulagi, áður en lengra yrði gengið í að hækka styrkinn. Að sjálfsögðu ríkti fullur skilningur á því meðal nefndarmanna, að nauðsyn bæri til þess að halda umræddum ferðum uppi.

Faxaflóasamgöngur:

Faxaflóasamgöngum hefur verið haldið uppi á þessu ári með svipuðum hætti og áður, síðan Laxfoss strandaði. Hefur h/f Skallagrímur haft skip á leigu, sem annazt hefur ferðirnar milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Hefur það reynzt bæði dýrt og óhentugt.

Gerð er ráð fyrir, að hið nýja skip, sem félagið á í smíðum, verði ekki tilbúið fyrr en um eða eftir mitt næsta sumar. Hefur því verið talið óhjákvæmilegt að veita því allháan styrk á næsta ári. Telur félagið, að það komist ekki af með minna en 360 þús. kr. í þessu skyni.

Nefndin hefur viljað koma nokkuð til móts við þessar óskir og leggur því til, að hinn beini styrkur til ferðanna verði hækkaður úr 200 þús. kr. í 250 þús. kr. Auk þess verði ríkisstjórninni veitt sama heimild og er í fjárlögum þessa árs til þess að greiða h/f Skallagrími 100 þús. kr. viðbótarstyrk, ef þess gerist þörf. Hefur

fjármálaráðherra tekið þá heimild upp í fjárlagafrumvarpið. Það er hins vegar von nefndarinnar, að þegar nýtt og fullkomið skip hefur verið fengið til Faxaflóaferða, muni reynast kleift að halda þeim uppi styrklaust eins og áður tíðkaðist.

Samkvæmt tillögum samvinnunefndarinnar leggur hún til, að styrkur til flóabátaferða og vöruflutninga verði á næsta ári samtals 1 891 500.00. Er það 284 þús. kr. hærra en á þessu ári.

Nefndin leggur til, að styrkupphæðin skiptist þannig:

Djúpbátur	kr. 350 000.00
Sami, styrkur vegna viðgerðar	— 40 000.00
Húnaflóa- og Strandabátur	— 100 000.00
Norðurlandsbátur	— 330 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	— 50 000.00
Haganesvíkurbátur	— 6 000.00
Hríseyjarbátur	— 15 000.00
Flateyjarbátur á Skjálfanda	— 20 000.00
Loðmundarfjarðarbátur	— 12 000.00
Mjóafjarðarbátur	— 20 000.00
Suðurlandsskip	— 170 000.00
Mýrabátur í Faxaflóa	— 3 000.00
Flateyjarbátur til vikulegra ferða frá Flatey með viðkomu í eyjum og á höfnum við norðanverðan Breiðafjörð samkvæmt áætlun	kr. 100 000.00
Stykkishólmsbátur	— 110 000.00
Sami, styrkur vegna vélakaupa	— 40 000.00
Skógarstrandar- og Langeyjarnesbátur	— 13 000.00
Patreksfjarðarbátur	— 2 500.00
Til bátaferða í A.-Skaftafellssýslu og vöruflutninga til Öræfa	— 60 000.00
Vestmannaeyja- og Þorlákshafnarbátur	— 200 000.00
Til h/f Skallagríms vegna ferða um Faxaflóa	— 250 000.00
Samtals	kr. 1 891 500.00

Alþingi, 13. des. 1954.

Sigurður Bjarnason, form. Nd.-nefndar, frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson, form. Ed.-nefndar.
Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Nd.-nefndar.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Ed.-nefndar.
Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.
Emil Jónsson.	Vilhjálmur Hjálmarsson.
Eiríkur Þorsteinsson.	Brynjólfur Bjarnason, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

Samkvæmt ósk háttvirtrar samvinnunefndar samgöngumála í sambandi við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1955 leyfum vér oss hér með að leggja fram eftirfarandi yfirlitsgreinargerð varðandi rekstur flóabáta:

Djúpbáturinn.

Á yfirstandandi ári hefur h/f Djúpbáturinn á Ísafirði eins og áður annazt flutninga um Ísafjarðardjúp og nágrenni að mestu með báti sínum Fagranesi, sem er 70 tonn að stærð með 240 ha. aðalvél. Á árinu 1953 voru eigin tekjur bátsins að meðtöldum tekjum fyrir upp- og útskipun 557 þús. kr. Rekstrarhalli samkvæmt rekstrarreikningi fyrir 1953 er talinn 37 658.42, eftir að afskrift að upphæð kr. 16 754.94 af báti og eignum hefur verið tilfærð, en nefnd rekstrarhallatala er ekki

raunveruleg, því að fyrir fram greiddur ríkisstyrkur að upphæð kr. 50 000.00 tilheyrandi þessu ári var dreginn frá eignum á efnahagsreikningi 1952 og 40 þús. kr. vélakaupastyrkur er dreginn frá eignum á efnahagsreikningi þessa árs (1953), þannig að báturinn hefur í raun og veru fengið nýja ljósavél á árinu og bókfært verð bátsins þó heldur lækkað, úr kr. 46 929.82 í árslok 1952 í kr. 45 394.82 í árslok 1953. Er auðvitað fjarri því, að þetta sé fullt verð bátsins, en frá mismuni á raunverulegu verðmæti annars vegar og bókfærðu verðmæti hins vegar ber að draga tilfært rekstrartap að upphæð kr. 260 180.11, sem tilfært er á efnahagsreikningi 31. desember 1953.

Styrkurinn til bátsins á yfirstandandi ári er 370 þús. kr. að meðtöldum 20 þús. kr. til endurnýjunar á stýrishúsi. Virðist bráðabirgðauppgjör hinn 31. okt. síðastl. sýna, að báturinn muni komast sæmilega af með þennan styrk á yfirstandandi ári. Fer útgerðarstjórn Djúpbátsins nú fram á, að ríkisstyrkurinn á næsta ári verði ákveðinn 360 þús. kr. og við verði bætt 50 þús. kr. styrk til byggingar á stýrishúsi, skipstjóraklefa og öðru í því sambandi, sem áætlað er að kosti 90 þús. kr., en á yfirstandandi ári var, eins og áður er fram tekið, veittur 20 þús. kr. styrkur sérstaklega vegna þessa.

Oss virðist nefnd umsókn um rekstrarstyrk á næsta ári vera eðlileg miðað við óbreytta flutningsgjaldataxta, en að því er snertir fjárveitingu til að endurbyggja stýrishús bátsins o. fl., þá viljum vér taka fram, að eðlilegast væri, að útgerðarstjórnin tæki lán í banka til þeirra framkvæmda. Sé slíkt lán samt ekki fáanlegt, verður væntanlega að leggja fram fé úr ríkissjóði, og mundum vér telja réttast, að það yrði sem veðlán, enda teljum vér, að hverfa beri frá þeirri braut að veita beina styrki til endurbyggingar eða endurnýjunar á bátum, sem ríkið er ekki beinlínis eigandi að. Er augljóst, að slíkar styrkveitingar leiða brátt út á hálar brautir.

Norðurlandsbátur.

Bátur þessi siglir eftir fastri áætlun, og er aðalsiglingasvæði hans Eyjafjörður og Skagafjörður og höfuðstöð Akureyri. Hefur Steindór Jónsson, útgerðarmaður á Akureyri, í mörg ár annazt þessar strandferðir með m/b Drang, sem er 74 tonn br. með 200 ha. aðalvél.

Á árinu 1953 voru eigin tekjur þessa báts 518 þús. kr., en ríkissjóðsstyrkur á því ári nam 310 þús. kr. Á yfirstandandi ári er styrkurinn 330 þús. kr., en farið er fram á jafnháan rekstrarstyrk fyrir næsta ár. Auk þess fer útgerðarmaður bátsins fram á 150 þús. kr. vélakaupastyrk, þar eð hann upplýsir samkvæmt framlagðri álitsgerð skipaskoðunarmanna á Akureyri, að fyrir liggi að skipta um aðalvél í bátnum, og segir útgerðarmaðurinn, að það muni kosta 350 þús. kr. Getum vér mælt með veitingu nefnds rekstrarstyrks, en að því er snertir málaleitunina um hinn sérstaka vélakaupastyrk, þá höfum vér þar sömu afstöðu eins og gagnvart hliðstæðri málaleitun frá útgerðarstjórn Djúpbátsins.

Hríseyjarbátur.

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Hríseyjar og Litla-Árskógssands árið um kring. Hefur 5 tonna trillubátur, Sævar, annazt þessar ferðir undir eftirliti oddvita Hríseyjarhrepps. Báturinn hefur verið starfræktur með styrk frá þrem aðilum (ríkissjóði, sýslusjóði og Hríseyjarhreppi). Á yfirstandandi ári er ríkisstyrkurinn 11 þús. kr., og hefur nú verið farið fram á ríflegri styrk, eða 15 þús. kr., fyrir næsta ár; auk þess er farið fram á sérstakan vélakaupastyrk fyrir bátinn að upphæð 40 þús. kr. Var einnig farið fram á slíkan styrk á s. l. ári, en ekki var þá fallizt á að veita hann, enda mun ekki fordæmi fyrir því, að vélakaupastyrkur hafi verið veittur til trillubáta. Er það samt Alþingis að ákveða, hvort breytt skuli um stefnu í þessu efni eða ekki, en vér getum mælt með að hækka nokkuð rekstrarstyrkinn til ferjunnar, t. d. upp í 15 þús. kr.

Flateyjarbátur á Skjálfanda.

Bátur þessi hefur fastar áætlunarferðir á milli Flateyjar á Skjálfanda og Húsavíkur árið um kring, og eru ferðirnar að forfallalausu farnar 1. og 15. hvers mánaðar. M/b Hrönn, 15 br. tonn með 60 ha. aðalvél, hefur annazt ferðir þessar undir eftirliti oddvita Flateyjarhrepps. Báturinn hefur nú aðsetur á Húsavík, þar eð erfitt þótti að geyma hann í Flatey á veturna. Samkvæmt nýfengnum upplýsingum frá útgerðarmanni bátsins voru eigin tekjur hans af flutningsgjöldum á árinu 1953 taldar kr. 11 500.00, og var þá ríkissjóðsstyrkurinn 14 þús. kr. Á yfirstandandi ári fram til októberloka eru tekjur bátsins af flutningsgjöldum taldar ca. 8 þús. kr., en styrkurinn er nú 20 þús. kr., var hækkaður um 6 þús. kr. frá því 1953 vegna breytts aðseturstaðar bátsins og raunverulega helmingi meiri siglingar en áður í því sambandi. Farið er fram á óbreyttan styrk, og skal hér með mælt með þeirri málaleitun.

Haganesvíkurbátur.

Veittar voru 6 þús. kr. úr ríkissjóði til ferða báts á milli Haganesvíkur og Siglufjarðar á yfirstandandi ári, en upphæðin var með samþykki Skipaútgerðarinnar og stjórnarráðsins notuð til þess að greiða mismun á dagvinnu og nætur- og helgidagavinnu við afgreiðslu á m/s Drang frá Akureyri, en þannig hefur atvikazt, að sá bátur hefur yfirleitt verið á Haganesvík á þeim tíma, að bátinn hefur orðið að afgreiða í eftir- eða næturvinnu. Stendur þetta í sambandi við bindingu Drangs við áætlunarferðir bifreiða til og frá öðrum höfnum. Umsókn liggur fyrir um óbreyttan styrk til nefnds báts eða afgreiðslukostnaðar á næsta ári, og er mælt með þeirri umsókn.

Loðmundarfjarðarbátur.

Bátur þessi er í förum milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar undir eftirliti Kaupfélags Austfjarða á Seyðisfirði. Samningur er við Eðvald Jónsson um að halda uppi ferðunum á yfirstandandi ári. Lagði hann til í því sambandi, á fyrstu þrem mánuðum ársins, m/b Njörð, 10 br. tonna með 48 ha. aðalvél, en eftir það og þar til seint í september var minni bátur, Sæfari, ca. 5 tonn, í ferðunum; því næst tók við annar m/b Njörður, 16 br. tonn með 75 ha. aðalvél, en um miðjan yfirstandandi mánuð seldi Eðvald þann bát og keypti aftur vélbátinn Nakk, sem sagður er 6 tonn með 22 ha. aðalvél. Er oss tjáð, að Nakkur hafi kostað 80 þús. kr., en Njörður verið seldur fyrir 120 þús. kr. Báturinn hefur farið eina ferð á mánuði í jan. til apríl, tvær ferðir á mánuði frá maí til október, og í nóvember og desember er ætlazt til, að ein ferð sé farin á mánuði. Eigin tekjur bátsins fyrir fyrstu mánuði yfirstandandi árs eru taldar rúmlega 5 þús. kr. Sótt er um óbreyttan styrk, kr. 12 þús., fyrir næsta ár, en til álita kemur, hvort lækka skuli styrkinn, vegna þess að gert er ráð fyrir minni og ódýrari farkosti.

Patreksfjarðarbátur.

Hér er um að ræða trillubát, sem verið hefur í förum árið um kring aðallega til mjólkurflutninga yfir Patreksfjörð til Vatneyrar, og fer báturinn venjulega annan daginn frá Vatneyri til Gjögra í Örlygshöfn og til baka aftur og hinn daginn frá Vatneyri til Hvalskers og til baka aftur. Mjólkurfélag Rauðasandshrepps hefur samið við bátseiganda um þessar ferðir, og greiddi Mjólkursamlagið kr. 60.00 fyrir ferðina fram til október í ár, en þá hækkaði gjaldið upp í kr. 100.00 á ferð. Ákveðið mun vera, að bátur sá, er starfræktur hefur verið í þessum flutningum að undanförnu, hætti þjónustunni á næstu áramótum og verði flutningarnir eftir það að mestu framkvæmdir á bifreiðum. Er oss tjáð, að Mjólkurfélagið telji samt óhjákvæmilegt að hafa bát til vara, þegar ekki er hægt að flytja mjólkina á bifreiðum, og er oss tjáð, að Mjólkurfélagið hafi ákveðið að kaupa sér trillubát í þessu skyni.

Er því mælt með því, að hinn litli styrkur, sem veittur hefur verið til þessa báts, verði látinn haldast á næsta ári.

Langeyjarness- og Skógarstrandarbátur.

Bátur þessi hefur haldið uppi áætlunarferðum á milli Stykkishólms annars vegar og Langeyjarness og Skógarstrandar hins vegar árið um kring, eftir því sem ástæður hafa leyft, og hefur Eggert Björnsson í Stykkishólmi annazt ferðir þessar á trillubáti, sem er talinn 10 tonn að stærð með 56 ha. aðalvél. Fram til 16. nóvember á þessu ári er báturinn sagður hafa farið 20 ferðir til Langeyjarness og 9 áætlunarferðir og 1 aukaferð til Skógarstrandar. Eigin tekjur eru sagðar aðeins kr. 2800.00. Eins og vér bentum á í álitsgerð vorri til undirbúnings fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, töldum vér, að fastar áætlunarferðir þessa báts til Skógarstrandar gætu fallið niður vegna vegasambands, sem komið er á milli Skógarstrandar og Stykkishólms, en hins vegar virðist óhjákvæmilegt að styrkja bát til ferða milli Stykkishólms og Langeyjarness. Vill Eggert Björnsson halda uppi áætlunarferðum þangað á líkan hátt og verið hefur og fyrir óbreyttan styrk á næsta ári, 1955, og einnig vill nefndur útgerðarmaður gefa loforð um ferðir til Skógarstrandar, þegar bændur þar hafa dregið saman flutning í bátinn, svo að það borgi sig fyrir hann að mestu leyti að fara fyrir flutningsgjaldið. En verði sett það skilyrði, að haldið skuli uppi áætlunarferðum milli Stykkishólms og Skógarstrandar, vill Eggert Björnsson ekki starfrækja bátinn í þeim ferðum. Leggjum vér til, að veittur verði 13 þús. kr. styrkur til þessa báts á næsta ári, og verði útgerðarmanni skylt að halda uppi áætlunarferðum á milli Stykkishólms og Langeyjarness með svipuðum hætti og verið hefur, en ekki verði skylt að fara til Skógarstrandar, nema þegar nægileg verkefni hafa verið dregin saman fyrir bátinn.

Mýrabátur í Faxaflóa.

Enginn sérstakur bátur hefur verið í þessum ferðum, heldur hafa bændur á Mýrum, sem hafa trillubáta, séð um ferðirnar og styrknum verið skipt á milli þeirra með milligöngu alþingismanns kjördæmisins. Er hér um lítinn styrk að ræða, aðeins kr. 3000.00 á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár, og teljum vér sanngjarnt, að jafnhár styrkur verði veittur á næsta ári.

Strandabátur.

Þegar fjárlög voru afgreidd fyrir yfirstandandi ár (1954), stóð þannig á, að bátur sá, er í nokkur sumur hafði annazt flutninga á fólki og vörum milli Hólmavíkur og Ingólfsfjarðar, hafði verið seldur og enginn bátur fenginn í hans stað. Þótti því ekki sýnt, hvernig fara mundi um starfrækslu flóabáts á þessum stað sumarið 1954, en ekki þótti rétt að láta fjárveitinguna falla niður, og voru því veittar 100 þús. kr., sem helzt var þó gert ráð fyrir að varið yrði til vegabóta á Ströndum. Þegar voraði kom samt hreyfing á málið á þann hátt, að ýmsir vildu nota nefnda fjárveitingu að nokkrum hluta eða öllu leyti til starfrækslu flóabáts. Bar Skipaútgerðin málið undir hreppsnefnd Árneshrepps og Kaldrananeshrepps, en erfitt var að fá ákveðna tillögu í málinu. Var þó ákveðið að auglýsa eftir báti til þess að fara vikulegar ferðir frá byrjun júní til septemberloka til flutninga milli hafna frá Hólmavík til Ingólfsfjarðar, og enn fremur skyldu farnar 8 ferðir til Reykjarfjarðar nyrðra með viðkomu á Dröngum. Hagstæðasta tilboð barst frá bræðrunum Gunnari og Ingólfi Guðjónssonum á Ingólfsfirði, sem buðu til ferðanna nýkeyptan bát, m/b Guðrúnu (áður m/b Stakk), 17 br. tonn með 80 ha. aðalvél. Buðu nefndir að taka að sér ferðirnar fyrir kr. 65 000.00, og var þetta tilboð samþykkt af Skipaútgerðinni og samgöngumálaráðuneytinu eftir tillögum hreppsnefndanna í áður greindum hreppsfélögum. En eftir að ferðir bátsins hófust, var samþykkt ein aukaferð, þannig

að styrkveitingin til bátsins varð samtals kr. 68 823.00. Ættu því kr. 31 177.00 af áðurnefndri 100 þús. kr. fjárveitingu að hafa gengið til vegabóta.

Fyrir liggur reikningsuppgjör fyrir þennan bát á yfirstandandi sumri, og eru eigin tekjur hans samkvæmt uppgjörinu taldar kr. 13 040.00, ríkisstyrkurinn eins og áður greinir kr. 68 823.00 og rekstrarhalli kr. 2 287.00. Er að vísu ekki hægt að fallast á þetta uppgjör vegna þess, að samkvæmt því er fært til gjalda kaup og fæði þriggja starfsmanna á bátnum, kr. 10 300.00 á mánuði, samtals kr. 41 200.00; sem að vísu er ekki hátt, ef um fulla kaupgreiðslu ætti að vera að ræða, en taka verður tillit til þess, að þarna var ekki reiknað með þjónustu nema í einn og hálfan til tvo daga í viku hverri, og verður því að reikna með, að hlutaðeigendur hafi getað haft önnur verkefni. Þá er samkvæmt reikningsuppgjörinu færð til gjalda leiga fyrir skipið, 20 þús. kr. í 4 mánuði, og virðist það vera nokkuð hátt fyrir bát, sem ekki mun hafa kostað nema í kringum 100 þús. kr., er hann var keyptur í sumar. Hins vegar getur verið, að rekstrarliðir, svo sem viðhald, séu vantaldir á nefndum rekstrarreikningi.

Sé gengið út frá, að framtaldar tekjur nefnds báts af flutningsgjöldum séu réttar, sést, að þurft hefði að hækka eigin tekjur bátsins um meira en 500%, til þess að hann bæri sig án ríkisstyrks, og er þetta að vísu mjög mikið, þegar t. d. á það er litið, að ekki hefði þurft að hækka flutningsgjaldatekjur strandferðaskipa Skipaútgerðarinnar nema um rúmlega þriðjung á s. l. ári, til þess að sá rekstur bæri sig án ríkisstyrks. Þetta sýnir, að verkefni nefnds báts eru mjög lítil miðað við tilkostnað, og hlýtur því sú spurning að vakna, hvort þeirri fjárveitingu, sem veitt er í þessu sambandi með tilliti til hinnar miklu einangrunar, sem fólk á Ströndum á við að búa, verði ekki betur varið á annan hátt í framtíðinni.

Svo sem kunnugt er, siglir strandferðaskipið Skjaldbreið venjulega hálfsmánaðarlega um Strandahafnir frá Ingólfsfirði og austur og suður á leið til Akureyrar og kemur svo við á mörgum þessara hafna á bakaleið eftir tvo til þrjá daga. En gallinn er sá, að óhentugt er að binda ferðir Skjaldbreiðar við ferðir áætlunarbifreiða, t. d. til Skagastrandar eða Hólmavíkur, en hins vegar gæti það komið til greina að styrkja beinlínis sérstakar bílferðir í sambandi við ferðir Skjaldbreiðar, ef fólk vill nota þær til eða frá umræddum Strandahöfnum. Á sama hátt gæti komið til greina að veita styrk til bifreiðaflutnings fólks, t. d. frá og milli Hólmavíkur, Kaldrananess og Drangsness annars vegar og á leiðinni milli Gjögurs og Ingólfsfjarðar hins vegar, en þarna eru nú komnir færir akvegir, enda þótt eftir sé að bæta þá nokkuð.

Oss er tjáð, að flugvélar í áætlunarferðum til Hólmavíkur og Ísafjarðar muni fást til þess að hafa viðkomu á Djúpavík fyrir kr. 500.00 gjald í ferð, og gæti komið til greina að bæta úr einangrun fólks þar nyrðra með því að veita styrk til þess að flugvélar hafi viðkomu á nefndum stað. Höfum vér rætt öll þessi atriði við hreppsnefndaroddvita Árneshrepps, sem þarna á aðallega hlut að máli, og hefur oddvitinn lofað oss að rannsaka þetta mál sem bezt og gera tillögur um það. Á meðan slíkar tillögur liggja ekki fyrir, teljum vér rétt, að reiknað verði með sama framlagi, 100 þús. kr., til samgöngubóta á Ströndum eins og á s. l. ári, og verði fénu varið samkvæmt tillögum hreppsnefndanna í Kaldrananes- og Árneshreppi. Oss finnst ekki sjálfsagt, að nefnd fjárveiting verði aðeins notuð yfir sumarmánuðina, því að einangrun fólks í nefndu byggðarlagi er auðvitað ekki minni á öðrum tímum ársins, og kynni því að fást mest og bezt út úr fjárveitingunni með því að nota hana á einhvern þann hátt, sem vér höfum bent á, eftir þörfum á öllu árinu.

Stykkishólmsbátur.

Bátur þessi fer áætlunarferðir um Breiðafjörð árið um kring og hefur aðsetur í Stykkishólmi. Enn fremur annast bátur þessi næstum alla flutninga á sjó milli Reykjavíkur annars vegar og Gilsfjarðar og Hvammsfjarðar hins vegar, og er heppi-

legt fyrir Skipaútgerðina að losna við þær siglingar, enda í samræmi við óskir aðila þar vestra um að hafa flutningabát, sem lagzt getur að bryggju á umræddum stöðum, en skip eins og Skjaldbreið er of stórt til þess.

Á yfirstandandi ári er styrkur til báts þessa 110 þús. kr., og annaðist m/b Baldur, 45 br. tonn, 132 ha. vél, ferðirnar fram til októberloka, en m/b Þorsteinn, 61 br. tonn, var í endurbyggingu á vegum félagsins fram til þess tíma, en annast nú flutningana. M/b Þorsteinn var endurbættur mjög mikið, settar í hann tvær aðalvélar (132 ha. hvor) og tvær gangskrúfur. Þá var sett á bátinn nýtt stýrishús, nýtt vökvaspil og dýptarmælir og báturinn gerður miklu fullkomnari en áður var. M/b Þorsteinn hefur verið skírður um og nefndur Baldur, en unnið er að því að selja hinn eldri bát. Kaupverð Þorsteins var 390 þús. kr., en nefndar endurbætur eru sagðar kosta rúmlega 600 þús. kr., þannig að báturinn er sagður standa í rúmlega 1 millj. kr.

Flóabáturinn Baldur h.f. starfrækti bæði m/b Baldur og m/b Þorstein frá því á miðju ári 1953, enda var þá þegar afráðið að skipta um bát og endurbæta Þorstein, en selja Baldur, þótt ekki væri byrjað á endurbótunum á Þorsteini fyrr en í árslok. Á árinu 1953 var rekstur nefndra báta þannig, að flutningsgjaldatekjur þeirra námu kr. 628 711.37, ríkissjóðsstyrkur var kr. 85 000.00, en gjöld kr. 907 287.50. Rekstrartap er þannig uppfært á þessu ári kr. 193 576.13, en þar í er afskrift á Baldri 45 þús. kr. og Þorsteini 57 þús. kr. Er sú afskrift e. t. v. óþarflega há, en þótt tekið sé tillit til þess, er samt ljóst, að meira en 100 þús. kr. tap hefur orðið á rekstri bátanna á nefndu ári, og virðist því hafa verið grundvöllur til þess að biðja um hærri styrk en beðið var um og veittur var fyrir yfirstandandi ár, 1954. Á fyrstu 10 mánuðum yfirstandandi árs eru gjöld bátsins talin í kringum 490 þús. kr., flutningsgjaldatekjur 400 þús. kr., en hlutfallslegur ríkisstyrkur kr. 91 700.00. Virðist því reksturinn á þessum tíma vera nokkurn veginn sléttur, án þess nokkuð sé fyrir afskriftum.

Farið er fram á 170 þús. kr. styrk til nefnds báts á árinu 1955, og getum vér mælt með þeirri umsókn vegna þess, að tiltölulega góð útkoma er á þessum báti samanborið við aðra flóabáta, og mjög hóflega virðist hafa verið farið í styrkbeiðni vegna hans á undanförnum árum; enn fremur með tilliti til hinna miklu endurbóta, sem gerðar hafa verið á farkosti, án þess að sérstakur styrkur hafi verið veittur vegna þess af flóabátafjárveitingu.

Í næsta kafla um Flateyjarbát á Breiðafirði er vikið að því, að réttast muni að láta Stykkishólmsbát taka að sér þær ferðir, sem Flateyjarbátur hefur haft að undanförnu, og hækkar þá styrkurinn til Stykkishólmsbáts í því sambandi.

Flateyjarbátur á Breiðafirði.

Bátur þessi heldur uppi ferðum um norðanverðan Breiðafjörð með aðsetri í Flatey. Er það m/b Konráð, 18 br. tonn með 66 ha. aðalvél, sem annazt hefur ferðirnar. Á undanförnum árum hefur báturinn yfirleitt farið vikulegar áætlunarferðir um siglingasvæðið á tímabilinu júní/september, en annars hálfsmánaðarlegar ferðir.

Í sambandi við fjárveitingu á yfirstandandi ári var gert ráð fyrir, að báturinn héldi uppi vikulegum áætlunarferðum allt árið, en með því að fjárhagur útgerðar þessa báts hefur ávallt verið mjög slæmur, reyndist ekki fært að þvinga útgerðina til þess að fjölga verulega ferðum frá því, sem áður tíðkaðist.

Ekki verður hjá því komizt að skýra frá því, að ekki hefur tekizt að fá fullkomna rekstrar- og efnahagsreikninga fyrir nefndan flóabát að undanförnu, en látinn var í té rekstrarreikningur fyrir tímabilið 1. jan. til 30. sept. 1953, og virtist rekstrarútkoman samkvæmt því og munnlegum upplýsingum verða eins og um er getið í álitsgerð vorri til undirbúnings fjárlaga fyrir yfirstandandi ár.

Nú hefur verið látinn í té rekstrarreikningur fyrir bátinn frá 1. jan. til 15. nóv. 1954, og eru gjöldin samkvæmt því kr. 134 556.60, án þess að fyrning sé reiknuð á báti og vél né vextir af skuldum, sem taldar eru kr. 74 811.65 samkvæmt lista. Flutningsgjaldatekjur eru taldar 56 þús. kr., hlutfallslegur ríkisstyrkur 75 þús. kr. og

rekstrarhalli rúml. 3 500.00, auk vantalinna gjalda samkvæmt framangreindu. Þá er þess getið, að skipið sé þá að fara á slipp til viðgerðar og muni því hallinn aukast mjög verulega til áramótanna.

Þess skal getið, að fram á árið 1954 greiddi póststjórnin sérstaklega til bóndans í Svefneyjum fyrir flutning á pósti til eyjanna í grennd við Flatey. Var þessi flutningur framkvæmdur á trillubáti, þar sem óhentugt var talið að nota svo stóran bát sem Konráð til þessara flutninga. En í sambandi við fjárveitingu til Flateyjarbáts á yfirstandandi ári var gert ráð fyrir, að greiðsla fyrir nefndan póstflutning í eyjarnar færi fram af styrknum. Varð af þessu allharður ágreiningur, þar eð útgerð Konráðs taldi sig eiga og þurfa að fá allan styrkinn, 90 þús. kr., en niðurstaðan virðist nú ætla að verða sú, að bóndinn í Svefneyjum fái með samkomulagi ca. 4 þús. kr. af styrknum, en útgerð Konráðs 86 þús. kr.

Útgerð Konráðs fer nú fram á 125 þús. kr. styrk til rekstrar bátsins á næsta ári. Teljum vér, að útgerð bátsins veiti vart af nefndri fjárveitingu, ef hún á að geta haldið bátnum úti á líkan hátt og áður, en eins og vikið er að í álitsgerð vorri til undirbúnings fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, teljum vér, að það þurfi athugunar við, hvort ekki sé rétt að láta Stykkishólmsbátinn taka að sér þá strandferðaþjónustu, sem m/b Konráð hefur innt af hendi. Er nú fleira en áður, sem mælir með því að gera nefnda breytingu, og skulu þessi atriði nefnd:

1. Vegarsamband komst á nú í haust eftir endilangri Barðaströnd milli Gilsfjarðar og Patreksfjarðar og Arnarfjarðar, og verður þetta til mikils hagræðis fyrir Barðstrendinga, enda þótt marga bæi úti á nesjum vanti enn akfæra vegi upp á þjóðveginn. Ætti því nú að vera minni þörf en áður á hinum vikulegu ferðum Flateyjarbátsins til bæja á Barðaströndinni yfir sumarið.
2. Vegna aukinnar burðargetu Stykkishólmsbátsins ætti hann að geta fullnægt flutningaþörf til og frá Hvammsfirði og Gilsfirði í sameiginlegri ferð til nefndra fjarða aðra vikuna, og hina vikuna ætti hann að geta siglt til Barðastrandarinnar á líkan hátt og m/b Konráð hefur gert, auk sinna venjulegu ferða til Flateyjar og Brjánslækjar.
3. Nefnd breyting virðist vera í samræmi við óskir margra Barðstrendinga, sbr. meðfylgjandi skjal, dags. í jan. 1953, undirritað af 14 íbúum í Kollafirði og Gufudalssveit.
4. Vér höfum margsinnis rætt það við útgerðarstjóra og skipstjóra Stykkishólmsbátsins, að sá bátur taki að sér nefnda strandferðaþjónustu, og segja þeir, að þetta geti komið til greina, en ákveðið tilboð liggur þó ekki fyrir, þegar þetta er skrifað, en líklegt er, að komast mætti á þennan hátt af með minni styrkveitingu en farið er fram á til útgerðar Konráðs.
5. Ekki skal látið hjá líða að skýra frá því, að vér höfum orðið varir nokkurrar óánægju hjá mönnum í Flatey í sambandi við uppástungu um umrædda breytingu. Er þess þá að verzlun muni færast enn meir frá Flatey en þegar er orðið, þar eð m/b Konráð hafi verið notaður mun meira í þessu sambandi en til hinna föstu áætlunarferða. Þá segja forráðamenn Norðra h.f., er á m/b Konráð, að báturinn verði seldur burt frá Flatey, ef hætt verði að styrkja hann sem flóabát, og vanti þá það öryggi, sem báturinn veiti varðandi flutning á lækni o. fl., ef á liggur. Annars mundi væntanlega vera hægt að nota trillubát í þessu sambandi, en nokkrir slíkir bátar eru til í Flatey og nærliggjandi eyjum.

   Vér hefðum búizt við því, að það kæmi sér vel fyrir Flateyinga að geta tekið m/b Konráð til fiskveiða, en sé það svo, að ekki sé lífvænlegt til útgerðar á þeim báti né neinum öðrum dekkbáti frá Flatey, þá líst oss þunglega á, að sérstakur flóabátur, þótt staðbundinn sé í Flatey með sama hætti og áður, geti orðið til þess, að lífvænlegt verði á staðnum. En að því er snertir verzlun í Flatey, þá álítum vér, að sú þróun verði vart stöðvuð, að verzlunin flytjist

meir og meir til annarra staða. Þetta byggist þó að verulegu leyti á því, hvort útgerð eflist í Flatey á ný eða fjarar alveg út, eins og því miður er útlit fyrir.

Mjóafjarðarbátur.

Styrkur til þessa báts er á yfirstandandi ári 20 þús. kr., og upplýsir oddviti, að samið hafi verið um 61 ferð milli Mjóafjarðar og Neskaupstaðar út á styrkinn. M/b Marscelie, 7 br. tonn með 32 ha. vél, annaðist ferðirnar þar til seint í þessum mánuði, en þá fluttist eigandi þess báts burt með bátinn, en hreppsnefndin styrkti annan mann til þess að kaupa m/b Njörð frá Seyðisfirði (16 br. tonn með 75 ha. aðalvél), og er honum ætlað að annast ferðirnar fram til áramótanna og framvegis. Sótt er um óbreyttan styrk, 20 þús. kr., fyrir þennan bát á næsta ári. Kemur þó til álita, hvort ástæða er til að veita styrk til þessa báts framvegis, þar sem hafskipabryggjan á Mjóafirði var endurbætt svo á s. l. sumri, að ekkert er því til fyrirstöðu, að öll strandferðaskip Skipaútgerðarinnar geti lagzt að henni, þegar veður leyfir. M/s Herðubreið hefur yfirleitt samkvæmt áætlun komið á Mjóafjörð á ferðum sínum til Austurlandsins, og nú upp á síðkastið hafa einnig Esja og Hekla samkv. beiðni haft þar tíðar viðkomur utan áætlunar og lagzt að bryggju. Má búast við, að áframhald verði á sama, og er þá e. t. v. réttast að láta nefnd skip hafa fastar áætlunarviðkomur á Mjóafirði framvegis, sem mun þýða, að Mjófirðingar fá á vegum Skipaútgerðarinnar reglulegar samgöngur við aðra firði á svo sem 5—10 daga fresti árið um kring. En þrátt fyrir nokkra sérstöðu og einangrun Mjóafjarðar er með tilliti til ýmissa annarra byggða vafasamt, að hægt sé að láta Mjófirðinga fá fastar viðkomur hinna stærri skipa Skipaútgerðarinnar og halda þó jafnframt flóabátsstyrknum.

Vestmannaeyjabátur.

Styrkur hefur að undanförnu verið veittur til flóabáts, er venjulega hefur siglt á milli Vestmannaeyja og Stokkseyrar tvisvar í viku frá miðjum maí til loka september, og var styrkveitingin til þessara ferða 80 þús. kr. á fjárlögum fyrir yfirstandandi ár. Annaðist m/b Gísli Johnsen, 32 br. tonn með 100—110 ha. aðalvél, eins og áður þessar ferðir.

Frá miðjum maí til miðs júlí fór báturinn að forfallalausu tvær ferðir á viku til Stokkseyrar, en þá voru teknar upp daglegar ferðir alla virka daga til Þorlákshafnar, þegar veður og aðrar ástæður leyfðu, en komið var við á Stokkseyri tvisvar í viku, þegar ástæður leyfðu. Þorlákshafnarferðir umræddds báts voru teknar upp fyrir atbeina bæjarstjórnar Vestmannaeyja og Mjólkursamsölunnar hér, og var tilgangurinn með ferðum þessum að tryggja Vestmannaeyingum næga og óskemmda mjólk. Skilst oss, að ríkisstjórn og margir alþingismenn hafi lofað, að veittur yrði aukastyrkur úr ríkissjóði vegna ferða nefnds báts til Þorlákshafnar. Mun í þessu sambandi hafa verið farið fram á 150 þús. kr. aukastyrk til bátsins, en ekki mun ríkisstjórnin hafa gefið loforð um svo háa upphæð.

Samkvæmt rekstrarskýrslu fyrir nefndan bát á tímabilinu maí/sept. þ. á., voru eigin tekjur bátsins fyrir farþega- og vöruflutninga tæplega 49 þús. kr., en á árinu 1953 voru sambærilegar tekjur 46 þús. kr., og höfðu því aukizt lítið við Þorlákshafnarferðirnar. Báturinn er á nefndum tíma talinn að hafa farið 40 ferðir til Stokkseyrar, 6 til Eyrarbakka og 61 til Þorlákshafnar. Flutningur er gefinn upp sem hér greinir: 777 farþegar, 20 tonn garðávextir, 7.5 tonn fiskur, 18 kýr, 16 jeppabílar og 77.5 tonn mjólkurvörur.

Bátur þessi hefur haft óbreyttan styrk á fjárlögum í tvö ár, 1953 og 1954, 80 þús. kr. á ári, en samkvæmt rekstraryfirlitum var að auki tap á rekstri bátsins, 29 þús. kr. 1953 og 60 þús. kr. 1954. Í álitsgerð vorri til undirbúnings fjárlaga fyrir árið 1954 bentum vér á, að bátur þessi væri nær einvörðungu styrktur til farþegaflutnings, en ekki virtist grundvöllur fyrir því að styrkja bátinn til þessa svo sem gert

hafði verið, þar eð góðar samgöngur mættu teljast við Vestmannaeyjar á annan hátt. Skal í þessu sambandi frá því skýrt, að Flugfélag Íslands hefur nú að undanförnu haldið uppi daglegum flugferðum milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur árið um kring og tvisvar á virkum dögum á tímabilinu maí/sept., þegar veður hefur leyft. Þá hefur Flugfélagið í maí/sept. 2 ferðir vikulega milli Vestmannaeyja og Skógasands og einnig til Hellu á Rangárvöllum.

Tala farþega fluttra með flugvélum og strandferðaskipum ríkisins á árunum 1952—53 og með umræddum báti 1953—54 var sem hér greinir:

		Til Vestm.eyja	Frá Vestm.eyjum	Samtals
Flugvélar	1952	4260	4271	8531
—	1953	4118	4110	8228
Strandf. ríkisins	1952	1068	796	1864
— —	1953	1553	1135	2688
Bátur	1953	„	„	1056
—	1954	„	„	777

Flugfargjöld milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur hafa á nefndum tíma verið 120 kr. og fargjöld með strandferðaskipum ríkisins 60 kr. á 2. farrými og 84 kr. á 1. farrými. Fargjöld með Stokkseyrarbáti hafa í tvö undanfarin sumur verið kr. 40.00. Ef ástandið hefði verið óbreytt s. l. sumar, að báturinn hefði verið styrktur eingöngu vegna farþegaflutninganna, hefði beinn styrkur fyrir hvern farþega orðið yfir 100 kr., en slíkur styrkur gæti ekki talizt réttlætanlegur með tilliti til áður greindra fargjalda annarra samgöngutækja, sem efalaust hefðu getað flutt miklu fleiri farþega. Þá skal bent á, að enda þótt oft sé talað um, að Skipaútgerðin þurfi mikinn styrk til sinna samgangna, þá hefði hún á s. l. ári ekki þurft nema rúmlega þriðjungs hækkun á eigin tekjum til þess að bera sig án ríkisstyrks.

Nú liggur fyrir Alþingi beiðni frá þingmanni Vestmannaeyja fyrir hönd bæjarstjórnar þar um 360 þús. kr. styrk til báts til ferða milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar árið um kring. Er til ætlazt, að aðalverkefni bátsins verði hér eftir það að flytja mjólk til Vestmannaeyja, og mun ætlazt til, að báturinn sigli, eins og byrjað var á á yfirstandandi ári, daglega á milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar alla virka daga, þegar veður leyfir. Er styrkbeiðni til nefnds báts því komin á nýjan grundvöll frá því, sem verið hefur.

Samkvæmt upplýsingum Mjólkursamsölunnar skilst oss, að umræddur bátur hafi á tímabilinu frá 14. júlí til 31. okt. þ. á. flutt aðeins rúmlega 100 tonn af mjólk og mjólkurafurðum til Vestmannaeyja, að útsöluverðmæti nálægt 500 þús. kr. Í júlí upplýsir Mjólkursamsalan, að flutt hafi verið daglega með bátnum 700 til 800 l mjólk, 100 l rjómi og 150 kg skyr; í nóvemberlok sé mjólkurmagnið komið upp í 1400 l á dag, en magn hinna varanna svipað og áður. Á vetrarvertíðinni áætlar Mjólkursamsalan, að mjólkurflutningaþörfin komist upp í 2500 l á dag, og yfir árið virðist samsalan áætla, að flutt verði með bátnum í kringum 500 tonn mjólkurafurða að verðmæti 2½ millj. kr.

Vér höfum gert lauslega áætlun um það, hvað kosta muni að gera út bát, svipaðrar stærðar og m/b Gísla Johnsen, til umræddra ferða allt árið, og skilst oss, að útgerðarkostnaðurinn muni varla verða undir 450 þús. kr. að meðtöldum vöxtum af höfuðstól og fyrningu. Tekjur bátsins áætlum vér sem hér greinir:

Fargjöld farþega	kr.	60 000.00
Flutningsgjöld fyrir aðrar vörur en mjólkurafurðir ..	—	15 000.00
500 tonn mjólkurafurðir 150/—	—	75 000.00
Rekstrarhalli	—	300 000.00
	Kr.	450 000.00

Sést af þessu, að flutningsgjald, 150 kr. á tonn, fyrir mjólkurafurðirnar mun ná skammt til þess að greiða hinn raunverulega flutningskostnað, sem mun senni-

lega reynast 750 kr. á tonn eða nálægt 15% af útsöluverðinu samkvæmt áætlun Mjólkursamsölunnar. Vér höfum í viðræðum við Mjólkursamsöluna haldið því fram, að grundvöllur væri fyrir því, að hún tæki á sig það flutningsgjald fyrir mjólkurafurðirnar, sem báturinn þyrfti að fá til þess að bera sig, þar eð samsalan væri þarna að vinna nýjan ferskmjólkurmarkað, en meiri afföll en 15% mundu vera á þeirri mjólk, er færi í vinnslu. Er síðast nefnt atriði viðurkennt af forráðamönnum samsölunnar, enda þótt vér höfum ekki fengið þá til að segja, hversu mikil afföll séu á vinnslumjólkinni. Hins vegar benda þeir á margháttaðan kostnað, sem samsalan hafi af því að stofnsetja og starfrækja útsölu í Vestmannaeyjum umfram kostnað af sambærilegri útsölu í Reykjavík, en um það atriði getum vér ekki fyllilega dæmt.

Vér skiljum vel óskir Vestmannaeyinga um að hafa ávallt næga ferska mjólk til neyzlu í Eyjum, en spurningin er sú, hvort málið verður leyst á réttan hátt með því að flytja mjólkina með smábáti frá Þorlákshöfn. Óttumst vér, að á þeirri þjónustu verði svo stórkostleg úrföll, að ekki verði við unað með tilliti til kostnaðar. Vér sjáum t. d., að þegar á tímabilinu 14. júlí til 30. sept. þ. á. hafa fallið niður ferðir hjá bátnum í 8 virka daga. En ekki kæmi oss á óvart, þótt ferðir féllu stundum niður vikum saman að vetrinum. Er þó vert að reyna þetta. Getum vér þó ekki lagt til, að ríkið kosti þá tilraun að öllu leyti, en mundum mæla með 240 þús. kr. ríkisframlagi í þessu sambandi, enda falli þá niður sérstakur styrkur til Stokkseyrarferða, þótt báturinn komi til Stokkseyrar á ferðum sínum að sumrinu, þegar verkefni er fyrir hendi og veður leyfir.

Annars leyfum vér oss að benda á, að mál þetta þarf miklu gaumgæfilegri athugunar við.

Samkvæmt skýrslum Pálma Einarssonar landnámsstjóra um ræktun og fullnýtingu jarða á Vestmannaeyjum voru þar á árinu 1940 320 kýr, en hafði fækkað niður í 242 1951. Telur samt P. E., að hækka megi töluna aftur með aukinni ræktun, sem aðgengilegt er að framkvæma, upp í 370, án þess að kaupa hey annars staðar frá. Sé hins vegar keypt hey annars staðar frá og allt eða mestallt ræktað land á Eyjum gert að beitilandi, er að dómi P. E. líklegt, að hafa megi næga mjólk heima fyrir í Vestmannaeyjum. Er líklegt, að þetta verði réttari og heppilegri lausn en að byggja á stopulum en mjög dýrum aðflutningi mjólkur með báti frá Þorlákshöfn árið um kring.

Þá skal þess að lokum getið, að það er skoðun undirritaðs, að Vestmannaeyjar þurfi að eignast sitt eigið strandferðaskip, ca. 400 smál. að stærð, með notalegu farþegarúmi, og yrði skipið í förum a. m. k. tvisvar í viku milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, en þess á milli gæti það farið til Þorlákshafnar, þegar veður leyfði. Skipið yrði að hafa næga kæligeymslu fyrir mjólk, og mætti væntanlega með þessu móti komast nokkuð áleiðis varðandi það að sjá Vestmannaeyingum fyrir nægri, góðri neyzlumjólk, meðan hún fellur ekki til frá kúabúum í Eyjum. Nefnt Vestmannaeyjaskip yrði að hafa tryggingu fyrir því að fá mestan strandferðaflutning til og frá Eyjum, og ætti þá skipið að hafa sæmilegan starfsgrundvöll.

Nú er það svo, að tveir allstórir mótorbátar halda uppi næstum reglubundnum flutningaferðum tvisvar í viku hvor um sig milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur. Er alltaf slæðingur af farþegum með þessum bátum, enda þótt boðleg þægindi séu ekki fyrir hendi né nægilegt öryggi fyrir fólk eða varning. Er því tvímælalaust keppikefli fyrir Vestmannaeyinga að ráða bót á nefndu ástandi, og auk þess gæti umrætt strandferðaskip, vel og örugglega útbúið, væntanlega stundum orðið að liði til hjálpar og björgunar fiskibátum. Nefndir mótorbátar, sem nú halda uppi siglingum milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur, fara venjulega báðir frá Reykjavík á þriðjudögum og föstudögum, en líklegt er, að semja mætti við eigendur um að dreifa ferðunum þannig, að ferðir falli fjóra daga vikunnar. Er spurningin, hvort ekki mundi eftir atvikum vera viðunandi að notast við þá þjónustu yfir kaldasta tíma ársins, meðan Þorlákshafnarferðir hljóta að vera mjög stopular. Vér gerum vart ráð fyrir, að það borgi sig að fá nefnda báta (í siglingum frá Reykjavík) til

þess að koma við í Þorlákshöfn fyrir svo lítinn flutning sem um er að ræða, enda mundu þeir þá koma þar á mismunandi og oft óheppilegum tíma. Mjólk send frá Þorlákshöfn mundi sjaldan seld í Eyjum samdægurs, og ætti því mjólk send þaðan eða frá Reykjavík í raun og veru að vera jafngömul við sölu í Eyjum; mismunurinn aðeins sá, að mjólkin frá Reykjavík hefði verið í flutningi (venjulega að nóttu til) ca. 7 klst. lengur, á meðan mjólkin frá Þorlákshöfn gæti verið í kæligeymslu í Eyjum. Líklegt er, að eigendur umræddra báta mundu vilja fá aukið flutningsgjald eða ríkisstyrk, ef þeir féllust á að skipuleggja ferðir bátanna með tilliti til mjólkurflutninganna, enda þótt ólíklegt sé, að þetta hefði nokkur teljandi óþægindi eða aukakostnað í för með sér fyrir bátaeigendur. Þeir ættu meira að segja að fá dálítið aukin flutningsgjöld, ef samningar tækjust um þetta.

Borgarfjarðarskip.

Fyrir liggur beiðni frá h/f Skallagrími um 30 þús. kr. ríkisstyrk á mánuði eða 360 þús. kr. á ári fyrir flóaskip í förum milli Reykjavíkur, Akraness og Borgarness. Er það m/s Eldborg, 280 br. tonn með 400 ha. aðalvél, sem annast nú þessar siglingar, en seint á næsta ári er von á nýju skipi, sem mun verða mjög líkt og m/s Laxfoss, sem fórst, en þó heldur stærra.

Meðal annars liggja fyrir eftirgreindar upplýsingar um rekstur h/f Skallagríms:

	Ársreikn. 1953 í þús. kr.	1/1—31/10 '54 í þús. kr.
Fargjaldatekjur	646	682
Farmgjaldatekjur	298	215
Afgreiðslutekjur o. fl.	230	„
Ríkisstyrkur	240	160
Halli	201	247
	1615	1304

Af gjöldum er leiga fyrir skip 1953 kr. 1 402 850.00 og 1. jan. til 31. okt. 1954 kr. 1 195 600.00.

Samanburður á flutningsgjaldatöxtum Borgarfjarðarskips annars vegar og bifreiðaflutningsgjöldum og flutningsgjöldum Skipaútgerðar ríkisins hins vegar:

Farþegafargjöld:

	Borgarfj.skip	Bifreiðarsæti
Reykjavík—Akranes	kr. 30.00	kr. 35.00
Reykjavík—Borgarnes	— 40.00	— 50.00

Farmgjald fyrir 1000 kg:

		Kornvara	Sykur	Kaffi	Mjólk	Hæsta farmgj.	Meðal farmgj.
Borgarfj.skip	Rvík—Akranes	23.75	32.00	32.00		69.00	Sagt lítlu
—	Rvík—Borgarnes	35.15	48.40	48.40	45.00	103.00	hærra en f. kornv.
Skipaútg. hvert á land sem er		105.45	158.20	210.90	168.75	602.50	185.60
Bifreiðar	Rvík—Akranes	200 kr.	tonnið	allar	vörur.		
—	Rvík—Borgarnes	250 —	—	—	—		

Ofangreindar samanburðartölur virðast sýna, að tekjuöflunartaxtar Borgarfjarðarskips séu óeðlilega lágir, og verður ekki séð, þótt tillit sé tekið til upp- og útskipunarkostnaðar, að samkeppni bifreiða eða annað geti verið því til fyrirstöðu að hækka flutningsgjaldataxta skipsins fyrir farþega og vörur, svo að skipið beri sig fullkomlega. Til greina kemur í þessu sambandi að setja sérstakan vetrartaxta fyrir skipið, þegar siglingar eru dýrastar, en samkeppni bifreiða minnst.

Tilgangurinn með fjárframlögum úr ríkissjóði til strandferða er fyrst og fremst sá að jafna nokkuð aðstöðu fólks í hinum dreifðu byggðum til samgangna. En með tilliti til þessa virðist ekki grundvöllur fyrir því að greiða ríkisstyrk til Borgarfjarðarskips, þar eð rekstur þess ætti að geta borið sig með mjög hóflegri hækkun flutningsgjaldanna samanborið við það, sem flestir aðrir landsbúar þurfa að greiða. En með því að tap hefur orðið hjá hlutaðeigandi útgerðarfélagi að undanförnu og það er nú að leggja í byggingu nýs skips, leyfum vér oss að leggja til, að félaginu verði af þeirri ástæðu veittur sá ríkisstyrkur, er það sækir um, á næsta ári, enda þótt það sé jafnhliða tekið fram, að ætlazt sé til þess framvegis, að rekstur þessa flóaskips beri sig án ríkisstyrks.

Vér getum ekki látið hjá líða að benda á, að afgreiðsla Borgarfjarðarskipsins (afgr. Laxfoss) hefur tekið að sér afgreiðslu skipa, sem halda uppi óheilbrigðri samkeppni við Skipaútgerð ríkisins varðandi vöruflutning til og frá höfnum, þar sem Skipaútgerðin verður að láta skip sín hafa reglubundnar viðkomur hvort sem er, yfirleitt með nægu lausu flutningsrúmi. Viljum vér í þessu sambandi sérstaklega geta um Vestfjarðabátinn Hugrúnu, sem afgr. Laxfoss afgreiðir hér í Reykjavík, en bátur þessi dregur vafalaust flutningsgjöld frá Skipaútgerð ríkisins á óeðlilegan hátt svo nemur mörgum hundruðum þús. kr. á ári. Þyrfti að verða breyting á þessu sem fyrst.

Suðurlandsskip.

Svo sem kunnugt er, hefur um langt skeið verið veittur nokkur styrkur á fjárlögum til þess að greiða niður flutningskostnað á hinni löngu leið frá Reykjavík til Víkurkauptúns í Vestur-Skaftafellssýslu, og hefur með þessu verið viðurkennd sérstaða íbúa Vestur-Skaftafellssýslu vegna hafnleysis sýslunnar. Á árunum 1952—54 var ríkisstyrkur í þessu sambandi:

1952 ..... 130 þús. kr.
1953 ..... 145 — —
1954 ..... 145 — — að viðbættum 25 þús. kr. til niðurborgunar nýs snjóbíls.

Á árinu 1952 og fram á árið 1953 var flutningskostnaður með bifreiðum verzlana í Vík til svæðisins vestan við Mýrdalssand kr. 400.00 til kr. 420.00 og til svæðisins austan við Mýrdalssand kr. 500.00, en á árinu 1953 lækkuðu þessi flutningsgjöld niður í kr. 300.00 til kr. 330.00 til svæðisins vestan við Mýrdalssand og í kr. 400.00 til svæðisins austan við Mýrdalssand. Stafaði lækkun flutningsgjaldanna af því, að teknar voru í notkun nýjar dieselbifreiðar, sem hagstæðara var að starfrækja.

Á árinu 1952 var greiddur niður flutningskostnaður fyrir kornvörur, erlendan áburð, fóðurvörur, kol og olíu, þannig að lækkunin nam 60 kr. á tonn á svæðinu vestan við Mýrdalssand og 80 kr. á tonn austan Mýrdalssands. Á árinu 1953 varð niðurgreiðslan kr. 80.00 á tonn á vestursvæðinu og kr. 110.00 á tonn á austursvæðinu. Verðjöfnun var sett á olíu á árinu 1953, og þurfti ekki eftir það að greiða niður flutningsgjald fyrir þá vöru með ríkisstyrk.

Nú leyfum vér oss að vekja athygli á því, að flutningsgjald, sem komið er niður í 300—400 kr. á tonn, getur ekki skoðazt tiltakanlega hátt með tilliti til þess, sem áður greinir (sjá kaflann um Borgarfjarðarskip), að meðalflutningsgjald með strandferðaskipum ríkisins var á árinu 1953 kr. 185.60 og hæsta flutningsgjald kr. 602.50, en við bætist í báðum tilfellum fyrir þá, sem flytja vörur á sjó, upp- og útskipunargjald ásamt bryggju- og hafnargjöldum, sem gera má ráð fyrir að verði samtals allt að 155 kr. á tonn. Á það ber þó að líta í þessu sambandi, að skipafélög, sem annast millilandaflutninga, taka á sig strandferðaflutningsgjald og umskipunarkostnað í Reykjavík fyrir mest af kornvöru, fóðurvöru og erlendum áburði, sem sent er með strandferðaskipum ríkisins til hafna úti á landi. Hins vegar munu skipafélögin ekki hafa fengizt til að taka á sama hátt þátt í flutningskostnaði fyrir nefndar vörur sendar með bifreiðum austur í sýslur eða annað, og er því viss sann-

girni í því að greiða niður með ríkisstyrk flutningsgjald á nefndum vörum sendum með bifreiðum austur í Skaftafellssýslur. Er þó nokkur vandi á höndum, hvernig með þetta á að fara með tilliti til annarra byggðarlaga, svo sem í Austur-Skaftafellssýslu, þar sem flutningskostnaðurinn verður miklu hærri, þrátt fyrir niðurgreiðslu með ríkisstyrk.

Svo sem frá er greint hér að framan, lækkuðu flutningsgjöld með bifreiðum frá Reykjavík til Vestur-Skaftafellssýslu um 100 kr. á tonn á árinu 1953, og auk þess kom á því ári verðjöfnun á olíu, sem léttir þann kostnað, sem áður hefur verið greiddur niður með ríkisstyrk. Sýnist oss því, að komizt verði af með að veita í þessu sambandi sama niðurgreiðslustyrk á næsta ári eins og veittur var á árunum 1953—54 að frádreginni hinni sérstöku fjárhæð vegna snjóbíls á árinu 1954.

Bátaferðir í Austur-Skaftafellssýslu og vöruflutningar til Öræfa.

Á yfirstandandi ári voru samkvæmt fjárlögum veittar 45 þús. kr. úr ríkissjóði til nefndra flutninga, og var upphæðinni skipt þannig, að 10 þús. kr. voru greiddar til stuðnings bátaferðum á Hornafirði, en 35 þús. kr. gengu til þess að greiða niður flutningskostnað með flugvélum. Er uppgjöri ekki lokið fyrir 1954, en samkvæmt skýrslum frá Flugfélagi Íslands voru á tímabilinu 1. jan. til 31. okt. 1954 flutt frá Reykjavík með flugvélum 67 tonn af vörum, aðallega matvörum og fóðurvörum, til Fagurhólsmýrar og landbúnaðarafurðir þaðan tæplega 30 tonn. Verða því þessir flugvélaflutningar á yfirstandandi ári bersýnilega yfir 100 tonn. Flutningsgjald Flugfélagsins er kr. 980.00 á tonn, þar frá ríkisstyrkur ca. kr. 300.00 á tonn og nettó-flutningskostnaður neytenda því milli 600 og 700 kr. á tonn. Þá höfum vér skýrslu um flutninga á rúmlega 80 tonnum, þar af 30 tonn sement, með bifreiðum til Öræfa á þessu ári, og hafa verið greiddar fyrir flutninga þessa minnst kr. 500.00 á tonn. Olía og benzín er ekki meðtalið í ofangreindu vörumagni, þar eð olíufélögin sjá um jafnaðarverð á vörum þessum um land allt. Þingmaður Austur-Skaftfellinga hefur nú sótt um, að styrkur til Hornafjarðarferjunnar verði ákveðinn 10 þús. kr. og styrkur til vöruflutninga til Öræfa 50 þús. kr., og getum vér með skírskotun til framanritaðs mælt með þeirri umsókn, enda virðist hún sanngjörn með tilliti til þess, að þegar á árunum fyrir síðustu heimsstyrjöld var venjuleg fjárveiting á fjárlögum til flutninga á sjó til Öræfa 10 þús. kr., og hrökk upphæð þessi sjaldan fyrir kostnaði.

Við lok þessarar álitsgerðar leyfum vér oss að benda á það, að kaupgjaldsvísitalan hélzt óbreytt í 158 stigum allt árið 1954. Sömuleiðis hélzt verðlag á gasolíu í 74 aurum lítrinn allt árið, en óþarft er að benda á, að langmestur hluti af rekstrarkostnaði hvers flóabáts er fólginn í launum skipshafnar og launum inniföldum í viðhaldi og alls konar þjónustu. Þar á eftir er gasolía venjulega næsthæsti gjaldaliðurinn.

Virðingarfyllst,

Skipaútgerð ríkisins

Guðjón F. Teitsson.

Til samvinnunefndar samgöngumála, Alþingi.

Sþ. 271. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

1. Við 13. gr. B. II. (Til flóabáta og vöruflutninga).
Fyrir „1 607 500“ kemur 1 891 500
2. — 22. — XX. Nýr liður:
Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.

Ed. 272. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðari málsgr. 20. gr. laganna orðist á þessa leið:

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda. Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það eða þau börn fyrir, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi foreldra sinna á jörðinni eða unnið búinu að staðaldri og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, ræður meiri hluti, ella sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir (sbr. 26. gr. laganna).

2. gr.

Aftan við 27. gr. laganna komi:

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kýs helzt, og fer þá um leigumála samkv. 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landsstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, er nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára frá því hann fékk viðbótarlandið.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 29. gr. laganna komi tveir málsl. á þessa leið:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni frá því, er aðalfasteignamat fór fram. Það mat skal framkvæmt af úttektarmönnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 273. Breytingartillaga [14. mál]

við frv. til l. um vistheimili fyrir stúlkur.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
Stofnun og rekstur vistheimilisins hefst, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum.

Nd. 274. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 55/1950, um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Flm.: Ólafur Thors, Emil Jónsson.

1. gr.

Í stað orðanna „15 millj. kr.“ í 1. gr. laganna komi: 25 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Heildarkostnaður við hafnargerðina í Keflavík og Njarðvík nemur nú rúmum 15 millj. kr., og verður því ekki lengur fram haldið hafnargerðinni, nema heimild fáist til þess að vinna fyrir hærri upphæð en þá, sem nú er ákveðin í 1. gr. laganna frá 1950.

Talið er, að mikil fjölgun fiskibáta verði í höfn þessari á n. k. vertíð. Telur hafnarstjórnin, að bátarnir muni nú verða um 40 í stað 25 áður. Þessi fjölgun — og væntanlega enn meiri fjölgun síðar — krefst aukins afgreiðslupláss. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir að heimila aukna mannvirkjagerð í höfninni í þessu skyni o. fl. fyrir 10 millj. kr.

Tekjur hafnarinnar nema nú um 1½ millj. kr. á ári og eru stöðugt vaxandi, enda er þessi höfn nú tekjuhæsta höfnin á landinu utan Reykjavíkur. Eru því fullir möguleikar á, að höfnin geti staðið undir lánum sínum, eins og lög gera ráð fyrir.

Nd. 275. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til l. um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þessu var í byrjun þings vísað til sjávarútvegsnefndar. Er það lagt fram á Alþingi til staðfestingar bráðabirgðalögum, sem ríkisstjórnin gaf út 6. ágúst s. l.

Samkvæmt þingsályktun 13. apríl 1954 var kosin milliþinganefnd til að athuga hag togaraútgerðarinnar. Í nefndina voru kosnir: Björn Ólafsson alþm. (formaður), Davíð Ólafsson fiskimálastjóri, Emil Jónsson alþm., Hermann Jónasson alþm., Jóhannes Elíasson hdl., Lúðvík Jósefsson alþm. og Ólafur Björnsson prófessor. Stefán Jónsson skrifstofustjóri starfaði í nefndinni í veikindaforföllum Hermanns Jónassonar.

Milliþinganefndin lagði fram ýtarlegt nefndarálit, dags. 2. júlí s. l., og er þar margvíslegan fróðleik að finna snertandi hag og rekstur togaraútgerðarinnar. Í lok nefndarálitsins segir:

„Nefndin er þess vegna sammála um að álykta, að ekki sé um minna rekstrartap að ræða en kr. 400 000.00 á hvern togara að meðaltali. Er sú upphæð ákveðin m. a. með tilliti til þess, að rekstrarreikningar útgerðarfélaganna sjálfra fyrir 1953 sýndu 400 þús. kr. meðalrekstrarhalla. Þó að fyrningarafskriftir séu töluleg útgjöld, verður útgerðin ekki rekin á heilbrigðan hátt, nema skipin geti lagt fé í fyrningarsjóð á venjulegan hátt. Þess vegna verður að gera ráð fyrir, til viðbótar ofangreindu tapi, fyrningarafskrift af hverju skipi, er nemur að jafnaði kr. 250 000.00. Þá er vitanlegt, að nauðsyn ber til að hækka kaup togarasjómanna eins og bent hefur verið á. Nefndin áætlar, að ekki megi reikna með, að sú útgjaldaaukning verði minni en kr. 300 000.00 á hvern togara. Nefndin ályktar með tilvísun til þess, sem að framan greinir, að það rekstrartap, sem rétt sé að miða við hjá hverjum meðaltogara, sé um kr. 950 000.00 á ári."

Síðan nefndarálit milliþinganefndar var lagt fram 2. júlí s. l., virðast aðstæður varðandi hag og rekstur togaraútgerðarinnar hafa breytzt á þann veg, að afkoma hennar seinni helming þessa árs mun vera nokkru lakari en gert var ráð fyrir í áætlun milliþinganefndar. Aflabrögð togaranna hafa verið léleg, og stafar það ef til vill af óvenju óhagstæðu tíðarfari. Gera má og ráð fyrir, að kauphækkanir skipshafna komi til að nema fyllilega þeirri upphæð, sem um ræðir í nefndarálitinu.

Eftir ósk sjávarútvegsnefndar hafa nefndarmenn í milliþinganefnd látið nefndinni í té tillögur í 8 liðum, sem þeir telja sig hafa verið sammála um, til úrbóta í þessu máli.

Ein þessara tillagna er um, að lánstími stofnlánadeildar sjávarútvegsins, að því er varðar lán til togaranna, verði lengdur um 2 ár, þannig að tveggja ára afborgunum verði frestað og jafnframt verði veittur tilsvarandi frestur á afborgunum lána ríkissjóðs vegna nýju togaranna. Sjávarútvegsnefnd leggur til, að ákvæði um þetta verði bætt í frv. Hinar till. eru þess eðlis, að samtök togaraeigenda verða að vinna að framgangi þeirra með aðstoð ríkisstjórnarinnar. Væntir nefndin þess, að af því starfi verði sá árangur, sem milliþinganefndin gerði ráð fyrir.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. og nefndarálit milliþinganefndar á mörgum fundum og átt samræður við fulltrúa frá Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda þar að lútandi. Á fundi nefndarinnar í dag voru samþykktar nokkrar breytingartillögur við frv., og eru þær prentaðar á sérstöku þingskjali. Eru þær um framlengingu bifreiðagjaldsins um eitt ár og lengingu lánstíma stofnlánanna. Standa allir nefndarmenn að samþykkt frv. í þeirri mynd, en einn nefndarmanna (LJós) áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 14. des. 1954.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Eiríkur Þorsteinsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 276. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til l. um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1955 að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningsskrifstofan það, sbr. þó 5. gr.
   Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

2. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðin „á árinu 1954“ í 1. málsl. síðari málsgr. kemur: á árunum 1954 og 1955.
   b. Fyrir orðin „1. ágúst til 31. des. 1954“ í lok síðari málsgr. kemur: frá 1. ágúst 1954 til 31. des. 1955.
3. Á eftir 5. gr. kemur ný gr., svo hljóðandi:
   Veita skal tveggja ára greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.
   Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýjum togurum.
4. Við fyrirsögn. Orðin „á árinu 1954“ falla niður.

Nd. 277. Frumvarp til laga [126. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Síðari málsl. c-liðar 48. gr. laganna falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilhlutan Vélstjórafélags Vestmannaeyja og eftir áskorun síðasta þings Alþýðusambands Íslands. Ákvæðið, sem lagt er til að falli burt úr lögunum, er svo hljóðandi: „Fiskiskip og bátar, sem ætlað er að koma daglega að landi með afla sinn, eru þó ekki skyld til að hafa undirvélstjóra, ef skipstjóri hefur öðlazt vélgæzluréttindaskírteini samkvæmt 32. gr.“

Frumvarpið mundi því, ef að lögum yrði, tryggja það, að jafnan væru 2 vélstjórar á hinum stærri vélbátum, og miðar það að auknu öryggi fyrir fiskimenn.

Nd. 278. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, hvort heldur eru fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkv. ósk stjórnar Bifreiðastjórafélagsins Hreyfils. Er bréf formanns hennar prentað hér með sem fylgiskjal. Ber það með sér röksemdir málsins. Hefur nefndin fallizt á þær í aðalatriðum og því orðið sammála um flutning frumvarpsins.

Fylgiskjal.

BIFREIÐASTJÓRAFÉLAGIÐ HREYFILL

Reykjavík, 24. nóvember 1954.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Hér með leyfum vér oss að fara þess á leit við háttvirta samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, að hún flytji nú á þessu Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 23 16. febrúar 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, efnislega þannig, að samgöngumálaráðuneytinu verði, að fengnum tillögum félags vors, heimilt að setja reglugerð um, hve leigubifreiðar til mannflutninga hér í Reykjavík, sem taka allt að 8 farþega, megi vera margar á hverjum tíma.

Nú hin síðari ár hefur verið mjög mikið aðstreymi manna í stétt vora þrátt fyrir mjög minnkandi atvinnu í þeirri starfsgrein, þótt fólksekla sé í flestum öðrum atvinnugreinum til lands og sjávar, og hafa menn sótzt eftir að komast í þessa atvinnugrein af ímynduðum hagnaði, en slíkt hefur orðið mörgum mönnum til fjárhagslegrar þrengingar, þar sem í hverju tilfelli þarf að kaupa atvinnutæki fyrir tugi þúsunda króna. En reynslan hefur hins vegar sýnt, að atvinnan hefur ekki verið nægileg til þess að geta risið undir þeim geigvænlega kostnaði, sem samfara er rekstri leigubifreiða.

Lítum vér svo á af biturri reynslu, að ekki verði lengur hjá því komizt, að sett verði löggjöf um fyrirkomulag og rekstur leigubifreiða til mannflutninga, sem taka allt að 8 farþega, enda er nú svo komið, að í flestum menningarlöndum hefur verið sett löggjöf um rekstur leigubifreiða til mannflutninga, af þessari stærð, sem hér um ræðir.

Í þessu sambandi má einnig benda á það, að með því að binda við þessi störf fleiri menn en nauðsyn krefur, á sama tíma og framleiðsluatvinnuvegina skortir fólk, fer geysilega mikið vinnuafl til ónýtis, og verður það þjóðinni í heild til ómetanlegs tjóns.

Með óeðlilegum fjölda manna í þessari starfsstétt er einnig rýrður möguleiki þeirra, sem þar starfa, til þess að hafa mannsæmandi lífsframfæri af atvinnu sinni, en af því hefur hins vegar leitt alls konar spillingu, sem er stórmeiðandi fyrir stéttina í heild og borgara landsins almennt. Hjá þessu væri hægt að komast með því að setja löggjöf um rekstur leigubifreiða.

Leyfum vér oss nú að mega vænta þess, að háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis taki þessari málaleitan vorri með fyllsta skilningi stétt vorri til handa og flytji mál þetta á Alþingi því, sem nú stendur yfir, og að það gæti orðið sem allra fyrst, og ef þess væri kostur, að málið gæti fengið fullnaðarafgreiðslu fyrir næstu jól.

Virðingarfyllst,

Bifreiðastjórafélagið Hreyfill,

Bergsteinn Guðjónsson.

Ed. 279. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til l. um breyt. á framfærslulögum nr. 80 5. júní 1947.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 14. des. 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr., frsm. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 280. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til laga um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Auk þess skal renna í sjóðinn dýrtíðarsjóðsgjald af bifreiðum samkv. lögum nr. 112 28. des. 1950, innheimt árin 1954, 1955 og 1956.
   b. Fyrir orðin „Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag“ komi: Greiða skal hverjum einstökum togara kr. 3000.00 fyrir hvern dag.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Árið 1955 skulu eftirfarandi ákvæði gilda til stuðnings útgerðinni:
   a. Verð á brennsluolíu (fuil-olíu) skal lækka um kr. 50.00 hvert tonn frá því verði, sem í gildi var 1. des. 1954.
   b. Vextir af afurðalánum sjávarútvegsins skulu eigi vera hærri en 2½%.
   c. Flutningsgjöld íslenzkra skipa á framleiðsluvörum sjávarútvegsins skulu lækka um 20% frá því, sem var árið 1954.

Sþ. 281. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 15. gr. A. IX. 19. Nýr liður: Til Williams Craigie í viðurkenningarskyni fyrir störf hans í þágu íslenzkra bókmennta		20 000
2.	— 15. — A. XXXIV. Nýr liður: Til Guðrúnar Á. Símonar, til söngfarar		8 000
3.	— 15. — A. XXXVI. 1. Fyrir orðin „Laun Einars Jónssonar“ kemur: Laun.		
4.	— 16. — A. 46. Nýr liður: Til Sigurþórs Ólafssonar í Kollabæ í viðurkenningarskyni fyrir ötula forgöngu á langri ævi í félagsmálum bændastéttarinnar		10 000

5. Við 17. gr. 16. b. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til Rauðakross Íslands og sjúkrahúss Keflavíkur til kaupa á sjúkrabifreiðum 96 000
6. — 18. — II. a. Nýr liður:
Jón Sveinsson, fyrrv. skattdómari 4000.00
7. — 20. — Út. XXIX. Liðurinn orðist svo:
Til byggingar stjórnarráðshúss 2 000 000
8. — 22. — IX. Nýr liður:
Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 2 millj. kr.
9. — 22. — XII. Nýr liður:
Að endurgreiða toll af maniókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

Ed. 282. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarp þetta er að mestu framlenging þeirra ákvæða laga um almannatryggingar, er falla úr gildi við lok þessa árs.

Milliþinganefnd vinnur nú að endurskoðun þessara laga, og vænta menn, að álit hennar geti legið fyrir, er næsta þing kemur saman.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur því orðið ásátt um að taka eigi upp tillögur um verulegar efnisbreytingar og telur þá einnig rétt að fella burt 9. gr. frv.

Þó telur nefndin óhjákvæmilegt að lögfesta með bráðabirgðaákvæði heimild um hækkun elli- og örorkulífeyris til samræmis við lagfæringar þær, er gerðar kunna að verða á launakjörum opinberra starfsmanna.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 9. gr. Greinin falli niður.
2. Á eftir 43. gr. komi svo hljóðandi:

Bráðabirgðaákvæði.

Nú ákveður Alþingi, að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð til samræmingar við þær launahækkanir, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið á undanförnum árum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að greiða skuli uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, samkvæmt 5. gr. 1. tl. a. og b., fyrir árið 1955 til samræmis við þær launabætur, sem embættismenn þannig kunna að fá.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 28. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Alþingi, 14. des. 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm.
Ingólfur Flygenring, fundaskr.
Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson.
Haraldur Guðmundsson, með fyrirvara.

Ed. **283. Breytingartillaga** [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 25. gr. Í stað „72 krónur“ í 5. tölul. komi: 80 krónur.

Sþ. **284. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

1. Við 12. gr. IX. (Læknisbústaðir, sjúkraskýli og sjúkrahús).
   Fyrir „1 500 000“ kemur 3 000 000
2. — 14. — B. XIV. 6. (Bygging barnaskóla).
   Fyrir „3 200 000“ kemur 5 000 000
3. — 14. — B. XV. 3. (Bygging gagnfræða- og héraðsskóla).
   Fyrir „1 500 000“ kemur 3 000 000
4. — 14. — B. XVII. 2. (Íþróttasjóður).
   Fyrir „750 000“ kemur 1 500 000
5. — 22. — XIX. Nýir liðir:
   a. Að verja 40 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1954 til eflingar atvinnulífinu á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi.
   b. Að verja 20 millj. kr. af tekjuafgangi ársins 1954 til íbúðarhúsabygginga.

Nd. **285. Nefndarálit** [10. mál]

um frv. til laga um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Jón Pálmason tekur fram, að hann sé nú sem alltaf áður andvígur vísitöluskipulaginu og því á móti frv., en þar sem engar líkur eru á, að því fáist breytt nú, þá muni hann eigi gefa út sérstakt nefndarálit eða flytja breytingartillögur. Gylfi Þ. Gíslason og Karl Guðjónsson taka fram, að þeir telji verðlagsuppbætur þær, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, engan veginn fullnægjandi, hins vegar flytji þeir ekki breytingartillögur á þessu stigi málsins, þar eð upplýst er í nefndinni, að von sé tillagna frá ríkisstjórninni um launabætur til handa opinberum starfsmönnum.

Alþingi, 15. des. 1954.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Gylfi Þ. Gíslason. Karl Guðjónsson.

Sþ. 286. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um stuðning Íslands við fjórveldaráðstefnu um framtíð Þýzkalands.

Flm.: Gils Guðmundsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fara þess á leit við ríkisstjórnir Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands og Ráðstjórnarríkjanna, að þær efni til fjórveldaráðstefnu um framtíð Þýzkalands, áður en Parísarsamningarnir um endurvopnun Sambandslýðveldisins Þýzkalands og aðild þess að Atlantshafsbandalaginu verða fullgiltir.

Greinargerð.

Sunnudaginn 12. des. s. l. birtu flestar útvarpsstöðvar Evrópu áskorun frá miðstjórn jafnaðarmannaflokks Vestur-Þýzkalands til annarra jafnaðarmannaflokka Vestur-Evrópu um að gera allt, sem í þeirra valdi stæði til að efnt verði til fjórveldaráðstefnu um Þýzkalandsmál, áður en Parísarsamningarnir um endurvopnun Vestur-Þýzkalands og aðild þess að Atlantshafsbandalaginu verða fullgiltir. Íslenzka ríkisútvarpið birti frásögn af áskorun þessari í kvöldfréttum fyrrgreindan dag, og voru heimildir þess útvarpsfregnir frá Kaupmannahöfn, Stokkhólmi, Osló og Lundúnum. Frétt íslenzka ríkisútvarpsins var á þessa leið:

„Miðstjórn jafnaðarmannaflokks Vestur-Þýzkalands hefur samþykkt áskorun á jafnaðarmannaflokka allra landa Vestur-Evrópu um að gera allt, sem unnt er, til þess að koma á fjórveldaráðstefnu milli Vesturveldanna þriggja og Ráðstjórnarríkjanna um framtíð Þýzkalands. Ráðstefnan verði haldin áður en Parísarsamningarnir verði fullgiltir. — Í áskoruninni segir, að grundvöllurinn fyrir fjórveldaráðstefnu um framtíð Þýzkalands og einingu sé nú í hættu. Unnið sé að því að koma upp her bæði í Austur- og Vestur-Þýzkalandi. Ef til heimsstyrjaldar komi, verði jafnframt borgarastyrjöld í Þýzkalandi. Erich Ollenhauer, formaður vestur-þýzka jafnaðarmannaflokksins, birti jafnframt yfirlýsingu í dag. Hann segir þar, að áhugi allra hernámsveldanna á einingu landsins fari stöðugt minnkandi. Hann vekur athygli á síðustu orðsendingu ráðstjórnarinnar, þar sem segir, að tilgangslaust muni að halda fjórveldaráðstefnu um framtíð Þýzkalands, ef Parísarsamningarnir um endurvopnun Vestur-Þýzkalands og aðild að Atlantshafsbandalaginu verði fullgiltir. — Ollenhauer segir, að jafnaðarmannaflokkur Vestur-Þýzkalands vilji berjast af alefli gegn aðild Vestur-Þýzkalands að Atlantshafsbandalaginu. Flokkurinn berjist fyrst og fremst fyrir einingu landsins, og heitir Ollenhauer á alla aðra jafnaðarmannaflokka Vestur-Evrópu að veita vestur-þýzka jafnaðarmannaflokknum fulltingi í máli þessu."

Flm. þessarar þingsályktunartillögu eru þeirrar skoðunar, að taka beri hið fyllsta tillit til varnaðarorða jafnaðarmannaflokks Vestur-Þýzkalands, þar eð flest rök virðast hníga að því, að endurhervæðing Vestur-Þýzkalands og upptaka þess í Atlantshafsbandalagið að svo stöddu mundi koma í veg fyrir fjórveldaráðstefnu um friðsamlega sameiningu alls Þýzkalands, en gæti hins vegar leitt til geigvænlegs vígbúnaðarkapphlaups milli Vestur-Þýzkalands annars vegar og Austur-Þýzkalands hins vegar. Líta flm. svo á, að Íslendingum beri siðferðileg skylda til að gera allt, sem í þeirra valdi stendur, til þess að greiða fyrir því, að stórveldin fjögur, sem standa að hernámi Þýzkalands, efni til ráðstefnu um Þýzkalandsmál og geri tilraun til, áður en í algert óefni er komið, að ná samkomulagi um friðsamlega og heilbrigða lausn þeirra.

Þó að meiri hluti Alþingis hafi nú veitt ríkisstjórn Íslands heimild til að fullgilda samning um aðild Vestur-Þýzkalands að Atlantshafsbandalaginu — og að dómi flm. þessarar till. hrapað að því án nokkurrar frambærilegrar ástæðu á undan flestum aðildarríkjum öðrum — er ekki þar með sagt, að Alþingi telji óeðlilegt, að

gerð sé úrslitatilraun til að ná samkomulagi um Þýzkalandsmál, sem leitt gæti til sameiningar landsins og komið í veg fyrir aukið vígbúnaðarkapphlaup á meginlandi Evrópu. Með flutningi þessarar till. vilja flm. freista þess nú á elleftu stundu, hvort Alþingi vill ekki fallast á, að Íslendingar geri það, sem í þeirra valdi stendur, til þess að stuðla að ráðstefnu stórveldanna um framtíð Þýzkalands.

Ed. 287. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Brynjólfi Bjarnasyni og Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 5. gr. 1. tölul. orðist svo:
   Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkvæmt 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 8160.00
      Á 2. — ..... — 6120.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 5100.00
      Á 2. — ..... — 3825.00
2. Við 12. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
   Þó skulu bætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna greiddar án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða eigi.
3. Við 14. gr. Niðurlagsorð 1. málsgr. „og greiðist því aðeins“ o. s. frv. falli niður. Í stað þeirra komi nýr málsl., svo hljóðandi: Jafnframt fellur úr gildi ákvæði 2. málsgr. 40. gr. laganna.

Ed. 288. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar og viðauka við þau.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Auk þeirra starfsmanna, sem nefndir eru í 4. gr. laganna, er ráðherra heimilt að skipa sérstakan yfirlækni Tryggingastofnunar ríkisins, er nefnist heilsugæzlustjóri.

Heilsugæzlustjóri skal hafa yfirstjórn allra læknamálefna stofnunarinnar í samráði við forstjóra.

Hann hefur með höndum framkvæmd og forstöðu heilsugæzlumála Tryggingastofnunarinnar, er þriðji kafli laganna kemur til framkvæmda, en vinnur þangað til að undirbúningi þeirra framkvæmda og hefur yfirumsjón með starfsemi sjúkrasamlaganna meðan þau starfa.

Tryggingayfirlæknir annast í samráði við heilsugæzlustjóra störf þau, sem honum eru sérstaklega falin í lögunum.

2. gr.

Ráðherra er heimilt að gera breytingar á skipun og verksviði sérfræðinganefndar þeirrar, er um getur í 2. málsgr. 6. gr. laganna, þannig að heilbrigðismálaráðherra

tilnefni einn mann í nefndina, er verði formaður hennar í stað landlæknis, og að hlutverk nefndarinnar verði eingöngu að úrskurða örorkustig og orkutap þeirra, er sækja um bætur og ekki vilja una úrskurði lækna Tryggingastofnunarinnar eða tryggingaráð telur ástæðu til að leita úrskurðar nefndarinnar um.

3. gr.

Stéttarsamband bænda skal hafa rétt til þess að skipa einn fulltrúa til þess, ásamt fulltrúum þeim, er um getur í 9. gr. laganna, að taka þátt í umræðum tryggingaráðs og gera tillögur um skiptingu í áhættuflokka og iðgjöld samkv. 113. gr.

4. gr.

Til ársloka 1955 skulu sýslunefndir í tryggingaumdæmum utan kaupstaða fara með störf tryggingnefndar, sbr. 11. gr. laganna. Þó er sýslunefnd heimilt að fela þessi störf sérstakri nefnd, er hún kýs. Í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast stjórnir sjúkrasamlaganna þessi störf. Verði öll sjúkrasamlög í tryggingaumdæmi sameinuð í eitt samlag, skal stjórn þess fara með störf tryggingnefndar í umdæminu í stað sýslunefndar.

II. KAFLI

5. gr.

Grunnupphæðir bóta samkv. II. kafla laganna, 1.—4., skulu vera sem hér segir:

1. Árlegur elli- og örorkulífeyrir samkv. 15. og 18. gr. laganna:
   a. Fyrir hjón, þegar bæði fá lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 6528.00
      Á 2. — ..... — 4896.00
   b. Fyrir einstaklinga og hjón, þegar annað fær lífeyri:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 4080.00
      Á 2. — ..... — 3060.00

2. Árlegur barnalífeyrir samkv. 20. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 2400.00
   Á 2. — ..... — 1800.00

3. Árlegar fjölskyldubætur samkv. 30. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... — 1200.00
   Á 2. — ..... — 900.00

4. Ekkjubætur samkv. 35. gr. laganna:
   Fyrstu 3 mán., eftir lát maka ..... kr. 600.00 á mán.
   Næstu 9 mán., ef ákvæði greinarinnar heimila ..... — 450.00 - —

5. Hámark árlegra makabóta samkv. 38. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 2448.00
   Á 2. — ..... — 1836.00

6. Sjúkrabætur samkv. 40. gr. laganna:
   a. Fyrir kvænta karla, þegar konan vinnur eigi utan heimilis:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 18.00 á dag.
      Á 2. — ..... — 15.00 - —
   b. Fyrir aðra:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 15.00 - —
      Á 2. — ..... — 12.00 - —

Nú eru hjón eigi samvistum, af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar, og er ráðinu þá heimilt að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri samkv. 15. gr. laganna.

6. gr.

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til mæðra óskilgetinna barna og fráskilinna kvenna samkv. 27. og 28. gr.

7. gr.

Tryggingaráði skal heimilt að greiða ekklum allt að fullum barnalífeyri, í stað hálfs, eins og ákveðið er í síðustu málsgr. 23. gr. laganna.

8. gr.

Þegar Tryggingastofnun ríkisins greiðir barnalífeyri samkv. 1. málsgr. 27. gr. laganna, á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir ákvæðum 117. gr. laganna.

Verði vanskil af hálfu föður, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans og telst fjárhæðin framfærslustyrkur veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkv. 76. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947.

Um endurkröfurétt framfærslusveitar á hendur barnsföður fer samkv. ákvæðum framfærslulaga. Vanræki framfærslusveit að greiða, eignast Tryggingastofnunin þann rétt, sem dvalarsveit móður á samkv. framfærslulögum, til að endurkrefja ríkissjóð um upphæðina.

Aðrar bætur og styrki, sem Tryggingastofnunin á endurkröfurétt á, skal innheimta með sama hætti.

9. gr.

Sama rétt og ekkjur og fráskildar konur eiga til lífeyrisgreiðslu með börnum sínum samkv. 23. og 28. gr. laganna skulu þær íslenzkar konur eiga, sem gifzt hafa erlendum mönnum, ef þeir hafa fallið frá, yfirgefið þær eða skilið við þær, enda dvelji þær á Íslandi ásamt börnum þeim, er þær taka lífeyri fyrir. — Lífeyrinn skal greiða frá þeim tíma, er barn hætti að njóta framfærslu föður síns eða meðlagsgreiðslu frá hans hendi, eigi lægri en lífeyrisgreiðslan, enda hafi barnið dvalið á Íslandi, þó eigi lengra aftur í tímann en til 1. janúar 1951. — Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnuninni barnalífeyri þennan.

10. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að greiða fjölskyldubætur vegna barna, þótt þau dveljist ekki á heimili föðurins og ákvæði 2. málsgr. 32. gr. laganna taki til þeirra, ef sannað er, að hann kostar framfæri þeirra að fullu, enda greiðast bæturnar þá til hans.

11. gr.

Auk fjölskyldubóta samkv. 30. gr. laganna skal greiða árlegar fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði með 2. barni kr. 400.00, með 3. barni kr. 600.00.
Á 2. — með 2. barni — 300.00, með 3. barni — 450.00.

Bætur þessar greiðast með sömu vísitöluuppbót og aðrar bætur, og fer um greiðslurnar að öðru leyti eftir ákvæðum 30.—33. gr. laganna.

Ekkjur, ógiftar mæður og fráskildar konur, sem hafa fleiri en eitt barn undir 16 ára aldri á framfæri, skulu eiga rétt til mæðralauna. Mæðralaunin greiðast án tillits til þess, hvort konan nýtur jafnframt barnalífeyris eða eigi. Mæðralaunin nema sömu upphæð og fjölskyldubætur samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar og 30. gr. laganna.

Bætur samkvæmt þessari grein greiðast ársfjórðungslega eftir á.

12. gr.

Fæðingarstyrkur samkv. 34. gr. laganna skal vera jafn til allra mæðra og nema kr. 600.00 fyrir hverja fæðingu. Þó skal ógift móðir, sem verður fyrir vinnutjóni og tekjumissi vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til þess að afla sér slíks úrskurðar, eiga rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni til viðbótar allt að kr. 300.00 á mánuði í allt að 3 mánuði á þann hátt, sem í 2.—4. mgr. greinarinnar segir, enda hefur þá Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi fyrir viðbótarupphæðinni, á sama hátt og segir í 27. gr. laganna um endurkröfurétt á barnalífeyri.

13. gr.

Til ársloka 1955 er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða giftum konum, þótt þær vinni eigi utan heimilis, sjúkrabætur vegna aðstoðar eða hjúkrunar í veikindum þeirra, sbr. 92. gr. laganna, enda nemi sjúkrabætur til þeirra eigi hærri upphæð en samsvarar lífeyri samkv. 15. gr. laganna og greiðist því aðeins, að skilyrði 2. málsgr. 40. gr. laganna séu fyrir hendi.

Þá er og heimilt að greiða sjúkrabætur til manna, sem náð hafa 67 ára aldri, ef þeir njóta ekki lífeyris eða annarra bóta frá Tryggingastofnuninni.

Hafi sjúkrasamlag eða sveitarstjórn í þjónustu sinni hjúkrunarkonu eða aðstoðarstúlkur til þess að veita hjúkrun eða aðstoð á heimilum í veikindum, er Tryggingastofnuninni heimilt að taka þátt í kostnaði við þau störf eftir samkomulagi við viðkomandi aðila.

14. gr.

Tryggingaráði er heimilt, þegar ekki liggja fyrir fullar sannanir þess, að tekjur umsækjanda um sjúkrabætur hafi rýrnað svo vegna sjúkleikans, að þær fari niður fyrir það mark, sem 2. málsgr. 39. gr. laganna ákveður, að fresta úrskurði um sjúkrabætur, þar til fullnægjandi upplýsingar um tekjur hans á veikindaárinu liggja fyrir.

15. gr.

Ákvæði b-liðs 42. gr. laganna um lengri biðtíma þeirra, sem hafa launþega í þjónustu sinni, skulu aðeins gilda um þá, sem kaupa svo mikla vinnu, að þeim beri að greiða gjald samkv. 112. og 113. gr. af meiru en 52 vinnuvikum.

16. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að víkja frá þeim ákvæðum 1. málsgr. 43. gr. laganna, sem gera sjúkrahúsvist eða rúmlegu að skilyrði fyrir greiðslu sjúkrabóta, ef sérstaklega stendur á.

17. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að lengja tilkynningarfrest þann, sem um ræðir í 44. gr., þó ekki yfir 3 mánuði.

18. gr.

Grunnupphæðir slysabóta samkvæmt II. kafla laganna skulu vera sem hér segir:

1. Dagpeningar samkv. 53. gr. laganna kr. 22.50 á dag.
2. Fullur árlegur örorkulífeyrir samkv. 56. gr. laganna kr. 4080.00.
3. Dánarbætur samkv. 57. gr. laganna:
   a. Til ekkju eða ekkils samkv. 1. tölul. kr. 9000.00. Fullur lífeyrir samkvæmt sama lið kr. 4080.00.
   b. Barnalífeyrir samkv. 2. tölul. kr. 2400.00 á ári.
   c. Bætur til uppkomins barns samkv. 3. tölul. kr. 3000.00—9000.00. Sama gildir um systkini, sbr. 5. tölul.
   d. Bætur til foreldris samkv. 4. tölul. kr. 3000.00—9000.00.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að hækka örorkulífeyri samkv. 2. tölul. þessarar greinar, eftir sömu reglum og gilda um ellilífeyri samkv. 17. gr. laganna.

19. gr.

Sé um að ræða dauðaslys lögskráðra sjómanna, skal auk bóta þeirra, sem greiddar eru í eitt skipti fyrir öll samkv. a-, c- og d-lið 3. töluliðs 18. greinar, greiða þessar grunnupphæðir:

1.	Til ekkju eða ekkils skv. fyrri málslið a-liðs		kr. 14000.00
2.	Til uppkomins barns eða systkinis skv. c-lið, enda hafi hlutaðeigandi verið á framfæri hins látna vegna skorts á starfsgetu	kr. 2000.00 til	— 6000.00
3.	Til foreldris skv. d-lið	— 2000.00 —	— 6000.00

Ef viðbótarbætur þessar nema ekki fullum 6400.00 krónum samtals fyrir hvert einstakt slys, skulu þær hækkaðar í þá upphæð.

Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eiga til viðbótarbóta samkv. 1.—3. tölulið þessarar greinar, og skal þá bæta slysið með kr. 6400.00, sem skiptist milli barna hins látna, er njóta lífeyris samkv. b-lið 3. töluliðs 18. greinar, ef fyrir hendi eru, ella til dánarbús hans.

20. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn aukaiðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 32. gr. laga nr. 41 19. maí 1930, þannig, að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða, þegar dagpeningar eru greiddir samkv. 53. gr. laganna, einnig fullt kaup eða aflahlut í eina viku frá afskráningardegi að telja.

21. gr.

Barnalífeyrir samkv. 3. mgr. 56. gr. laganna skal aldrei vera lægri en verið hefði, ef lífeyririnn væri ákveðinn eftir fyrirmælum laganna um barnalífeyri til öryrkja, sbr. 20. og 22. gr. laganna.

22. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að ákveða, að árlegar umsóknir um bætur, sbr. 65. gr. laganna, megi niður falla að því er varðar einstakar bótategundir, fleiri eða færri, og ákveður ráðið þá, hversu oft skuli endurnýja umsóknir og leggja fram eða endurnýja skilríki til sönnunar bótaréttinum.

III. KAFLI

23. gr.

Framkvæmd heilsugæzlu samkvæmt III. kafla laganna skal frestað til 1. jan. 1956, að öðru leyti en því, að réttur sveitarfélaga, sem koma á fót heilsuverndarstöðvum eða lækningastöðvum og reka þær samkv. 76. gr. laganna, til ríkisstyrks samkv. 77. gr. laganna helzt óbreyttur, svo og ákvæði 82. og 83. gr. laganna um skipun lækna við slíkar stöðvar.

24. gr.

Til þess tíma, er 23. gr. segir, skal III. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi, með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skuli sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
2. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, sem lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.

3. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 16. gr., ef ákvæði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
4. Ákvæði 2. mgr. 39. gr. taka ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 78 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

25. gr.

Til ársloka 1955 skal Tryggingastofnun ríkisins vera heimilt að greiða styrki til læknisvitjanasjóða, er starfa samkv. lögum nr. 59/1942, og til sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum útgjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Styrkir þessir mega samtals nema allt að 300 þús. kr. á ári, og skal úthlutunin til læknisvitjanasjóða gerð að fengnum tillögum landlæknis, en úthlutun til sjúkrasamlaga samkvæmt ákvörðun tryggingaráðs.

26. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal, í samvinnu við félagsmálaráðuneytið og hlutaðeigandi héraðsstjórn, láta fram fara athugun á vinnugetu öryrkja, sem ætla má að geti unnið fyrir sér að nokkru eða öllu leyti, ef þeim er veittur kostur á atvinnu við þeirra hæfi. Jafnframt skal gera tillögur um ráðstafanir til þess, að starfskraftar slíkra öryrkja geti komið þeim sjálfum og þjóðfélaginu að sem mestum notum.

IV. KAFLI

27. gr.

Grunnupphæðir iðgjalda og framlaga til tryggingasjóðs samkvæmt IV. kafla laganna, 2—5, skulu vera sem hér segir árið 1955:

1. Árleg iðgjöld hinna tryggðu samkv. 107. gr. laganna:
   a. Kvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 455.00
      Á 2. — ..... — 365.00
   b. Ókvæntir karlar:
      Á 1. verðlagssvæði ..... — 410.00
      Á 2. — ..... — 330.00
   c. Ógiftar konur:
      Á. 1. verðlagssvæði ..... — 305.00
      Á 2. — ..... — 245.00
2. Iðgjöld atvinnurekenda samkv. 112. gr. laganna:
   Á 1. verðlagssvæði ..... kr. 5.45 á viku.
   Á 2. — ..... — 4.10 - —

3. Heildarupphæð framlags sveitarfélaga samkv. 114. gr. laganna:
   12.6 millj. kr.
4. Fast framlag ríkissjóðs samkv. 116. gr. laganna:
   20.4 millj. kr.

28. gr.

Auk þeirra, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna samkvæmt 105. gr. laganna, skulu þegnar þeirra ríkja, sem hafa gagnkvæmissamninga um tryggingar við Ísland og búsettir eru hér á landi, einnig greiða iðgjöld til almannatrygginganna. Ráðherra ákveður iðgjaldaupphæð þeirra.

29. gr.

Í stað ákvæða um verðlagsuppbætur og vísitöluálag í 2. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Grunnupphæðir bóta samkv. lögum þessum skulu hækka til samræmis við vísitölu eftir sömu reglum og laun.

Iðgjöld samkvæmt 107. og 112. gr. og framlög samkvæmt 114. og 116. gr. laganna, sbr. 27. gr. þessara laga, skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við í marzmánuði það ár, sem gjöldin eru á lögð. Iðgjöld vegna lögskráðra sjómanna samkv. 112. gr. laganna skulu innheimt með álagi samkvæmt vísitölu janúarmánaðar, þar til vísitöluálag ársins hefur verið ákveðið.

30. gr.

Í stað ákvæða síðasta málsl. fyrstu málsgr. 109. gr. laganna skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald iðgjaldsgreiðanda samkv. 1. málsgr. 109. gr. laganna, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu.

31. gr.

Störf ógifts fólks yfir 20 ára aldur, er dvelst og starfar á heimilum foreldra sinna, skulu metin til vinnuvikna samkv. 112. gr. laganna á sama hátt og störf unglinga á aldrinum 16—20 ára, sbr. reglugerð 21. des. 1946, um áhættuiðgjöld o. fl.

32. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal vera heimilt, til ársloka 1955, að fella niður af iðgjöldum þeirra atvinnurekenda, sem hætta atvinnurekstri á því tímabili, allt að þeirri upphæð, sem hlutaðeigandi greiddi í slysatryggingaiðgjöld fyrir árið 1946 samkv. II. kafla laga nr. 104/1943.

33. gr.

Um innheimtu framlags sveitarsjóða gilda ákvæði 117. gr. laganna, auk ákvæða 115. gr., þó þannig, að Tryggingastofnunin getur innheimt þau án milligöngu innheimtumanna ríkisins, að svo miklu leyti sem hún kýs það heldur.

Hafi sveitarsjóður eigi tekjur, sem tryggingargjaldi svarar, af þeim fasteignum, sem framlag sveitarfélags til tryggingasjóðs miðast við þegar því er skipt milli sveitarfélaga innan tryggingaumdæmis samkv. 2. tölul. 3. málsgr. 114. gr. laganna, er sveitarstjórn heimilt að leggja á og innheimta hjá eigendum fasteignanna upphæð, sem svarar því gjaldi, sem sveitarsjóður greiðir þannig vegna þeirra.

34. gr.

Tekjuafgangi Tryggingastofnunarinnar, eins og hann nú er orðinn og síðar kann að verða, skal varið til þess að mæta ófyrirsjáanlegum halla, er verða kann á rekstri trygginganna einstök ár, og skal ekki tekið til ábyrgðar ríkissjóðs umfram hið fasta framlag hans, sbr. 27. gr. þessara laga, meðan nokkur tekjuafgangur er fyrir hendi í tryggingasjóði.

35. gr.

Skrár þær, er sveitarstjórnum ber að semja samkvæmt 118. gr. laganna, skal gera í þremur eintökum, og skulu þær gerðar mánuði fyrr en greinin ákveður. Skal sveitarstjórn senda eitt eintakið hlutaðeigandi innheimtumanni þá þegar, en hin tvö til skattanefndar (skattstjóra), eins og greinin mælir fyrir.

Ákvæði 3. og 4. mgr. 118. gr. skulu einnig gilda um framlagningu skrár um iðgjöld samkvæmt 112. og 113. gr., svo og um kærur út af þeim gjöldum.

36. gr.

Heimilt skal að fresta afhendingu nýrra tryggingarskírteina, sbr. 127. gr., eftir því sem tryggingaráð telur nauðsynlegt, og nota fyrri skírteini á meðan slík frestun varir.

37. gr.

Til ársloka 1955 skulu sjúkrasamlög í kaupstöðum utan Reykjavíkur annast umboðsstörf fyrir Tryggingastofnunina, samkv. samningum, er tryggingaráð samþykkir.

38. gr.

Sjúkrasamlagsiðgjöld samkv. 45. gr. laga nr. 104/1943 og iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. almannatryggingalaganna vegna lögskráðra sjómanna og bifreiðarstjóra skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum og bifreiðum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum til ríkissjóðs. Iðgjöld samkv. 112. og 113. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

39. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að auk þeirra frjálsu slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér samkv. 3. málsl. 1. málsgr. 135. gr. laganna, skuli stofnunin einnig veita félagssamtökum íþróttamanna kost á að kaupa slysatryggingu fyrir meðlimi sína, þegar þeir taka þátt í opinberri íþróttakeppni eða æfingum og námskeiðum undir stjórn viðurkenndra íþróttakennara, enda fáist endurtrygging fyrir a. m. k. 75% áhættunnar.

40. gr.

Fyrsti töluliður bráðabirgðaákvæða laganna, um takmörkun á lífeyrisgreiðslum, skal vera í gildi til ársloka 1955.

41. gr.

Þó að lífeyrisgreiðslur falli niður vegna fyrirmæla í 1. tölul. bráðabirgðaákvæða laganna, haldast í fullu gildi ákvæði 16. gr. um hækkun lífeyris vegna frestunar á lífeyrisgreiðslum.

42. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1955. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 38/1953 og lög nr. 50/1954.

Bráðabirgðaákvæði.

Nú ákveður Alþingi að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð til samræmingar við launahækkanir, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið á undanförnum árum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að greiða skuli uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, samkvæmt 5. gr. 1. tl. a. og b., fyrir árið 1955 til samræmis við þær launabætur, sem embættismenn þannig kunna að fá.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 27. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Ed. 289. Lög [37. mál]

um breyting á framfærslulögum, nr. 80 5. júní 1947.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 37.

Nd. 290. Frumvarp til laga [129. mál]

um Brunabótafélag Íslands.

Flm.: Jónas Rafnar, Jón Sigurðsson, Emil Jónsson, Gils Guðmundsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Brunabótafélag Íslands er gagnkvæmt ábyrgðarfélag vátryggjenda, eftir því sem lög þessi ákveða, og starfar einnig í samræmi við þær almennu reglur, sem ákveðnar eru í lögum nr. 20 frá 8. marz 1954, um vátryggingarsamninga.

2. gr.

Tilgangur og starfssvið félagsins er einkum:

1. Að taka að sér brunatryggingar á húsum og lausafé, allt eftir þeim nánari ákvæðum, sem lög þessi og reglur setja.
2. Að fylgjast með og afla upplýsinga um nýjungar í slökkvitækni, sem komið gætu hér að notum, og útvega eða útbúa hentug slökkvitæki, sem bæjar- eða sveitarfélögum og einstökum heimilum væri gefinn kostur á að eignast með hagkvæmum greiðsluskilmálum.
3. Að lána fé til vatnsveitna, hitaveitna og sjóveitna, eftir því sem ástæður félagsins leyfa.
4. Að vera ráðunautur ríkisstjórnarinnar um brunamál og annast, ef ríkisstjórnin óskar, eftirlit með brunavörnum og að hús, sem skylt er að vátryggja, séu tryggð lögum samkvæmt.

3. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirumsjón með starfsemi Brunabótafélags Íslands og setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum. Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

4. gr.

Forstjóri, skipaður af ráðherra, stjórnar félaginu í samræmi við lög og reglugerðir og í samráði við framkvæmdastjórn, kosna af fulltrúaráði samkvæmt 5. og 6. gr.

5. gr.

Félagið skiptist í deildir, og er hvert bæjar- og hreppsfélag sérstök deild í félaginu.

Þegar að afstöðnum hverjum reglulegum bæjar- og sýslunefndarkosningum skal hvert bæjarfélag utan Reykjavíkur og öll sýslufélög landsins tilnefna einn mann hvert og annan til vara í fulltrúaráð fyrir félagið. Réttur bæjar- og sýslufélaga til tilnefningar í fulltrúaráð og þátttöku í starfsemi þess fellur niður, er bæjarfélag eða öll hreppsfélög í einhverri sýslu hafa sagt upp tryggingu hjá félaginu. Atkvæðisréttur sýslunefndarmanna á sýslufundi við tilnefningu manns í fulltrúaráð er við það bundinn, að hreppur sá, er hann er fulltrúi fyrir, hafi ekki sagt upp tryggingum hjá félaginu.

Ef Brunabótafélagið, samkvæmt heimild í 1. málsgr. 8. gr. laga félagsins, tekur að sér brunatryggingar á húsum í Reykjavík, skal bæjarstjórn einnig velja aðalmann og varamann af sinni hálfu til fulltrúaráðsins.

6. gr.

Brunabótafélagið kallar fulltrúaráðið saman til aðalfundar fjórða hvert ár, strax eftir að bæjar- og sýslufélög hafa haft hæfilegan frest til að tilnefna fulltrúaráðsmenn. Fulltrúaráð skal auk þess kallað saman til aukafunda, hvenær sem framkvæmdastjórn ákveður og ætíð, ef eigi færri en ⅓ fulltrúaráðsmanna óska þess. Fyrsta aðalfund félagsins skal halda þegar eftir að lög þessi koma til framkvæmda.

Á aðalfundi fulltrúaráðs skal kjósa þrjá menn í framkvæmdastjórn fyrir félagið og þrjá til vara, alla úr hópi fulltrúaráðsmanna. Þar skal ræða um rekstur félagsins, afkomu og framtíðarhorfur og taka til athugunar, hvað unnt er að gera til hagkvæmra brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og brunavarnir og einnig um aðrar tryggingar, er félagið kynni að takast á hendur.

Eftirlitsmenn brunavarna skulu mæta á fulltrúaráðsfundum og gefa skýrslu um störf sín.

Brunabótafélagið greiðir kostnað við fulltrúaráðsfundi og framkvæmdastjórn.

7. gr.

Skylt er, sbr. þó ákvæði 20. gr., að tryggja í félaginu allar húseignir í kaupstöðum og kauptúnum, þar með talin hús í smíðum, hvort sem þau eru eign einstakra manna, félaga eða opinberar eignir. Sömuleiðis er skylt að tryggja í félaginu öll hús utan kaupstaða og kauptúna, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsinu, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim.

8. gr.

Félaginu er heimilt, með samþykki ráðherra, að taka að sér brunatryggingar húsa í Reykjavík með sérstökum samningi við bæjarstjórn og að taka þátt í tryggingu húseigna í Reykjavík með öðrum vátryggingarfélögum.

Félaginu er og heimilt að taka í brunatryggingu hvers konar lausafé, hvar sem er á landinu, þar með taldar allar afurðir í vörzlu framleiðenda.

9. gr.

Vátryggingarupphæð húsa ákveðst með virðingargerð, og vátryggir félagið allt verð húsanna. Þó má tryggja hús í smíðum samkvæmt skýrslu eiganda. Lausafé skal tekið í vátryggingu eftir skrá, er eigandi semur með áætluðu sanngjörnu verði munanna.

Heimilt er félaginu og vátryggjendum skylt að breyta árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar, miðað við 1939.

Hagstofan reiknar byggingarvísitölu fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlok hvert ár.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast vátryggingarupphæð næstkomandi vátryggingarárs, þó þannig, að vátryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna. Þegar ætla má, að komin sé stöðvun á húsbyggingakostnað, er félaginu heimilt að láta fara fram endurvirðingu á öllum fasteignum, sem vátryggðar eru hjá félaginu.

10. gr.

Brunatryggingum félagsins skal haldið aðgreindum í 3 flokka, þannig að unnt sé að gera upp iðgjöld og tjón hvers flokks fyrir sig:

1. Tryggingarflokkur fasteigna í kaupstöðum og kauptúnum.
2. Tryggingarflokkur fasteigna í sveitum.
3. Tryggingarflokkur lausafjár.

Árlegur tekjuafgangur flokkanna svo og aðrar tekjur félagsins falla til sameiginlegs varasjóðs, sem er að fullu ábyrgur fyrir tjónum á vátryggingarstarfsemi félagsins.

11. gr.

Félagið leitar endurtryggingar eða samtrygginga hjá öðrum tryggingarfélögum, fyrst og fremst innlendum, og getur einnig sjálft tekið að sér hluta endurtryggingar hjá öðrum vátryggingarfélögum.

Nánari ákvæði um endurtryggingar á áhættu félagsins má ákveða í reglugerð, þar á meðal um það, hvað félagið megi hafa í eigin áhættu, varðandi einstakar áhættueiningar í sambandi við heildaráhættu, sem félagið ber, og einnig í hlutfalli við eignir þess.

12. gr.

Allir þeir, sem hafa vátryggingar hjá félaginu samkvæmt 7. gr., eru félagsmenn þess, á meðan þeir hafa tryggingarskipti við félagið. Félagsmenn ábyrgjast, að iðgjaldasjóður félagsins standi í skilum. Þó nær ábyrgðin aðeins til þeirra eigna, sem vátryggðar eru í félaginu. Sérstaks framlags má krefjast af félagsmönnum aðeins á þann hátt, að heimt sé visst aukagjald, er eigi sé hærra nokkurt ár en helmingur hins árlega iðgjalds, er tiltekið er í vátryggingarskírteini.

13. gr.

Vátryggingar á húseignum og lausafé samkvæmt 7. og 8. gr. gilda til þess tíma, sem tiltekið er í tryggingarskírteini.

Enga fasteign, sem er í skylduábyrgð, má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

14. gr.

Brunabótatrygging félagsins tekur ekki til þess tjóns, sem orsakast af landskjálfta eða ófriði, né heldur til þess tjóns, sem af því leiðir, að vátryggjandi, kona hans eða nánustu erfingjar eru valdir að brunanum af ásettu ráði eða fyrir stórkostlegt hirðuleysi.

Tryggingin tekur ekki heldur til tjóns, sem hlýzt af eldi, sem ekki verður talinn eldsvoði, sbr. 79. gr. laga nr. 20/1954, um vátryggingarsamninga. Félagið á auk þess rétt á að draga fjórðung af brunabótum, er vátryggjandi hefur út af eldsvoðanum verið dæmdur í sekt fyrir brot gegn brunamálalögunum eða ef hann hefur gengizt undir það sjálfviljugur að greiða slíka sekt.

15. gr.

Skaðabætur vegna brunatjóns má eigi greiða af hendi fyrr en haldin hefur verið réttarrannsókn út af brunanum. Þó má félagið gera undantekningu frá þessu, ef tjónið nemur eigi meira en 3000 kr.

16. gr.

Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús, sem skemmzt hefur við bruna, eða endurbyggja á sama stað hús, er brunnið hefur, eða þar sem félagið í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum, kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum ákveður, og er félaginu skylt að tryggja, áður en brunabæturnar eru greiddar, að þeim sé réttilega varið.

Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgr. greinar þessarar, þó svo að 15% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti, að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt, eða ástæður, sem tjónþola er ekki sjálfrátt um.

17. gr.

Þegar eignir þær, er tryggðar eru hjá félaginu, eru veðsettar, nær veðréttur einnig til brunabótafjárins. Glati veðsetjandi rétti sínum til brunabótanna, á veð-

hafi engu að síður heimtingu á greiðslu þeirra svo sem með þarf til að borga kröfuskuld hans með eins árs vöxtum, ef annað veð eða aðrar eignir veðsetjanda hafa ekki hrokkið til.

18. gr.

Iðgjöld af fasteignum í skyldutryggingu svo og skírteinisgjöld hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs. Séu gjöld eigi greidd innan 4 mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði án undanfarins dóms, sátta eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar.

Uppboð skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 4 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

19. gr.

Eindagi á öllum iðgjöldum fasteigna í skyldutryggingu skal vera 15. október. Nú eru eignir vátryggðar á öðrum tíma, og skal þá ávallt fyrsta vátryggingartímabilið teljast til 15. okt., þess er næstur kemur eftir að vátryggingin byrjar, nema vátryggt sé til skemmri tíma.

Öll iðgjöld greiðast fyrir fram fyrir vátryggingartímabilið.

Séu gjöldin eigi greidd áður en 3 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða af þeim dráttarvexti frá gjalddaga til greiðsludags, er nemi ½% fyrir hvern mánuð eða hluta af mánuði, sem það hefur dregizt.

20. gr.

Stjórn bæjar- eða sveitarfélaga getur leitað til stjórnar Brunabótafélagsins og óskað eftir því að fá endurskoðun eða breytingar á iðgjaldagreiðslum og öðrum kjörum varðandi brunatryggingar fasteigna í bæjar- eða sveitarfélaginu. Náist ekki samkomulag um samninga innan tveggja mánaða frá því, að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með 6 mánaða fyrirvara miðað við 15. okt. ár hvert.

Bæjar- eða sveitarfélag, sem gengið er úr félaginu, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, hefur eftir það engar skyldur við félagið né nýtur þar réttinda.

Rétt er Brunabótafélagi Íslands, ef stjórn þess ákveður, að gera sérsamninga við einstök bæjar- eða sveitarfélög um vátryggingarkjör húseigna í umdæminu, og þá einkum í sambandi við tryggilegar brunavarnir og aðrar aðstæður í umdæminu. Heimilt er bæjar- eða hreppsfélagi, sem hefur gengið úr félaginu, að gerast aftur meðlimur þess með þeim réttindum og skyldum, er því fylgja, enda sæki það um upptöku með eigi skemmri tíma en 4 mánaða fyrirvara, miðað við 15. október.

21. gr.

Þegar varasjóður Brunabótafélags Íslands er orðinn svo hár, að öruggt þykir að dómi framkvæmdastjórnar félagsins um fjárhagsafkomu þess, og í ljós kemur við lok reikningsárs, að brunatjón hafi ekki farið fram úr 80% af iðgjöldum á því ári, má af árlegum tekjuafgangi greiða félagsdeildum og/eða félagsmönnum ágóðahlut af skyldubundnum fasteignatryggingum. Á sama hátt má og ákveða um greiðslu ágóðahluta til annarra þeirra, sem tryggja hjá félaginu.

Upphæð ágóðahluta í hvert sinn ákveðst af framkvæmdastjórn og miðast við það, að félaginu safnist aukið fé í varasjóð, eftir því sem vátryggingarverðmætin vaxa.

Nánari ákvæði um ágóðaúthlutun skulu sett með reglugerð, staðfestri af ráðherra.

22. gr.

Nánari ákvæði um verksvið félagsins, virðingar, iðgjald, tryggingargreinar, endurtryggingu, brunatjón og bætur til vátryggðra, ábyrgð félagsmanna og annað fyrirkomulag á rekstri þess og starfsemi skulu sett með reglugerð, staðfestri af ráðherra.

23. gr.

Sjóðir félagsins skulu geymdir og ávaxtaðir sem hér segir:

a. Handbært fé á vöxtum í peningastofnunum og þá einkum með ríkisábyrgð.
b. Að öðru leyti í tryggðum verðbréfum og þá einkum með ríkisábyrgð.

Rétt er að verja fé varasjóðs til einstakra útlána gegn nægum tryggingum, ef þau á einhvern hátt eru til stuðnings starfsemi félagsins.

Þá er og heimilt að nota fé varasjóðs, ef öruggt þykir að áliti framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingargreina, sem félagið kynni að reka, enda hafi þær aðgreindan fjárhag, bókhald og reikningsfærslu.

Ársreikningar félagsins skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er fjármálaráðherra skipar til þess, og ákveður félagið þóknun til þeirra og greiðir hana.

24. gr.

Félagið hefur umboðsmenn í kaupstöðum og kauptúnum, sem eru sérstakir hreppar. Að öðru leyti ræður félagið umboðsmenn eftir því, sem þörf er á.

25. gr.

Brjóti vátryggjandi á móti lögum þessum eða reglum þeim og skilyrðum, sem sett eru samkvæmt þeim, varðar það réttindamissi til tjónþola eftir málavöxtum, svo sem reglugerð nánar tiltekur.

Brjóti aðrir en vátryggjendur gegn lögum þessum eða reglum og ákvæðum settum samkvæmt þeim, varðar það sektum, 100—5000 krónum eftir málavöxtum.

26. gr.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 73 frá 4. júlí 1942, um Brunabótafélag Íslands, lög nr. 52 frá 12. okt. 1944, um breyting á þeim lögum, svo og önnur lög og fyrirmæli, er brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af meiri hluta milliþinganefndar, sem kosin var af síðasta Alþingi til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur.

Nefndin sendi félagsmálaráðuneytinu frv. með bréfi, dags. 10. nóv. s. l. Var þess vænzt, að ráðuneytið gerði ráðstafanir til þess, að frv. yrði flutt á þessu þingi. Þar sem ráðuneytið hefur enn ekki gert ráðstafanir til flutnings frv., hafa nokkrir þingmenn talið rétt að flytja það nú þegar svo til óbreytt frá tillögum meiri hl. milliþinganefndarinnar. Flutningsmenn áskilja sér rétt til þess að hafa óbundnar hendur varðandi breytingartillögur, sem fram kunna að koma við frv.

Af hálfu meiri hl. milliþinganefndarinnar fylgdi frv. eftirfarandi greinargerð:

Í 5. gr. laga nr. 59 frá 4. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, voru sett eftirfarandi ákvæði:

„Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur. Nefndin kýs sér formann og skal í starfi sínu hafa samráð við forstjóra

Brunabótafélags Íslands. Nefndin skal ljúka störfum það snemma, að unnt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir næsta reglulegt Alþingi.“

Í samræmi við þessi fyrirmæli kaus Alþingi í nefndina þá þingmennina Jónas Rafnar, Jón Sigurðsson og Guðm. Í. Guðmundsson, og auk þess Guðmund Guðlaugsson forstjóra á Akureyri og Vilhjálm Jónsson lögfræðing í Reykjavík.

Nefndin hefur lokið störfum, og var meiri hluti nefndarinnar, fyrrgreindir þrír alþingismenn, sammála um frv. þetta, og einnig forstjóri Brunabótafélags Íslands.

Það var sérstaklega verkefni fyrrgreindrar milliþinganefndar að endurskoða lög Brunabótafélags Íslands, en í löggjöfinni um félagið hefur um hartnær 40 ára skeið verið að finna öll helztu fyrirmæli um brunatryggingar fasteigna utan Reykjavíkur. Þykir því rétt að víkja nokkru nánar að þessari löggjöf og starfsemi Brunabótafélagsins.

Það má óhætt fullyrða, að enginn verulegur skriður né framkvæmdir hafi orðið á innlendri brunatryggingu á húsum fyrr en með stofnun Brunabótafélags Íslands. En eftir langt þóf og miklar tafir voru sett lög nr. 54 frá 3. nóv. 1915, um stofnun Brunabótafélags Íslands. Það var þegar ákveðið í lögum þessum, að félagið skyldi vera gagnkvæmt brunabótafélag með ábyrgð ríkisins fyrir allt að 800 þús. kr. og að það skyldutryggði ⅝ hluta húseigna í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur. Félagið tók síðan til starfa undir forstjórn Sveins Björnssonar, síðar forseta Íslands, og 17. júní 1916 var tilkynnt, að ákvæði laganna næðu til brunatrygginga á húsum í 21 kaupstað og kauptúni utan Reykjavíkur. Verksvið Brunabótafélagsins var síðan aukið, einkum með lögum frá 1932 og síðari ákvæðum, og fram til þessa tíma hefur verið lagaskylda að tryggja hjá félaginu, auk allra húsa í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur, einnig öll hús í sveitum, nema gripahús, hlöður og geymsluhús, ef þau væru ekki áföst íbúðarhúsum. Einnig var félaginu síðar heimilað að brunatryggja lausafé, nema verzlunarbirgðir.

Starfsemi Brunabótafélagsins hefur vaxið mjög, einkum síðasta áratuginn, og hefur það komið sér upp mjög myndarlegum varasjóði, og ber nú ríkið ekki lengur neina ábyrgð á skuldbindingum þess. Það hefur nú tvo þriðju hluta í eigin ábyrgð, en endurtryggir einn þriðja hluta.

Brunabótafélag Íslands hefur um langt árabil kostað kapps um að auka og efla brunavarnir, og það heldur nú uppi og kostar eftirlit með brunavörnum, hefur látið útbúa og útvegað hentug og ódýr slökkvitæki, þar með taldar bifreiðar, og látið þau í té með mjög hagkvæmu verði og greiðsluskilmálum. Auk þess hefur félagið lánað mikið fé víða um land til vatnsveitna og annars þess, sem eflir brunavarnir.

Með auknum brunavörnum og eftirliti hefur félaginu tekizt að lækka brunabótaiðgjöld mjög verulega og greiðir nú ágóðahlut til félags- og viðskiptamanna sinna.

Það ræður að líkum, að þessi starfsemi og reynsla Brunabótafélagsins í hartnær 40 ár gerir það að verkum, að mjög eðlilegt sé og sjálfsagt, að það haldi áfram þjóðnytjastörfum sínum við tryggingar og brunavarnir. Þótti því einsætt, að aðallega þyrfti að athuga, á hvern veg ætti að breyta lagaákvæðunum um Brunabótafélag Íslands, svo að það gæti áfram innt af höndum merkilegt verkefni í tryggingarmálum landsmanna.

Þau lög, sem nú gilda um Brunabótafélag Íslands, eru nr. 73 frá 4. júlí 1942 og lög nr. 52 frá 12. okt. 1944, um breyting á þeim lögum. Svo komu og til athugunar lög nr. 59 frá 4. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Það frv., sem hér liggur fyrir, er raunverulega breyting og nokkur umsköpun á framangreindri löggjöf. En helztu nýmæli frv. þessa eru:

1. Lagt er til, að teknir séu upp nýir og breyttir stjórnarhættir hjá Brunabótafélagi Íslands, sjá þar einkum 5. og 6. gr.
2. Lagt er til, að bæjar- og sveitarfélög geti gengið úr Brunabótafélagi Íslands, miðað við ákveðinn fyrirvara og tímamörk, sjá 20. gr. frv., sbr. og 1. gr. laga 59/1954.

3. Félaginu sé heimilað, eftir vissum reglum, að taka að sér fleiri og víðtækari tryggingargreinar.

Skal nú vikið að hverri einstakri grein fyrir sig og þá sérstaklega að þeim nýmælum, sem þar er að finna.

Um 1. gr.

Þessi gr. er eins og 1. gr. laga 73/1942, en aðeins bætt við tilvitnun í almennar reglur laga 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Um 2. gr.

Hér eru sett nokkur ný og skýrari ákvæði um tilgang og starfsemi Brunabótafélags Íslands en áður voru í 2. gr. laga 73/1942 og gert ráð fyrir að binda í lögum það, sem áður hefur verið framkvæmt af félaginu, án þess að um það væru sérstök lagaákvæði, svo sem um stuðning við brunavarnir, útvegun slökkvitækja, lán til vatnsveitna o. fl. og aðstoð við eftirlit með brunavörnunum. Þykir eðlilegra og réttara að hafa þetta ákvæðið í löggjöfinni.

Um 3. gr.

Hér er að finna sams konar ákvæði og voru í 20. gr. laga 73/1942.

Um 4. gr.

Hér eru sams konar ákvæði eins og 21. gr. laga 73/1942 um skipun forstjóra félagsins, en bætt við fyrirmæli um framkvæmdastjórn, sem valin er eftir reglum 5. og 6. gr.

Um 5. gr.

Í upphafi þessarar gr. eru sömu fyrirmæli og áður giltu um, að Brunabótafélagið skiptist í deildir. En auk þess er lagt til að lögfesta það nýmæli, að bæjar- og sýslufélög kjósi einn mann hvert í fulltrúaráð fyrir félagið.

Um 6. gr.

Hér eru ákvæði um aðalfund fulltrúaráðsins og aukafundi og um kosningu þess á þrem mönnum úr sínum hópi í framkvæmdastjórn fyrir félagið, svo og um verkefni fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar og greiðslu kostnaðar við störf þeirra.

Það þótti mjög eðlilegt og í samræmi við skipulag og verksvið Brunabótafélags Íslands, að valdir fulltrúar bæjarfélaga og sýslna fylgist með í störfum og rekstri félagsins, sem hefur það hlutverk að brunatryggja húseignir í umdæmum þessum. Þessir kjörnu fulltrúar eiga að gæta hagsmuna vátryggðra og tryggja, að þeir njóti beztu kjara, sem unnt er að fá, og að efldar séu brunavarnir og aðrar varúðarráðstafanir. Hefur forstjóri Brunabótafélagsins fyrir nokkrum árum lagt til, að þessir skipulagshættir væru upp teknir á stjórn félagsins. Þessi ákvæði eru og mjög sambærileg við fyrirmæli samþykkta brunabótafélaganna, sem annast vátryggingar í kaupstöðum og sveitum á Norðurlöndum og eru stofnuð og hafa verið rekin langa lengi með svipuðu sniði og Brunabótafélag Íslands og þjónað hafa þar sama markmiði. Reynslan af þessum skipulagsháttum brunabótafélaganna á Norðurlöndum hefur þótt gefa mjög góða raun. Þykir því eðlilegt og enda sjálfsagt að koma þessu skipulagi einnig á hér á landi.

Kostnaður við fulltrúaráð ætti ekki að vera ýkja mikill, þar sem gert er ráð fyrir, að það haldi venjulega ekki fundi nema fjórða hvert ár. Samgöngur eru orðnar mjög góðar og leiðir greiðfærar, og ferðakostnaður ætti því ekki að vera mjög hár. Minni stofnanir en Brunabótafélag Íslands halda aðalfundi á hverju ári, og sækja þá oft fulltrúar víðs vegar að af landinu.

Um 7. gr.

Að mestu leyti samhljóða 3. gr. laga 73/1942.

Um 8. gr.

Felld er hér niður 1. málsgr. 4. gr. laga 73/1942, í samræmi við þær breytingar, sem gerðar eru í 7. gr. frv. um það að hafa gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum í skyldutryggingu. 1. málsgr. þessarar gr. frv. er í samræmi við 2. málsgr. 4. gr. laga 73/1942. Hér er loks sú breyting gerð, að felld er niður takmörkun, er ákveðin var í 4. gr. laga 73/1942, um heimild Brunabótafélagsins til að brunatryggja lausafé, og þykir ekki þurfa nánari skýringar.

Um 9. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 5. gr. laga 73/1942 og 1. gr. laga 52/1944 og þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Um 10. gr.

Hér er sú breyting gerð á 6. gr. laga 73/1942, að felldur er niður 4. flokkur (tryggingarflokkur fasteigna í Reykjavík) og 5. flokkur (tryggingarflokkur stríðstrygginga íslenzkra skipshafna), en ástæðulaust þykir að halda þessum eldri ákvæðum.

Um 11. gr.

Þessi gr. kemur í stað 7. gr. laga 73/1942 og 2. gr. laga 52/1944 og er að efni til eins, nema gert er ráð fyrir að ákveða sum atriði nánar í reglugerð, en binda ekki í lögum, auk þess að Brunabótafélaginu er þar heimiluð þátttaka í endurtryggingum hjá öðrum tryggingarfélögum.

Um 12. gr.

Að mestu leyti samhljóða 8. gr. laga 73/1942.

Um 13. gr.

Samhljóða ákvæðum 9. gr. laga 73/1942 og því óþarfi að skýra.

Um 14. gr.

Í samræmi við 10. gr. laga 73/1942, aðeins bætt inn í ákvæði úr 79. gr. laga 20/1954, um vátryggingarsamninga.

Um 15. gr.

Samhljóða 11. gr. laga 73/1942, nema upphæð tjóna í niðurlagi gr. er hækkuð úr 500 í 3000 kr.

Um 16. gr.

Eins og 12. gr. laga 73/1942, nema í stað 10—20% kemur hér 15%.

Um 17. gr.

Samhljóða 13. gr. laga 73/1942.

Um 18. gr.

Eins og ákvæði 14. gr. laga 73/1942, aðeins styttir frestir.

Um 19. gr.

Samhljóða 15. gr. laga 73/1942.

Um 20. gr.

Hér eru sett ný ákvæði, sem eru nánari skýringar og fyllri fyrirmæli um ákvæði 1. gr. laga nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, þar sem gert er ráð fyrir því, að heimilt sé fyrir bæjar- eða sveitarstjórnir utan Reykjavíkur að semja við önnur vátryggingarfélög en Brunabótafélagið um brunatryggingar húsa í umdæminu. Þykir eðlilegast að hafa þetta með þeim hætti, að bæjar- eða sveitarfélagi sé heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu, ef samkomulag hefur ekki tekizt innan ákveðins frests um breytingar á iðgjaldagreiðslum eða öðrum vá-

tryggingarkjörum, sem óskað hefur verið eftir af stjórn bæjar- eða sveitarfélags. Hins vegar þykir óhjákvæmilegt, að brottför úr Brunabótafélaginu sé með 6 mánaða fyrirvara miðað við 15. okt. ár hvert. Reikningsár félagsins er frá 15. okt. til jafnlengdar næsta ár, en iðgjöld falla í gjalddaga 15. okt. ár hvert. Löngu fyrir gjalddaga þarf að undirbúa á aðalskrifstofu félagsins innheimtuskrár og iðgjaldakvittanir, sem þurfa að vera komnar í hendur umboðsmanns þess fyrir gjalddaga. Er félaginu því nauðsynlegt að vita um það með nokkurra mánaða fyrirvara, hvort deildirnar í félaginu séu áfram í því eða ekki, svo að undirbúningsvinna á aðalskrifstofu sé ekki unnin fyrir gýg.

Það leiðir af eðli málsins, að deildir þær, er kynnu að ganga úr Brunabótafélaginu, hafa ekki eftir úrgöngu sína neinar skyldur við félagið og njóta þar ekki heldur neinna réttinda.

Í þessari gr. frv. er lagt til að lögfesta það, sem framkvæmt hefur verið undanfarin ár, að Brunabótafélaginu sé rétt að gera sérsamninga við einstök bæjar- eða sveitarfélög um vátryggingarkjör húsa í umdæminu, og þá einkum í sambandi við tryggilegar brunavarnir og aðrar aðstæður.

Um 21. gr.

Grein þessi er í höfuðatriðum í samræmi við efni 17. gr. laga 73/1942 og reglugerðar, útgefinnar af félagsmálaráðuneytinu 23. apríl 1954, um greiðslu ágóðahluta hjá Brunabótafélagi Íslands.

Í frv. þessu er felld niður 18. gr. laga 73/1942, um stofnun eftirlaunasjóðs, sem ekki þykir ástæða til að hafa, þar sem flestir starfsmenn Brunabótafélagsins eru í hinum almenna lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

Um 22. gr.

Ákvæði þessarar gr. eru að mestu leyti í samræmi við 19. gr. laga 73/1942, en nokkru fyllri og þarfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Nokkur breyting er hér gerð á ákvæðum 22. gr. laga 73/1942, er ákveður um geymslu og vöxtu sjóða Brunabótafélagsins. Það nýmæli er hér að finna, að heimilað er að nota fé varasjóða, ef öruggt þykir, til stofnunar og rekstrar nýrra tryggingargreina, enda þurfi samþykki framkvæmdastjórnar og fulltrúaráðs að koma til. Þykir mjög eðlilegt, að félaginu sé veitt þessi heimild, eftir að burt er felldur einkaréttur þess til brunatrygginga allra fasteigna utan Reykjavíkur og önnur vátryggingarfélög geta keppt við það í þeim efnum.

Um 24. gr.

Samhljóða 23. gr. laga 73/1942.

Um 25. gr.

Ákvæðin eru í samræmi við 24. gr. laga 73/1942, sektarupphæðir eru þó hækkaðar, miðað við breyttan kaupmátt ísl. krónu.

Um 26. gr.

Samhljóða 25. gr. laga 73/1942.

Um 27. gr.

Hér er lagt til, að algerlega séu felld úr gildi bæði lög nr. 73/1942, um Brunabótafélag Íslands, og lög nr. 52/1944, um breyting á þeim lögum, svo og önnur fyrirmæli, er brytu í bága við ákvæði frv. þessa. Hins vegar er gert ráð fyrir, að áfram haldi gildi ákvæði laga nr. 59 frá 24. apríl 1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, en ákvæði 20. gr. þessa frv. sé aðeins nánari skýring og fyllri fyrirmæli um ákvæði 1. gr. laga 59/1954.

Ed. 291. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 24. gr. Í stað „72 krónur“ í 5. tölul. komi: 78 krónur.
2. Við bráðabirgðaákvæði. Aftan við 2. málsgr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hliðstæðar uppbætur verði greiddar á elli- og örorkulífeyri fyrir árið 1954, og greiðir þá ríkissjóður ⅓ hluta þeirrar útgjaldaaukningar, en ⅔ hluta greiði Tryggingastofnunin.

Nd. 292. Frumvarp til laga [95. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 288 með þessum breytingum:

24. gr. hljóðar svo:

Til þess tíma, er 23. gr. segir, skal III. kafli laga nr. 104 30. des. 1943, um sjúkratryggingar, vera í gildi með þeim breytingum, er hér greinir:

1. Ríkisstjórnin getur að fengnum tillögum tryggingaráðs ákveðið, að sjúkrasamlög, sem starfa í sama tryggingaumdæmi, skulu sameinuð, enda séu stjórnir a. m. k. ⅔ hluta sjúkrasamlaganna því samþykkar. Nú sameinast öll samlög innan sama umdæmis, og skal þá sýslunefnd kjósa fjóra menn í stjórn samlagsins.
2. Ríkisstjórnin getur, ef tryggingaráð gerir tillögur þar um, ákveðið, að greiðslur sjúkrasamlaga fyrir lyf, önnur en þau, er lífsnauðsynleg teljast til notkunar að staðaldri, og umbúðir utan sjúkrahúsa, samkv. 2. tölul. 33. gr. l. 104/1943, skuli takmarkaðar frekar en þar er gert.
3. Þegar maður, 67 ára eða eldri, þarfnast sjúkrahúss- eða hælisvistar umfram þær 5 vikur, er sjúkrasamlagi hans ber að greiða samkv. síðari málslið fyrstu málsgr. 38. gr. laga nr. 104 frá 1943, vegna ellikramar eða annarra slíkra sjúkdóma, skal Tryggingastofnun ríkisins þann tíma, er hann þarfnast hjálparinnar, greiða ríkisframfærslunni ellilífeyri þann, er hlutaðeigandi á rétt til, ásamt álagi, sem úrskurðað kann að vera samkv. 16. gr., ef ákvæði ríkisframfærslulaga nr. 78/1936 verða látin taka til langvarandi ellisjúkdóma á sama hátt og þau taka nú til annarra langvarandi sjúkdóma.
4. Ákvæði 2. mgr. 39. gr. taka ekki til þeirra, sem samkvæmt milliríkjasamningum öðlast rétt til sjúkrahjálpar í öðru landi vegna dvalar þar, að því er varðar þá sjúkrahjálp, sem samningarnir fjalla um.
5. Hámark framlags ríkissjóðs og sveitarsjóðs samkv. 47. gr. laga nr. 104/1943 skal vera 78 krónur á ári að viðbættri verðlagsuppbót samkv. vísitölu þeirri, sem uppbætur á laun, er ekki fara fram úr kr. 1830.00 á mánuði, miðast við.
6. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem þess óska og eigi hafa hærri tekjur en svo, að þær ásamt lífeyri frá Tryggingastofnuninni eða eftirlaunum úr opinberum sjóði nemi þrefaldri lífeyrisupphæð samkv. 15. gr. laganna.

Bráðabirgðaákvæði hljóðar svo:

Nú ákveður Alþingi að ganga að einhverju leyti til móts við óskir opinberra starfsmanna um, að laun þeirra verði hækkuð til samræmingar við launahækk-

anir, sem aðrar stéttir þjóðfélagsins hafa fengið á undanförnum árum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að greiða skuli uppbætur á ellilaun og örorkulífeyri, samkvæmt 5. gr. 1. tl. a. og b., fyrir árið 1955 til samræmis við þær launabætur, sem embættismenn þannig kunna að fá.

Jafnframt skulu þá hækka framlög ríkissjóðs og sveitarsjóða og iðgjöld atvinnurekenda og hinna tryggðu samkvæmt 27. gr. hlutfallslega jafnt, þannig, að hækkunin jafngildi útgjaldaaukningunni.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að hliðstæðar uppbætur verði greiddar á elli- og örorkulífeyri fyrir árið 1954, og greiðir þá ríkissjóður ⅓ hluta þeirrar útgjaldaaukningar, en ⅔ hluta greiði Tryggingastofnunin.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis, að fengnum tillögum tryggingaráðs.

Nd. 293. Breytingartillaga [13. mál]

við frv. til l. um aðstoð við togaraútgerðina á árinu 1954.

Frá Emil Jónssyni.

Á eftir 5. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að lækka söluverð nýjustu togaranna með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að nota fiskimjölsvélar þeirra.

Nd. 294. Frumvarp til laga [13. mál]

um aðstoð við togaraútgerðina.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt til ársloka 1955 að innheimta sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum. Má gjald þetta nema allt að 100% af fob-verði bifreiðanna, og innheimtir innflutningsskrifstofan það, sbr. þó 5. gr.

Ef fob-verð er ekki tiltekið, miðast gjaldið við tollmat bifreiðanna, að frádregnu flutningsgjaldi og vátryggingargjaldi.

2. gr.

Gjald það, sem innheimt er samkvæmt 1. gr., skal renna í sérstakan sjóð, sem er eign ríkisins.

Úr sjóði þessum skal greiða togaraútgerðinni rekstrarstyrk á árunum 1954 og 1955. Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag, sem skipinu sannanlega er haldið úti til veiða á tímabilinu 1. ágúst 1954 til 31. des. 1955.

3. gr.

Sjóð þann, er um ræðir í 2. gr., skal geyma á sérstökum reikningi í Landsbanka Íslands.

Stjórn sjóðsins og greiðslu styrkja úr honum skal fela tveimur mönnum. Skipar fjármálaráðherra annan, en sjávarútvegsmálaráðherra hinn.

Kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af fé hans.

4. gr.

Ríkisstjórnin sker úr, ef ágreiningur er um hverjar bifreiðar skuli gjaldskyldar samkvæmt 1. gr., svo og ef ágreiningur er um verð það, sem gjaldið miðast við.

5. gr.

Nú hefur innflutningsleyfi verið veitt fyrir bifreið áður en lög þessi öðlast gildi, en hún eigi verið tollafgreidd fyrir gildistöku laganna, skal þá tollyfirvald heimta gjald samkvæmt 1. gr. þegar tollafgreiðsla fer fram.

Nú hefur bifreið verið tollafgreidd fyrir gildistöku laga þessara og skal þó heimilt að krefja um leyfisgjald samkvæmt lögunum, ef leyfi til tollafgreiðslu bifreiðarinnar hefur verið veitt með fyrirvara um innheimtu gjaldsins síðar, ef það yrði á lagt. Ber innflytjandi slíkrar bifreiðar ábyrgð á greiðslu gjaldsins.

6. gr.

Veita skal tveggja ára greiðslufrest á afborgunum lána, er stofnlánadeild sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands hefur veitt til kaupa á togurum, og lánstíminn lengjast samkvæmt því. Fresturinn telst frá gjalddaga hverrar afborgunar, einnig þó að um áfallnar, en ógreiddar afborganir lána þessara sé að ræða.

Sama gildir um afborganir af lánum, er ríkissjóður hefur veitt til kaupa á nýjum togurum.

7. gr.

Þar sem talað er um ríkisstjórnina í lögum þessum er átt við ríkisstjórnina í heild.

8. gr.

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Má í þeim reglum m. a. ákveða mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig, að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 295. Lög [10. mál]

um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 15. des.)

Samhljóða þskj. 125.

Ed. 296. Nefndarálit [13. mál]

um frv. til laga um aðstoð við togaraútgerðina.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (GÍG) áskilur sér þó rétt til að bera fram breytingartillögur.

Alþingi, 15. des. 1954.

Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr.	Ingólfur Flygenring, frsm.	Bernh. Stefánsson.
	Guðm. Í. Guðmundsson.	

Sþ. **297. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955 og við brtt. á þskj. 269.

I. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 13. gr. A. III. 25. Nýir liðir:

1. Andalækur	150 000
Til vara	100 000
2. Dalsá	100 000

II. Frá *Einari Olgeirssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við 14. gr. B. II. (Íslenzkir námsmenn).

1. Við a. (Íslenzkir námsmenn erlendis). Fyrir „875 000“ kemur	1 000 000
2. Við b. (Framlag til námslána). Fyrir „400 000“ kemur	475 000

III. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 14. gr. B. II. c. (Lánasjóður stúdenta).

Fyrir „500 000“ kemur	700 000

IV. Frá *Gils Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. I. 6. (Landsbókasafnið). Nýr liður:

Til viðhalds og ljósmyndunar illa farinna handrita	10 000

V. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 15. gr. A. II. Nýr (rómv.) liður:

Til að koma á fót mannfræðideild við Þjóðskjalasafnið, er m. a. hefji samningu spjaldskrár yfir Íslendinga með æviatriðum þeirra og mynd	100 000

VI. Frá *Einari Olgeirssyni, Gils Guðmundssyni* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 15. gr. A. III. 6. (Hljómplötusafn).

Fyrir „5 000“ kemur	50 000

VII. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 15. gr. A. VIII. 6. (Bókasafn Siglufjarðar).

Fyrir „6 250“ kemur	13 000
Til vara	10 000

VIII. Frá *Bjarna Benediktssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
Við 15. gr. A. IX. 19. Liðurinn orðist svo:

Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn 75 þús. kr. framlagi frá Sáttmálasjóði	125 000

IX. Frá *Gils Guðmundssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. A. IX. 19. Liðurinn orðist svo:

Til samningar íslenzkrar orðabókar, gegn a. m. k. 75 þús. kr. framlagi úr Sáttmálasjóði	125 000

X. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við 15. gr. A. X. (Skáld, rithöfundar og listamenn).
1. Fyrir „800 000“ kemur 950 000
2. Aftan við síðari málsgr. aths. bætist: en verja skal hún þó allt að 100 þús. kr. til þess að verðlauna á árinu þrjú rit eftir íslenzka höfunda.

XI. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Gils Guðmundssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 15. gr. A. XXVII. (Vísindamenn og fræðimenn).
Fyrir „120 000“ kemur 175 000

XII. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
1. Við 15. gr. A. XXVIII. 10. (Leikstarfsemi á Siglufirði).
Fyrir „4 000“ kemur 6 000
2. Við 15. gr. A. XXX. 4. (Tónlistarskóli Siglufjarðar).
Fyrir „10 000“ kemur 20 000

XIII. Frá *Einari Ingimundarsyni.*
Við 15. gr. A. XXX. 4. (Tónlistarskóli Siglufjarðar).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000

XIV. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 15. gr. A. XXXV. Nýr liður:
Til þess að skreyta opinberar byggingar með listaverkum 300 000

XV. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Einari Ingimundarsyni, Einari Olgeirssyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við brtt. 269, 34. b. (Við 15. gr. A. XXXVI). Liðurinn orðist svo:
Til Guðmundar Einarssonar frá Miðdal og Karls O. Runólfssonar, 30 þús. kr. byggingarstyrkur til hvors 60 000

XVI. Frá *Sigurði Ágústssyni.*
Við 16. gr. A. 23. Nýr liður:
Til sjóvarnargarðs í Ólafsvík 200 000
Til vara 100 000

XVII. Frá *Einari Olgeirssyni, Sigurði Guðnasyni, Gunnari Jóhannssyni* og *Brynjólfi Bjarnasyni.*
Við 17. gr. 9. (Sumardvalarheimili o. fl.).
1. Fyrir „100 000“ kemur 200 000
2. Nýr liður:
Til orlofs og sumardvalar fyrir húsmæður frá barnmörgum heimilum á vegum mæðrafélaga, mæðrastyrksnefnda og annarra samtaka, er annast slíka starfsemi, en félagsmálaráðuneytið úthlutar fénu til samtakanna 75 000

XVIII. Frá *Gils Guðmundssyni, Einari Olgeirssyni* og *Gylfa Þ. Gíslasyni.*
Við 17. gr. 17. (Slysavarnir).
1. Við a. (Almennar slysavarnir).
Fyrir „150 000“ kemur 200 000
2. Við b. (Umferðarslysavarnir).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000

XIX. Frá *Bernharð Stefánssyni.*
Við 18. gr. II. a. Björgvin Guðmundsson.
Fyrir „10 350.00“ kemur 15 000.00

XX. Frá *Brynjólfi Bjarnasyni.*
1. Við 20. gr. Út. XI. 4. (Menntaskólahús í Reykjavík).
Fyrir „1 600 000“ kemur 2 600 000
2. Við 20. gr. Út. XI. 7. (Kennaraskóli Íslands).
Fyrir „750 000“ kemur 1 400 000

XXI. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 20. gr. Út. XXVI. Textinn orðist svo:
Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála.

XXII. Frá *Karli Guðjónssyni.*
Við 22. gr. XII. Nýr liður:
Að greiða rekstrarhalla, er verða kann af flutningi mjólkur, mjólkurafurða og annarra búsafurða milli hafna í Árnessýslu og Vestmannaeyja, allt að 160 þús. kr., enda verði hin aðflutta mjólk ekki seld á hærra verði í Vestmannaeyjum en gert er í Reykjavík.

XXIII. Frá *Gísla Jónssyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XIV. Nýr liður:
Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns verði eign þjóðgarðsins á Þingvöllum, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.

XXIV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni, Sigurði Ó. Ólafssyni* og *Helga Jónassyni.*
Við 22. gr. XVII. Orðin „landssambandi hestamannafélaga“ falli burt.

XXV. Frá *Jörundi Brynjólfssyni* og *Sigurði Ó. Ólafssyni.*
Við 22. gr. XVII. Nýr liður:
Að kaupa af Einari Pálssyni bankaútibússtjóra á Selfossi land það, er hann á í Sölvholtstorfunni.

XXVI. Frá *Hermanni Jónssyni* og *Gils Guðmundssyni.*
Við 23. gr. Á eftir greininni komi ný grein, svo hljóðandi:
Fari ríkistekjurnar 1955 fram úr 560 millj. kr., skal ¾ hlutum þeirrar upphæðar, sem umfram er, varið til byggingar sementsverksmiðju, nema Alþingi ráðstafi fé þessu á annan hátt til uppbyggingar atvinnulífsins með sérstökum lögum.

Nd. 298. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á l. nr. 68/1947, um eftirlit með skipum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

Í D-lið 34. gr. laganna bætist nýr tölul., er verði 3. liður, svo hljóðandi:
Á öllum fiskiskipum, sem stærri eru en 12 rúmlestir, skulu vera björgunarbátar, nægjanlega stórir fyrir alla skipshöfnina. Þar sem erfitt eða ómögulegt er að koma við venjulegum björgunarbátum á fiskiskipunum, skal hafa gúmmíbáta.

2. gr.

Við 4. tölul. (verður 5. liður) í D-lið 34. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Með reglugerð um notkun björgunartækja, er ráðuneytið setur, skal tryggja það, að sjómenn verði þjálfaðir í meðferð gúmmíbáta.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um eftirlit með skipum er gert ráð fyrir því, að á öllum skipum, þar sem því verður við komið, sé skylda að hafa björgunarbáta til öryggis skipshöfn og farþegum. Munu og allir sammála um nauðsyn og réttmæti þeirra lagaákvæða.

En þegar þau lög voru sett, mun löggjafinn ekki hafa séð til þess neina möguleika, að slíkum öryggisbúnaði yrði komið fyrir með neinu skaplegu móti á vélbátunum almennt, enda vissu menn þá ekki skil á annarri gerð björgunarbáta en tiltölulega þungum og fyrirferðarmiklum tré- eða málmbátum.

En tækninni fleygir fram, og nú hafa allmargir vélbátaeigendur búið fiskiskip sín gúmmíbátum til öryggis skipshöfninni. Slíkir bátar eru fyrirferðarlitlir og léttir, svo að vandalaust er að koma þeim fyrir jafnvel í hinum minnstu þilfarsbátum.. Gúmmíbátarnir hafa þegar borgið mörgum mannslífum og sannað það í reynd, að þeir koma að gagni.

Í Vestmannaeyjum hafa þeir verið í vélbátum síðustu 4 vertíðir, fyrst aðeins í fáum bátum, en nú munu þeir komnir í flesta eða alla Eyja-báta.

Á því stutta tímabili, sem reynsla er af tækjum þessum í Vestmannaeyjum, hafa 3 bátar farizt, og er fullvíst, að enginn maður af neinum þeirra hefði haldið lífi án gúmmíbátanna. En af þessum bátum björguðust menn sem hér segir:

Af m/b Veigu, er fórst 15. apríl 1952	6 menn
Af m/b Guðrúnu, er fórst 23. febr. 1953	4 menn
Af m/b Glað, er fórst 11. apríl 1954	8 menn
Samtals bjargast á gúmmíbátum s. l. 3 vertíðir	18 menn

Þessi reynsla sannar það fullkomlega, að gúmmíbátarnir, sem menn höfðu takmarkaða trú á í upphafi, koma að miklu gagni, og verður að teljast fullkomlega tímabært, að tryggt sé með lagasetningu, að þeir verði framvegis í hverjum þeim fiskibát, er sækir út fyrir grynnstu mið og ekki hefur hina stærri björgunarbáta innanborðs.

En meðferð þessara báta hefur til þessa ekki verið kennd sjómönnum svo sem vert væri, og þarf að tryggja með reglugerðarákvæðum, að sjómenn fái nauðsynlega fræðslu um rétta meðferð þeirra, og væri eðlilegt að leita um það efni samvinnu við Slysavarnafélag Íslands.

Nd. 299. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauki við þau.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 40. gr. Greinin falli niður.

Til vara:

Við greinina bætist: Þó kemur ekki til skerðingar, fyrr en tekjurnar fara fram úr tvöföldum ellilífeyri.

Nd. 300. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ólafi Thors.

Framan við efnislið 1. gr. bætast nýir liðir:

1. Á eftir B. 2. kemur nýr liður:
   Úlfarsárvegur: Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá, norðan Úlfarsár og Úlfarsfells á Reykjaveg.
2. Á eftir orðinu „Reykjahverfi" í B. 3. kemur: með álmu að Reykjalundi.

Ed. 301. Breytingartillögur [13. mál]

við frv. til laga um aðstoð við togaraútgerðina.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Við 2. gr.
   a. Á eftir 1. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
      Auk þess skal renna í sjóðinn dýrtíðarsjóðsgjald af bifreiðum samkv. lögum nr. 112 28. des. 1950, innheimt árin 1954, 1955 og 1956.
   b. Fyrir orðin „Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag" komi: Greiða skal hverjum einstökum togara kr. 3000.00 fyrir hvern dag.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Árið 1955 skulu eftirfarandi ákvæði gilda til stuðnings útgerðinni:
   a. Verð á brennsluolíu (fuel-olíu) skal lækka um kr. 50.00 hvert tonn frá því verði, sem í gildi var 1. des. 1954.
   b. Vextir af afurðalánum sjávarútvegsins skulu eigi vera hærri en 2½%.
   c. Flutningsgjöld íslenzkra skipa á framleiðsluvörum sjávarútvegsins skulu lækka um 20% frá því, sem var árið 1954.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Ríkisstjórninni er heimilt að lækka söluverð nýjustu togaranna með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að nota fiskimjölsvélar þeirra.
4. 8. gr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Skal í þeim reglum ákveðið, hverrar tegundar bifreiðar skuli gjaldskyldar. Ákveða má mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálsar.
   Innflutningur skal vera frjáls á þeim bifreiðum, sem innflutningsgjald ber að greiða af samkvæmt lögum þessum.

Ed. 302. Lög [13. mál]

um aðstoð við togaraútgerðina.

(Afgreidd frá Ed. 15. des.)

Samhljóða þskj. 294.

Sþ. 303. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

Frá ríkisstjórninni.

1. Við 19. gr. 1. Nýr liður:
   Til uppbóta á grunnlaun og lífeyri (áætlað) 6 000 000
2. Við 23. gr.
   a. Fyrir orðin „Á árinu 1955 ... flokki launalaga 17%“ í 1. mgr. kemur: Á árinu 1955 skal greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót.
   b. Á eftir 1. mgr. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
      Fyrir árið 1954 skal greiða starfsmönnum ríkisins sömu uppbót og segir í 1. mgr., að frádregnum þeim uppbótum, er greiddar hafa verið samkv. 23. gr. fjárlaga fyrir það ár.
   c. Við 2. mgr.
      1. Fyrir orðin „Á árinu 1955 skal greiða 15%“ kemur: Á árunum 1954 og 1955 skal greiða 20%.
      2. Fyrir „14 400 kr.“ kemur 20 000

Sþ. 304. Tillaga til þingsályktunar [131. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki sitt til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 18. desember 1954, enda verði það kvatt saman aftur eigi síðar en 4. febrúar næstkomandi.

Sþ. 305. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955.

I. Frá *Sigurði Ágústssyni* og *Ásgeiri Bjarnasyni*.
   Við 13. gr. A. II. a. 18. Nýr liður:
   Heydalsvegur 300 000
   Til vara 200 000

II. Frá *Sigurði Ágústssyni*.
   Við 13. gr. A. III. 6. Nýr liður:
   Mjósund í Helgafellssveit 300 000

III. Frá *Gunnari Thoroddsen, Jörundi Brynjólfssyni, Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Gils Guðmundssyni*.
   Við 17. gr. 21. Nýr liður:
   Styrkur til starfsemi neytendasamtaka Reykjavíkur 35 000

IV. Frá *Sigurði Bjarnasyni, Ásgeiri Bjarnasyni, Eiríki Þorsteinssyni* og *Gísla Jónssyni.*
Við 22. gr. V. Nýr liður:
Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að bera meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

V. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er fjármálaráðherra metur gildar, 200 þús. kr. lán, er Flóabáturinn Baldur h/f í Stykkishólmi tekur vegna endurbyggingar báts síns.

VI. Frá *Guðmundi Í. Guðmundssyni.*
Við 22. gr. XXI. Nýr liður:
Að verja til hafnarbóta í Sandgerði 2 millj. kr. án mótframlags úr hafnarsjóði.

VII. Frá *Gunnari Jóhannssyni* og *Hannibal Valdimarssyni.*
Við 22. gr. XXIV. Nýr liður:
Að veita Siglufjarðarkaupstað allt að 4 millj. kr. framlag til að byggja upp atvinnulífið í kaupstaðnum, enda hafi bæjarstjórnin samráð við ríkisstjórnina um það, á hvern hátt fénu verður varið í þessu skyni.

Sþ. 306. Þingsályktun [118. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda viðbótarsamning við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Sambandslýðveldisins Þýzkalands.

(Afgreidd frá Sþ. 16. des.)

Samhljóða þskj. 233.

Nd. 307. Breytingartillögur [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Karli Guðjónssyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Í stað 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna koma þessi ákvæði:
Nú giftist ekkja, sem nýtur barnalífeyris með börnum sínum, og skal hún þó halda óskertum barnalífeyrinum, þar til hlutaðeigandi barn nær 16 ára aldri. Einnig skulu mæður óskilgetinna barna og fráskildar konur, er taka lífeyri með börnum sínum samkvæmt úrskurði yfirvalds, eiga rétt á að fá lífeyrinn greiddan hjá Tryggingastofnuninni til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.
2. Við 11. gr. Aftan við 2. málsgr. bætist:
Fjölskyldubætur greiðast án tillits til þess, hvort barnalífeyrir er greiddur með hlutaðeigandi börnum eða ekki.

Nd. 308. Nefndarálit [95. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Einn nefndarmanna (HV) áskilur sér rétt til þess að bera fram breytingartillögu við frv. JóhH var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 16. des. 1954.

Páll Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Helgi Jónasson.

Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 309. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955 og brtt. á þskj. 269 og 303.

I. Frá *Bjarna Benediktssyni.*
Við 14. gr. B. XXXII. (Hermann Pálsson).
Orðin „síðari greiðsla" falli niður.

II. Frá *Jóhanni Hafstein, Gísla Guðmundssyni, Guðmundi Í. Guðmundssyni, Kjartani J. Jóhannssyni* og *Ásgeiri Bjarnasyni.*
Við brtt. 269,34. a. (Við 15. gr. A. XXXVI. — Listsýning í Róm).
Aftan við liðinn bætist:
enda annist 2 fulltrúar Félags íslenzkra myndlistamanna, 2 fulltrúar Nýja myndlistafélagsins og 1 fulltrúi félagsins Óháðir listamenn myndaval og aðrar framkvæmdir.

III. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt. 303,1. (Við 19. gr. 1. — Uppbót á grunnlaun og lífeyri).
Fyrir „6 000 000" kemur 7 500 000

IV. Frá *Jóni Pálmasyni, Sigurði Bjarnasyni* og *Jóni Sigurðssyni.*
Við 22. gr. XX. Nýr liður:
Að greiða allt að 1 millj. kr. til að standast kostnað við þær ráðstafanir, sem gera verður til bjargar í sveitunum vegna verkafólkseklunnar.

V. Frá *Gylfa Þ. Gíslasyni* og *Haraldi Guðmundssyni.*
Við brtt. 303,2. (Við 23. gr. — Uppbót á grunnlaun og lífeyri).
1. Við a.
Fyrir „20%" kemur: 25%.
2. Við c.
Fyrir „20%" kemur: 25%.

Sþ. 310. Breytingartillaga [1. mál]

við brtt. á þskj. 297 (Fjárlög).

Frá Jóhanni Hafstein.

Við XXIII. (Við 22. gr. XIV).
Liðurinn orðist svo:
Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins Þorsteinssonar sýslumanns verði eign ríkisins.

Nd. 311. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:
Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi héraðssamböndum.

3. gr.

11. gr. laganna breytist þannig:

1. Fyrir orðin „Helmingur rekstrarkostnaðar" í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi: 7/10 rekstrarkostnaðar
2. V. liður orðist svo: Grjótnám úr ræktunarlandi, þó ekki yfir 50 m^3 á ári ..... kr. 6.00 pr. m^3
3. Á eftir VII. lið bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Geymslur:
   a. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni kr. 5.50 pr. m^3
   b. Garðávaxtageymslur úr öðru efni ..... — 3.00 — —
   c. Búvélageymslur, steyptar, með járnþaki eða úr öðru jafngóðu efni ..... — 22.00 — m^2
   d. Búvélageymslur, á steyptum grunni, úr timbri, asbesti, járni eða öðru jafngildu efni ..... — 1.50 — m^2
4. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Framlag greiðist ekki á búvélageymslur, sem eru stærri en 150 m^2 að gólffleti. Framlag greiðist aðeins á eina búvélageymslu á býli.

4. gr.

Í stað 2. málsgr. 12. gr. laganna komi:
Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkv. 11. og 15. gr., að viðbættri verðlagsuppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, greiðist 20% álag.
Af jarðabótaframlögum, sem talin eru í 11. gr., að undanteknum tölul. III (vélgrafnir skurðir), að viðbættri verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélaga til sameiginlegra félagsþarfa.

5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða breytist þannig:

a. 3. málsgr. fellur niður.

b. Síðasta málsgr. orðist svo:

Til ársloka 1960 skal þeim býlum, er eigi hafa 10 ha tún, greiða 450 kr. framlag á ha til jarðræktar og 4 kr. á hvern m^3 í handgröfnum skurðum, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, en honum var sent frv. af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Frv. er samið af milliþinganefnd, er búnaðarþing kaus á s. l. vetri, og eru lagabreytingar og greinargerð óbreytt frá því, er nefndin lagði til.

Landbúnaðarnefnd áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Með jarðræktarlögum frá 1923 var ákveðið, að ríkið styrkti jarðræktarframkvæmdir bænda með ákveðnum hluta af kostnaðarverði ýmissa jarðabóta. En fljótlega var þessu breytt þannig, að ríkið greiddi ákveðna upphæð á hverja verkeiningu án tillits til kostnaðar. Þó hefur jafnan verið reynt að láta styrkinn að nokkru fylgja breyttu verðlagi.

Núgildandi jarðræktarlög voru samin af stjórnskipaðri nefnd, er starfaði árið 1947, en samþykkt á Alþingi 4. maí 1950.

Í þeim fólust ýmsar breytingar frá eldri lögum, m. a. að leggja meiri áherzlu á að styrkja frumþætti ræktunarinnar, eins og t. d. framræslu, og að veita aukaframlag til þeirra býla, sem hefðu minna tún en 10 ha, en lækka aftur á móti framlög til annarra þátta, eins og jarðvinnslu og bygginga, vegna breyttrar og bættrar tækni við að vinna þau verk.

Síðan lög þessi voru samin hafa orðið feikna breytingar á öllu verðlagi við styrkhæfar framkvæmdir, þannig að nú er af ýmsum ráðunautum héraðssambandanna talið, að kostnaður við að rækta einn ha lands við sæmilega góðar aðstæður sé 7500—9000 kr., en var, þegar lögin voru samin, 3500—4500 kr. En þar sem aðstæður eru erfiðar ýmsum afskekktari byggðum landsins, er hann miklum mun meiri. Eru dæmi til þess, að hann sé um 17 þús. kr. á hvern ha.

Hjá landnámi ríkisins er kostnaðurinn hins vegar allmiklu minni, og kemur það til af því, að þar er unnið að miklum samfelldum verkefnum með fullkomnari tækjum en ræktunarsamböndin og bændur almennt hafa átt völ á.

Samkvæmt framansögðu, sem byggt er á upplýsingum frá héraðsráðunautum víðs vegar um landið, hefur ræktunarkostnaður hækkað allt að 100% síðan núgildandi jarðræktarlög voru samin, en jarðræktarframlag ríkisins hefur hækkað um 20% á hverja verkeiningu síðan lögin voru samþykkt.

Sýnt er af þessu, að hluttaka ríkisins í ræktunarkostnaðinum fer minnkandi ár frá ári og er orðin hlutfallslega allmiklu minni en gert var ráð fyrir, þegar lögin voru samin.

Sama er að segja um byggingarframkvæmdir. Þær hafa einnig hækkað í verði allt að 100%. Hluttaka ríkisins í kostnaði við byggingar var, þegar lögin voru sett, um 5% af verðgildi þeirra, en er nú um 2.8%.

Í þeim breytingartillögum, sem hér eru gerðar við jarðræktarlögin, er lagt til, að hámarkstala héraðsráðunauta sé hækkuð úr 10 í 15 og jafnframt sé hluttaka ríkisins í launagreiðslum þeirra hækkuð úr ⅖ launa í ½ laun.

Þetta byggist á því, að telja verður eðlilegt, að ríkisvaldið hafi eftirlit með, að þeim fjármunum, sem það ver til þessara mála, sé hyggilega varið, en það virðist ekki betur tryggt með öðru en því, að faglærðir menn leiðbeini bændum í öllum héruðum landsins um allt, er lýtur að þessum málum. Til þess að svo geti orðið, verður að fjölga héraðsráðunautum frá því, sem nú er. En það er ekki fært, nema því aðeins að ríkið greiði stærri hluta launanna en verið hefur, því að mörg búnaðarsambönd hafa ekki treyst sér til að hafa héraðsráðunaut af fjárhagsástæðum.

Megin-breytingartillögurnar við lögin eru við II. kafla laganna, þ. e. um framlög til jarðræktar og húsabóta skv. 11. gr. Lagt er til, að framlag til grjótnáms sé hækkað allverulega til að létta undir með þeim, sem erfiðust ræktunarskilyrði hafa.

Gert er ráð fyrir, að framlag til vélgrafinna skurða sé hækkað úr 50% kostnaðar við gröft þeirra í 70%. Þetta byggist á þeirri staðreynd, að meginhluti alls ræktunarlands þarf framræslu, og verður oft að bíða alllangan tíma eftir því, að það sé tilbúið til ræktunar. Auk þess er brýn þörf á að ræsa fram land til annarra nota. Þetta er að verulegu leyti unnið fyrir komandi kynslóðir, og er því ofætlun einni kynslóð bænda að greiða það að miklum hluta. Því er lagt til, að framlag þjóðarheildarinnar sé aukið allmikið.

Til viðbótar við styrkhæfar umbætur samkv. 11. gr. er lagt til að komi nýr liður, þ. e. búvélageymslur. Búvélaeign bænda eykst nú með ári hverju. Er því brýn þörf á að byggja yfir vélarnar, svo að þau miklu verðmæti, sem í þeim eru, fari ekki forgörðum vegna lélegra geymslna. Þetta virðist hliðstætt við heygeymslur og garðávaxtageymslur.

Þá er lagt til, að jarðabótaframlag, að undanteknu framlagi til vélgrafinna skurða, verði greitt með 20% álagi auk venjulegrar verðlagsuppbótar.

Þetta er að vísu miklum mun minna en sú verðhækkun, sem orðið hefur síðan lögin voru samin. En þar sem tún eru orðin meira en 10 ha, er ræktunin komin í það gott horf, að eðlilegt má telja, að framlög ríkisins fari hlutfallslega minnkandi. Hins vegar er lagt til í bráðabirgðaákvæði, er gildi til ársloka 1960, að býlum, sem hafa minna tún en 10 ha, sé greitt allmiklu hærra framlag, eða 450.00 kr. á hvern ha, að viðbættri verðlagsuppbót.

Við athugun, sem gerð hefur verið af búnaðarmálastjóra, hefur komið í ljós, að talsverður hluti býla í ýmsum héruðum landsins er langt á eftir með ræktun, og hefur sums staðar lítið eða ekkert verið gert síðan jarðræktarlögin voru sett 1923. Kemur þar margt til, svo sem slæmar samgöngur, erfið ræktunarskilyrði, skortur tækja, fjárskortur og margt fleira. Verið er að safna upplýsingum heiman úr héruðunum um ástand þessara býla, og þegar þær skýrslur liggja allar fyrir, verður ljósara, hversu ástatt er og hvað gera þarf til úrbóta. Eðlilegt virðist að gera eitthvert sérstakt átak, til þess að ræktunarframkvæmdirnar nái til þessara býla, og má telja það fullkomna nauðsyn, til þess að jafnvægi haldist í byggð landsins.

Í samræmi við þetta er einnig lagt til í bráðabirgðaákvæðinu, að styrkur til handgrafinna skurða sé hækkaður. Um handgröft verður tæpast að ræða, nema þar sem ekki er kostur á skurðgröfum.

Þá er lagt til, að niður falli réttur búnaðarfélaganna til að fá 5% af ræktunarframlagi við gröft opinna skurða. Þetta er yfirleitt unnið af ræktunarsamböndum án afskipta búnaðarfélaga, og er framlagið bundið ákveðnum hluta af kostnaði verksins. Eðlilegt er því, að viðkomandi bóndi fái upphæðina alla.

Einnig er lagt til, að niður falli 3. málsl. bráðabirgðaákvæðanna, þ. e. um aukaframlag vegna sléttunar túnþýfis.

Þetta ákvæði gilti fyrst í 10 ár og var síðan framlengt í tvö ár. Bændur hafa því haft góðan tíma til að ljúka þessu. Ef eitthvað kann að vera eftir, þá má ætla, að það sé helzt hjá þeim bændum, sem lítil tún hafa, og þá fellur það undir bráðabirgðaákvæðið um hærri styrk til þeirra.

Í ályktun búnaðarþings frá í fyrra um verkefni nefndarinnar var henni einnig falið að vinna að því að fá breytt lánaupphæð ræktunarsjóðs til styrkhæfra bygginga.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp frá ríkisstjórninni um aðra breytingu á þeim lögum. Nefndin ræddi við tvo nefndarmenn úr landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, þá Ásgeir Bjarnason, formann hennar, og Jón Sigurðsson, ritara hennar, og fór þess á leit við þá, að þeir beittu sér fyrir því við landbn., að hún flytti þá breytingartillögu við frumvarpið, að lán til styrkhæfra bygginga yrðu heimiluð allt að 60% af kostnaðarverði þeirra að frádregnum styrk. Tóku þeir þessari málaleitan vel.

Þá lágu fyrir nefndinni óskir um að gera skýrari ákvæði um samvinnu vegagerðar ríkisins og raforkumálastjórnar annars vegar og bænda eða ræktunarsambanda hins vegar og svo um landamerkjaskurði. Við athugun virtist nefndinni, að fullnægjandi ákvæði væru um þetta efni í jarðræktarlögunum og öðrum lögum, t. d. vatnalögum, lögum um fjarskipti o. fl., og þótti henni því ekki ástæða til að gera breytingar á þessum ákvæðum.

Nd. 312. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Á næstu fimm árum skal verja fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélar eru keyptar.

Á sama tímabili skal verja fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til greiðslu á helmingi kostnaðar við hagkvæmar vélageymslur, er vélanefnd telur ræktunarsamböndunum nauðsyn að koma upp.

Framlög úr framkvæmdasjóði til kaupa á verkfærum og vélageymslum samkvæmt 1. og 2. málsgr. þessarar greinar skulu nema allt að 6 millj. kr.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Stjórn vélasjóðs ákveður árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða, gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanefnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanefnd ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanefnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikn-

ingsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagrein fyrir fyrningargjaldinu.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

Nú hefur ræktunarsamband ekki lagt í fyrningarsjóð, svo sem lög og reglugerð mæla fyrir, og er þá stjórn Búnaðarfélags Íslands heimilt að halda eftir þeirri upphæð, sem vangreidd er, af jarðræktarstyrk þeim, sem greiða ber vegna jarðabóta á svæði hlutaðeigandi ræktunarsambands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 114 1947 og 2.—3. gr. laga nr. 62 1950.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. eftir tilmælum landbúnaðarráðherra, en honum var sent frv. af stjórn Búnaðarfélags Íslands. Frv. er samið af milliþinganefnd, er búnaðarþing kaus á síðastl. vetri, og eru lagabreytingar og greinargerð óbreytt frá því, er nefndin lagði til.

Landbúnaðarnefnd áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Lögin um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum eru frá 12. jan. 1945. Í þeim fólst sú nýjung að verja fé úr framkvæmdasjóði ríkisins til að styrkja ræktunar- og búnaðarsambönd til kaupa á stórvirkum vélum og tækjum til jarðræktar og húsabóta í sveitum landsins.

Þessum lögum hefur þrívegis verið breytt lítils háttar á Alþingi, en heildarendurskoðun þeirra ekki farið fram fyrr en nú.

Strax eftir setningu laganna kom í ljós mikill áhugi víðs vegar um landið til þess að notfæra sér þá aðstoð, er lögin gera ráð fyrir. Voru þá stofnuð ræktunarsambönd í flestum héruðum landsins. Í samræmi við I. hluta laganna hafa 65 ræktunarsambönd fengið staðfestar ræktunarsamþykktir og styrk til vélakaupa, en fá sambönd hafa enn sem komið er notfært sér aðstoð samkvæmt II. hluta laganna, um húsagerðarsamþykktir.

Í 9. gr. laganna var í upphafi ákveðið að verja 3 millj. kr. úr framkvæmdasjóði ríkisins til greiðslu á helmingi kostnaðarverðs þeirra véla og tækja, er ræktunarsamböndum var heimilað að kaupa samkvæmt ákvörðun vélanefndar ríkisins. Þessi upphæð var síðar með lagabreytingu á Alþingi 1950 hækkuð í 6 millj. kr.

Við síðastl. áramót var búið að verja úr sjóðnum til vélakaupa 5.09 millj. kr. og búið að ákveða að verja til vélakaupa á þessu ári sem svaraði þeirri upphæð, er eftir var í sjóðnum.

Vélaeign ræktunarsambandanna samkvæmt skýrslu vélanefndar er nú þessi:

Beltadráttarvélar	.....	30—40 ha	36 stk.
—	.....	40—50 —	57 —
—	.....	50 og yfir	20 —
		Samtals	113 stk.

10 skurðgröfur og auk þess nokkrar hjóladráttarvélar.

Með þessum vélum hefur verið keypt mikið af plógum, herfum, flutningavögnum og fleiri tækjum.

Af þessum beltadráttarvélum eru 97 keyptar fyrir gengisbreytinguna 1950 og flestar skurðgröfurnar.

Verð beltadráttarvéla hefur hækkað um 35% síðan 1949, og árlega hækka þær í verði á erlendum markaði.

Samkvæmt áætlun, sem gerð var síðastl. vor að tilhlutan landbúnaðarráðherra um vélaþörf ræktunarsambandanna, er talin þörf á að kaupa 28 beltavélar með tækjum á næstu 2—3 árum til viðbótar því, sem komið er. Verð þeirra er áætlað 7—8 millj. kr.

Enn eru 20 hreppar víðs vegar um landið utan við starfandi ræktunarsambönd og a. m. k. 8 kaupstaðir, og gera verður ráð fyrir, að þessi héruð þurfi á vélakosti að halda á næstu árum.

Af þessu virðist augljóst, að þörf er á auknum framlögum til vélakaupa.

Í 10. gr. laganna er ákveðið, að stjórn hvers ræktunarsambands skuli taka það gjald fyrir vinnu vélanna, að það nægi fyrir rekstrarkostnaðinum, þar með talinn eðlilegur viðhalds- og fyrningarkostnaður, sem vélanefnd hefur ákveðið 30% árlega af kostnaðarverði véla og tækja. Fyrningarsjóði skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands eða sparisjóðum viðkomandi héraða, þó er samböndunum heimilað með lagabreytingu frá 1950 að hafa helming þeirra í eigin vörzlu gegn sýsluábyrgð. Var sú breyting gerð vegna þess, að reynslan sýndi, að samböndunum var rík þörf á að fá rekstrarfé til starfrækslu sinnar. Má fullyrða, að rekstrarfjárskortur þeirra sé einn höfuðannmarki við framkvæmd laga þessara.

Í nokkrum samböndum hefur reynslan orðið sú, að sambandsstjórnir hafa ekki tekið nógu hátt gjald fyrir vinnu vélanna til þess að fullnægja ákvæðum laganna um fyrningu þeirra.

Samkvæmt skýrslu vélanefndar voru bókfærðir fyrningasjóðir ræktunarsambandanna við síðastl. áramót kr. 6 628 695.00. Af þeirri upphæð var verulegur hluti í vörzlu þeirra sjálfra.

Þá var heildarfjárhæð vélakostsins kr. 10 050 419.00, og eru fyrningarsjóðirnir því ekki nema 66% af kaupverði vélanna.

Nú er sýnt, að allmargar af vélum — eða 85.84% — eru orðnar 4 ára eða eldri, en meðalending er talin 6—7 ár. Þar af eru 10 vélar af einni og sömu gerð, sem hafa reynzt svo illa, að þær hafa allar verið lagðar niður, tiltölulega lítið notaðar. Er það viðkomandi samböndum mikið tjón. Verður því þörf allmikillar endurnýjunar alveg á næstu árum. En sökum verðhækkunarinnar duga ekki fyrningarsjóðirnir til að endurnýja nema 20—25% af vélakostinum.

Af þessu öllu virðist augljóst, að halda þarf áfram enn um skeið að styrkja ræktunarsamböndin — bæði þau, sem starfað hafa, og eins þau, sem stofnuð kunna að verða — til að kaupa nýjar vélar. Við þetta bætist svo það, að alltaf eru að koma ný tæki — fullkomnari og stærri vélar — sem eru dýrari af þeim sökum.

Til þess að vélakostur sambandanna endist sem bezt, þarf hann að vera vel hirtur og geymdur í góðu húsnæði. Samböndin hafa átt við fjárskort að búa til þessara hluta, og virðist því eðlilegt, að hluttaka framkvæmdasjóðs verði sú sama við að byggja yfir vélarnar eins og til kaupa á þeim.

Að þessu öllu athuguðu leggur nefndin til:

1. Að úr framkvæmdasjóði verði varið 6 millj. kr. til að styrkja vélakaup ræktunarsambandanna og búnaðarsambandanna næstu fimm árin.
2. Að vélageymslur njóti sömu hlunninda og vélakaupin.
3. Að vélanefnd fái rétt til að ákveða gjald fyrir vinnu vélanna til að tryggja, að samræmi verði á því sviði, og sporna við því, að einstök sambönd selji vinnuna of lágu verði.
4. Að vélanefnd fái jafnframt heimild til að miða fyrningargjald að einhverju leyti við árlegan notkunartíma vélanna.

Reynslan hefur sýnt, að ýmis sambönd, einkum þau minnstu, hafa tæpast fullt verkefni fyrir vélar sínar og hafa því ekki getað afskrifað þær svo sem gert er ráð fyrir. Ætla má, að þær geti þá enzt lengur og því sé ástæða til að lækka árlegt fyrningargjald af þeim.

Þessir fjórir liðir eru þær höfuðbreytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði við lögin.

Það verður tæpast um það deilt, að þessi lög hafa átt verulegan þátt í að hleypa af stað mikilli framfaraöldu, einkum í ræktunarmálum sveitanna. Ræktunarsamböndin hafa tekið að sér stórfelld verkefni á sviði ræktunarmálanna og valdið straumhvörfum í því efni. En sökum mikilla verðhækkana og annarra ófyrirsjáanlegra orsaka eiga þau mörg í vök að verjast fjárhagslega.

Það er því brýn nauðsyn að tryggja rekstur þeirra til hags fyrir byggðir landsins. Við teljum þær leiðir, sem hér er bent á, líklegastar þeim til hjálpar.

Nd. 313. Frumvarp til laga [134. mál]

um breyting á l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Upphaf 10. gr. laganna orðist svo (og breytist stafliðir greinarinnar í samræmi við það):

Frá tekjum skal draga, áður en skattur er á þær lagður:

a. Atvinnutekjur þær, er skattþegn hefur aflað sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar. Atvinnurekendum skal skylt að láta skattyfirvöldunum í té vinnuskýrslur, er sýni glögglega, hver hluti af greiðslum til starfsmanna þeirra falli undir þetta ákvæði. Einnig skulu launþegar gera grein fyrir því á skattframtali sínu, hvort einhver hluti tekna þeirra, og þá hvað mikill, eigi að falla undir þetta ákvæði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hvarvetna í menningarþjóðfélögum leitast löggjafinn við að vernda þegna sína gegn óhóflega miklu erfiði og notfærir aukna tækni til að takmarka lengd hins almenna vinnudags. Víða er litið á þetta sem lið í almennri heilsuvernd.

Hérlendis er þó ekkert gert af opinberri hálfu til að vernda þegnana í þessu efni. Þvert á móti notfærir hið opinbera sér yfirvinnu landsmanna til hóflausrar skattheimtu af þeirri kaupuppbót, sem verkalýðshreyfingin hefur samið um fyrir slíka vinnu.

Þótt yfirvinna sé í eðli sínu mjög óæskileg og virki hindrandi á alla menningarframþróun, er þó augljóst, að enn er ekki tímabært að banna hana með lögum, og eins og til háttar um aðalútflutningsframleiðslu okkar, sjávarafurðirnar, mundu allar takmarkanir á yfirvinnu við þau störf hafa í för með sér minnkandi framleiðslu.

Í verstöðvum landsins er það algengt, þegar mikið aflast, að menn vinna oft vikum og jafnvel mánuðum saman svo lengi á hverjum sólarhring, að jafngildir tveim venjulegum vinnudögum.

En þótt þjóðfélagið hafi ekki tök á að vernda þegna sína á þessu sviði svo sem æskilegt væri, má þó ekki minna vera en að þegnskapur sá, er þeir sýna með því að leggja hart að sér, til þess að framleiðslan geti orðið sem mest, sé að einhverju virtur af löggjafanum, og virðist þar liggja beinast við að leysa kaupgreiðslur fyrir yfirvinnuna við störf í þágu útflutningsframleiðslunnar undan opinberri skattlagningu.

Nd. 314. Frumvarp til laga [135. mál]

um breyting á lögum nr. 66/1945, um útsvör.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

Við 2. tölulið 4. gr. laganna bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Atvinnutekjur, sem útsvarsþegn aflar sér með eftir-, nætur- og helgidagavinnu við störf í þjónustu útflutningsframleiðslunnar skulu þó jafnan undanþegin útsvarsálagninu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um ástæður til frumvarps þessa vísast til greinargerðar með frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt (á þskj. 313).

Nd. 315. Nefndarálit [114. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp og mælir með því einróma, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Raska þær eigi tilgangi frumvarpsins, en færa það að formi til í svipað horf og gildir í lögum um lífeyrissjóð opinberra starfsmanna.

Alþingi, 16. des. 1954.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Karl Guðjónsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 316. Breytingartillögur [114. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Við 11. gr. laganna bætist:

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans þrátt fyrir það sama rétt til lífeyris eins og hann hefði hlotið, ef hinn látni hefði verið orðinn 65 ára gamall, er hann lézt. Ákvæði þetta gildir einnig um lífeyrisrétt maka fyrrverandi alþingismanns, sem var látinn áður en lög þessi gengu í gildi.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður gengið í hjónaband á þeim tíma, er hann naut lífeyris samkvæmt lögum þessum, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Þegar alþingismaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins andast, áður en hann hefur setið á þingi þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á maki hans rétt á að fá endurgreitt úr sjóðnum vaxtalaus iðgjöld þau, er hinn látni hafði borgið í sjóðinn.

2. Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og 1. málsgr. 1. gr. laga þessara hefði öðlast gildi 1. jan. 1954.

Sþ. 317. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1955 og brtt. á þskj. 303.

I. Frá *Sigurði Ágústssyni.*

Við 15. gr. A. XXX. 12. (Lúðraveit Stykkishólms).

Fyrir „5 000“ kemur 8 000

II. Frá *Einari Olgeirssyni.*

Við brtt. 303, 1. (Við 19. gr.). Liðurinn orðist svo:

Við 19. gr. 1. Nýr liður:

Til uppbóta á grunnlaun og lífeyri 6 000 000

Skal þeirri uppbót úthlutað til starfsmanna ríkisins sem uppbót á laun þeirra til viðbótar uppbótum þeim, sem 23. gr. mælir fyrir, og í sömu hlutföllum.

Fyrir árið 1954 skal svo greiða starfsmönnum ríkisins sömu upphæð og eftir sömu reglum, og greiðist hún í einu lagi.

Til vara:

Við brtt. 303, 2. (Við 23. gr.). A-liður orðist svo:

Fyrir orðin „Á árinu 1955 .... flokki launalaga 17%“ í 1. mgr. kemur: Á árinu 1955 skal greiða á laun starfsmanna ríkisins grunnlaunauppbót sem hér segir:

Á laun samkvæmt	I.—III.	flokki	launalaga	20%
— — —	IV.—IX.	—	—	25%
— — —	X.—XVI.	—	—	30%

III. Frá *Ásgeiri Bjarnasyni* og *Páli Þorsteinssyni.*

Við 22. gr. XVIII. Nýr liður:

Að verja 2 millj. kr. til stuðnings frumbýlingum eftir reglum, er ríkisstjórnin setur að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda.

IV. Frá *Gísla Guðmundssyni* og *Eiríki Þorsteinssyni.*

Við 22. gr. XIX. Nýr liður:

Að verja allt að 2 millj. kr. til að stuðla að aukningu útgerðar, þar sem afla skortir til vinnslu í fiskiðjuverum.

Nd. 318. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Framan við 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Síðari málsgr. 13. gr. laganna falli niður.

Nd. 319. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Við 11. gr. laganna bætist:

Nú andast alþingismaður eða fyrrverandi alþingismaður, áður en hann nær 65 ára aldri, og á þá eftirlifandi maki hans þrátt fyrir það sama rétt til lífeyris eins og hann hefði hlotið, ef hinn látni hefði verið orðinn 65 ára gamall, er hann lézt. Ákvæði þetta gildir einnig um lífeyrisrétt maka fyrrverandi alþingsmanns, sem var látinn áður en lög þessi gengu í gildi.

Nú hefur fyrrverandi alþingismaður gengið í hjónaband á þeim tíma, er hann naut lífeyris samkvæmt lögum þessum, og nýtur þá eftirlifandi maki hans eigi réttar til lífeyris úr sjóðnum.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Þegar alþingismaður, sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins andast, áður en hann hefur setið á þingi þrjú kjörtímabil eða 10 ár, á maki hans rétt á að fá endurgreitt úr sjóðnum vaxtalaus iðgjöld þau, er hinn látni hafði borgað í sjóðinn.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lífeyrir ekkju eða ekkils skal greiddur eins og 1. málsgr. 1. gr. laga þessara hefði öðlazt gildi 1. jan. 1954.

Ed. 320. Frumvarp til laga [103. mál]

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er hljóða svo:

Viðskiptamálaráðherra skal heimilt að veita allt að 5 mönnum í Reykjavík og 2 mönnum í hverjum hinna kaupstaðanna, sem verzlunarleyfi hafa og til þess teljast

hæfir að hans dómi, leyfi til að selja sjálfir á frjálsu uppboði málverk, myndir, listmuni og bækur, enda fari um framkvæmd á þeim uppboðum eftir ákvæðum þessarar greinar.

Leyfi skal ekki veitt til lengri tíma en 5 ára í senn. Leyfisgjald er 1500 krónur, er renni í ríkissjóð. Eigi skulu greidd sölulaun til ríkissjóðs af andvirði muna þeirra, sem þannig eru seldir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 321. Lög [114. mál]

um breyting á lögum nr. 84 24. des. 1953, um þingfararkaup alþingismanna, lífeyrissjóð o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 319.

Nd. 322. Frumvarp til laga [136. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1955.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1955 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni menntamálaráðherra.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því, að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Sþ. **323. Fjárlög** [1. mál]

fyrir árið 1955.

(Afgreidd 17. des.)

I. KAFLI

Tekjur:

1. gr.

Árið 1955 er ætlazt til, að tekjur ríkissjóðs verði svo sem talið er í 2.—5. gr. og að þeirra verði aflað með tekjugreinum, sem þar eru taldar.

2. gr.

Áætlað er, að þessir skattar og tollar nemi:

		kr.	kr.
1.	Tekju- og eignarskattur, að meðtöldum tekjuskattsauka	62 800 000	
2.	Stríðsgróðaskattur 5800000		
	Þar af hluti bæjar- og sveitarfélaga 2900000		
		2 900 000	
			65 700 000
3.	Vörumagnstollur	26 000 000	
4.	Verðtollur	147 000 000	
5.	Innflutningsgjald af benzíni	9 500 000	
6.	Gjald af innlendum tollvörum	8 000 000	
			190 500 000
7.	Lestagjald af skipum	300 000	
8.	Bifreiðaskattur	4 000 000	
			4 300 000
9.	Aukatekjur	7 600 000	
10.	Stimpilgjald	13 000 000	
11.	Vitagjald	1 000 000	
12.	Leyfisbréfagjald	400 000	
13.	Útflutningsleyfagjöld	500 000	
			22 500 000
14.	Söluskattur		112 000 000
15.	Leyfisgjöld		2 500 000
	Samtals ...	. . .	397 500 000

3. gr.

Tekjur af rekstri ríkisstofnana eru áætlaðar:

		kr.	kr.
	A.		
1.	Rekstrarhagnaður landssímans	5 510 000	
2.	— áfengisverzlunar	63 000 000	
3.	— tóbakseinkasölu	41 000 000	
4.	— ríkisútvarps	685 959	
5.	— ríkisprentsmiðju	350 000	
6.	— landssmiðju	286 000	
7.	— ríkisbúa	36 305	
			110 868 264
	÷ Rekstrarhalli póstsjóðs		609 000
	Samtals ...	. . .	110 259 264
	Sundurliðun.		
	1. Póstsjóður.		
I.	Tekjur		11 450 000
II.	Gjöld:		
	1. Póststjórnarkostnaður	495 000	
	2. Pósthúsið í Reykjavík	4 960 000	
	3. Önnur pósthús	2 800 000	
	4. Póstflutningar	3 000 000	
	5. Önnur gjöld	800 000	
	6. Fyrning af fasteignum	4 000	
			12 059 000
	Rekstrarhalli, færður á 3. gr. A.	. . .	609 000
	2. Landssíminn.		
I.	Tekjur		44 210 000
II.	Gjöld:		
	a. Til starfrækslu landssímans m. m.:		
	1. Kostn. við aðalskrifstofu landssímans 1790000		
	2. Ritsímastöðin í Reykjavík 4450000		
	3. Loftskeytastöðin í Reykjavík 460000		
	4. Stuttbylgjustöðin í Reykjavík 990000		
	5. Bæjarsíminn í Reykjavík og Hafnarfirði 8340000		
	6. Birgðahúsið 540000		
	7. Ritsímastöðin á Akureyri 1210000		
	8. Ritsímastöðin á Seyðisfirði 600000		
	9. Ritsímastöðin á Ísafirði 650000		
	10. Símastöðin í Hrútafirði 465000		
	11. Símastöðin í Vestmannaeyjum 670000		
	12. Símastöðin á Siglufirði 690000		
	13. Til annarra símastöðva og eftirlitsstöðva 5205000		
		26 060 000	
	b. Eyðublöð, prentkostnaður, ritföng m. m.	700 000	
	c. Viðbót og viðhald stöðva	2 250 000	
	d. Viðhald landssímanna	7 750 000	
	e. Framhaldsgjald	200 000	

3. gr.

	kr.	kr.
f. Ýmis gjöld	300 000	
g. Fyrning á húsum og áhöldum	500 000	
h. Vextir af lánum	490 000	
i. Almannatryggingar	450 000	38 700 000
Fært á 3. gr. A. 1	. . .	5 510 000
Eignabreytingar landssímans.		
Út.		
I. Afborganir af lánum og til húsakaupa		910 000
II. Til viðauka símakerfa, smærri efnis- og áhaldakaupa		1 650 000
III. Til talstöðva í báta og skip		150 000
IV. Til loftskeytastöðva í skip		150 000
V. Til nýrra landssímalína		500 000
VI. Til notendasíma í sveitum að frádregnum stofngjöldum		2 200 000
VII. Til undirbúnings stuttbylgjusambandi við Hornafjörð		200 000
VIII. Til tíðnabreytinga í bátum og skipum		100 000
IX. Til stækkunar sjálfvirku stöðvarinnar í Reykjavík		2 700 000
Fært á 20. gr. Út I. 2. og III.	. . .	8 560 000
8. Áfengisverzlun ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		72 128 025
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót 1766757		
b. Verðlagsuppbót 946268		
	2 713 025	
2. Kostnaður við áfengisútsölur	615 000	
3. Annar rekstrarkostnaður	1 300 000	
4. Tillag til gæzluvistarsjóðs	1 500 000	
5. Útsvar	3 000 000	9 128 025
Verði lokun útsölu samþykkt á fjárhagsárinu samkv. 10. gr. áfengislaganna, skal sú ráðstöfun koma til framkvæmda 6 mánuðum eftir að urslit atkvæðagreiðslu hafa verið tilkynnt ríkisstjórninni.		
Fært á 3. gr. A. 2	. . .	63 000 000
4. Tóbakseinkasala ríkisins.		
I. Tekjur (brúttó hagnaður)		45 557 145
II. Gjöld:		
1. a. Grunnlaun með uppbót 628128		
b. Verðlagsuppbót 329017		
	957 145	
2. Annar rekstrarkostnaður	1 600 000	
3. Útsvar	2 000 000	4 557 145
Fært á 3. gr. A. 3	. . .	41 000 000

3. gr.

		kr.	kr.
5. Ríkisútvarpið.			
I. Tekjur:			
a. Afnotagjöld		7 400 000	
b. Aðrar tekjur		2 400 000	
			9 800 000
II. Gjöld:			
a. Laun:			
1. Grunnlaun með uppbót	1719462		
2. Verðlagsuppbót	873278		
3. Aukavinna	350000		
		2 942 740	
b. Útvarpsefni		1 850 000	
c. Skrifstofukostnaður		600 000	
d. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting		550 000	
e. Til útvarpsstöðva		1 300 000	
f. Til hleðslustöðva, viðgerðarferða o. fl.		100 000	
g. Iðgjöld í Lífeyrissjóð og til Tryggingastofnunar ríkisins		200 000	
h. Vegna höfundalaganna		200 000	
i. Óviss útgjöld		150 000	
j. Bifreiðakostnaður		85 000	
k. Fyrning á húsum og vélum		140 000	
			8 117 740
			1 682 260
III. Rekstur viðgerðarstofu og viðtækjasmiðju:			
a. Tekjur		850 000	
b. Gjöld:			
1. Laun:			
a. Grunnlaun með uppbót	281196		
b. Verðlagsuppbót	146605		
	427801		
2. Efni	170000		
3. Annar kostnaður	248500		
Geirlaug Stefánsdóttir	2811.75		
Guðbjörg Hermannsdóttir	3260.25		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	6727.50		
Guðbjörg Tómasdóttir	3363.75		
Guðfinna Þórðardóttir	1681.87		
Guðlaug Magnúsdóttir	11195.25		
Guðríður Eiríksdóttir	2811.75		
Guðríður Helgadóttir	3829.50		
Guðríður Ólafsdóttir	3156.75		
Guðrún Arinbjarnar	5175.00		
Guðrún Egilson	11195.25		
Guðrún Jónsdóttir Erlingsson	5606.25		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	5000.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	2000.00		
Guðrún Hermannsdóttir	2242.50		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Guðrún Jónsdóttir	6727.50		
Guðrún P. Jónsdóttir	6727.50		
Guðrún Oddgeirsdóttir	4000.00		
Guðrún Oddsdóttir	6500.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	18000.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	5000.00		
Guðrún Ragúels	1690.50		
Guðrún Sveinsdóttir	10785.52		
Guðrún Torfadóttir	3933.00		
Guðrún Þorvarðsson	8500.00		
Halldóra Ólafsdóttir	10350.00		
Halldóra Þórðardóttir	3363.75		
Hansína Pálsdóttir	1500.00		
Harriet Jónsson	2518.50		
Hedvig Blöndal	1690.50		
Helga Finnsdóttir	12000.00		
Helga Jónsdóttir	3933.00		
Helga I. Stefánsdóttir	1690.50		
Hildur Björnsdóttir	4422.90		
Hlín Johnson	10091.25		
Hrefna Ingimarsdóttir	6727.50		
Hrefna Jóhannesdóttir	3363.75		
Ingibjörg Björnsdóttir	3500.00		
Ingibjörg Jakobsdóttir	2070.00		
Ingibjörg Jónasdóttir	3933.00		
Ingibjörg Magnúsdóttir	3933.00		
Ingileif Aðils	2242.50		
Ingveldur Einarsdóttir	3933.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	1681.87		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	3500.00		
Jóhanna Gunnarsdóttir	3795.00		
Jóhanna Jónsdóttir	5000.00		
Jóhanna Magnúsdóttir	3933.00		
Jóhanna Pálmadóttir	7000.00		
Jóhanna Thorlacius	1690.50		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	4830.00		
Jóney Guðmundsdóttir	3363.75		
Júlíana M. Jónsdóttir	4550.00		
Katrín Sveinsdóttir	3500.00		
Klara Helgadóttir	4000.00		
Kristín Pálsdóttir	2811.75		
Kristín Sigurðardóttir	3000.00		
Kristín Thorberg	2070.00		
Kristín Thoroddsen	2070.00		
Kristín Þórarinsdóttir	5000.00		
Kristólína Kragh	2242.50		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	4242.50		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	3500.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Lára Guðnadóttir	5000.00		
Lára Skúladóttir	3000.00		
Laufey Vilhjálmsdóttir	13351.50		
Lilja Haraldsdóttir	2760.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	17430.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	690.00		
Magnea Magnúsdóttir	8500.00		
Málfríður Jónsdóttir	4500.00		
Margrét Árnadóttir	4863.75		
Margrét Ásmundsdóttir	2242.50		
Margrét Blöndal	3500.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	3500.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	1690.50		
Margrét Lárusdóttir	5175.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	2242.50		
Margrét Þórðardóttir	3363.75		
Margrethe Kaldalóns	15749.25		
María Guðlaugsson	4140.00		
María J. Klemenz	1690.50		
María Tómasdóttir	2500.00		
Nielsína Ólafsdóttir	3363.75		
Oktavía Sigurðardóttir	4500.00		
Ólafía Einarsdóttir	6000.00		
Ólafía Finnbogadóttir	1121.50		
Ólafía Valdimarsdóttir	3000.00		
Olga E. Jónsson	5000.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	3933.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	5606.25		
Ólöf Steingrímsdóttir	2811.75		
Ragnheiður Bjarnadóttir	5606.25		
Ragnheiður Jónasdóttir	10350.00		
Ragnheiður Straumfjörð	1690.50		
Ragnhildur Teitsdóttir	1600.00		
Ragnhildur Thorlacius	6000.00		
Rannveig Tómasdóttir	3363.75		
Rigmor Ófeigsson	4485.00		
Rósa Jónsdóttir	1121.50		
Sesselja Eiríksdóttir	1690.50		
Sigríður Arnljótsdóttir	4485.00		
Sigríður Bjarnason	9000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	4485.00		
Sigríður Fjeldsted	4500.00		
Sigríður Gísladóttir	1690.50		
Sigríður Guðmundsdóttir	1690.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	8452.50		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	2811.75		
Sigríður Kjartansdóttir	6727.50		
Sigríður Pétursdóttir	5000.00		
Sigríður Snæbjörnsdóttir	2811.75		
Sigríður Snæbjörnssen	4500.00		
Sigrún Auðuns	4000.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Sigrún Bjarnason	6000.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	4000.00		
Sigrún Kjartansdóttir	3933.00		
Sigurbjörg Bogadóttir	3933.00		
Sigurlaug G. Gröndal	2242.50		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	5000.00		
Sólveig Árnadóttir	1690.50		
Sólveig Eggerz	14257.12		
Sólveig Pétursdóttir	5000.00		
Stefanía Hjaltested	2811.75		
Stefanía Stefánsdóttir	5500.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	2979.94		
Steinunn Jóhannesdóttir	3363.75		
Steinunn Oddsdóttir	2811.75		
Steinunn E. Stephensen	3363.75		
Súsanna Friðriksdóttir	5000.00		
Sylvía N. Guðmundsdóttir	5300.00		
Unnur Skúladóttir	5606.25		
Valborg Einarsson	5606.25		
Valgerður Benediktsson	20334.36		
Valgerður Halldórsdóttir	8000.00		
Valgerður Ólafsdóttir	4000.00		
Vigdís G. Blöndal	2811.75		
Viktoría Bjarnadóttir	845.25		
Vilborg Bjarnadóttir	3200.00		
Vilborg Torfadóttir	1690.50		
Vilhelmína Ingimundardóttir	3650.00		
Þóra L. Björnsson	6000.00		
Þóra Hjartar	2000.00		
Þóra Sigurðardóttir	1690.50		
Þóra Skaftason	1690.50		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	5606.25		
Þórdís Ívarsdóttir	1121.50		
Þórunn Hafstein	2242.50		
Þórunn Pálsdóttir	5606.25		
Þórunn Sigurðardóttir	1690.50		
Þórunn Þórðardóttir	1035.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	3500.00		
Þrúður I. Jónsdóttir	2760.00		
Þuríður Benediktsdóttir	5623.50		
Þuríður Káradóttir	6500.00		
	913576.08		
Verðlagsuppbót	520700.00		
		1 434 276	
c. Barnastyrkir:			
1. Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1⅞ 1924, sjúklingur	1690.50		
2. Barn Bergsveins sál. Haraldssonar, kennara, Bergljót Bergsveinsdóttir, f. ⅝ 1942	1690.50		

18. gr.

		kr.	kr.
3. Barn Sigurðar sál. Gíslasonar, Gunnar Sigurðsson, f. 2½ 1939	1690.50		
	5071.50		
Verðlagsuppbót	2789.32		
		7 861	
			3 620 224
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 101/1943 og 8. gr. l. 102/1943 (áætlað)			6 700 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 103/1943			160 000
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940			23 500
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri			2 150 000
Samtals ...		. . .	13 371 627

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til dýrtíðarráðstafana		49 100 000
2. Til uppbóta á grunnlaun og lífeyri (áætlað)		6 000 000
3. Til óvissra útgjalda		2 000 000
Samtals ...	. . .	57 100 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

	kr.	kr.
Inn:		
I. Fyrningar		1 850 000
II. Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
III. Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		500 000
Samtals ...	. . .	2 450 000
Út:		
I. Afborganir lána ríkissjóðs og ríkisstofnana:		
1. Ríkissjóðslán:		
a. Innlend lán ... 9169802		
b. Lán í dönskum bönkum ... 1271429		
c. Lán í Bandaríkjunum ... 81600		
	10522831	
2. Lán ríkisstofnana:		
Landssíminn (3. gr. A. 2)	910 000	
		11 432 831
II. Útlagðir vextir og afborganir af ýmsum lánum með ríkisábyrgð, sem eru í vanskilum (áætlað)		12 000 000
III. Til eignaaukningar landssímans (3. gr. A. 2)		7 650 000
IV. Til bygginga á jörðum ríkisins		800 000
V. Til ræktunar á jörðum ríkisins		150 000
VI. Til byggingar björgunar- og varðskips fyrir Norðurland, enda samþykki dómsmálaráðuneytið gerð skipsins		500 000
VII. Til sementsverksmiðju		2 000 000
VIII. 1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	3 600 000	
Þar af 250 þús. kr. til byggingar hjúkrunarkvennaskóla.		
2. Til byggingar fávitahælis	500 000	
		4 100 000
IX. Til bygginga nýrra vita og vitavarðabústaða		1 000 000
X. Til byggingar radiomiðunarstöðvar á Garðskaga, fyrsta greiðsla af þremur		120 000
XI. Til flugvallagerða		1 800 000
XII. 1. Til byggingar heimavistarhúss við Menntaskólann á Akureyri	250 000	
2. Til byggingar sjómannaskólans	440 000	
3. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	75 000	
4. Til byggingar menntaskólahúss í Reykjavík	1 600 000	
5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	500 000	

20. gr.

		kr.	kr.
	6. Til viðbótar Málleysingjaskólans	165 000	
	7. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	750 000	
	8. Til bygginga vegna Íþróttakennaraskólans á Laugarvatni	250 000	
	9. Til byggingar húsmæðrakennaraskóla	200 000	
			4 230 000
XIII.	Til bygginga á prestssetrum		1 550 000
XIV.	Til byggingar prestssetrshúss á Hólum		100 000
XV.	Til útihúsa á prestssetrum		350 000
XVI.	Til byggingar sýslumannabústaða		600 000
XVII.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		850 000
XVIII.	Til byggingar lögreglustöðvar á Keflavíkurflugvelli		500 000
XIX.	Til rafveituframkvæmda á Hólum		100 000
XX.	Til byggingar beitarhúsa á Hólum		40 000
XXI.	Til rafveituframkvæmda á Hvanneyri		35 000
XXII.	Til fjósbyggingar að Eiðum		100 000
XXIII.	Til byggingar peningshúsa að Litla-Hrauni		250 000
XXIV.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		650 000
XXV.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		400 000
XXVI.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Reykjum		100 000
XXVII.	Til að lána Sölufélagi garðyrkjumanna til byggingar söluskála		150 000
XXVIII.	Stofnframlag vegna þátttöku ríkissjóðs í sameignarfélaginu Íslenzkir aðalverktakar		1 000 000
XXIX.	Til þess að bæta úr atvinnuörðugleikum í landinu á þann hátt, er ríkisstjórnin telur heppilegast, og má setja þau skilyrði fyrir aðstoð þessari um mótframlög og annað, sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt		5 000 000
XXX.	Til byggingar stjórnarráðshúss		2 000 000
	Samtals ...	. . .	59 557 831

21. gr.
I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		397 500 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		110 259 264
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		10 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		1 983 000
5. gr.	Óvissar tekjur		4 100 000
	Samtals ...	. . .	513 852 264

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	513 852 264
	Aðrar innborganir og fyrningar:	
20. gr. I.	Fyrningar	1 850 000
— II.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— III.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	500 000
	Samtals ...	516 302 264

Yfirlit.

yfirlit. 21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		4 105 311
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		630 425
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		4 544 797
10. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		14 951 407
11. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	28 936 469	
—	B.	Opinbert eftirlit	2 306 139	
—	C.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta	11 753 886	
—	D.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	550 000	43 546 494
12. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		31 893 367
13. gr.	A.	Vegamál	48 957 175	
—	B.	Samgöngur	8 971 500	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	13 239 174	
—	D.	Flugmál	3 866 801	75 034 650
14. gr.	A.	Kirkjumál	9 285 371	
—	B.	Kennslumál	66 432 420	75 717 791
15. gr.	A.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	6 182 517	
—	B.	Til rannsókna í opinbera þágu o. fl.	6 762 021	12 944 538
16. gr.	A.	Landbúnaðarmál	37 629 959	
—	B.	Sjávarútvegsmál	9 237 026	
—	C.	Iðnaðarmál	2 506 720	
—	D.	Raforkumál	12 628 101	62 001 806
17. gr.		Til félagsmála		59 900 951
18. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		13 371 627
19. gr.		Óviss útgjöld		57 100 000
		Rekstrarafgangur		58 109 100
		Samtals ...	. . .	513 852 264

yfirlit.

		Út:	kr.
7.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	455 743 164
		Aðrar útborganir:	
20. gr.		Afborganir lána, greiðslur vegna ríkisáb. og til eignaaukningar	59 557 831
		Greiðslujöfnuður ...	1 000 269
		Samtals ...	516 302 264

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að gera ráðstafanir til að flytja brott svo fljótt sem verða má hús þau, er standa á lóðinni Kirkjustræti 12, og láta Alþingi lóðina í té til stækkunar þinghúsgarðinum eða til annarra afnota.

III. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

IV. Að greiða Ólafi Lárussyni full prófessorslaun og Vilhjálmi Finsen ⅔ sendiherralauna, ef þeir láta af störfum á árinu.

V. Að heimila Áfengisverzlun ríkisins að greiða Bjarna Kjartanssyni útsölumanni 60% af launum hans, eins og þau voru, er hann lét af störfum.

VI. Að verja allt að 25 þús. kr. í samráði við símamálastjórnina til þess að tryggja, að notendur talstöðva á afskekktum stöðum þurfi eigi að beŗa meiri útgjöld af slíkum tækjum en talsímanotendur, sem hafa notendasíma landssímans í sveitum.

VII. Að verja allt að helmingi af lóða- og jarðaleigum úr Vestmannaeyjum árið 1954 til varnar gegn landbroti og uppblæstri í eyjunum, enda sé allt, er að því lýtur, gert í samráði við Búnaðarfélag Íslands.

VIII. Að verja allt að 10 þús. kr. til þess að styrkja afskekkta staði til að hafa lærða hjúkrunarkonu, eftir tillögum heilbrigðisstjórnarinnar.

IX. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

X. Að greiða 5 þús. kr. til húsmæðraskólans á Hallormsstað fyrir að kenna kennslukonum vefnað.

XI. Að greiða Ólafi Þór Jónssyni hæfilegar bætur vegna slyss, er hann varð fyrir 15. júlí 1946 af völdum sprengingar við bæinn Minna-Knarrarnes á Vatnsleysuströnd.

XII. Að greiða halla á rekstri Þjóðleikhússins allt að 250 þús. kr.

XIII. Að greiða menningarsjóði það, sem á kann að vanta, að tekjur sjóðsins árið 1954 nái 360 þús. kr.

XIV. Að greiða ¾ hluta hitakostnaðar héraðs- og húsmæðraskóla í sveitum, sem ekki búa við jarðhita.

XV. Að greiða h/f Skallagrími í Borgarnesi allt að 100 þús. kr. viðbótarrekstrarstyrk, ef óhjákvæmilegt reynist.

XVI. Að greiða rekstrarhalla, ef óhjákvæmilegt reynist, vegna daglegs flutnings mjólkur og mjólkurafurða frá Þorlákshöfn til Vestmannaeyja, allt að 50 þús. kr.

XVII. Að ábyrgjast gegn þeim tryggingum, er fjármálaráðherra metur gildar, 200 þús. kr. lán, er Flóabáturinn Baldur h/f í Stykkishólmi tekur vegna endurbyggingar báts síns.

XVIII. Að ábyrgjast fyrir Skallagrím h/f í Borgarnesi allt að 3.6 millj. kr. innlent eða erlent lán, er félagið kann að taka til smíða á nýju skipi fyrir Reykjavíkur—Akranes—Borgarnesferðir, gegn tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar, þó eigi yfir 60% af kostnaðarverði skipsins. (Endurveiting.)

XIX. Að ábyrgjast allt að 6 millj. kr. lán til byggingar hraðfrystihúsa og fiskimjölsverksmiðja, þó ekki yfir 60% af kostnaðarverðsmati hverrar framkvæmdar.

XX. Að ábyrgjast með þeim skilyrðum, er hún setur, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, lán til útvegsmanna, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna þurrafúa í fiskiskipum, og mega lánin samtals nema allt að 2 millj. kr.

XXI. Að ábyrgjast fyrir sameignarfélagið Íslenzkir aðalverktakar allt að 1.5 millj. kr. lán vegna þátttöku ríkissjóðs í félaginu.

XXII. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. byggingarlán fyrir dvalarheimili aldraðra sjómanna, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

XXIII. Að ábyrgjast allt að 400 þús. kr. lán, er hreppsnefnd Hveragerðishrepps tekur til að leggja hitaveitu í þorpið, þó eigi yfir 80% af heildarkostnaði.

XXIV. Að aðstoða Flugfélag Íslands h/f við kaup á einni millilandaflugvél og einni innanlandsflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 60% af kaupverði flugvélanna, þó eigi yfir 14 millj. kr., gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)

XXV. Að aðstoða Loftleiðir h/f við kaup á einni millilandaflugvél með því að veita ríkisábyrgð fyrir allt að 10 millj. kr. láni gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. (Endurveiting.)

XXVI. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum.

XXVII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

XXVIII. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

XXIX. Að gefa Kjartani Guðmundssyni eftir 336 þús. kr., sem er helmingur af skuld hans við ríkissjóð vegna kaupa á Súðinni.

XXX. Að tryggja með samningi, að bókasafn Þorsteins M. Jónssonar verði eign Kennaraskóla Íslands, enda fallist ríkisstjórnin á skilyrði eigandans fyrir afhendingu safnsins.

XXXI. Að kaupa einkasafn Finns Guðmundssonar af náttúrugripum og bókum um náttúrufræði.

XXXII. Að kaupa grasasafn Ingólfs Davíðssonar.

XXXIII. Að kaupa jarðirnar Kirkjubæ vestri og eystri á Rangárvöllum og leigja þær fyrir hrossaræktarbú. (Endurveiting.)

XXXIV. Að kaupa jörðina Gröf í Hrunamannahreppi.

XXXV. Að kaupa eignarhluta Hauks Jörundssonar í kennarabústað á Hvanneyri.

XXXVI. Að verja allt að 3.5 millj. kr. til flugvallagerðar við viðbótar framlagi á 20. gr., ef tekjur flugvallanna fara fram úr áætlun sem þessu nemur, enda vaxi ekki rekstrarhalli flugmálanna samkv. 13. gr. D.

XXXVII. Að taka allt að 800 þús. kr. lán til stækkunar sjálfvirku símastöðvarinnar í Reykjavík.

XXXVIII. Að taka allt að 5 millj. kr. lán til að auka húsnæði ríkisspítalanna.

XXXIX. Að selja landhelgisgæzlunni sóttvarnarhúsið í Reykjavík.

XL. Að leyfa stjórn landhelgisgæzlunnar að greiða úr landhelgissjóði hluta af byggingarkostnaði björgunar- og varðskips fyrir Norðurlandi.

XLI. Að leyfa Tóbakseinkasölu ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á tilteknar vindlingategundir og greiða sjóðnum allt að 20 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XLII. Að ákveða, að fjölgun starfsmanna ríkis og ríkisstofnana skuli vera háð samþykki fjármálaráðherra, þar til sett verða lög um ráðstafanir til þess að draga úr kostnaði við opinberan rekstur.

23. gr.

Á árinu 1955 skal greiða á laun starfsmanna ríkisins 20% grunnlaunauppbót, enda skal lágmarksvinnutími samkv. 1. gr. I. reglugerðar nr. 45 1946 og 2. gr. d. reglugerðar nr. 136 1945 vera á sama tíma 38½ klukkustund á viku.

Fyrir árið 1954 skal greiða starfsmönnum ríkisins sömu uppbót og segir í 1. mgr., að frádregnum þeim uppbótum, er greiddar hafa verið samkv. 23. gr. fjárlaga fyrir það ár.

Á árunum 1954 og 1955 skal greiða 20% uppbót á lífeyri og eftirlaun, þó aldrei á hærri fjárhæð en 20 þús. kr. hverjum einstökum lífeyris- eða eftirlaunaþega.

24. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1954 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum.

Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Nd. 324. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Karli Guðjónssyni.

Inn í frumvarpið komi ný grein, er verði 22. gr., svo hljóðandi:

Ef bótaþegi dvelst í sjúkrahúsi, elliheimili eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem Tryggingastofnunin eða hið opinbera greiðir fyrir hann að nokkru eða öllu leyti, skal bótaþegi njóta hið minnsta 10% af bótum, sem ætlaðar hafa verið til framfærslu hans sjálfs. Heimilt er að hækka þennan bótahluta, ef sérstaklega stendur á.

Nd. 325. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Framan við 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við 13. gr. laganna bætist:

Ákvæði 2. málsgr. þessarar greinar taka þó ekki til viðurkenningar, sem veitt er á 18. gr. fjárlaga, ef hún er lægri en 8000 krónur.

Nd. 326. Breytingartillaga [95. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá Pétri Ottesen.

6. gr. orðist svo:

Takmarkanir þær, sem ákveðnar eru í 2. og 3. málsgr. 23. gr. laganna á greiðslum barnalífeyris til ekkna, skulu einnig gilda um greiðslur barnalífeyris til fráskilanna kvenna samkv. 28. gr.

Mæður óskilgetinna barna, er taka lífeyri með börnum sínum samkvæmt úrskurði yfirvalds, eiga rétt á að fá lífeyrinn greiddan hjá Tryggingastofnuninni til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki.

Nd. 327. Lög [103. mál]

um breyting á lögum nr. 84 19. júní 1933, um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 320.

Nd. 328. Lög [95. mál]

um breyting á lögum nr. 50 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

(Afgreidd frá Nd. 17. des.)

Samhljóða þskj. 292 (sbr. 288).

Ed. 329. Lög [136. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1955.

(Afgreidd frá Ed. 18. des.)

Samhljóða þskj. 322.

Sþ. 330. Þingsályktun [131. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

(Afgreidd frá Sþ. 18. des.)

Samhljóða þskj. 304.

Nd. 331. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðsins „barnakennara“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: svo og námsstjórar barnafræðslustigsins.

3. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 8. gr. laganna komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

6. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

7. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

9. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu barnakennarastarfi, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

10. gr.

2. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

11. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

12. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

13. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. laganna komi: 2500 kr.

14. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

15. gr.

Í stað orðanna „rétt til lífeyris úr sjóðnum“ í niðurlagi 7. mgr. 12. gr. laganna komi: rétt til hærra lífeyris úr sjóðnum.

16. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslum hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðalárslaunum hans síðustu 10 árin í því starfinu, sem hærra er launað, ef það meðaltal var hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

17. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú flyzt starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði þeim, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu.

19. gr.

Síðari málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til þess að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

21. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í l. nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að ríkisstjórninni er falið að láta fara fram endurskoðun á síðarnefndum lögum.

Samkvæmt því hefur fjármálaráðuneytið, með bréfi dags. 19. júní s. l., falið stjórnendum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða lög þess sjóðs, en í sama bréfi óskaði rn. þess, að sömu aðilar önnuðust sams konar endurskoðun á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. Hafa endurskoðendur laganna haft samráð við stjórn lífeyrissjóðs barnakennara um breytingartillögur þær, sem gerðar eru, og hefur meiri hluti stjórnar þess sjóðs tjáð sig samþykkan þeim.

Frumvarp þetta er árangur af ofangreindri endurskoðun. Fara hér á eftir athugasemdir um hverja einstaka grein frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er aðeins um að ræða breytingu á orðalagi 1. gr. l. 102/1943, en eigi felur gr. þessi í sér neina efnisbreytingu á hinum fyrri lögum.

Um 2. gr.

Barnakennarar taka nú laun samkvæmt hinum almennu launalögum, og er orðalagi breytt í samræmi við það. Þá er og bætt inn ákvæði þess efnis, að námsstjórar barnafræðslustigsins verði sjóðfélagar í lífeyrissjóði barnakennara.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að 1. gr. l. nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, verði felld inn í lögin óbreytt að efni til.

Um 4. gr.

Gr. felur aðeins í sér orðabreytingu til samræmis við annað orðalag laganna.

Um 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir strangara aðhaldi um skyldu launagreiðanda varðandi skil til sjóðsins en gert er í l. 102/1943.

Um 6. gr.

Samkvæmt 10. gr. l. nr. 102/1943 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 30 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 30 ára iðgjaldagreiðslu nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til þess að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru eftir að 30 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, er óréttlát, og er því lagt til, að iðgjaldagreiðslur standi ekki lengur en 30 ár.

Unglingar undir 18 ára aldri munu vart geta orðið barnakennarar samkvæmt núgildandi lagaákvæðum um menntun barnakennara. Þó er talið eðlilegt að setja ákvæði um lágmarksaldur, er veitt geti eftirlaunarétt, og er hér miðað við 18 ár.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæðið um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustutíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar.

95 ára ákvæðið var í lögum nr. 33/1921, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra. Þegar þau lög voru sett, voru menn yfirleitt eldri en nú tíðkast, þegar þeir voru skipaðir barnakennarar, og var ákvæðið þá ekki óeðlilegt. Öðru máli gegnir nú, þar sem reynslan sýnir, að margir sjóðfélagar hefja starf undir 25 ára aldri. 95 ára ákvæðið skapar þeim rétt til að hætta störfum og taka lífeyri 60 ára eða yngri, þótt þeir hafi þá óskerta starfsorku.

En það er alls ekki tilgangur laganna um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra að skapa starfhæfu fólki aðstöðu til að hætta störfum og taka eftirlaun, heldur hitt, að tryggja þeim mönnum lífeyri, sem vegna elli eða örorku verða að hætta störfum og missa þar með vinnutekjur sínar.

Um 8. gr.

Ákvæði þetta, sem tekið er óbreytt úr 1. gr. l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er sett til þess að koma í veg fyrir greiðslu óeðlilega hárra eftirlauna, ef vísitala framfærslukostnaðar kynni að lækka til muna.

Um 9. gr.

Í þessari gr. felast tvö nýmæli. Annað, að sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, á samt ekki rétt á örorkulífeyri, ef hann á kost á öðru jafngóðu barnakennarastarfi. Miðar þessi breyting að því, að reynt verði til hins ýtrasta að skapa mönnum með skerta starfsorku störf við þeirra hæfi. Hin breytingin er, að örorkumatið skuli ekki vera eingöngu medicinskt, heldur aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu. Þessi breyting er til rýmkunar á réttindum til örokulífeyris. Reynslan hefur sýnt, að hún er nauðsynleg, þar sem komið hefur fyrir, að sjóðfélagar hafa verið orðnir ófærir til þess að gegna starfi sínu, þótt þeir hafi aðeins haft litla medicinska örorku.

Um 10. gr.

Ákvæði gr. eru eðlileg viðbót við ákvæði 9. gr.

Um 11. gr.

Vísast til athugasemda um 8. gr. frumvarpsins, nema hér er ákv. tekið úr 2. gr. l. nr. 40 15. febr. 1945.

Um 12. gr.

Hér er dregið talsvert úr ákvæðinu um lækkun makalífeyris vegna aldursmunar hjóna. Það eru einkum tvær ástæður, sem liggja til þess að lækka makalífeyri, þegar eftirlifandi maki hefur verið miklu yngri en hinn látni. Önnur er sú, að í þessum tilfellum má ætla, að greiðsla makalífeyris standi að jafnaði lengur en venjulega, en hin, að þeir, sem missa maka sinn ungir, hafi meiri möguleika en hinir, sem gamlir eru, til þess að semja sig að breyttum aðstæðum. En þar sem aldursmunur hjóna er mikill, má gera ráð fyrir því, að það sé algengara en ella, að hinn eftirlifandi maki sé ungur, þegar hinn deyr. Hvorug röksemdin á þó við, ef yngri makinn er raunverulega við aldur, þegar hinn eldri deyr. Við það er breytingartillagan miðuð. Fengin reynsla bendir líka til þess, að breytingin sé æskileg.

Um 13. gr.

Lágmark makalífeyris er hér hækkað frá því, sem það er ákveðið í l. 102/1943, vegna breytingar þeirrar á verðgildi peninga, sem orðin er síðan þau lög voru sett.

Um 14. gr.

Ákvæði 6. mgr. 12. gr. l. 102/1943 eru fortakslaus. Svo ströng regla getur þó stundum komið nokkuð hart niður, svo sem þegar karl og kona, er saman hafa búið sem hjón, ganga í hjúskap eftir langa sambúð í því skyni fyrst og fremst að skilgera börn sín. Æskilegt er að hafa hér nokkru sveigjanlegri reglu, og því er lagt hér til, að stjórn sjóðsins geti úrskurðað eftir atvikum hverju sinni, hvort lífeyrir skuli greiddur.

Um 15. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Tilgangurinn með ákvæðum þessarar gr., sem tekin eru eftir 1. gr. l. 42/1954, er sá að hvetja sjóðfélaga, sem öðlazt hafa rétt til þess að hætta störfum og taka lífeyri úr sjóðnum, til að halda áfram störfum. Sjóðfélaginn fær þá hærri lífeyri en ella, og er þessi tilhögun að því leyti honum í hag. Sjóðnum er hún líka hagstæð, því að hún sparar honum greiðslu ellilífeyris þann tíma, sem sjóðfélaginn heldur áfram að starfa.

Um 17. gr.

Hér er fósturbörnum, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, veittur sami réttur og börnum hans og kjörbörnum. Missir slíks fóstra getur verið barninu jafntilfinnanlegur sem missir foreldris eða kjörforeldris.

Í síðari mgr. þessarar gr. felst það nýmæli, að barnalífeyrir frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins kemur til frádráttar samkvæmt lögum þessum. Ákvæði þetta er sett til samræmis við lög um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 18. gr.

Grein þessi er nýmæli. Hún gerir það kleift, að barnakennari, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, en flyzt í starf, er veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, geti keypt sér þar réttindi á borð við þau, er hann hafði öðlazt í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra. Að þessu getur verið mikið hagræði fyrir þá, sem flytjast í annan sjóð vegna breytinga á starfi. En flestum er um megn að kaupa sér réttindin, þegar um nokkurn verulegan starfstíma er að ræða, ef þeir fá ekki aðra endurgreiðslu en eigin iðgjöld vaxtalaus.

Þar sem grein þessi er aðeins heimildargrein, þótti rétt að láta hana einnig ná til flutnings í aðra sjóði, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneyti.

Um 19. gr.

Orð 18. gr. l. 102/1943 eru svo víðtæk og ótvíræð, að augljóst er, að vilji löggjafans hefur verið að undanskilja kröfu um lífeyri öllum skuldheimtumönnum kröfuhafans til þess að tryggja það, að hann fái sjálfur persónulega að njóta lífeyrisfjárins. Þrátt fyrir þetta hefur það átt sér stað, að skattheimtumenn hafa látið halda eftir af lífeyrisfé til greiðslu opinberra gjalda. Þetta er a. m. k. andstætt anda laganna, og þykir rétt að taka fyrir það með skýlausu lagaákvæði.

Um 20. og 21. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 332. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

Eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

3. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 25 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi: og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

5. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

6. gr.

Eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum.

7. gr.

Síðasta mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

8. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir,

sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

9. gr.

Í stað orðsins „fósturbörn“ í 2. mgr. 10. gr. laganna komi: kjörbörn.

10. gr.

Aftan við 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

11. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

12. gr.

Aftan við 12. gr. laganna bætist:

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

13. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Starfstími hjúkrunarkvenna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

14. gr.

Eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Nú flyzt hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu.

15. gr.

2. málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í l. nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er bráðabirgðaákvæði þess efnis, að ríkisstjórninni er falið að láta fram fara endurskoðun á framangreindum lögum.

Samkvæmt því hefur fjármálaráðuneytið, með bréfi dags. 19. júní s. l., falið stjórnendum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða lög þess sjóðs, en í sama bréfi óskaði rn. þess, að sömu aðilar önnuðust sams konar endurskoðun á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Hafa endurskoðendur laganna haft samráð við stjórn lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna um breytingartillögur þær, sem gerðar eru, og hefur stjórn þess sjóðs tjáð sig samþykka þeim.

Frumvarp þetta er árangur af ofangreindri endurskoðun. Fara hér á eftir athugasemdir um hverja einstaka grein frumvarpsins.

Um 1. gr.

Ekki er hér um efnisbreytingu að ræða, en aðeins nánar skýrgreint, hverjir séu sjóðfélagar.

Um 2. gr.

Sett eru nánari ákvæði um útlánastarfsemi sjóðsins, og eru þau sniðin eftir hliðstæðum ákvæðum lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og lífeyrissjóðs barnakennara og ekkna þeirra.

Um 3. gr.

Samkvæmt 8. gr. l. nr. 103/1943 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 25 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 25 ára iðgjaldagreiðslu nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til þess að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru eftir að 25 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, er óréttlát, og er því lagt til, að iðgjaldagreiðslan standi aldrei lengur en 25 ár.

Um 4. gr.

Sett eru ákvæði um mat á þeim hluta launa, sem greiddur er í hlunnindum, og virðist eðlilegt, að skattmat sé þar lagt til grundvallar.

Um 5. gr.

Ákvæði þetta, sem tekið er óbreytt úr 1. gr. l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er sett til þess að koma í veg fyrir greiðslu óeðlilega hárra eftirlauna, ef vísitala framfærslukostnaðar kynni að lækka til muna.

Um 6. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þetta er nýmæli, sem felur það í sér, að örorkumatið skuli ekki vera eingöngu medicinskt, heldur aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til þess að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu. Þessi breyting er til rýmkunar á réttindum til örorkulífeyris.

Um 8.—10. gr.

Í upphafi 8. gr. frv. er orðalagi breytt til samræmis við ákvæði 1. gr. frumvarpsins. Aðrar breytingar eru einnig orðalagsbreytingar.

Um 11. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 12. gr.

Hér er gert ráð fyrir strangara aðhaldi um skyldu launagreiðanda varðandi skil til sjóðsins en gert er í l. nr. 103/1943.

Um 13. gr.

Hér er fellt niður sérákvæði, sem einungis gilti fyrir hjúkrunarkonur, sem gerðust sjóðfélagar við stofnun sjóðsins. Að öðru leyti er hér ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 14. gr.

Grein þessi er nýmæli. Hún gerir það kleift, að hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, en flyzt í starf, er veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, geti keypt sér þar réttindi á borð við þau, er hún hafði öðlazt í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna. Að þessu getur verið mikið hagræði fyrir þær hjúkrunarkonur, sem flytjast í annan sjóð vegna breytinga á starfi. En flestum er um megn að kaupa sér réttindin, þegar um nokkurn verulegan starfstíma er að ræða, ef þær fá ekki aðra endurgreiðslu en eigin iðgjöld vaxtalaus.

Þar sem grein þessi er aðeins heimildargrein, þótti rétt að láta hana einnig ná til flutnings í aðra sjóði, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneyti.

Um 15. gr.

Orð 18. gr. l. nr. 103/1943 eru svo víðtæk og ótvíræð, að augljóst er, að vilji löggjafans hefur verið að undanskilja kröfu um lífeyri öllum skuldheimtumönnum kröfuhafans til þess að tryggja það, að hann fái sjálfur persónulega að njóta lífeyrisfjárins. Þrátt fyrir þetta hefur það átt sér stað, að skattheimtumenn hafa látið halda eftir lífeyrisfé til greiðslu opinberra gjalda. Þetta er a. m. k. andstætt anda laganna, og þykir rétt að taka fyrir það með skýlausu lagaákvæði.

Um 16. og 17. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 333. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1954.)

1. gr.

1. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

4. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

3. gr.

Orðin „samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr.“ í 5. gr. l. 101/1943 falli niður.

4. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. l. 101/1943 komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 8. gr. l. 101/1943 komi: fyrir sjóðfélaga.

6. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. l. 101/1943 komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

7. gr.

Aftan við 10. gr. l. 101/1943 komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

8. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 12. gr. l. 101/1943 falli niður.

9. gr.

Aftan við 12. gr. l. 101/1943 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

10. gr.

1. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

11. gr.

2. málsl. 3. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

12. gr.

Orðin „eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum“ í 1. mgr. 14. gr. l. 101/1943 falli niður.

13. gr.

Aftan við 3. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

14. gr.

4. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert

ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

15. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 14. gr. l. 101/1943 komi: 2500 kr.

16. gr.

6. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut ellilífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

17. gr.

Í stað orðanna „rétt til lífeyris úr sjóðnum“ í 7. mgr. 14. gr. l. 101/1943 komi: rétt til hærra lífeyris úr sjóðnum.

18. gr.

Aftan við 14. gr. l. 101/1943 komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

19. gr.

Aftan við 15. gr. l. 101/1943 komi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

20. gr.

Í stað orðanna „Lífeyrissjóður Íslands“ í 3. gr. l. 40/1945 komi: Tryggingasjóður almannatrygginga.

21. gr.

Meginmál 4. gr. l. 40/1945 orðist þannig:

Bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

22. gr.

Á eftir 17. gr. l. 101/1943 komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu.

23. gr.

Síðari málsl. 20. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 102 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á sömu lögum.

25. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra svo og meginmál laga nr. 40 15. febr. 1945, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í l. nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, er svofellt bráðabirgðaákvæði:

„Ríkisstjórnin lætur fara fram endurskoðun á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, í samráði við stjórn sjóðsins. Verði m. a. athugað, hvort ekki sé rétt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að hækka aldurstakmark frá því, sem nú er um rétt til fullrar lífeyrisgreiðslu, svo og annað það, sem af slíkri breytingu kann að leiða. Skal endurskoðuninni lokið á þessu ári."

Samkvæmt þessu hefur fjármálaráðuneytið, með bréfi dags. 19. júní s. l., falið stjórnendum sjóðsins að endurskoða nefnd lög, og er frumvarp þetta árangurinn af þeirri endurskoðun. Fara hér á eftir athugasemdir um hverja einstaka grein frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er aðeins um að ræða breytingu á orðalagi 1. gr. l. 101/1943, en eigi felur grein þessi í sér neina efnisbreytingu á hinum fyrri lögum.

Um 2. gr.

Samkvæmt 4. gr. l. 101/1943 er heimilt — en ekki skylt — að taka í tölu sjóðfélaga 1) starfsmenn við ríkisstofnanir, er sérstakan fjárhag hafa, 2) starfsmenn bæjar-, sýslu- og sveitarfélaga og 3) starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþarfir.

Í frumvarpinu er ákvæðum þessum breytt á tvo vegu. Annars vegar er leyft að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn við stofnanir, er tilheyra bæjar-, sýslu- eða hreppsfélögum, sem hafa sérstakan fjárhag, þannig að starfsmennirnir mundu taldir starfsmenn stofnunarinnar, en ekki starfsmenn bæjar-, sýslu- eða hreppsfélagsins. Í annan stað er í frumvarpinu felld niður heimildin til að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn sjálfseignarstofnana, sem starfa í almenningsþarfir. Liggja til þessa tvær ástæður aðallega. Önnur er sú, að nú er eigi lengur þörf á þessari heimild, eftir að lög hafa rýmkað mjög rétt manna til að draga lífeyrisiðgjöld frá tekjum sínum til skatts, sbr. l. nr. 46 14. apríl 1954, 10. gr. Hin ástæðan er sú, að mjög örðugt reynist í framkvæmdinni að ákveða það, hverjar stofnanir fylli skilyrði þau, sem áskilin eru í 3. lið 4. gr. l. 101/1943.

Um 3. gr.

Lagatilvitnanir þær, sem hér er gert ráð fyrir að niður séu felldar, eru óþarfar og fá enda eigi að öllu staðizt, verði 2. gr. frumvarpsins að lögum.

Um 4. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að 1. gr. l. nr. 102 23. des. 1950, um breyting á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, verði felld inn í lögin óbreytt að efni til.

Um 5. gr.

Greinin felur aðeins í sér orðabreytingu til samræmis við annað orðalag laganna.

Um 6. gr.

Hér er kveðið nokkru nánar á um skyldu launagreiðanda um skil til sjóðsins en gert er í l. 101/1943.

Um 7. gr.

Samkvæmt 12. gr. l. nr. 101/1943 er hámarkseftirlaunarétti náð, þegar iðgjöld hafa verið greidd í 30 ár. Nú getur staðið svo á, að sjóðfélagi hafi lokið 30 ára iðgjaldagreiðslu nokkrum árum áður en hann öðlast rétt til að hætta störfum og fá eftirlaun. Engin réttindi fást fyrir þau iðgjöld, sem greidd eru, eftir að 30 ára iðgjaldagreiðslu er lokið. Iðgjaldagreiðsla, sem engin réttindi veitir, er óréttlát, og er því lagt til, að iðgjaldagreiðslan standi aldrei lengur en 30 ár.

Unglingar undir 18 ára aldri gegna mjög sjaldan svo ábyrgðarmiklum störfum í þágu ríkisins eða ríkisfyrirtækja, að ástæða sé til, að þau veiti eftirlaunarétt. Er því lagt til, að enginn verði tekinn í sjóðinn yngri en 18 ára.

Um síðustu málsgr. 7. gr. skal þetta tekið fram:

Í launalögunum, l. 60/1945, 10. gr., er læknishéruðunum skipt í flokka, og eru hin föstu laun mishá eftir því, í hvaða flokki héraðið er. Stafar þetta af því, hve misjafnar aukatekjur eru í héruðunum, og fylgja hærri laun þeim héruðum, þar sem þær eru litlar, en hinum, þar sem þeirra gætir meira. Bæði iðgjöld og lífeyrir eru hins vegar miðuð við hin föstu laun ein, og verður því lífeyrir lækna í þeim héruðum, er lægri föst laun fylgja, lægri en hinna, sem hærri höfðu föstu launin. Kemur hér fram misrétti milli læknanna, og getur þetta m. a. leitt til þess, að lífeyrir læknis verði lægri en svarar til þeirra iðgjalda, sem hann hefur greitt. Úr þessu misrétti er nokkuð hægt að bæta með því að miða iðgjöld og lífeyri allra héraðslækna við heildarárslaun í þeim héruðum, er hæst laun fylgja.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir að fella niður ákvæðið um, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og þjónustutíma, megi hætta störfum og taka eftirlaun. Breyting þessi getur þó ekki tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar.

95 ára ákvæðið var í lögum nr. 51/1921, um lífeyrissjóð embættismanna. Þegar þau lög voru sett, mun hafa verið algengast, að embættismenn væru fyrst skipaðir í embætti um 30 ára aldur, og var ákvæðið þá ekki óeðlilegt. Öðru máli gegnir nú í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, þar sem reynslan sýnir, að mikill fjöldi sjóðfélaga kemur inn á aldrinum 18 til 25 ára. 95 ára ákvæðið skapar þeim rétt til að hætta störfum á aldrinum 56½ árs til 60 ára, þótt þeir hafi þá óskerta starfsorku. En það er alls ekki tilgangur laganna um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins að skapa starfhæfu fólki aðstöðu til að hætta störfum og taka eftirlaun, heldur hitt, að tryggja þeim mönnum lífeyri, sem vegna elli eða örorku verða að hætta störfum og missa þar með vinnutekjur sínar.

Um 9. gr.

Ákvæði greinarinnar er tekið óbreytt úr 1. gr. l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 10. gr.

Í þessari grein felast tvö nýmæli. Annað, að sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, á samt ekki rétt á örorkulífeyri, ef hann á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum. Miðar þessi breyting að því, að reynt verði til hins ýtrasta að skapa mönnum með skerta starfsorku störf við þeirra hæfi. Hin breytingin er, að örorkumatið skuli ekki vera eingöngu medicinskt, heldur aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélagans til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu. Þessi breyting er til rýmkunar á réttindum til örorkulífeyris. Reynslan hefur sýnt, að hún er nauðsynleg, þar sem komið hefur fyrir, að sjóðfélagar hafa verið orðnir ófærir til að gegna starfi sínu, þótt þeir hafi aðeins haft litla medicinska örorku.

Um 11. gr.

Ákvæði greinarinnar eru eðlileg viðbót við ákvæði 10. gr.

Um 12. gr.

Orð þau úr 14. gr. l. 101/1943, sem hér er lagt til að niður verði felld, eru óþörf og enda villandi, þar sem menn þeir, sem hér um ræðir, eru sjóðfélagar í þeirri merkingu, sem það orð hefur í lögunum.

Um 13. gr.

Ákvæði greinarinnar er tekið óbreytt úr 2. gr. l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Um 14. gr.

Hér er dregið talsvert úr ákvæðinu um lækkun makalífeyris vegna aldursmunar hjóna. Það eru einkum tvær ástæður, sem liggja til þess að lækka makalífeyri, þegar hinn eftirlifandi maki hefur verið miklu yngri en sá látni. Önnur er, að í þessum tilfellum má ætla, að greiðsla makalífeyris standi að jafnaði lengur en venjulega. Hin er, að þeir, sem missa maka sinn ungir, hafa meiri möguleika en hinir, sem gamlir eru, til að semja sig að breyttum aðstæðum. En þar sem aldursmunur hjóna er mikill, má gera ráð fyrir, að það sé algengara en ella, að hinn eftirlifandi maki sé ungur, þegar hinn deyr. Hvorug röksemdin á þó við, ef yngri makinn er raunverulega við aldur, þegar sá eldri deyr. Við það er breytingartillagan miðuð. Fengin reynsla bendir líka til þess, að breytingin sé æskileg.

Um 15. gr.

Lágmark makalífeyris er hér hækkað frá því, sem það er ákveðið í l. 101/1943, vegna breytingar þeirrar á verðgildi peninga, sem orðin er síðan l. 101/1943 voru sett.

Um 16. gr.

Ákvæði 6. mgr. 14. gr. l. 101/1943 eru fortakslaus. Svo ströng regla getur þó stundum komið nokkuð hart niður, svo sem er karl og kona, er annars hafa búið sem hjón, ganga í hjúskap eftir langa sambúð í því skyni fyrst og fremst að skilgera börn sín. Æskilegt er að hafa nokkru sveigjanlegri reglu, og því er lagt hér til, að stjórn sjóðsins geti úrskurðað eftir atvikum hverju sinni, hvort lífeyrir skuli greiddur.

Um 17. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 18. gr.

Tilgangurinn með ákvæðum þessarar gr., sem tekin eru eftir 1. gr. l. 42/1954, er sá að hvetja sjóðfélaga, sem öðlazt hafa rétt til að hætta störfum og taka lífeyri úr sjóðnum, til að halda áfram störfum. Sjóðfélaginn fær þá hærri lífeyri en ella,

og er þessi tilhögun að því leyti honum í hag, og sjóðnum er hún líka hagstæð, því að hún sparar honum greiðslu ellilífeyrisins þann tíma, sem sjóðfélaginn heldur áfram að starfa.

Um 19. gr.

Hér er fósturbörnum, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, veittur sami réttur og börnum hans og kjörbörnum. Missir slíks fóstra getur verið barninu jafntilfinnanlegur sem missir foreldris eða kjörforeldris.

Um 20. gr.

Sjálfsögð orðabreyting.

Um 21. gr.

Í þessari grein felst sú breyting frá því, sem verið hefur, að bætur frá slysatryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins til eftirlifandi maka ríkisstarfsmanns, sem látizt hefur af slysförum, dragast ekki frá lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Um 22. gr.

Grein þessi er nýmæli. Hún gerir það kleift, að starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, en flyzt í starf, er veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, geti keypt sér þar réttindi á borð við þau, er hann hafði öðlazt í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Að þessu getur verið mikið hagræði fyrir þá, sem flytjast í annan sjóð vegna breytinga á starfi. En flestum er um megn að kaupa sér réttindin, þegar um nokkurn verulegan starfstíma er að ræða, ef þeir fá ekki aðra endurgreiðslu en eigin iðgjöld vaxtalaus.

Þar sem grein þessi er aðeins heimildargrein, þótti rétt að láta hana einnig ná til flutnings í aðra sjóði, sem viðurkenndir eru af fjármálaráðuneytinu.

Um 23. gr.

Orð 20. gr. l. 101/1943 eru svo víðtæk og ótvíræð, að augljóst er, að vilji löggjafans hefur verið að undanskilja kröfur um lífeyri öllum skuldheimtumönnum kröfuhafans til þess að tryggja það, að hann fái sjálfur persónulega að njóta lífeyrisfjárins. Þrátt fyrir þetta hefur það átt sér stað, að skuldheimtumenn hafa látið halda eftir af lífeyrisfé til greiðslu opinberra gjalda. Þetta er a. m. k. andstætt anda laganna, og þykir rétt að taka fyrir það með skýlausu lagaákvæði.

Um 24. og 25. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 334. Tillaga til þingsályktunar [140. mál]

um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna.

Flm.: Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og framkvæma svo fljótt sem verða má leiðréttingu þeirra mistaka, að sjómenn hafa ekki fengið greiddan hlut sinn úr andvirði bátagjaldeyrisfríðindanna fyrir árin 1951, 1952 og 1953.

Framkvæmd málsins verði í meginatriðum hagað þannig, að sjómannafélögunum verði falið að safna saman kröfum viðkomandi sjómanna, hverju á sínu félagssvæði, og frá þeim sjómönnum, sem samningar þeirra ná til. Leggi félögin síðan rökstuddar kröfur fyrir ríkisstjórnina, eða þá aðila, sem hún kann að tilnefna. Ríkissjóður greiði út hinn vangoldna hlut ásamt 6% ársvöxtum frá þeim tíma,

þegar eðlileg greiðsla hlutarins hefði átt að fara fram. Ríkissjóður endurkrefji svo hlutaðeigandi útgerðarmenn eða útgerðarfélög um þá upphæð, er hann greiðir þeirra vegna.

Kostnaður allur við framkvæmd málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin greiðsla til sjómannafélaganna fyrir þeirra þátt í leiðréttingu þessari, og skal sú greiðsla ákveðin 5% af kröfum þeim, sem þau leggja fram og færa sönnur á, auk áfallins málskostnaðar eftir reikningi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi flutti ég tillögu, sem efnislega var samhljóða þessari. Lét ég þá eftirfarandi greinargerð fylgja henni:

„Í ársbyrjun 1951 bar þjóðarbúskap Íslendinga þann vanda að höndum, að vélbátaflotinn hóf ekki vertíðarveiðar, sökum þess að fiskverð var svo lágt, að fyrirsjáanlegur halli var á útgerðinni. Var það krafa útgerðarmanna, að fiskverð yrði hækkað til muna, og var kröfunni beint til stjórnarvaldanna.

Þá stóð svo á, að ríkisvaldið hafði framkvæmt mjög stórfelldar lækkanir á gengi íslenzkrar krónu haustið 1949 og á öndverðu ári 1950, og voru þær gengisfellingar kallaðar hjálp fyrir atvinnuvegina.

Þáverandi ríkisstjórn stóð því frammi fyrir þeim tvíþætta vanda, sem að nokkru var fólgin í því, að án útgerðar vélbátaflotans horfði harla báglega um þjóðarhag, og að hinu leytinu táknaði stöðvun flotans það, að aðalröksemdin fyrir gengisbreytingunni — fjárhagslegt öryggi og tryggur rekstur atvinnuveganna — var afsönnuð með því miskunnarleysi, sem staðreyndir einar geta sýnt liðsterkri ríkisstjórn.

Ekki verður með vissu séð, hvorn þátt vandans ríkisstjórnin taldi alvarlegri. Hún reyndi að koma flotanum af stað, þótt lítill væri viðbragðsflýtir hennar í því efni, og liðu margar vikur þar til veiðar hófust.

En með því að hinar fyrri ráðstafanir ríkisstjórnarinnar til að tryggja rekstur atvinnuveganna, þ. e. gengisbreytingarnar, höfðu átt mestum andbyr að mæta hjá launþegum og samtökum þeirra, þá mun ríkisstjórnin ekki hafa talið sér til neinnar ánægju að bera ráð sín saman við þá aðila, eftir að svona var komið, enda fór þannig, að í ráðabruggi sínu um hækkun fiskverðsins hafði ríkisstjórnin ekkert samráð við sjómannastéttina, þótt hún sé sá aðilinn, sem er eigandi meira en þriðjungs alls sjávarafla, sem á land er dreginn.

Árangurinn af samningum útgerðarmanna og ríkisstjórnarinnar um hækkað fiskverð varð sá, að ríkisstjórnin lét fjárhagsráð gefa út bátagjaldeyrisreglurnar, eða reglur um innflutningsréttindi bátaútvegsmanna, eins og þær hétu í auglýsingunni í Lögbirtingablaðinu. Lögmæti þessarar ráðstöfunar hefur mjög verið dregið í efa, og ber ekki að skoða tillögu þessa sem neina viðurkenningu á lögmæti bátagjaldeyrisfyrirkomulagsins. Engu að síður er fyrirkomulag þetta staðreynd, sem taka verður fullt tillit til.

Af þeim mistökum fyrrverandi ríkisstjórnar að sniðganga í öllu sjómannastéttina leiðir það, að útgerðarmenn, sem einir stóðu í sambandi við stjórnina, töldu sig eina eiga þann ágóða, sem bátagjaldeyrisreglurnar færðu fiskeigendum.

Í samræmi við þetta gerist það, þegar til reikningsskila kom milli sjómanna og útgerðarmanna fyrir vertíðina 1951 og aðrar veiðar á því ári, að útgerðarmenn neita að greiða sjómönnum sama fiskverð og þeir fengu sjálfir. Neitun þessi byggðist á fyrirmælum forráðamanna Landssambands íslenzkra útvegsmanna, sem vafalaust hafa talið sig njóta fulltingis ríkisstjórnarinnar til þessarar rangsleitni gagnvart sjómannastéttinni.

En hafi það verið ætlun ríkisstjórnarinnar að varna íslenzkum hlutarsjómönnum réttar til sama fiskverðs og aðrir fiskeigendur fá, þá hefur henni ekki tekizt það, og er nú sannaður sá réttur sjómanna.

Í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja var hinn 3. febr. s. l. kveðinn upp dómur í máli, sem fyrir tilstuðlan allra sjómannafélaganna í Eyjum: Vélstjórafélags Vestmannaeyja, sjómannafélagsins Jötuns og skipstjóra- og stýrimannafélagsins Verðandi — var rekið sem prófmál til að ná fram áliti dómsins um rétt sjómanna til hins endanlega fiskverðs. Í dómnum er viðkomandi sjómanni tildæmdur réttur til fullrar hlutdeildar í andvirði innflutningsréttindanna. Þannig er nú fengið dómsorð fyrir því, að ranglega hefur verið setið yfir hlut bátasjómanna síðastliðin þrjú ár.

Um dóm þennan skal ekki fjölyrt frekar í greinargerð þessari, enda er hann prentaður með henni sem fylgiskjal. Skal þess þó getið, að hann er lagður til grundvallar t. d. því ákvæði þingsályktunarinnar, sem fjallar um vaxtaupphæð.

Vel má vera, að dómi þessum verði skotið til hæstaréttar, og ef svo færi, gæti enn liðið langur tími, unz þar félli dómur í málinu. Vera má, að einhverjum þingmönnum kynni að þykja varlegast að bíða þess. En þar til er þrennu að svara: Í fyrsta lagi mun dómnum ekki enn hafa verið áfrýjað. Í öðru lagi er engin sjáanleg ástæða til að draga réttmæti dómsins í efa. Í þriðja lagi er augljóst, að mál sem þetta þolir ekki bið. Það er langur tími fyrir þær fjölskyldur, sem lifa eingöngu á handafla heimilisföðurins, að bíða í 3 ár eftir greiðslu vinnulaunanna, og er sízt á þá bið bætandi. Þá er augljóst, að eftir því sem lengra líður, verður erfiðara að hafa uppi á viðkomandi gjaldanda og sömuleiðis hætt við, að eigendum umrædds aflahlutar gangi erfiðlega að færa sönnur á rétt sinn.

Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir, að sannaðar kröfur sjómanna verði greiddar úr ríkissjóði, sem síðan endurkrefji þær hjá viðkomandi útgerðarmanni. Þetta er hliðstætt því fordæmi, sem fyrir liggur um greiðslu barnalífeyris samkv. úrskurði frá almannatryggingunum, og er að því leyti mjög sambærilegt, að aflahlutur þeirra sjómanna, sem eru heimilisfeður, er vissulega einnig lífeyrir barna. Hitt er þó mest um vert, að án fyrirgreiðslu hins opinbera og samvinnu þess við sjómannafélögin er hægt að gera rétt sjómanna lítils eða einskis virði, hvað margir dómstólar sem kveða á um réttindi hlutarsjómanna. Ef hver einstakur sjómaður þyrfti að leita til lögfræðings og ef til vill dómstóls um sinn hlut, heyja síðan harða innheimtu með fjárnámi og uppboði, jafnvel hjá sínum aðilanum fyrir hverja vertíð, ætti hann þess lítla von, að hluturinn yrði öllu meiri en kostnaðurinn. Þannig gæti hinn tildæmdi réttur orðið harla lítill á borði.

Ekki er þess að dyljast, að vart mun ríkissjóður sleppa skaðlaus frá því hlutverki, sem honum var ætlað í ályktuninni. Auk fyrirsjáanlegs kostnaðar við framkvæmd málsins má reikna með, að ekki takist að endurkrefja allt það fé, sem út yrði greitt í hinn vangoldna hlut. En öll þau mistök, sem orðið hafa í þessu máli, eru sök annarra aðila en sjómannanna, og því eiga þeir sízt að gjalda þeirra. Fyrrverandi ríkisstjórn fór rangt að, er hún sniðgekk sjómenn við samninga þá, sem ákvörðuðu fiskverðið, og rökrétt afleiðing þess er, að ríkissjóður gjaldi þess.

Kjör sjómanna eru nú lakari en flestra annarra þegna þessa þjóðfélags, enda sjást þess glögg merki, að þurrð er að bresta á um vinnuafl til fiskveiðanna, og væri það vissulega hyggilegast, að ríkisvaldið tæki upp vinsamlegri stefnu í málefnum sjómanna en ríkt hefur að undanförnu, og færi vel á því, að sú stefnubreyting hæfist á aðstoð ríkisins til að bæta sjómönnum upp þriggja ára misrétti, sem þeir hafa verið beittir í þessu máli.

Vart mun mögulegt að ná til alls þorra þeirra sjómanna, sem hér eiga hlut að máli, án þess að njóta til þess aðstoðar sjómannasamtakanna. Þau hafa sum hver þegar sýnt mikinn áhuga í því að ná fram leiðréttingu málsins og lagt fram verulegt fé og vinnu til málrekstrar þess, sem fyrr getur. Það verður því að teljast eðlilegt, að bæði sá kostnaður, sem þegar er á fallinn við leiðréttingu málsins, svo og væntanlegur kostnaður við að ná saman kröfum sjómanna og færa rök fyrir réttmæti þeirra, verði þeim að fullu bættur. Í ályktuninni er greiðslan ákveðin 5 af hundraði af kröfuupphæðunum. Telur flutningsmaður, að hlutur af kröfuupphæð mundi frekast tryggja það, að sem allra fæstir kröfuhafar verði af sinni réttmætu

uppbót. Vera má, að annar háttur hentaði jafn vel um slíka greiðslu, og með því að skaðlaus greiðsla og ekki þar umfram er það, sem fyrir flutningsmanni vakir, þá er af hans hálfu ekki fast sótt að halda þessu atriði ályktunarinnar óbreyttu, ef rök hníga að öðru, og gegnir raunar sama máli um hvað eina í framkvæmd málsins, ef kjarni þess nær fram að ganga.

Ef Alþingi og ríkisstjórn kjósa ekki enn, eftir að réttindi sjómanna eru sönnuð með dómi, að bera ábyrgð á því, að þörfustu starfsmenn þjóðfélagsins séu beittir klækjum fyrir tilstuðlan ríkisvaldsins, þá gefst í þessu máli gott tækifæri til að sanna góðan vilja og raunhæft mat á gildi sjómannastéttarinnar. Það tækifæri ætti ekki hvað sízt að vera kærkomið þeim alþingismönnum og ráðherrum, sem jafnan liggja undir nokkrum grun um að tala fagurlegar á tyllidögum um sjómannastéttina en svarað geti til þess, sem þeir unna henni að njóta í lífskjörum.“

Tillagan fékk enga endanlega afgreiðslu á síðasta þingi. Fjárveitinganefnd, sem hafði hana til meðferðar, skilaði tveim álitum um hana. Minni hlutinn (HV og LJós) lagði til, að tillagan yrði samþykkt. En meiri hlutinn, þ. e. allir stuðningsríkisstjórnarinnar í nefndinni, vildi víkja henni frá afgreiðslu með svofelldri dagskrártillögu:

„Með því að ágreiningi þeim um bátagjaldeyriságóða, sem hér um ræðir, hefur verið skotið til úrskurðar dómstólanna, en endanlegur dómur í málinu hefur enn ekki verið upp kveðinn, telur Alþingi ekki tímabært að taka mál þetta til meðferðar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.“

Hæstiréttur hefur nú kveðið upp dóm í þessu máli og staðfest í einu og öllu dóm þann, er upp var kveðinn í héraði. Er þess því að vænta, að Alþingi telji nú tíma til þess kominn að láta málið til sín taka, og því flyt ég það hér að nýju.

Nd. 335. Frumvarp til laga [141. mál]

um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Flm.: Jörundur Brynjólfsson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

Húseigendum utan Reykjavíkur er heimilt frá 15. okt. 1955 að brunatryggja húseignir sínar hjá hverju því vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra.

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er þó heimilt frá sama tíma að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi þeirra, sem tryggingarskyldar eru samkvæmt lögum þessum, enda hafi húseigendur áður samþykkt við almenna atkvæðagreiðslu að veita sveitarstjórn heimild til slíkra samninga.

Tekjur vátryggingarfélags af starfsemi, er um ræðir í 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eru undanþegnar sköttum til sveitarsjóðs og ríkissjóðs.

2. gr.

Skylt er að tryggja gegn eldsvoða hjá þeim, sem brunatryggingar annast samkvæmt 1. gr., allar húseignir utan Reykjavíkur, nema gripahús, hlöður og geymsluhús á sveitabæjum, enda séu þau ekki áföst íbúðarhúsum, svo að þau megi teljast vera í óaðgreinanlegri brunahættu með þeim. Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingarfélagsins.

3. gr.

Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Sveitarstjórnir

skulu hafa eftirlit með virðingargerðum húsa hver í sínu umdæmi, og bera þær á hverjum tíma ábyrgð á, að vátryggingum sé haldið við og ný hús metin og vátryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hagstofan reiknar út byggingarvísitölu fyrir kaupstaði og kauptún, en teiknistofa landbúnaðarins fyrir sveitir. Vísitölur hvers árs skulu tilbúnar og auglýstar fyrir janúarlok ár hvert.

Eftir hinni auglýstu vísitölu undanfarins vísitöluárs skal teljast vátryggingarupphæð næstkomandi vátryggingarárs, þó þannig, að vátryggingarupphæðin miðist við heil hundruð króna.

4. gr.

Iðgjöld af húseignum í skyldutryggingu hvíla sem lögveð á eignunum sjálfum og ganga í tvö ár fyrir öllum öðrum skuldbindingum, sem á þeim hvíla, nema sköttum til ríkissjóðs.

Séu gjöldin eigi greidd innan sex mánaða frá gjalddaga, er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks, en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarpósti eða á annan öruggan hátt, að sölu hafi verið beiðzt. Á sama hátt skal uppboðshaldari aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara, áður en hann sendir sölulýsingu til birtingar.

Uppboðið skal auglýst einu sinni í Lögbirtingablaðinu. Má sala ekki fara fram fyrr en 6 vikum eftir birtingu auglýsingarinnar.

Enga húseign má fella úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt. Virðingargjöld má heimta með lögtaki.

5. gr.

Fyrir 15. október ár hvert skulu vátryggingarfélög afhenda bæjarstjórnum og oddvitum skrár yfir húseignir þær í umdæminu, sem tryggðar eru hjá félögunum. Ef allar húseignir í sveitarfélaginu hafa þá ekki verið tryggðar, skal bæjarstjóri eða oddviti tryggja ótryggðar eignir fyrir hönd eigenda.

Brenni hús, sem ekki hefur verið tryggt samkvæmt lögum þessum, skal húseiganda þó bætt tjón hans að ⅔ hlutum. Skal bótafé greitt af vátryggingarfélögum þeim, er tryggja hús í sveitarfélaginu, í sömu hlutföllum og iðgjaldatekjur þeirra eru af brunatryggingum húsa í umdæminu.

6. gr.

Vátryggingarfélag, sem greiðir arð eða ágóðahlut af tryggingum þeim, er um ræðir í lögum þessum, skal greiða hann til hinna tryggðu. Óheimilt er sveitarsjóðum að taka við og halda slíkum ágóða.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 100—10 000 krónum, og skulu mál út af brotum sæta meðferð almennra lögreglumála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 59 frá 24. apríl 1954, 1. gr. laga nr. 52 12 okt. 1944 svo og öll þau lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumv. þetta er flutt samkvæmt ósk félagsmálaráðherra. Flutningsmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frv. og fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frumvarpinu:

„Brunabótafélag Íslands var stofnað með lögum nr. 54 3. nóv. 1915 til þess að taka að sér brunatryggingar á húsum í kaupstöðum og kauptúnum utan Reykjavíkur. Með lögum nr. 26 24. júní 1932 var verksvið félagsins aukið, og hefur síðan verið skylt að tryggja öll hús utan Reykjavíkur hjá félaginu, að undanskildum gripahúsum, hlöðum og geymsluhúsum á sveitabæjum, ef þau eru ekki áföst íbúðarhúsum, sbr. lög nr. 73 4. júlí 1942.

Víða um land mun hafa gætt mikillar óánægju með þetta fyrirkomulag. Á undanförnum árum hafa komið fram frumvörp á Alþingi um heimild handa bæjarfélögum til að losna úr skyldutryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands, en þau hefur dagað uppi þar til á síðasta þingi, er lög nr. 59/1954 voru samþykkt.

Þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað, voru engin innlend vátryggingarfélög til, sem tekið gætu að sér brunatryggingar á húsum. Nú eru hins vegar starfandi hér á landi mörg sterk vátryggingarfélög, sem geta tekið að sér þessar tryggingar. Það er því eðlilegt, að húseigendur sætti sig ekki lengur við það að vera skyldaðir til að tryggja hjá einu félagi og verða að hlíta þeim kjörum, er það býður. Slík höft á frelsi borgaranna til að ráða yfir eignum sínum samrýmast ekki hugsunarhætti manna í frjálsum löndum nú á tímum.

Tryggingarfélög þau, sem starfa hér á landi, eiga í stöðugri og harðri samkeppni. Af því leiðir, að félögin lækka iðgjöldin til þess að reyna að ná sem mestum viðskiptum hvert um sig. Það liggur því í augum uppi, að hagkvæmast er fyrir einstaklinga, að þeir geti tryggt hús sín hjá hverju því viðurkenndu tryggingarfélagi, er þeir telja, að bezt kjör bjóði. Þess vegna er lagt til í þessu frumvarpi, að húseigendur fái í sínar hendur heimild til þess að ákveða, hvar þeir brunatryggi húseignir sínar, og er þetta aðalbreyting sú, sem hér er gerð á lögum nr. 59 frá 24. apríl 1954. Jafnframt er húseigendum heimilað að fela bæjarstjórnum og hreppsnefndum að semja í einu lagi um tryggingar á öllum húsum í sveitarfélaginu. Hér er gert ráð fyrir, að völdin í þessum málum verði öll hjá húseigendum sjálfum, en sveitarstjórnir geti ekki selt þessi viðskipti á leigu að húseigendum forspurðum, svo sem nú er eftir gildandi lögum (nr. 59/1954).

Það fyrirkomulag, er hér hefur verið, að skylda húseigendur til þess að brunatryggja hjá einu tryggingarfélagi, mun hvergi þekkjast í nágrannalöndum vorum.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Hér er gerð sú breyting á 1. gr. laga nr. 59/1954, að húseigendum er sjálfum heimilað að ráða, hvar þeir brunatryggja hús sín, í stað þess að fela sveitarstjórnum að ráðstafa þessum tryggingum, án þess að leita þurfi samþykkis húseigenda, svo sem nú er.

Í 2. mgr. greinarinnar er sveitarstjórnum heimilað að semja um brunatryggingar allra húseigna í umdæminu að fengnu samþykki húseigenda.

3. mgr. er samhljóða 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1954.

Um 2. gr.

Samhljóða 2. gr. laga nr. 59/1954.

Um 3. gr.

1. og 2. mgr. eru sama efnis og 3. gr. laga nr. 59/1954.

3. og 4. mgr. eru samhljóða 1. gr. laga nr. 52 12. okt. 1944. Ákvæði um útreikning á byggingarvísitölu virðast eiga bezt heima í þessum lögum, þar sem þau eiga að gilda almennt um brunatryggingar húsa, en eftir byggingarvísitölu skal vátryggingarverði húsa breytt.

Um 4. gr.

Greinin er samhljóða 4. gr. laga nr. 59/1954, að öðru leyti en því, að bætt er inn í ákvæði um, að húseign megi ekki falla úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. — Ákvæði þessi eru sett til þess að koma í veg fyrir, að eignir verði ótryggðar. Bæjarstjórar og oddvitar hafa umboð til þess að tryggja þær eignir, sem ótryggðar kunna að vera í upphafi tryggingartímabils, hjá hvaða vátryggingarfélagi sem þeir kjósa. Sé þetta vanrækt og ótryggð eign brenni, fær eigandi ⅘ bóta. Virðist sanngjarnt að draga nokkuð frá bótum, er svo stendur á.

Um 6. gr.

Ákvæði greinarinnar er nýmæli, og er það sett til þess að koma í veg fyrir, að sveitarsjóðir geti notað brunatryggingar sem tekjustofn og skattlagt þannig húseigendur fram yfir aðra borgara.

Um 7. og 8. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki sérstakra skýringa.

Reykjavík, 6. nóv. 1954.

Guðm. Guðlaugsson. Vilhjálmur Jónsson.“

Svo hljóðandi álit fylgdi frumv. af hálfu félagsmálaráðuneytisins í höfuðatriðum:

„Nefnd sú, sem kjörin var af sameinuðu Alþingi samkv. 5. gr. laga nr. 59 frá 24. apríl 1954 til þess að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands og önnur lagafyrirmæli um brunamál utan Reykjavíkur, hefur nú lokið störfum. Nefndin varð ekki sammála. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Jónas G. Rafnar, Jón Sigurðsson og Guðmundur Í. Guðmundsson, hefur samið frumvarp til laga um Brunabótafélag Íslands. Minni hluti nefndarinnar, þeir Guðmundur Guðlaugsson og Vilhjálmur Jónsson, hefur gert breytingartillögur við frumvarpið og auk þess samið sérstakt frumvarp til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Óskað hefur verið eftir umsögn þessa ráðuneytis um lagafrumvörp þessi, og fer hún hér á eftir:

I. Um lagafrumvarp meiri hluta nefndarinnar:

Um frumvarp meiri hlutans til laga um Brunabótafélag Íslands er það fyrst og fremst að segja, að þar er gert ráð fyrir að lögfesta áfram einkarétt þann, er Brunabótafélag Íslands hefur undanfarin ár haft á brunatryggingum húsa utan Reykjavíkur. Lagafrumvarp þetta er að mestu sniðið eftir gildandi lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 73/1942, með breytingum, lög nr. 52/1944.

Þau nýmæli eru þó í frumvarpi þessu, að lagt er til að lögfesta, að bæjar- og sýslufélög kjósi einn mann hvert í fulltrúaráð fyrir félagið. Það er út af fyrir sig gott eitt um það að segja, að fulltrúar dreifbýlisins skipi fulltrúaráð félagsins og framkvæmdastjórn þess, en hætt er við, að stjórnarhættir þessir verði nokkuð kostnaðarsamir og þungir í vöfum í framkvæmd.

Þá er enn fremur það nýmæli í frumvarpi þessu, að lagt er til, að bæjar- og sveitarfélög geti gengið úr Brunabótafélagi Íslands miðað við ákveðinn fyrirvara og tímamörk. Það er viðkomandi bæjar- eða sveitarfélag, sem verður að eiga frumkvæðið að endurskoðun eða breytingu á iðgjaldagreiðslum eða öðrum tryggingarkjörum. Náist ekki samkomulag um samninga innan tveggja mánaða frá því að ósk kom fram um endurskoðun eða breytingar á tryggingarkjörum, er hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi heimilt að segja sig úr Brunabótafélaginu með sex mánaða fyrirvara, miðað við 15. okt. ár hvert. Við þetta ákvæði er það fyrst og fremst að athuga, að það virðist tvímælalaust brjóta í bága við 1. gr. laga nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, enda þótt flutningsmenn segi í greinargerð sinni, að ákvæði þetta sé aðeins „nánari skýringar og fyllri lagafyrirmæli“ um ákvæði 1. gr. nefndra laga. Í þessu sambandi má geta þess, að réttara hefði verið, að flutningsmenn þessa frumvarps hefðu jafnframt skilað sérstöku

frumvarpi um almenn lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, heldur en að velja þann kostinn að tvinna þau saman á lítt skiljanlegan hátt, svo sem gert hefur verið í lagafrumvarpinu, sbr. 2. og 20. gr. þess.

Þá er loks það nýmæli í lagafrumvarpi þessu, að ráð er þar fyrir því gert, að Brunabótafélagi Íslands verði eftir vissum reglum heimilað að taka sér fleiri og víðtækari tryggingagreinar en verið hefur. En óþarfi er að orðlengja um það hér.

II. Um lagafrumvörp minni hluta nefndarinnar:

Svo virðist sem minni hluti nefndarinnar hafi skilið verkefni sitt réttilega, því að hann hefur skilað tveim lagafrumvörpum, öðru til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur, en hinu í formi breytingartillagna við frumvarp það til laga um Brunabótafélag Íslands, sem að hefur verið vikið hér að framan.

Fyrra lagafrumvarpinu er ætlað að koma í stað gildandi laga um sama efni, nr. 59/1954, og er byggt á grundvelli þeirra, frjálsum tryggingum á húseignum. Þó er í lagafrumvarpinu gengið það lengra en í lögum nr. 59/1954, að þar er ekki einungis bæjar- og sveitarstjórnum utan Reykjavíkur heimilað að semja um brunatryggingar á húseignum í umdæmi sínu, heldur er það gert að aðalreglu, að húseigendum sjálfum verði heimilt að brunatryggja húseignir sínar hjá hverju því vátryggingarfélagi, sem viðurkennt er af ráðherra. Síðan er í 2. mgr. frumvarpsins tekin orðrétt samningsheimild bæjar- og sveitarstjórna í 1. gr. laga nr. 59/1954 með þeirri viðbót, að húseigendurnir verða áður að hafa samþykkt við almenna atkvæðagreiðslu að veita sveitarstjórn heimild til slíkra samninga. Ekkert er tekið fram, hversu slíkri atkvæðagreiðslu er ætlað að fara fram né hvort ætlunin er, að einfaldur meiri hluti bindi hér alla húseigendur. Ráðuneytinu virðist, að það eitt samrýmist anda 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins að breyta þessari málsgrein í það horf, að þeir húseigendur, sem þess óska, geti veitt sveitarstjórn heimild til að gera brunatryggingarsamninga fyrir sína hönd.

Þá vill ráðuneytið hér með vekja athygli á, að í 2. mgr. 5. gr. er gert ráð fyrir því, að ef hús brennur, sem ekki hefur verið tryggt samkvæmt lögunum, þá skuli húseiganda þó bætt tjón hans að ⅓ hlutum. Skal bótafé greitt af vátryggingarfélögum þeim, er tryggja hús í sveitarfélaginu. Hér er ekki gert ráð fyrir þeim möguleika, að ekkert hús í sveitarfélagi sé brunatryggt, þannig að regla þessi verði ónothæf. Að vísu má segja, að með tilliti til hinnar hörðu samkeppni tryggingarfélaganna um brunatryggingar séu lítil líkindi til þess, að mál skipist svo. Engu að síður finnst ráðuneytinu ástæða til að benda á, að hér kunni að skapast aðstæður, sem valda því, að íbúðarhús brennur, án þess að bótaákvæði 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins taki til þess.

Um breytingartillögur minni hlutans við lagafrumvarp meiri hlutans um Brunabótafélag Íslands er það eitt að segja, að þar er gert ráð fyrir, að í stað fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar, kosinna af öllum bæjar- og sveitarfélögum utan Reykjavíkur, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi meiri hlutans, komi þriggja manna framkvæmdastjórn, kosin hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi.“

Nd. 336. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til l. um Brunabótafélag Íslands.

Frá Jörundi Brynjólfssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Forstjóri, skipaður af ráðherra, stjórnar félaginu í samræmi við lög og reglugerðir og í samráði við þriggja manna framkvæmdastjórn, kosna hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn.

2. Við 5. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin falli niður.
4. Við 7. gr. Greinin falli niður.
5. Við 20. gr. Greinin falli niður.
6. Við 23. gr. Í 3. mgr. falli niður orðin „og fulltrúaráðs".

Sþ. 337. Fyrirspurn [142. mál]

til ríkisstjórnarinnar um greiðslur til ameríska sendiráðsins úr mótvirðissjóði.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Hafa ameríska sendiráðinu í Reykjavík verið greiddar um 20 milljónir króna úr sjóði ríkisins, mótvirðissjóði, eða hve miklu nemur sú upphæð alls, er því hefur verið greidd?
2. Hvernig skiptast þessar greiðslur á undanfarin ár?
3. Hefur eitthvað af fé þessu verið yfirfært í erlendan gjaldeyri og þá hve mikið, eða hefur sendiráðið ráðstafað þessu hér innanlands?

Ed. 338. Frumvarp til laga [143. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn heimavistarskóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík og Kjósarsýsla.
2. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
3. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
4. Akranes og þrír syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum þrem syðstu hreppunum.
6. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
7. Dalasýsla.
8. Austur-Barðastrandarsýsla.
9. Vestur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
11. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
12. Strandasýsla.
13. Vestur-Húnavatnssýsla.
14. Austur-Húnavatnssýsla.
15. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
16. Siglufjörður.
17. Ólafsfjörður.

18. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
19. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
20. Norður-Þingeyjarsýsla.
21. Fljótsdalshérað, Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur.
22. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppar í Norður-Múlasýslu.
23. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
24. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
25. Austur-Skaftafellssýsla.
26. Vestur-Skaftafellssýsla.
27. Rangárvallasýsla.
28. Vestmannaeyjar.
29. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Hafnarfjörður. 3. Keflavík. 4. Akranes. 5. Borgarnes. 6. Stykkishólmur. 7. Búðardalur. 8. Reykhólar, 9. Patreksfjörður. 10. Þingeyri. 11. Ísafjörður. 12. Hólmavík. 13. Hvammstangi. 14. Blönduós. 15. Sauðárkrókur. 16. Siglufjörður. 17. Ólafsfjörður. 18. Akureyri. 19. Húsavík. 20. Kópasker. 21. Egilsstaðir. 22. Seyðisfjörður. 23. Neskaupstaður. 24. Eskifjörður. 25. Höfn í Hornafirði. 26. Vík í Mýrdal. 27. Hvolsvöllur. 28. Vestmannaeyjar. 29. Selfoss.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa.

Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum þeirra, sem varða atvinnulíf og almenna menntun.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í kauptúnum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 25. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal og skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar (sýslunefnda), enda sjái þessir

aðilar safninu fyrir viðunandi húsnæði og leggi því rekstrarfé ásamt ríkissjóði samkv. lögum þessum og úrskurði reikninga þeirra.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði kauptúns, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 15.00 á íbúa kaupstaðarins eða kauptúnsins.

Á móti framlagi þessu greiðir ríkissjóður fjárhæð, sem nemur kr. 7.50 á íbúa staðarins. Nái íbúatala kaupstaðar 4000, skal þó framlag ríkissjóðs lækka um kr. 0.75 á íbúa og síðan um jafnháa fjárhæð við hverja 1000 íbúa, sem fram yfir eru 4000, unz framlag ríkissjóðs er komið niður í kr. 2.50 á íbúa, og skal það vera lágmarksframlag ríkissjóðs til bókasafns.

Eftir sömu reglum skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 0.50 á íbúa, unz það nemur kr. 10.00 á íbúa, sem einnig skal vera lágmark.

Framlög annarra aðila bókasafnshverfis, sýslufélags eða hluta sýslufélaga, skulu nema 3 krónum á íbúa, og greiði ríkissjóður kr. 2.50 á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfi, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal Hagstofan fyrir lok janúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera sundurliðuð þannig, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila ber að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög ríkissjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok marzmánaðar og hin síðari fyrir lok septembermánaðar. Um gjalddaga annarra framlaga fer eftir reglum, sem settar verða, skv. 28. gr.

8. gr.

Stjórn bókasafnsins skal skipuð 5 mönnum, kosnum af bæjarstjórn og/eða sýslunefnd.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

Skulu stjórnarnefndarmenn kosnir að afstöðnum kosningum til bæjarstjórna og sýslunefnda og fyrir kjörtímabilið.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal ráða bókavörð og ákveða honum laun, hvort tveggja með samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa.

Hún skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, er safnið varðar.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt að fengnu samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af menntamálaráðuneytinu.

II. KAFLI
Um sveitarbókasöfn og lestrarfélög.

11. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkvæmt lögum þessum (sbr. 13. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

12. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt.

Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 13. gr.).

13. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 5.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 5.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

14. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

15. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 13. gr. Nái fjárframlög ekki því lágmarki, sem þar er ákveðið, skal greitt úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum) það, sem á vantar.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 15. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, og 1 af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skulu þeir kosnir til 4 ára. Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.

17. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði, og skal jafnan geyma slík söfn í skólahúsi eða félagsheimili sveitarinnar, þegar þess er kostur.

18. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögum þessum.

Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal ráða safninu sérstakan bókavörð. Skal hún ásamt bókaverði sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem það tilheyrir.

20. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafnsins senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið ár.

21. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum líta eftir rekstri og bókakosti sveitarbókasafna og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

22. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðsbókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum.

23. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 22. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 10.00 á nemanda miðað við nemendafjölda í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

24. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 22. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 25.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdarstjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar bækur þeirra skal binda í traust band jafnóðum sem því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal láta út úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

26. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því, sem hagkvæmt þykir.

Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

27. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga.

Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, en skylt er að láta binda öll slík rit og varðveita þau.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

28. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofu, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkvæmt lögum þessum.

Skulu reglur þessar samþykktar af hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og sveitarstjórn(um) og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Bókafulltrúi skal gefa safnstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur.

Ekkert safn skal njóta styrks úr ríkissjóði, fyrr en þessar reglur hafa verið settar.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

29. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur.

Skal menntamálaráðherra setja honum erindisbréf um starf hans.

30. gr.

Með lögum þessum eru þau ákvæði laga nr. 1 frá 21. janúar 1944, er varða lestrarfélög, úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða:

Stjórnir bókasafna skulu kosnar fyrsta sinni fyrir júnílok 1955, og sitji þær þar til nýjar hafa verið kjörnar samkvæmt ákvæðum 8. og 14. gr. laganna.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

1.

Hinn 29. júlí s. l. skipaði menntamálaráðherra eftirtalda menn í nefnd „til þess að athuga og gera tillögur að reglum og eftir atvikum lagafrumvarpi um bókasöfn héraða og almenningsstofnana“: Guðmund Gíslason Hagalín rithöfund, formann nefndarinnar, Helga prófast Konráðsson á Sauðárkróki og Þorkel Jóhannesson prófessor. Ásgeir Pétursson, fulltrúi í stjórnarráðinu, var skipaður lögfræðilegur ráðunautur nefndarinnar.

Tildrög þessarar nefndarskipunar voru eins og hér segir: Upp úr síðustu áramótum ákvað menntamálaráðherra að fela Guðmundi Gíslasyni Hagalín að kynna sér í samráði við fræðslumálastjóra starfsemi og starfsskilyrði svo margra bókasafna og lestrarfélaga, að athugun hans gæti gefið allgreinilega hugmynd um ástandið í þessum málum. Hann heimsótti síðan nokkur bókasöfn og rúmlega tuttugu lestrarfélög, aflaði upplýsinga um fjármál og aðbúð bókasafna, starfshætti þeirra og starfsskilyrði og yfirfór skýrslur seinustu tveggja ára frá lestrarfélögum um bókakaup. Enn fremur kynnti hann sér nokkuð, hvað lestrarfélögin ættu af merkum íslenzkum bókum, fræðibókum og skáldritum, sem út hafa verið gefnar á síðari áratugum. Hann sendi því næst menntamálaráðherra og fræðslumálastjóra álitsgerð, og síðan skipaði menntamálaráðherra nefndina.

Nefndarmenn komu fyrst saman snemma í ágústmánuði, og var þá Helgi prófastur Konráðsson kosinn ritari nefndarinnar. Nefndarmenn ræddu nokkuð starfsgrundvöll og starfshætti og frekari öflun gagna og ákváðu síðan að fresta fundum fram yfir mánaðamót. Nefndin kom saman á ný í öndverðum septembermánuði, ræddi frekar starfsgrundvöll og tilhögun starfa og hafði því næst samráð við menntamálaráðherra og lögfræðilegan ráðunaut. Hún yfirfór síðan allar þær upplýsingar, sem fyrir lágu um starfsemi og starfsskilyrði bókasafna og lestrarfélaga hér á landi, og aflaði sér nýrra, og enn fremur kynnti hún sér gögn um skipan þessara mála í Svíþjóð og Danmörku. Hún hélt fundi í þrjár vikur, en að þeim tíma liðnum hafði hún lokið að semja flesta aðaldrætti frumvarpsins. Hún frestaði þá fundahöldum, og var ákveðið, að nefndarmenn skyldu athuga frumvarpið hver í sínu lagi og málið í heild. Hinn 13. október kom nefndin saman á ný og hélt síðan áfram samfelldum störfum, unz hún hafði gengið til fulls frá frumvarpinu, ásamt greinargerð og skýringum. Hún hafði ávallt samráð við hinn lögfræðilega ráðunaut og hélt fundi með honum og menntamálaráðherra, þegar ástæða þótti til. Nefndin skilaði frumvarpinu í ráðuneytið 15. nóv. 1954 og hafa nokkrar breytingar verið gerðar á því að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar.

2.

Í öllum menningarlöndum munu vera til lög og reglugerðir um skipan og starfsemi almenningsbókasafna, og gildi slíkra fræðslu- og menningarstofnana hefur um langt skeið verið ljóst leiðtogum og áhugamönnum um menningarmál. Á Norðurlöndum hefur verið lögð mikil áherzla á skipan þessara stofnana og sem víðtækasta starfsemi þeirra, og auk laga um þessi efni hafa verið gefnar út margvíslegar reglugerðir og leiðbeiningar, sem lúta að almenningsbókasöfnum.

Hér á landi er öðru máli að gegna. Íslendingar voru af ýmsum ástæðum seinir til að semja lög um almenna skólaskyldu, og varð þorri manna að láta sér þá fræðslu duga í flestum greinum, sem þeir höfðu hvöt og aðstöðu til að veita sér sjálfir. En síðan komið var á skólakerfi í landinu, hefur það sífellt verið aukið, en mjög lítið hirt um að bæta skilyrðin til sjálffræðslunnar, sem víðast varð áður fyrrum að vera mönnum svo að segja einhlít og hafði oft gefið furðanlega góða raun. Fyrstu og einustu lögin, sem til eru með Íslendingum um almenningsbókasöfn, eru **Lög um lestrarfélög og kennslukvikmyndir.** Þau voru fyrst samþykkt árið 1937, en síðan var þeim breytt 1942 og 1943. Þau fjalla um fjárframlög af hálfu ríkissjóðs til lestrarfélaga, og eru þar settar ákveðnar reglur um úthlutun fjárins og skýrsluskil gerð að skilyrði fyrir styrk. Með þessum lögum var stigið veigamikið spor til eflingar félögunum og söfnunar fróðleiks um starfsemi þeirra.

Með þeim framfara- og frelsisanda, sem vaknaði hjá þjóðinni á 19. öldinni, fylgdi hjá nokkrum mönnum víðsvegar um land skilningur á gildi almenningsbókasafna. Skömmu eftir stofnun Landsbókasafnsins var komið á fót á Akureyri Bókasafni Norður- og Austuramtsins. Bókasafn Vesturamtsins var síðan stofnað í Stykkishólmi 1847, og undir aldamótin var komið upp á Seyðisfirði, sem þá var vaxandi bær og verzlunarmiðstöð fyrir ýmsar sveitir í báðum Múlasýslum, sérstöku bókasafni fyrir Austuramtið. Á 19. öldinni var tekið að stofna lestrarfélög og bókasöfn, sem þjóna skyldu smærri heildum en amtsbókasöfnin, og upp úr sumum þessara safna urðu sýslubókasöfn, en kunnast þeirra er Bókasafn Þingeyinga í Húsavík. Þá hafa og öll bæjarfélögin komið sér upp almenningsbókasöfnum.

3.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur hefur með höndum víðtæka útlánastarfsemi, starfrækir þrjú útibú, hefur opna lestrarsali, og enn fremur lesstofur handa börnum í öllum barnaskólum bæjarins. Aðalbókasafnið er í húsi, sem keypt var handa safninu og breytt í samræmi við þarfir þess. Framlag bæjarins, þar í skírteinagjöld, nam árið 1953 kr. 455 743.00 (sem næst kr. 7.60 á hvern bæjarbúa). Ríkisstyrkur kr. 37 500.00 eða 8.2% af framlagi bæjarins.

Bókasafn Akraness lánar út bækur allt árið og hefur opna lesstofu á vetrum. Það á við að búa ófullnægjandi húsnæði. Framlag bæjarins og notendagjöld nema kr. 61 250.00 og auk þess leggur bærinn safninu til húsnæði, ljós og hita, sem ekki mundi ofmetið á kr. 700.00 á mánuði, og yrði þá allt framlag bæjarins kr. 69 650.00 (kr. 24.00 á mann). Ríkisstyrkur kr. 3750.00 eða 5.4% af framlagi bæjarins.

Bókasafn Ísafjarðar er til húsa í nýlegum og rúmgóðum húsakynnum, sem eru eign bæjarins. Það lánar út bækur allan ársins hring og starfrækir tvær lesstofur. Framlag bæjarins og notendagjöld nema kr. 97 500.00, en vanreiknuð húsaleiga mundi ekki nema minni fjárhæð en krónum 600.00 á mánuði, og nemur þá allt framlag bæjarins kr. 104 700.00 (38.30 á mann). Ríkisstyrkur kr. 14 250.00 eða 13.6% af framlagi bæjarins.

Bókasafn Skagfirðinga á Sauðárkróki er bæði bæjar- og héraðsbókasafn. Það er sjálfseignarstofnun og er til húsa í sínum eigin húsakynnum. Safnið lánar bækur um allt héraðið, en hefur ekki nema að litlu leyti starfrækt lesstofu. Framlag bæjarins er kr. 6435.00, en sýslunnar kr. 5000.00, og afnotagjöld eru kr. 1110.00. Þá mundi ekki of mikið að reikna húsaleigu safnsins kr. 400.00 á mánuði, og mundu þá öll framlög bæjar og sýslu nema kr. 17 385.00. Ríkisstyrkur er kr. 3800.00 eða um 22% af heimaframlaginu.

Bókasafn Siglufjarðar er í leiguhúsnæði, sem er því ófullnægjandi. Safnið hefur ekki starfrækt lesstofu, heldur aðeins lánað út bækur. Framlag bæjarins er kr. 64 700.00 (kr. 19.17 á mann). Ríkisstyrkur kr. 6250.00 eða 11.4% af bæjarframlaginu.

Bókasafn Ólafsfjarðar er nýlega flutt í húsnæði, sem bæjarfélagið á, og mun þar verða opnuð lesstofa. Framlag bæjarins nemur kr. 3000.00, auk húsnæðis, ljóss,

hita og ræstingar, sem áætla mætti kr. 750.00 á mánuði, og væri þá allt framlag bæjarins kr. 12 000.00 (um kr. 13.00 á mann). Ríkisstyrkur er kr. 2500.00 eða 20.8% af framlagi bæjarins.

Amtsbókasafnið á Akureyri er fyrst og fremst orðið bæjarbókasafn Akureyrarbúa, en er þó um leið héraðsbókasafn Eyjafjarðarsýslu. Það lánar út bækur allt árið og starfrækir lestrarsali. Það hefur til umráða allstórt, en ekki hentugt húsnæði. Framlag bæjarins nemur kr. 115 000.00, en auk þess leggur bærinn til húsnæði handa safninu, og mundi láta nærri að reikna það kr. 750.00 á mánuði. Yrði þá allt framlag bæjarins kr. 124 000.00 (kr. 17.00 á mann). Eyjafjarðarsýsla leggur safninu til kr. 1000.00 á ári. Framlag bæjar og sýslu verður þá samtals kr. 125 000.00. Ríkisstyrkur er kr. 13 000.00 eða 10.4% af framlagi bæjar og sýslu.

Bókasafn Þingeyinga á Húsavík er fyrst og fremst sýslubókasafn Suður-Þingeyjarsýslu, en starfar þó einnig sem bæjarbókasafn Húsvíkinga. Undanfarið hefur starfsemi þess að miklu leyti fallið niður vegna vöntunar á húsnæði, en nú hefur safnið fengið bráðabirgðahúsnæði í nýju húsi Kaupfélags Þingeyinga, og hefur það hafið útlánastarfsemi. Í hinu nýja húsnæði er og hægt að starfrækja lesstofu. Framlög heiman úr héraði eru sem hér segir: Frá Húsavíkurbæ kr. 6600.00, frá sýslunni kr. 4000.00, frá Kaupfélagi Þingeyinga kr. 2830.00 og auk þess húsnæði, ljós, hiti og ræsting, sem mundi ekki ofreiknað á kr. 600.00 á mánuði, og nemur þá allt framlag kaupfélagsins kr. 10 030.00. Auk þess eru afnotagjöld kr. 1260.00. Allt framlag héraðsbúa verður þá kr. 21 890.00. Ríkisstyrkur kr. 5550.00 eða 25.4% af heimaframlaginu.

Bókasafn Austuramtsins á Seyðisfirði starfar nú næstum eingöngu sem bæjarbókasafn Seyðisfjarðarkaupstaðar, en Norður-Múlasýsla á þó ennþá aðild að safninu. Safnið er í leiguhúsnæði. Útlán fara fram þrisvar í viku, og lesstofa er opin hluta úr fimm dögum vikunnar yfir vetrarmánuðina. Framlag kaupstaðarins er kr. 18 000.00 (kr. 24.00 á mann). Norður-Múlasýsla leggur kr. 400.00 til safnsins, og eru þá framlög bæjarins og sýslubúa samtals kr. 18 400.00. Ríkisstyrkur kr. 10 000.00 eða 54.3% af framlagi sýslu og bæjar.

Bókasafn Neskaupstaðar býr í leiguhúsnæði og starfrækir ekki lesstofu, en lánar út bækur á tímabilinu frá 1. október til maíloka. Framlag bæjarins og notendagjöld eru kr. 24 750.00 (kr. 18.80 á mann). Ríkisstyrkur kr. 3750.00 eða 15.1% af bæjarframlaginu.

Bókasafn Vestmannaeyja er í ófullnægjandi húsnæði, en auk þess sem það lánar út bækur hefur það opna lesstofu. Framlag bæjarins, þar með talin notendagjöld, er kr. 50 250.00 (kr. 12.60 á mann). Ríkisstyrkur kr. 6250.00 eða 12.4% af framlagi bæjarins.

Bókasafn Keflavíkur hefur starfað sem lestrarfélag. Húsnæðisleysi hefur mjög hamlað starfsemi þess, en nú stendur til að það fái húsnæði í hinum nýja gagnfræðaskóla Keflavíkur, og fær það þá skilyrði til starfrækslu. Keflavíkurbær leggur nú til safnsins kr. 30 000.00. Það hefur aðeins notið styrks úr ríkissjóði af fé því, sem ætlað er lestrarfélögum.

Bókasafn Hafnarfjarðar hefur húsnæði í gagnfræðaskólanum. Þar hafði það um skeið yfir að ráða ágætu húsnæði, en fyrir nokkrum árum var þrengt að því vegna þarfa skólans, svo að það hefur ekki síðan getað starfrækt lestrarsal. Til eru í sjóði kr. 200 000.00 til bókasafnshúss, og er ráðgert að hefja byggingu þess á næsta vori. Framlag bæjarins til safnsins nemur kr. 76 000.00, en auk þess húsnæði, ljós, hiti og ræsting, og mundi það hóflega metið kr. 600.00 á mánuði eða kr. 7200.00 á ári. Allt framlag bæjarins mundi þá vera kr. 83 200.00 (kr. 15.15 á mann). Ríkisstyrkur kr. 13 000.00 eða 15.6% af bæjarframlaginu.

Framlag bæjanna og sýslnanna fjögurra, sem standa að bókasöfnum í kaupstöðum, nemur samtals kr. 1 077 668.00, og ríkisstyrkurinn kr. 119 600.00, og er hann 11.1% af heildarframlagi hinna aðilanna.

Aðeins frá tveimur af söfnunum utan Reykjavíkur liggja fyrir skýrslur um bókakost, skráningu og flokkun, bókalán og starfstilhögun.

4.

Mýra- og Borgarfjarðarsýsla hafa komið sér upp bókasafni í Borgarnesi. Safn þetta á allgott úrval bóka, einkum erlendra, og hefur með höndum útlán, en skortur á rúmgóðu og hentugu húsnæði háir starfsemi þess. Lestrarfélag starfar í Borgarnesi, og á það nokkurt bókasafn. Er sami bókavörður við bæði söfnin, og er starfsemi þeirra að einhverju leyti samræmd. Árlegt framlag Mýrasýslu til sýslubókasafnsins er kr. 3000.00, og Borgarfjarðarsýsla greiðir til þess kr. 1500.00 á ári. Borgarneshreppur leggur því til húsnæði, ljós, hita og ræstingu, og mundi mega meta þetta kr. 3000.00 á ári. Loks hafa nokkrir menn í héraðinu myndað styrktarfélag, sem leggur safninu árlega kr. 1500.00. Framlög héraðsbúa nema því samtals kr. 9000.00. Ríkisstyrkur er kr. 3750.00.

Amtsbókasafnið í Stykkishólmi starfar nú fyrst og fremst sem bókasafn Snæfellinga. Það hefur með höndum útlánastarfsemi, en húsnæði þess er svo lítið og óhagkvæmt, að geyma verður í kössum nokkuð af bókakostinum. Árið 1953 fékk safnið byggingarstyrk frá ríkinu kr. 15 000.00 og frá sýslunni kr. 7000.00. Nú á það í byggingarsjóði rúmlega tvö hundruð þúsund krónur, og mun bráðlega verða hafizt handa um byggingu bókhlöðu. Árið 1953 voru framlög til starfsemi safnsins eins og hér segir: Frá sýslunni kr. 5000.00, frá Stykkishólmshreppi kr. 5000.00 og frá ríkinu kr. 10 900.00.

Vestur-Barðastrandarsýsla átti bókasafn á Patreksfirði á fyrstu áratugum aldarinnar, en svo var horfið að því ráði að selja safnið á uppboði. Árið 1938 ákvað sýslan á ný að koma sér upp bókasafni á Patreksfirði. Framlag sýslunnar til safnsins er nú kr. 1200.00 og ríkisstyrkur kr. 3800.00. Ennþá er safnið lítið, en í því úrvalsbækur. Fram að þessu hefur það ekki haft með höndum útlánastarfsemi, enda skortir það húsnæði.

Vestur-Ísafjarðarsýsla kom sér upp sýslubókasafni á Þingeyri fyrir allmörgum áratugum, og lengi vel var því sómi sýndur og bækur þess mikið notaðar. Fyrir nokkrum árum var það flutt í héraðsskólann á Núpi. Þar á sýslan líka bókasafn Sighvats Grímssonar Borgfirðings. Söfnin hafa verið í mjög þröngu húsnæði og notkun þeirra verið lítil. Framlag sýslunnar til safnanna er kr. 500.00. Ríkisstyrkur til safns Sighvats Borgfirðings er kr. 1250.00 og annar styrkur frá ríkinu kr. 550.00 eða alls kr. 1800.00.

Strandasýsla á bókasafn á Hólmavík. Hreppurinn leggur því til húsnæði, og er það í sama húsi og bókasafn Lestrarfélags Hólmavíkur. Sýslubókasafnið kaupir einkum fræðibækur og bækur á útlendum málum, en lestrarfélagið skáldrit og aðrar alþýðlegar bækur á íslenzku. Framlag sýslunnar til bókasafnsins er kr. 900.00, og ríkisstyrkurinn er kr. 800.00.

Vestur-Húnavatnssýsla hefur komið sér upp bókasafni á Hvammstanga. Framlag sýslunnar er kr. 500.00 og ríkisstyrkur kr. 2650.00. Hreppurinn sér safninu fyrir húsnæði.

Austur-Húnavatnssýsla á bókasafn á Blönduósi. Það er allgamalt, og um hríð var starfsemi þess með blóma. Síðan hnignaði henni, en nú hefur safninu verið sómi sýndur á nýjan leik. Það hefur húsnæði í barnaskólanum, og þar er einnig bókakostur lestrarfélags Blönduósbúa. Er þar lesstofa fyrir almenning að vetrinum. Framlög til bókasafnsins eru: kr. 1500.00 úr sýslusjóði, kr. 1500.00 úr hreppssjóði og kr. 3650.00 frá ríkinu.

Norður-Þingeyjarsýsla hefur fyrir alllöngu komið sér upp bókasafni á Kópaskeri. Í því eru einkum skáldrit á erlendum málum og bækur um félagsleg efni. Safnið hefur nú gott húsnæði í húsi kaupfélagsins. Sýslunni hefur verið gefið merkilegt safn íslenzkra bóka, og er það í Leirhöfn. Sýslan leggur fram kr. 10 000.00, og styrkur frá ríkinu er kr. 4500.00.

Suður-Múlasýsla ákvað fyrir nokkrum árum að koma sér upp bókasafni á Eskifirði. Á það nú kr. 25 000.00 í sjóði, og leggur sýslan því til kr. 2000.00 á ári. Í safnið hafa verið keyptar nokkrar bækur, sem varða atvinnu héraðsbúa og sögu héraðsins, en ekki hefur það enn hafið útlánastarfsemi. Ríkisstyrkur til safnsins er kr. 1575.00.

Austur-Skaftafellssýsla á nokkurn vísi að sýslubókasafni í Höfn í Hornafirði, en það hefur ekki starfað á seinustu árum, svo að teljandi sé. Sýslan leggur nú ekki fé til safnsins, og það nýtur ekki styrks úr ríkissjóði.

Vestur-Skaftafellssýsla á bókasafn, og er það í Vík í Mýrdal. Í Vík er ekkert lestrarfélag, og kemur sýslubókasafnið í stað þess. Sýslan leggur safninu kr. 1500.00, og ríkisstyrkur er kr. 800.00.

Héraðsbókasafn Suðurlands er á Selfossi. Það er enn þá lítið og skortir húsnæði til starfsemi sinnar. Það er nú í húsnæði, sem Selfosshreppur leggur því til. Framlög til safnsins eru: kr. 1000.00 frá Árnessýslu, kr. 500.00 frá héraðssambandinu Skarphéðinn og kr. 3000.00 frá ríkinu.

Framlög sýslusjóða til þessara bókasafna nema kr. 28 600.00, en ríkisstyrkurinn kr. 37 225.00.

Um bókaeign sýslubókasafna, starfsemi þeirra og notkun eru ekki fyrir hendi neinar skýrslur.

5.

Árið 1953 voru á öllu landinu 209 lestrarfélög. Í 20 hreppum voru tvö eða fleiri félög, í sumum fjögur. Félögin skiptast þannig á sýslur landsins:

Í Gullbringusýslu	8	Í Mýrasýslu	7
Í Kjósarsýslu	3	Í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu	6
Í Borgarfjarðarsýslu	6	Í Dalasýslu	10
Í Austur-Barðastrandarsýslu	5	Í Suður-Þingeyjarsýslu	13
Í Vestur-Barðastrandarsýslu	9	Í Norður-Þingeyjarsýslu	9
Í Vestur-Ísafjarðarsýslu	7	Í Norður-Múlasýslu	9
Í Norður-Ísafjarðarsýslu	6	Í Suður-Múlasýslu	13
Í Strandasýslu	9	Í Austur-Skaftafellssýslu	6
Í Vestur-Húnavatnssýslu	7	Í Vestur-Skaftafellssýslu	7
Í Austur-Húnavatnssýslu	11	Í Rangárvallasýslu	12
Í Skagafjarðarsýslu	18	Í Árnessýslu	12
Í Eyjafjarðarsýslu	16		

Í 29 hreppum, sem í eru samtals 8629 íbúar, eru engin lestrarfélög. Þessir hreppar eru:

Í Gullbringusýslu	1	Í Norður-Þingeyjarsýslu	1
Í Kjósarsýslu	2	Í Norður-Múlasýslu	2
Í Borgarfjarðarsýslu	3	Í Suður-Múlasýslu	3
Í Mýrasýslu	1	Í Vestur-Skaftafellssýslu	1
Í Snæfellsnessýslu	5	Í Rangárvallasýslu	1
Í Norður-Ísafjarðarsýslu	3	Í Árnessýslu	6

Árið 1952 voru heimatekjur lestrarfélaganna allra, félagsgjöld, styrkir frá sveitar- og sýslusjóðum og gjafir og tekjur af skemmtunum kr. 242 478.00, og sama ár var félögunum úthlutað úr ríkissjóði, samkv. lögum um lestrarfélög, kr. 153 526.00. Tekjur þeirra voru því alls árið 1952 kr. 396 004.00 eða um kr. 1890.00 að meðaltali á hvert félag. Níu félög vörðu til bókakaupa og bókbands innan við kr. 500.00, 25 innan við kr. 1000.00, 27 yfir kr. 3000.00 og eitt hærri fjárhæð en kr. 5000.00. Átta félög keyptu færri en 10 bækur, 55 færri en 25, 47 keyptu meira en 50 bindi og 9 yfir 100.

Skýrslur um árleg bókakaup félaganna sýna, að bókavalið virðist allvíða mjög af handahófi, og könnun á bókaeign þeirra leiddi í ljós, að þorri þeirra á mjög fátt af merkum ritum íslenzkra bókmennta — jafnvel frá þessari öld. Ber þar til annað tveggja, að bækurnar hafi aldrei verið keyptar eða þær séu orðnar ónýtar af notkun. Mun síðari ástæðan mjög víða koma til. Sums staðar eru bækurnar í lélegu húsnæði, hjá ýmsum af félögunum virðist skorta á umhirðu, og loks er það, að fjöldamörg félög neyðast til vegna skorts á fé og möguleikum til bókbands að lána bækurnar eins og þær koma frá útgefendum, ýmist í handónýtu bandi eða jafnvel heftar.

6.

Eins og áður hefur verið vikið að, treystu Íslendingar allt fram á fyrsta tug þessarar aldar að mestu leyti á heimilin og hvern einstakling í fræðslumálum sínum, og það hefur mjög verið rómað af ýmsum, hve góða raun þetta hafi gefið. En hvað sem því líður, má öllum vera það ljóst, að skólar ná því aðeins tilgangi sínum, að hver einstaklingur noti þá fræðslu, sem hann hefur fengið í skólanum, sem lykil að meiri og staðbetri þekkingu og menntun. Það liggur í augum uppi, að höfuðskilyrðið til blómgunar íslenzkri þjóðmenningu, bóklegri og verklegri, er bókfús og menntuð alþýða, og enn fremur er það vitað og viðurkennt, að ekki getur hollari og um leið ódýrari tómstundaiðkun en lestur góðra bóka. Af því, sem fer hér á undan, er auðsætt, að allt ráð þjóðarinnar í þessum efnum er mjög á reiki — og að forsjá yfirstjórnar íslenzkra menntamála hefur verið þar nauðalítil og fálmkennd.

Bæjarfélögin hafa öll komið sér upp bókasöfnum, en framlög til þeirra eru misjöfn, miðað við fólksfjölda, enda hafa bæjarfélögin notið til þessara mála lítils styrks og örvunar frá ríkinu. Sú fjárhæð, sem ríkið leggur fram til bókasafna í öllum bæjum á landinu, er nokkurn veginn hálfvirði lítillar íbúðar og nemur aðeins um það bil einum fjögurþúsundasta af heildartekjum ríkissjóðs. Ríkið hlutast heldur ekkert til um það, hvernig starfsemi þessara bókasafna er háttað, gefur ekki út leiðbeiningar um bókaval, hirðir ekki um, hvort skráning og flokkun bókanna er í skynsamlegu horfi, fær engar skýrslur um notkun safnanna og hefur ekki hönd í bagga um val bókavarða, enda slíkum mönnum ekki séð fyrir neinni fræðslu af hálfu ríkisins.

Sýslubókasöfnin voru einkum til þess stofnuð að gefa mönnum í hinum ýmsu héruðum kost á fræðibókum, handbókum og skáldritum á erlendum málum. Þau eiga því mikilvægt hlutverk að rækja. Víða var viðað að þeim bókum af miklum áhuga og furðu vel um þau sýslað. En á síðari áratugum hafa hin gömlu sýslubókasöfn engan veginn vaxið í samræmi við auknar þarfir, almennari tungumálakunnáttu og stórum meiri möguleika til fjáröflunar. Sumar sýslur eiga enn í dag engin bókasöfn, og eins og sjá má á yfirlitinu yfir fjárframlög til safnanna, er þeim alls staðar vant fjár til viðunandi starfrækslu. Eftirlit með starfsemi þeirra og bókakosti er ekkert af hálfu ríkisins, og framlögin eru óveruleg og af algeru handahófi. Áður fyrrum var það gert að skilyrði fyrir ríkisstyrk, að sýslurnar greiddu jafnháa upphæð. Nú hefur þetta skilyrði verið fellt niður. Sýsla, sem leggur kr. 500.00 til bókasafns, fær kr. 2650.00 úr ríkissjóði, önnur, er aðeins greiðir kr. 500.00, fær frá ríkinu kr. 1800.00 og sú þriðja, sem borgar kr. 1200.00 til bókasafns, er hefur ekki með höndum neina útlánastarfsemi, fær úr ríkissjóði kr. 3800.00. Sýslur, sem leggja fram kr. 4500.00, fá svo ekki nema kr. 3750.00, og sýsla, er greiðir kr. 10 000.00, fær einungis kr. 4500.00. Árið 1953 var úthlutað til lestrarfélaga kr. 153 526.00, svo sem áður getur. Meðaltal á félag verður þá kr. 734.00, minna á lítil og lítils megandi félög og meira á hin. Á fjárlögum eru veittar kr. 50 000.00 til lestrarfélaganna, en auk þess fá þau nokkurn hluta skemmtanaskatts. Fram að 1944 fengu þau aðeins hluta af skemmtanaskatti, en sá hluti var allríflegur. Árið 1943 komu til úthlutunar kr. 149 746.00, en væri sú upphæð hækkuð í sam-

ræmi við hækkun á vísitölu framfærslukostnaðar, ætti hún að vera sem næst kr. 350 700.00. Árið 1943 mun hluti félaganna af skemmtanaskatti hafa verið rýrður og sett inn ákvæði um kr. 50 000.00 framlag á fjárlögum. Sú upphæð hefur síðan verið óbreytt, en ætti eftir sömu reglu og áður segir að vera orðin um það bil kr. 117 000.00. Væri hins vegar miðað við hlutfall af heildarupphæð fjárlaga 1944 og 1954, ætti upphæðin að vera stórum hærri. Loks þykir rétt að benda á það sem eitt dæmi þess handahófs, sem ríkt hefur í þessum málum, að á fjárlögum 1954 eru veittar kr. 1200.00 til sveitarbókasafns á Bíldudal, jafnhá fjárhæð til bókasafns á Djúpavogi og kr. 1000.00 til sveitarbókasafns á hverjum eftirtalinna staða: Dalvík, Hrísey og Vopnafirði. Hvers vegna hærri fjárhæð til bókasafns í kauptúni á Vestfjörðum en á Norðurlandi? Hvers vegna fleiri krónur til bókasafns á sunnanverðum en norðanverðum Austfjörðum? Og hvers vegna er veitt fé til bókasafna í þessum kauptúnum, en ekkert til svipaðra stofnana á Þingeyri, Flateyri, í Hnífsdal, á Þórshöfn, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði, Stokkseyri, Eyrarbakka og í Sandgerði svo að nokkur kauptún séu nefnd?

7.

Nefndin var sammála um það, að þeirri skipan bæri að koma á þessi mál, að allir ættu, hvar sem þeir byggju á landinu, aðgang að völdum bókakosti sér til skemmtunar, hagnýtrar fræðslu og alhliða menningarauka, og að sjálfsagt væri, að ríkið ekki einungis veitti til þessara mála nauðsynlegt fjárhagslegt bolmagn, heldur líka hefði eftirlit með starfseminni, hefði á hendi ýmsar fyrirgreiðslur og léti í té margvíslegar leiðbeiningar. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu, að koma bæri upp kerfi almenningsbókasafna, hliðstæðu skólakerfi landsins.

Nefndin leggur því til, að landinu verði skipt í 29 bókasafnshverfi, og sé eitt bæjar- eða héraðsbókasafn í hverju hverfi, og í hverjum hreppi verði starfrækt sveitarbókasafn eða lestrarfélag, sem gegni sama hlutverki. Bæjarbókasöfnin verði efld og starfsemi þeirra samræmd, gerð sem hagkvæmust og skipulegust, og söfnunum falið að vera héraðsbókasöfn þess héraðs eða héraðshluta, sem bezt liggur við, vegna viðskipta og samgangna. Þar, sem sýslubókasöfn eru fyrir, verði þau bætt og aukin, svo að þau verði þess megnug að gegna hlutverki því, sem héraðsbókasöfnum er ætlað. Aðeins á fjórum stöðum á landinu verður að byggja héraðsbókasöfnin upp frá grunni, í Búðardal, á Reykhólum, Egilsstöðum og Hvolsvelli. Þá er stefnt að því að efla sveitarbókasöfn og lestrarfélög og koma því til leiðar, að ekki verði aðeins árlega keyptur sæmilegur bókakostur, heldur verði til í hverri sveit, þegar stundir líða, álitlegt safn merkra skáldrita, tímarita og alþýðlegra fræðibóka á íslenzku máli.

Við skipting landsins í bókasafnshverfi gat komið til mála að halda sér minna við sýslutakmörk en nefndin leggur til, að gert verði, og lá þá beinast fyrir að gera Árnes- og Rangárvallasýslur að einu hverfi. En hin gamla sýsluskipting á svo mikil ítök í hugum manna, að nefndin taldi réttast að láta sýslutakmörk ráða skipting hverfanna, nema þar sem sérstakar ástæður kæmu til vegna samgangna. Mest er breytingin á Austurlandi, þar sem Fljótsdalshérað og dalirnir upp af því er gert að sérstöku bókasafnshverfi. En nú er á Egilsstöðum risið upp þorp, sem er samgöngu- og viðskiptamiðstöð héraðsins.

Nefndinni var allmikill vandi á höndum, þá er hún skyldi gera tillögur um fjárframlög til almenningsbókasafna. Hún athugaði vandlega fjárframlög bæjar-, sýslu- og lestrarfélaga til þessara mála og reyndi að gera sér sem ljósasta grein fyrir raunverulegri fjárþörf þeirra ýmsu tegunda af almenningsbókasöfnum, sem um eru ákvæði í lögunum, reiknaði með ýmsum tölum og staðnæmdist loks við þau fjárframlög, sem gert er ráð fyrir í 7. og 13. gr. frumvarpsins. Við ákvörðun þessara fjárframlaga hafði hún það hvort tveggja í huga, að þau nægðu til að koma viðunandi skipan á þessi mál og að kröfum til hinna ýmsu aðila væri þannig hagað, að engum væri íþyngt fram yfir það, sem hóflegt mætti teljast.

Heildarfjárframlög samkv. I. og II. kafla frumvarpsins mundu verða eins og hér segir:

Til bæjar- og héraðsbókasafna:

Frá bæjum og kauptúnum	kr.	1 209 630.00
Úr sýslusjóðum	—	152 328.00
Úr ríkissjóði	—	551 636.00
Samtals	kr.	1 913 594.00

Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga:

Úr hreppssjóðum og frá félögum	kr.	253 875.00
Úr ríkissjóði	—	253.875.00
Samtals	kr.	507 750.00

Fjárframlög alls:

Úr bæjarsjóðum, sýslusjóðum, hreppssjóðum og frá félögum	kr.	1 615 833.00
Úr ríkissjóði	—	805 511.00
Samtals	kr.	2 421 344.00

Framlög bæja og kauptúna, sem eru aðsetur héraðsbókasafns, skiptast þannig, að bæirnir greiða kr. 1 103 625.00 og kauptúnin kr. 106 005.00. Ef sú upphæð, sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá bæjarfélögunum, er borin saman við framlög þeirra nú, verður það ljóst, að þar er um mjög óverulega heildaraukningu að ræða, enda greiða nú sum af bæjarfélögunum meira til bókasafnsmála en sem nemur lágmarksframlagi, samkvæmt frumvarpinu. Kauptún, sem verða aðsetur héraðsbókasafns, verða að leggja á sig mjög aukin útgjöld, enda hljóta þau mikil menningarleg hlunnindi fram yfir aðra sambærilega staði. Sýslufélögunum eru í frumvarpinu lagðar á herðar allmiklar byrðar, en sum þeirra hafa þegar séð sér fært að leggja ríflegan skerf til þessara mála. Samkvæmt frumvarpinu á Norður-Þingeyjarsýsla að leggja fram sem lágmark kr. 5469.00, en nú nemur framlag hennar til sýslubókasafns kr. 10 000.00. Mýrasýsla á að greiða kr. 3135.00, en greiðir nú kr. 3000.00. Skagafjarðarsýsla á að borga kr. 8247.00, en borgar nú kr. 7400.00, ef tekið er tillit til þess, að hún leggur Bókasafni Skagfirðinga til húsnæði að hálfu. Aukningin á framlagi hreppssjóða og annarra aðila, sem nú leggja fé til starfsemi lestrarfélaga, er raunverulega engin, ef miðað er við lágmarksákvæði frumvarpsins, og aukningin frá ríkissjóði mjög óveruleg, miðað við sömu ákvæði, en hins vegar bætir frumvarpið mjög úr skák fyrir þeim hreppum og lestrarfélögum, sem sýna verulegan áhuga á þessum málum og leggja fram meira fé en lágmarkinu nemur.

Hækkunin á framlagi ríkisins til þessara mála í heild verður talsverð. Á fjárlögum ársins 1954 eru á 15. gr. IX. lagðar kr. 301 300.00 til bókasafna og lesstofa. Við samþykkt þessa frumvarps falla auðvitað niður allar þær fjárveitingar á þessum lið, sem ætlaðar eru til bæjar-, sýslu- og sveitarbókasafna og einnig fjárveiting til lestrarfélaga, en að öðru leyti fer það eftir mati Alþingis, hvað fella skuli niður vegna samþykktar frumvarpsins af styrkjum til ýmissa lesstofa í Reykjavík, kaupstöðum landsins og kauptúnum. Ekki mundi þó um of að áætla, að fallið gætu brott af þessum lið styrkir, sem alls næmu kr. 220 000.00. Auk þess eru svo þær rúmar hundrað þúsund krónur af skemmtanaskatti, sem nú fara til styrktar lestrarfélögum.

8.

Í nágrannalöndum okkar Íslendinga hefur verið lögð á það sívaxandi áherzla að koma upp bókasöfnum í barna- og unglingaskólum, og er varið til þessa all-

miklu fé frá ríki, bæjum og sveitum. Þykir gefa mjög góða raun um uppeldisáhrif að draga æskuna sem mest að lesstofum í skólunum, þar sem hún verður að stilla í hóf háttum sínum og nýtur handleiðslu um bókaval innan vissra takmarkra.

Hér á landi hefur ekki verið veitt fé frá ríkinu til bókasafna í skólum yfirleitt, og þó að nefndin telji, að æskilegt væri, að komið væri á stofn bókasöfnum og lesstofum í sem flestum skólum landsins, hefur hún ekki talið fært eða tímabært að ganga lengra í tillögum sínum um styrk til skólabókasafna en raun ber vitni í III. kafla frumvarpsins, 23. gr. Sakir þess, að ætla má, að ýmsum hinum nýju almenningsbókasöfnum verði valinn staður í heimavistarskólum, er erfitt að gera sér grein fyrir, hve hár heildarstyrkurinn til skólabókasafna mundi verða, en samkvæmt upplýsingum fræðslumálastjóra mundi hann ekki fara fram úr kr. 10 000.00.

Mikil nauðsyn þykir bera til, að viðunandi bókakostur sé fyrir hendi í sjúkrahúsum, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum. Árið 1949 var tekinn á fjárlög styrkur til bókasafna á Landsspitalanum, Vífilsstöðum, í Kristnesi og Reykjalundi, kr. 2000.00 til hvers safns, og hefur þessi styrkur ekki verið felldur niður. Nefndinni virtist styrkupphæðin ákveðin af handahófi, og taldi hún réttara að miða styrk til þeirra stofnana, sem um er fjallað í III. kafla 24. gr. frumvarpsins, við tölu sjúkrarúma og vistmanna. Samkvæmt tillögum hennar mundi styrkurinn vegna almennra sjúkrahúsa nema alls kr. 25 000.00 — og til annarra sjúkrahúsa og heilsuhæla kr. 16 250.00 — eða alls til bókasafna í sjúkrahúsum og heilsuhælum kr. 41 250.00. Styrkur til bókasafna í elliheimilum mundi verða kr. 15 000.00 — og í fangahúsum kr. 1250.00. Útgjöldin samkvæmt III. kafla frumvarpsins mundu þá alls nema um kr. 67 500.00.

9.

Þegar við þau útgjöld, sem nú hefur verið gerð grein fyrir, bætast laun bókafulltrúa og sá kostnaður, sem störf hans hljóta óhjákvæmilega að hafa í för með sér, mundi mega áætla, að útgjöld úr ríkissjóði samkvæmt frumvarpinu næmu um það bil kr. 940 000.00, en til frádráttar á þeirri upphæð mundu koma kr. 320 000.00, miðað við fjárlög ársins 1954, svo að útgjaldaaukningin vegna samþykktar frumvarpsins mundi nema sem næst kr. 620 000.00. Upphæð fjárlaga íslenzka ríkisins hefur nærfellt þrítugfaldazt á seinustu þremur áratugum, en því fer fjarri, að svo hafi orðið um þær fjárhæðir, sem varið hefur verið til almenningsbókasafna af ríkisfé. Í þessu frumvarpi er um að ræða heildarskipan, sem miðar að stórlega bættum skilyrðum hollrar tómstundaiðju, fræðslu og menningar allra á þessu landi, hvar sem þeir búa og að hverju sem þeir vinna, og mundi vart of í lagt að ætla slíkum tilgangi tæpar tvær krónur af hverju þúsundi ríkisteknanna.

Skýringar við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Orðið „almenningsbókasafn“ er samkvæmt upptalningu þeirri, sem fer á eftir, víðtækari merkingar en „alþýðubókasafn“, sem notað er í fræðslulögunum.

Í stað sýslubókasafna koma nú héraðsbókasöfn. Ekki er nú heldur um „amtsbókasöfn“ að ræða, þar sem skipting landsins í ömt er nú ekki lengur við höfð.

Naumast virðist ástæða til að taka upp orðið „fjórðungsbókasafn“ (sbr. „fjórðungssjúkrahús“, enda er skylda um samstarf allra bókasafna ákveðin í frumvarpi þessu (26. gr.).

Um 2. gr.

Orðið „bókasafnshverfi“ mun ekki hafa verið notað áður. Það svarar til hugtaksins „skólahverfi“.

Virðist sjálfsagt að áætla hverju bókasafni ákveðið umdæmi eftir landsháttum og samgöngum.

Er hér oftast fylgt sýslumörkunum, enda er það vafalaust æskilegast, þegar þess er kostur. Þar sem út af er brugðið, er farið eftir mörkum viðskiptasvæða.

Augljóst virðist, hvaða meginreglum er fylgt í þessum efnum í frumvarpinu. Þó geta vafalaust fleiri sjónarmið komið til greina.

Sérstaklega er ástæða til að benda á 22. bókasafnshverfi. Vopnafjörður liggur allfjarri Seyðisfirði. En verði öflugt sveitarbókasafn í Vopnafirði, ætti bókasafnið á Seyðisfirði að geta hjálpað, þegar hitt þrýtur, því að sæmilegar samgöngur á sjó eru á milli staðanna. Hið sama gildir raunar um Austfirði alla og Vestfirði. Á báðum þeim svæðum verður alveg sérstaklega að treysta á góða samvinnu milli aðalbókasafna og hinna. (Sbr. 26. gr.)

Um 3. gr.

Vafalaust verða ekki allir á eitt sáttir um staðaval bókasafna. Hér er yfirleitt fylgt þeirri reglu að ákveða þeim þá staði, sem þau hafa þegar fengið, eða a. m. k. er vísir að bókasafni fyrir.

Um hitt ætti ekki að þurfa að verða ágreiningur, að heppilegast sé að hafa tiltölulega fá aðalbókasöfn. Þeim mun betur má búa að þeim, hvað húsakynni snertir, bókakost og bókavörzlu.

Slík söfn geta líka smám saman orðið þess umkomin að reka útibú. Eru miklar líkur til, að slík starfsaðferð verði talin heppilegust síðar meir, og er þá vel, ef löggjöf sú, sem hér er sett, stuðlar að því, að svo megi verða.

Um 4. gr.

Orðin „á annan hátt“ getur verið heppilegt að hafa í lögunum. Vel má hugsa sér, að stjórnir bókasafna beiti sér fyrir ýmsum menningarmálum, skyldum rekstri bókasafns, svo sem fræðandi fyrirlestrum, málfundum (eitt bókasafn hefur nú það hlutverk) eða öðru því líku.

Meginákvæði eru sett hér um bókakaup. Að sjálfsögðu ræður mismunandi kaupgeta safnanna miklu um bókakaup, en þó verður að gera ráð fyrir því, að stjórnir bókasafna þeirra, sem um ræðir í þessum kafla frumvarpsins, hafi það ávallt fyrst og fremst í huga að afla góðra bóka innlendra og erlendra og leggi jafnan áherzlu á að verja nokkru af kaupgetu safnsins til öflunar þeirra bóka og verka, sem ofvaxið er smærri bókasöfnum bókasafnshverfisins að eignast sökum verðs þeirra. Geta slíkar bækur þá komið öllu hverfinu að notum.

Um 5. gr.

Ýmis atriði þessarar greinar gætu fremur virzt eiga heima í reglugerð. En þar sem ekki mun auðvelt að setja öllum bókasöfnum eina reglugerð sökum ólíkra aðstæðna þeirra (sbr. skýringar við IV. kafla laganna), er það ráð tekið að gera lögin þeim mun ýtarlegri.

Svo sem hér kemur fram, verður að gera allmiklar kröfur til bókavarða, bæði um þekkingu á bókum og lipurð í bókaafgreiðslu. En vafalaust mun kostur einhvers slíks manns á hverjum þeim stað, sem bókasafn verður. Má t. d. benda á embættismenn staðarins, skólastjóra eða kennara, auk þess, sem víðast finnast aðrir bókelskir og fróðir menn.

Ekki virðist fært að lögbjóða lestrarsali við hvert bókasafn, þó að það væri æskilegt. Ýmsar hömlur geta verið á framkvæmdum að sinni. Þeir munu koma, þegar ástæður leyfa.

Síðasta málsgrein í 5. gr. er mjög nauðsynleg vegna fræðimanna, sem búsettir kunna að vera allfjarri bókasafninu, en annars er, eins og orðalag greinarinnar ber með sér, sleginn varnagli við misnotkun þess ákvæðis, sem í greininni felst.

Um 6. gr.

Með ákvæðinu „sjálfseignarstofnun“ virðist stuðlað að því, að bókasafn og bókhlaða verði eigi notuð til annars en þeim er ætlað samkvæmt lögum þessum.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa þegar verið skýrð í greinargerð um frumvarpið í heild, sbr. hér að framan, og vísast því til þeirra skýringa.

Um 9. gr.

Sérstaklega er skylt að benda á, að skýrslur allra almenningsbókasafna ber að vanda sem bezt. Verða að sjálfsögðu gefin út eyðublöð til útfyllingar.

Í fljótu bragði virðist vera allmikils krafizt, ef ákvæðið um skrá yfir bókakaup er skilið þannig, að krafizt sé lista yfir allar bækur, sem safnið hefur eignazt á árinu. Þó er þetta nauðsynlegt til þess að bókafulltrúi geti vitað um bókaeign safnsins og leiðbeint samkvæmt því um bókakaup.

Þessi bókalisti virðist því verða nokkuð verk í stórum bókasöfnum.

En einmitt í þeim skapast vafalaust sú venja að gera a. m. k. um hver áramót fyrir notendur safnsins fjölritaðan lista um nýfengnar bækur, og er þá auðsætt, að ekki munar um það, hvort eintök hans eru fleiri eða færri.

Eins má líka hugsa sér, að í skýrslu um bókakaup verði aðeins tilgreint verð og fjöldi bóka samkvæmt flokkum. Er eðlilegast að kveða nánar á um þessi efni í reglugerð.

Um 10. gr.

Ekki mun nú annað bókasafn hérlendis hafa útibú en Bæjarbókasafn Reykjavíkur, en vel má hugsa sér þá þróun þessara mála í framtíðinni, að í hverju bókasafnshverfi landsins verði aðeins eitt bókasafn, héraðsbókasafn í góðum húsakynnum, og í stað sveitarbókasafna verði útibú aðalsafnsins eða jafnvel umferðasöfn (í bílum) með viðkomu í skólum héraðsins eða félagsheimilum, þar sem skipt er á bókum, lánað og skilað, en engin veruleg bókageymsla á sér stað.

Tíðkast slíkt erlendis og gefur góða raun.

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, gefur opna leið til slíkrar starfsemi (sbr. 12. gr. 2. mgr.).

Um II. kafla.

Í II. kafla eru ýmis nýmæli, sem skýra þarf.

1. Orðið sveitarbókasafn mun lítið hafa verið notað áður. Er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst átt við bókasöfn sveitanna. En ekkert virðist því til fyrirstöðu, að bókasöfn þeirra kauptúna, sem ekki hafa héraðsbókasöfn, falli undir sama heiti.

   Bókasafn kauptúnsins getur borið nafn þess engu að síður, t. d. Bókasafn Ólafsvíkur.

   Sums staðar er kauptúnið einungis hluti hrepps, og fer þá vel á því, að bókasafnið beri heiti sveitarinnar, t. d. Bókasafn Suðurfjarðahrepps (á Bíldudal).
2. Gert er ráð fyrir, að sveitarstjórnir annist þessi bókasöfn. Mun slíkt sums staðar hafa átt sér stað áður, t. d. í Flatey á Breiðafirði og víðar.

   Með ákvæðinu um sveitarbókasöfn á síður en svo að hefta starfsemi lestrarfélaga. Hér er aðeins verið að tryggja það, að sveitarstjórnir standi á bak við og grípi inn í, þegar þörf krefur.
3. Nýmæli um lestrarfélög má telja geymsluskyldu þeirra bóka, sem félagið eða sveitarfélagið eignast með styrk af opinberu fé. Virðist dálítið einkennilegt, að lestrarfélög skuli jafnan hafa orðið að staðfesta það, að þau hafi keypt tilteknar bækur, en hins vegar virðist þeim ekki hafa borið lagaleg skylda til að geyma þær bækur til langframa.

   Ákvæðin um bókasöfn lestrarfélaganna (sveitarbókasöfn) virðast því fyrst og fremst lestrarfélögunum hagkvæm.

Um 11. gr.

Sú skylda að stofna algerlega að nýju sveitarbókasafn kemur aðeins á mjög fá sveitarfélög, eins og áður hefur verið sagt í greinargerð. Hins vegar gerir frumvarpið ráð fyrir, að sá vísir bókasafna, sem fyrir er í flestum sveitum landsins, fái öruggt húsnæði og aðhlynningu.

Um 13. gr.

Á fjárframlög til sveitarbókasafna og lestrarfélaga hefur þegar verið minnzt. Fé það, sem bókasöfn þessi ráða yfir, virðist að vísu vera lítið víðast hvar, en þó hefur reynsla fengizt fyrir því, að með sjálfboðavinnu og ódýru húsnæði má koma upp sæmilegu bókasafni, sé hagsýni gætt.

Um 17. gr.

Sjálfsagt virðist að geyma sveitarbókasöfn í skólahúsum, þar sem því verður við komið, og leiðir þá af sjálfu sér, að skólastjóri annast bókasafnið eða getur séð um það að meira eða minna leyti.

Í reglugerð verður að sjálfsögðu ákveðið, að bækurnar verði varðveittar í lokuðum skápum, þar sem þær eru ekki geymdar í sérstökum læstum herbergjum.

Um 21. gr.

Eins og segir í fræðslulögum, hefur fræðslumálastjóri yfirumsjón allra almenningsbókasafna landsins, og er því jafneðlilegt, að námsstjórarnir annist þann mikilvæga þátt starfsins að líta eftir hag bókasafnanna.

Um III. kafla.

Um 22.—23. gr.

Vel má vera, að fátæklega þyki til tekið að ákveða ekki stofnun bókasafna í öllum skólum landsins og eins hitt, hve framlögin eru höfð lág. En úr hvoru tveggja má trúlega bæta síðar.

Stórir skólar geta og haft ýmsar leiðir til fjáröflunar, svo sem skemmtisamkomur, sem nemendur annast, eða smá-nefskatt á þá. Er ekki ólíklegt, að nemendur hefðu ánægju af að efla með slíkri fjáröflun bókasafn þeirrar stofnunar, sem veitir þeim mörg fríðindi.

Þar sem talað er um „fjárstyrk annars staðar frá“ má gjarnan skilja svo m. a., að sá fjárstyrkur verði framlög nemenda.

Um 24. gr.

Framlög til bókasafna þeirra, sem hér um getur, eru auðvitað afar lág og mættu þegar í byrjun vera hærri. Vel má hugsa sér, að slík söfn fái bókagjafir. Eru þegar til mörg dæmi þess.

Um IV. kafla.

Um 25.—26. gr.

Svo sem áður segir, er æskilegt, að lög þessi séu sem ýtarlegust og nái til sem flestra atriða, sem varða öll almenningsbókasöfn landsins sameiginlega. Hér eru því tekin fram ýmis atriði, sem kynnu að virðast reglugerðaratriði, en þau eru öll svo mikilsverð, að réttast sýnist að taka þau inn í lögin.

Með „handhægri bókaskrá“ er átt við spjaldskrá og lista yfir nýfengnar bækur.

Um 27. gr.

Í lögum um lestrarfélög o. s. frv. frá 1944 er ákveðið, að öll lestrarfélög landsins skuli fá flest þau rit ókeypis, sem hér eru talin. En hafi þessu ákvæði verið fylgt, mun reynslan þó sýna, að fá lestrarfélög hafa hirt um að geyma þessi rit, enn síður að binda þau, og sennilega hafa fáir notað þau. Hér er því látin nægja heimild fyrir sveitarbókasöfn að fá rit þessi ókeypis. Hins vegar er sjálfsagt, að

þau séu vel varðveitt í bæjar- og héraðsbókasöfnum, því að jafnan eru í þeim heimildir, sem einstökum mönnum eru nauðsynlegar við fræðiiðkanir og hagnýt störf og því sjálfsagt að gefa þeim kost á að afla þeirra án mikillar fyrirhafnar. Héraðsbókasöfn eigi fullkomlega að geta leyst þessa þörf alls bókasafnshverfisins.

Um 28. gr.

Ekki virðist heppilegt eða jafnvel tiltækilegt að semja eina allsherjar reglugerð fyrir öll bókasöfn landsins, vegna þess hve bókasöfnin hljóta að búa við ólíkar aðstæður. Hljóta t. d. að vera allólíkar starfsreglur bókasafnsins í Reykjavík og bókasafns í Hólmavík, svo dæmi séu nefnd.

Margt er auðvitað sameiginlegt með öllum bókasöfnum, og hefur verið reynt að taka sem mest af því upp í frumvarpið. Annað, sem varðar starfsreglur hvers bókasafns, virðist auðvelt að ákveða á hverjum stað með leiðbeiningum kunnáttumanns, eins og segir í greininni.

Ekkert safn á að fá ríkisstyrk, fyrr en reglur þessar hafa verið settar.

Sþ. 339. Tillaga til þingsályktunar [144. mál]

um stækkun á Vestmannaeyjaflugvelli.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða svo sem unnt er framkvæmdum til stækkunar á Vestmannaeyjaflugvelli og ætla til þeirra framkvæmda sérstaklega að minnsta kosti eina milljón króna í fjárlögum fyrir árið 1956.

Greinargerð.

Svo sem kunnugt er, er flugvöllurinn í Vestmannaeyjum mjög ófullkominn og ekki hæfur til notkunar nema í hagstæðri vindátt. Þetta er til mikils baga fyrir flugsamgöngurnar við Eyjar, og er þess mikil þörf, að bót sé á ráðin.

Í haust er leið sendi bæjarráð Vestmannaeyja áskorun til flugmálastjórnarinnar út af aðkallandi umbótum á flugvellinum, og nú nýverið hefur Flugfélag Íslands sent flugráði rökstuddar kröfur um sama efni.

Með bréfi Flugfélagsins fylgir álit nokkurra hinna reyndustu flugmanna vorra, og má ætla, að í því, sem fram kemur í bréfi Flugfélagsins og umsögn flugmannanna, felist sterkustu rökin fyrir þeirri þörf til úrbóta, sem hér liggur fyrir. Eru þau því prentuð með þessari greinargerð ásamt áskorun bæjarráðs Vestmannaeyja.

Nánar í framsögu.

Fylgiskjal I.

Ályktun bæjarráðs Vestmannaeyja.

Hinn 3. september s.l. samþykkti bæjarráð að senda flugmálastjórninni eftirfarandi ályktun:

„Bæjarráð leyfir sér að beina eftirfarandi til flugmálastjórnarinnar:

1. Að hafizt verði handa um byggingu nýrrar flugbrautar (þverbrautar).

   Bæjarráð telur, að flugsamgöngur milli Eyja og fastalandsins séu engan veginn komnar í viðunandi horf, fyrr en byggð hefur verið þverbraut við þá flugbraut, sem fyrir er, þar sem hér hagar einmitt þannig til, að iðulega, þegar ef til vill bezt er flugveður, er lending flugvéla á vellinum útilokuð sökum vöntunar á flugbraut, sem hægt væri að lenda á í norðlægum eða suðlægum áttum.

2. Að í öryggisskyni verði sett upp ljósakerfi við flugbrautina og þá einnig á þá staði í nágrenni hennar, sem nauðsynlegt getur talizt.
3. Að byggt verði flugskýli við flugbrautina, það stórt, að unnt sé að varðveita þar þær farþegaflugvélar, sem nú eru í förum til Vestmannaeyja, þannig að flugsamgöngur hingað þurfi ekki að truflast að öllu við, að vélarnar verði veðurtepptar hér á bersvæði eða að þær þurfi að leggja af stað héðan í tvísýnu veðri."

Fylgiskjal II.

20. janúar 1955.

Svo sem flugráði er kunnugt, hefur það valdið miklum vandræðum í sambandi við starfrækslu reglubundinna flugferða til Vestmannaeyja, hve flugvöllurinn þar er ófullkominn miðað við hinar erfiðu aðstæður, sem eru til flugs við eyjarnar. Oft verður að hætta við flugferðir dag eftir dag vegna þess eins, að vindátt og vindhraði orsaka erfið lendingarskilyrði, þar eð aðeins er um eina flugbraut að ræða og lengd hennar mjög takmörkuð (miðað við aðstæður).

Oss hefur lengi verið ljóst, að nauðsynlegt væri að gera einhverjar þær umbætur á flugvelli Vestmannaeyja, er að gagni megi koma til að fjölga flugdögum þangað. Í því sambandi höfum vér leitað álits nokkurra af reyndustu flugmönnum félagsins. Svar þeirra fylgir með bréfi þessu, og þar sem álit flugmanna vorra er í fullu samræmi við álit þeirra annarra hjá Flugfélagi Íslands, sem um málið hafa fjallað, má telja það sameiginlegt álit dómbærra starfsmanna vorra, að umræddar endurbætur á flugvellinum mundu verða til að bæta mjög verulega úr þeim erfiðleikum, sem Vestmannaeyjar eiga við að búa hvað flugsamgöngur snertir.

Með tilliti til þessa leyfum vér oss að fara þess á leit við flugráð, að það beiti sér fyrir því, að hið bráðasta og eigi síðar en á vori komanda verði hafizt handa um breytingar á Vestmannaeyjaflugvelli, er séu í því fólgnar, að:

1. Flugbrautin verði lengd svo sem tök eru á í báðar áttir, austur og vestur, þannig að hún verði a. m. k. 1350 metra löng.
2. Flugbrautin verði breikkuð þannig, að vesturendi hennar verði breikkaður til suðurs og austurendinn til norðurs, svo sem hægt er með tilliti til Helgafells.
3. Flugbrautin verði raflýst.

Vér leyfum oss að vænta góðra undirtekta flugráðs í þessu aðkallandi nauðsynjamáli.

Virðingarfyllst,

Flugfélag Íslands h.f.

Til flugráðs, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

19. janúar 1955.

Flugfélag Íslands h.f., Reykjavík.

Samkvæmt beiðni yðar höfum við undirritaðir haft til athugunar að undanförnu möguleika fyrir bættum lendingarskilyrðum í Vestmannaeyjum. Eins og nú er virðast flugferðir til Vestmannaeyja of stopular til þess, að íbúarnir þar megi vel við una, og kemur þar einkum til, hversu lítið má út af bregða með vind frá norðlægum og suðlægum áttum. Ókyrrt loft í lokaaðflugi og yfir brautinni sjálfri neyðir flugmanninn til þess að koma til lendingar á mun meiri hraða en þegar loft er kyrrt, og þar sem brautin er fremur stutt, verður að takmarka lendingar við afar lítinn hliðarvind, svo að öruggt megi teljast, eins og raun ber vitni.

Við teljum nauðsyn bera til að lengja flugbrautina í Vestmannaeyjum eins og tök eru á til vesturs og framlengja hana einnig austur úr skarðinu að austan. Þá teljum við, að einnig muni veruleg bót fengin, ef brautin yrði skekkt þannig, að

V-endi yrði breikkaður til suðurs og A-endi til norðurs eins mikið og Helgafell leyfði með tilliti til aðflugs. Þetta mundi gera mikinn mun í verstu áttunum og gera flugmönnum kleift að lenda örugglega í allmiklu verri skilyrðum en nú er.

Virðingarfyllst,

Jóhannes R. Snorrason. Þorsteinn E. Jónsson. Björn Guðmundsson.

Nd. 340. Frumvarp til laga [145. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1955 skal koma saman 8. dag októbermánaðar, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði ekki annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1955 koma saman eigi síðar en 15. febrúar. Þar sem sýnt er, að þingi því, er nú situr, verður ekki lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Er lagt til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi laugardaginn 8. október 1955.

Ed. 341. Nefndarálit [106. mál]

um frv. til l. um, að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarpi þessu var vísað til fjhn. skömmu fyrir þingfrestun. Hefur hún nú athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 9. febr. 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 342. Þingsályktun [41. mál]

um fullgildingu á samningi um stöðu flóttamanna.

(Afgreidd frá Sþ. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 43.

Sþ. 343. Þingsályktun [73. mál]

um löggæzlu á samkomum.

(Afgreidd frá Sþ. 9. febr.)

Samhljóða þskj. 98.

Ed. 344. Lög [106. mál]

um, að gjafir til Krabbameinsfélags Íslands skuli dregnar frá skattskyldum tekjum gefanda við álagningu skatta til ríkis og bæjar eða sveitar.

(Afgreidd frá Ed. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 182.

Nd. 345. Lög [145. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1955.

(Afgreidd frá Nd. 11. febr.)

Samhljóða þskj. 340.

Nd. 346. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmaður (HV) var fjarstaddur.

Alþingi, 11. febr. 1955.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.	Gunnar M. Magnúss.

Ed. 347. Breytingartillögur [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ó. Ólafssyni.

Framan við 1. gr. komi nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Aftan við B. 54 kemur nýr liður:
   Sámsstaðavegur: Af Vesturlandsvegi innan Búðardals, hjá Hjarðarholti, Goddastöðum til Sámsstaða.
2. Aftan við B. 57 kemur nýr liður:
   Dagverðarnesvegur: Af Klofningsvegi hjá Fábeinsá til Dagverðarness.

Nd. **348. Frumvarp til laga** [146. mál]

um breyting lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Jónas Rafnar, Emil Jónsson.

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. laganna komi nýr stafliður, svo hljóðandi:

bb. Að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum, ef viðtakandi vörunnar rekur dúkaverksmiðju og þess er getið í aðflutningsskýrslu, að garnið verði einungis notað til framleiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Snemma á árinu 1947 var Dúkaverksmiðjan h/f stofnuð á Akureyri í því skyni að hefja framleiðslu á baðmullardúkum. Fyrirtækið hefur starfað óslitið síðan. Framleiðsluvörur verksmiðjunnar eru: vinnuvetlingaefni, fóðurefni til klæðagerðar, sængurdúkar, húsgagnafóður, lakaléreft, vinnuskyrtuefni o. fl. Framleiðsla verksmiðjunnar s. l. ár mun hafa numið töluvert á annað hundrað þúsund metra af þessum efnum.

Frá byrjun hefur verksmiðjan átt við margvíslega örðugleika að etja — ekki sízt vegna þess, að lágir tollar eru á innfluttum baðmullardúkum. Á óbleiktum dúk er nú 10% verðtollur og 15% á öðrum einlitum dúk. Með hliðsjón af þessu hafa tollar á hráefni verksmiðjunnar hins vegar verið of háir, þar sem 7 aura vörumagnstollur og 5% verðtollur hefur verið á innfluttu baðmullargarni.

Milliþinganefnd í tollamálum, sem lauk störfum á síðasta ári, kynnti sér ýtarlega tollakjör verksmiðjunnar og var sammála um, að lækka þyrfti verulega tolla á baðmullargarni. Þegar frumvarp ríkisstjórnarinnar um tollabreytingar var lagt fyrir Alþingi í fyrra, voru tillögur nefndarinnar um lækkun tolla á baðmullargarni þó ekki teknar með.

Í frv. þessu er því lagt til, að heimilað, verði að innheimta ekki aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum.

Á það má benda, að framleiðslustarfsemi Dúkaverksmiðjunnar h/f er algert brautryðjandastarf hér á landi og til mikils að vinna fyrir þjóðina að geta flutt baðmullardúkaframleiðsluna sem mest inn í landið. Á árinu 1952 voru fluttir inn baðmullardúkar fyrir 17.4 millj. kr. fob., en gjaldeyrissparnaður við baðmullardúkaframleiðslu mun nema að meðaltali um 50%.

Greinargerð þessari fylgir umsögn tveggja þekktra fyrirtækja, sem viðskipti hafa átt við Dúkaverksmiðjuna h/f, og ýtarleg umsögn Iðnaðarmálastofnunar Íslands, sem mælir með því, að verksmiðjunni verði gefnir eftir tollar á innfluttum hráefnum.

Fylgiskjal I.

Herra alþm. Jónas Rafnar, Reykjavík.

Samkvæmt beiðni hr. framkvæmdastjóra Vigfúsar Jónssonar, f. h. Dúkaverksmiðjunnar h/f., Akureyri, látum vér yður eftirfarandi umsögn í té:

1) Undanfarin tvö ár hefur innflutningsverðmæti baðmullardúka, sem fluttir hafa verið inn undir 48. kafla, 16. 17. og 18. lið tollskrárinnar, numið samkvæmt

hagskýrslum um 17 millj. króna á ári. Tollar á þessari vöru eru samkvæmt tollskránni:

	Vm.t.aur/kg	Verðt. %
48/16: óbleiktir og ólitaðir dúkar	20	10
48/17: einlitir og ómunstraðir dúkar	20	15
48/18: aðrir dúkar	20	20

2) Samkvæmt núgildandi viðbót tollskrárinnar frá 1953 eru tollar á baðmullargarni samkv. 48. kafla, 7. lið, svo sem hér segir:

	Vm.t.aur/kg	Verðt. %
48/7: Baðmullargarn	7	5

3) Með núverandi vélakosti verksmiðjunnar má framleiða allt að 100—120 þús. metra af dúk á ári (miðað við 8 stunda vaktir). Verðmæti þessarar framleiðslu frá verksmiðjunni nemur um 800 þús. krónum, og fer mest af henni í vinnuvettlinga. Verð og gæði vörunnar virðast fyllilega samkeppnisfær við erlenda vöru, sem einnig er á markaðnum hér. Virðist eftirspurn og ummæli kaupenda sanna þetta.

4) Vér höfum haft tækifæri til þess að skoða þessa verksmiðju nú í sumar og sjá hana í fullum gangi. Vélakostur hennar er nú orðinn ófullnægjandi, og hafa eigendur hennar þegar uppi ráðagerðir um að endurbæta hann með kaupum nýrra og afkastameiri véla. Höfum vér kynnt oss þær ráðstafanir, sem þeir hafa í huga í þessum efnum, og virðast oss þær skynsamlegar, ef samkeppnisaðstaða verksmiðjunnar væri betri en hún nú er.

5) Eigendur telja, að við vinnslu slíkra dúka hér á landi, í stað þess að flytja þá inn tilbúna, megi spara allt að 50% gjaldeyrisverðmætis. Þessa staðhæfingu höfum vér ekki haft tækifæri til þess að sannprófa, en ætla má, að gjaldeyrissparnaðurinn sé verulegur.

6) Verksmiðjan hóf starfsemi sína 1947 og hefur verið rekin stanzlaust síðan. Reikningslega hefur flest árin verið tap á rekstri verksmiðjunnar, þar til á s.l. ári, að fjárhagsafkoma hennar virðist nokkurn veginn standa í járnum.

Með þessar upplýsingar í huga drögum vér eftirfarandi ályktanir:

a. Innflutningur þeirra vörutegunda, sem verksmiðja þessi framleiðir, nemur árlega verulegri fjárhæð, og væri því æskilegt að færa eins mikið og auðið er af þessum verðmætum inn í landið og nýta íslenzkt vinnuafl og orku við framleiðslu þeirra.

b. Starfræksla þessarar verksmiðju er brautryðjendastarf, og nú fyrst virðist fengin næg og haldgóð reynsla til þess, að unnt sé að framleiða þessa vöru hér á landi, svo að hún þoli fyllilega samanburð erlendrar vöru. Tollvernd sú, sem þessi framleiðsla nýtur á móti innfluttri, fullunninni vöru, er óveruleg (sbr. 1. og 2. lið hér að framan).

Samkvæmt bókum verksmiðjunnar nam verðmæti heildarnotkunar á garni í dúka 1953 kr. 367 800.00, að meðtöldum tolli og söluskatti, samtals að upphæð **kr. 62 500.00.** Af þessari heildarupphæð var erlendur gjaldeyrir tæp 290 þús., en söluverð framleiðslunnar frá verksmiðjunni 613 þús. krónur. Með niðurfellingu tolla og söluskatts á hráefnum verksmiðjunnar verður ríkissjóður því að sjá af 60—100 þús. krónum, en með því mundi þessum rekstri vera borgið og verksmiðjan gæti sjálf staðið undir eðlilegri uppbyggingu og þróun.

Með hliðsjón af öllu þessu virðist eðlilegt, að ríkissjóður endurgreiði eða gefi eftir tolla og söluskatt af hráefnum (garni) til þessa iðnaðar, og mælum vér eindregið með, að þér veitið aðstoð yðar til þess að fá þessu framgengt.

Virðingarfyllst,

Iðnaðarmálastofnun Íslands,

Bragi Ólafsson, framkvstj.

Fylgiskjal II.

Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f.

Reykjavík, 25.11. 1954.

Að gefnu tilefni vottum við hér með, að við höfum undanfarin ár keypt mikið magn af vasaefnum af Dúkaverksmiðjunni h/f., Akureyri, og hefur okkur reynzt þau viðskipti mjög hagkvæm.

pr. pr. Klæðaverzlun Andrésar Andréssonar h/f..

Þórarinn Andrésson.

Fylgiskjal III.

Sjófataverksmiðjan h/f.

Reykjavík, 24. nóv. 1954.

Sjófataverksmiðjan h/f., Reykjavík, hefur undanfarin ár haft mikil viðskipti við Dúkaverksmiðjuna h/f, Akureyri á dúkum til vinnuvettlinga o. fl. Ég vil í því sambandi og að gefnu tilefni lýsa því yfir, að dúkar þeir, er hún hefur keypt frá áðurnefndri verksmiðju, standast að hennar dómi í alla staði samanburð á erlendum dúkum sömu tegundar.

Sjófataverksmiðjan h/f,
Kári Sigurðsson.

Nd. 349. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Emil Jónssyni.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „Reykjavík" komi: og í Hafnarfirði.

Nd. 350. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Jónasi Rafnar.

Við 1. gr. Fyrir orðin „í Reykjavík" kemur: í kaupstöðum.

Sþ. 351. Tillaga til þingsályktunar [147. mál]

um vernd á lífi og eignum Íslendinga gegn ágangi Breta.

Frá Einari Olgeirssyni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að herða á löggæzlu og vernd á lífi og eignum Íslendinga þeirra, er sjó stunda úti fyrir Vestfjörðum, til þess að reyna að hindra, að brezkir togarar grandi lífi og eignum þessara íslenzku fiskimanna.

Greinargerð.

Undanfarið hafa verið mikil brögð að því, að brezkir togarar hafi sýnt fantaskap í framferði sínu gagnvart íslenzkum fiskimönnum úti fyrir Vestfjörðum. Kveður svo

rammt að þessu, að tveir Íslendingar hafa þegar látið lífið af þessum sökum, þegar brezkur togari sigldi bátinn „Súgfirðing“ í kaf.

Þetta framferði er fjarri því að vera venja brezkra togaraskipstjóra eða annarra sjómanna. Regla sjómanna er bræðralag og hjálpsemi á höfum úti. Er auðséð, að hér er um framferði að ræða, sem er skipulagt frá ákveðnum aðilum í Bretlandi.

Brezka togaraauðvaldið hefur undanfarið verið að grípa til örþrifaráða gagnvart oss Íslendingum, eftir að það hefur beðið algerlegan ósigur í löndunarbannsmálinu. Brezkir togaraeigendur ætluðu að brjóta sjálfstæðisbaráttu vora í landhelgismálunum á bak aftur með löndunarbanninu. En vopnin hafa snúizt svo í hendi þessa brezka auðvalds, að löndunarbannið hefur orðið oss til blessunar, en ekki bölvunar, af því að þjóð vor hefur náð góðum viðskiptasamningum við Sovétríkin og önnur ríki, sem reynzt hafa oss vinsamleg, þar sem afstaða hins volduga brezka auðvalds til vor Íslendinga hins vegar mótast nú meir og meir af fjandskap.

Hinum ríka brezka auðhring, er að baki togaraeigenda stendur, mun þykja hart að verða að láta í minni pokann fyrir oss Íslendingum og hafa ekki einu sinni von um, að Íslendingar hætti við frekari stækkanir landhelginnar né láti erlenda dóma dæma um aðgerðir sínar hingað til.

Þess vegna hafa brezkir togaraeigendur nú skipulagt fjandsamlegar aðgerðir gagnvart Íslendingum, annars vegar níð og róg um Íslendinga í brezkum blöðum, og það gera þeir opinberlega, en hins vegar virðast þeir á laun leggja fyrir skipstjórnendur að beita slíkum aðferðum við varnarlausa íslenzka báta, að frekar hæfa sjóræningjum en heiðarlegum sjómönnum. Er það að vísu ekki í fyrsta skipti í sögunni, sem brezkir auðmenn láta skip sín stunda mannvíg og árásir á höfum úti. En óþarfi er fyrir Íslendinga að þola slíkan ágang, sízt af öllu af þjóð, sem kallað er að sé í bandalagi við Íslendinga um „samstarf í efnahagsmálum“ og um „varnir gegn árásum.“

Alþingi Íslendinga ber að láta brezk yfirvöld vita það af fullri alvöru, að Íslendingar munu ekki sætta sig við yfirgang brezkra árásarseggja, og leggur því fyrir ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að mæta slíkum yfirgangi. Brezku auðvaldi kann að takast um stund að samræma morð sín á þeldökkum bændum Kenyalands og níðherferð um þá og sjálfstæðismál þeirra, en Alþingi Íslendinga þarf að láta heiminn vita, að hér á Íslandi sé tafarlaust brugðið við, þegar brezkt auðvald ætlar að byrja að beita íslenzka fiskimenn fantabrögðum, jafnhliða sem það rægir þá þjóð, sem bjargað hefur lífi hundraða brezkra sjómanna.

Nd. 352. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina bætist:
   Skal í upphafi takmarkað, að því er tekur til fólksbifreiða í Reykjavík, við tölu þeirra manna, er hafa atvinnuleyfi samkvæmt samningum bifreiðastjórafélagsins Hreyfils við bifreiðastöðvarnar í Reykjavík.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Nú losna atvinnuleyfi innan þeirra takmarkana, sem felast í lögum þessum, og skal þeim þá ráðstafað samkvæmt reglugerð, sem viðkomandi bifreiðastjórafélag setur og staðfest hefur verið af samgöngumálaráðherra, enda verði í reglugerðinni fyrir það girt, að atvinnuleyfi geti orðið verzlunarvara.

Nd. 353. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt. Einn nefndarmaður (EirÞ) var fjarstaddur, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 14. febr. 1955.

Sigurður Bjarnason, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Emil Jónsson, frsm.

Magnús Jónsson.

Nd. 354. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Jónasi Rafnar.

Við 1. gr. Á eftir orðinu „Reykjavík" komi: og á Akureyri.

Nd. 355. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði og á Akureyri, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 356. Tillaga til þingsályktunar [148. mál]

um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Flm.: Hermann Jónasson, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar til framleiðslu og atvinnuaukningar og hagnýtingu auðæfa landsins í því sambandi. Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna

úr gögnum, sem fyrir hendi eru, eða að vísindalegum rannsóknum, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fólki fjölgar nú um rúmlega 3000 árlega hér á landi, og fer sú tala stöðugt hækkandi. Nú um skeið hafa margir atvinnu við framkvæmdir hjá varnarliðinu og við þá miklu fjárfestingu, sem nú er í landinu, m. a. vegna óarðbærra framkvæmda, sem gera má ráð fyrir að geti farið minnkandi. Þegar framkvæmdum vegna varnarliðsins er lokið, sem vænta má að verði innan skamms, þurfa að vera fyrir hendi ný úrræði til hagnýtingar því vinnuafli, sem nú er við óvenjuleg verkefni, og til að sjá um vinnu og verkefni handa því fólki, sem við bætist. Til þess að svo megi verða, þarf fyrirhyggju, og má eigi lengur dragast, að þjóðfélagið láti það mál til sín taka. Gera þarf ráðstafanir til að hagnýta náttúruauð landsins í þessu skyni og afla til þess fjármagns í tæka tíð og á þann hátt, sem fært reynist og þjóðinni hagkvæmast.

Hér á landi hafa undanfarna áratugi verið gerðar ýmsar athuganir og rannsóknir, sem að haldi geta komið við athugun og framkvæmd þessa máls, ef unnið er úr þeim á skipulegan hátt, en eflaust er þörf víðtækra viðbótarrannsókna og áætlana á ýmsum sviðum, m. a. varðandi sölumöguleika nýrra útflutningsvara frá íslenzkum iðnaðarfyrirtækjum.

Jafnframt ætti nefndin að athuga möguleika á aukinni tækni í núverandi atvinnugreinum landsmanna.

Hið mikilsverða verkefni, sem hér er fyrir hendi, er þess eðlis, að nauðsyn þykir til bera að fela það sérstakri milliþinganefnd, er geti ráðið sér sérfróða menn til aðstoðar, og skili áliti og tillögum til Alþingis og ríkisstjórnar svo fljótt sem verða má.

Nánar í framsögu.

Sþ. 357. Fyrirspurnir. [149. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um byggingu Kjarvalshúss.

Frá Gils Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Er starfandi stjórnskipuð nefnd, sem hefur með höndum undirbúning að byggingu safnhúss fyrir málverk Jóhannesar Kjarvals?
2. Hefur fé það, sem Alþingi með þingsályktun 2. marz 1945 heimilaði ríkisstjórninni að verja til byggingar slíks húss, verið greitt?
3. Hafi ekkert verið að máli þessu unnið, hyggst ríkisstjórnin þá hafa forgöngu um framkvæmdir?

II. Til ríkisstjórnarinnar um byggingu þingmannabústaðar.

Frá Bernharð Stefánssyni og Skúla Guðmundssyni.

Er lokið undirbúningi að byggingu þingmannabústaðar, samkvæmt fyrirmælum í 2. gr. laga nr. 84/1953, og hvenær má vænta, að bygging hans verði hafin?

Ed. 358. Frumvarp til laga [150. mál]

um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi 1954—1955.)

I. KAFLI
Stofnkostnaður.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður fræðsluhérað og skólahverfi barnafræðslu og gagnfræðastigs, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og hlutaðeigandi fræðsluráðs eða skólanefndar.

Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum fyrrgreindra aðila, hvort stofna og reka skuli heimangöngu eða heimavistarskóla í hverju skólahverfi fyrir sig.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem því verður viðkomið, en heimavistarskólar að öðrum kosti.

2. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir og lendur til barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem þörf krefur, svo sem undir skólahús, íþróttahús, sundlaugar, leikvelli, bústaði skólastjóra, kennara og starfsmanna, svo og undir önnur þau mannvirki, sem skólanum eru nauðsynleg.

Ríkisframlög til skóla eru bundin þeim skilyrðum, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt skólastaðinn, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotaréttur hennar tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi og að fullnaðarteikningar mannvirkjanna og nákvæm kostnaðaráætlun hafi hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins og húsameistara ríkisins.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða skólaframkvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig greiðslu framlaga skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi. Síðastnefnt ákvæði tekur þó aðeins til framlaga, sem ákveðin eru, eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar við heimangönguskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs. Skólastjórabústaði við heimangönguskóla barnafræðslustigs greiðir ríkissjóður þó að þremur fjórðu hlutum.

Stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs svo og húsmæðraskóla greiðir ríkissjóður að þremur fjórðu hlutum.

Hinn hluta stofnkostnaðar greiða hlutaðeigandi sveitarfélög. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

Í heimavistarskólum barnafræðslustigs og gagnfræðastigs, svo og húsmæðraskóla, teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Hverjum heimangönguskóla barnafræðslustigs skal fylgja íbúð skólastjóra. Heimavistarskólum barnafræðslustigs skal einnig fylgja íbúð skólastjóra svo og íbúðir kennara og annars nauðsynlegs starfs-

fólks. Ef bú er rekið í sambandi við gagnfræðastigsskóla, skal bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar teljast til stofnkostnaðar.

Fullnaðargreiðsla á framlagi ríkisins er bundin því skilyrði, að mannvirkin séu tekin út af trúnaðarmanni ríkisins. Skal þess gætt við úttektina og þegar úrskurðaðir eru stofnkostnaðarreikningar, að ekki séu samþykktar lélegar byggingar né heldur íburður eða annar kostnaður fram yfir það, sem ráð er gert fyrir í áætlunum þeim, sem staðfestar hafa verið.

4. gr.

Þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, að akstur nemenda til og frá skólastað getur komið í stað heimavista eða stuðlar að því að sameina skólahverfi eða fámenna skóla, að dómi menntamálaráðherra að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, fjármálaeftirlitsmanns skólanna, námsstjóra og hlutaðeigandi skólanefnda eða fræðsluráða, skal greiða framlag úr ríkissjóði til kaupa á skólabifreið, er nemi þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs. Fjárveiting og greiðsla á framlagi ríkissjóðs í þessu skyni er háð sömu skilyrðum og reglum sem til annars stofnkostnaðar sbr. 3. mgr. 2. gr.

II. KAFLI

Rekstrarkostnaður.

5. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla eru starfsmenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

6. gr.

Tölu fastra kennara við barnaskóla skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Í skólum með færri en 150 nemendum skal þó ætla nokkru færri börn á kennara eftir reglum, er menntamálaráðuneytið setur. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

7. gr.

Við skóla gagnfræðastigsins skal miða tölu fastra kennara 1) við árlegan starfstíma skóla, 2) við nemendafjölda og 3) við það, hversu verknám er mikið, eftir reglum þeim, sem hér greinir:

a. Í bóknámsskóla, er starfar í 9 mánuði og hefur 90 nemendur eða fleiri, komi 30 nemendur á hvern kennara. Ef nemendafjöldi er milli 60 og 90, komi 28 nemendur á kennara, og 26, sé nemendafjöldi minni.
b. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er ¼ og allt að ⅓ hluta námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 28 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 26 nemendur á kennara, og 24, sé nemendafjöldi minni.
c. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er ⅓ og allt að 5/12 hlutum námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 26 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 24 nemendur á kennara, og 22, sé nemendafjöldi minni.
d. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er 5/12 og allt að ½ námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 24 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 22 nemendur á kennara, og 20, sé nemendafjöldi minni.
e. Í verknámsskóla, er starfar í 9 mánuði og hefur 90 nemendur eða fleiri, komi 15 nemendur á hvern kennara. Ef nemendafjöldi er milli 60 og 90, komi 14 nemendur á kennara, og sé nemendafjöldi minni en 60, komi 13 nemendur á kennara.

Nú starfar skóli samkvæmt a—d-liðum skemur en 9 mánuði, og skal þá ætla 2 nemendum færra á hvern kennara fyrir hvern heilan mánuð, sem skóli starfar

skemur, allt niður í 6 mánuði. Ef um er að ræða skóla samkvæmt e-lið, skal með sama hætti ætla einum nemanda færra á hvern kennara fyrir hvern heilan mánuð, sem skólinn starfar skemur en 9 mánuði, allt niður í 6 mánuði.

Þegar starfstími skóla er styttri en 6 mánuðir og nemendur færri en greinir í a—e-liðum, tekur ríkissjóður hlutfallslegan þátt í kennslukostnaði miðað við nemendafjölda og starfstíma annars vegar og fulla nemendatölu á kennara og hámarksstarfstíma hins vegar.

8. gr.

Í húsmæðraskóla skal miða tölu fastra kennara við: 1) árlegan starfstíma skóla, 2) nemendafjölda og 3) hvort skóli er heimavistarskóli eða heimangönguskóli.

Í heimavistarskólum, er starfa 9 mánuði árlega og hafa 36 nemendur eða fleiri, komi 12—16 nemendur á hvern kennara. Sé tala nemenda á milli 24 og 36, komi 11—15 nemendur á kennara, og sé tala nemenda lægri en 24, komi 10—14 nemendur á kennara.

Í heimangönguskólum, er starfa í 9 mánuði árlega og hafa 36 nemendur eða fleiri, komi 16—20 nemendur á hvern kennara. Sé nemendafjöldi á milli 24 og 36, komi 15—19 nemendur á kennara, og séu nemendur færri en 24, komi 14—18 nemendur á kennera.

Auk þess skal, starfi skóli skemur en 9 mánuði, ætla 1 nemanda færra á hvern kennara fyrir hvern mánuð, sem skólinn starfar skemur, allt niður í 7 mánuði.

Húsmæðraskóli verður ekki starfræktur með færri nemendum en 15 í deild.

Ef starfstími skóla er styttri og nemendur færri en að framan segir, má með sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins starfrækja námsskeið, og tekur þá ríkissjóður hlutfallslega þátt í greiðslu kennslukostnaðar, miðað við nemendatölu og starfstíma annars vegar og hámarksstarfstíma og fulla nemendatölu hins vegar.

9. gr.

Skólanefnd getur með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og fjármálaeftirlitsmanns skólanna ákveðið, að kennurum séu falin sérstök störf í þágu skólans, þar með talin umsjónarstörf í heimavistarskólum, gegn því að lögboðnum kennslustundum þeirra sé fækkað sem því nemur. Skulu störf þessi metin til jafns við kennslustundir af viðkomandi skólastjóra og námsstjóra, eftir því sem reglugerð ákveður. Skal taka tillit til þessara starfa, þegar reiknaður er út réttur skólanna til kennaralauna, er ríkissjóður greiðir.

10. gr.

Nú eru fastir kennarar við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla eða húsmæðraskóla færri en nemendafjöldinn segir til um, en nemendafjöldi þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og má þá greiða úr ríkissjóði fyrir stundakennslu í réttu hlutfalli við þann nemendafjölda, sem umfram er, og í sama hlutfalli sem ríkissjóður greiðir fyrir aðra kennslu. Ef nefnd umframtala nær helmingi þess nemendafjölda, sem föstum kennara er ætlaður, er menntamálaráðuneytinu heimilt að setja fastan kennara. Ríkissjóður tekur ekki þátt í greiðslu stundakennslu fram yfir það, sem hér var talið.

Kostnað af forfallakennslu, þ. e. vegna veikindaforfalla kennara, sbr. lög nr. 38/1954 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, greiðir ríkissjóður vegna þeirra kennara, er hann launar, í sömu hlutföllum og laun þeirra.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslufulltrúans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að ¼ hluta.

Laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum greiðir ríkissjóður að öllu leyti.

12. gr.

Nú er húsnæði tekið á leigu til skólahalds með samþykki menntamálaráðuneytisins vegna barnaskóla, gagnfræðastigsskóla eða húsmæðraskóla, og skal þá húsaleiga greidd af ríkissjóði og sveitarfélögum í sama hlutfalli og stofnkostnaður, sbr. 3. gr. Sama gildir um kostnað af aukinni kennslu, þegar svo stendur á, að kennslustofur rúma ekki fullskipaða deild.

13. gr.

Þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, að akstur nemenda til og frá skóla með skólabifreiðum stuðlar að því að sameina smá skólahverfi eða fámenna skóla eða sparist við það rekstur heimavista sbr. 4. gr., greiðir ríkissjóður ¾ hluta flutningskostnaðarins. Fargjöld og annan flutningskostnað nemenda, ef nauðsynlegur telst að dómi aðila, er um getur í 4. gr., endurgreiðir ríkissjóður að ¼ hluta.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um leyfi til rekstrar skólabifreiða, nauðsyn og skipulag flutninga, reikningshald og meðferð bifreiða, sem skólar eiga, og leigusamninga leigðra skólabifreiða.

14. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélög greiða viðhaldskostnað á eignum barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla í sömu hlutföllum og stofnkostnað, sbr. 3. gr.

Áætla skal viðhaldskostnaðinn og leita samþykkis menntamálaráðuneytisins um allar viðhaldsframkvæmdir, sem áætlaðar eru samtals yfir kr. 20 000.00.

Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, er viðhaldskostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

15. gr.

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður ¾ hluta upphitunarkostnaðar.

16. gr.

Sveitarfélög greiða annan kostnað af barnaskólahaldi en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, en ríkissjóður endurgreiðir þeim fjórða hluta kostnaðarins.

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður að hálfu, en sveitarfélög að hálfu.

Til kostnaðar samkvæmt þessari grein telst meðal annars laun starfsfólks, annars en þess, sem talið er í 5.—11. gr., laun kennara fyrir heimavinnu, kostnaður af starfi skólanefnda og fræðsluráða, prófkostnaður, ljós, hiti (sbr. þó 15. gr.), ræsting, skrifstofukostnaður, skattar og opinber gjöld, vátryggingargjöld, efni til matreiðslukennslu, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd, kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 52. gr. laga nr. 34/1946, sérstakur kostnaður, sem nauðsynlegt er að greiða vegna ákvæða 6. gr. sömu laga, svo og allur annar kostnaður, sem rekstur skóla hefur í för með sér og nánar verður ákveðinn í reglugerð.

Fullnaðargreiðsla framangreinds kostnaðar úr ríkissjóði er bundin því skilyrði,að fram séu komnar fullnægjandi skýrslur um skólahaldið og reikningar úrskurðaðir.

17. gr.

Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðiljar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr.

Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla.

18. gr.

Skólar gagnfræðastigsins og húsmæðraskólar, eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra, námsstjóra og viðkomandi skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

III. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit.

19. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, er um getur í lögum þessum, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða öðrum að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Að því er tekur til gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla, skal val sérstaks reikningshaldara vera háð samþykki menntamálaráðuneytis.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga og sýslufélaga, og sendir skulu þeir menntamálaráðuneytinu.

20. gr.

Námsstjórar skulu veita leiðbeiningar um bókhald í skólum, sem umsjón þeirra lúta, og hafa eftirlit með eignum þeirra, fjárreiðum og reikningsfærslu. Þeir skulu framkvæma efnislega (kritiska) og tölulega endurskoðun á bókhaldi skólanna og ársreikningum. Skal endurskoðun ársreikninga lokið fyrir 1. júlí ár hvert.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið felur sérstökum reikningsfróðum og skólafróðum manni að hafa yfirumsjón með eftirlitsstarfi og endurskoðunarstarfi þessu og eftirlit með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara. Skulu honum afhentir allir ársreikningar skólanna til eftirlits og úrskurðar um greiðslur úr ríkissjóði. Rísi ágreiningur milli hans og sveitarstjórnar um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

22. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar meðal annars greint, hvað teljast skuli til nauðsynlegs stofnkostnaðar, svo sem hús, húsbúnaður, kennsluáhöld o. s. frv., svo og hvað heyrir til rekstrarkostnaðar, enda sé þá við það miðað, að skólinn búi frá upphafi við þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til þess, að hann geti starfað og náð þeim tilgangi, sem honum er ákveðinn í lögum. Í reglugerðina skal einnig setja ákvæði um bókhald skóla og reikningsskil.

23. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, 12. gr., 13. gr., 15. gr., 19. gr., síðasti málsliður 21. gr., 22. gr., 24. gr., orðin: „og reikninga“ í 2. málslið 32. gr., 33. gr., síðari málsliður 34. gr., fyrri málsliður 49. gr., 2., 3. og 4. málsliður 51. gr.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, 4. gr., síðasti málsliður 48. gr., 50. gr., 52.—55. gr., fyrsti málsliður fyrri málsgreinar og síðari málsgrein 56. gr., 57. gr., 61. gr.

Lög nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu, 2. gr., 6.—9. gr., fyrsti málsliður fyrri málsgreinar og síðari málsgrein 11. gr.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Árið 1946 voru sett þrenn lög um skóla, sem kostaðir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, þ. e. lög nr. 34 um fræðslu barna, lög nr. 48 um gagnfræðanám og lög nr. 49 um húsmæðrafræðslu. Lög þessi höfðu í för með sér miklar breytingar frá því, sem áður hafði gilt um hlutdeild ríkissjóðs í skólakostnaði.

Við framkvæmd laga þessara á undanförnum árum hefur komið í ljós, að ekki er nægilegt samræmi að ýmsu leyti milli laganna um kostnað þann, sem á ríkissjóð er lagður, og að lögin skortir ákvæði um ýmis atriði, sem nauðsynlegt hefur verið að taka afstöðu til í framkvæmdinni. Hefur af þessum sökum ekki verið unnt að setja fullkomna reglugerð í sambandi við lögin, með því að ýmislegt, sem þar þurfti að ákveða um almenna framkvæmd í þessum efnum, hafði ekki næga eða þá vafasama stoð í lögunum. Eftir að frumvarp að reglugerð hafði verið samið, þótti ekki verða hjá því komizt að setja ný lagaákvæði, til þess að samræmi næðist um framkvæmd laganna. Ákvæði um fjárhagsatriði, sem ríkissjóð varða, eru á víð og dreif í þessum þrennum lögum, og eru mörg þeirra ekki nægilega skýr. Af þessum sökum þótti rétt, að athuguðu máli, að fella saman í ein lög öll ákvæði áðurnefndra laga um kostnað ríkissjóðs af skólum þeim, sem lögin taka til, ásamt þeim breytingum, sem í frumvarpi þessu felast og eru sumar þeirra mjög þýðingarmiklar, eins og nánar verður gerð grein fyrir. Með því að hafa um þessi efni einn lagabálk vinnst það, að betri yfirsýn fæst um þessi ákvæði og framkvæmdin verður auðveldari.

Um efni frumvarpsins skal þetta að öðru leyti tekið fram:

Um stofnkostnað.

Grundvallarskilyrði þess, að stofn- og rekstrarkostnaður skóla geti orðið sem hagfelldastur fyrir ríki og sveitarfélög er skipting landsins í fræðsluhéruð og skólahverfi. Sama máli getur og gegnt um það, hvort stofnaðir eru heimangönguskólar með eða án skólabifreiðar, þar sem því verður við komið, eða heimavistarskólar. Sameining fámennra skólahverfa, eins og þau eru nú víða um landið um einn heimavistarskóla eða heimangönguskóla, þar sem hægt er að koma við skólabifreiðum, er mikilvægt atriði, bæði um kostnað og árangur kennslunnar.

Með ákvæðum 1. gr. er ætlazt til þess, að unnið verði markvisst að því að koma þeirri skipan á skólahverfi, bæði barnafræðslu- og gagnfræðastigsins, að stærð skóla og deildaskipan verði þannig, að tryggður sé sem hagkvæmastur rekstur. Til athugunar kemur að sameina unglingafræðsluna barnafræðslunni, þ. e. að skólaskyldan fari öll fram í einum og sama skóla, barnaskólanum, eða í sérstökum unglingaskólum í fjölbýlinu, svo sem nú er í Reykjavík í tveimur skólum.

Á undanförnum árum hafa ýmsar skólaframkvæmdir haft það í för með sér, að kröfur á hendur ríkissjóði vegna stofnkostnaðar hafa að meira eða minna leyti komið eftir á. Hefur því skort yfirlit um fjárþarfir í þessu skyni, kröfur safnazt saman ár frá ári og mjög verið umdeilt, hvers eðlis þær væru, hvort þær væru eiginlegar réttarkröfur eða ekki. Úr þessu verður að ráða bót og viðurkenna að fjárveitingarvaldinu sé skylt að standa við þær skuldbindingar, sem lögboðin fræðsla leggur því á herðar. Með þetta fyrir augum eru sett ákvæðin í 3. mgr. 2. gr. um að Alþingi ákveði fyrirfram í hverjar skólaframkvæmdir skuli ráðizt, enda sé ríkissjóður ábyrgur fyrir þeim framlögum og greiðslum, sem af þeim stofnframkvæmdum leiðir.

Með ákvæðum fræðslulaganna um hlutdeild ríkissjóðs í stofnkostnaði skóla, ýmist að helmingi eða þremur fjórðu hlutum, hefur ríkið mikilla hagsmuna að gæta um það, að allt viðhald eignanna sé í góðu lagi. Kostnaðarsamt hefur það reynzt, þegar þurft hefur að endurbyggja skóla, vegna ónógs viðhalds árum saman. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að hvor aðili, ríki og sveitarfélag, viðhaldi sínum hluta í eigninni, þ. e. greiði viðhaldskostnað í sama hlutfalli og stofnkostnað. Sama máli gegnir um greiðslu húsaleigu, ef aðilar geta ekki byggt, eða ef þeim þykir hagkvæmara að taka húsnæði á leigu til skólahaldsins í stað þess að byggja.

Ákvæðum frumvarpsins er ætlað að miða að því, að í framtíðinni verði farið eftir fastri áætlun um allar stofnkostnaðarframkvæmdir í samræmi við þarfir á hverjum stað og eftir því, sem fé verður veitt til slíkra framkvæmda. Framhald þeirra skólaframkvæmda, sem þegar er byrjað á og ekki lokið, falla að sjálfsögðu undir ákvæði 3. mgr. 2. gr. Hitt er svo mál fyrir sig, hvernig lokið verði greiðslu á þeim kröfum, er þegar hafa safnazt fyrir.

Í frumvarpi þessu er ákveðið að skólar lúti yfirstjórn menntamálaráðuneytis, enda þótt einstakir skólar geti að sjálfsögðu heyrt undir önnur ráðuneyti eftir því, sem ákveðið er við starfsskiptingu milli ráðuneyta, s. s. nú er um húsmæðraskóla í sveitum, er heyra undir landbúnaðarráðuneytið.

Um rekstrarkostnað.

Fyrirmælum núgildandi laga um greiðslu rekstrarkostnaðar skóla er þannig háttað, að hlutdeild ríkissjóðs í hinum ýmsu kostnaðarliðum er meira og minna án takmarkana. Hefur þetta gert erfiðara fyrir um allt aðhald. Stefna þarf að því m. a., að ekki verði stofnað til skólahalds með of fáum nemendum í deildum, og að deildaskipting og verkaskipting milli skóla verði sem hagkvæmust. Útþensla fræðslukerfisins hefur orðið mikil frá því á árinu 1946, er núverandi fræðslulög tóku gildi, og kostnaður af lengingu skólaskyldu og stofnun framhaldsskóla hefur að ýmsu leyti orðið meiri en aðstæður leyfðu. Þá ber og að stefna að auknu samræmi, að því er varðar hlut einstakra skóla (sveitarfélaga) og kennara.

Að því er snertir kennaralaun og rétt skólanna til fastra kennara, þá ber ríkissjóði samkvæmt ákvæðum laga nr. 34/1946, 48/1946 og 49/1946 að greiða kennaralaunin, en þó með þeim takmörkunum, sem leiðir af tölu nemenda á hvern kennara. þeim kennslustundafjölda, sem ákveðinn er í námsskrá, og kennsluskyldu kennara. Um endurgreiðslurétt ríkissjóðs, að því er varðar hluta af launum barnakennara, eru ákvæði í 15. gr. launalaga nr. 60/1945.

Engin breyting er gerð á ákvæðum um rétt barnaskóla til fastra kennara frá því, sem verið hefur. Er ætlazt til, að um það verði settar nánari reglur í reglugerð, sbr. 6. og 22. gr. frv.

Að því er tekur til gagnfræðastigsskóla, þá er í 55. gr. laga nr. 48/1946 ákveðið, að miða skuli tölu fastra kennara við það, að 20—30 nemendur komi á hvern kennara, eftir því, hve verknám er mikið. Nauðsynlegt er að ákveða þetta nánar, til þess að samræmi náist milli hinna ýmsu gagnfræðastigsskóla. Þá er og ákveðið í nefndri 55. gr. laga nr. 48/1946, að ríkissjóður greiði styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum, en í framkvæmdinni hefur ríkissjóður verið látinn greiða alla stundakennslu að hálfu. Ákvæði 7. og 10. gr. frv. miða að því að mynda fastar reglur um þessi efni í sem fyllstu samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 48/1946.

Ákvæði frv. um kennaralaun úr ríkissjóði eru sniðin í samræmi við ákvæði núgildandi laga um það efni, en reynt er að tryggja skólum og kennurum sem jafnastan rétt hlutfallslega, miðað við árlegan starfstíma og nemendafjölda. Jafnframt eiga ákvæði frv. að tryggja það, að ekki sé farið út fyrir þau takmörk um hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kennaralauna sem lögin gera ráð fyrir. Meðal annars eiga ákvæði frv. að koma því til vegar, að greiðsla kennaralauna úr ríkissjóði, þegar

um fámenna skóla er að ræða, verði aðeins hlutfallsleg, miðað við nemendafjölda og starfstíma.

Gert er ráð fyrir, enda til þess ætlazt í fræðslulögum, að heimilt sé að fela kennurum sérstök störf í þágu skólans sem hluta af kennsluskyldu þeirra, og að við útreikning á rétti heimavistarskóla til fastra kennara sé tekið tillit til þeirra umsjónarstarfa, sem óhjákvæmilega verður að inna af hendi í þeim skólum.

Í frv. er ákveðið, að greiðsla forfallakennslu verði hin sama af hálfu ríkissjóðs og greiðsla annarra kennaralauna. Er það í beztu samræmi við ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Um þátttöku ríkissjóðs í flutningskostnaði nemenda til og frá skóla eru ákvæði í 4. gr. og 13. gr. frv. sbr. 13. gr. og 51. gr. núgildandi laga nr. 34/1946. Þótti rétt að ákvæði þessi næðu einnig til gagnfræðastigsskóla, bæði vegna þess, að skólaskylda er víðast í 1. og 2. bekk þess skólastigs og eins vegna hins, að hér getur verið um mjög hagkvæma lausn að ræða í skipan gagnfræðakennslunnar eigi síður en barnafræðslunnar. Flutningur á nemendum til og frá skóla, hefur gefið góða raun í hinum snjóléttari byggðarlögum, sunnan og suðvestanlands. Hvorttveggja er, að hægt er á þennan hátt að sameina smá skóla og fámenn skólahverfi, en það tryggir hagkvæmari skólarekstur og getur sparað byggingu heimavista, eða jafnvel skóla og eins hitt, sem ekki er minna um vert, að ekki þarf að taka börnin frá heimilum þeirra til langdvalar í heimavistarskóla. Í fræðslulögunum er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði laun bifreiðarstjóra skólabifreiðar. Þetta hefur hvergi orðið í framkvæmdinni og virðist ekki heppilegt, þar sem hér getur ekki orðið um samfelt starf að ræða. Þetta ákvæði er því fellt niður, en ríkissjóði gert að greiða hærra hlutfall í kostnaðinum, þegar þetta fyrirkomulag tryggir hagkvæmari stofn- og rekstrarkostnað.

Í sambandi við framkvæmd 6. gr. laga nr. 34/1946 um skólavist barna, sem hlíta verða sérstökum ráðstöfunum, og framkvæmd 52. gr. sömu laga um kostnað vegna skólagöngu barna fátækra foreldra koma til greina ýmsir sérstakir kostnaðarliðir. Í frv. er gert ráð fyrir, að ríkissjóður taki jafnan þátt í þeim kostnaði sem öðrum rekstrarkostnaði.

Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit.

Með setningu núgildandi fræðslulaga frá 1946 gerðist ríkissjóður hluttakandi í stofnkostnaði og rekstrarkostnaði skólanna í ákveðnum hlutföllum. Af þessu leiðir, að af hálfu ríkissjóðs verður að vera öruggt eftirlit með fjárhagslegri framkvæmd fræðslulaga, sannprófun á réttmæti greiðslukrafna á hendur ríkissjóði og samskiptum ríkisins og sveitar- og bæjarfélaga í skólamálum. Enn fremur verður að halda uppi fullnægjandi eftirliti með eignum skólanna, meðferð þeirra og viðhaldi. Þetta eftirlit verður að vera óháð þeim, sem það beinist að, og heyra undir menntamálaráðuneytið.

Fyrir þremur árum gerði menntamálaráðuneytið þá ráðstöfun að fela sérstökum skólafróðum manni eftirlit þetta. Fé til eftirlitsins var veitt á fjárlögum fyrir 1954.

Rekstur barnaskóla og gagnfræðastigsskóla fer saman í um 27 skólum. Vart er hægt að fullvissa sig um réttmæti kostnaðar vegna annars skólaflokksins, nema athugaður sé kostnaður hins. Gæti hæglega svo farið, að kostnaður yrði ella tvítalinn. Þá er þess einnig að gæta í þessu sambandi, að sé réttur annars skólaflokksins til fastra kennara ekki sannprófaður, þá er óvíst, að samræmi náist.

Telja má, að námsstjórar hafi betri aðstöðu en aðrir til þess að rannsaka fjárreiður skólanna, um leið og þeir heimsækja þá í öðrum erindum. Er ófært kostnaðar vegna að senda aðra menn í slóð þeirra til þess að rannsaka fjárreiðurnar. Rétt þykir, að eftirlit námsstjóranna um fjármál skólanna og ástandsgerðir þeirra um þau efni heyri beint undir menntamálaráðuneytið.

Með frv. þessu er ætlazt til, að auðveldara verði að hafa vald á þessum málum,

þannig að samskipti ríkis og sveitarfélaga færist í einfaldara og samræmdara horf en verið hefur, að greiðara verði um allt aðhald og eftirlit og að áætlanir til fjárlaga um skólakostnað hverju sinni verði reistar á eins traustum forsendum og við verður komið.

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Að efni til svarar þessi grein til ákvæða í 8. og 9. gr. laga nr. 34/1946. Rétt þykir að láta ákvæðin ná einnig til skóla gagnfræðastigsins, sbr. 4. gr. laga nr. 48/1946, og kveða fastara að orði en þar er gert, þar sem hér er um að ræða grundvallarskilyrði fyrir hagfelldri lausn á stofn- og rekstrarkostnaði skóla.

Um 2. gr.

Í 1. og 2. mgr. eru ákvæði, sem að mestu svara til 12. gr. og 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 34/1946, 49.—52. gr. laga nr. 48/1946 og 6. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 49/1946. Í 3. og 4. mgr. er ákveðið, að Alþingi taki afstöðu til þess, hverjar framkvæmdir njóti fjárveitingar hverju sinni, svo að slíkt sé jafnan undir vilja fjárveitingarvaldsins komið. Einnig þykir nauðsynlegt að hafa fyrirmæli um, innan hvaða tíma framlög skuli greidd.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar um stofnkostnað eru tekin úr 1. og 2. mgr. 13. gr. laga nr. 34/1946, 53. gr. laga nr. 48/1946 og 7. gr. laga nr. 49/1946. Að sumu leyti eru ákvæðin þó fyllri hér en í hinum tilgreindu lögum. Fjárveitingar og greiðsla ríkisframlags samkvæmt þessari grein er háð sömu reglum og skilyrðum sem annar stofnkostnaður, sbr. 2. gr.

Um 4. gr.

Að því er varðar barnafræðslu, er efni þessarar greinar í samræmi við 3. mgr. 13. gr. laga nr. 34/1946. Hins vegar er það nýmæli að láta ákvæðið einnig taka til skóla gagnfræðastigsins. Þykir sanngirni mæla með því, þar sem skólaskylda nær til 1. og 2. deildar þess skólastigs.

Um 5. gr.

Grein þessi er samhljóða 15. gr. laga nr. 34/1946, 1. málslið 54. gr. laga nr. 48/1946 og 1. málslið 8. gr. laga nr. 49/1946.

Um 6. gr.

Hér er tekið upp efni úr 1. mgr. 24. gr. laga nr. 34/1946, að mestu leyti orðrétt.

Um 7. gr.

Hér eru með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 55. gr. laga nr. 48/1946 settar reglur um, hvernig ákveða skuli tölu fastra kennara í gagnfræðastigsskólum, og er þá m. a. miðað við árlegan starfstíma skóla. Eru reglur þessar ýtarlegri en þær, sem nú gilda.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar svara til ákvæða í 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 49/1946, en nánar útfærð. Breyting er í því fólgin, að útreikningur á tölu fastra kennara skal m. a. miðast við árlegan starfstíma þeirra, og að lágmarkstala nemenda er ákveðin 15 í deild eða skóla, til þess að heimilt sé að starfrækja þá.

Um 9. gr.

Ákvæði þessarar greinar fjalla um nánari útfærslu á ákvæðum 22. gr. laga nr. 34/1946, og þykir rétt að láta þau einnig ná til gagnfræðaskóla og húsmæðraskóla.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. eru ákvæði um stundakennslu, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. 34/1946, 2. málslið 54. gr. og 2. mgr. 55. gr. laga nr. 48/1946 og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 49/1946. Samkvæmt fræðslulögum er ekki ljóst, að ríkissjóði beri að greiða neina stundakennslu nema vegna of fárra fastra kennara. Í 2. mgr. eru ákvæði um forfallakennslu, sbr. 19. gr. laga nr. 34/1946, sem aðeins gerir ráð fyrir reglugerðarákvæðum um þetta efni.

Um 11. gr.

Í núgildandi lögum eru ekki bein ákvæði um greiðslu kostnaðar af námseftirliti, þar á meðal greiðslu launa námsstjóra. Eru í 1. mgr. þessarar gr. ákveðið, að sá kostnaður greiðist að öllu leyti úr ríkissjóði, og er það í samræmi við þá framkvæmd, er orðið hefur um þetta efni. Um 2. mgr., sjá 34. gr. laga nr. 34/1946, og um 3. mgr., sjá sams konar ákvæði í 3. málslið 51. gr. sömu laga.

Um 12. gr.

Hér er nýmæli um greiðslu fyrir leiguhúsnæði. Þar sem ekki er mikið um það, að skólar séu starfræktir í leiguhúsnæði, hefur greinin ekki teljandi breytingar í för með sér. Þykir þó rétt að hafa fastar reglur um þetta, þegar aðilar telja heppilegra að leigja húsnæði heldur en að byggja eða þar til unnt er að koma byggingu upp.

Um 13. gr.

Hér eru sett ákvæði um greiðslu flutningskostnaðar nemenda í barna- og gagnfræðaskólum. Í gildandi fræðslulögum nær þetta ákvæði aðeins til barnaskóla, en rétt þótti að láta það einnig gilda um gagnfræðastigsskóla, þar sem fræðsluskyldan er víðast í 1. og 2. bekk þess skólastigs. Í 51. gr. laga nr. 34/1946 er gert ráð fyrir, að ríkissjóður greiði laun bifreiðarstjóra skólabifreiðar. Þetta hefur aldrei komið til framkvæmdar og virðist ekki heppilegt.

Ákvæði þetta er því fellt niður, en greiðsluhlutfall ríkissjóðs hækkað, þegar flutningur á nemendum tryggir hagkvæmari rekstur.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ný ákvæði um greiðslu viðhaldskostnaðar. Eru ákvæði núgildandi laga óljós um þetta atriði. Í framkvæmd hefur ríkissjóður endurgreitt sveitarfélögum ¼ viðhaldskostnaðar barnaskóla sem annan rekstrarkostnað. Aftur á móti hefur ríkissjóður greitt viðhaldskostnað gagnfræðastigsskóla í sama hlutfalli og stofnkostnað. Kemur það í sama stað niður hvað heimangönguskóla þess skólastigs snertir, þar sem greiðsluhlutfall ríkissjóðs er að helmingi bæði í stofn- og rekstrarkostnaði. Eðlilegra verður að teljast, eins og ákveðið er í þessari grein, að ríkissjóður greiði viðhaldskostnað allra skóla í sömu hlutföllum og stofnkostnað.

Um 15. gr.

Þetta ákvæði er sett í samræmi við ákvörðun, sem tekin hefur verið af Alþingi um sama efni.

Um 16. gr.

Í 1. mgr. er tekið upp ákvæði 4. málsliðs 51. gr. laga nr. 34/1946. Ákvæði 2. mgr. svara til 5. málsliðs 54. gr. laga nr. 48/1946 og 5. málsliðs 8. gr. laga nr. 49/1946. Tilgreining 3. mgr. á ýmsum kostnaði er nákvæmari en nú er í lögum. Sérstaklega skal tekið fram, að eðlilegt þykir að láta þátttöku ríkissjóðs í kostnaði, sem leiðir af ákvæðum 52. gr. laga nr. 34/1946, einnig ná til þess hluta gagnfræðastigsins, sem skólaskylda tekur til.

Um 17. gr.

Sanngjarnt er, að tekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla skiptist milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað. Um þetta eru ekki ákvæði í núgildandi lögum.

Um 18. gr.

Í 1. mgr. 61. gr. laga nr. 48/1946 er ákveðið, að skólar gagnfræðastigsins séu sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélags. Þetta ákvæði er tekið hér upp, en einnig látið taka til húsmæðraskóla. Hins vegar er ekki ákveðið, að slík sameign taki til barnaskóla, enda þótt viðhald á þeim sé greitt í sömu hlutföllum og stofnkostnaður og ríkissjóður fái sinn hluta hlutfallslega af andvirði niðurlagðs skóla.

Um 19.—21. gr.

Um þessar greinar vísast til þess, sem segir í hinni almennu greinargerð hér að framan.

Um 22.—24. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 359. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Einar Ingimundarson og Björn Ólafsson leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Jörundur Brynjólfsson og Ásgeir Bjarnason eru mótfallnir frv. eins og það liggur fyrir. Gunnar Jóhannsson er fylgjandi frv., en áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv. eða fylgja öðrum, er fram koma.

Alþingi, 16. febr. 1955.

Björn Ólafsson, form., frsm.
Ásgeir Bjarnason, fundaskr., með fyrirvara.
Einar Ingimundarson.
Jörundur Brynjólfsson, með fyrirvara.
Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 360. Breytingartillaga [148. mál]

við till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að rannsaka, ásamt rannsóknaráði ríkisins, atvinnudeild háskólans, Fiskifélagi Íslands og jarðborunardeild ríkisins, og gera tillögur um nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingu auðæfa landsins í því sambandi.

Iðnaðarmálastofnun Íslands skal greiddur sá kostnaður úr ríkissjóði, sem nauðsynlegur er til að inna þetta hlutverk af hendi.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands o. fl. aðilum að rannsaka og gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Nd. 361. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Einari Ingimundarsyni og Gunnari Jóhannssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „og á Akureyri“ komi: á Akureyri og á Siglufirði.

Nd. 362. Frumvarp til laga [151. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Í stað „5%“ í 5. tölulið 8. gr. laganna komi: 6%.

2. gr.

Í stað „5%“ í niðurlagi 2. og 3. töluliðar 10. gr. laganna komi: 6%.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. að beiðni félagsmálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur við afgreiðslu málsins. Frv. fylgdi svofelld greinargerð:

Á fimmta hluthafafundi Íslenzkrar endurtryggingar, sem haldinn var 27. okt. s. l., var samþykkt tillaga um, að breytt yrði lögum um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., á þann veg, að heimiluð verði 6% arðsúthlutun eins og áður var.

Þegar skipulagi Stríðstryggingafélags íslenzkra skipshafna var breytt með lögum nr. 106 frá 30. des. 1943, var ákveðið (í 5. tölulið 7. greinar), að félagið mætti greiða allt að 6% arð. Þeir, sem þá áttu sjóði félagsins, máttu velja um, hvort inneign þeirra yrði borguð út eða gerð að hlutafé. Það er engan veginn víst, að allir, sem kusu að fá hlutafé, hefðu gert það, ef arðurinn hefði þá verið takmarkaður við 5%.

Með lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl., var arðshámarkið fært niður í 5%. Bankavextir voru þá miklu lægri en nú. Sparisjóðsvextir voru þá 2%, en eru nú 5% af venjulegum sparisjóðsbókum og 6% af innlánum með 6 mánaða uppsagnarfresti. Það mátti því líta svo á, að 5% arður væri býsna hár 1947, þótt öðru máli gegni nú. Hlutabréf í Íslenzkri endurtryggingu eru lítt seljanleg og verður því að líta á þau sem bundið fé. Miðað við núverandi vaxtakjör virðist það veigamikil ástæða til þess að heimta 6% arðsúthlutun, þegar fjárhagur félagsins leyfir.

Af 4964000 króna innborguðu áhættufé félagsins á ríkissjóður 1850000 krónur. Hækkun arðs mundi því ekki hvað sízt koma ríkissjóði til tekna.

Ed. 363. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (FRV) var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 17. febr. 1955.

Páll Zóphóníasson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson, frsm.

Andrés Eyjólfsson.

Ed. 364. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til laga um skógrækt.

Frá landbúnaðarnefnd.

Eftir að nefndin hefur yfirfarið frumvarpið, borið það saman við gildandi lög og rætt það við skógræktarstjóra, leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (FRV) var veikur, er endanlega var gengið frá málinu, en tjáði sig í símtali vera með frumvarpinu.

Alþingi, 17. febr. 1955.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sig. Ól. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.

Andrés Eyjólfsson.

Nd. 365. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til l. um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum. Hún hefur átt viðræður við núverandi og fyrrverandi skólastjóra Iðnskólans í Reykjavík, formann iðnfræðsluráðs og forseta Landssambands iðnaðarmanna. Einnig hefur formaður nefndarinnar rætt málið við iðnaðarmálaráðherra.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hverjum iðnskóla stjórnar 5 manna skólanefnd, skipuð sem hér segir:
   Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 2 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að sama skóla, og kjósa þau þá sameiginlega 2 skólanefndarmenn. Komi þau sér ekki saman um tilnefningu, sker iðnaðarmálaráðherra úr.

Iðnaðarmannafélag á skólasvæðinu kýs 2 nefndarmenn til sama tíma og segir í 2. málsgr. Séu þar fleiri iðnaðarmannafélög en eitt, kjósa þau saman nefndarmenn. Komi þau sér ekki saman, sker ráðherra úr.

Ráðherra skipar formann til sama tíma.

2. Við 7. gr.
   a. 2. tölul. í fyrstu málsgr. orðist svo:
   Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
   b. 2. málsgr. falli niður.
3. Við 9. gr. 3. málsl. orðist svo:
   Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiða iðgjöld vegna þeirra að ákvörðun ráðherra eftir tillögum skólanefndar.
4. Yfir 16. gr. komi ný kaflatala (VI. kafli) og fyrirsögn: Ýmis ákvæði.
5. Við 16. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.
   Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verksvið þeirra.
6. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja og fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Alþingi, 17. febr. 1955.

Gunnar Thoroddsen, form., frsm. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson.
Einar Ingimundarson. Bergur Sigurbjörnsson.

Nd. 366. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Aftan við 7. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.
   Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

Sþ. 367. Breytingartillaga [144. mál]

við til. til þál. um stækkun á Vestmannaeyjaflugvelli.

Frá Karli Guðjónssyni.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða svo sem unnt er framkvæmdum til stækkunar á Vestmannaeyjaflugvelli og verja til þess ekki minna en einni milljón króna af fé því, sem á þessu ári er heimilað til flugvallagerðar samkvæmt 22. gr. fjárlaga, svo og að ætla til þeirra framkvæmda sérstaklega að minnsta kosti eina milljón króna í fjárlögum fyrir árið 1956.

Ed. 368. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 68 19. nóv. 1953, um breyting á lögum nr. 93 27. nóv. 1951, um breyting á lögum nr. 97 12. des. 1945, um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Í stað „35 000“ í 1. gr. laganna komi 40 000.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Háskóla Íslands.

Með lögum nr. 68/1953 var hlutum í Happdrætti Háskóla Íslands fjölgað úr 30000 í 35000. Þegar á fyrsta ári seldust hin nýju númer nálega alveg upp, og enn jókst salan í byrjun þessa árs. Í 1. flokki seldust rúmlega 96% af öllum hlutum, og hefur sala aldrei orðið jafnmikil. Er nú aftur svo komið, að heilir og hálfir hlutir eru ófáanlegir.

Nú er fyrirhugað að hefja í sumar byggingu húss yfir Náttúrugripasafnið, en vegna síhækkandi byggingarkostnaðar er háskólanum nauðsynlegt að nýta til fulls þá tekjulind, sem happdrættið hefur verið til þessara hluta. Af þeirri ástæðu hefur þótt rétt að óska aukningar á happdrættinu úr 35000 í 40000 hluti.

Í þessu sambandi mætti geta þess, að happdrætti S. Í. B. S. hefur 50000 hluti og happdrætti dvalarheimilis sjómanna 30000 hluti.

Ed. 369. Frumvarp til laga [153. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á eftir aa-lið 3. gr. kemur nýr liður, svo hljóðandi:

bb. Að fella niður aðflutningsgjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skugga-

myndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum erlendum vísinda- og menntastofnunum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á 2. þingi Norðurlandaráðsins í ágúst 1954 var því beint til hlutaðeigandi ríkisstjórna að koma á hjá sér tollfrjálsum innflutningi þeirra menningartækja, sem talin eru í 1. gr. frv. Til þess að svo megi verða hér á landi, þarf að breyta núgildandi tollskrárlögum. Fer ríkisstjórnin með frv. þessu fram á heimild til að fella niður aðflutningsgjöld af vörum þessum.

Sþ. 370. Tillaga til þingsályktunar [154. mál]

um minningu Jóns Þorkelssonar skólameistara.

Flm.: Gunnar M. Magnúss.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, einn mann frá hverjum þingflokki, til þess að gera tillögur um, á hvern hátt Jóns Þorkelssonar skólameistara, „föður íslenzkrar alþýðufræðslu“, verði maklegast og virðulegast minnzt á 200 ára ártíð hans, að fjórum árum liðnum, 5. maí 1959. Nefndin skal hafa lokið störfum og skilað tillögum fyrir næsta samkomudag reglulegs Alþingis, 8. október 1955.

Greinargerð.

Á 18. öldinni, sem er sannarlega viðreisnaröld þjóðarinnar eftir langvarandi niðurlægingu og kúgun, komu fram margir og mikilhæfir menn, sem beittu starfskröftum sínum og hæfileikum til þess að lyfta þjóðinni til menningar og velmegunar jafnt í verklegum efnum og framkvæmdum sem á andlegum sviðum.

Einn gagnmerkasti maður þeirrar aldar, og þó að litið sé yfir lengra svið sögunnar, er tvímælalaust Jón Þorkelsson skólameistari. Varla mun ofmælt, að störf hans, tillögur og ráðstafanir ýmsar skipi honum sæti við hlið Skúla Magnússonar sem annars mesta framfara- og viðreisnarmanns 18. aldarinnar, og varpa þau orð engri rýrð á aðra ágæta menn aldarinnar. En störf og tillögur Jóns Þorkelssonar skólameistara voru þess eðlis, að það tók langan tíma unz þær kæmust í framkvæmd, og sumar þeirra eru að komast fyrst í framkvæmd á vorum dögum. Svo langt var Jón Þorkelsson á undan samtíð sinni. En Jón Þorkelsson skólameistari liggur enn óbættur hjá garði.

Jón Þorkelsson hefur verið kallaður „faðir alþýðufræðslunnar á Íslandi“. Hann helgaði líf sitt menningarmálum þjóðarinnar og gaf allar eigur sínar til „stofnunar, þar sem allra aumustu og fátækustu börn í Kjalarnesþingi skyldu fá kristilegt uppeldi, þar með talið húsnæði, klæði og fæði, þangað til þau gætu séð fyrir sér sjálf“ (Thorkilliisjóðurinn).

Jón Þorkelsson — Johannes Thorkillius — fæddist í Innri-Njarðvík í Gullbringusýslu árið 1697. Úr Skálholtsskóla brautskráðist hann 18 ára, efstur í skólanum. Jón biskup Vídalín veitti þessum gáfaða pilti mikla athygli og tók hann strax fyrir kennara í Skálholti. Jón sigldi um tvítugt og settist í Kaupmannahafnarháskóla, las einnig eitt ár við háskólann í Kiel. Eftir 10 ára dvöl erlendis var hann orðinn einn mesti lærdómsmaður þjóðarinnar og talinn mesta latínuskáld Íslend-

inga fyrr og síðar. Hann hafði lagt stund á málfræði og guðfræði, mælskufræði, skáldskaparvísindi, stærðfræði, grasafræði, læknisfræði, eðlisfræði og þjóðréttarvísindi. Eftir hann liggur mikill fjöldi rita í handriti. Þorvaldur Thoroddsen segir í Landfræðisögu Íslands, að Jón Þorkelsson hafi skrifað um landafræði Íslands í erlend landfræðirit og leiðrétt þar með ranghermi ýmissa erlendra höfunda um land og þjóð. Segir Þorvaldur Thoroddsen, að Jón hafi hrakið margar skröksögur eldri höfunda og eigi því miklar þakkir skilið fyrir starf sitt.

Jóni Sigurðssyni þótti starf Jóns skólameistara hið markverðasta og skrifaði upp með eigin hendi þýðingu Jóns hina dönsku af Skólameistarasögum og Nýju Hungurvöku. Svo merkileg þótti honum hún vera.

Árið 1728 varð Jón Þorkelsson skólameistari í Skálholti og þjónaði því embætti í 9 ár með miklum dugnaði og alúð, og „röggsemi í lærdómi og lífnaði".

Jón Þorkelsson ferðaðist ásamt Luðvig Harboe um landið árin 1741—1745 til þess að rannsaka menntunarástand landsmanna. Var þá prófuð lestrarkunnátta í öllum sveitum landsins. Eftir rannsókn þeirra voru að undirlagi Jóns gefnar út margar og merkar tilskipanir til þess að bæta úr hinu bágborna menningarástandi, sem var í flestum héruðum.

Eftir að Jón Þorkelsson lét af skólameistaraembættinu, gerði hann skrá yfir umbótatillögur sínar. Þær komust fæstar langt áleiðis meðan hans naut við, en þær voru hinar merkustu og hafa smám saman komizt í framkvæmd á þeim 200 árum, sem liðin eru frá því hann setti þær saman. Hann er talinn „faðir alþýðufræðslunnar". Taldi hann nauðsynlegt, að stofnaðir yrðu opinberir barnaskólar. — Hann bar fram tillögu um „afnám brennivíns eða hegning fyrir vanbrúkun þess og fyrir ofdrykkju". Það var fyrirboði og upphaf bindindisstarfsemi í landinu. — Hann setti fram hugmyndina um háskóla hér á landi, þar eð hann leggur til, að hér verði stofnaður framhaldsskóli fyrir embættismannaefni landsins. Hafði hann Hítardal í huga sem stað fyrir prestaskóla eða framhaldsskóla fyrir stúdenta. Prestaskóli á Íslandi var stofnaður um 100 árum síðar. — Hann á einnig upptökin að hugmyndinni um landlæknisembættið, — um drykkjumannahæli, um styrk til stúdenta til háskólanáms, um tvo vígslubiskupa í landinu, til þess að biskupsefni þyrfti ekki að fara utan til vígslu.

Jón Þorkelsson var vel efnum búinn. Allar eigur sínar gaf hann eftir sinn dag til uppeldisstofnunar og fræðslu almennings í Kjalarnesþingi. Gjafabréfið var gert í Kaupmannahöfn 3. apríl 1759. Var aðalefni þess þetta:

1. Bækur sínar allar íslenzkar, guðfræðilegs efnis, bæði prentaðar og handrit, gaf Jón skólameistari uppeldisstofnun þeirri, sem allar eigur hans áttu að ganga til, þó þannig, að þær skyldu geymast við kirkjuna í Innri-Njarðvík.
2. Allar aðrar eigur sínar, bæði í Danmörku og á Íslandi, gaf hann í því skyni.
3. Árlegur arður af þeim skyldi ganga til stofnunar, þar sem allra aumustu og fátækustu börn í Kjalarnesþingi skyldu fá kristilegt uppeldi, þar með talið húsnæði, klæði og fæði, þangað til þau gætu séð fyrir sér sjálf.

Sá sjóður, sem þannig var myndaður, hefur ávallt verið nefndur Thorkilliisjóður. Jarðir, sem Jón Þorkelsson átti hálfar eða meira, voru alls átta. Sjóðstofnunin á Íslandi var afgjaldið af jörðunum, en aftur á móti lágu nokkur þúsund dalir á vöxtum í Kaupmannahöfn. Sjóðurinn veitti styrk til skólahalds á hinum erfiðustu tímum og lyfti mjög undir alþýðumenninguna. Veturinn 1804—1805 var enginn skóli á Íslandi, nema barnaskóli á Hausastöðum á Álftanesi, með 12 börnum, er stofnaður var og kostaður af Thorkilliisjóði. Þegar barnaskóli var fyrst stofnaður í Reykjavík, var það aðeins kleift með því, að skólinn nyti styrks úr sjóðnum. Skólinn starfaði sem einkaskóli í 18 ár, en þegar styrkurinn var aftekinn 1848, lagðist skólinn niður.

Thorkilliisjóðurinn átti árið 1770 4170 rdl. í Kaupmannahöfn og 1783 5700 rdl. Árið 1812, sama ár og Hausastaðaskólinn var lagður niður, átti sjóðurinn ytra 8878 rdl. Árið 1839 var sjóðurinn alls 12360 rdl. Sjóðnum hefur síðan 1855 verið

stjórnað hér á landi. Hefur sjóðurinn orðið fyrir ýmsum áföllum. Ef hann hefði ávaxtazt áfallalaust og með eðlilegum hætti, ætti hann nú að nema tugum milljóna króna eftir núverandi verðlagi krónunnar. Af þessu má sjá, hversu gjöf Jóns Þorkelssonar er geysimikils virði.

Nokkrar umræður hafa á undanförnum misserum hafizt um, á hvern hátt mætti maklegast minnast Jóns Þorkelssonar á 200 ára ártíð hans, 1959. Má í því sambandi nefna blaðagreinar um málið og útvarpserindi, er Egill Hallgrímsson flutti síðastl. haust. Þá má nefna samþykkt uppeldismálaþings 1953 til fylgis við hugmyndina.

Virðist vera eðlilegt og sjálfsagt, að Alþingi geri ráðstafanir til þess, að hafinn verði undirbúningur þess að minnast þessa mæta manns. Má ekki lengur dragast, að eitthvað markvisst sé gert í þessu efni, þar eð nú á vori komanda eru aðeins 4 ár þar til 200 ár eru liðin frá því Jón Þorkelsson lézt, en á 200 ára ártíð hans virðist nú réttur tími til framkvæmda honum til minningar og heiðurs, en þá er einnig tveggja alda afmæli Thorkilliisjóðsins.

Sþ. 371. Breytingartillaga [117. mál]

við till. til þál. um stækkun friðunarsvæða eftir núgildandi meginreglum.

Frá Bernharð Stefánssyni, Gunnari Jóhannssyni, Magnúsi Jónssyni, Gísla Guðmundssyni, Karli Kristjánssyni og Einari Ingimundarsyni.

Inn í tillögugreinina komi nýr töluliður, er verði 2. liður (töluröð liða breytist samkvæmt því):

Grunnlínan verði dregin beint milli punktanna 6 og 9, þ. e. frá Siglunesi í Rauðanúp.

Nd. 372. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

Á eftir 1. tölul. 3. gr. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
IV. liður orðist svo:
Jarðrækt:

a.	Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar svo og til endurræktunar túna	kr.	200.00 pr. ha.
b.	Skjólbelti í ræktunarlöndum	—	1800.00 — —

Ed. 373. Nefndarálit [153. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. febr. 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Haraldur Guðmundsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 374. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 15. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði. Minni hl. (HG) leggur til, að frumvarpið verði samþykkt. Meiri hlutinn leggur hins vegar til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að skattalöggjöfin er í endurskoðun hjá milliþinganefnd, þykir deildinni ekki ástæða til að samþykkja framkomið frumvarp um einstaka breytingu á löggjöfinni og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. febr. 1955.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson.

Ed. 375. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á mörgum fundum og sent það áfengisvarnaráði og landlækni til athugunar. Umsagnir þeirra eru birtar hér með sem fylgiskjöl.
Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin falli burt.
2. Við 2. gr. Greinin falli burt.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Á eftir 11. gr. laganna komi ný gr., er orðist svo:
   Nú vilja félög, eitt eða fleiri saman, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum, reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki, og er þá heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskyldu, að ráðherra staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar sérstakri umsjá og eftirliti heilbrigðisstjórnar.

Alþingi, 18. febr. 1955.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. H. Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

LANDLÆKNIR

Reykjavík, 8. nóvember 1954.

Til umsagnar mér sendu frumvarpi til laga um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, skal tekið fram:

Um 1. gr.

Hér er stungið upp á þeirri breytingu, að lögreglan sé skyld til að flytja á sjúkrahús undantekningarlaust alla, er hún tekur höndum sökum ölvunar, í stað þess sem núgildandi lög takmarka heimild lögreglunnar til þvílíkra ráðstafana við það, að hlutaðeigandi ölvuðum manni sé „eigi unnt að sleppa þegar úr haldi". Þessi takmörkun virðist ekki aðeins eðlileg, með tilliti til þess, að ekki sé gengið nær persónufrelsi manna en nauðsyn krefur, heldur óhjákvæmileg, því að önnur getur framkvæmdin ekki orðið.

Einnig er niður fellt, að lögreglan hafi lækni með í ráðum, er ölvaður maður er fluttur á sjúkrahús. Það er almenn regla, að læknir beri ábyrgð á því, er mönnum er ráðstafað til sjúkrahúsvistar, og er sízt ástæða til að víkja frá því, þegar um menn er að ræða, sem taldir eru ósjálfbjarga vegna ölvunar, svo margs sem þar er að gæta. Vísa ég um þetta til nánari greinargerðar, er fylgdi frumvarpi til laga um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, þá er það var upphaflega flutt á Alþingi.

Um 2. gr.

Bendingar þessarar greinar um það, hvernig haga skuli afskiptum af ölvuðum mönnum, sem fluttir eru á sjúkrahús, og jafnvel viðtali við þá, virðast fara illa í lögum. Slíkt á miklu heldur heima í reglugerð, sem ráðherra er heimilað setja (sbr. 7. gr. laganna), og þyrfti þá slíkt að athugast miklu nánara en hér virðist hafa verið gert.

Ósanngjarnt virðist, að þeir, sem fluttir eru ölvaðir á sjúkrahús, án þess að drykkjusýki sé til að dreifa, beri fremur kostnað af handtöku sinni en þeir, sem drykkjusjúkir eru og sýnu meira erindi eiga á sjúkrahús, enda reyndar óviðkunnanlegt og sennilega óþekkt, að menn séu látnir greiða beinlínis fyrir nauðungarvist í varðhaldi. Annað mál er að svara sektum fyrir það, sem mönnum hefur á orðið. Einnig brýtur þetta ákvæði í bága við hið almenna ákvæði 6. gr. laganna, að um kostnað af meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—5. gr. fari sem um kostnað af löggæzlu, en það virðist langeðlilegast.

Um 3. gr.

Eins og til hagar hér á landi, eru sjúkrahús á vegum hins opinbera fyrir ölvaða menn óhugsandi öðruvísi en í sambandi við önnur opinber sjúkrahús, og tekur það jafnt til byggingar og rekstrar. Með því að lögunum er ætlað að ná til alls landsins, verður að miða við þá sjúkrahúsaskipun, sem fyrir er, en hún er sú, að sveitarfélög reka almenn sjúkrahús, en ríkissjóður styrkir ríflega byggingu þeirra og rekstur að nokkru. Fær naumast staðizt að gera annan aðila en hlutaðeigandi sveitarfélag eignar- og rekstraraðila að þeim hluta sjúkrahúss, sem í viðlögum er ætlaður ölvuðum mönnum til vistar. Þá er það og eini hemill á óbilgjarnar kröfur einstakra sveitarfélaga um byggingarframkvæmdir samkvæmt þessum lögum, að sveitarfélögin sjálf eigi að taka á sig hæfilegan hluta kostnaðarins.

Um 4. gr.

Allt of lítið er um það hér á landi, að áhugamenn sameinist um rekstur einkastofnana í þjónustu almennings, og ekki ætti slíkt sízt við um stofnanir til að hlynna að drykkjusjúkum mönnum. Víst væri þess háttar viðleitni makleg nokkurs

opinbers styrks, ef háð væri hæfilegri íhlutun og eftirliti opinbers aðila. En betur þætti mér fara, að slíkar einkastofnanir hétu nokkuð á annan veg en hinar opinberu stofnanir, sem lögin gera ráð fyrir, og óþarft virðist að binda það í lögunum, að einkastofnanir taki aðeins við drykkjusjúku fólki, sem leitar stofnananna af frjálsum vilja; mætti slíkt verða reglugerðarákvæði fyrir hverja einstaka stofnun. Í lögunum sæti ákvæðið bezt sem síðari málsgr. 15. gr. þannig orðuð:

Nú vilja félög, eitt eða fleiri saman, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum, reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki, og er þá heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að ráðherra staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar sérstakri umsjá og eftirliti heilbrigðisstjórnar.

Með skírskotun til þess, er að framan segir, hlýt ég að vara við samþykkt 1., 2. og 3. gr. frumvarpsins. Hins vegar mæli ég með efnislegri samþykkt 4. gr. frumvarpsins í því formi, sem áður getur.

Vilmundur Jónsson.

Til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ÁFENGISVARNARÁÐ

Reykjavík, 12. nóvember 1954.

Út af bréfi háttvirtrar heilbrigðis- og félagsmáladeildar Ed. Alþingis til áfengisvarnaráðs, dags. 4. þ. m., þar sem leitað er umsagnar ráðsins um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 1949, tók ráðið nefnt frv. til athugunar á tveimur fundum og afgreiddi málið á fundi sínum í dag sem hér segir:

„Áfengisvarnaráð hefur athugað frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, sem háttvirt heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis sendi áfengisvarnaráði til umsagnar með bréfi, dags. 4. þ. m. — Áfengisvarnaráð virðir mikils áhuga flutningsmanns á að koma betri og mannúðlegri skipan á þessi mál en nú er og telur hugmyndir þær, sem í frv. felast, athyglisverðar. Sjálfsagt verður að teljast að heimila bindindis- og líknarfélögum að starfrækja dvalarheimili fyrir drykkjusjúkt fólk, ef þau heimili eru nægilega vel úr garði ger, og einnig sýnist eðlilegt, að ríkissjóður standi straum af þeim ráðstöfunum, sem um ræðir í 3. gr. frv. Hins vegar telur ráðið, að ákvæði 1. og 2. gr. frv. þurfi nánari athugunar við, og vafasamt að lögfesta breytingar á umræddum greinum laganna án þess að taka jafnframt fleiri atriði til athugunar.

Þar sem áfengisvarnaráð telur gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra engan veginn fullnægjandi, en brýna nauðsyn að taka þetta alvarlega og vandasama mál til rækilegrar íhugunar og vanda sem mest til löggjafar um það, ræður ráðið eindregið til þess, að ríkisstjórninni verði falið að láta endurskoða löggjöf um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra og leggja hana fyrir næsta Alþingi.“

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

Brynleifur Tobiasson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar Alþingis.

Ed. 376. Nefndarálit [152. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 19. nóv. 1953, um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt að efni til, en með formsbreytingum samkvæmt sérstöku þingskjali.

Alþingi, 18. febr. 1955.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.
Gísli Jónsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 377. Breytingartillögur [152. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 19. nóv. 1953, um breyt. á l. nr. 93 27. nóv. 1951, um breyt. á l. nr. 97 12. des. 1945, um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

I. 1. gr. orðist svo:

1. gr. laganna breytist þannig:

1. A-liður orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 40000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.
2. Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í c-lið komi: í öllum 12 flokkum.

II. Aftan við 2. gr. komi nýr málsl., svo hljóðandi:

Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 97 12. des. 1945, l. nr. 93 27. nóv. 1951 og l. nr. 68 19. nóv. 1953, öll um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

III. Fyrirsögn orðist svo:

Frumvarp til laga um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Nd. 378. Frumvarp til laga [94. mál]

um iðnskóla.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi:

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI
Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða.

6. gr.

Hverjum iðnskóla stjórnar 5 manna skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 2 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að sama skóla, og kjósa þau þá sameiginlega 2 skólanefndarmenn. Komi þau sér ekki saman um tilnefningu, sker iðnaðarmálaráðherra úr.

Iðnaðarmannafélag á skólasvæðinu kýs 2 nefndarmenn til sama tíma og segir í 2. málsgr. Séu þar fleiri iðnaðarmannafélög en eitt, kjósa þau saman nefndarmenn. Komi þau sér ekki saman, sker ráðherra úr.

Ráðherra skipar formann til sama tíma.

III. KAFLI
Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla, þegar tala nemenda er 60 og fleiri.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, skal iðnskólinn vera sem sérstök deild innan gagnfræðaskóla.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs, má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.

Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum.

Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiða iðgjöld vegna þeirra að ákvörðun ráðherra eftir tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

10. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI
Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig

má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI
Kennarar.

14. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verksvið þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 379. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Aftan við 1. gr. bætist nýr málsl., svo hljóðandi:

Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur, þegar lögin taka gildi.

Nd. 380. Breytingartillaga [127. mál]

við brtt. á þskj. 352 [Leigubifreiðar í kaupstöðum].

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. Aftan við till. bætist: og hvað aðra kaupstaði snertir skal óheimilt að skerða með takmörkuninni atvinnuréttindi þeirra, er á lögmætan hátt stunda bifreiðaakstur, þegar lög þessi öðlast gildi.
2. Við 2. Í stað orðanna „sem viðkomandi ... samgöngumálaráðherra“ komi: sem samgöngumálaráðherra setur samkvæmt tillögum viðkomandi bifreiðastjórafélags.

Nd. 381. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið ásátt um afgreiðslu þessa máls. BÓ og EI eru algerlega á móti málinu. GJóh kvaðst ef til vill bera fram breytingartillögur við það, en við undirritaðir (JörB og ÁB) viljum samþykkja frumvarpið með lítils háttar breytingu.

Fyrir þessu þingi liggur frumv. um brunatryggingar utan Reykjavíkur og annað um Brunabótafélag Íslands. Eru þau samin af milliþinganefnd, er kosin var á síðasta þingi samkv. lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Nefndin klofnaði. Meiri hluti milliþinganefndarinnar samdi frumv. það, er þm. Ak. o. fl. flytja (129. mál, þskj. 290) og nú er til meðferðar í hv. Nd. Minni hluti milliþinganefndarinnar samdi það frumv., er hér um ræðir (141. mál, þskj. 335). Enn fremur samdi minni hl. milliþn. breytingartillögur þær við frumv. meiri hl. milliþn., sem við undirritaðir flytjum á þskj. 336.

Þar sem áðurnefnd frumv. eru nú til meðferðar í hv. Nd. og fjalla um sama efni, eins og áður hefur verið drepið á, verður ekki komizt hjá því að víkja nokkuð að efni beggja frumvarpanna.

Samkv. ákvæðum þessa frumv. (þskj. 335) eru húseigendur utan Reykjavíkur frjálsir að því að gera samninga um tryggingu húseigna sinna hjá hverju því vátryggingarfélagi sem þeir óska, sé það viðurkennt af ráðherra. Veitt geta þeir sveitarstjórn heimild til að gera slíka samninga (sbr. 1. gr.). Eftir ákvæðum frumv. á þskj. 290 eiga bæjar- og sveitarstjórnir að semja fyrir húseigendur, hver í sínu umdæmi, við Brunabótafélag Íslands um brunatryggingu húseigna (fasteigna) í sveitarfélaginu. Samkv. ákvæðum 20. gr. sama frumv. getur bæjar- eða sveitarstjórn samið við annað vátryggingarfélag um brunatryggingar húsa, ef samkomulag við stjórn Brunabótafélag Íslands hefur ekki tekizt, að uppfylltum þeim skilyrðum, er í greininni eru ákveðin (að samkomulag hafi ekki náðst innan tveggja mánaða frá því, að óskin um endurskoðun samninga kom fram, og úrsögn úr Brunabótafélagi Íslands hafi borizt stjórn félagsins með 6 mánaða fyrirvara, miðað við 15. okt. ár hvert).

Samkv. frumv. á þskj. 335, er við flytjum, eru einstaklingarnir frjálsir að því að tryggja þar, sem þeir kjósa helzt, eins og áður segir, en eftir ákvæðum frumv. á þskj. 290 ráða þeir engu um það, hvar tryggt er. Sjálfsagt er, að skyldutrygging sé lögboðin; um það atriði er enginn skoðanamunur. En það er gersamlega óviðeigandi að fara með húseigendur eins og þeir séu ekki menn til að gæta hagsmuna sinna og réttinda, að því er varðar tryggingu húsa sinna fyrir eldsvoða.

Á það má og minna, að síðan umtal varð um meira frjálsræði fyrir menn um tryggingu húseigna sinna fyrir eldsvoða, hafa tryggingariðgjöld húsa stórlega lækkað.

Í fyrra áttu Reykvíkingar kost á því að tryggja hús sín fyrir 47% lægri iðgjöld en þeir höfðu áður tryggt fyrir. Og talið er, að nú eigi menn kost á því úti um land að tryggja hús sín fyrir 40% lægri iðgjöld en áður hefur tíðkazt. Þetta hagræði, sem menn eiga nú kost á fyrir það, að í ráði er að veita mönnum frjálsræði í tryggingarmálum, ætti sízt að verða til að hindra það, að mönnum verði veitt með lögum frjálsræði í þessum málum.

Þá virðist og bezt fara á því, að sérstök lög gildi um brunatryggingar utan Reykjavíkur og sérstök lög fyrir Brunabótafélag Íslands, eins og minni hl. millþinganefndarinnar leggur til.

Við leggjum því til, að frumv. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr.

2. málsgr. orðist þannig:

Bæjarstjórnum og hreppsnefndum er þó heimilt frá sama tíma að semja við eitt vátryggingarfélag eða fleiri um brunatryggingar á þeim húseignum í umdæmi þeirra, sem tryggingarskyldar eru samkvæmt lögum þessum, fyrir þá húseigendur, er óska að veita sveitarstjórn heimild til að gera brunatryggingarsamninga fyrir sína hönd.

Alþingi, 18. febr. 1955.

Ásgeir Bjarnason, fundaskr.
Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Nd. 382. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Við 1. gr. Síðari málsliður orðist svo:
   Enn fremur haldi þeir námskeið til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.
2. Við 2. gr. Orðin „þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám“ í 3. tölulið falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkisstjórnin skal hafa forgöngu um stofnun iðnskóla. Skal hún nú þegar stofna og starfrækja a. m. k. tvo iðnskóla, annan í Reykjavík, hinn á Akureyri. Skal sem fyrst komið upp heimavistum í sambandi við þá.
4. Við 4. gr. Orðin „úr umdæmi skólans“ í 1. málslið falli niður.
5. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   Iðnskólarnir skulu vera dagskólar. Kennsla skal vera bæði verkleg og fræðileg.
   Stjórn hvers skóla annast fimm manna skólanefnd, skipuð fulltrúum frá eftirtöldum aðilum, tilnefndum af þeim, einn af hverjum aðila:
   1. Landssambandi iðnaðarmanna.
   2. Iðnsveinaráði Alþýðusambands Íslands.
   3. Iðnfræðsluráði.
   4. Iðnnemasambandi Íslands.

5. Iðnaðarmálaráðherra, og sé sá formaður stjórnarinnar.
   Stjórnin skal skipuð til fjögurra ára í senn. Verksvið hennar er ákveðið með erindisbréfi, er ráðherra setur.
6. Við 7. gr. Greinin falli niður.
7. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
   Ríkissjóður greiðir stofnkostnað skólanna. Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur ásamt vélum og áhöldum.
8. Við 9. gr.
   a. 2. málsl. 1. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „áður en honum er skipt“ í 2. málsgr. falli niður.
9. Við 12. gr. Orðin „eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári“ falli niður.

Nd. 383. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55/1950, um breyt. á l. nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Bygging landshafnar (skv. lögum) í Keflavík og Njarðvíkurhreppi var hafin árið 1946, og tók landshöfnin þá við mannvirkjum, sem Keflavíkurhöfn átti, ásamt skuldum að upphæð nál. 1½ millj. kr. Aðalmannvirki landshafnarinnar nú eru á tveim stöðum, í Keflavík og Innri-Njarðvík, og er mannvirkið í Keflavík nú aðalhafnarbryggja Keflavíkurhafnar, bæði fyrir fiskiskip og flutningaskip. Að hafnargarði og bryggju í Njarðvík hefur verið unnið undanfarin ár í ákvæðisvinnu af verktaka þar á staðnum og greitt í ríkisskuldabréfum. Eru þau mannvirki enn ekki svo langt komin, að komið hafi að fullum notum. Samtals hefur nú verið unnið að hafnarmannvirkjunum (hafnargörðum og bryggjum) fyrir hátt á 14. millj. kr., að meðtöldum þeim mannvirkjum, sem landshöfnin tók við 1946, en lönd og lóðir á landshöfnin fyrir nál. 900 þús. kr., auk húsa, áhalda o. fl. Af því fé, sem varið hefur verið til landshafnarinnar, hefur ríkissjóður lagt fram nál. 4½ millj. kr. og hafnarbótasjóður rúmlega 2½ millj. kr., en auk þess hvíla á landshöfninni nál. 4 millj. kr. í ríkisskuldabréfum og ríkisábyrgðarlánum, auk ríkissjóðsgreiðslna á viðskiptareikningi nál. 3 millj. kr. Brúttótekjur landshafnarinnar voru nál. 1.4 millj. kr. árið 1953 og nál. 1.7 millj. kr. árið 1954. Hefur ríkissjóður undanfarið lagt fram nokkurt fé til greiðslu af skuldabréfum og ábyrgðarlánum, auk þess, sem höfnin sjálf hefur getað innt af hendi, en tekjurnar verið vaxandi.

Í gildandi lögum er heimild til að verja fé til landshafnarinnar bundin við 15 millj. kr. hámark, og er sú heimild fullnotuð. Samkvæmt frv., ef að lögum verður, er heimildin hækkuð upp í 25 millj. kr., þ. e. um 10 millj. kr. Leggur nefndin til, að það verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Í stað 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Í stað orðanna „í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum“ í 1. gr. laganna komi: í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.
   b. (2. gr.) Í stað orðanna „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 25 millj. kr.
   c. (3. gr.) Í stað orðanna „sveitarstjórnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps“ í 4. gr. laganna komi: bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.

2. Í stað 2. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (4. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 55 25. maí 1950.
   b. (5. gr.) Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.
3. Úr fyrirsögn frv. falli orðin „um breyting á lögum nr. 55/1950".

Alþingi, 18. febr. 1955.

Sig. Ágústsson, form. Gísli Guðmundsson, fundaskr., frsm. Pétur Ottesen.
Eiríkur Þorsteinsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 384. Frumvarp til laga [155. mál]

um lækkun verðlags.

Flm.: Bergur Sigurbjörnsson, Gils Guðmundsson.

I. KAFLI
Um söluskatt.

1. gr.

Af tollverði innfluttrar vöru, að viðbættum innflutningsgjöldum, skal greiða 7% söluskatt með þeim undanþágum, sem um getur í lögum þessum.

2. gr.

Skatt þennan skulu innheimtumenn ríkissjóðs (sýslumenn, bæjarfógetar og lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjóri) innheimta um leið og varan er tollafgreidd, og nýtur skatturinn sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

3. gr.

Undanþegnar söluskatti eru eftirtaldar vörur:
Fiskumbúðir, veiðarfæri, önnur en sporttæki, kol, salt, hráolía, brennsluolía, smurningsolía, flugvélabenzín, flugvélar og varahlutir til þeirra, skip og bátar, varahlutir og búnaður til þeirra, landbúnaðarvélar, aðrar en jeppar, og varahlutir til þeirra, kornvörur til manneldis, nema fluttar séu inn í smáumbúðum, sykur, kaffi, tilbúinn áburður, bækur, nótur og nótnapappír, dagblöð og vikublöð.

4. gr.

Verð á vörum og þjónustu, sem falla undan söluskatti við gildistöku þessara laga, er skylt að lækka sem söluskatti nemur.

5. gr.

Um viðurlög fyrir brot gegn þessum kafla laganna fer samkvæmt lögum nr. 63 31. des. 1937, um tollheimtu og tolleftirlit.

II. KAFLI
Um verðlag, verðlagseftirlit og verðlagsdóm.

6. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsnefnd á þann hátt, sem fyrir er mælt í 7. gr. í lögum þessum.

7. gr.

Verðlagsnefnd skal skipuð þrem mönnum. Tveir menn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu stjórnar Alþýðusambands Íslands, en einn tilnefnir ríkisstjórnin, og er hann formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir hafa þekkingu á verðlagsmálum. Jafnframt skulu skipaðir þrír menn til vara á sama hátt.

8. gr.

Verðlagsnefnd skal hafa eftirlit með öllu verðlagi, og hefur hún bæði vald og skyldu til að ákveða hámarksverð eða hámarksálagningu á allar innfluttar vörur og innlendar iðnaðarvörur, en getur auk þess ákveðið verðlag á hvers konar vörum og verðmætum og kostnaðarliðum, er máli skipta fyrir verðlag í landinu. Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til vörutegunda, sem verðlagðar eru samkvæmt sérstökum lögum, né til vöru, sem seld er úr landi, eða launa fyrir verk, sem ákveðin hafa verið með samningum stéttarfélaga.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar verðlagsstjóra samkvæmt tillögu verðlagsnefndar. Verðlagsstjóri gerir tillögur til nefndarinnar um verðlagsákvæði og hefur á hendi framkvæmd þeirra og eftirlit með því, að þeim sé hlýtt. Hann hefur einnig á hendi allan daglegan rekstur í sambandi við verðlagseftirlitið. Rísi ágreiningur um skilning á verðlagsákvæðum, sker verðlagsnefnd úr.

Verðlagsnefnd er ekki ályktunarfær um verðlagsmál, nema hún sé fullskipuð, og ræður þá afl atkvæða.

Verðlag má ekki ákveða fyrr en fulltrúum þeirra aðila, er verðlagsákvæði ná til, hefur verið gefinn kostur á að leggja sitt sjónarmið fyrir verðlagsstjóra eða ræða við verðlagsnefnd, ef þeir óska.

10. gr.

Þeir, sem með verðlagseftirlitið fara samkv. lögum þessum, geta krafið hvern sem er allra þeirra upplýsinga, skýrslna og gagna, er þeir telja nauðsynleg í starfi sínu.

11. gr.

Sala á vörum milli heildverzlana eða smásöluverzlana innbyrðis (keðjuverzlun) er bönnuð, nema slík verzlun sé gerð án álagningar eða heildarálagning vörunnar sé innan þeirra takmarka í heildsölu og smásölu, sem heimiluð er. Bannað er að halda vörum úr umferð í því skyni að fá hærri verzlunarhagnað af þeim síðar.

12. gr.

Allar verðlagsákvarðanir, sem samþykktar eru af verðlagsnefnd, skulu birtar af verðlagsstjóra þegar í stað og ganga í gildi jafnskjótt og gilda þar til öðruvísi er ákveðið. Ákvarðanirnar skulu birtar á þann hátt, að þær verði kunnar almenningi á því verðlagssvæði, er þær ná til.

13. gr.

Verðlagsnefnd, verðlagsstjóra, starfsmönnum eða öðrum, sem afskipti hafa um framkvæmd þessara laga, er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra

hegningarlaga um opinbera starfsmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá þeim atriðum, er þeir verða áskynja um af skýrslum þeim, sem um getur í 10. gr., að því leyti sem þau varða einstaka menn eða einstök fyrirtæki.

14. gr.

Kostnaður við framkvæmd verðlagseftirlitsins greiðist úr ríkissjóði.

15. gr.

Í kaupstöðum landsins skal sérstakur dómstóll, er nefnist verðlagsdómur, rannsaka og dæma mál út af brotum á lögum þessum.

16. gr.

Í verðlagsdómi eiga sæti 2 menn: hlutaðeigandi héraðsdómari, sem er formaður dómsins, og einn meðdómari, sem er skipaður af dómsmálaráðherra eftir tilnefningu verðlagsnefndar. Í Reykjavík er sakadómari formaður verðlagsdómsins. Meðdómendur skulu skipaðir til eins árs. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.

17. gr.

Dómsmálaráðuneytið tilkynnir verðlagsnefnd, hvenær hún skuli hafa tilnefnt meðdómendur í verðlagsdóm.

Hafi ráðuneytinu ekki borizt tilnefning nefndarinnar á tilsettum tíma, skipar dómsmálaráðherra meðdómendurna án tilnefningar.

18. gr.

Almenn skilyrði til meðdómarastarfa eru þessi:

1. Nægileg andleg og líkamleg heilbrigði.
2. Óflekkað mannorð.
3. Lögræði og fjárforræði.
4. Aldur frá 25—70 ára.

Um skilyrði meðdómenda til þátttöku í meðferð einstaks máls fer samkvæmt ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði, eftir því sem við getur átt.

Um vanhæfni meðdómara dæmir héraðsdómari, en skjóta má úrskurði hans til hæstaréttar eftir reglunum um kæru.

19. gr.

Málsmeðferð fyrir verðlagsdómi fer að hætti opinberra mála.

20. gr.

Dómþing verðlagsdóms skulu vera opinber, nema dómur ákveði annað.

21. gr.

Ef ágreiningur verður milli dómara, sker atkvæði formanns úr.

Formaður gefur út dómsgerðir verðlagsdóms í nafni dómsins og með innsigli hans undir, og skulu dómarnir birtir.

22. gr.

Meðdómendur í verðlagsdómi skulu taka sama kaup fyrir starfa sinn og meðdómendur í sjódómi.

23. gr.

Áfrýjun mála til hæstaréttar frá verðlagsdómi fer að hætti áfrýjunar opinberra mála.

24. gr.

Hver sá, er vanrækir að láta verðlagsnefnd, verðlagsstjóra eða embættis- og starfsmönnum þeim, sem þessir aðilar til þess setja, í té skýrslur þær, er honum er skylt að gefa samkvæmt ákvæðum laga þessara, skal sæta 30—300 króna dagsektum.

Sá, sem gefur sömu aðilum rangar skýrslur vísvitandi eða vegna vítaverðs gáleysis, sæti refsingu samkvæmt XV. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19 frá 1940.

Brot gegn öðrum ákvæðum þessa kafla laganna, reglum eða samþykktum settum samkvæmt honum, varða sektum allt að 300 þús. kr. Ef miklar sakir eru eða afbrot er ítrekað, má svipta sökunaut með dómi rétti til verzlunar eða atvinnurekstrar um stundarsakir eða fyrir fullt og allt. Upptaka eigna samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga skal heimil vera.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 100 frá 29. des. 1948, lög nr. 35 frá 27. apríl 1950, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi. Einnig fellur niður umboð verðgæzlustjóra, starfsmanna hans í verðgæzlunni og trúnaðarmanna, þó ekki fyrr en verðlagsnefnd hefur tekið til starfa og verðlagsstjóri verið skipaður.

Greinargerð.

Í 2. hefti Fjármálatíðinda, sem gefin eru út af hagfræðideild Landsbanka Íslands, birtast tveir mjög athyglisverðir fyrirlestrar, er þekktur sænskur hagfræðingur, dr. Per Jacobsson, flutti hér á landi s. l. haust í boði Háskólans og Landsbankans. Fjallar fyrirlestur þessi um peninga- og fjármál.

Dr. Per Jacobsson er nákunnugur íslenzku fjármála- og efnahagslífi og getur því um það rætt af raunhæfri þekkingu, auk óvenjumikillar sérþekkingar á þessum málum.

Í þessum fyrirlestrum farast dr. Per Jacobsson m. a. svo orð: „Við megum ekki gleyma því, hve mikilvæg heilbrigði gjaldmiðilsins er fyrir hagsæld þjóðar. Gott og framsækið þjóðfélag verður ekki byggt upp án trausts gjaldmiðils. ... Þáttur ríkisins í þjóðarbúskapnum nú á dögum er svo mikill, að óreiða í fjármálum þess hefur yfirgnæfandi áhrif. — Í nokkrum löndum eru ríkisútgjöldin því miður enn svo há, að hætta er á verðþenslu.“

Til nánari skýringa á þessum ummælum bætir svo hagfræðingur Landsbankans, dr. Jóhannes Nordal, við varðandi Ísland sérstaklega:

„Gífurleg þensla hefur verið í efnahagskerfinu síðustu tvö árin, sem rót sína á m. a. að rekja til varnarliðsframkvæmda —. Mikil hækkun ríkistekna getur verið merki um dulda verðbólgu —. Íslendingar verða að gera það að höfuðmarkmiði fjármálastefnu sinnar á næstunni að draga úr verðþenslunni í efnahagskerfinu og skapa sér traustan og heilbrigðan gjaldmiðil.“

Ummæli þessara tveggja fræðimanna staðfesta mjög glögglega á fræðilegan hátt það, sem almenningur hefur fundið að undanförnu sem sívaxandi efnahagsörðugleika og versnandi fjárhagsafkomu, en ekki kunnað að skýrgreina á fræðilegan hátt. Þau staðfesta einnig þá skoðun, sem á nú ört vaxandi fylgi að fagna, að öngþveiti og hrunstefna íslenzkra efnahagsmála sé bein og óhjákvæmileg afleiðing af verkum núverandi valdhafa og að skjótra gagnráðstafana sé þörf, ef koma á í veg fyrir alvarlegt og varanlegt tjón í þessum efnum.

Ummælum og ráðleggingum fræðimannanna, er hér að framan greinir, um nauðsyn þess að draga úr ríkisútgjöldum og skapa traustan og heilbrigðan gjaldmiðil, hefur núverandi ríkisstjórn fyrir sitt leyti svarað með áramótaræðu forsætisráðherrans, þar sem beinlínis var boðuð ný allsherjargengisfelling á næstunni til viðbótar þeim margföldu gengisfellingum, sem núverandi stjórnarflokkar hafa staðið að síðan 1949, ef alþýða landsins gerði tilraun til að rétta hlut sinn, svo að íslenzk alþýðuheimili ættu ekki sífellt við óeðlilega kröpp kjör að búa og beinan skort, ef

eitthvað brygði út af. Með nýrri gengisfellingu og aukinni kjaraskerðingu almennings hyggjast núverandi valdhafar skapa gjaldmiðlinum aukið traust og örva þá sparifjársöfnun almennings, sem atvinnulífi og framförum þjóðarinnar er lífsnauðsyn og „gott og framsækið þjóðfélag getur ekki án verið".

Þegar svo horfir um þá landsföðurlegu forsjá, sem þjóðin á nú við að búa, og svo uggvænlegt ábyrgðarleysi um afkomu og velferð þjóðarinnar í nútíð og framtíð einkennir orð og athafnir þeirra, sem ábyrgastir ættu að vera, þarf engan að undra, þótt alþýða landsins gerist uggandi um lífsafkomu sína og sinna.

Sú er og raun á orðin, að verkalýðssamtökin hafa vegna vaxandi verðbólgu og versnandi lífskjara almennings séð sig tilneydd að segja upp kjarasamningum og bera fram kröfur um bætt kjör fyrir félaga sína.

Á hinn bóginn er það og staðreynd, sem núverandi valdhafar hafa ekki reynt að dylja, að ef verkalýðssamtökunum tækist að knýja fram kauphækkanir að krónutölu með samtakamætti sínum og verkföllum, sem sennilega mundu kosta alþýðuna meiri fórnir en hún hefði raunverulega getu til að leggja á sig, ef hliðsjón er höfð af nýafstöðnum kjaradeilum í Vestmannaeyjum og á kaupskipaflotanum, þá mundu núverandi valdhafar óðar svipta verkalýðinn slíkum kjarabótum með nýrri gengisfellingu og þar með auka núverandi erfiðleika hans til muna. Það er því augljós staðreynd, að þær kjarabætur, sem alþýðan gæti e. t. v. með þessu móti náð, yrðu ekki raunverulegar, heldur aðeins sýndarbætur um stundarsakir, og þær fórnir, sem verkalýðurinn legði á sig um efni fram til að ná þeim, því miður gagnslitlar eða gagnslausar. Jafnframt hafa svo núverandi valdhafar beinlínis lýst yfir, að slíkar ráðstafanir af hálfu verkalýðsins mundu notaðar til að afsaka þá gengisfellingu, sem nú er verið að undirbúa, og til að reyna að láta líta svo út sem hún væri ekki sök valdhafanna sjálfra og afleiðing af aðgerðum þeirra undanfarin ár.

Öllum er ljóst, að nýtt gengishrun ásamt meðfylgjandi efnahagsöngþveiti og verðhækkunum er ekki í þágu almennings, heldur þeirra, er aðstöðu hafa fyrir gengisfellinguna til að sölsa undir sig fasteignir og framleiðslutæki fyrir lánað sparifé almennings og endurgreiða síðan lánin með verðfelldum krónum, og hefur árvekni slíkra manna þegar orðið áþreifanlega vart í þjóðfélaginu. Öllum hugsandi mönnum er ljóst, að ný gengisfelling eða gengisfellingar mundu gera þau viðfangsefni, sem nú eru torleysanleg, eins og rafvæðingu landsins, lausn húsnæðisvandamálsins, ný stórfelld iðjuver o. s. frv., nær óleysanleg með öllu sakir aukins kostnaðar, sem af gengisfellingum leiðir. Efnalitlu fólki, og frumbýlingum mundi reynast ókleift að eignast framleiðslutækin og þak yfir höfuð sér, og sú kjaraskerðing, sem af gengisfellingu leiddi, mundi leiða til harðvítugri kjarabaráttu en dæmi eru til — og svo koll af kolli út í vísa ófæru.

Það er því þjóðinni lífsnauðsyn, að leitað sé einhverra annarra ráða en hér var frá greint, ef tiltæk væru, til að afla alþýðu landsins raunhæfra kjarabóta, sem jafnframt gætu hindrað eða torveldað þau áform núverandi valdhafa að fella gengi krónunnar að nýju.

Með hliðsjón af því og þeim viðhorfum í efnahags- og fjármálum, sem hér að framan er vikið að, höfum við þingmenn Þjóðvarnarflokks Íslands borið fram meðfylgjandi frumvarp til laga um lækkun verðlags. Okkur er ljóst, að sú leið, sem þar er bent á, er aðeins einn liður af mörgum, sem gera þarf, en þó mjög mikilvægur.

Meginmál þessa frumvarps ætti að vera þingheimi kunnugt, þar sem það hefur með minni háttar breytingum, sem leiðir af eðli máls, verið ýmist í lög tekið eða úr gildi fellt af Alþingi á tímabilinu frá 1943. Er það með vilja gert að hafa þennan hátt á, þar sem málið krefst skjótrar afgreiðslu, ef það á að geta dregið úr eða komið í veg fyrir fórnir langvinnra verkfalla og kjaradeilna, og því því ekki sæta þarflausum töfum í meðferð þingnefnda og þings.

Tvö mjög veigamikil atriði eru þó nýmæli í frumvarpi þessu. Hið fyrra er, að lagt er til, að söluskattur verði lækkaður í heildsölu, en felldur niður að öðru leyti, og afnuminn algerlega af mun fleiri lífsnauðsynjum almennings og atvinnuvega en nú er. Sem

óhjákvæmileg afleiðing af þeirri ráðstöfun er svo lagt til, að verðlagseftirlit verði upp tekið að nýju á innfluttum vörum og þeim vörum, sem falla undan söluskatti. Er augljóst, að þetta verður að gera, fyrst og fremst til að tryggja, að þær vörur, sem falla undan söluskatti, lækki raunverulega í verði sem söluskattinum nemur, en auk þess til að lækka þá óhóflegu álagningu, sem upp hefur verið tekin síðan núverandi valdhafar gáfu álagningu frjálsa og afhentu þar með verzlunarstéttinni einni allra stétta þjóðfélagsins sjálfdæmi um að skammta sjálfri sér þann hlut, er hún girntist úr þjóðarbúinu.

Síðara nýmælið er, að verkalýðssamtökunum verði fengið í hendur vald og skylda til að hafa með höndum verðlagsákvarðanir og verðlagseftirlit og heimild til að hafa eftirlit með hverju því, sem máli skiptir fyrir verðlag í landinu og ekki er bundið með öðrum lögum eða samningum stéttarfélaga. Er vandséð, að hagur meiri hluta þjóðarinnar í þessum málum verði með öðru móti betur tryggður, en að sjálfsögðu verður hagur meiri hlutans að sitja í fyrirrúmi fyrir möguleikum lítils minni hluta til að halda uppi ranglátri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu. Og hverjum augum sem fámennir hagsmunahópar kunna að líta á sanngirni þess að afhenda verkalýðssamtökunum meirihlutavald og raunveruleg yfirráð yfir verðlagi og verðlagseftirliti í landinu og getu þessara samtaka til að leysa það hlutverk réttlátlega af hendi með hag allra aðila að leiðarljósi, þá er það ómótmælanleg staðreynd, að þörf almennings fyrir, að vörur séu fluttar til landsins og dreift gegnum verzlanir til þjóðarinnar, er til muna ríkari og lífsnauðsynlegri en þörf einstaklinga til óhóflegra gróðamöguleika, þó að skefjalitlir gróðamöguleikar einstaklinga hafi verið hið ráðandi afl í íslenzku þjóðfélagi að undanförnu.

Verkalýðssamtökin hlytu af þessum sökum að ákveða verðlag á þann hátt, að verzlunarstéttin teldi það a. m. k. ekki lakari atvinnuveg að annast verzlun og viðskipti en annað, sem í boði væri. Verður ekki séð, að annar aðili en verkalýðssamtökin sé færari um að sjá þessum málum borgið á þann hátt, að ekki þurfi til þess að koma, að þau verði, ásamt öðru, til að stefna efnahagsöryggi og framtíð þjóðarinnar í voða.

Þeir, sem telja frjálsan innflutning mikils virði, ættu einnig að gera sér grein fyrir því, að því aðeins getur innflutningur þjóðar, sem hefur takmarkaðar gjaldeyristekjur, orðið frjáls, að eftirspurn, sem stafar af óhóflegu verðlagi á innanlandsmarkaði, leiði ekki til stöðugs gjaldeyrisskorts. Má í því sambandi minna á, að í Noregi og Svíþjóð hafa að undanförnu farið fram athuganir á því að taka upp verðlagseftirlit til að draga úr verðbólgu og gefa innflutning frjálsan. Einnig má í þessu sambandi vitna til þeirra fræðimanna, sem getið var í upphafi þessa máls. En um það farast dr. Jóhannesi Nordal svo orð:

„Það á áreiðanlega við um Ísland eins og önnur lönd, að frumskilyrðið fyrir því að koma á jafnvægi við útlönd er að draga úr þenslunni innanlands, og einnig þarf að lækka verðlag til samræmis við það, sem er í öðrum löndum."

Og dr. Per Jacobsson segir:

„— Það er ekkert, sem hvetur kaupmenn fremur til að draga úr innflutningi sínum en lækkun innlends vöruverðs."

Báðir eru þessir fræðimenn ákafir formælendur frjáls innflutnings.

En auk þess að hafa þannig áhrif í þá átt, að beina efnahags- og fjármálum þjóðarinnar að heilbrigðari þróun en verið hefur um skeið, mundi frumvarp okkar hafa í för með sér mjög miklar raunverulegar kjarabætur fyrir alþýðustéttir landsins. Má án nákvæmrar rannsóknar fullyrða, að vöruverð gæti lækkað mjög verulega með þessum ráðstöfunum.

Frumvarp þetta er og í fullu samræmi við þá stefnu, sem verkalýðssamtökin tóku upp og börðust fyrir í þriggja vikna allsherjarverkföllum í desember 1952, og í beinu framhaldi af þeirri stefnu.

Frumvarp þetta er stórt skref í þá átt að lækka dýrtíð og auka verðgildi peninga. Mundi það því, ef að lögum yrði, geta greitt verulega fyrir lausn þeirrar kjara-

deilu, sem nú er yfirvofandi. Þess vegna væntum við flutningsmenn þessa frumvarps þess, að núverandi valdhafar opinberi ekki svo andstöðu sína við alþýðustéttir landsins og heilbrigða efnahagsþróun þjóðarinnar, að þeir tefji fyrir þessu frumvarpi að þarflausu eða hindri framgang þess.

Nd. 385. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að frv. verði fellt, þar sem nú liggur fyrir deildinni annað frumvarp varðandi þetta mál, á þskj. 290, um Brunabótafélag Íslands, sem meiri hluti nefndarinnar hefur mælt með.

Alþingi, 17. febr. 1955.

Björn Ólafsson, form., frsm. Einar Ingimundarson. Gunnar Jóhannsson.

Ed. 386. Frumvarp til laga [152. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

1. a-liður orðist svo: Hlutatalan má ekki fara fram úr 40000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur fyrsta flokks í janúarmánuði og tólfta flokks í desembermánuði.
2. Í stað orðanna „í öllum 10 flokkum“ í c-lið komi: í öllum 12 flokkum.

2. gr.

Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 97 12. des. 1945, lög nr. 93 27. nóv. 1951 og lög nr. 68 19. nóv. 1953, öll um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Ed. 387. Frumvarp til laga [80. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Koma skal upp svo fljótt sem verða má sjúkrahúsum eða sjúkrahúsdeildum til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu og rekstur slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsdeilda greiðist úr gæzluvistarsjóði.

2. gr.

Á eftir 11. gr. laganna komi ný grein, er orðist svo:

Nú vilja félög, eitt eða fleiri saman, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum, reisa og reka á sinn kostnað hæli til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki, og er þá heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að ráðherra staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar sérstakri umsjá og eftirliti heilbrigðisstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 388. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið það saman við ríkisreikninginn. Leggur n. til, að frv. verði samþykkt.

Í tilefni af athugasemdum yfirskoðunarmanna við ríkisreikninginn vill nefndin benda á þá nauðsyn, að gert verði það, sem unnt er, til þess að ríkistekjurnar og tekjur Tryggingastofnunar ríkisins innheimtist á réttum tíma. Enn fremur, að hlutaðeigandi ráðuneyti brýni það fyrir forstöðumönnum ýmissa ríkisstofnana, að þeir takmarki útgjöld stofnananna við fjárveitingar á fjárlögum, og að viðskiptastofnanir ríkisins festi ekki fé í útlánum.

Alþingi, 21. febr. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Kristín Sigurðardóttir.
Karl Guðjónsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 389. Breytingartillaga [94. mál]

við brtt. á þskj. 382 [Iðnskólar].

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 3. lið Aftan við liðinn bætist:

Meðan eigi er komið upp báðum þeim skólum, sem hér er gert ráð fyrir, og heimavistum við þá, skal ráðherra heimilt að gera eða samþykkja eftirfarandi ráðstafanir:

1. Löggilda iðnskóla, sem nú eru starfandi, ef þeir fullnægja ákvæðum þessara laga, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

2. Leyfa rekstur iðnskóla sem sérstakrar deildar innan gagnfræðaskóla, enda sé þá svo til hagað, að fáar iðngreinar með allmörgum nemendum í hverri séu kenndar á viðkomandi stað, og tekið tillit til atvinnulegrar aðstöðu þeirra staða við val iðngreina.

Meðan þannig háttar skulu bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir greiða helming rekstrarkostnaðar slíkra skóla. Á meðan skal og ríkissjóður styrkja þá iðnfræðslu, er eigi kemur undir þessi lög, eins og verið hefur. Einnig er heimilt, að listiðnaðardeildir handíða-, og myndlistaskólans í Reykjavík njóti sömu réttinda og iðnskóladeild gagnfræðaskóla, að fullnægðum sömu skilyrðum.

Ed. 390. Breytingartillaga [111. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr.

1. Framan við greinina bætist:
   2. gr. laganna breytist þannig.
2. Aftan við greinina bætist nýr stafliður:
   Á eftir 47. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
   Reykhólar í Reykhólahreppi.

Nd. 391. Nefndarálit [25. mál]

um frv. til læknaskipunarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. þetta, sem komið er frá hv. efri deild, er stjórnarfrv., samið af landlækni. Á síðasta Alþingi lá sams konar frv. fyrir efri deild, en varð ekki útrætt. Efni þessa frv. er að mestu samhljóða því frv., en þó er lagt til í þessu frv., er nú liggur fyrir, að stofna ný læknishéruð. Eins og tekið er fram af landlækni í grg. fyrir frv., miðar þetta frv. aðallega að því að sameina í ein lög heildarlöggjöf síðustu ára um skipan læknishéraða, en um það efni hafa verið gerðar ýmsar breytingar, sem hafa nær einvörðungu miðað að því að fjölga læknishéruðum og þar með smækka héruðin, sem fyrir voru. Það er að vísu sjálfsagt og skylt, að fólkið í landinu eigi greiðan aðgang til læknis og njóti þeirrar læknisþjónustu, sem bezt er völ á, en það er ekki víst, að það fari alltaf saman, þó að héruðin séu lítil og fámenn, að læknisþjónustan batni við það. Það er rétt, að sums staðar er þannig háttað landfræðilega séð, að héruðin verði að vera lítil, eins og á Flatey á Breiðafirði, Borgarfirði eystra og ef til vill víðar. Sú hætta fylgir alltaf litlum og fámennum héruðum, að þau fáist ekki skipuð nema endrum og eins, læknar dvelja þar ekki nema um stundarsakir, aðgerðarlitlir og þá ekki alltaf til staðar, þó að á liggi. Landlæknir bendir á þessa hættu í greinargerð fyrir frv., en leggur þó ekki til, að þessu verði breytt að svo komnu.

Nefndin taldi sér ekki fært að leggja til gagngerða breytingu á frv., enda þarf það mikinn og nákvæman undirbúning, ef gerbreyta á læknaskipuninni í landinu, enda þótt að minnsta kosti sumir nefndarmenn líti svo á, að það verði og eigi að gera hið allra fyrsta, ef læknisþjónustan eigi að komast í það horf, sem viðeigandi megi teljast í nútímaþjóðfélagi, bæði vegna fólksins og læknanna, sem þjónustuna eiga að inna af hendi. Héruðin þurfa og eiga að vera stór og nokkuð fjölmenn, þar sem hægt er að koma slíku við. Landlæknir minnist einnig á þetta viðhorf í greinargerð sinni og virðist vera því fylgjandi, að sá háttur verði upp tekinn, þar sem auðvelt er að koma því við, að héruðin verði stærri og ein læknismiðstöð með tveim eða fleiri starfandi læknum ásamt hjúkrunarkonum, og telur, að með því fyrirkomulagi mundi læknisþjónustan stórum batna frá því, sem nú er. Að ekki er horfið að því ráði í þessu frv., telur landlæknir stranda á vilja fólksins og stefnu Alþingis í þessum málum.

Stefna Alþingis virðist hafa verið nokkuð á reiki hvað þetta snertir hin síðustu ár. Með lögum hafa verið stofnuð ný læknishéruð og einnig héruðum steypt saman, eins og á Fljótsdalshéraði, þar sem Fljótsdalshérað og Hróarstunguhérað voru

sameinuð í eitt hérað, Egilsstaðahérað. Þótt því væri svo seinna skipt í tvö héruð, þá óskuðu héraðsbúar eindregið eftir því, að læknarnir sætu báðir á sama stað, í Egilsstaðaþorpi. Fólkið á Héraði hefur sýnt vilja sinn í því að hafa eina læknamiðstöð í héraðinu. Sama viðhorf kemur fram hjá sýslunefnd Rangárvallasýslu til þessa frv. að því er snertir það hérað. Sýslunefndin hafði ekki á móti því, að héruðin yrðu tvö, en allir voru á einu máli um það, að læknarnir hefðu aðsetur á sama stað. Þótt um það megi deila, hvort heppilegra sé að hafa héruðin tvö eða bara eitt með tveimur eða fleiri föstum starfandi læknum á sama stað, þá er augljóst af þessum tveimur dæmum, að fólkið vill hafa læknana á sama stað og eina miðstöð í héraðinu.

Samkvæmt núgildandi lögum er skylt að hafa heilsuverndarstöð í öllum kaupstöðum, og munu þær vera teknar til starfa í flestum, ef ekki öllum kaupstöðum landsins. Fólkið í dreifbýlinu væntir þess, að röðin komi á næstu árum einnig til þess og að heilsuverndarstöðvum verði einnig komið á fót í sveitum, og gefur þá auga leið, að starfræksla þessi verði stórum auðveldari, eftir því sem héruðin eru stærri og fjölmennari, og fyrir því vilja þeir hafa eina miðstöð í hverju héraði, jafnvel þó að læknishéruðin séu tvö.

Eitt nýmæli er í frv., sem tvímælalaust er til bóta, ef til framkvæmda kemur. það er ákvæði 6. gr. um heimild til að greiða úr ríkissjóði ⅔ hluta launa allt að 6 hjúkrunarkvenna til starfa í læknishéruðum, þar sem um afskekkt fjölmenn þorp eða byggðir er að ræða, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis, enda dveljist hjúkrunarkonurnar á þeim stöðum.

Nefndin var sammála um að flytja tvær smávægilegar brtt. við frv.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 2. gr. Aftan við greinina bætist:
   Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.
2. Við 12. gr. Í stað „1. janúar 1955“ komi: 1. janúar 1956.

Nefndarmenn áskildu sér rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., er fram kynnu að koma. Jóhann Hafstein var fjarstaddur afgreiðslu málsins sökum veikinda.

Alþingi, 21. febr. 1955.

Páll Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Helgi Jónasson, frsm.
	Hannibal Valdimarsson.	

Sþ. 392. Tillaga til þingsályktunar [156. mál]

um skipun samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka til þess að finna grundvöll í kaupgjaldsmálum.

Flm.: Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að félagssamtök atvinnurekenda og verkalýðssamtökin í landinu skipi fulltrúa í samvinnunefnd, er hafi það hlutverk að afla upplýsinga frá ári til árs um afkomu atvinnuveganna og hag almennings í þeim tilgangi, að leita megi álits nefndarinnar, þegar ágreiningur verður — eða ætlar að verða — um kaup og kjör.

Greinargerð.

Öllum þjóðhollum mönnum kemur saman um, að friður milli atvinnurekenda og kaupþega sé þjóðarnauðsyn. Til þess að sá friður geti orðið varanlegur, þarf réttláta kjarasamninga.

Ef meta á, hvað sé sanngjarnt kaup og réttlát kjör, þarf rólega athugun og hagfræðilega. Viðunandi kjarasamningar og friðsamlegir fást tæplega, nema á slíkri athugun sé byggt og sá skilningur ríki, að þannig eigi að leita grundvallarins í þessum málum.

Verkföll og verkbönn knýja fram úrslit í vinnudeilum, en eru neyðarúrræði, af því að þar ræður aflsmunur, en ekki réttlæti. Þær aðferðir skapa aldrei grundvöll fyrir vinnufriði til frambúðar. Íslendingar hafa hvað eftir annað eytt miklum tíma og fjármunum í verkföll. Nauðsynlegt er, að þjóðin geri ráðstafanir til þess, að þetta endurtaki sig ekki án fyllsta tilefnis.

Flutningsmenn þessarar tillögu telja, að mikilsvert sé, að atvinnurekendur og kaupþegar hafi sameiginlega nefnd starfandi frá ári til árs, skipaða jafnmörgum fulltrúum frá beggja hálfu, er hafi það hlutverk að gefa upplýsingar og leggja fram rökstutt álit sitt til leiðbeiningar, þegar ágreiningur ætlar að verða — eða verður — um kaup og kjör. Með þeim hætti væri sameiginlegur viðbúnaður og menningarlegur hafður til þess að koma í veg fyrir, að ófriður rísi milli atvinnurekenda og þeirra, er selja þeim vinnu sína.

Af beggja aðila hálfu yrðu í þessari leiðbeininganefnd menn, sem þeir, er þá kysu, tortryggðu ekki um skort á velvilja í sinn garð.

Nefndin gerði athuganir sínar, eins þótt enginn ágreiningur lægi fyrir, og gæti þess vegna leiðbeint hlutaðeigendum, áður en til uppsagnar á samningum kæmi, hvað þá verkfalls eða verkbanns.

Hjá nefndinni yrðu sjónarmið aðilanna metin, áður en þeir segðu sundur með sér og hiti baráttunnar fer að torvelda samkomulag.

Allir, sem vilja, að skynsemi, réttlæti og samkomulag ríki á þessum vettvangi þjóðfélagsins, hljóta að geta fallizt á skipun nefndarinnar, a. m. k. sem tilraun til þess að hefja viðskipti stéttanna yfir aflraunir verkfalla og verkbanna og firra þjóðina fjárhagstjóni af vinnustöðvunum.

Eðlilegt er, að Alþingi feli ríkisstjórninni að hlutast til um það, að nefndin verði skipuð.

Ed. 393. Lög [90. mál]

um skógrækt.

(Afgreidd frá Ed. 22. febr.)

Samhljóða þskj. 147.

Ed. 394. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist:
Á eftir C. 41 kemur nýr liður:
Djúpadalsvegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Samkomugerði að Litladal.

Ed. 395. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 2. málsgr. laganna komi:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélaga, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði, á Akureyri og á Siglufirði, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur, þegar lögin taka gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 396. Frumvarp til laga [157. mál]

um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Gísli Jónsson.

1. gr.

Nr. 4 í 15. kafla í 1. gr. tollskrárinnar orðist svo:

	Tolleining	Vörumagns-tollur Aurar	Verð-tollur %
4 — hvalfeiti, hert, svo og önnur hert feiti	1 kg	7	15

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Um langan aldur hafa útgerðarmenn unnið að því að gera lýsisframleiðslu landsins svo verðmæta sem mögulegt er. Einn liður í þeirri tækniþróun, er lýsisherzlustöð, sem Lýsissamlag ísl. botnvörpunga hefur komið upp og rekið um nokkur undanfarin ár. Matarfeiti úr hertu lýsi frá þessari stöð hefur verið notuð hér í framleiðslu á smjörlíki, bökunarfeiti o. fl. síðan 1950 með ágætum árangri. Framleiðir Lýsissamlagið nú rúmlega 500 smálestir af matarfeiti, sem notuð er innanlands, og sparar þannig allmikinn erlendan gjaldeyri, þar sem þetta magn yrði annars að flytja inn til landsins. Lætur nærri, að það sé um ⅓ af því magni, sem þörf er fyrir og nú er árlega flutt inn.

Með síendurbættri tækni mætti auka stórlega hérlendis notkun matarfeiti úr lýsi, og nota mætti jafnvel eingöngu feitmeti úr lýsi samfara smjöri, ef svo kynni að fara, að ekki væri unnt að flytja inn jurtafeiti til blöndunar, sem þó jafnan þykir heppilegra við smjörlíkisgerð en einhliða matarfeiti úr lýsi. En þrátt fyrir þessa þróun í matarfeitigerð landsmanna, sem orðin er öruggur liður í iðnaðarframleiðslu sjávarafurða, er ekkert gert henni til verndar í tollalöggjöfinni, svo sem gert er fyrir fjöldamargar aðrir iðngreinar, og er þó ljóst, að þessi iðngrein getur að fullu fullnægt þörf landsmanna, svo að engin ástæða er til innflutnings á matarfeiti.

Með því að vitað er, að útvegurinn stendur mjög höllum fæti í samkeppni við aðrar atvinnugreinar, er honum bein nauðsyn að geta komið hráefnaframleiðslunni á sem allra verðmætast stig, og einn þátturinn í þeirri viðleitni er feitmetisherzla og feitmetisgerð, og ber því að láta þá iðn njóta sömu friðinda um tollvernd og aðrar iðngreinar. Þess vegna er frv. þetta fram borið, og er þess vænzt, að það verði samþykkt á yfirstandandi þingi.

Nd. 397. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með áorðnum breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað og rætt frumvarp þetta og orðið sammála um að mæla með samþykkt þess með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

a. Upphaf gr. orðist svo:
Á eftir VII. kafla laganna komi nýr kafli, VIII. kafli, Um reiðhjól með hjálparvél, með fjórum greinum (verða 41.—44. gr.), svo hljóðandi:

b. Í stað greinatölu fremst í línu (44.—47. gr.) komi bókstafirnir a.—d. ásamt greinatölu (41.—44. gr.) innan sviga.

c. Síðari málsgr. 45. gr. (verður 42. gr.) orðist svo:
Umsókn um leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél skal fylgja vottorð bifreiðaeftirlitsmanns um, að umsækjandi hafi næga hæfni til að stjórna slíku reiðhjóli og þekki umferðarreglur. Verði vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns ekki aflað án verulegrar fyrirhafnar og tafar, skal umsækjandi snúa sér til lögreglustjóra, sem felur hæfum manni að reyna aksturskunnáttu umsækjanda og hæfni hans að öðru leyti til að aka reiðhjóli með hjálparvél. Kemur vottorð þess manns í stað vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns. Merkja skal hjól sérstaklega sem æfingahjól, meðan þau eru notuð þannig.

Einn nefndarmanna (GJóh) var fjarstaddur, er málið var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. febr. 1955.

Björn Ólafsson, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr.	Einar Ingimundarson, frsm.
	Jörundur Brynjólfsson.	

Nd. 398. Nefndarálit [81. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 12. apríl 1945, um útsvör.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fjórir nefndarmenn (ÁB, EI, GJóh og JörB) eru fylgjandi frumv., en einn nefndarmanna (BÓ) er andvígur því. Þeir ÁB og JörB áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumv. eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna (GJóh) var fjarstaddur, þegar frumv. var endanlega afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 23. febr. 1955.

Björn Ólafsson, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson, frsm.

Jörundur Brynjólfsson.

Sþ. 399. Breytingartillaga [148. mál]

við till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Tillgr. skal orða svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 7 manna milliþinganefnd.

Verkefni nefndarinnar skal vera að rannsaka og gera till. um, hversu auka skuli núverandi atvinnuvegi landsins að mannafla og framleiðslutækjum svo og hverjar nýjar atvinnugreinar skuli skapa til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hvernig bezt megi hagnýta auðæfi lands og sjávar í þjónustu þjóðarinnar. Skulu tillögur nefndarinnar bæði fjalla um tæknihlið og rekstrarfyrirkomulag atvinnuveganna, og ber nefndinni einnig að gera áætlanir um þróun atvinnulífsins á næstunni, ef hún álítur það heppilegt.

Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, eða að vísindalegum rannsóknum, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Nefndin skal hafa aðgang að öllum opinberum stofnunum atvinnuveganna: Fiskifélagi Íslands, Búnaðarfélaginu, Iðnaðarmálastofnuninni, Hagstofunni og öðrum, og skulu þær láta henni í té þær upplýsingar, er þær geta, og vinna að þeim verkefnum, er hún felur þeim.

Nefndin skal skipuð á þann hátt, að þingflokkarnir fimm tilnefna hver um sig einn mann, en tveir eru kosnir með hlutfallskosningum í sameinuðu þingi.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

2. Í stað orðsins „kosningu“ í fyrirsögn komi: skipun.

Nd. 400. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um rannsókn á aðbúð fanga í Reykjavík.

Flm.: Gunnar M. Magnúss.

Neðri deild Alþingis ályktar að skipa samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar þriggja manna nefnd til þess að rannsaka þá aðbúð, sem fangar eiga við að búa í lögreglustöð Reykjavíkur, þeir sem „teknir eru úr umferð“ og settir í fangelsi (kjallara) lögreglustöðvarinnar eða Skólavörðustíg 9 og hafðir þar í haldi um stundarsakir eða lengri tíma. Nefndin hafi rétt til þess að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum, eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin skila áliti og tillögum til ríkisstjórnarinnar eigi síðar en fyrir samkomudag næsta reglulegs Alþingis, 8. okt. 1955.

Greinargerð.

Það mun almennt viðurkennt af þeim, er nokkuð til þekkja, að margs konar vandkvæði séu nú á meðferð fanga eða manna, sem handteknir eru af lögreglunni í Reykjavík og hafðir í haldi um lengri eða skemmri tíma. Alloft ber það við, að fluttar eru í blöðum frásagnir af vistarverum lögreglunnar, sem handteknum mönnum er varpað í, og tíðum kemur fram hörð gagnrýni á framferði lögreglunnar og löggæzlumanna í sambandi við handtökur og meðferð fanga.

Lögreglan býr við ýmis vandkvæði og erfiðleika og gerir sennilega margt verr en skyldi sökum óhagstæðra skilyrða. Lögreglustöð Reykjavíkur er í hjarta borgarinnar við aðalsamgönguæðina til hafnarinnar og milli tveggja fjölförnustu gatna borgarinnar, Austurstrætis og Hafnarstrætis. Þarf ekki að fara mörgum orðum um það, að óheppilegri staður fyrir slíka miðstöð er ekki til í borginni. Þar er í rauninni daga og nætur opinber sýning á þeim mönnum, sem fyrir einhver óhöpp lenda í höndum lögreglunnar. Geta má nærri, hvílík áhrif það hefur á ungling, sem í fyrsta sinn verður fyrir því að vera handtekinn af lögreglunni og ekið er til lögreglustöðvarinnar, tekinn þar út úr lögreglubílnum, oft illa til reika, og dreginn milli tveggja lögregluþjóna inn í stöðina í viðurvist vegfarenda, sem oft eru margir á þessum mestu umferðargötum borgarinnar. Það er ekki ósennilegt, að slík meðferð kveiki neista óvildar, þrjózku, virðingarleysis og ef til vill haturs gegn lögreglunni. Þetta er það, sem utan dyra er hverjum vegfaranda til sýnis. En það, sem innan dyra gerist, er fáum ljóst. Það er því tilgangur þessarar þingsályktunartillögu, að væntanleg nefnd athugi það mál og geri tillögur til úrbóta hið bráðasta.

Nd. 401. Breytingartillögur [129. mál]

við frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Við 20. gr. 1. málsgr.

a. Orðin „um samninga ... á tryggingarkjörum“ falli burt.
b. Fyrir orðin „6 mánaða“ komi: tveggja mánaða.

Ed. 402. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 45 frá 15. apríl 1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Efni frv. er í stuttu máli þetta: Persónufrádráttur skal aldrei nema lægri upphæð en þeirri, sem skattgreiðandinn hefur fengið greidda á árinu sem bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Séu þær hærri en persónufrádrátturinn er samkv. gildandi lögum, hækkar hann sem mismuninum nemur.

Persónufrádrátturinn er nú 6500 kr. fyrir einstakling. Upphæð elli- og örorkulífeyris á fyrsta verðlagssvæði er um 6850 kr. á ári, þ. e. um 350 kr. hærri en persónufrádrátturinn. Lífeyri þennan er heimilt að hækka um allt að 40%, ef lífeyrisþeginn þarfnast hjúkrunar eða umönnunar eða dvelst á elliheimili og er eigna- og tekjulaus.

Talsvert á annað þúsund lífeyrisþega nýtur nú þessarar hækkunar, frá 10% upp í 40%. Getur lífeyrisgreiðslan þannig komizt upp í nærfellt 9600 kr. á ári. Um

3000 kr. af þeirri upphæð verða skattskyldar samkvæmt gildandi lögum, og nemur skattur af þeirri upphæð um 40 kr.

Sjá allir, hvílík reginfjarstæða það er að ætla eignalausu, örvasa gamalmenni, er dvelst á elliheimili, þar sem hælisvistin kostar 15000—16000 kr. á ári, að greiða skatt af bótum Tryggingastofnunarinnar, sem ekki hrökkva fyrir nema ⅔ hlutum dvalarkostnaðarins.

Ekkjur, sem njóta barnalífeyris og mæðralauna auk ekkjubótanna, geta einnig orðið tekjuskattsskyldar, þótt þær hafi engar tekjur umfram bæturnar. Einnig það verður að teljast fjarri öllum sanni.

Úr þessu ranglæti mætti að sjálfsögðu bæta með því að hækka persónufrádráttinn. Hef ég áður flutt tillögur þess efnis, en þeim hefur verið hafnað með þeim rökum, að almenn hækkun persónufrádráttar veiti þeim tekjuhæstu mesta skattalækkun og skerði tekjur ríkisins af skattinum mjög tilfinnanlega.

Þessum rökum verður ekki beitt gegn þessu frv. Allir þeir, sem ákvæði þess taka til, eru á lægstu þrepum skattstigans, og skattur þeirra munar ríkissjóðinn engu, nokkrum tugum þúsunda í hæsta lagi. Má telja víst, að innheimtan kosti stórum meira en skattar þessara bótaþega nema.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði vísað frá með vísan til þess, að skattalögin séu nú í endurskoðun. Sú endurskoðun tekur, að því er ég bezt veit, aðeins til þess hluta laganna, sem fjallar um skatta félaga og fyrirtækja. Tillögur milliþinganefndarinnar um persónuskattana voru afgreiddar á síðasta þingi. Er því trauðla að vænta nokkurra tillagna frá henni til leiðréttingar á þessum misfellum skattalaganna, enda fyllsta þörf að sníða þessa ágalla af lögunum nú þegar.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 23. febr. 1955.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 403. Breytingartillaga [92. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr. Orðin „ræður meiri hluti, ella“ í næstsíðasta málsl. falli burt.

Nd. 404. Frumvarp til laga [159. mál]

um breyting á lögum nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Flm.: Jón Pálmason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Kirkjumálaráðherra er heimilt að byggja á erfðaábúð hluta af þeim prestssetursjörðum, sem teljast vel fallnar til skiptingar, enda sé þess vandlega gætt, að landrými prestssetursins verði, þrátt fyrir skiptinguna, nægilegt til þess, að reka megi þar eigi minna bú en á meðaljörðum sveitarinnar. Heimild þessi nær eingöngu til af-

hendingar lands til nýbýlastofnunar, enda liggi þá fyrir, ásamt umsókn þess, er nýbýlið hyggst reisa, eftirtalin gögn: 1) Meðmæli nýbýlastjórnar. 2) Samþykki hlutaðeigandi sóknarprests, sóknarnefndar og prófasts. 3) Samþykki skipulagsnefndar prestssetra, þar sem ákveðin er í höfuðdráttum staðsetning nýbýlisins og landsstærð. 4) Samþykki biskups.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 26 1953 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: Lög um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Greinargerð.

Þegar lög nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum, voru samþykkt á Alþingi, vakti það ákvæði þeirra að heimila ráðherra að taka hluta prestssetranna leigunámi af prestunum og fá landið í hendur mönnum, sem prestur óskaði ekki eftir að fá í nábýli við sig, eðlilega undrun og nokkra gremju meðal prestanna og annarra, er létu sér annt um málefni kirkjunnar. Þótti mörgum með þessu ákvæði laganna gengið á rétt biskups, en biskupar hafa frá öndverðu að verulegu leyti haft með höndum umsjón og ráð prestssetranna, ef nú skyldi heimilað að búta þau í sundur án samþykkis hans og jafnvel vitundar. Í öðru lagi þóttust prestar þeir, er fengið höfðu löglega ábúð prestssetranna, nokkurri harðneskju beittir, er taka mátti gegn vilja þeirra jafnvel sjálft tún prestssetursins og fá það í hendur þeim, sem ráðherra þóknaðist að setja þar við hlið prestsins. Í þriðja lagi þótti sem það mundi draga mjög úr áhuga presta að bæta jarðir sínar, er ýmsum þótti þó of lítill fyrir, ef þeir þyrftu jafnan að óttast það, að verulegur hluti prestssetursins kynni fyrirvaralaust að verða af þeim tekinn og öðrum fenginn í hendur.

Á næstu prestastefnu, eftir að lögin gengu í gildi (1953), var einróma samþykkt svo hljóðandi ályktun:

„Prestastefna Íslands beinir eindregnum óskum til Alþingis um það að nema úr gildi lög um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, eða breyta þeim þannig, að skipting nýbýlis úr prestssetri sé því aðeins heimil, að fyrir liggi: a) meðmæli nýbýlastjórnar, b) meðmæli hlutaðeigandi prests, sóknarnefndar og prófasts, c) samþykki skipulagsnefndar prestssetra, d) samþykki biskups.

Telur prestastefnan áðurnefnd heimildarlög gagnstæð vilja allrar prestastéttarinnar og meginþorra þjóðarinnar og lítur á þau sem réttarbrot og freklega móðgun í garð kirkjunnar.“

Sams konar ályktun að efni var og einróma samþykkt af kirkjuráði 1. nóv. 1954. En áður hafði kirkjuráðið á fundi 23. febr. 1953 skorað á kirkjumálaráðherra að beita ekki þeirri heimild, er umrædd lög höfðu honum í hendur fengið.

Frumvarp þetta er hér flutt að ósk biskups og er í fullu samræmi við óskir og kröfur bæði prestastefnu og kirkjuráðsins, eins og þegar hefur sýnt verið.

Hér er aðeins farið fram á það, að eignarnámsheimildin sé felld niður. Hins vegar helzt heimild ráðherrans til þess að skipta úr prestssetursjörðum landi til nýbýlastofnunar, þar sem hagfellt þykir, með samþykki þeirra aðila, er eðlilegt sýnist, að um það hafi atkvæði.

Nd. 405. Frumvarp til laga [125. mál]

um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Í stað orðanna „í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum“ í 1. gr. laganna komi: í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

2. gr.

Í stað orðanna „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 25 millj. kr.

3. gr.

Í stað orðanna „sveitarstjórnum Keflavíkurhrepps og Njarðvíkurhrepps“ í 4. gr. laganna komi: bæjarstjórn Keflavíkurkaupstaðar og hreppsnefnd Njarðvíkurhrepps.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 55 25. maí 1950.

5. gr.

Þá er lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 25 23. apríl 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum, og gefa þau út með fyrirsögninni: Lög um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Nd. 406. Frumvarp til laga [92. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðari málsgr. 20. gr. laganna orðist á þessa leið:

Verði hjón eigi ásátt um, hvert af börnunum skuli hljóta réttinn, skal það hjónanna, er erfði óðalið, ráða viðtakanda. Sé engin ákvörðun tekin, skal skiptafundur ákveða viðtakanda eða viðtakendur, ef heimilt er að skipta jörðinni, sbr. 11. gr., og sitji það eða þau börn fyrir, sem hafa staðið að staðaldri fyrir búi foreldra sinna á jörðinni eða unnið búinu að staðaldri og eru líklegust til að stunda þar áframhaldandi búskap. Náist eigi samkomulag, sker skiptaráðandi úr. Sama regla gildir um ættarjarðir (sbr. 26. gr. laganna).

2. gr.

Aftan við 27. gr. laganna komi:

Nú hefur ættarjörð við skipti dánarbús eða á annan hátt skipzt í tvo eða fleiri hluta, sem eru minni en svo, að þeir fullnægi þeim kröfum, er nýbýlastjórn gerir um stofnun nýbýla, eða eigandi hefur ekki aðstöðu til að nytja sjálfur þennan jarðarhluta, þótt nægjanlega stór sé, og er honum þá skylt að leigja sinn hluta jarðarinnar þeim eiganda hennar og ábúanda, ef fleiri eru, sem hann kýs helzt, og fer þá um leigumála samkv. 35. gr.

Ákvæðin um ófullnægjandi landsstærð koma þó ekki til framkvæmda, ef eigandi hluta úr ættarjörð, sem ekki telst nægilegur til stofnunar sjálfstæðs býlis, getur

fengið keypt til viðbótar samliggjandi land frá annarri jörð, þannig að hvort tveggja til samans, ættarhlutinn og viðbótin, fullnægi þeim skilyrðum, er nýbýlastjórn setur um stofnun nýbýla, enda hafi hann hafizt handa um stofnun nýbýlis innan 5 ára frá því hann fékk viðbótarlandið.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 29. gr. laganna komi tveir málsl. á þessa leið:

Söluverð ættarjarðar, er fellur undir a-lið 26. gr., til ættmenna skal ekki fara yfir fasteignamatsverð á hverjum tíma, að viðbættu matsverði á þeim umbótum, sem gerðar hafa verið á jörðinni frá því, er aðalfasteignamat fór fram. Það mat skal framkvæmt af úttektarmönnum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar [160. mál]

um heimild til að endurgreiða leyfisgjald af læknabifreiðum.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Kjartan J. Jóhannsson, Brynjólfur Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að endurgreiða leyfisgjald skv. b-lið 5. gr. laga nr. 112 1950 af bifreiðum þeim, sem innflutningsskrifstofan lýsir yfir að fluttar séu inn fyrir lækna til notkunar við starf þeirra, á meðan neytt er heimildar til að fella gjaldið niður af fólksbifreiðum til atvinnubifreiðastjóra.

Greinargerð.

Það virðist í alla staði eðlilegt, að starfandi læknar njóti ekki lakari kjara en atvinnubifreiðastjórar um innflutning bifreiða, sem þeim eru nauðsynlegar í læknisstarfi sínu.

Hefur félagsskapur lækna mjög leitað eftir því að fá framgengt þessu sanngirnisatriði, og má geta þess, að nokkrir erfiðleikar hafa af því hlotizt í samningum sjúkrasamlaga við lækna, að ekki hefur verið hægt að sinna þessum tilmælum. Hefur vantað heimild til þessa, og er þáltill. þessari ætlað að bæta úr því.

Ed. 408. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Aftan við 1. málsl. bætist: og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á.
2. Við 7. gr. 1. og 2. tölul. 1. málsgr. orðist svo:
   1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla.
   2. Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
3. 17. gr. orðist svo:
   Lög þessi öðlast gildi 1. október 1955.

Nd. 409. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. 40. tölul. orðist svo:
   Eskifjarðarhérað: Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði.
   b. 41. tölul. orðist svo:
   Búðahérað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi.
2. Við 2. gr. Við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skýrslur, er snerta læknisþjónustu í suðurbyggð Reyðarfjarðar, skulu sendar héraðslækninum í Búðahéraði og sameinaðar skýrslum úr hlutaðeigandi hreppi.

Nd. 410. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 14. gr. Í stað „ellilífeyris“ komi: lífeyris.
2. Við 15. gr. Greinin orðist svo:
   Við 7. mgr. 12. gr. laganna bætist:
   Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.
3. Á eftir 17. gr. komi ný grein (verður 18. gr.), þannig:
   Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 14. gr. laganna komi: 10 ár.
4. Við 18. gr. Við greinina bætist:
   eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja fleiri brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. febr. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Karl Guðjónsson. Kristín Sigurðardóttir.

Nd. 411. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr. Við greinina bætist:
   eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   12. gr. laganna orðist þannig:
   Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.
   Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.
   Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.
3. Við 14. gr. Við greinina bætist:
   eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.
4. Við 16. gr. Við greinina bætist:
   Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja fleiri brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 26. febr. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Karl Guðjónsson. Kristín Sigurðardóttir.

Nd. 412. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og rætt við stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um efni þess. Mælir nefndin með því, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 16. gr. Í stað „ellilífeyris“ komi: lífeyris.
2. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Við 7. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:
   Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

3. Á eftir 19. gr. komi ný grein (verður 20. gr.), þannig:
   Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 16. gr. l. 101/1943 komi: 10 ár.
4. Við 22. gr. (verður 23. gr.). Við greinina bætist:
   eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja fleiri breytingartillögur eða fylgja tillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 26. febr. 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason.
Karl Guðjónsson. Kristín Sigurðardóttir.

Nd. 413. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á okri.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson, Gunnar M. Magnúss.

Deildin ályktar að skipa fimm manna nefnd innandeildarmanna samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til þess að rannsaka, að hve miklu leyti og með hvaða móti okur á fé viðgengst nú, fyrst og fremst í Reykjavík. Nefndin skal hafa það vald, sem heimilað er í 39. gr. stjórnarskrárinnar, til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum.

Nefndin skal að rannsókn lokinni gefa deildinni ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.

Greinargerð.

Það er á almannavitorði, að slíkt okur er nú með fé, að teknir eru raunverulega 5—6% mánaðarvextir, eða 60—72% ársvextir, með því að kaupa víxla og önnur verðbréf með miklum afföllum eða ná slíkum gróða á fé með öðru móti. Aðferðirnar, sem notaðar eru, munu ef til vill ekki varða við lög beinlínis, en brjóta hins vegar gegn anda laga um okur og gegn velsæmi í viðskiptum.

Það er nauðsyn, að á Alþingi séu þessi mál krufin til mergjar og athugað síðan, hvort finna megi aðferðir til þess að koma í veg fyrir, að almenningur og atvinnurekstur landsmanna sé féflettur með því móti, sem nú á sér stað. Til þess að slíkt sé hægt, þarf ýtarleg rannsókn á þessu fyrirbrigði að fara fram, eins og hér er lagt til.

Nd. 414. Breytingartillaga [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Gunnari Thoroddsen.

Við 4. gr. 2. málsl. 3. málsgr. orðist svo:

Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr bæjarsjóði, en ríkissjóður endurgreiðir helming launanna og annars kostnaðar við embættið, eftir úrskurði ráðuneytis.

Nd. 415. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til laga um iðnskóla.

Frá Eggert Þorsteinssyni, Skúla Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Á eftir III. kafla komi nýr kafli, IV. kafli, **Kennsla**, með 4 greinum, þannig:
   a. (11. gr.) Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Kennslan er bæði bókleg og verkleg.
   b. (12. gr.) Reglulegt iðnskólanám skal vera í nánu sambandi við þær iðngreinar, er nemendur skólans leggja stund á. Skólanum ber að sjá nemendum fyrir bóklegri kennslu, og verklegri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru iðn þeirra og framtíðarstarfi og ekki verða nægilega kenndar hjá meistara eða iðnfyrirtæki að dómi iðnfræðsluráðs.
   c. (13. gr.) Þessar námsgreinar skal kenna:
      Íslenzku, reikning og stærðfræði, teiknun, eðlisfræði, efnafræði, efnisfræði, áhaldafræði og bókfærslu, svo og sérfræði hverrar iðngreinar, allt eftir nánari ákvæðum í reglugerð. Heimilt er að kenna fleiri námsgreinar, ef aðstæður leyfa og ástæða þykir til.
      Auk þessa skulu þeir, sem nema iðn til sveinsprófs í skólanum sjálfum, vinna í vinnustofu hans samkvæmt námssamningi.
   d. (14. gr.) Verkleg kennsla skólanna skal fara fram í vinnustofum þeirra eða öðrum vinnustöðvum, sem þeir hafa ráð á. Í vinnustofum skóla skal haga störfum sem líkast því, sem tíðkast í hliðstæðum vinnustofum, og um kennsluna skal ákveða í reglugerð í samráði við iðnfræðsluráð.
2. Við 16. gr. (verður 20. gr.). Fyrri málsgr. orðist þannig:
   Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara. Þar skal meðal annars setja nánari ákvæði um kennslu í skólunum, námstíma, kennslustundafjölda, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Nd. 416. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Einar Ingimundarson, Ásgeir Bjarnason, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Í stað 1. málsl. 14. gr. laganna komi: Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Má þó gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni, áður en útsvör eru ákveðin. Þar til lokið er endurskoðun á löggjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, skal lágmarksgjald síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði til bæjarsjóðs Siglufjarðar þó aldrei vera minna en kr. 100 000.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er jafnframt úr gildi numin 1. gr. laga nr. 51 1941.

Greinargerð.

Í 14. gr. laga nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins, er svo kveðið á, að þær skuli greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar.

Samkvæmt þessu ákvæði hafa síldarverksmiðjurnar greitt umsetningargjöld til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga að undanförnu, og munu þær greiðslur hafa numið verulegum upphæðum hlutfallslega sums staðar, þar sem verksmiðjur eru starfræktar, t. d. á Raufarhöfn, þar sem gjaldendur eru tiltölulega fáir. En á Siglufirði hefur hins vegar munað lítið um greiðslur síldarverksmiðjanna undanfarin síldarleysisár, enda er Siglufjörður með stærri kaupstöðum á landinu og útsvarsgjaldendur því margir, en lítils megandi við álagningu útsvara, þar sem tekjur og afkoma alls þorra manna þar eru að miklu leyti undir síldveiðunum komnar. Hefur á undanförnum 3 árum verið jafnað niður á gjaldendur á Siglufirði 2—3 milljónum króna ár hvert, en á þeim tíma hafa umsetningargreiðslur síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði í bæjarsjóð numið um 7200—37 000 kr. árlega, og má af því marka, hversu lítill hluti greiðslur verksmiðjanna eru af heildarútsvörum lögðum á gjaldendur á staðnum. Eru þó síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði risafyrirtæki á íslenzkan mælikvarða. Það er að vísu eðlilegt, að greiðslur síldarverksmiðjanna til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga séu komnar undir afkomu verksmiðjanna ár hvert, og skal það játað, að hún hefur ekki verið góð undanfarin síldarleysisár. Hins er einnig að gæta, að verksmiðjurnar hafa nærri frá byrjun rekið starfsemi, a. m. k. á Siglufirði, sem er þeim að meira og minna leyti nauðsynleg, en þær hafa haft verulegar aukatekjur af, t. d. vélaverkstæði. Er að sjálfsögðu ekki miðað við slíka starfsemi í ákvæðum laga nr. 1 5. jan. 1938 um greiðslur síldarverksmiðja ríkisins til þeirra bæjar- og sveitarfélaga, þar sem þær eru starfræktar. Verður þó að telja eðlilegt, að tekið sé tillit til hennar og tekna, sem verksmiðjurnar afla með henni, við ákvörðun greiðslna til viðkomandi staða.

Hitt er þó aðaltilgangurinn með flutningi frumvarps þessa, svo sem séð verður af efni þess, að reyna að einhverju leyti að létta undir með bæjarsjóði Siglufjarðar með því að leggja til, að ákveðin verði árleg lágmarksgreiðsla til hans frá síldarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði. Á nú bæjarsjóður við mikla erfiðleika að etja vegna fjárskorts, eins og að líkum lætur, eftir 10 samfelld síldarleysisár, og víst er um það, að ekki verður lengra gengið við niðurjöfnun útsvara á borgara bæjarfélagsins en þegar hefur verið gert.

Nd. 417. Lög [92. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Afgreidd frá Nd. 1. marz.)

Samhljóða þskj. 406.

Ed. 418. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frv. þetta er komið frá háttv. Nd. Efni þess fjallar eingöngu um verðlaun fyrir unnin hlaupadýr, refi og minka. Samkvæmt núgildandi lögum eru verðlaun þessi kr. 60.00 á hvert dýr, ref eða mink. Í frv., eins og það var flutt í Nd., var lagt til, að verðlaun þessi hækkuðu í kr. 300.00 fyrir ref og kr. 150.00 fyrir hvern mink. Samkvæmt tillögum landbn. Nd. voru verðlaunin lækkuð í kr. 180.00 fyrir ref og kr. 90.00 fyrir mink. Er frv. þannig breytt komið til Ed.

Landbn. Ed. hefur rætt frv. þetta á nokkrum fundum. Hefur hún leitað upplýsinga um framkvæmd laganna, bæði hjá atvinnumálaráðuneytinu og einnig skrifað öllum sýslumönnum. Óskaði hún eftir að fá eftirfarandi atriði upplýst:

1. Sundurliðun á kostnaði við refaeyðingar eftir sýslum, þar sem fram komi:
   a. Tala unninna hlaupadýra í hverri sýslu og veitt verðlaun fyrir þau.
   b. Tala grenja, sem legið er á, sundurliðuð eftir sýslum, og unnin fullorðin dýr á þeim svo og yrðlingar og kostnaður við þau.
   c. Kostnaður við grenjaleitir, sundurliðaður eftir sýslum.
2. Sundurliðaður kostnaður við eyðingu minka eftir sýslum, þar sem fram komi tala unninna minka utan grenja og kostnaður við það. Tala minka fullorðinna, sem unnir eru á grenjum, og yrðlinga (hvað fyrir sig) og kostnaður við minkaleit að vorinu.

Frá atvinnumálaráðuneytinu barst skýrsla um kostnað við eyðingu refa og minka í sýslum landsins 1953. Frekari gögn taldi ráðuneytið sig ekki hafa. — Skýrslan er prentuð með nál. þessu sem fylgiskjal. Frá sýslumönnum hafa og borizt svör. En þótt sum þeirra séu mjög glögg og gefi fullkomin svör við því, sem um var spurt, þá eru þó fleiri þeirra þannig vaxin, vegna vöntunar gagna á skrifstofum sýslumanna, að ekki er unnt að vinna úr þeim heildaryfirlit. En eins og skýrsla atvinnumálaráðuneytisins ber með sér, er heildarkostnaðurinn orðinn afar mikill, eða kr. 836 692.73 árið 1953.

Þá sendi nefndin frv. til búnaðarþings til umsagnar. Barst henni ályktun þess, þar sem það leggur til, að þrjár breytingar verði gerðar á lögunum. Fyrsta till. er efnislega sú, að Búnaðarfélagi Íslands sé heimilt, með samþykki landbúnaðarráðherra, að ráða 1 eða 2 menn, er hafa sérþekkingu eða góða séraðstöðu, til refa- og minkaveiða. Skulu þeir eða hann vera sýslu- og sveitarfélögum til virkrar aðstoðar, en starfa undir umsjón Búnaðarfélags Íslands. — Þriðja brtt. búnaðarþings er um það, að kaup þessara manna eða manns sé að öllu greitt úr ríkissjóði.

Í tilefni af þessum tillögum kvaddi nefndin Karl Karlsson minkaeyði á sinn fund. Upplýstist, að hann er fastráðinn starfsmaður landbúnaðarráðuneytisins og fær laun sín greidd úr ríkissjóði. Vinnur hann að eyðingu minka, þar sem þess er óskað. — Telur nefndin, að ofangreindar tillögur búnaðarþingsins séu að nokkru leyti komnar í framkvæmd og megi láta Karl Karlsson gera tilraunir með refavinnslu, án þess að lagafyrirmæli séu um það sett.

Önnur brtt. búnaðarþings fjallar um skýrslugerð í sambandi við refa- og minkaveiðar. Hafði nefndin tekið upp tillögu um það efni. (Sjá brtt. 2.b.)

Páll A. Pálsson dýralæknir kom og á fund nefndarinnar. Gaf hann upplýsingar og ræddi við nefndina um brtt. þær, er hún hugðist gera við lögin.

Nefndin fellst á að mæla með því, að hækkun sú á verðlaunum fyrir hlaupadýr, sem í frv. felst eins og það er nú, verði samþykkt óbreytt. Hins vegar hefur nefndinni þótt ástæða til að taka ýmis önnur atriði laganna um eyðingu refa og minka til athugunar. Niðurstaða þeirra athugana hefur orðið sú, að nefndin leggur til, að nokkrar fleiri breytingar verði gerðar á lögunum. Ber hún því fram till. um breytingar í fjórum liðum, og skal nokkuð að þeim vikið, hverri um sig.

Fyrsta breytingartill. er við 2. gr. laganna. Er hún um það, að hlutaðeigandi sýslunefnd sé skylt að sjá um eyðingu refa og minka í löndum þeirra hreppa, sem komnir eru í eyði. Er þetta til tryggingar því, að refavinnslan og minkaeyðingin nái yfir allt landið, svo að refir og minkar fái ekki friðlönd, þar sem þeir geti óáreittir aukið kyn sitt og herjað svo þaðan á nálæg byggðarlög.

Önnur brtt. (2.a.) er við 10. gr. laganna. Samkvæmt þeirri gr. er nú skylt að eitra fyrir refi og minka þriðja hvert ár í afréttum og heimalöndum. Nefndin lítur svo á, að nauðsynlegt sé að gera jafnan allt sem unnt er til þess að halda í skefjum fjölda þessara vargdýra, bæði vegna þess tjóns, sem þau valda, og einnig vegna hins mikla kostnaðar, sem því fylgir að vinna þau á grenjum eða sem hlaupadýr. Kostnaður við eitrun er hins vegar tiltölulega lítill, miðað við aðrar vinnsluaðferðir.

Nefndin flytur því breytingartillögu, sem ákveður, að eitrað skuli árlega fyrir refi og minka í afréttum og heimalöndum. Enn fremur leggur nefndin til af öryggisástæðum, að þeir fuglar, sem eitraðir eru, skuli vængstýfðir, svo að komið sé í veg fyrir, að þeir verði hirtir í ógáti og geti þannig valdið slysum.

Þriðja brtt. nefndarinnar (2.b.) kveður á um það, að safnað skuli skýrslum um framkvæmd laganna. Telur n., að haft geti hagfræðilega þýðingu, að nákvæmar skýrslur séu gerðar um mismunandi vinnsluaðferðir, árangur þeirra og kostnað við þær. Leggur nefndin því til, að í 13. gr. laganna verði bætt fyrirmælum um það, að landbúnaðarráðherra láti gera eyðublöð undir skýrslur um eyðingu refa og minka. Séu þau send öllum þeim, sem hafa á hendi reikningshald yfir kostnað við vinnslu refa og minka, og ber þeim að útfylla þau. Skýrslurnar skulu ár hvert sendar Búnaðarfélagi Íslands.

Fjórða brtt., er nefndin ber fram (2.c.), er um það, að á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, sem kveður á um, að bæjarfógetar og bæjarstjórnir hafi sömu skyldum að gegna um vinnslu á löndum kaupstaðanna og fyrir er mælt í lögunum, að sýslumenn og sýslunefndir (hreppsnefndir) hafi. Er þessi brtt. borin fram af sömu ástæðu og hin fyrsta, sem sé að koma í veg fyrir, að nokkurt landssvæði geti orðið undanþegið vinnsluskyldu.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi:

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
   Við fyrri málsgr. 2. gr. laganna bætist:
   Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá hlutaðeigandi sýslunefnd sjá um framkvæmd samkvæmt þessari grein á því svæði, sem hreppnum heyrði til.
2. Á eftir 1. gr. komi þrjár nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. Í stað 1. málsl. 10. gr. laganna komi:
      Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum. Stýfa skal hægri væng fugla þeirra, sem eitraðir eru.
   b. Aftan við fyrri málsgr. 13. gr. laganna bætist:
      Landbúnaðarráðherra lætur gera eyðublöð undir skýrslur um eyðingu refa og minka. Skulu eyðublöðin þannig gerð, að þau sýni kostnað og árangur af hverri tegund vinnslu. Eyðublöð þessi sendist þeim, er reikningshald hafa vegna vinnslunnar á hverjum stað. Skulu þeir útfylla eyðublöðin og senda þau árlega til Búnaðarfélags Íslands.
   c. Á eftir 13. gr. laganna kemur ný grein, svo hljóðandi:
      Ákvæði laga þessara skulu einnig gilda um kaupstaði, eftir því sem við á. Bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) og bæjarstjórnir hafa þá sömu skyldur og sýslumenn og sýslunefndir (hreppsnefndir).

Alþingi, 1. marz 1955.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Andrés Eyjólfsson, frsm.
Jón Kjartansson.	F. R. Valdimarsson.	

Fylgiskjal.

Skýrsla

um kostnað við eyðingu refa og minka í sýslum landsins 1953.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:	Kostnaður alls	þar af ríkissjóður
Refir	kr. 42 028.05	14 009.35
Minkar	— 10 680.00	7 120.00

		Kostnaður alls	þar af ríkissjóður
Borgarfjarðarsýsla:			
Refir	kr.	19 599.05	6 533.00
Minkar	—	6 840.00	4 560.00
Mýrasýsla:			
Refir	—	17 006.20	5 668.78
Minkar	—	6 810.00	4 540.00
Snæfellsness- og Hnappadalssýsla:			
Refir og minkar	—	45 383.41	17 794.47
Dalasýsla:			
Refir	—	40 258.83	13 419.61
Minkar	—	4 080.00	2 720.00
Barðastrandarsýsla:			
Refir	—	27 745.44	9 248.48
Vestur-Ísafjarðarsýsla:			
Refir	—	16 975.50	5 658.87
Norður-Ísafjarðarsýsla:			
Refir	—	21 006.27	7 002.09
Strandasýsla:			
Refir	—	34 800.25	11 600.08
Vestur-Húnavatnssýsla:			
Refir	—	31 416.98	10 752.32
Austur-Húnavatnssýsla:			
Refir og minkar	—	39 979.00	13 126.36
Skagafjarðarsýsla:			
Refir og minkar	—	49 922.18	17 740.72
Eyjafjarðarsýsla:			
Refir	—	31 534.86	10 511.60
Suður-Þingeyjarsýsla:			
Refir	—	50 104.85	16 701.62
Norður-Þingeyjarsýsla:			
Refir	—	48 582.81	16 194.27
Norður-Múlasýsla:			
Refir	—	91 612.58	30 537.53
Suður-Múlasýsla:			
Refir	—	27 848.40	9 282.80
Austur-Skaftafellssýsla:			
Refir	—	31 110.12	10 370.04
Vestur-Skaftafellssýsla:			
Refir	—	32 665.48	10 888.49
Minkar	—	60.00	40.00
Rangárvallasýsla:			
Refir	—	13 062.83	4 354.29
Minkar	—	7 230.00	4 820.00
Árnessýsla:			
Refir	—	49 373.19	16 477.73
Minkar	—	29 190.00	19 460.00
Lögsagnarumdæmi Reykjavíkur:			
Refir	—	3 426.45	1 142.15
Minkar	—	6 360.00	4 770.00
Samtals	kr.	836 692.73	307 044.65

Ed. 419. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum og meðal annars kallað þá fræðslumálastjóra og Guðmund Gíslason Hagalín á fund sinn til viðtals um málið. Er hún sammála um, að hér sé um merkilegt menningarmál að ræða.

Eins og upplýst er í athugasemdum við frv., er það samið af nefnd, sem menntamálaráðherra skipaði 29. júlí s. l. „til þess að athuga og gera tillögur að reglum og eftir atvikum lagafrumvarpi um bókasöfn héraða og almenningsstofnana". Var Guðmundur Gíslason Hagalín skipaður formaður þeirrar nefndar, en áður hafði honum verið falið af ráðherra „að kynna sér í samráði við fræðslumálastjóra starfsemi og starfsskilyrði svo margra bókasafna og lestrarfélaga, að athugun hans gæti gefið allgreinilega hugmynd um ástandið í þessum málum."

Frumvarpinu fylgja ýtarlegar athugasemdir, samdar af áðurgreindri nefnd. Um almennar ástæður fyrir frumvarpinu og skýringar á einstökum greinum, sem nefndin gerir ekki breytingartillögur við, þykir nægja að vísa til athugasemdanna, sbr. þó fylgiskjal.

Sunnan Skarðsheiðar eru fjórir hreppar í Borgarfjarðarsýslu, sem eðlilegt er að noti héraðsbókasafn á Akranesi. Leggur nefndin til, að þetta sé lagfært í 2. gr. frumvarpsins.

Í 11. gr. frumvarpsins ber ekki að vitna til 13. gr., heldur 12. gr.

Í 18. gr. frumvarpsins er svo ákveðið, að hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitabókasafn eða vanræki það, sé hlutaðeigandi sveitarstjórnum skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögunum. Nefndin hefur ekkert að athuga við þá skyldu, sem lögð er á sveitarstjórnir í þessu efni, en telur hins vegar, að í þessu ákvæði felist ekki skylda lestrarfélaga til að afhenda bókasöfn sín skilyrðislaust, jafnvel þótt þau hætti störfum.

Samkvæmt 27. gr. frumvarpsins er ætlazt til, að héraðsbókasöfn fái ókeypis eitt eintak af alþingistíðindum, stjórnartíðindum, skýrslum hagstofunnar, lagasafni, hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríkið og opinberar stofnanir þess gefa út. Er og bókasöfnunum gert að skyldu að láta binda öll þessi rit. Slíkt mundi verða allkostnaðarsamt fyrir hin minni bókasöfn, enda ekki hægt að sjá, að knýjandi nauðsyn sé að binda öll þessi rit, t. d. hagskýrslur o. fl. Leggur því nefndin til, að úr þessari bókbandsskyldu sé dregið.

Nefndinni er ekki fullljóst, hvernig staða bókafulltrúa á skrifstofu fræðslumálastjóra verður samkv. frv. Mun hún spyrjast nánar fyrir um þetta atriði undir umræðum og geymir sér rétt til að bera fram brtt. við 29. gr. frumvarpsins, ef henni þykir ástæða til, að svörum fengnum.

Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr.
   a. Við 4. tölulið. Fyrir „þrír" komi: fjórir.
   b. Við 5. tölulið. Fyrir „þrem" komi: fjórum.
2. Við 11. gr. Fyrir „sbr. 13. gr." komi: sbr. 12. gr.
3. Við 27. gr. Á eftir orðunum „að láta binda öll slík rit" í 3. málsgr. komi: eftir því sem við verður komið.

Alþingi, 1. marz 1955.

Ingólfur Flygenring, form.	Andrés Eyjólfsson, fundaskr.	Bernh. Stefánson, frsm.

Sigurður Ó. Ólafsson. H. Guðmundsson.

Fylgiskjal.

MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 25. febrúar 1955.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um almenningsbókasöfn segir nefnd sú, er frumvarpið samdi: „Ríkið hlutast heldur ekkert til um það, hvernig starfsemi þessara bókasafna er háttað, gefur ekki út leiðbeiningar um bókaval, hirðir ekki um, hvort skráning og flokkun bókanna er í skynsamlegu horfi“ o. s. frv.

Ráðuneytið telur í þessu sambandi rétt að vekja athygli hins háa Alþingis á því, að ummæli þessi hvíla að nokkru á misskilningi, því að árið 1952 gaf menntamálaráðuneytið út bók um myndun bókasafna, skráningarstörf, afgreiðslu og bókaval. Heitir rit þetta Bókasafnsrit I, og er samið af dr. Birni Sigfússyni háskólabókaverði og Ólafi Hjartar bókaverði til leiðbeiningar þeim, er fást við bókavörzlu. Þá er einnig í bæklingnum „Félagsheimili“, sem menntamálaráðuneytið gaf út árið 1950, sérstakur kafli um bókasöfn.

Rit þessi eru bæði til sölu hjá Bókaútgáfu Menningarsjóðs, og var athygli lestrarfélaga og bókasafna vakin alveg sérstaklega á bókasafnsritinu.

Nokkur eintök af bókum þessum báðum fylgja hér með.

Bjarni Benediktsson.

Birgir Thorlacius.

Til menntamálanefndar efri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 420. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

4. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

3. gr.

Orðin „samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr.“ í 5. gr. l. 101/1943 falli niður.

4. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. l. 101/1943 komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 8. gr. l. 101/1943 komi: fyrir sjóðfélaga.

6. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. l. 101/1943 komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

7. gr.

Aftan við 10. gr. l. 101/1943 komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

8. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 12. gr. l. 101/1943 falli niður.

9. gr.

Aftan við 12. gr. l. 101/1943 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

10. gr.

1. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

11. gr.

2. málsl. 3. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

12. gr.

Orðin „eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum“ í 1. mgr. 14. gr. l. 101/1943 falli niður.

13. gr.

Aftan við 3. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

14. gr.

4. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert

ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

15. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 14. gr. l. 101/1943 komi: 2500 kr.

16. gr.

6. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

17. gr.

Við 7. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

18. gr.

Aftan við 14. gr. l. 101/1943 komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

19. gr.

Aftan við 15. gr. l. 101/1943 komi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

20. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 16. gr. l. 101/1943 komi: 10 ár.

21. gr.

Í stað orðanna „Lífeyrissjóður Íslands“ í 3. gr. l. 40/1945 komi: Tryggingasjóður almannatrygginga.

22. gr.

Meginmál 4. gr. l. 40/1945 orðist þannig:

Bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

23. gr.

Á eftir 17. gr. l. 101/1943 komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna.

Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

24. gr.

Síðari málsl. 20. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 102 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á sömu lögum.

26. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra svo og meginmál laga nr. 40 15. febr. 1945, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 421. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðsins „barnakennara“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: svo og námsstjórar barnafræðslustigsins.

3. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 8. gr. laganna komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

6. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

7. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

9. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu barnakennarastarfi, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

10. gr.

2. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

11. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

12. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

13. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. laganna komi: 2500 kr.

14. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

15. gr.

Við 7. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

16. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá iðgjaldagreiðslum hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðalárslaunum hans síðustu 10 árin í því starfinu, sem hærra er launað, ef það meðaltal var hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

17. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Bætur, sem eftirlifandi börn sjóðfélaga fá greiddar samkvæmt lögum um almannatryggingar, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 14. gr. laganna komi: 10 ár.

19. gr.

Eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú flyzt starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði þeim, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

20. gr.

Síðari málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til þess að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

22. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 422. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

3. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 25 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi: og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

5. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

6. gr.

Eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

7. gr.

Síðasta mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

8. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir,

sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

9. gr.

Í stað orðsins „fósturbörn“ í 2. mgr. 10. gr. laganna komi: kjörbörn.

10. gr.

Aftan við 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

11. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

12. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

13. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Starfstími hjúkrunarkvenna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

14. gr.

Eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Nú flyzt hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

15. gr.

2. málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 423. Fyrirspurnir. [163. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um verðtryggingu sparifjár.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Hvað líður athugun þeirri á möguleikum til að tryggja verðgildi sparifjár, sem ríkisstjórninni var falin með ályktun Alþingis 5. febr. 1953?

II. Til ríkisstjórnarinnar um greiðslu sparifjáruppbóta.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Hversu margir sóttu um uppbætur á sparifé samkvæmt l. nr. 22 1950?
2. Hversu miklar uppbætur verða greiddar og hversu mörgum?
3. Hversu mörgum hefur verið neitað um uppbætur, og hversu miklu nam fjárhæð umsókna þeirra?
4. Hver er aðalorsök þess, að umsækjendum þessum hefur verið neitað um uppbætur?
5. Geta umsækjendur áfrýjað ákvörðun um neitun bóta og þá hvert?
6. Hyggst ríkisstjórnin neyta heimildar laganna til þess að greiða uppbæturnar að einhverju leyti eða öllu í ríkisskuldabréfum? Ef svo er, til hve langs tíma verða þá bréfin og með hvaða vaxtakjörum?

Ed. 424. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um Brunabótafélag Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og orðið sammála um að leggja til, að frv. verði samþ. óbreytt. Einn nefndarmanna, Hermann Jónasson, var fjarverandi, er nefndin afgreiddi frumvarpið.

Alþingi, 2. marz 1955.

Lárus Jóhannesson, fundaskr. Guðm. Í. Guðmundsson, frsm. Páll Zóphóníasson.

Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 425. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um nefndarskipun vegna vinnudeilu.

Flm.: Gils Guðmundsson, Bergur Sigurbjörnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þegar í stað nefnd fimm alþingismanna til að vinna að lausn kaups- og kjaradeilu þeirrar, sem nú stendur yfir. Skulu nefndarmenn valdir eftir tilnefningu þingflokkanna, einn frá hverjum. Nefndin skal vera ólaunuð, en óhjákvæmilegur kostnaður af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Eins og alkunnugt er, hafa fjölmörg verkalýðsfélög sagt upp kaup- og kjarasamningum, og runnu þeir út um s. l. mánaðamót. Verkalýðssamtökin ákváðu þó að láta ekki koma til verkfalls þá þegar, í þeirri von, að reynt yrði til þrautar að ná samningum án vinnustöðvunar.

Hverjum hugsandi manni er ljóst, að á mjög miklu veltur fyrir þjóðina, hvort takast má að leysa núverandi kjaradeilur án stórkostlegra verkfalla, sem hefðu í för með sér framleiðslutap, er skipti tugum milljóna dag hvern. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði skiptir það einnig meginmáli, með hverjum hætti kjaradeilurnar verða leystar.

Fyrir skömmu er lokið tveim einangruðum kjaradeilum, er báðar stóðu vikum saman og ollu þjóðinni milljónatjóni. Má af þeim hörðu átökum ráða, að hinar víðtæku kjaradeilur, sem nú standa yfir, geti orðið torleystar. Benda ekki miklar líkur til þess, að þær leysist með einhliða samningum milli verkalýðsfélaga annars vegar og atvinnurekenda hins vegar. Má telja fullvíst, að þar verði Alþingi og ríkisstjórn að eiga hlut að máli, ef reyna á til hlítar að bægja frá dyrum þjóðarinnar þeim voða, sem hlýzt af langvarandi verkföllum, er koma til með að lama allt atvinnulíf hennar.

Með tafarlausri samþykkt þeirrar tillögu, sem hér er flutt, myndi Alþingi leggja áherzlu á tvennt: 1) nauðsyn þess, að leysa núverandi vinnudeilur svo fljótt sem verða má, 2) að Alþingi beri ásamt ríkisstjórn að hafa um það frumkvæði, að deilurnar leysist á þann hátt, sem þjóðarheildinni er hagkvæmastur.

Nd. 426. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Helga Jónassyni.

I. Við 1. gr.
   1. Fyrir orðið „Hvolshérað“ í 47. lið kemur: Austur-Hvolshérað.
   2. Við 48. lið.
      a. Fyrir orðið „Helluhérað“ kemur: Út-Hvolshérað.
      b. Fyrir orðin „Læknissetur á Hellu kemur: Læknissetur á Stórólfshvoli.

II. Við 2. gr. 18. tölul. fellur niður.

Ed. 427. Frumvarp til heilsuverndarlaga. [165. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Kaupstaðir og önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, sem reka heilsuverndarstöðvar samkvæmt ákvæðum laga þessara, hljóta til þess styrk úr ríkissjóði, er nemur þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar samkvæmt úrskurði ráðherra.

Nú er sveitarfélag ekki aðili að rekstri heilsuverndarstöðvar í nágrenni þess, og má þó heilsuverndarstöðin með samþykki ráðherra taka að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir sveitarfélagið fyrir umsamið hæfilegt gjald, enda greiðist þriðjungur þess úr ríkissjóði.

2. gr.

Um heilsuverndarstarfsemi heilsuverndarstöðvar, til hverra heilsuverndargreina hún skuli taka og hversu hverja grein skuli rækja, fer eftir reglugerð, er hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja og ráðherra staðfestir.

Helztu heilsuverndargreinir eru:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd.
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Kynsjúkdómavarnir.
9. Geðvernd (þar með taldar áfengis- og deyfilyfjavarnir).
10. Almennar sjúkdómavarnir.
11. Aðstoð við fatlaða og vangefna.
12. Almennar þrifnaðarráðstafanir.

3. gr.

Í reglugerð skal ákveða, hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

4. gr.

Ef þess er æskt af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnum, að sjúkrasamlag (sjúkrasamlög) á starfssvæði stöðvarinnar taki þátt í greiðslu kostnaðar af rekstri stöðvarinnar, en samkomulag næst ekki um greiðsluna, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Tryggingarstofnunar ríkisins og samkvæmt kröfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, að úrskurða, að sjúkrasamlagið (sjúkrasamlögin) greiði allt að þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar, eða til jafns við greiðslu ríkissjóðs til stöðvarinnar.

Nú taka gildi ákvæði almannatryggingarlaga um heilsugæzlu, og færast þá greiðslur sjúkrasamlaga til heilsuverndarstöðva yfir á þá starfsemi.

5. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, að mati ráðherra, að komið sé upp sérstökum byggingum til rekstrar heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum, fer um þær framkvæmdir og styrk úr ríkissjóði til þeirra sem um sjúkrahúsbyggingar sveitarstjórna samkvæmt sjúkrahúsalögum.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. maí 1955. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 64 1. desember 1944, um heilsuverndarstöðvar, og enn fremur 76. og 77. gr. l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, að því er tekur til heilsuverndarstöðva.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög um heilsuverndarstöðvar voru fyrst sett fyrir tæpum áratug (lög nr. 64 1. desember 1944). Tveimur árum síðar voru lögin um almannatryggingar samþykkt á Alþingi (lög nr. 50 7. maí 1946). Í hinum síðar nefndu lögum eru, eins og kunnugt er, ýmis ákvæði um rekstur heilsuverndarstöðva (75.—79. gr.), og áttu hin sérstöku lög um heilsuverndarstöðvar frá 1944 að mestu leyti að falla úr gildi, er almannatryggingarlögin kæmu til fullra framkvæmda. Nú hefur sú raun orðið á, að gildistöku heilsugæzlukafla almannatryggingarlaganna hefur fram til þessa verið frestað að undanskildum fáum greinum hans. Hefur þetta meðal annars haft mikil óþægindi í för með sér fyrir heilsuverndarstarfsemina í landinu, einkum þar sem enn virðist ríkja nokkur óvissa um, hvenær og hvort kafli þessi komi til fullra framkvæmda.

Í 76. gr. almannatryggingarlaganna er svo fyrir mælt, að heilsuverndarstöðvum skuli komið upp í öllum kaupstöðum í landinu. Enda þótt þetta sé önnur af þeim tveimur greinum heilsugæzlukafla almannatryggingarlaganna, sem í gildi eru, hafa engar heilsuverndarstöðvar verið settar á stofn síðan árið 1938. Þannig eru enn aðeins 6 af 13 kaupstöðum í landinu, er reka slíkar stöðvar. Stafar þetta af því, að hin lögboðna forusta bæjarfélaganna í þessu efni hefur brugðizt, og eigi síður af hinu, að þrátt fyrir ábendingar til Alþingis um nauðsyn aukinna fjárveitinga í þessu skyni, hefur fram til þessa eigi fengizt nægilegt fjárframlag frá ríkinu til styrktar nýjum stöðvum, er tekið hefðu til starfa, en það hefur leitt til þess, að fyrirsvarsmenn heilbrigðismála ríkisins hafa hliðrað sér hjá að hvetja bæjarfélög til aukinnar heilsuverndarstarfsemi.

Af framangreindum ástæðum þykir ekki verða komizt hjá að leysa kaupstaðina undan þeirri kvöð, sem á þeim hefur hvílt í þessu efni. Þess vegna er í 1. gr. frumvarps þessa ekki gert ráð fyrir, að allir kaupstaðir reki heilsuverndarstöðvar, heldur aðeins þeir, er sjá sér hag í slíku og taka sig fram um það. Ber þá ríkinu skylda til að greiða ⅓ hluta eðlilegs kostnaðar af rekstrinum, eins og verið hefur.

Í 2. gr. frumvarpsins eru aðalþættir heilsuverndar greindir, en bæjarfélögum í sjálfsvald sett, hverja þætti þau taka sér fyrir hendur að rækja.

Í 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir, að stöðvarnar starfi eftir reglugerð, er hlutaðeigandi sveitarfélög semja, en ráðherra staðfestir, og verði þar m. a. ákveðið, hversu stjórn þeirra skuli hagað.

Fram til þessa hafa aðalþættir heilsuverndar þeirrar, er rekin hefur verið af íslenzkum heilsuverndarstöðvum, verið sem hér segir:

1. Berklavarnir.
2. Mæðravernd.
3. Ungbarnavernd.

Í kaupstöðum, sem rekið hafa heilsuverndarstöðvar, hafa stöðvarnar ekki haft á hendi skólaeftirlitið, þó að í hinum smærri kaupstöðum hafi sama starfslið að miklu leyti annazt hvort tveggja, starfsemi heilsuverndarstöðvar og skólaeftirlit. Allur kostnaður af skólaeftirlitinu hefur verið greiddur með öðrum kostnaði af skólahaldinu. Kostnaður vegna rekstrar heilsuverndarstöðvanna hefur hins vegar verið greiddur að ⅓ af hlutaðeigandi bæjarfélagi, ⅓ af hlutaðeigandi sjúkrasamlagi og ⅓ af ríkinu.

Þar sem svo kann að fara, er verksvið stöðvanna víkkar, að sjúkrasamlög telji sér verða ofþyngt með slíkum gjöldum, svo sem vegna heilbrigðiseftirlits í skólum, kynsjúkdómavarna o. fl., sem þeim hefur verið óviðkomandi til þessa, er svo kveðið á í 4. gr. frumvarpsins, að leitað skuli samninga við hlutaðeigandi sjúkrasamlag um

þessar greiðslur, en náist ekki samkomulag, úrskurði ráðherra um greiðslurnar. Er þá ætlazt til, að tekið sé tillit til greiðslugetu samlagsins. Því meiri ástæða er til að gæta í þessu efni hagsmuna sjúkrasamlaganna sem gera má ráð fyrir, að starfssvið heilsuverndarstöðva samkvæmt ákvæðum 2. greinar frumvarpsins geti orðið miklu víðtækara en verið hefur og jafnvel farið út fyrir það svið, er sjúkratryggingarnar taka til.

Eðlilegt þykir, að styrkur ríkisins til byggingarframkvæmda vegna heilsuverndarstöðva sé hinn sami og nú tíðkast um sjúkrahús. 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um þetta atriði, er að efni til samhljóða 77. gr. í heilsugæzlukafla almannatryggingarlaganna.

Ed. 428. Nefndarálit [111. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta. Sömuleiðis hefur hún tekið breytingartillögu á þskj. 390 til athugunar. Með tilvísun til greinargerðar frv. leggur nefndin til, að frv. verði samþ. ásamt fram kominni breytingartillögu.

Alþingi, 3. marz 1955.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson, frsm.

Ingólfur Flygenring. Guðm. Í. Guðmundsson.

Ed. 429. Frumvarp til laga [166. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Flm.: Jóhann Jósefsson.

1. gr.

Aftan við 40. tölul. 1. gr. laganna kemur ný málsgr., svolátandi:

Í Vestmannaeyjum skulu vera tveir þjóðkirkjuprestar. Kirkjumálaráðherra setur, að fengnum tillögum biskups, fyrirmæli um afstöðu þeirra hvors til annars, samband þeirra á milli og verkaskiptingu í söfnuðinum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt eindregnum tilmælum frá 1237 mönnum búsettum í Vestmannaeyjum. Það er einnig borið fram í samræmi við óskir núverandi sóknarprests og sóknarnefndar, eins og fram kemur í vísitazíu biskups, er fram fór í Vestmannaeyjum hinn 13. febrúar s. l. Þar segir svo: „Sóknarprestur og sóknarnefnd eru sammála um það, að æskilegt sé, að tveir þjóðkirkjuprestar verði í Vestmannaeyjum til enn meiri eflingar kirkjulegu starfi og kristilegri menningu.“

Samkvæmt upplýsingum hagstofunnar var íbúatala í Vestmannaeyjum hinn 1. des. s. l. 4056, en á vetrarvertíð er þar, sem kunnugt er, hinn mesti sægur aðkomufólks. Vegna legu eyjanna er þar örðugra að fá þjónustu nágrannapresta í forföllum sóknarprests en annars staðar á landinu. Styrkir þetta enn nauðsyn þess, að tveir sóknarprestar séu þar starfandi. Var og svo fram á 19. öld, eða þar til Vestmannaeyjar voru gerðar að einu prestakalli með konungsbréfi 7. júní 1837.

Þess skal að lokum getið, að frumvarp þetta er stutt af biskupi landsins og auk þess hefur kirkjumálaráðherra tjáð sig vinveittan því.

Nánar í framsögu.

Nd. 430. Frumvarp til laga [167. mál]

um samræmingu á mati fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Á árinu 1955 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins og 2 til vara. Fjármálaráðherra tilnefnir þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einnig tilnefnir ráðherra varaformann.

3. gr.

Til viðbótar gildandi fasteignamati skal meta allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því matið fór fram. Einnig skal meta öll hús og mannvirki, sem reist hafa verið frá 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en sem láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.

Öll þessi mannvirki skulu metin eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat.

4. gr.

Skattstjórar og yfirskattanefndir skulu ásamt undirskattanefndum vera landsnefndinni til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta í té þær upplýsingar og tillögur, sem landsnefndin telur nauðsynlegar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal láta landsnefnd í té skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1954. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign.

6. gr.

Þegar búið er að meta umbætur, sem gerðar hafa verið frá því aðalmat fór fram, sbr. 3. gr., skal landsnefnd flokka allar fasteignir. Flokkunin miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400% eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Þegar endurskoðun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðherra gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna. Skal sú skrá send ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum, oddvitum, bæjarstjórum og skattstjórum.

Fjármálaráðherra ákveður hvenær hið nýja mat gengur í gildi.

8. gr.

Kostnað allan við endurskoðun fasteignamatsins greiðir ríkissjóður eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.

9. gr.

Þegar nýtt fasteignamat samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal ríkisstjórnin láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo og lögum nr. 66/1921, um fasteignaskatt, og miðist endurskoðunin við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats sbr. 6. gr. laganna falla úr gildi allar ákvarðanir stjórnvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Fasteignamat það, er nú gildir, er frá 1942, en verðlagsgrundvöllur sá, er fasteignamatið er byggt á, er frá árunum 1938—1939.

Á tímabilinu frá 1940 og til 1955 hafa ekki aðeins orðið stórfelldar verðlagsbreytingar, heldur hafa einnig orðið meiri breytingar á einstökum eignum en dæmi eru til með þjóð vorri á jafnstuttu tímabili. Ný hús hafa reyndar verið metin aukafasteignamati ár hvert, en allar ræktunarumbætur frá 1942 eru ómetnar, auk þess sem verðgildi fasteigna í einstökum byggðarlögum hefur breytzt vegna framkvæmda þess opinbera, svo sem hafnarbóta, vegalagninga o. s. frv. Í fasteignamatslögunum frá 1945 er gert ráð fyrir, að milli þess er aðalmat fer fram (næsta aðalmat á að framkvæma 1965) megi breyta matsverði fasteigna með lögum, ef verðgildi peninga breytist verulega. Ýmsar ástæður valda því, að ekki er fært að breyta matsverði fasteigna jafnt um land allt, og skulu hér aðeins nefndar nokkrar.

a. Til eru heil byggðarlög, sem bókstaflega hafa farið í eyði frá því 1942, og fasteignir þar því nær verðlausar.
b. Ræktunarframkvæmdir hafa verið mjög mismunandi. Á einni jörð er nú e. t. v. 20 hekturum stærra tún en 1942, en á annarri jörð hafa engar framkvæmdir verið gerðar.
c. Opinberar framkvæmdir, svo sem vegir, sími, rafmagn o. fl., hafa breytt verðhlutföllum milli byggðarlaga.
d. Hafnarbætur og atvinnuskilyrði einstakra kaupstaða og kauptúna hafa gerbreytzt frá 1942, og veldur það meiri verðhækkun fasteigna á einum stað en öðrum.

Margt fleira mætti telja, sem því veldur, að flokka þarf fasteignir eftir byggðarlögum, þegar til breytinga kemur á fasteignamatinu. Mjög almenn óánægja er orðin með gildandi fasteignamat, t. d. krafðist Búnaðarþing 1954 þess, að fasteignamatið yrði fært til meira samræmis en nú er, enda gætir orðið mjög mikils ósamræmis á milli jarðeigna. Stafar það einkum af mismunandi jarðræktarframkvæmdum og hinu niðurfærða húsaverði í sveitum.

Um einstakar greinar frumvarps þessa er ekki ástæða til að fara mörgum orðum, en þó verður ekki hjá því komizt að drepa sérstaklega á efni 6. og 9. gr.

Frumvarp til laga um endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 hefur tvisvar verið borið fram áður, en ekki náð samþykki Alþingis, að því er virðist vegna ótta við það, að yrði fasteignamatið fært til samræmis við peningagildi, þá mundi skattabyrði fasteignaeigenda reynast of þung.

Sjálfsagt eru skiptar skoðanir um það, hvort rétt sé að vernda fasteignir fyrir sköttum frekar en aðrar eignir. En um hitt munu tæpast skiptar skoðanir, að nauðsynlegt er, að samræmi sé í mati fasteigna innbyrðis, þar sem margs konar gjöld eru miðuð við fasteignamat. Ákvæði 6. greinar um hámarkshækkun ætti að tryggja fasteignaeigendum, að ekki yrði of langt gengið í þessu efni.

Flokkun fasteigna, sbr. 6. gr. frv., í mismunandi flokka á að tryggja, að innbyrðis samræmi náist. Í 9. gr. eru svo ákvæði, sem miða að því, að eignarskattur og fasteignaskattur skv. l. 66/1921 verði lækkaður, sem svarar þeirri skatthækkun, sem hækkað fasteignamat getur valdið.

Í 9. gr. eru einnig ákvæði, sem eiga að tryggja það, að fasteignagjöld, t. d. til bæjar- og sveitarfélaga, hækki ekki sjálfkrafa í samræmi við hækkað fasteignamat, heldur verða þessir aðilar að gera um þau nýjar ákvarðanir eftir að nýtt mat tekur gildi, ef hækka á gjöldin.

Nd. 431. Frumvarp til laga [5. mál]

um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með áorðnum breytingum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á eftir VII. kafla laganna komi nýr kafli, VIII. kafli, Um reiðhjól með hjálparvél, með fjórum greinum (verða 41.—44. gr.), svo hljóðandi:

a. (41. gr.) Reiðhjól með hjálparvél nefnist í lögum þessum sérhvert reiðhjól, sem í er aflvél minni en 1 hestafl, þó ekki yfir 50 rúmcentimetra strokkrúmmál og ekki yfir 50 kg. að þyngd.

b. (42. gr.) Enginn má stýra reiðhjóli með hjálparvél, nema hann sé orðinn 15 ára að aldri og hafi næga kunnáttu í akstri og umferðarreglum að dómi lögreglustjóra, svo og næga andlega og líkamlega hreysti. Lögreglustjórar veita mönnum heimild til að stýra reiðhjólum með hjálparvél, og skal heimildin rituð í innlend vegabréf heimildarhafa gegn gjaldi, sem dómsmálaráðherra ákveður.

Umsókn um leyfi til að stýra reiðhjóli með hjálparvél skal fylgja vottorð bifreiðaeftirlitsmanns um, að umsækjandi hafi næga hæfni til að stjórna slíku reiðhjóli og þekki umferðarreglur. Verði vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns ekki aflað án verulegrar fyrirhafnar og tafar, skal umsækjandi snúa sér til lögreglustjóra, sem felur hæfum manni að reyna aksturskunnáttu umsækjanda og hæfni hans að öðru leyti til að aka reiðhjóli með hjálparvél. Kemur vottorð þess manns í stað vottorðs bifreiðaeftirlitsmanns. Merkja skal hjól sérstaklega sem æfingahjól, meðan þau eru notuð þannig.

c. (43. gr.) Fyrir skrásetningu og skoðun reiðhjóla með hjálparvél skal greiða gjald í ríkissjóð, en upphæð þess ákveður dómsmálaráðherra með reglugerð.

Reiðhjól með hjálparvél skulu undanþegin bifreiðaskatti og ökumannstryggingu, en að öðru leyti gilda um þau, ökumenn þeirra, eigendur, tryggingar og akstur, ákvæði laga þessara eftir því sem við á, svo og ákvæði laganna um refsingar og sviptingu réttinda.

d. (44. gr.) Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um gerð reiðhjóla með hjálparvél, skrásetningu þeirra, skoðun og akstur, svo og útgáfu ökuréttinda og undirbúning þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 432. Frumvarp til laga [104. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Við fyrri málsgr. 2. gr. laganna bætist:

Nú hefur hreppur farið í eyði, og skal þá hlutaðeigandi sýslunefnd sjá um framkvæmd samkvæmt þessari grein á því svæði, sem hreppnum heyrði til.

2. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Nú vinnst hlaupadýr, og á þá sá, er vinnur, 180 kr. verðlaun fyrir hvert dýr, er hann sannar fyrir oddvita að hafa unnið, og á sama hátt 90 kr. fyrir hvern mink.

3. gr.

Í stað 1. málsl. 10. gr. laganna komi:

Skylt er að eitra fyrir refi og minka ár hvert í afréttum og heimalöndum. Stýfa skal hægri væng fugla þeirra, sem eitraðir eru.

4. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 13. gr. laganna bætist:

Landbúnaðarráðherra lætur gera eyðublöð undir skýrslur um eyðingu refa og minka. Skulu eyðublöðin þannig gerð, að þau sýni kostnað og árangur af hverri tegund vinnslu. Eyðublöð þessi sendist þeim, er reikningshald hafa vegna vinnslunnar á hverjum stað. Skulu þeir útfylla eyðublöðin og senda þau árlega til Búnaðarfélags Íslands.

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi.

Ákvæði laga þessara skulu einnig gilda um kaupstaði, eftir því sem við á. Bæjarfógetar (í Reykjavík borgarfógeti) og bæjarstjórnir hafa þó sömu skyldur og sýslumenn og sýslunefndir (hreppsnefndir).

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 433. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur nokkuð kynnt sér mál það, er hér er um að ræða, og er ljóst, að nauðsynlegt er að halda áfram byggingu landshafnarinnar, því að útgerð þar syðra, einkum í Keflavík, er undirstöðuatvinnuvegur héraðanna. Að vísu hefur miklu fé verið varið til landshafnarinnar, en mikið vantar á að ljúka þessum framkvæmd-

um. Sívaxandi tekjur hafnarsjóðs benda til, að hægt verði að standa undir vöxtum og afborgunum vegna hafnargerðarinnar í framtíðinni.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1955.

Jóhann Þ. Jósefsson, form. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Ingólfur Flygenring, frsm.
Guðm. Í. Guðmundsson. Bernh. Stefánsson.

Ed. 434. Nefndarálit [151. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og telur sanngjarna þá breytingu, sem farið er fram á, en það er að hækka arðsúthlutun úr 5% í 6%. Eins og réttilega er bent á í frv. á þskj. 362, er mikill munur á sparisjóðsvöxtum 1947, þegar lögin mæltu svo fyrir, að arður skyldi greiddur með 5%, en þá voru innlánsvextir nærri þrefalt lægri en nú. — Nefndin mælir því einróma með, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 4. marz 1955.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr., frsm. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Sþ. 435. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um aukið öryggi í heilbrigðismálum.

Flm.: Gísli Jónsson, Sigurður Ágústsson, Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta athuga í samráði við landlækni, Tryggingastofnun ríkisins, Ljósmæðrafélag Íslands og Hjúkrunarkvennafélag Íslands, á hvern hátt umdæmum og sjúkrahúsum verði bezt tryggðir starfskraftar til aukins öryggis um nauðsynlega aðstoð, einkum í sambandi við barnsfæðingar, farsóttir og slys, m. a. með því að samræma meira en gert er heilsugæzlu, hjúkrunarstörf og ljósmóðurstörf um land allt, eftir því sem við yrði komið, og að taka upp nána samvinnu um þessi mál öll á milli hlutaðeigandi aðila. Jafnframt skal athuga kjör hjúkrunarkvenna og ljósmæðra og hvort ekki sé rétt, að þetta starfslið þjóðarinnar taki laun sín úr ríkissjóði. Þyki ríkisstjórninni að lokinni athugun ástæða til, að gerðar verði breytingar á gildandi lögum um þessi mál, þá láti hún undirbúa þær lagabreytingar og leggi þær í frumvarpsformi fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Bylting sú í atvinnuháttum og tækni, sem á síðustu 15 árum hefur átt sér stað á landi hér, hefur óhjákvæmilega orsakað margvíslega röskun í þjóðlífinu og skapað

jafnframt alls konar vanda, er þjóðin verður að horfast í augu við og leysa, eftir því sem frekast er unnt á hverjum tíma. Mannfrekar framkvæmdir, sem lofa miklum og skjótum gróða, kalla á fólkið, sem árum saman hefur barizt í bökkum við erfið störf, seintekinn arð og lífsþægindi af skornum skammti, og bjóða því gull og græna skóga, vilji það aðeins yfirgefa óðul og arf feðranna og fleygja sér í straumiðu mikilla tækifæra, sem flesta eða alla beri að ströndum mikilla gæða, en minnkandi fórna. Þessi köll hins mikla herlúðurs bergmála um land allt, út um annes og inn til dala, og ómurinn seiðir til sín kjarnann frá sveitum landsins. Allt of víða sitja hjónin ein eftir með ófleygan barnahóp, eða jafnvel aðeins annað hjónanna, sem árum saman leitar árangurslaust að meðhjálp í hinni erfiðu baráttu.

Öryggi þessa fólks, ef veikindi eða slys ber að höndum, er minna en svo, að það sé verjandi að hefjast ekki handa um að bæta úr því eftir fremsta megni, því að ofan á alla erfiðleika þess bætist kvíðinn fyrir fullkomnu varnarleysi, ef veikindi ber að höndum og kraftarnir þverra, venjulega langþyngsta þrautin.

Alþingi hefur á margvíslegan hátt sýnt, að það hefur fullan skilning á þeim vanda, sem hér steðjar að þjóðinni, og hefur enda gert ýmislegt til þess að tryggja öryggi þessa fólks, svo sem með lagningu síma um sveitir landsins, fjölgun lækna, byggingu sjúkrahúsa og sjúkraskýla, stuðningi við sjúkraflug, slysavarnir o. m. fl. Hefur þetta allt sumpart dregið úr flóttanum og sumpart gert þeim mögulegra að staðnæmast, sem enn hafa lokað eyrum fyrir hinu mikla kalli.

En hér þarf enn meiri umbóta við, ef að gagni á að verða. Mörg hin afskekktustu héruð eiga mjög undir högg að sækja að geta tryggt sér ljósmæður, en það er þó eitt af frumskilyrðunum í öryggismálunum, sem verður að uppfylla, að kona, sem tekur að sér það hlutverk að viðhalda lífinu, geti hvenær sem er leitað þeirrar aðstoðar, sem henni er nauðsynleg hér að lútandi, og allra þeirra upplýsinga, sem hvort tveggja í senn stuðla að því að lina þjáningar hennar og tryggja líf og heilsu hennar og fóstursins. Hér er um svo mikilsvert atriði að ræða, að hver vanræksla á því sviði skapar sár, er menn bera um ævilöng ár. Kvíðinn einn og umhugsun konunnar um öryggisleysið á meðgöngutímanum getur valdið slíku tjóni, að hvorki móðir né barn fái borið sitt barr um alla ævi.

Þá er það og kunnugt, að mjög erfiðlega hefur gengið á hinum síðari tímum að fá æft hjúkrunarlið í sjúkrahúsin. En þar sem vitað er, að hjúkrunin er hálf lækning sjúkra, er það mikils virði, að hér verði engin vanhöld, heldur verði allt gert til þess, að þessi stétt sé jafnan skipuð nægilegum fjölda af góðum starfsmönnum, ekki einasta í hinum stóru sjúkrahúsum, heldur og engu síður við hin mörgu sjúkraskýli víðs vegar um landið. Kæmi þar m. a. til greina, hvort ekki væri unnt að sameina þar ljósmóðurstörfin og hjúkrunina. Eins og kunnugt er, ber slysin að höndum á öllum stöðum landsins, bæði á sjó og landi. Það er því höfuðnauðsyn að geta haft sem auðveldastan aðgang að hjúkrun á sem flestum stöðum á landinu.

Það er jafnan látið í veðri vaka, að erfiðleikar á því að fá fólk til þessara starfa, stafi af því, hve kjör þess séu kröpp. Um það fellum við flm. engan dóm, en hitt er ljóst, að þá hlið málsins ber að sjálfsögðu einnig að athuga. Einkum ber þá jafnframt að athuga, hvort ekki sé unnt að bæta kjörin með því að auka starfið jafnhliða, svo sem að framan er bent á, þar sem það hentar, m. a. vegna bættra samgangna og lækkandi tölu íbúa. Þá ber og að athuga, hvort ekki ætti að launa þessa þjónustu af ríkisfé eingöngu og losa þar með héruðin við þann kostnað, sem henni er nú samfara. Sýnist í því full sanngirni. En öll þurfa þessi atriði að ræðast sameiginlega við viðkomandi aðila.

Þál. sjálf út af fyrir sig þarf ekki að hafa neinn verulegan kostnað í för með sér, þar sem hér er um að ræða söfnun gagna, sem embættismenn þeir, er með heilbrigðismálin fara, geta aflað, en á þeim þarf síðan að byggja tillögur til umbóta. Þær tillögur kunna hins vegar að hafa í för með sér einhver útgjöld, ef lögleiddar yrðu, en um það er ekkert vitað á þessu stigi málsins. Hitt er ljóst, að engum eyri er betur varið en þeim, sem veittur er til að lina þjáningar, skapa

meira öryggi í heilbrigðismálum og hraustari kynslóð. Slík útgjöld koma fljótt aftur í bættri afkomu og meiri afköstum. Þess er því vænzt, að þáltill. verði samþykkt og ríkisstjórnin láti síðan fara fram á þessu ári þá athugun, sem þáltill. kveður á um.

Ed. 436. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til laga um Brunabótafélag Íslands.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 27. gr. komi svo hljóðandi

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. 20. gr. skulu gildar þær úrsagnir, sem koma fram 3 mánuðum fyrir 15. október 1955.

Ed. 437. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Fyrir „þrír“ í 4. tölul. komi: fjórir.
   b. Fyrir „þrenn“ í 5. tölul. komi: fjórum.
2. Við 5. gr. Fyrir orðin „í kauptúnum“ í 2. málsgr. komi: í hreppum.
3. Við 7. gr.
   a. Orðið „kauptúns“ í 2. málsgr. falli niður.
   b. Fyrir orðið „kauptúnsins“ í lok sömu málsgr. komi: hreppsins.
4. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn bókasafns skal skipuð 3—5 mönnum, kosnum af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem safnið er staðsett, og sýslunefnd.
5. Við 11. gr. Fyrir „sbr. 13. gr.“ komi: sbr. 12. gr.
6. Við 27. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.
7. Á eftir 28. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til.
8. Á eftir 29. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1956.

Nd. 438. Frumvarp til laga [169. mál]

um atvinnuleysistryggingar.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Hannibal Valdimarsson, Eggert Þorsteinsson, Einar Olgeirsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Félög karla og kvenna, sem vinna hvers konar daglaunavinnu, svo og annarra, sem vinna fyrir launum við sams konar vinnu, svo sem sjómenn, starfsfólk við

iðju, iðnaðarmenn, verzlunar- og afgreiðslufólk, skrifstofufólk, starfsmenn við flutninga á mönnum og vörum, þjónustufólk í veitingahúsum og önnur sambærileg félög, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði innan félagsins, eiga rétt á staðfestingu atvinnumálaráðherra sjóðnum til handa og hlunnindum samkvæmt lögum þessum, ef hann fullnægir þeim skilyrðum, sem lög þessi ákveða. Stjórn atvinnuleyissjóðs skal skipuð 3 mönnum, sem kosnir skulu í viðkomandi félagi með sama hætti og stjórn félagsins.

2. gr.

Markmið atvinnuleysissjóðs er að tryggja sjóðsfélaga gegn atvinnuleysi, ef það stafar ekki af þeim sökum, sem um getur í 7. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að atvinnuleysissjóður geti fengið staðfestingu ráðherra, eru:

1. Að sjóðsfélagar séu ekki færri en 15 og vinni að sömu eða svipaðri starfsgrein eða eigi við svipuð vinnuskilyrði að búa.
2. Að félagið sé heimilisfast í einhverjum kaupstaðanna eða kauptúnanna og sjóðsfélagar allir búsettir í kaupstaðnum, kauptúninu eða nágrenni.
3. Að samþykktir atvinnuleysissjóðsins og starfstilhögun sé í samræmi við það, sem hér fer á eftir.

4. gr.

Félög þau, sem stofnað hafa atvinnuleysissjóði, skulu setja þeim samþykktir. Samþykktirnar skulu staðfestar af ráðherra, að fengnum tillögum Tryggingastofnunar ríkisins. Á sama hátt skal fara um breytingar á samþykktum.

5. gr.

Engum má neita um að gerast sjóðsfélagi, ef hann fullnægir upptökuskilyrðum þeim, sem sett eru í lögum þessum, enda sé hann fullra 16 ára að aldri.

6. gr.

Í samþykktum skal ákveða árstillag sjóðsfélaga og hvernig þau skuli greiðast. Fé sjóðsins skal ávaxtað með tryggum hætti og þannig, að ávallt sé nægilega mikið af því handbært. Einnig skal í samþykkt ákveðið um styrkveitingar úr sjóðnum, og má veittur styrkur aldrei nema meiru en ⅔ af þeim launum, sem á sama tíma eru greidd í viðkomandi starfsgrein.

Í samþykktum skal einnig ákveða, hve langur biðtími skuli líða til þess er sjóðsfélagi á rétt til styrks, og má sá tími vera mismunandi langur eftir því, hver starfsgreinin er.

7. gr.

Staðfestur atvinnuleysissjóður má ekki veita atvinnuleysisstyrk:

1. Til manna, er þátt taka í verkfalli eða verkbann nær til.
2. Til þeirra manna, er njóta slysa-, sjúkra- eða örorkustyrks samkv. lögum um almannatryggingar eða eru á opinberu framfæri vegna langvarandi veikinda.
3. Til þeirra, sem misst hafa atvinnu af ástæðum, sem þeir eiga sjálfir sök á, svo sem vegna drykkjuskaparóreglu.
4. Til þeirra, sem sviptir eru frelsi sínu að opinberri tilhlutun.
5. Til þeirra, sem neita vinnu, er þeim býðst að tilhlutun vinnumiðlunarskrifstofu samkv. lögum um vinnumiðlun, eða á annan hátt, svo að sannað sé, þó því aðeins, að ekki hvíli verkfall eða verkbann á vinnunni og kaupgjald og vinnutími sé í samræmi við taxta eða kjarasamninga viðkomandi verkalýðsfélags, eða annað vandhæfi á vinnunni, sem stjórn verkalýðsfélags tekur gilt.

6. Til þeirra, sem hafa eða gætu sannanlega haft þær árstekjur, að nægi þeim til fulls framfæris fyrir sig og þá, sem þeir hafa á framfæri sínu.

8. gr.

Stofnfé atvinnuleysissjóða skal vera:

Þær þrjár milljónir króna, ásamt vöxtum af þeim, sem geymdar eru í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943, sbr. lög nr. 50 7. maí 1946.

Stofnfé þessu skal skipta hlutfallslega miðað við félagatölu milli þeirra atvinnuleysissjóða, sem stofnaðir hafa verið og viðurkenndir samkv. lögum þessum fyrir 1. janúar 1956.

9. gr.

Tekjur atvinnuleysissjóða skulu vera sem hér segir:

1. Þeir, sem hafa sjóðsfélaga í atvinnuleysissjóði í þjónustu sinni, skulu greiða í viðkomandi atvinnuleysissjóð sem svarar 4% af heildarupphæð þeirra vinnulauna, er sjóðsfélagar vinna fyrir hjá þeim. Aflahlutur og hvers konar greiðslur í öðru en peningum fyrir unnin verk teljast vinnulaun.
2. Ríkissjóður greiðir árlega til atvinnuleyissjóðanna 150 kr. á hvern félaga sjóðsins, að viðbættri fullri verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu.
3. Bæjar- og sveitarsjóðir greiða árlega til atvinnuleyissjóðsins í viðkomandi bæjar- og sveitarfélagi upphæð, sem nemur helmingi framlags ríkissjóðs samkv. 2. tölulið.
4. Iðgjöld, sem sjóðsfélagar kunna að greiða samkv. samþykktum sjóðanna.

Gjöld þau, sem atvinnurekendum ber að greiða samkvæmt 1. tölul., skulu innheimt ásamt tryggingargjöldum samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 50 frá 7. maí 1946.

10. gr.

Stjórn staðfests atvinnuleysissjóðs skal árlega senda Tryggingastofnun ríkisins endurskoðaða reikninga sjóðsins, og skal Tryggingastofnunin hafa eftirlit með því, að sjóðurinn starfi lögum samkvæmt. Hefur hún rétt til að krefjast skýrslna um allt, sem sjóðinn varðar, og aðgangs að skjölum hans og skilríkjum.

11. gr.

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna ráðherra stofnunina. Ráðherra skal innan eins mánaðar ákveða, hvort sjóðurinn hlýtur staðfestingu eða eigi. Hljóti sjóðurinn staðfestingu, nýtur hann frá byrjun næsta ársfjórðungs þeirra réttinda, sem lög þessi ákveða, þ. á m. framlaga ríkisins og bæjar- og sveitarfélaga samkv. 2. og 3. tölulið 9. gr., í hlutfalli við það, sem er eftir ársins.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða:

Atvinnuleysissjóðir, sem stofnaðir verða og viðurkenningu hljóta á tímabilinu frá gildistöku laganna og til 1. jan. 1957, eiga rétt á að fá greitt upp í stofnfé sitt samkv. 8. gr. fjárhæð, sem nemi 200 kr. á hvern sjóðsfélaga.

Að þessu tímabili liðnu skal jafnframt efnt til endurskoðunar á lögum þessum. Skal við þá endurskoðun höfð hliðsjón af reynslu þeirri, sem fengizt hefur, og tekið til sérstakrar athugunar, hvort heppilegra væri að fela einum atvinnuleysissjóði eða einni stofnun atvinnuleysistryggingar um landið allt.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa verið flutt bæði frv. og till. til þál. um, að teknar verði upp atvinnuleysistryggingar. Frv. samhljóða þessu hefur verið flutt á nokkrum undanförnum þingum af þingmönnum Sósíalistaflokksins. Af hálfu Alþýðuflokksins hafa verið fluttar till. til þál. um skipun nefndar til þess að undirbúa frv. um atvinnuleysistryggingar. Mál þessi hafa ekki hlotið afgreiðslu. Stjórnarflokkarnir virðast engan áhuga hafa haft á málinu, og hefur það þó haft eindreginn stuðning alþýðusamtakanna í landinu.

Frv. þetta fékkst þó einu sinni afgreitt frá nefnd, en það var á þinginu 1952. Minni hluti heilbr.- og félagsmálanefndar, þeir Jónas Árnason og Gylfi Þ. Gíslason, lagði til, að frv. yrði samþykkt með lítils háttar breytingu á bráðabirgðaákvæðinu. Fulltrúar stjórnarflokkanna, sem mynduðu meiri hluta nefndarinnar, lögðu til, að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar, og var álit meiri hlutans samþykkt.

Í desemberverkföllunum 1952 var það ein af aðalkröfum verkalýðssamtakanna, að komið yrði á fót atvinnuleysistryggingum. Þeirri kröfu var þó ekki fullnægt, og reyndist samninganefnd atvinnurekenda ófáanleg til að fallast á fyrir sitt leyti þessa sjálfsögðu kröfu verkalýðssamtakanna. Sama var að segja um trúnaðarmenn ríkisstjórnarinnar. Þeir virtust litinn áhuga hafa á slíku máli sem atvinnuleysistryggingum.

Mörg undanfarin ár hafa fjölmörg verkalýðsfélög víðs vegar um land allt samþykkt ákveðnar áskoranir til Alþingis um að setja lög um atvinnuleysistryggingar og nú síðast 24. þing Alþýðusambands Íslands, sem setti fram og samþykkti einróma kröfu til Alþingis og ríkisstjórnarinnar um, að nú á þessu þingi yrðu samþykkt lög um fullkomnar atvinnuleysistryggingar, sem væru látnar koma til framkvæmda hið bráðasta. Áður höfðu verið gerðar einróma samþykktir í þessu máli á tveim eða þrem þingum A. S. Í.

Verkamannafélagið Dagsbrún, ásamt fjölmörgum verkalýðsfélögum víðs vegar um land allt, hefur samþykkt áskoranir til Alþingis og ríkisstjórnar, þar sem skorað hefur verið á þessa aðila að samþykkja frumvarpið.

Allar óskir og kröfur verkalýðssamtakanna í þessu mikla hagsmuna- og réttlætismáli alþýðusamtakanna hafa til þessa verið að engu hafðar. Bak við kröfuna um, að komið verði á viðunandi atvinnuleysistryggingum, stendur íslenzk verkalýðshreyfing einhuga, og mun þeirri kröfu verða fylgt fast eftir. Mun reynast erfitt fyrir andstæðinga þessa máls að spyrna við fótum öllu lengur gegn þessu réttlætismáli — fremur en 8 stunda vinnudeginum og 12 stunda hvíld á togurum.

Enda þótt mikið hafi lagazt með atvinnu að undanförnu, sérstaklega á Suðvesturlandinu, þá er málið jafnbrýnt og fyrr. Í fjölmörgum bæjum og sjávarþorpum á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi er stöðugt atvinnuleysi marga mánuði á ári, hvernig sem árar í atvinnulífinu, og þó að nú sé sæmilegt atvinnuástand sunnan- og suðvestanlands, er ekkert hægt að fullyrða um það, hvort núverandi atvinnuástand verður til langframa.

Enn er því í fullu gildi það, sem sagt var í greinargerð frumvarpsins á þinginu 1952, en þar segir m. a.:

„Það er ekki sjáanleg nein stefnubreyting í fjárhags- og atvinnumálum þjóðarinnar, er valdið geti því, að hér skapist atvinnuöryggi, heldur þvert á móti.“

Og enn fremur segir á þessa leið:

„Það er því augljóst, að enda þótt verkamenn kjósi atvinnuöryggi fram yfir atvinnuleysistryggingar, þá verður ekki hjá því komizt að gera núverandi ástandi og horfum í þessum málum full skil og að þjóðfélagið verði að taka á sig viðeigandi skyldu, sé það ekki fært um að sjá öllum þegnum sínum fyrir atvinnu.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gerir einmitt ráð fyrir því, að þjóðfélagið taki nú á sig þessa skyldu. Gerir frumvarpið ráð fyrir stofnun atvinnuleysissjóða innan félaga launþega. Stofnfé þeirra skal vera sú upphæð (upphaflega 3 millj. kr.),

sem geymd er ásamt vöxtum í þessu skyni hjá Tryggingastofnun ríkisins samkv. lögum nr. 42 14. apríl 1943.

Til þess að gefa nokkra hugmynd um, hvaða trygging er fólgin í frv. þessu, ef að lögum yrði, skal hér tekið dæmi af félagi, sem telur um 3000 félaga, eins og Verkamannafél. Dagsbrún, og miðað við, að greidd vinnulaun á ári svari til þess, að sé greitt dagkaup alla virka daga. Ef gert er ráð fyrir, að styrkurinn yrði ⅔ dagkaupsins að meðaltali, mundi hann endast handa yfir 450 mönnum í 6 mánuði, eða 900 mönnum í 3 mánuði árlega, þótt ekki sé reiknað með stofnfénu og ekki sé gert ráð fyrir neinum iðgjöldum, sem félagsmenn greiddu sjálfir. Ef hins vegar þarf ekki að ganga á sjóðinn um nokkurt árabil, væri hægt að verja miklu fé úr honum til atvinnuframkvæmda, enda þótt búið yrði þannig um allar lánveitingar úr sjóðnum, að tryggt væri, að hann gæti jafnan staðið við löglegar skuldbindingar sinar. Hér er um að ræða mjög mikilsverða tryggingu til að halda uppi atvinnu. Þetta var einmitt höfuðröksemdin í greinargerð fyrir frumvarpi því um atvinnuleysistryggingu, sem Brynjólfur Bjarnason flutti í efri deild 1942 og var í öllum aðalatriðum á sömu leið og þetta frumvarp.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að verkalýðsfélögin ráði sem mest sjálf, hvernig tryggingunum er hagað, innan þeirra takmarka, sem lögin setja, svo sem um upphæð styrkja, biðtíma, aldurstakmörk, iðgjöld hinna tryggðu sjálfra o. s. frv. Verður það áreiðanlega affarasælast, þar sem aðstæður eru mismunandi í hinum ýmsu félögum og ýmsu atvinnugreinum.“

Þess er þó rétt að geta, að nokkurs skoðanamunar hefur gætt um það, hvern hátt væri heppilegast að hafa á framkvæmd atvinnuleysistrygginganna. Sumir flutningsmanna telja margt mæla með því, að einum sjóði eða einni stofnun og þá helzt atvinnustofnun ríkisins, sem oftar en einu sinni hefur verið flutt frv. um af hálfu Alþýðuflokksins, yrði falin framkvæmd atvinnuleysistrygginganna um land allt, þannig að auðveldara yrði að koma til hjálpar þeim stöðum, þar sem um sérstaka atvinnuerfiðleika er að ræða. En í frumvörpum þeim, sem Alþýðuflokkurinn hefur flutt um atvinnustofnun ríkisins, hefur verið gert ráð fyrir því, að verkefni hennar yrðu þessi: 1) Skráning vinnuafls þjóðarinnar og samning á launaskýrslum. 2) Atvinnuleysisskráning. 3) Vinnumiðlun. 4) Leiðbeiningar um stöðuval. 5) Vinnuþjálfun. 6) Skipulagning öryrkjavinnu. 7) Skipulagning unglingavinnu. 8) Ráðstöfun atvinnubótafjár. Ekki er þó rétt að láta ágreining um framkvæmdaatriði verða þess valdandi, að hugmyndin um atvinnuleysistryggingar nái ekki fram að ganga í einhverri mynd, ef þess er kostur, enda er gert ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæðinu, að lögin yrðu endurskoðuð á árinu 1957, og mætti þá hafa hliðsjón af þeirri reynslu, sem fengizt hefði varðandi heppilegasta tilhögun trygginganna.

Að síðustu má benda á, að í fjölmörgum löndum heims, svo sem í Englandi og á Norðurlöndum, eru og hafa verið mörg undanfarin ár atvinnuleysistryggingar. Það verður því ekki séð, hvers íslenzkur verkalýður á að gjalda, að vera settur skör lægra í þessu máli, en stéttarsystkini hans í nágrannalöndunum.

Það er margsannað mál, að íslenzkt verkafólk til sjávar og sveita skilar stórum meiri afköstum við vinnu, hvort sem er við vinnu á hafi úti eða í landi, en í nokkru öðru landi veraldar. Verkafólkið á Íslandi á því hina fyllstu kröfu á því, að búið sé að því á sem beztan og öruggastan hátt á öllum sviðum. Eitt af mörgu, sem þarf að gera til aukins öryggis og bættrar afkomu verkafólksins í landinu, er að koma á fót viðunandi atvinnuleysistryggingum. Það er ófrávíkjanleg krafa verkalýðshreyfingarinnar. Frá þeirri kröfu verður ekki hörfað.

Nd. **439. Frumvarp til laga** [143. mál]

um almenningsbókasöfn.

Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn heimavistarskóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík og Kjósarsýsla.
2. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
3. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
4. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
6. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
7. Dalasýsla.
8. Austur-Barðastrandarsýsla.
9. Vestur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
11. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
12. Strandasýsla.
13. Vestur-Húnavatnssýsla.
14. Austur-Húnavatnssýsla.
15. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
16. Siglufjörður.
17. Ólafsfjörður.
18. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
19. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
20. Norður-Þingeyjarsýsla.
21. Fljótsdalshérað, Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur.
22. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppar í Norður-Múlasýslu.
23. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
24. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
25. Austur-Skaftafellssýsla.
26. Vestur-Skaftafellssýsla.
27. Rangárvallasýsla.
28. Vestmannaeyjar.
29. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Hafnarfjörður. 3. Keflavík. 4. Akranes. 5. Borgarnes. 6. Stykkishólmur. 7. Búðardalur. 8. Reykhólar, 9. Patreksfjörður. 10. Þingeyri. 11. Ísafjörður. 12. Hólmavík. 13. Hvammstangi. 14. Blönduós. 15. Sauðárkrókur. 16. Siglufjörður. 17. Ólafsfjörður. 18. Akureyri. 19. Húsavík. 20. Kópasker. 21. Egils-

staðir. 22. Seyðisfjörður. 23. Neskaupstaður. 24. Eskifjörður. 25. Höfn í Hornafirði. 26. Vík í Mýrdal. 27. Hvolsvöllur. 28. Vestmannaeyjar. 29. Selfoss.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa.

Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum þeirra, sem varða atvinnulíf og almenna menntun.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 25. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal og skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar (sýslunefnda), enda sjái þessir aðilar safninu fyrir viðunandi húsnæði og leggi því rekstrarfé ásamt ríkissjóði samkv. lögum þessum og úrskurði reikninga þeirra.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 15.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins.

Á móti framlagi þessu greiðir ríkissjóður fjárhæð, sem nemur kr. 7.50 á íbúa staðarins. Nái íbúatala kaupstaðar 4000, skal þó framlag ríkissjóðs lækka um kr. 0.75 á íbúa og síðan um jafnháa fjárhæð við hverja 1000 íbúa, sem fram yfir eru 4000, unz framlag ríkissjóðs er komið niður í kr. 2.50 á íbúa, og skal það vera lágmarksframlag ríkissjóðs til bókasafns.

Eftir sömu reglum skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 0.50 á íbúa, unz það nemur kr. 10.00 á íbúa, sem einnig skal vera lágmark.

Framlög annarra aðila bókasafnshverfis, sýslufélags eða hluta sýslufélaga, skulu nema 3 krónum á íbúa, og greiði ríkissjóður kr. 2.50 á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfi, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal Hagstofan fyrir lok janúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera sundurliðuð þannig, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila ber að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög ríkissjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok marzmánaðar og hin síðari fyrir lok septembermánaðar. Um gjalddaga annarra framlaga fer eftir reglum, sem settar verða, skv. 28. gr.

8. gr.

Stjórn bókasafns skal skipuð 3—5 mönnum, kosnum af bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem safnið er staðsett, og sýslunefnd.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

Skulu stjórnarnefndarmenn kosnir að afstöðnum kosningum til bæjarstjórna og sýslunefnda og fyrir kjörtímabilið.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal ráða bókavörð og ákveða honum laun, hvort tveggja með samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa.

Hún skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, er safnið varðar.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt að fengnu samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af menntamálaráðuneytinu.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn og lestrarfélög.

11. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkvæmt lögum þessum (sbr. 12. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

12. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt.

Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 13. gr.).

13. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi

minna en kr. 5.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 5.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

14. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

15. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 13. gr. Nái fjárframlög ekki því lágmarki, sem þar er ákveðið, skal greitt úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum) það, sem á vantar.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 15. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, og 1 af hlutaðeigandi sveitarstjórn. Skulu þeir kosnir til 4 ára. Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.

17. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði, og skal jafnan geyma slík söfn í skólahúsi eða félagsheimili sveitarinnar, þegar þess er kostur.

18. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögum þessum.

Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal ráða safninu sérstakan bókavörð. Skal hún ásamt bókaverði sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem það tilheyrir.

20. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafnsins senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið ár.

21. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum líta eftir rekstri og bókakosti sveitarbókasafna og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra.

III. KAFLI
Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

22. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðsbókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum.

23. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 22. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 10.00 á nemanda miðað við nemendafjölda í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

24. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 22. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 25.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdarstjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar bækur þeirra skal binda í traust band jafnóðum sem því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal láta út úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

26. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því, sem hagkvæmt þykir.

Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

27. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga.

Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

28. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofu, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkvæmt lögum þessum.

Skulu reglur þessar samþykktar af hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og sveitarstjórn(um) og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Bókafulltrúi skal gefa safnstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur.

Ekkert safn skal njóta styrks úr ríkissjóði, fyrr en þessar reglur hafa verið settar.

29. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

30. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur.

Skal menntamálaráðherra setja honum erindisbréf um starf hans.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1956.

32. gr.

Með lögum þessum eru þau ákvæði laga nr. 1 frá 21. janúar 1944, er varða lestrarfélög, úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða:

Stjórnir bókasafna skulu kosnar fyrsta sinni fyrir júnílok 1955, og sitji þær þar til nýjar hafa verið kjörnar samkvæmt ákvæðum 8. og 14. gr. laganna.

Ed. 440. Frumvarp til laga [111. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir 46. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
Lónkotsmöl.

b. Á eftir 47. tölulið B-liðar komi nýr töluliður:
Reykhólar í Reykhólahreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 441. Frumvarp til laga [170. mál]

um lækningaferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955).

1. gr.

Það er hlutverk laga þessara að auðvelda fólki í byggðum, sem langt eiga að sækja til augnlæknis, háls- nef- og eyrnalæknis og tannlæknis að ná til þessara sérfræðinga og njóta þjónustu þeirra.

2. gr.

Í því skyni, sem í 1. gr. getur, semur ráðherra við nægilega marga hlutaðeigandi sérfræðinga um árlegar lækningaferðir um landið með viðkomu og hæfilega langri dvöl á þeim stöðum, þar sem ætla má, að þjónustu þeirra sé mest þörf og hennar verði auðveldast og almennast notið.

Þegar því verður við komið, skal fela einum sérfræðingi hverrar greinar að ferðast um tiltekinn landshluta, og ef unnt er þeim sérfræðingi, sem búsettur er í þeim landshluta.

3. gr.

Verja má fé úr ríkissjóði til styrktar lækningaferðum, eftir því sem fjárlög heimila á hverjum tíma.

Það er kvöð á því sveitarfélagi, þar sem sérfræðingur í lækningaferð samkvæmt lögum þessum hefur viðdvöl, að það sjái honum fyrir viðunandi ókeypis húsnæði til starfa sinna, svo sem í sjúkrahúsi eða læknisbústað staðarins, skólahúsi, samkomuhúsi eða annars staðar, eftir því sem á stendur.

4. gr.

Lög þessi ganga í gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi lög nr. 12 25. janúar 1934 um augnlækningaferðir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Augnlækningaferðir um landið að opinberri tilhlutan hafa lengi tíðkazt og gefið góða raun. Mun enginn telja eftir þá óverulegu fjárhæð, sem til þeirra er varið úr ríkissjóði.

Meðal almennings eru uppi háværar raddir um, að skipulagðar verði á svipaðan hátt lækningaferðir háls-, nef- og eyrnalækna, en enginn slíkur sérfræðingur er nú búsettur utan Reykjavíkur. Taka héraðslæknar mjög almennt undir þessar kröfur.

Tannlæknum fjölgar nú að vísu ört, en enn á það langt í land, að tannlæknar dreifist um landið, svo sem þörf væri á, Nokkuð hefur það bætt úr tannlæknaskortinum, að tannlæknar hafa að eigin frumkvæði ferðazt allvíða um landið, en á það þykir skorta, að þær ferðir séu nægilega reglubundnar og komi að svo almennum notum sem skyldi.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að skipuleggja þessar lækningaferðir í heild, þannig að þær megi verða að sem almennustum notum.

Til augnlækningaferða eru nú veittar á fjárlögum kr. 7200.00. Þó að sú fjárveiting yrði liðlega þrefölduð í því skyni að auka þessa þjónustu, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, verða það tæplega talin tilfinnanleg útgjöld.

Samráð hafa verið höfð við stéttarfélög lækna og tannlækna um efni þessa frumvarps, og stendur ekki á fylgi þeirra við það.

Nd. 442. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir 2. tölul. bætist nýr liður, svo hljóðandi:
   Starfsmenn við sjálfseignarstofnanir, er starfa í almenningsþágu og lúta stjórn, sem að öllu er skipuð eftir tilnefningu eða kosningu sveitarstjórnar, ríkisstjórnar eða Alþingis.
2. Við 8. gr. Við bætist svo hljóðandi málsgr.:
   Sá, sem við gildistöku þessara laga er sjóðfélagi, skal njóta fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár.

Nd. 443. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá Karli Guðjónssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Við 7. gr. Greinin falli niður.
   Til vara:
   Við gr. bætist svo hljóðandi málsgr.:
   Sá, sem við gildistöku þessara laga er sjóðfélagi, skal njóta fullra lífeyrisréttinda, þegar samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár.
2. Við 17. gr. Síðari málsgrein falli niður.

Ed. 444. Nefndarálit [129. mál]

um frv. til l. um Brunabótafélag Íslands.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Minni hl. nefndarinnar er á móti frv. eins og það var afgreitt frá neðri deild og áskilur sér rétt til að flytja brtt. við frv. og fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. marz 1955.

Hermann Jónasson,
form.

Nd. 445. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

1. Framan við 6. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.
2. Fyrir orðið „iðgjöld“ í 1. málsl. 2. málsgr. 9. gr. komi: gjöld.

Nd. 446. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Sigurði Ágústssyni.

Framan við efnislið 1. gr. bætist nýr liður:
Á eftir B. 36. kemur nýr liður:
Snorrastaðavegur: Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Snorrastöðum.

Ed. 447. Breytingartillaga [129. mál]

við frv. til l. um Brunabótafélag Íslands.

Frá Hermanni Jónassyni.

Við 20. gr. Orðin „um samninga ... á tryggingarkjörum“ í 2. málsl. 1. málsgr. falli burt.

Nd. 448. Lög [104. mál]

um breyting á lögum nr. 56/1949, um eyðingu refa og minka.

(Afgreidd frá Nd. 10. marz.)

Samhljóða þskj. 432.

Nd. **449. Frumvarp til laga** [171. mál]

um landkynningu og ferðamál.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Magnús Jónsson, Sigurður Bjarnason, Jóhann Hafstein.

1. gr.

Stofna skal Ferðamálaráð Íslands. Skal það skipað 7 mönnum; 2 eru kosnir af Alþingi, en 5 tilnefndir af eftirfarandi aðilum:

Eimskipafélag Íslands tilnefnir 1 mann.
Félag sérleyfishafa tilnefnir 1 mann.
Ferðafélag Íslands og Ferðamálafélag Reykjavíkur tilnefna 1 mann.
Flugfélag Íslands og Loftleiðir tilnefna 1 mann.
Samband veitinga- og gistihúsaeigenda tilnefnir 1 mann.
Ferðamálaráð skiptir sjálft með sér verkum.

2. gr.

Nú verða aðilar, sem tilnefna eiga samkv. 1. gr. einn mann sameiginlega, eigi sammála um tilnefningu, og skulu þeir þá tilkynna ráðherra tillögu sína; skipar ráðherra annan hvorn þeirra manna, sem nefndir eru til.

3. gr.

Hlutverk Ferðamálaráðs Íslands skal vera það, sem hér segir:

1. Ferðamálaráð hefur umsjón og eftirlit með öllu því, er lýtur að ferðamálum í landinu, einkum að því er tekur til erlendra ferðamanna, sem heimsækja vilja landið og ferðast um það. Skal það vera hlutverk ferðamálaráðs að bæta ástand þessara mála í hvívetna, eftir því sem unnt er á hverjum tíma.
2. Ferðamálaráð hefur með höndum, í samráði við þau ráðuneyti, er hlut eiga að máli, kynningu lands og þjóðar á erlendum vettvangi á þann hátt, er ráðið telur vænlegast til þess að vekja athygli á landinu sem ferðamannalandi. Taka skal jafnan tillit til ástandsins í ferðamálum á hverjum tíma og möguleika landsmanna til þess að taka á móti erlendum ferðamönnum á þann hátt, að sómi megi vera að.
3. Ferðamálaráð gerir áætlanir og tillögur um skipan gistihúsamála í landinu, svo sem um það, hvar ráðið telji einkum nauðsyn á að gistihúsakostur verði aukinn eða bættur, hver tegund gistihúsa skuli vera á hverjum stað og með hvaða hætti þeim verði komið upp.
4. Ferðamálaráð hefur eftirlit með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku erlendra ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og gæði þjónustu og viðurgernings, eftirlit með hreinlæti, umgengni og aðbúð ferðamanna á gisti- og veitingastöðum, og því, að fólk, sem annast móttöku erlendra ferðamanna, sé starfi sínu vaxið um menntun og framkomu. Skal þetta eftirlit ná jafnt til starfsfólks þeirra aðila, sem annast móttöku ferðamanna, og eigenda fyrirtækja þeirra, sem hlut eiga að máli.

   Til þess að örva heilbrigða samkeppni í þessu efni, er ráðinu heimilt að veita viðurkenningarskjal gisti- og veitingastöðum svo og öðrum aðilum, sem annast móttöku ferðamanna og reka starfsemi sína þannig, að til fyrirmyndar má teljast. Ferðamálaráð getur og svipt aðila slíkri viðurkenningu, ef ráðið telur, að eigi sé lengur ástæða til hennar, um stundarsakir eða þangað til bætt hefur verið úr því, sem ábótavant hefur reynzt í starfseminni.

   Ef ferðamálaráð verður þess áskynja, að einhverju sé ábótavant af því, sem að framan greinir, skal hlutaðeiganda bent á að bæta úr þeim misfellum. Séu ábendingar ferðamálaráðs eigi teknar til greina, er ríkisstjórninni heimilt,

að fengnum tillögum ferðamálaráðs, að svipta eigendur að gisti- eða veitingastöðum, svo og ferðaskrifstofum, rétti til þess að reka þau um stundarsakir, þar til úr hefur verið bætt, eða að fullu.

5. Ferðamálaráð hefur eftirlit með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, sem ætlaður er til aksturs erlendra ferðamanna.
6. Ferðamálaráð heldur námskeið fyrir túlka og veitir þeim starfsréttindi að loknu tilskildu prófi, samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.
7. Ferðamálaráð tekur við stjórn og rekstri Ferðaskrifstofu ríkisins. Hún skipuleggur ódýrar orlofsdvalir og orlofsferðir og gerir sér far um að semja um afslátt á dvalarkostnaði og fargjöldum með farartækjum ríkisins og einkafyrirtækjum fyrir hópferðir, sem farnar eru fyrir orlofsfé. Skal ferðaskrifstofan leita samvinnu við stéttarfélög launþega, til þess að orlofslöggjöfin geti komið að sem beztum notum.

   Hið sama gildir um hópferðir, sem stofnað er til af bændum landsins.

   Um verkefni ferðaskrifstofunnar að öðru leyti og starfsemi hennar yfirleitt skal ákveðið nánar í reglugerð.
8. Ferðamálaráð skal vera til ráðuneytis Alþingi og ríkisstjórn um öll þau mál, sem að framan greinir, og bera fram tillögur um þær framkvæmdir og umbætur, sem ráðið telur nauðsynlegar á hverjum tíma.

4. gr.

Ferðamálaráð Íslands ræður sér framkvæmdastjóra með samþykki ráðherra til þess að hafa með höndum daglegan rekstur og framkvæmdir eftir ákvörðun ferðamálaráðs. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk, eftir því sem þörf krefur, með samþykki ferðamálaráðs. Launakjör framkvæmdastjóra skulu ákveðin af ferðamálaráði með samþykki ráðherra, en launakjör annars starfsfólks skulu ákveðin af framkvæmdastjóra með samþykki ferðamálaráðs.

Kostnaður við störf ferðamálaráðs, þar með talinn skrifstofukostnaður og fé til landkynningar, skal greiddur úr ferðamálasjóði, sbr. 7. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal semja árlega skýrslu um störf ráðsins og framkvæmdir. Þá skal ráðið og semja árlega fjárhagsáætlun, og skal hún jafnan send ráðherra til athugunar og staðfestingar fyrir hver áramót.

5. gr.

Hver sá, sem óskar að reka ferðaskrifstofu fyrir almenning, skal sækja um leyfi til ráðherra. Í umsókn sinni skal umsækjandi gera grein fyrir hæfni sinni til þess að reka slíka starfsemi, hverja reynslu hann hefur öðlazt í slíku starfi, tungumálakunnáttu og öðru því, er til greina kemur til þess að geta rekið ferðaskrifstofu fyrir innlenda og erlenda menn. Þá skal umsækjandi og gera grein fyrir húsnæði því, sem hann hefur til umráða til rekstrar ferðaskrifstofu. Skal ráðherra leita umsagnar ferðamálaráðs, áður en leyfi er veitt.

6. gr.

Ferðamálaráð Íslands skal beita sér fyrir því, að stofnuð verði sem víðast á landinu félög áhugamanna — ferðamálafélög, er vinni að því að bæta skilyrði til móttöku ferðamanna hvert í sínu umdæmi og verði jafnframt til aðstoðar og ráðuneytis ferðamálaráði um allt það, er við kemur ferðamálum í héraðinu eða umdæminu.

7. gr.

Stofna skal ferðamálasjóð. Hlutverk hans er að veita lán til bygginga og endurbóta á gisti- og veitingastöðum, greiða kostnað við landkynningu og önnur útgjöld samkv. lögum þessum.

Ríkissjóður leggur til sjóðsins 500 þús. kr. á ári.

Ferðamálaráð beitir sér fyrir því að fá ýmsa aðila, er hagsmuni hafa af auknum ferðamannastraumi, til þess að greiða árlega frjáls framlög til sjóðsins.

Ferðamálaráð skal undirbúa aðrar fjáröflunarleiðir og leggja tillögur um þær fyrir Alþingi og ríkisstjórn fyrir árslok 1955.

8. gr.

Ríkisstjórnin hefur yfirstjórn landkynningar og ferðamála. Hún setur reglugerð um framkvæmd þessara mála, að fengnum tillögum Ferðamálaráðs Íslands.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, og lög nr. 20 12. marz 1947, um breyting á þeim lögum.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 1000—100000 kr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flestir munu nú telja rétt að reyna að gera Ísland að ferðamannalandi og örva straum erlendra ferðamanna hingað til lands.

Þeir fordómar, sem áður voru uppi gegn því að gera Ísland að ferðamannalandi, eru óðum að hverfa. Íslenzku þjóðerni og sjálfstæði á ekki að vera nein hætta búin, þótt hingað komi erlendir ferðamenn. Hins vegar geta Íslendingar eins og fjöldi annarra þjóða haft af því drjúgar gjaldeyristekjur og aukin viðskipti.

En til þess að svo megi verða, þarf margt til. Það þarf nýja skipan ferðamála og landkynningar. Það þarf aukinn gistihúsakost og bættan aðbúnað á mörgum sviðum. Tilgangur þessa frumvarps er að lögfesta heildarskipun þessara mála og koma þar á nýrri hreyfingu.

Aðalefni frumvarpsins er sem hér segir:

Lagt er til, að stofnað sé Ferðamálaráð Íslands, sem hafi með höndum stjórn landkynningar og ferðamála. Ferðamálaráðið skal skipað 7 mönnum; Alþingi kýs tvo þeirra, en hinir fimm skulu tilnefndir af ýmsum félögum og fyrirtækjum, sem hafa sérstakan áhuga á eða beina hagsmuni af auknum ferðamannastraumi, en það eru: Eimskipafélag Íslands, sem annast megnið af farþegaflutningi með skipum að landinu og frá því; félag sérleyfishafa, sem sér um flutning farþega með bifreiðum innanlands; flugfélögin íslenzku, sem flytja mikinn fjölda farþega loftleiðis að og frá landinu; Ferðafélag Íslands, sem unnið hefur rúman aldarfjórðung að því að örva ferðalög landsmanna og auka kynni þeirra af landinu; Ferðamálafélag Reykjavíkur, sem hefur það markmið að greiða í hvívetna fyrir auknum ferðamannastraumi; Samband veitinga- og gistihúsaeigenda, en gistihúsmálin eru einn veigamesti þáttur þessara mála.

Hlutverk ferðamálaráðs er samkvæmt frumvarpinu að hafa umsjón og eftirlit með öllu, er lýtur að ferðamálum, annast í samráði við ráðuneytin kynningu lands og þjóðar á erlendum vettvangi, gera áætlanir og tillögur um skipan gistihúsmála, hafa eftirlit með móttöku erlendra ferðamanna, með bifreiðaakstri og bifreiðakosti, halda námskeið fyrir túlka, hafa með höndum stjórn og rekstur Ferðaskrifstofu ríkisins og vera Alþingi og ríkisstjórn til ráðuneytis um öll þessi mál.

Ferðamálaráðið ræður sér framkvæmdastjóra.

Þá er ætlazt til með frumvarpinu að afnema þá einokun, sem Ferðaskrifstofa ríkisins hefur nú að lögum um móttöku erlendra ferðamanna. Samkvæmt

frumvarpinu verður starfsemi ferðaskrifstofa frjáls, en sækja þarf um leyfi til ráðherra, gera grein fyrir hæfni umsækjanda og kunnáttu, og skal leita umsagnar ferðamálaráðs, áður en leyfi er veitt.

Þá skal stofna ferðamálasjóð, er veiti lán til byggingar gistihúsa og greiði kostnað við landkynningu. Er gert ráð fyrir, að ríkissjóður leggi til hans hálfa milljón króna á ári. Enn fremur skal reynt að fá ýmsa aðila, sem hafa hagsmuni af auknum ferðamannastraumi, til að greiða frjáls framlög árlega til sjóðsins. En auk þess á ferðamálaráð að undirbúa fyrir næstu áramót tillögur um aðrar fjáröflunarleiðir.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að koma nýrri skipan á þetta þýðingarmikla mál, sem enn er hér á byrjunar- og bernskustigi, en á eftir að verða stór atvinnuvegur landsmanna og þjóðinni á margan hátt til þrifnaðar og menningarauka.

Málið verður skýrt nánar í framsögu.

Ed. 450. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Karli Kristjánssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýr liður:
Í stað orðanna „að Þverá“ í C. 52 komi: að Ljótsstöðum.

Nd. 451. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Framan við efnislið 1. gr. bætist töluliður, svo hljóðandi:
Á eftir A. 12. kemur nýr liður:
Hafnarskeiðsvegur: Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið að brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á þjóðveginn hjá Eyrarbakka.

Nd. 452. Frumvarp til laga [172. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „3 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 12 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum frá 1951 er ákveðið, að ríkissjóður láti gera og starfrækja á sinn kostnað hafnarmannvirki í Rifi á Snæfellsnesi. Allmiklu fé hefur verið varið á fjárlögum undanfarin ár til hafnarframkvæmda í Rifi, auk þess sem hafnarstjórnin hefur tekið lán að upphæð 1.5 millj. kr. til að standast kostnað við hafnargerðina. Miðar hafnargerðinni þó of seint, þar eð hún er mjög aðkallandi fyrir útgerðarmenn og sjómenn á Hellissandi, sem barizt hafa þrotlausri baráttu við sjóróðra úr Krossavík undanfarin ár við hin verstu skilyrði, enda hafa bátstapar verið þar tíðir vegna ófullnægjandi hafnarskilyrða. Nokkru fé var varið til hafnarbóta í Krossavík áður fyrr, en ekkert á síðastl. 15 árum, enda talið með öllu ógerlegt að fá þar skilyrði til sjósóknar, sem sjómenn gætu unað við, sérstaklega þegar þess er gætt, að nálægar verstöðvar hafa á þessu tímabili fengið mikilvægar hafnarbætur, sem hafa skapað þeim stórbætt skilyrði til sjósóknar, þótt þar þurfi enn við að bæta.

Óhætt má fullyrða, að margir útgerðarmenn víðs vegar að af landinu hafa löngun til að fá viðlegu fyrir vélbáta sína í Rifshöfn, þegar aðstæður myndast þar til útgerðar, enda er stutt úr Rifshöfn á fengsæl fiskimið.

Vitamálastjóri hefur látið nefndinni í té upplýsingar í bréfi, dags. 4. marz, um þær framkvæmdir, sem unnið hefur verið að í Rifi á undanförnum árum, og hvað hann telur mest aðkallandi að unnið sé að á næstu árum, svo að hægt sé að mynda þar viðunandi skilyrði fyrir vélbáta til sjósóknar. Bréf vitamálastjóra hljóðar svo:

„Formaður sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis hefur óskað eftir, að ég gæfi nefndinni lauslegar upplýsingar um, hvað þegar hefur verið unnið að hafnargerð í Rifi á Snæfellsnesi og hvað mest aðkallandi framkvæmdir til viðbótar mundu kosta. Um fyrra atriðið er þetta að segja:

Byggður hefur verið hafnargarður eða öldubrjótur, sem nú er orðinn um 550 m langur. Rifsós hefur verið stíflaður og byrjað að fylla upp lónið fyrir innan fyrirstöðuvegginn. Gerð hefur verið bátabryggja 12 m breið, 50 m löng og tengd við land með ca. 50 m langri uppfyllingu, jafnbreiðri. Dýpi við bryggjuna er nú um 2 m á fjöru, en er ætlað að verða 3 m. Loks hefur verið dýpkuð renna inn með öllum hafnargarði inn að bryggju, og er sú renna nú að mestu leyti um 2 m djúp á fjöru. Sett hafa verið upp 3 ljósdufl til að lýsa innsiglinguna, og verið er að setja upp raflýsingu á bryggju. Vélkrani er á bryggju. Kostnaður hefur orðið alls um 5 millj. kr. Nákvæmt kostnaðarverð liggur ekki fyrir, en verið er að gera upp reikninga síðastl. árs.

Um síðara atriðið vil ég taka þetta fram:

Ég tel víst, að þegar aðstaða er orðin þannig í Rifi, að gera megi út báta þaðan, verði mjög mikil eftirsókn eftir viðlegu þar. Það gerir nálægð staðarins við fiskimiðin og öryggi hafnarinnar, þegar svo langt er komið mannvirkjagerð. Til þess að fullnægja eftirspurn má því gera ráð fyrir stórri höfn, enda eru skilyrði hin beztu til þess. Sjálfsagt verður að byggja slíka höfn í áföngum.

Það, sem gera þarf strax, er að mínu viti þetta:

1. Það þarf að lengja aðalhafnargarðinn.
2. Það þarf að gera garð að sunnanverðu. Hann getur verið léttbyggður.
3. Það þarf að dýpka allstórt svæði, enda eru hin ágætustu skilyrði til þess, þar sem um hreinan sandbotn er að ræða.
4. Það þarf að gera viðlegubryggjur fyrir báta og flutningaskip.

Kostnaðaráætlun liggur ekki fyrir, enda ekki enn ákveðið til fulls, hvernig byggt verður.

Ef nefna á á þessu stigi einhverja áætlunartölu um kostnað, mundi ég telja, að fyrir 8—12 milljónir króna mætti framkvæma allmikið af ofangreindum verkum, þannig að góð aðstaða skapaðist til útgerðar á staðnum.“

Til að hraða framkvæmdum þeim, sem vitamálastjóri ræðir um í bréfi sínu, verður ekki hjá því komizt, að hafnarstjórnin fái umráð yfir meira fjármagni, enda brýn nauðsyn, að hægt verði að koma hafnargerðinni það áleiðis, að höfnin verði tekin í notkun sem allra fyrst. Þegar er allmikið fé bundið í hafnarframkvæmdum í Rifi, en það er með öllu óarðbært, þar til skilyrði myndast þar til viðlegu fyrir báta og höfnin og hafnarmannvirki tekin til afnota að öðru leyti.

Af framangreindum ástæðum verður að teljast aðkallandi að breyta ákvæðum 2. gr. laganna frá 1951 á þann veg, að hækkuð verði heimild ríkisstjórnarinnar til lántöku vegna nauðsynlegra hafnarframkvæmda úr 3 millj. kr. í 12 millj. kr., eins og kveðið er á um í 1. gr. þessa frumvarps.

Ed. 453. Lög [125. mál]

um breyting á lögum nr. 25/1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 405.

Ed. 454. Lög [151. mál]

um breyting á lögum nr. 43 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 362.

Nd. 455. Lög [111. mál]

um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

(Afgreidd frá Nd. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 440.

Ed. 456. Lög [129. mál]

um Brunabótafélag Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 290.

Nd. 457. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Pálmasyni.

Við 1. gr. Framan við efnislið greinarinnar komi nýir liðir:

1. Aftan við C. 12. komi nýr liður:
   Hagavegur: Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum að Þingeyrum.

2. Aftan við C. 18. komi nýr liður:
Laxárdalsvegur: Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar og Skrapatungu að Núpi.

Nd. 458. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [125. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. *Álafosshérað:* Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur á Álafossi;
3. *Akraneshérað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. *Kleppjárnsreykjahérað:* Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. *Borgarneshérað:* Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. *Ólafsvíkurhérað:* Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. *Stykkishólmshérað:* Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. *Búðardalshérað:* Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur og Múlahreppur. Læknissetur í Flatey;
11. *Patreksfjarðarhérað:* Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patrekshreppur og Tálknafjarðarhreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
12. *Bíldudalshérað:* Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bíldudal;
13. *Þingeyrarhérað:* Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
14. *Flateyrarhérað:* Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
15. *Bolungarvíkurhérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
16. *Ísafjarðarhérað:* Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. *Djúpavíkurhérað:* Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík;

19. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík;
20. *Hvammstangahérað:* Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;
21. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;
22. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;
23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;
24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;
25. *Siglufjarðarhérað:* Siglufjarðarkaupstaður og Grímseyjarhreppur. Læknissetur á Siglufirði;
26. *Ólafsfjarðarhérað:* Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;
27. *Dalvíkurhérað:* Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;
28. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Læknissetur á Akureyri;
29. *Grenivíkurhérað:* Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;
30. *Breiðumýrarhérað:* Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;
31. *Húsavíkurhérað:* Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;
32. *Kópaskershérað:* Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Kópaskeri;
33. *Þórshafnarhérað:* Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;
34. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;
35. *Norður-Egilsstaðahérað:* Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
36. *Austur-Egilsstaðahérað:* Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;
37. *Bakkagerðishérað:* Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi;
38. *Seyðisfjarðarhérað:* Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður: Læknissetur á Seyðisfirði;
39. *Neshérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;
40. *Eskifjarðarhérað:* Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur og Reyðarfjarðarhreppur. Læknissetur á Eskifirði;

41. *Búðahérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi;
42. *Djúpavogshérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;
43. *Hafnarhérað:* Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
44. *Kirkjubæjarhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
45. *Víkurhérað:* Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
46. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
47. *Hvolshérað:* Vestur-Eyjafjallahreppur. Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli;
48. *Helluhérað:* Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Hellu;
49. *Laugaráshérað:* Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
50. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
51. *Eyrarbakkahérað:* Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
52. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
53. *Keflavíkurhérað:* Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
54. *Hafnarfjarðarhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði;
55. *Kópavogshérað:* Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.

Við bætast eftirtalin læknishéruð, þegar þau verða skipuð:

a. *Staðarhérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað;
b. *Suðureyrarhérað:* Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri;
c. *Raufarhafnarhérað:* Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Raufarhöfn.

Ólafsvíkurhérað, Stykkishólmshérað, Flateyrarhérað og Kópaskershérað skerðast samsvarandi.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Rauðseyja og Rúfeyja til Flateyjar; aðrir íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
3. Patreksfjarðarhérað: íbúar á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi til Flateyjar;

4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Hólmavíkurhérað: íbúar Kaldrananeshrepps norðan Kallbakskleifar til Djúpavíkur;
8. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
9. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur;
10. Grenivíkurhérað: íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
11. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
12. Kópaskershérað (eftir að Raufarhafnarhérað hefur verið stofnað): íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns og Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar;
13. Bakkagerðishérað: íbúar Hjaltastaðahrepps til Egilsstaða;
14. Búðahérað: íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps norðan Reyðarfjalls til Eskifjarðar;
15. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
16. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
17. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols;
18. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólfshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

3. gr.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslækni að sitja um stundarsakir annars staðar en á lögskipuðu læknissetri.

4. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna í öll þau læknishéruð, sem talin eru í 1. gr., önnur en Reykjavíkurhérað.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af bæjarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt launalögum. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr bæjarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

5. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði laun handa allt að sex aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem eru ekki starfandi læknar aðrir en héraðslæknir, svo og í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem héraðslæknir gegnir umfangsmiklum embættisstörfum öðrum en lækningum. Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér slíka aðstoðarlækna í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra. Um laun aðstoðarlækna fer eftir ákvæðum launalaga.

Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna. Ráðherra er þó heimilt að undanþiggja aðstoðarlækna héraðslækna í einstökum héruðum slíkri kvöð.

Nú hefur læknir gegnt aðstoðarlæknisstarfi í sama héraði fimm ár eða lengur, og er þá ráðherra heimilt að skipa hann fastan aðstoðarlækni í því héraði.

Ef héraðslæknir forfallast frá störfum fyrir slysfarir, vanheilsu eða annað um stundarsakir, en þó lengur en svo, að henta þyki, að aðstoðarlæknir, ráðinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gerist staðgöngumaður hans, eða sé um að ræða héraðslækni í héraði, sem á ekki rétt á slíkum aðstoðarlækni, er ráðherra heimilt að skipa héraðslækninum staðgöngumann, er gegni héraðinu á eigin ábyrgð, og greiða úr ríkissjóði laun hans, er nemi héraðslæknislaunum í hlutaðeigandi héraði. Þessara hlunninda njóta einkum héraðslæknar, er lengi hafa gegnt embætti. Ákvæði þetta tekur einnig til annarra embættislækna en héraðslækna.

6. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum, þar sem eru fjölmenn afskekkt þorp eða byggðir, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis að sækja, enda sitji þá hjúkrunarkonur þessar í þeim þorpum eða byggðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Miða skal við það, að héraðshjúkrunarkonur taki laun sem aðstoðarhjúkrunarkonur samkvæmt ákvæðum launalaga.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

7. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

8. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkra-

hús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna víðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Bæjarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

9. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans, eftir því sem um semur milli hans og hlutaðeigandi héraðslæknis (lyfsala) í samráði við landlækni. Náist ekki samkomulag, sker ráðherra úr. Telji ráðherra eftir atvikum eðlilegt, vegna nauðsynjar þeirra, sem viðskipti eiga við hinn starfandi lækni, að hann hafi sjálfur á hendi lyfjasölu, er ráðherra heimilt að úrskurða, að svo skuli vera, og er þá héraðslækni (lyfsala) skylt að una því bótalaust.

10. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir svarlegum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna, er ráðherra setur.

11. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, ásamt öllum lögum um breytingar á þeim lögum, sem síðan hafa verið sett og enn eru í gildi.

Nd. 459. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Skúla Guðmundssyni.

Framan við efnismálsgr. 1. gr. komi:

1. Á eftir C. 3 koma nýir liðir:
   a. *Heggstaðanesvegur:* Af Norðurlandsvegi í Miðfirði um Sanda að Bessastöðum.
   b. *Heggstaðavegur:* Af Heggstaðanesvegi hjá Söndum að Útibleiksstöðum.
2. Á eftir C. 5 koma nýir liðir:
   a. *Hlíðardalsvegur:* Af Vatnsnesvegi hjá Sauðadalsá að Hlíð.
   b. *Þorgrímsstaðadalsvegur:* Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn um væntanlega brú á Katadalsá og yfir væntanlega brú á Tunguá hjá Tungu.
   c. *Katadalsvegur:* Af Þorgrímsstaðadalsvegi að Egilsstöðum.
3. Í stað „Kollafossi“ í C. 7 kemur: Húki.

4. Á eftir C. 10 kemur nýr liður:
   Fitjavegur: Af Norðurlandsvegi á Miðfjarðarhálsi um Hrísa að Fremri-Fitjum.
5. Á eftir C. 11 koma nýir liðir:
   a. *Borgarvegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Víðidalsár um Síðu og Litlu-Borg að Stóru-Borg.
   b. *Ásgeirsárvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Lækjamóti um Ásgeirsá að Víðidalsárbrú hjá Hvarfi.

Ed. **460. Frumvarp til laga** [94. mál]

um iðnskóla.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:
1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI
Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:
1. Bæjarstjórnir.
2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.
3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og

iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Iðnaðarmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða.

6. gr.

Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.

Hverjum iðnskóla stjórnar 5 manna skólanefnd, skipuð sem hér segir:

Þar sem kaupstaður stendur einn að skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 2 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Nú standa fleiri sveitarfélög en eitt að sama skóla, og kjósa þau þá sameiginlega 2 skólanefndarmenn. Komi þau sér ekki saman um tilnefningu, sker iðnaðarmálaráðherra úr.

Iðnaðarmannafélag á skólasvæðinu kýs 2 nefndarmenn til sama tíma og segir í 2. málsgr. Séu þar fleiri iðnaðarmannafélög en eitt, kjósa þau saman nefndarmenn. Komi þau sér ekki saman, sker ráðherra úr.

Ráðherra skipar formann til sama tíma.

III. KAFLI
Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs, má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.

Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður, og í sömu hlutföllum.

Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki, sem láta nemendur ganga í skólann, greiða gjöld vegna þeirra að ákvörðun ráðherra eftir tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og

hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

10. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI
Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu fyrir iðnaðarmenn, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI
Kennarar.

14. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verksvið þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1955.

Nd. 461. Frumvarp til laga [173. mál]

um lán til vegargerðar um Heydal í Snæfellsnessýslu.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að taka lán allt að kr. 500000.00 til þess að hefja sumarið 1955 vegargerð um Heydal í Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Síðasta áratug hefur mikið verið unnið að bættum og auknum samgöngum á sjó, landi og í lofti. En þrátt fyrir mikið átak í þessum efnum finnast enn þá héruð, sem búa við mjög erfiðar samgöngur, og á það jafnt við um sjó-, land- og loftferðir.

Flm. þessa frv. er mjög kunnugt um erfiðleikana á samgöngunum til Breiðafjarðar og þá sérstaklega til Gilsfjarðar og Hvammsfjarðar.

Frá því í janúar hefur Hvammsfjörður verið ísi lagður, og er svo enn þá, og Gilsfjörður sömuleiðis til skamms tíma og því ekki verið um skipaferðir að ræða. Þetta er bæði gömul og ný saga. Á sama tíma og firðina lagði má heita að Brattabrekka (nú Miðdalur) hafi verið illfær bifreiðum nema með miklum snjómokstri og ferðir því verið mjög strjálar og ófullnægjandi fyrir Dalamenn og Austur-Barðstrendinga. Svipað má segja um landferðir til Skógarstrandar og Stykkishólms, því að Kerlingarskarð hefur oft teppzt vegna snjóa og því einnig kostnaðarsamt að halda þeirri leið opinni fyrir bifreiðar.

Flugsamgöngur eru síður en svo öruggar og teppast oft vegna snjóa og veðurs, enda óvíða um stórar flugbrautir að ræða, nema þar sem svo hagar til frá náttúrunnar hendi. Flugvellir kostaðir af almannafé eru ekki margir á þessum slóðum og venjulega ekki til nota nema fyrir mjög takmörkuð svæði og því ekki þess að vænta, að flug bæti verulega úr.

Hverjir eru þá möguleikarnir til almennra samgöngubóta, svo að sem flestir njóti góðs af og finni sig í sambandi við umheiminn, þegar ísavetur geisa? Við teljum það vafalaust vera veg á milli Hnappadals og Skógarstrandar yfir svokallaðan Heydal, sem liggur álíka lágt og byggðin beggja vegna.

Á undanförnum árum hefur verið unnið að nýlagningu vegar milli Dalasýslu og Snæfellsness, Skógarstrandarvegi, og í Hnappadal að sunnan. Þetta gerir það að verk-

um, að það er auðveldara og meira aðkallandi en áður var að fá veg yfir Heydal. Þess vegna höfum við nokkrir þingmenn gert okkar til að koma þessu máli í framkvæmd, og meðal annars rituðum við fjárveitinganefnd í nóv. s. l. eftirfarandi bréf:

„Reykjavík, 18. nóv. 1954.

Háttvirt fjárveitinganefnd Alþingis.

Við undirritaðir alþingismenn óskum eindregið, að á næsta árs fjárlögum verði veitt fjármagn, allt að 1 millj. króna, til Heydalsvegar, sem tekinn var í þjóðvegatölu fyrir 12 árum. Það hefur við athuganir margsýnt sig, að þessi leið yfir fjallgarðinn milli Mýrasýslu og Hnappadalssýslu að sunnan og Snæfellsnes- og Dalasýslu að vestan er miklu snjóminni heldur en Kerlingarskarð, Brattabrekka (nú Miðdalur) og Holtavörðuheiði. Það verður þess vegna í framtíðinni mjög mikill sparnaður í því að eiga snjólétta og góða vetrarleið og spara þannig snjómokstur á 2 eða jafnvel 3 fjallvegum, þegar ísa- og snjóavetur geisa.

Bæði Hvammsfjörður og Gilsfjörður geta lokazt vegna ísa meiri hluta vetrar, og á sama tíma er venjulega mjög hætt við miklum snjó, sem teppir fljótlega háa fjallvegi algerlega, svo að sveitirnar við innanverðan Breiðafjörð og í Stranda- og Húnavatnssýslum geta verulega liðið fyrir samgönguleysi. Það er því höfuðnauðsyn að hraða mjög vegagerð yfir Heydal og aðliggjandi sveitir, ef breiðfirzkar byggðir ásamt fleirum eiga ekki smám saman að falla í auðn og fólkið, sem verulega hefur verið afskipt í baráttunni um lífsþægindin, á ekki að flytja sig til þægindanna, þar sem þau eru þegar fyrir hendi.

Virðingarfyllst.

Sigurður Ágústsson. Ásgeir Bjarnason. Hermann Jónasson."

Þegar vitað var, að fjárveitinganefnd gat ekki orðið við þessari ósk, bárum við fram breytingartillögu við fjárlögin í vetur um að taka upp kr. 300000.00 til Heydalsvegar og til vara kr. 200000.00. Báðar tillögurnar voru felldar, og var varatillagan felld með 25:18 atkv.

Á þessum vetri hefur sannazt það, sem fyrr var vitað, að knýjandi nauðsyn er að tryggja breiðfirzkum byggðum öruggari samgöngur, svo að þær einangrist ekki alveg frá umheiminum. En það er ekki aðeins í þágu þessara héraða að fá auknar samgöngur á þennan hátt. Snjóléttasta leiðin, sem getur tengt Suður-, Vestur- og Norðurland, er Heydalur og áfram um Dali yfir Laxárdalsheiði til Hrútafjarðar. Holtavörðuheiðin er fannsækin og þess vegna mjög kostnaðarsamt að tryggja vetrarsamgöngur yfir hana. Það er því ekki neitt sérmál fyrir breiðfirzkar byggðir að fá veg yfir Heydal, heldur mun sú leið einnig í framtíðinni tryggja samgöngur milli þriggja landsfjórðunga.

Nd. 462. Nefndarálit [152. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin ræddi málið á fundi sínum í dag og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 15. marz 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Gylfi Þ. Gíslason, frsm.

Jóhann Hafstein. Karl Guðjónsson.

Ed. 463. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um lækningaferðir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leitað umsagnar landlæknis, sem mælir með samþykkt þess. Leggur n. til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1955.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form., frsm. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Gísli Jónsson.
Haraldur Guðmundsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 464. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til heilsuverndarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv., fengið umsögn landlæknis og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. marz 1955.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form. Ingólfur Flygenring, fundaskr. Haraldur Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Nd. 465. Nefndarálit [28. mál]

um frv. til l. um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands og starfrækslu rannsóknarstofu í líffæra- og lífeðlisfræði.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum, og rætt hefur verið við hæstvirtan menntamálaráðherra og við prófessorinn í líffæra- og lífeðlisfræði, og eru þeir samþykkir þeim breytingum, sem hér er lagt til, að gerðar verði á frumvarpinu.

Nefndin hefur samþykkt að mæla með frumvarpinu með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „er veitist í fyrsta sinn frá 15. sept. 1956 að telja“ komi: í lífeðlis- og lífefnafræði.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 3. gr. Greinin falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin falli niður.

5. Fyrirsögn frumvarpsins orðist svo: Frumvarp til laga um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.

Alþingi, 15. marz 1955.

Gunnar Thoroddsen, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Kjartan J. Jóhannsson, frsm.

Halldór Ásgrímsson. Karl Guðjónsson.

Ed. 466. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til l. um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með áorðnum breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

Frumv. þetta er stjórnarfrv. og er um það að bæta nýjum kafla við bifreiðalögin, um reiðhjól með hjálparvél, en slík farartæki hafa ekki fallið undir ákvæði bifreiðalaganna. Þykir nauðsyn að bæta úr þessu, m. a. vegna þess, hve mikið af slíkum farartækjum er nú í notkun.

Frumvarpið er komið frá Nd., þar sem það var samþykkt með nokkurri breytingu.

Allsherjarnefnd hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (KGunn) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 15. marz 1955.

Hermann Jónasson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.

Páll Zóphóníasson.

Sþ. 467. Fyrirspurnir. [174. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um landshöfn í Rifi.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið samtals til byggingar landshafnar í Rifi til síðustu áramóta?
2. Hve mikið fé er talið að þurfi til að fullgera umrædda landshöfn?
3. Hafa nokkur mistök átt sér stað í sambandi við byggingu þessarar hafnar, þannig að um tvíverknað hafi verið að ræða, og ef svo er, hve miklum aukakostnaði hafa þá slík mistök valdið, eða er áætlað að þau muni valda?

II. Til ríkisstjórnarinnar um áburðarverð.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Hvaða verð fékk Áburðarverksmiðjan h/f fyrir þann áburð f. o. b., sem fluttur hefur verið úr landi?

2. Hvaða verð hefur verið greitt fyrir áburð frá sömu verksmiðju á innanlandsmarkaði, kominn í skip í Reykjavíkurhöfn?

III. Til ríkisstjórnarinnar um Marshalllán eða framlag, sem tekið var eða veitt í ágúst 1948.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Var Marshallfé það, sem Ísland fékk í ágúst 1948, veitt sem afturkræft lán eða gjöf?
2. Hvernig var þessu fé ráðstafað, og hver ráðstafaði því?
3. Hlutu allir aðilar, sem lánið fengu, sömu kjör um endurgreiðslu?
4. Hafa allir aðilar, sem lánið fengu, gefið út skuldabréf til ríkissjóðs fyrir sínum hluta af láninu?

Nd. 468. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um samræmingu á mati fasteigna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp og orðið ásátt um að mæla með því, að það verði samþykkt með eftirfarandi:

BREYTINGU:

Við 9. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo:

Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr. 29 frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til.

Einn nefnarmaður, Karl Guðjónsson, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 15. marz 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Gylfi Þ. Gíslason.
Jóhann Hafstein.

Sþ. 469. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1952.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin athugaði frumvarpið og bar það lið fyrir lið saman við ríkisreikninginn fyrir árið 1952.

Á einum stað í frumvarpinu (17. lið 2. gr.) er smávægileg upptökuskekkja úr reikningnum, og leggur nefndin að sjálfsögðu til, að hún verði leiðrétt.

Enn fremur leggur nefndin til, að í fjárlagafrumvarpinu verði uppgjöri 20. gr. ríkisreikningsins hagað nokkuð á annan veg en gert er, eða eftir sömu reglum og fjárveitinganefnd síðasta Alþingis lagði til grundvallar fyrir breytingartillögum sín-

um við frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1951 og Alþingi samþykkti við afgreiðslu þess.

Samkvæmt framansögðu leggur því nefndin til, að frumvarp þetta verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „kr. 46666658.73“ komi: kr. 58832808.91.
2. Við 2. gr.
   a. Í stað „brúttótekjur urðu kr. 309083.64“ í 17. tölul. komi: brúttótekjur urðu kr. 298210.77.
   b. Í stað „20. gr. Út eru veittar kr. 9742606.53“ komi: 20. gr. Út eru veittar kr. 21908756.71.
   c. Í stað „Inn fóru kr. 18880452.34“ komi Inn fóru kr. 12078730.31.
   d. Í stað „Samtals kr. 56666658.73“ komi: Samtals kr. 58832808.91.

Alþingi, 15. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.
Jónas G. Rafnar.	Hannibal Valdimarsson.	Halldór Ásgrímsson.

Nd. 470. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til laga um lán til vegargerðar um Heydal í Snæfellssnessýslu.

Frá Steingrími Steinþórssyni, Jóni Sigurðssyni og Einari Ingimundarssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 600 þús. kr. lán til Siglufjarðarvegar, svo að Haganesvík verði komið í öruggt vetrarvegarsamband við aðalbyggðir Skagafjarðar.
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um lántöku til vegagerða.

Nd. 471. Breytingartillaga

við frv. til laga um lán til vegagerðar um Heydal í Snæfellsnessýslu.

Frá Magnúsi Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi:

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 750 þús. kr. lán á árinu 1955 til vegargerðar fyrir Ólafsfjarðarmúla milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur.

Nd. 472. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. þetta ásamt erindum frá fjölda manna, er sækja um ríkisborgararétt. Til þess að meira samræmis gætti um afgreiðslu málsins milli deilda þingsins heldur en stundum hefur átt sér stað, var af hálfu allsherjarnefndar neðri deildar átt tal við formann og ritara allsherjarnefndar efri deildar um þær reglur, er skyldi farið eftir í höfuðatriðum um veitingu ríkisborgararéttar. Var talið æskilegt, að þær yrðu á þessa leið:

Það skyldi ófrávíkjanlegt skilyrði, að umsækjandi hafi gott orð um alla hegðun og framkomu að áliti valinkunnra manna. Einhleypir menn hafi átt hér lögheimili í 5—10 ár, og fari um árafjöldann nokkuð eftir þjóðerni umsækjanda (Norðurlandabúar 5 ár).

Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið, fær borgararétt, þegar hún hefur öðlazt hér á landi heimili og ákveður að vera hér áfram.

Erlendur ríkisborgari af íslenzku foreldri, sérstaklega ef hann á Norðurlandabúa að öðru foreldri, fái borgararétt eftir þriggja ára búsetu.

Maður, eða kona, sem kvænist (eða giftist) íslenzkum ríkisborgara, fái borgararétt eftir þrjú ár frá giftingu, þó þannig, að sá, sem borgararéttinn hefur fyrir, hafi haft hann að minnsta kosti í þrjú ár.

Við afgreiðslu málsins af hálfu nefndarinnar hefur verið fylgt framangreindum skilyrðum. Nefndin ber fram breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Við framsögu málsins verður gerð nánari grein fyrir afstöðu nefndarinnar. Gunnar Jóhannsson áskilur sér rétt að flytja eða fylgja breytingartillögum, er kunna að koma fram við frumvarpið.

Alþingi, 17. marz 1955.

Björn Ólafsson, form. — Ásgeir Bjarnason, fundaskr. — Jörundur Brynjólfsson, frsm.

Gunnar Jóhannsson, með fyrirvara. — Einar Ingimundarson.

Nd. 473. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr. frumvarpsins skal orða svo:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arge, Anton Sofus, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. nóvember 1900 í Færeyjum.
2. Bakker, Agnes Dominica, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 16. apríl 1899 í Hollandi.
3. Ballering, Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 30. marz 1903 í Hollandi.

4. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
5. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
6. Beth, Hans Jürgen Hermann, húsgagnasmiður í Borgarfirði, fæddur 13. apríl 1930 í Þýzkalandi.
7. Christoffersen, Hans Peter, byggingaverkamaður á Akureyri, fæddur 11. febrúar 1897 í Danmörku.
8. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
9. Doretz, Günther Wolfgang Hermann, vinnupiltur að Miðfelli í Hrunamannahreppi, fæddur 13. september 1939 í Þýzkalandi.
10. Einar Guðmundur Vestmann Einarsson, járnsmiður á Akranesi, fæddur 4. júní 1918 í Kanada.
11. van Fulpen, Maria Agnes Henrika Mathilda Antonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 13. júní 1924 í Hollandi.
12. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
13. Guðrún Ólafsdóttir, Reykjavík, fædd 31. júlí 1879 á Íslandi.
14. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
15. Hansen, Leif Bernstorff, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1921 í Danmörku.
16. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
17. Haslund, Leifur Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. marz 1934 í Danmörku.
18. Haslund, Otto Örn Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. maí 1935 í Danmörku.
19. Helgi Nikulás Vestmann Einarsson, lögregluþjónn á Akranesi, fæddur 12. júní 1915 í Kanada.
20. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
21. Holz, Christa Ella, húsmóðir í Reykjavík, fædd 18. júní 1929 í Þýzkalandi.
22. Jacobsen, Betzy Elking Adelaide Frederikke, húsmóðir í Reykjavík, fædd 25. maí 1928 í Færeyjum.
23. Jacobsen, Tröndur, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Færeyjum.
24. Jensen, Bjarne Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 5. apríl 1936 í Danmörku.
25. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
26. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. janúar 1919 í Noregi.
27. Kári Guðjónsson, sjómaður, Reykjavík, fæddur 3. október 1927 í Noregi.
28. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn, Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
29. Knippen, Maria Elia Appollonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 29. júní 1916 í Hollandi.
30. Kolsö, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
31. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
32. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
33. Kuhn, Dietrich, námsmaður, Reykjavík, fæddur 4. ágúst 1934 í Þýzkalandi.
34. Lambrechts, Fridtjof Johannes, sjómaður, Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
35. Lorenzen, Lorenz, bústjóri í Skálatúni í Mosfellssveit, fæddur 18. desember 1919 í Þýzkalandi.

36. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
37. May, Hans Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi.
38. van der Meer, Josefa Jacoba Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 27. janúar 1912 í Hollandi.
39. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
40. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
41. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
42. Niclasen, Lydia Oluffa, húsmóðir í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
43. Nielsen, Niels Sofus Georg, verkamaður í Borgarfjarðarhreppi, fæddur 16. febrúar 1926 í Færeyjum.
44. Petersen, Adolf Björn, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. nóvember 1894 á Íslandi.
45. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
46. Petty, Walter Raymond, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 6. marz 1919 í Englandi.
47. van der Poel, Bernadotte Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 4. júlí 1905 í Hollandi.
48. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
49. Ransÿn, Maria Magdalena Catharina Petronella, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 24. janúar 1906 í Hollandi.
50. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
51. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður, Hofsósi, fæddur 20. september 1919 í Færeyjum.
52. Thorberg, Flemming, sjómaður, Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
53. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.
54. Wesseling, Miriam Wilhelmina Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 22. október 1913 í Hollandi.
55. Wind, Arne Kristian Marius, landbúnaðarverkamaður að Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fæddur 19. nóvember 1921 í Danmörku.
56. Wind, Else Ketty, húsmóðir, Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fædd 24. janúar 1915 í Danmörku.
57. de Zeeuw, Margarethe, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 31. janúar 1927 í Hollandi.

Nd. 474. Breytingartillaga [3. mál]

við brtt. á þskj. 473 [Ríkisborgararéttur].

Frá Gunnari Jóhannssyni.

Á eftir tölul. 10 komi:

Friedländer, Heinz Karl, vélsmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.

Nd. 475. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðbúð fanga í Reykjavík.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Á fundi í allsherjarnefnd, þar sem málið var tekið fyrir, lagði meiri hlutinn til, að málinu yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þeirri ályktun er ég ekki samþykkur, en legg hins vegar til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. marz 1955.

Gunnar Jóhannsson.

Nd. 476. Nefndarálit [161. mál]

um till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til rannsóknar á okri.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt um málið. Hún telur sig ekki hafa aðstöðu til að dæma um nauðsyn þeirrar rannsóknar, er tillagan fjallar um, en vegna þess þráláta orðróms, sem nú gengur um, að okurlánastarfsemi fari hér fram, vill nefndin eftir atvikum mæla með, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðsins „Deildin“ í upphafi tillgr. komi: Neðri deild Alþingis.

Alþingi, 17. marz 1955.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson.
Gunnar Jóhannsson. Jörundur Brynjólfsson.

Nd. 477. Breytingartillögur [25. mál]

við frv. til læknaskipunarlaga.

Frá Eysteini Jónssyni.

Við 1. gr.

a. 40. tölul. orðist svo:
Eskifjarðarhérað: Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði.

b. 41. tölul. orðist svo:
Búðahérað: Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi.

Ed. 478. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [25. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á Íslandi skulu vera læknishéruð, sem hér greinir:

1. *Reykjavíkurhérað:* Reykjavíkurkaupstaður og Seltjarnarneshreppur. Læknissetur í Reykjavík;
2. *Álafosshérað:* Þingvallahreppur, Mosfellshreppur, Kjalarneshreppur og Kjósarhreppur. Læknissetur á Álafossi;
3. *Akraneshérað:* Hvalfjarðarstrandarhreppur, Skilmannahreppur, Innri-Akraneshreppur, Akraneskaupstaður og Leirár- og Melahreppur. Læknissetur á Akranesi;
4. *Kleppjárnsreykjahérað:* Andakílshreppur, Skorradalshreppur, Lundarreykjadalshreppur, Reykholtsdalshreppur, Hálsahreppur, Hvítársíðuhreppur, Þverárhlíðarhreppur, Norðurárdalshreppur og Stafholtstungnahreppur. Læknissetur á Kleppjárnsreykjum;
5. *Borgarneshérað:* Borgarhreppur, Borgarneshreppur, Álftaneshreppur, Hraunhreppur, Kolbeinsstaðahreppur og Eyjahreppur. Læknissetur í Borgarnesi;
6. *Ólafsvíkurhérað:* Staðarsveit, Breiðavíkurhreppur, Neshreppur, Ólafsvíkurhreppur og Fróðárhreppur. Læknissetur í Ólafsvík;
7. *Stykkishólmshérað:* Miklaholtshreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit, Stykkishólmshreppur og Skógarstrandarhreppur. Læknissetur í Stykkishólmi;
8. *Búðardalshérað:* Hörðudalshreppur, Miðdalahreppur, Haukadalshreppur, Laxárdalshreppur, Hvammshreppur, Fellsstrandarhreppur, Klofningshreppur, Skarðshreppur og Saurbæjarhreppur. Læknissetur í Búðardal;
9. *Reykhólahérað:* Geiradalshreppur, Reykhólahreppur og Gufudalshreppur. Læknissetur á Reykhólum;
10. *Flateyjarhérað:* Flateyjarhreppur og Múlahreppur. Læknissetur í Flatey;
11. *Patreksfjarðarhérað:* Barðastrandarhreppur, Rauðasandshreppur, Patreksfjarðarhreppur og Tálknafjarðarhreppur. Læknissetur á Patreksfirði;
12. *Bíldudalshérað:* Ketildalahreppur, Suðurfjarðahreppur og Auðkúluhreppur. Læknissetur á Bíldudal;
13. *Þingeyrarhérað:* Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur. Læknissetur á Þingeyri;
14. *Flateyrarhérað:* Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Flateyri;
15. *Bolungarvíkurhérað:* Hólshreppur. Læknissetur í Bolungarvík;
16. *Ísafjarðarhérað:* Ísafjarðarkaupstaður og Eyrarhreppur. Læknissetur á Ísafirði;
17. *Súðavíkurhérað:* Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur, Reykjarfjarðarhreppur, Nauteyrarhreppur, Snæfjallahreppur, Grunnavíkurhreppur og Sléttuhreppur. Læknissetur í Súðavík;
18. *Djúpavíkurhérað:* Árneshreppur. Læknissetur á Djúpavík;
19. *Hólmavíkurhérað:* Kaldrananeshreppur, Hrófbergshreppur, Hólmavíkurhreppur, Kirkjubólshreppur, Fellshreppur og Óspakseyrarhreppur. Læknissetur á Hólmavík;

20. *Hvammstangahérað:* Bæjarhreppur, Staðarhreppur, Fremri-Torfustaðahreppur, Ytri-Torfustaðahreppur, Hvammstangahreppur, Kirkjuhvammshreppur, Þverárhreppur og Þorkelshólshreppur. Læknissetur á Hvammstanga;

21. *Blönduóshérað:* Áshreppur, Sveinsstaðahreppur, Torfalækjarhreppur, Blönduóshreppur, Svínavatnshreppur, Bólstaðarhlíðarhreppur, Engihlíðarhreppur og Vindhælishreppur. Læknissetur á Blönduósi;

22. *Höfðahérað:* Höfðahreppur og Skagahreppur. Læknissetur í Höfðakaupstað;

23. *Sauðárkrókshérað:* Skefilsstaðahreppur, Skarðshreppur, Sauðárkrókskaupstaður, Staðarhreppur, Seiluhreppur, Lýtingsstaðahreppur, Akrahreppur og Rípurhreppur. Læknissetur á Sauðárkróki;

24. *Hofsóshérað:* Viðvíkurhreppur, Hólahreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Fellshreppur, Haganeshreppur og Holtshreppur. Læknissetur á Hofsósi;

25. *Siglufjarðarhérað:* Siglufjarðarkaupstaður og Grímseyjarhreppur. Læknissetur á Siglufirði;

26. *Ólafsfjarðarhérað:* Ólafsfjarðarkaupstaður. Læknissetur í Ólafsfirði;

27. *Dalvíkurhérað:* Hríseyjarhreppur, Dalvíkurhreppur, Svarfaðardalshreppur og Árskógshreppur. Læknissetur á Dalvík;

28. *Akureyrarhérað:* Arnarneshreppur, Skriðuhreppur, Öxnadalshreppur, Glæsibæjarhreppur, Akureyrarkaupstaður, Hrafnagilshreppur, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Svalbarðsstrandarhreppur. Læknissetur á Akureyri;

29. *Grenivíkurhérað:* Grýtubakkahreppur og Hálshreppur. Læknissetur á Grenivík;

30. *Breiðumýrarhérað:* Ljósavatnshreppur, Bárðdælahreppur, Skútustaðahreppur og Reykdælahreppur. Læknissetur á Breiðumýri;

31. *Húsavíkurhérað:* Aðaldælahreppur, Reykjahreppur, Húsavíkurkaupstaður, Tjörneshreppur og Flateyjarhreppur. Læknissetur á Húsavík;

32. *Kópaskershérað:* Kelduneshreppur, Öxarfjarðarhreppur, Fjallahreppur, Presthólahreppur og Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Kópaskeri;

33. *Þórshafnarhérað:* Svalbarðshreppur, Þórshafnarhreppur, Sauðaneshreppur og Skeggjastaðahreppur. Læknissetur á Þórshöfn;

34. *Vopnafjarðarhérað:* Vopnafjarðarhreppur. Læknissetur á Vopnafirði;

35. *Norður-Egilsstaðahérað:* Hlíðarhreppur, Jökuldalshreppur, Hróarstunguhreppur, Fellahreppur og Fljótsdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;

36. *Austur-Egilsstaðahérað:* Eiðahreppur, Vallahreppur, Egilsstaðahreppur og Skriðdalshreppur. Læknissetur í Egilsstaðaþorpi;

37. *Bakkagerðishérað:* Hjaltastaðahreppur og Borgarfjarðarhreppur. Læknissetur í Bakkagerðisþorpi;

38. *Seyðisfjarðarhérað:* Loðmundarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður: Læknissetur á Seyðisfirði;

39. *Neshérað:* Mjóafjarðarhreppur, Neskaupstaður og Norðfjarðarhreppur. Læknissetur í Neskaupstað;

40. *Eskifjarðarhérað:* Helgustaðahreppur, Eskifjarðarhreppur, Reyðarfjarðarhreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar. Læknissetur á Eskifirði;

41. *Búðahérað:* Fáskrúðsfjarðarhreppur, að undantekinni suðurbyggð Reyðarfjarðar, Búðahreppur og Stöðvarhreppur. Læknissetur í Búðaþorpi;

42. *Djúpavogshérað:* Breiðdalshreppur, Beruneshreppur, Búlandshreppur og Geithellnahreppur. Læknissetur á Djúpavogi;
43. *Hafnarhérað:* Bæjarhreppur, Hafnarhreppur, Nesjahreppur, Mýrahreppur, Borgarhafnarhreppur og Hofshreppur. Læknissetur á Höfn;
44. *Kirkjubæjarhérað:* Hörgslandshreppur, Kirkjubæjarhreppur, Skaftártunguhreppur, Leiðvallahreppur og Álftavershreppur. Læknissetur á Kirkjubæjarklaustri;
45. *Víkurhérað:* Hvammshreppur, Dyrhólahreppur og Austur-Eyjafjallahreppur. Læknissetur í Vík;
46. *Vestmannaeyjahérað:* Vestmannaeyjakaupstaður. Læknissetur í Vestmannaeyjum;
47. *Hvolshérað:* Vestur-Eyjafjallahreppur. Austur-Landeyjahreppur, Vestur-Landeyjahreppur, Fljótshlíðarhreppur og Hvolhreppur. Læknissetur á Stórólfshvoli;
48. *Helluhérað:* Rangárvallahreppur, Landmannahreppur, Holtahreppur, Ásahreppur og Djúpárhreppur. Læknissetur á Hellu;
49. *Laugaráshérað:* Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Laugardalshreppur og Grímsneshreppur. Læknissetur í Laugarási;
50. *Selfosshérað:* Villingaholtshreppur, Hraungerðishreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur og Grafningshreppur. Læknissetur á Selfossi;
51. *Eyrarbakkahérað:* Stokkseyrarhreppur og Eyrarbakkahreppur. Læknissetur á Eyrarbakka;
52. *Hveragerðishérað:* Ölfushreppur, Hveragerðishreppur og Selvogshreppur. Læknissetur í Hveragerði;
53. *Keflavíkurhérað:* Grindavíkurhreppur, Hafnahreppur, Miðneshreppur, Gerðahreppur, Keflavíkurkaupstaður og Njarðvíkurhreppur. Læknissetur í Keflavík;
54. *Hafnarfjarðarhérað:* Vatnsleysustrandarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðahreppur og Bessastaðahreppur. Læknissetur í Hafnarfirði;
55. *Kópavogshérað:* Kópavogshreppur. Læknissetur í Kópavogi.

Við bætast eftirtalin læknishéruð, þegar þau verða skipuð:

a. *Staðarhérað:* Miklaholtshreppur, Staðarsveit og Breiðavíkurhreppur. Læknissetur á Staðarstað;
b. *Suðureyrarhérað:* Suðureyrarhreppur. Læknissetur á Suðureyri;
c. *Raufarhafnarhérað:* Raufarhafnarhreppur. Læknissetur á Raufarhöfn.

Ólafsvíkurhérað, Stykkishólmshérað, Flateyrarhérað og Kópaskershérað skerðast samsvarandi.

2. gr.

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Rauðseyja og Rúfeyja til Flateyjar; aðrir íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
3. Patreksfjarðarhérað: íbúar á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi til Flateyjar;
4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;

6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Hólmavíkurhérað: íbúar Kaldrananeshrepps norðan Kallbakskleifar til Djúpavíkur;
8. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
9. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur;
10. Grenivíkurhérað: íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
11. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
12. Kópaskershérað (eftir að Raufarhafnarhérað hefur verið stofnað): íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns og Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar;
13. Bakkagerðishérað: íbúar Hjaltastaðahrepps til Egilsstaða;
14. Búðahérað: íbúar Fáskrúðsfjarðarhrepps norðan Reyðarfjalls til Eskifjarðar;
15. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
16. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
17. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols;
18. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólfshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

3. gr.

Ráðherra getur, ef nauðsyn krefur og eftir tillögum hlutaðeigandi hreppsnefnda, leyft héraðslækni að sitja um stundarsakir annars staðar en á lögskipuðu læknissetri.

4. gr.

Forseti skipar landlækni og héraðslækna í öll þau læknishéruð, sem talin eru í 1. gr., önnur en Reykjavíkurhérað.

Reykjavíkurhéraði gegnir borgarlæknir, ráðinn af bæjarstjórn, en skipaður af forseta. Áður en borgarlæknir er ráðinn, skal leita umsagnar ráðherra um umsækjendur.

Landlæknir og héraðslæknar taka laun samkvæmt launalögum. Borgarlæknir í Reykjavík tekur laun úr bæjarsjóði. Þegar nauðsyn krefur, er héraðslækni skylt að taka við skipun um að annast, ásamt þjónustu héraðs síns, þjónustu nágrannalæknishéraðs gegn hálfum byrjunarlaunum þess héraðs.

Um skipun (ráðningu) annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

5. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði laun handa allt að sex aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem eru ekki starfandi læknar aðrir en héraðslæknir, svo og í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem héraðslæknir gegnir umfangsmiklum embættisstörfum öðrum en lækningum. Hlutaðeigandi héraðslæknar ráða sér slíka aðstoðarlækna í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra. Um laun aðstoðarlækna fer eftir ákvæðum launalaga.

Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna. Ráðherra er þó heimilt að undanþiggja aðstoðarlækna héraðslækna í einstökum héruðum slíkri kvöð.

Nú hefur læknir gegnt aðstoðarlæknisstarfi í sama héraði fimm ár eða lengur, og er þá ráðherra heimilt að skipa hann fastan aðstoðarlækni í því héraði.

Ef héraðslæknir forfallast frá störfum fyrir slysfarir, vanheilsu eða annað um stundarsakir, en þó lengur en svo, að henta þyki, að aðstoðarlæknir, ráðinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, gerist staðgöngumaður hans, eða sé um að ræða héraðslækni í héraði, sem á ekki rétt á slíkum aðstoðarlækni, er ráðherra heimilt að skipa héraðslækninum staðgöngumann, er gegni héraðinu á eigin ábyrgð, og greiða úr ríkissjóði laun hans, er nemi héraðslæknislaunum í hlutaðeigandi héraði. Þessara hlunninda njóta einkum héraðslæknar, er lengi hafa gegnt embætti. Ákvæði þetta tekur einnig til annarra embættislækna en héraðslækna.

6. gr.

Heimilt er að greiða úr ríkissjóði ⅔ launa handa allt að sex hjúkrunarkonum til starfa í læknishéruðum, þar sem eru fjölmenn afskekkt þorp eða byggðir, sem eiga langa eða erfiða leið til læknis að sækja, enda sitji þá hjúkrunarkonur þessar í þeim þorpum eða byggðum. Hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir ráða héraðshjúkrunarkonur með ráði hlutaðeigandi héraðslæknis og í samráði við landlækni, en ráðherra staðfestir ráðningu þeirra.

Miða skal við það, að héraðshjúkrunarkonur taki laun sem aðstoðarhjúkrunarkonur samkvæmt ákvæðum launalaga.

Ráðherra setur héraðshjúkrunarkonum erindisbréf.

7. gr.

Landlæknir er ráðunautur ráðherra um allt það, er varðar heilbrigðismál, og annast framkvæmdir þeirra mála fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með öllum læknum og heilbrigðisstarfsmönnum, en einkum héraðslæknum (í Reykjavík borgarlækni), öðrum embættislæknum og opinberum heilbrigðisstarfsmönnum.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerðir héraðslækna (í Reykjavík borgarlæknis), annarra lækna og heilbrigðisstofnana, innheimtir fyrirskipaðar skýrslur frá þessum aðilum og annast útgáfu heilbrigðisskýrslna landsins.

8. gr.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) hafa, hver innan síns héraðs, eftirlit með heilbrigðismálum og annast þar framkvæmdir opinberra heilbrigðisráðstafana samkvæmt lögum og fyrirmælum ráðherra og undir eftirliti landlæknis.

Héraðslæknar stunda almennar lækningar hver í sínu héraði, annast lyfjasölu, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, og eru skyldir til að gegna aðkallandi sjúkravitjunum, hvenær sem þess er leitað, nema þeir séu hindraðir af öðrum embættisstörfum, sem eru meira aðkallandi, eða sjálfir sjúkir. Með þátttöku í læknaverði geta þeir og leyst sig undan gegningarskyldu á nánara tilteknum tímum.

Borgarlækni í Reykjavík er ekki skylt að sinna almennum lækningum. Í fjölmennum kaupstaðarhéruðum, þar sem er nægur fjöldi starfandi lækna, má ráðherra heimila héraðslækni að takmarka að meira eða minna leyti störf sín að almennum lækningum.

Nú er héraðslæknis vitjað úr öðru læknishéraði en sínu héraði til konu í barnsnauð eða í annarri mjög brýnni nauðsyn, fyrir þá sök að hægara er að ná til hans en hlutaðeigandi héraðslæknis, og er honum þá jafnskylt að vitja sjúklingsins sem héraðsbúi hans ætti í hlut.

Héraðslæknar (í Reykjavík borgarlæknir) mega ekki, nema með sérstöku leyfi ráðherra, takast á hendur önnur föst launuð störf en þau, er við koma embættisstörfum þeirra. Héraðslæknir má veita forstöðu eða starfa við almennt sjúkrahús við hæfi héraðs síns, en ekki gegna víðtækari sjúkrahúslæknisstörfum nema með sérstöku leyfi ráðherra.

Ráðherra setur héraðslæknum og aðstoðarlæknum héraðslækna erindisbréf og kveður þar nánara á um skyldur þeirra og réttindi.

Bæjarstjórn setur borgarlækni í Reykjavík erindisbréf, sem ráðherra staðfestir.

Um verksvið annarra embættislækna og lækna ríkisstofnana fer eftir sérstökum lögum og venjum þar að lútandi.

9. gr.

Nú sezt starfandi læknir að í læknishéraði, þar sem er ekki sérstök lyfjabúð, eða þar í héraði, sem langt er til lyfjabúðar að sækja, og fer þá um lyfjaafgreiðslu til sjúklinga hans, eftir því sem um semur milli hans og hlutaðeigandi héraðslæknis (lyfsala) í samráði við landlækni. Náist ekki samkomulag, sker ráðherra úr. Telji ráðherra eftir atvikum eðlilegt, vegna nauðsynjar þeirra, sem viðskipti eiga við hinn starfandi lækni, að hann hafi sjálfur á hendi lyfjasölu, er ráðherra heimilt að úrskurða, að svo skuli vera, og er þá héraðslækni (lyfsala) skylt að una því bótalaust.

10. gr.

Verði héraðslæknir að takast ferð á hendur til þess að leysa af hendi störf sín í þarfir hins opinbera eða einstakra manna, ber að sjá honum fyrir svarlegum flutningi ókeypis og svo beina leið, sem hægt er, frá og til heimilis hans.

Um greiðslu fyrir störf héraðslækna og aðstoðarlækna og staðgöngumanna héraðslækna fer eftir gjaldskrá héraðslækna, er ráðherra setur.

11. gr.

Héraðslæknar þeir, sem nú eru í embættum, verða endurgjaldslaust að sætta sig við þær breytingar, sem verða á héruðum þeirra eða embættum eftir lögum þessum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna, ásamt öllum lögum um breytingar á þeim lögum, sem síðan hafa verið sett og enn eru í gildi.

Nd. 479. Frumvarp til laga [28. mál]

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Stofna skal nýtt prófessorsembætti í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.

Um prófessor þennan gilda að öllu sömu reglur og um prófessora þá, sem fyrir eru við háskólann.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 480. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um óháða alþýðuskóla.

Flm.: Bernharð Stefánsson, Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímssson, Andrés Eyjólfsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að á næsta skólaári starfi einn eða fleiri æskulýðsskólar með svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólum, meðan þeir störfuðu án sambands við menntaskóla og sérskóla, enda verði landspróf ekki haldið í þeim skólum.

Greinargerð.

Samkvæmt gildandi lögum er nú flestum skólum landsins skipað í fast kerfi, þannig að einn skóli tekur við af öðrum, allt frá barnaskóla til háskóla. Þetta kerfi greiðir að sjálfsögðu götu margra ungmenna til langskólanáms, og er það að vísu vel. Hins vegar er á það að líta, að með þessu móti er hætta á, að kennslan miðist mjög mikið við það að búa nemendurna undir ákveðin próf, sem veita ýmis réttindi, en minni áherzla verði þá lögð á almennan þroska og vekjandi áhrif. Er þó ekki vafi á, að mörgum ungmennum mundi henta betur frjálsari skólavist, þar sem meiri áherzla væri lögð á að hafa holl áhrif á hugsunarhátt nemendanna og þroska heldur en að búa þá undir próf. Hér er því lagt til, að Alþingi beini því til ríkisstjórnarinnar, að hún hlutist til um, að á næsta skólaári starfi einn eða fleiri æskulýðsskólar með svipuðu sniði og héraðsskólarnir gerðu áður en þeir voru gerðir að hlekk í skólakerfinu.

Þessa ráðstöfun virðist hægt að gera án þess að kosta til þess verulegu fé fram yfir það, sem nú er.

Ed. 481. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til laga um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Frumvarp þetta, sem er í fjórum köflum, er, eins og segir í fyrirsögn, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum. Eru í frumvarpi þessu felld saman í eitt öll ákvæði laga nr. 34 1946, um barnafræðslu, laga, nr. 48 1946, um gagnfræðanám, og laga nr. 49 1946, um húsmæðrafræðslu, sem fjalla um kostnað ríkissjóðs af skólum þeim, sem lögin taka til, ásamt þeim breytingum sem í frv. felast, og eru sumar þeirra þýðingarmiklar.

I. kafli fjallar um stofnkostnað skólanna. Er þar að finna nýmæli, þar sem kveðið er á um, að Alþingi ákveði, til hverra skólaframkvæmda fé sé veitt hverju sinni, og að óheimilt sé að hefja framkvæmdir fyrr en fjárveiting er fyrir hendi. Þá er ríkissjóði skylt að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar innan 5 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi. Enn fremur er kveðið skýrara að orði um greiðsluskyldu ríkissjóðs. Þar sem í núgildandi lögum segir, að ríkissjóður greiði allt að helmingi stofnkostnaðar, er nú sagt, að ríkissjóður greiði helming stofnkostnaðar. Hefur komið í ljós við framkvæmd fræðslulaganna, að full þörf er á að taka skýrt til orða um þetta atriði. Einnig er í þessum kafla ákveðið, að ríkið greiði ¾ hluta stofnkostnaðar skólabíla á þeim stöðum, þar sem þeir eru nauðsynlegir.

II. kafli er um rekstrarkostnað. Helztu nýmæli þar eru, að ýtarlegri reglur eru settar um tölu fastra kennara í gagnfræðastigsskólum en nú gilda, en þó í fullu samræmi við ákvæði gildandi laga. Þá er þar tekið fram, að húsmæðraskóla megi ekki starfrækja með færri nemendum en 15. Ríkissjóður greiðir ekki ótakmarkaða stundakennslu, heldur takmarkaða eftir vissum reglum. Þá tekur ríkissjóður þátt í húsaleigu í sama hlutfalli og hann greiðir stofnkostnað, þar sem ekki eru skólahús til notkunar, og greiðir hluta af rekstrarkostnaði skólabíla. Í 14. gr. er ákvæði um, að viðhaldskostnaður skuli greiðast í sömu hlutföllum og stofnkostnaður, en það hefur þá breytingu í för með sér, að ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum helming viðhaldskostnaðar við barnaskólana í stað ¼ hluta eftir núgildandi lögum.

III. kafli fjallar um reikningshald, endurskoðun og eftirlit og IV. kafli um ýmis ákvæði.

Menntamálanefnd hefur rætt þetta mál og kvatt á sinn fund fræðslumálastjóra og Aðalstein Eiríksson námsstjóra. Fræðslumálastjóri gat ekki mætt hjá nefndinni, en Aðalsteinn kom á einn fund, og var þá frv. rætt í heild.

Þrír nefndarmenn (IngF, AE, SÓÓ) eru sammála um, að nauðsynlegt hafi verið að sameina lagaákvæði þessi. Þeir mæla því með því, að frv. verði samþ. óbreytt.

Einn nefndarmanna (HG), sem þátt tók í afgreiðslu málsins í nefndinni, var ekki á fundi þegar málið var endanlega afgreitt og er því óbundinn af ákvörðun nefndarinnar. Þá var einn nefndarmanna (BSt) fjarstaddur vegna veikinda og átti ekki hlut að afgreiðslu málsins, en hefur síðan tjáð sig samþykkan frumvarpinu óbreyttu.

Alþingi, 18. marz 1955.

Ingólfur Flygenring, form.	Andrés Eyjólfssson, fundaskr.	Sigurður Ó. Ólafsson, frsm.
	Bernh. Stefánsson.	

Nd. 482. Frumvarp til laga [176. mál]

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir 1. málsgr. 37. gr. laganna kemur ný málsgr., svo hljóðandi:

Hefja skal þegar undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimilið og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða frv. til laga um vistheimili fyrir stúlkur eftir 2. umr. í Ed. Vegna þeirra breytinga, sem gerðar hafa verið á því frv., þykir eðlilegra, að ákvæði þess séu felld inn í lög nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna. Er því frv. þetta flutt.

Ed. 483. Lög [5. mál]

um viðauka við bifreiðalög, nr. 23 16. júní 1941, með á orðnum breytingum.

(Afgreidd frá Ed. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 431.

Nd. 484. Lög [152. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Nd. 21. marz.)

Samhljóða þskj. 386 með þeirri leiðréttingu á prentvillu í skjalinu, að framan við meginmál 2. gr. á að bætast: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 485. Frumvarp til laga [167. mál]

um samræmingu á mati fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1955 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins og 2 til vara. Fjármálaráðherra tilnefnir þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einnig tilnefnir ráðherra varaformann.

3. gr.

Til viðbótar gildandi fasteignamati skal meta allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því matið fór fram. Einnig skal meta öll hús og mannvirki, sem reist hafa verið frá 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.

Öll þessi mannvirki skulu metin eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat.

4. gr.

Skattstjórar og yfirskattanefndir skulu ásamt undirskattanefndum vera landsnefndinni til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta í té þær upplýsingar og tillögur, sem landsnefndin telur nauðsynlegar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal láta landsnefnd í té skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1954. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign.

6. gr.

Þegar búið er að meta umbætur, sem gerðar hafa verið frá því aðalmat fór fram, sbr. 3. gr., skal landsnefnd flokka allar fasteignir. Flokkunin miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400% eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Þegar endurskoðun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðherra gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna. Skal sú skrá send ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum, oddvitum, bæjarstjórum og skattstjórum.

Fjármálaráðherra ákveður hvenær hið nýja mat gengur í gildi.

8. gr.

Kostnað allan við endurskoðun fasteignamatsins greiðir ríkissjóður eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.

9. gr.

Þegar nýtt fasteignamat samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal ríkisstjórnin láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo og lögum nr. 66/1921, um fasteignaskatt, og miðist endurskoðunin við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins. Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr. 29. frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 486. Nefndarálit [76. mál]

um till. til þál. um frjálsan innflutning bifreiða.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á nokkrum fundum. Einnig sendi hún hana gjaldeyrisbönkunum til umsagnar. Með bréfi, dags. 11. f. m., lýsir Landsbankinn yfir þeirri skoðun sinni, „að gjaldeyrisástandið leyfi ekki aukið frelsi í innflutningi“. Útvegsbankinn hefur ekki sent neina umsögn.

Með lögum nr. 114 1954, um aðstoð við togaraútgerðina, er lagður hár innflutningstollur á almennar fólksflutningabifreiðar og honum varið til stuðnings togaraútgerðinni. Verða ekki full not af þeim ráðstöfunum, nema töluverður innflutningur þeirra bifreiða, sem togaratollurinn er lagður á, eigi sér stað. Þrátt fyrir álit Landsbankans álítur nefndin rétt að gefa innflutning þeirra bifreiða frjálsan. Hins vegar telur nefndin ekki koma til mála, að það frelsi taki til fleiri bifreiða, og það þegar af þeirri ástæðu, að þá mundi án efa draga mjög úr innflutningi þeirra bifreiða, sem togaratollurinn er lagður á.

Um breytingartillögur á þskj. 139 og 172 hafa nefndarmenn óbundið atkvæði. Einn nefndarmanna (SÁ) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að veita frjálsan innflutning þeirra bifreiða, sem innflutningsgjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 114 1954, um aðstoð við togaraútgerðina.

Alþingi, 19. marz 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jóh. Þ. Jósefsson.	Emil Jónsson.
Karl Guðjónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.		

Ed. 487. Breytingartillaga [150. mál]

við frv. til l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Við 1. gr. Í stað orðanna „barnafræðslu og gagnfræðastigs“ í 1. málsgr. komi: barnafræðslu, gagnfræðastigs og húsmæðrafræðslu.

Ed. 488. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 22. marz 1955.

Jóhann Þ. Jósefsson, form.	Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr., frsm.	Bernh. Stefánsson.
Ingólfur Flygenring.	Kristinn Gunnarsson.	

Sþ. 489. Nefndarálit [85. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir gegn verkafólksskorti í sveitunum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og orðið ásátt um að mæla með samþykkt hennar. Nánar í framsögu.

Alþingi, 21. marz 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Sigurður Ágústsson.	Emil Jónsson.
Karl Guðjónsson.	Eiríkur Þorsteinsson.	Jóhann Þ. Jósefsson.	

Sþ. 490. Tillaga til þingsályktunar [177. mál]

um ráðstefnu ríkja um rýmkun fiskveiðilandhelgi.

Flm.: Einar Olgeirsson, Finnbogi R. Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita áhrifum sínum til þess, að haldin verði sameiginleg ráðstefna allra þeirra ríkja, sem hafa sameiginlega hagsmuni af víðtækri landhelgi, hvað fiskveiðitakmarkanir snertir. Skal ríkisstjórnin hið bráðasta snúa sér til þeirra ríkja, sem þegar er vitað að hafa fiskveiðitakmarkanir gagnvart erlendum þjóðum miðaðar við meira en 3 mílur, og mælast til þess, að athugaðir verði möguleikar á, að slík ráðstefna verði haldin til þess að reyna að samræma aðgerðir þessara ríkja á alþjóðlegum vettvangi, er miða að því að tryggja framkvæmd og viðurkenningu þeirra fiskveiðitakmarkana, er þær telja nauðsynlegar.

Greinargerð.

Þess gerist ei þörf að rekja hér baráttu vor Íslendinga fyrir réttinum til að ráða landgrunni voru og ákveða sjálfir fiskveiðitakmörk við land vort.

Allir munu sammála um nauðsynina á því að afla þessu sjálfstæðismáli voru fylgi á alþjóðavettvangi. Verður æ ljósara, því lengra sem líður, að hér er barizt fyrir einu af grundvallartilveruskilyrðum þjóðarinnar, yfirráðum hennar yfir fiskimiðum sínum.

Það virðist auðsætt, að ein af þeim aðferðum, sem beita þurfi til þess að fá rétt vorn í þessu máli alþjóðlega viðurkenndan og virtan, sé að koma á samstarfi við þær aðrar þjóðir heims, sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta og svipaða réttindabaráttu heyja.

Er því ríkisstjórninni falið með þessari þingsályktunartillögu að beita áhrifum sínum í þá átt, að haldin verði ráðstefna allra slíkra ríkja, er samstarf vilja hafa með oss Íslendingum í þessu mikilvæga máli.

Nd. 491. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um samræmingu á mati fasteigna.

Frá fjárhagsnefnd.

Við 9. gr. Við greinina bætist: er miðist við það, að þessi gjöld hækki ekki almennt umfram það, er af flokkun fasteigna kann að leiða.

Nd. 492. Nefndarálit [66. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp á nokkrum fundum og orðið á eitt sátt um að mæla með því, að það verði lögfest, en leggur þó til, að á því verði gerðar eftirgreindar

BREYTINGAR:

1. Við 1. gr. 3. Liðurinn orðist þannig:
   Dalaumdæmi: Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla.

2. Við 1. gr. 5. Liðurinn orðist svo:
Húnaþingsumdæmi: Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.

Alþingi, 22. marz 1955.

Ásgeir Bjarnason, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.
Hannibal Valdimarsson. Gunnar M. Magnúss.

Nd. 493. Nefndarálit [158. mál]

um till. til þál. um rannsókn á aðbúð fanga í Reykjavík.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin er öll þeirrar skoðunar, að aðbúnaði fanga í Reykjavík sé mjög ábótavant vegna skorts á viðunandi húsnæði. Fangageymslan í lögreglustöð Reykjavíkur fullnægir hvergi þeim lágmarkskröfum, sem nú á tímum eru gerðar til slíkrar vistarveru. Þótt fangageymslan á Skólavörðustíg 9 sé öllu skárri, er aðbúnaður þar einnig óviðunandi. Er því þörf skjótrar breytingar í þessu efni.

Hins vegar telur meiri hluti nefndarinnar ekki fyrst og fremst þörf á rannsókn um þetta efni, sem öllum er kunnugt, heldur að bætt sé úr þeim húsnæðisskorti, sem valdið hefur ófremdarástandinu. Slíkar umbætur verður að telja mjög aðkallandi.

Hæstv. dómsmálaráðherra gaf þær upplýsingar við 1. umr. málsins, að hafizt verði handa á sumri komandi um byggingu fangageymslu fyrir lögreglustöðina í Reykjavík í stað þeirrar geymslu, sem nú er í kjallara lögreglustöðvarinnar. Verður þá bætt úr þessu vandamáli á þann hátt, er fullnægi kröfum tímans.

Með því að úr vandkvæðum fangageymslunnar verður aðeins bætt með nýju og betra húsnæði, virðist málið nú vera á réttri leið. Vill því meiri hluti nefndarinnar leggja til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún leysi þetta vandamál svo fljótt sem unnt er.

Alþingi, 21. marz 1955.

Björn Ólafsson, form., frsm. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Jörundur Brynjólfsson.
Einar Ingimundarson.

Sþ. 494. Nefndarálit [123. mál]

um till. til þál. um rannsókn á kostnaði við framkvæmd hafnarbóta í Loðmundarfirði og lagningu vegar þaðan til Seyðisfjarðar.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt. — Sigurður Ágústsson var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 22. marz 1955.

Bernh. Stefánsson, form. Jón Sigurðsson, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson, frsm.
Jóhann Þ. Jósefsson. Emil Jónsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 495. Breytingartillögur [3. mál]

við brtt. á þskj. 473 [Ríkisborgararéttur].

Frá Ingólfi Jónssyni, Helga Jónassyni, Eggert Þorsteinssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

Við bætist í stafrófsröð:

a. Brüchner, Karl Helmut, dýralæknir í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, fæddur 17. október 1915 í Þýzkalandi.
b. Körner, Anneliese Ruth, húsfrú á Hellu í Rangárvallasýslu, fædd 29. janúar 1929 í Þýzkalandi.
c. Warncke, Martha Emma Johanna, húsfrú að Neðra-Seli í Landmannahreppi, fædd 20. febrúar 1924 í Rúmeníu.

Nd. 496. Breytingartillaga [176. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Frá Gunnari M. Magnúss.

Á eftir orðinu „vistheimilis“ í 1. gr. frv. komi orðin: og skóla.

Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

37. gr.

Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

38. gr.

Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

IV. KAFLI
Um lánadeild smáíbúðarhúsa.

39. gr.

Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela skal Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar, þar með úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur.

40. gr.

Ríkissjóður leggur fram 30 milljónir króna sem stofnfé lánadeildarinnar.

41. gr.

Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 4 af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur.

Lánin endurgreiðast lánadeildinni og notast til frekari útlána úr lánadeildinni.

42. gr.

Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:

1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

43. gr.

Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til smáíbúðabygginga:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla laga þessara.

V. KAFLI
Um rétt einstaklinga til veðlána.

44. gr.

Þeir einstaklingar, sem eigi njóta aðstoðar samkvæmt I.—III. kafla þessara laga, en byggja sér íbúð samkvæmt skilyrðum 1. gr., skulu eiga rétt á láni úr veðdeild Landsbanka Íslands svo sem hér segir:

1. Veðdeildin skal starfrækt svo, að hún fullnægi skilyrðum þessarar greinar.
2. Ákvæðin í 7. gr. laga nr. 1 12. jan. 1900, um stofnun veðdeildar í Landsbankanum í Reykjavík, skulu gilda með þeirri breytingu á síðasta málslið, að í stað „helmingi af virðingarverði“ komi „helmingi af brunabótamati“ — og 8. gr. sömu laga skal eigi gilda gagnvart þessum aðilum.
3. Skylt er seðlabankanum að kaupa þau bankavaxtabréf, er veðdeildin lætur þessum mönnum í té.

45. gr.

Hver sá íslenzkur ríkisborgari, sem á íbúð samsvarandi þeim, sem um getur í 1. gr., og býr í henni sjálfur, á kröfu á því að fá lán út á 1. veðrétt í veðdeild Landsbanka Íslands samkvæmt ákvæðum 44. gr., enda hafi íbúðin verið byggð á síðustu 5 árum.

VI. KAFLI

Um innflutning byggingarefnis o. fl.

46. gr.

Innflutningur á byggingarefni skal vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkrum vörum er frjáls.

47. gr.

Nú eru höft á öllum innflutningi og erfiðleikar á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, og skal þá innflutningsskrifstofan, á meðan hún starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til þess að lög þessi nái tilgangi sínum.

48. gr.

Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

49. gr.

Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á, er reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

50. gr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

51. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

52. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi, þar með lög um frestun á framkvæmd III. kafla laganna.

53. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Kosning stjórnar byggingarsjóðs samkv. 9. gr. og endurskoðenda samkv. 10. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1958.

Greinargerð.

Húsnæðisvandamálið hefur eðlilega verið eitt allra brýnasta þjóðfélagsvandamál vor Íslendinga á þessari öld. Kynslóð feðra vorra tók við landinu lítt húsuðu varanlegum íbúðarhúsum um síðustu aldamót, og tvær kynslóðir hafa nú unnið við að byggja varanleg hús í landi voru. Í sveitunum hefur verið gert mikið átak til þess að skapa steinsteypt íbúðarhús í stað gömlu bæjanna, og hefur vel orðið ágengt, þótt mikið verk sé þar enn eftir að vinna.

Í bæjunum og kauptúnunum hefur orðið að byggja upp að nýju og þörfin þar verið hvað brýnust vegna hins hraða vaxtar þeirra og þá fyrst og fremst Reykjavíkur. Reynslan hefur sýnt það allan tímann, að hér varð að einbeita öllum kröftum, jafnt framtaki einstaklinga og samtakaheilda sem aðstoð og framlögum ríkisins, ef bæta átti úr neyðinni. Hins vegar hefur verið við ramman reip að draga um að fá það aðgert í byggingarmálum, sem brýn þörf var á. Veldur því hvort tveggja, að í Reykjavík hefur verið voldugur hópur ríkra fésýslumanna, sem grætt hafa fé á hárri húsaleigu, er húsnæðisskorturinn olli, og svo hitt, að yfirvöld ríkis og banka hafa löngum hirt lítt um að aðstoða alþýðu manna við að bæta úr húsnæðisleysinu, nema til neydd, og þá gengið skrykkjótt með framkvæmdir, svo sem saga síðustu tuttugu ára ber vott um.

1929 voru samþykkt lög um bann við íbúðum í kjöllurum. Það átti að útrýma þar með þeim íbúðum, er hættulegastar þóttu þá heilsu manna. — Þessi lög hafa aldrei verið framkvæmd og kjallaraíbúðum fjölgað ár frá ári. 1928 voru 800 kjallaraíbúðir í Reykjavík, en 1946 voru þær orðnar 1884.

Lögin um verkamannabústaði voru sett um sömu mundir. Samkvæmt lögum um tóbakseinkasölu ríkisins frá 1931 átti helmingur tekna hennar að ganga til byggingar verkamannabústaða. En þessari miklu tekjulind var nokkru síðar kippt burt. Byggingarfélag alþýðu í Reykjavík hafði þó rutt brautina með myndarlegum byggingum í höfuðstaðnum. En 1939 var starfsemi Byggingarfélags alþýðu bönnuð með útgáfu bráðabirgðalaga af hálfu Stefáns Jóh. Stefánssonar, er var félagsmálaráðherra „þjóðstjórnarinnar".

Rannsóknir, er gerðar voru á nýsköpunarárunum, leiddu í ljós, að byggja þurfti um 600 íbúðir á ári í Reykjavík til þess að fullnægja þörfinni fyrir nýtt húsnæði þar. En síðustu fjórtán ár hefur bygging íbúðarhúsa og annarra húsa í Reykjavík verið sem hér segir (fjöldi íbúða, herbergjafjöldi í svigum aftan við, þegar til eru skýrslur um hann):

	Íbúðir	Herbergi	Önnur hús
1941	335	(974)	68
1942	417	(1182)	118
1944	339	(1086)	80
1945	541	(1897)	142
1946	634	(2148)	176
1947	468	(1665)	45
1948	491	(1764)	34
1949	366	(1226)	21
1950	410	(1430)	35
1951	284		45
1952	329		14
1953	349		32
1954	487		109

Þótt unnið væri mest að byggingu íbúðarhúsa og annarra húsa á tímum nýsköpunarstjórnarinnar, eins og þessi skýrsla ber með sér, þá var þeirri stjórn ljóst, að hefjast þurfti handa af hálfu þess opinbera með enn meira átaki en gert var með verkamanna- og samvinnubústöðum. Því voru lögin um útrýmingu heilsuspill-

andi íbúða sett 7. maí 1946, og samkvæmt þeim var, eins og einnig segir í 30. gr. þessa frv., ákveðið að útrýma heilsuspillandi íbúðum úr landinu á fjórum árum með sameinuðu átaki ríkis, bæjar- og sveitarfélaga og banka.

Það voru ekki sízt braggaíbúðirnar í Reykjavík, sem hafðar voru í huga, þegar þessi löggjöf var sett af nýsköpunarstjórninni. 1946 bjuggu 1303 manns í braggaíbúðum (326 að tölu), þar af voru 511 börn.

En 1947 setti ríkisstjórn Alþýðuflokksins, Framsóknar og Sjálfstæðisflokksins, er tekið hafði við af nýsköpunarstjórninni að vilja Bandaríkjanna, lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða úr gildi, svo að engin áætlun var samin og engin útrýming heilsuspillandi íbúða framkvæmd. Árið 1950 bjuggu því í bröggum í Reykjavík 2210 manns, þar af 976 börn.

En sú ríkisstjórn, sem eyðilagði lögin um útrýmingu heilsuspillandi íbúða og þar með framtak ríkisins í byggingarmálunum, setti um leið slík höft á framtak einstaklinga og félaga, að bygging íbúðarhúsa í Reykjavík fór minnkandi ár frá ári, eins og þessi skýrsla ber með sér. Hins vegar er vitanlegt, að á síðustu árum hefur verið til nóg vinnuafl, byggingarefni og fjármagn til þess að byggja miklu meira af íbúðarhúsum en byggt hefur verið. Það var því auðséð, að miklu meira yrði byggt, ef bygging hóflegra íbúða væri gefin frjáls, og hefur Sósialistaflokkurinn því á síðustu árum reynt hvað eftir annað að knýja slíkt byggingarfrelsi fram. Í þeirri baráttu kom það greinilega í ljós, hvaða vald það var, sem bannaði og meinaði Íslendingum að útrýma neyðinni í húsnæðismálum. Ég rakti sögu þeirrar baráttu í nefndaráliti, sem ég gaf út 27. nóv. 1952 sem minni hluti fjárhagsnefndar, um frv. er ég og þáv. hv. þm. Siglfirðinga fluttu um byggingarfrelsi. Þar segir:

„Barátta fyrir því að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa hefur staðið nokkur ár á Alþingi, eftir að það kom í ljós, að ríkisstjórn og fjárhagsráð þrengdu óeðlilega kosti landsmanna í krafti þeirra heimilda, til takmarkana á byggingu íbúðarhúsa, sem veittar eru í lögunum um fjárhagsráð. En eins og kunnugt er, kom það í ljós, að þessar takmarkanir ollu bæði húsnæðisskorti meðal almennings og atvinnuleysi meðal byggingarverkamanna.

Á Alþingi 1949 flutti ég breytingartillögu við lögin um fjárhagsráð, að aftan við 5. gr. bættist svo hljóðandi málsgrein (þskj. 566):

„Þó skal þeim, sem ekki eiga íbúð, heimilt án fjárfestingarleyfis að byggja íbúðarhús fyrir sjálfa sig, enda sé íbúðin eigi stærri en ákveðið er um verkamannabústaði.“

Þessi tillaga var felld. En síðar á þinginu flutti fjárhagsnefnd Nd. sem heild breytingartillögu við sömu grein laganna, og hljóðaði fyrri hluti hennar svo (þskj. 734):

„Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk íbúða.“

Þessi tillaga var samþykkt, en þar sem þetta var seint á þingi, náði frv. ekki afgreiðslu.

Á næsta þingi, 1950, flutti meiri hl. fjárhagsnefndar Nd. (EOl, JóhH, SÁ, ÁÁ) frumvarp, er fór fram á samsvarandi breytingu, að við 5. gr. nefndra laga væri bætt þessu atriði m. a.:

„Þó skal heimilt að byggja hagkvæmar smáíbúðir án fjárfestingarleyfis, en ráðherra skal með reglugerð ákveða stærðartakmörk þeirra.“

Frumvarp með þessu sem aðalefni var síðan samþykkt við allar þrjár umræður í Nd. og sent til efri deildar.

Í efri deild fór málið til fjárhagsnefndar, og gaf hún 17. jan. 1951 út sameiginlegt álit um frv., og segir í því (þskj. 505):

„Samkomulag varð um að leggja til, að frv. yrði samþykkt, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja brtt., sem fram kynnu að koma.“

En þegar hér var komið sögu, hafði annar aðili komið til skjalanna.

Þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins höfðu flutt þáltill. um að afnema skömmtun á byggingarefni. Við hana hafði ég flutt brtt. um að gefa nú þegar frjálsan innflutning á byggingarvörum.

Tillagan hafði verið send fjárhagsráði til umsagnar.

Í umsögn sinni, dags. 13. jan. 1951, hafði fjárhagsráð lagzt gegn samþykkt þess að gefa frjálsa byggingu íbúðarhúsa og frjálsan innflutning byggingarefnis og fært m. a. fram svo hljóðandi röksemd:

„Fjárhagsráði hefur skilizt, að vegna tilrauna til þess að fá að nota fé úr mótvirðissjóði verði að takmarka fjárfestingu við ákveðið hámark og að það sé fullkomlega skilyrði fyrir því, að leyfi fáist til þess að nota mótvirðissjóð. Ef fara ætti eftir tillögu þessari, mundi það gera ómögulegt að sýna forráðamönnum mótvirðissjóðs fram á, hver fjárfestingin væri, þar sem takmarkanirnar næðu aðeins til hluta hennar."

Með þessari yfirlýsingu sinni viðurkenndi fjárhagsráð tvennt:

1) Að ráðið leit á erlenda menn í Washington sem „forráðamenn mótvirðissjóðs", en ekki á Alþingi, sem samkvæmt íslenzkum lögum ræður mótvirðissjóði. Og að ráðið leit á sig sem fulltrúa og eftirlitsmenn hinna amerísku auðmanna með fjárfestingarmálum Íslendinga, en skoðaði sig ekki sem fulltrúa þings og þjóðar.

2) Að hinir erlendu yfirboðarar höfðu krafizt þess, að fjárfesting Íslendinga væri takmörkuð og að þeir, hinir útlendu menn, hefðu völdin um það, hver fjárfestingin væri. Takmörkunin á íbúðarbyggingum Íslendinga var því eitt af skilyrðum þeirra fyrir því að „leyfa" Íslendingum að nota mótvirðissjóðinn, sem Íslendingar leggja sjálfir fram og eiga!

Eftir að umboðsmenn ameríska auðvaldsins á Íslandi höfðu þannig látið í ljós skoðanir þess, varð skyndilega breyting á afstöðu ýmissa þingmanna til lagafrumvarpsins um að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa. Meiri hlutinn í fjárhagsnefnd efri deildar, sem áður hafði öll mælt með frv., snerist nú skyndilega gegn því, er meiri hlutinn fann, hvernig blés að vestan, og lagði nú til, að frv. væri vísað frá með rökstuddri dagskrá. Var sú tillga nefndarinnar samþykkt með 10 atkv. gegn 5, eftir að átalin höfðu verið þau undarlegu vinnubrögð, er þarna kæmu í ljós, og snarsnúningur meiri hluta nefndarmanna.

Þannig fór um baráttuna fyrir því að gefa frjálsa byggingu hóflegra íbúðarhúsa á Alþingi 1950—51. Bandaríkjavaldið hafði kippt í spottann, brúður þess kippzt við, — en of seint til þess að það kæmi ekki í ljós, hvaða aðili taldi sig geta ráðið því, hvort Íslendingar fengju að byggja yfir sig eða ekki.

Í byrjun yfirstandandi þings flutti ég svo ásamt hv. þm. Siglf. það frv., sem hér um ræðir: að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa og miða þá við, hvað hæfilegt þykir um verkamannabústaði.

Frumvarpið fór til fjárhagsnefndar neðri deildar, þeirra sömu, er flutti frv. það 1950, sem fyrr getur og hlaut svo söguleg afdrif. Og nú lögðust þeir sömu menn er þá fluttu frv., á móti því að gefa frjálsa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa.

Ég álít hins vegar, að þörf Íslendinga fyrir nýtt húsnæði sé svo brýn, neyðin, sem þúsundir Íslendinga búa við í húsnæðismálum, hrópi svo til þjóðar og þings, að það beri tafarlaust að gefa byggingu hæfilegra íbúðarhúsa frjálsa, og legg því til, að frv. sé samþykkt.

Þess skal getið, að samtök byggingarverkamanna hafa hvað eftir annað tekið undir kröfuna um, að byggingar verði gefnar frjálsar, m. a. gerði Múrarafélagið, sem atvinnuleysið hefur bitnað mjög á, það á fundi sínum 3. júlí s. l.

Alþingi, 27. nóv. 1952.

Einar Olgeirsson."

Meðan á þessari baráttu stóð fyrir byggingarfrelsi, háði Sósíalistaflokkurinn einnig baráttu fyrir því, að innflutningur byggingarefnis væri gefinn frjáls. Og meðan hvers konar óþarfi hefur verið fluttur inn undanfarin ár og íslenzkum iðnaði og þjóðarheildinni unnið stórtjón með innflutningi erlendra iðjuvara, er hægt var að framleiða hér, eru sannarlega engin rök til gegn því, að innflutningur byggingarefnis sé gefinn frjáls. Hinn mikli viðskiptasamningur, sem nú hefur verið gerður við Sovétríkin, m. a. um innflutning 50 þús. smálesta af sementi, sannar, að nóg er hægt að fá af byggingarefni fyrir ísl. afurðir, ef vilji er til.

Nú er hins vegar svo komið, að neyðarástandið í húsnæðismálum Reykvíkinga er orðið meira en nokkru sinni, hundruð fjölskyldna húsnæðislausar og þúsundir búa við illt og óhæft húsnæði. Samtímis vex svarti markaðurinn í húsnæðismálum. Tveggja herbergja íbúðir og þriggja eru leigðar á 1000—1200 kr. á mánuði og jafnvel hærra. Bandaríkjamenn yfirbjóða Íslendinga um húsnæði og gera fátækar barnafjölskyldur hornreka, auðvitað þvert ofan í lög, þar sem þeim er samkvæmt íslenzkum lögum óheimilt að taka á leigu húsnæði í bæjum og þorpum á Íslandi.

Þess gerist því hin brýnasta þörf, að jafnt frjálsu framtaki einstaklinga sem skipulegu framtaki hins opinbera sé beitt til hins ýtrasta til þess að bæta úr því neyðarástandi, sem skapazt hefur fyrir vanrækslu og haftapólitík undanfarinna Marshall-ára.

Frumvarp þetta er flutt til þess, að bætt verði úr þessari þörf. Svipuð frv. voru flutt á þingunum 1952 og 1953, en náðu þá eigi afgreiðslu. 1952 fylgdi frv. stutt greinargerð, einnig með skýringum við einstakar greinar, og birtist hún hér á eftir nokkuð stytt og örlitið breytt.

Með því frv., sem hér er lagt fram, er verið að tryggja rétt þeirra manna, sem ekki eiga íbúð sjálfir, til þess að byggja yfir sig. Eftir að húsaleigulögin eru afnumin, er engin vörn til fyrir því ástandi, að hægt sé að segja fjölskyldu upp húsnæði og setja hana á götuna, en lögin banna henni að byggja yfir sig. Þetta frv. fjallar um rétt manna til að byggja og skyldu ríkisins til að aðstoða þá.

Enn fremur er með þessu frv. verið að tryggja rétt manna, sem búa í eigin íbúð, til þess að fá lán út á hana. Nú, þegar verið er óðum að svipta þá verkamenn og þær millistéttir, sem eignuðust eigin íbúð á nýsköpunarárunum, þessum íbúðum sakir þess, hvernig lífskjör þeirra hafa verið rýrð, er nauðsynlegt að setja ákvæði um útlánsskyldu bankanna þessu fólki til handa.

Í þessu frumvarpi eru felld saman með nokkrum breytingum lög þau, sem nú gilda um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, og ný ákvæði til þess að tryggja rétt manna til þess að bæta úr húsnæðisleysi sínu og upphefja þar með það réttleysi, sem einstaklingarnir nú verða að búa við í þessum efnum.

Skal farið nokkrum orðum um hinar einstöku greinar og kafla þessa frv.

Um 1. gr.

Með henni er ákveðinn réttur hvers íslenzks borgara til þess að fá að byggja, ef hann treystir sér til þess og á ekki sjálfur hæfa íbúð, enn fremur réttur allra til að byggja, ef innflutningur byggingarefnis er frjáls. Er með þessari grein afnumið valdið til þess að geta neitað mönnum um fjárfestingarleyfi fyrir íbúðum, fjögurra herbergja eða minni.

Um I. kafla.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar eru óbreyttar úr lagakaflanum um verkamannabústaði, nema 4. gr. Henni er breytt í sama horf og var, er lögin um tóbakseinkasölu voru sett 1931. Þá var ákveðið, að helmingur af tekjum Tóbakseinkasölu ríkisins skyldi renna til Byggingarsjóðs verkamannabústaðanna. Helmingurinn af tekjum þessum

er nú rúmar 20 millj. kr., svo að nokkuð yrði séð fyrir þörfum byggingarsjóðsins með þeim, enda verður að telja byggingu verkamannabústaðanna einhverja skynsamlegustu aðferðina til lausnar húsnæðisvandamálsins.

Um 5.—12. gr.

Greinarnar eru óbreyttar, nema 5. og 7. gr.

Með breytingunni á 5. gr. er ákveðið, að þau tvö byggingarfélög verkamanna, sem nú starfa í Reykjavík, skuli mega starfa og hafa sama rétt. Væri þar með þeim samtökum, er braut ruddu í byggingu verkamannabústaða, Byggingarfélagi alþýðu í Reykjavík, leyft að starfa áfram að byggingu verkamannbústaða.

Með breytingunni á 7. gr. er ákveðið, að öll stjórn byggingarfélags skuli kosin af meðlimum þess. Er það lýðræðislegra en núverandi fyrirkomulag.

Um II. kafla.

Um 13.—27. gr.

Þessi ákvæði um byggingarsamvinnufélögin eru alveg óbreytt.

Um III. kafla.

Um 28.—38. gr.

Þessum kafla er breytt í sitt gamla horf, eins og hann var, er lögin voru sett 1946 af nýsköpunarstjórninni.

Það er eftirtektarvert tákn um áhrif ríkisstjórna þeirra, er Sjálfstæðisflokkurinn, Framsókn og Alþýðuflokkurinn hafa myndað saman, jafnt 1939—41 sem 1947—49, að þær hafa alltaf rýrt eða eyðilagt fyrri lagasetningar um þessi nauðsynjamál, hvort heldur þær voru frá 1931 eða 1946. — Það eru því stórfelldar endurbætur að leggja til að færa ákvæði þessara laga í sitt gamla horf.

Um IV. kafla.

Um 39.—43. gr.

Kafli þessi er að mestu óbreyttur tekinn úr núgildandi lögum um lánadeild smáíbúðarhúsa. Þó eru þar á þessar breytingar:

Í 39. gr. er svo mælt fyrir, að ráðherra skuli fela lánsstofnun eigi aðeins stjórn lánadeildar, heldur og úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur. Við þá úthlutun lána, er fram hefur farið, hefur ekki verið farið eftir neinum reglum, lánað af handahófi og eftir geðþótta eða pólitískri fylgispekt, enda settu stjórnarflokkarnir hvor sinn mann í úthlutunina, er skiptu á milli sín að úthluta lánunum. Slíkt hneyskli má ekki endurtaka sig. Er Landsbanka Íslands eða hvaða annarri lánsstofnun, sem ráðherra semur við, hins vegar fyllilega treystandi til að framfylgja óhlutdrægt þeirri reglugerð, er ráðuneytið setti samkvæmt lögunum.

Á 40. gr. er gerð sú breyting, að ákveðið er, að 30 millj. kr. skuli vera stofnfé deildarinnar. En það voru 4 millj. kr., er deildin var stofnuð.

Á 41. gr. er gerð sú breyting, að útlánsvextir eru lækkaðir úr 5½% í 4%. Enn fremur er ákveðið, að lánin skuli endurgreiðast til lánadeildarinnar og féð síðan notast til frekari útlána í lánadeildinni. Um þetta voru engin ákvæði áður.

Um V. kafla.

Um 44.—45. gr.

Þessar greinar miða að því að tryggja þeim mönnum, sem eigi verða aðnjótandi aðstoðar samkv. I.—IV. kafla, að þeir hafi aðgang að veðdeild Landsbankans, þannig að þeim yrði veruleg hjálp í þeim. Hins vegar er engin hætta á, að bankanum yrði um megn að inna þessar skyldur af hendi.

Með 45. gr. er ákveðinn réttur þeirra manna, er hús eiga, til að geta þó að minnsta kosti fengið lán út á 1. veðrétt í húsinu eða íbúðinni, og tryggt, að þeir geti selt bankanum bankavaxtabréf affallalaust. Ástandið, sem nú ríkir í þessum málum, er algerlega óviðunandi. Það er ekki hægt fyrir menn, sem eiga íbúðir, að fá lán út á 1. veðrétt, þótt mikið liggi við. Slíkt er þó talinn sjálfsagður hlutur í öllum löndum. En hér hefur verið komið á slíkri einokun á lánsfjárveitingum, að jafngildir féflettingu og eignaráni, því að vitanlega er það sama og að ræna eign manns, er ríkið og bankar hindra mann, sem á góða eign skuldlausa, að geta fengið 1. veðréttar lán út á hana, t. d. til þess að borga skatt til ríkisins.

Um VI. kafla.

Um 46.—53. gr.

Í 46. gr. er ákveðið, að innflutningur á byggingarefni skuli vera frjáls, ef nokkur innflutningur er frjáls. Væri þar með afnumin sú óhæfa, að innflutningur óþarfa, eins og ameríska kerta, sé frjáls, en Íslendingum óheimil frjáls innflutningur byggingarefnis til þess að byggja nauðsynleg íbúðarhús og spara þar með fyrir þjóðina og framtíðina og byggja upp landið.

Séu höft á öllum innflutningi, skulu gömlu ákvæðin haldast.

Nd. 508. Breytingartillögur [167. mál]

við frv. til l. um samræmingu á mati fasteigna.

Frá Pétri Ottesen.

1. Á eftir 1. gr. kemur ný gr. (verður 2. gr.), svo hljóðandi:
   Til að framkvæma endurskoðun og samræmingu fasteignamatsins skipar fjármálaráðherra 3 menn í hverju sýslu- og bæjarfélagi. Tveir nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Á sama hátt skal skipa varamenn, er taka sæti í nefndinni í forföllum aðalmanna.
2. 1. málsl. 2. gr. (verður 3. gr.) orðist svo:
   Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í yfirmatsnefnd og 2 til vara.
3. Í stað 3.—7. gr. koma sjö nýjar greinar, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):
   a. (4. gr.) Til grundvallar endurskoðun fasteignamatsins skulu héraðsnefndir leggja fasteignamat það, sem nú er í gildi, en til viðbótar því skulu metnar allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því síðasta fasteignamat fór fram, svo skulu og metin þau hús og mannvirki, er reist hafa verið frá því 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar í aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.
   b. (5. gr.) Yfirmatsnefnd, samkvæmt lögum þessum, skal gera skrá um mat allra fasteigna í hverju sýslu- og bæjarfélagi, eins og það er við gildistöku laga þessara, ásamt skrá um allar ræktunarframkvæmdir, er gerðar hafa verið síðan 1940, samkvæmt spjaldskrá Búnaðarfélags Íslands. Skulu skrár þessar sendar viðkomandi héraðsnefndum áður en þær hefja störf sín.
   c. (6. gr.) Héraðsnefndir skulu meta hús, ræktunarumbætur þær og aðrar framkvæmdir, er eigi hafa verið metnar aukafasteignamati frá 1940. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar fasteignamati. Enn fremur breytingar á samgönguskilyrðum, rafmagnslagningum og öðrum fé-

lagslegum umbótum, er gerðar hafa verið frá sama tíma. Skal í viðbótarmati þessu farið eftir sömu reglum og giltu við síðasta fasteignamat. Að þessu fengnu skulu þær ákveða breytingu á matsverði hverrar fasteignar með tilliti til þeirra verðlagsbreytinga, er orðið hafa síðan 1940. Þessi hækkun má þó hvergi vera meiri en svo, að heildarmatsverð fasteignar fjórfaldist.

d. (7. gr.) Héraðsnefndir skulu hefja störf sín strax eftir að þeim hafa borizt skrár þær, er um getur í 5. gr., og hafa lokið störfum eigi síðar en 16 vikum eftir að skrárnar bárust þeim í hendur. Nefndirnar skulu gera skrá um mat allra fasteigna, hver í sínu umdæmi, og skal matið liggja frammi í hverju sveitar- og bæjarfélagi eigi skemmri tíma en 3 vikur. Héraðsnefndir skulu auglýsa í hverju bæjar- og sveitarfélagi, hvar skráin liggur frammi.

e. (8. gr.) Nú er eigandi fasteignar eða umboðsmaður hans óánægður með mat fasteignar sinnar, og getur hann þá innan fjögurra vikna frá því að matið var lagt fram í hans sveitar- eða bæjarfélagi sent héraðsnefndinni rökstudda kröfu um breytingu á matinu. Héraðsnefnd úrskurðar kæru innan tveggja vikna frá því að hún barst henni. Úrskurði héraðsnefndar getur viðkomandi aðili skotið til yfirmatsnefndar áður en 2 vikur eru liðnar frá því að úrskurður héraðsnefndar barst honum. Yfirmatsnefnd tekur síðan fullnaðarákvörðun um matið.

f. (9. gr.) Skylt er sýslumönnum, bæjarfógetum og öðrum starfsmönnum ríkis og bæjar- og sveitarfélaga að gefa héraðsnefndum og yfirmatsnefnd allar þær upplýsingar varðandi fasteignir í viðkomandi umdæmum, er nefndirnar telja sig þurfa og óska eftir.

g. (10. gr) Þegar eftir að héraðsnefndir hafa lokið störfum og úrskurðað kærur samkvæmt 8. gr., skulu þær senda yfirmatsnefndinni skrár um mat allra fasteigna í umdæmum þeirra. Yfirmatsnefndin endurskoðar og samræmir mat héraðsnefndanna, og að því loknu skal nefndin, svo fljótt sem við verður komið, gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna á landinu.

Skal bókin eða bækurnar löggiltar af fjármálaráðherra, sem ákveður hvenær hið endurskoðaða fasteignamat gengur í gildi.

Matsbækurnar skulu sendar ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, skattstjórum, hreppstjórum og lögreglustjórum, er gegna hreppstjórastörfum, bæjarstjórum og oddvitum.

4. Við 9. gr. (verður 12. gr.). Síðari málsl. orðist svo:
Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats falla úr gildi lög nr. 29 frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til, er miðist við það, að þessi gjöld hækki ekki almennt.
5. Fyrirsögn orðist svo:
Frumvarp til laga um fasteignamat.

Nd. 509. Breytingartillögur [3. mál]

við brtt. á þskj. 473 [Ríkisborgararéttur].

Frá Sigurði Ágústssyni.

Við bætist í stafrófsröð:

a. Fich, Maria Elisabeth, húsmóðir í Hrísdal í Miklaholtshreppi, fædd 19. febrúar 1925 í Þýzkalandi.
b. Levermann, Klaus Ernst, trésmiður í Reykjavík, fæddur 28. febrúar 1929 í Þýzkalandi.
c. Mikulcak, Miroslav Randolph, forstjóri í Reykjavík, fæddur 10. september 1927 í Tékkóslóvakíu.

Nd. 510. Breytingartillaga [167. mál]

við frv. til l. um samræmingu á mati fasteigna.

Frá Jóni Sigurðssyni.

Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Þegar landsnefndin hefur endurskoðað fasteignamatið samkv. 6. gr., skal nefndin senda skattanefndum til umsagnar afrit af fasteignamatinu í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er nefndin hefur fylgt í störfum sínum. Á sama hátt skal nefndin senda yfirskattanefndum afrit af fasteignamatinu í umdæmi þeirra.

Svör frá undir- og yfirskattanefndum skulu hafa borizt landsnefndinni ekki síðar en 10 vikum eftir að matsskjölin bárust hlutaðeigandi skattanefnd.

Landsnefndin skal því næst, að fengnum athugasemdum og tillögum skattanefndanna, taka fasteignamatið til endanlegrar afgreiðslu.

Nd. 511. Frumvarp til laga [66. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Á Íslandi skulu vera dýralæknisumdæmi, sem hér segir:

1. *Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi:* Reykjavík, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. *Borgarfjarðarumdæmi:* Borgarfjarðarsýsla, Akraneskaupstaður, Mýrasýsla, Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla að Skógarstrandarhreppi.
3. *Dalaumdæmi:* Skógarstrandarhreppur í Snæfellsnessýslu, Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla.
4. *Ísafjarðarumdæmi:* Vestur-Barðastrandarsýsla, Ísafjarðarsýslur, Ísafjarðarkaupstaður og Árneshreppur í Strandasýslu.
5. *Húnaþingsumdæmi:* Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
6. *Skagafjarðarumdæmi:* Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
7. *Eyjafjarðarumdæmi:* Ólafsfjörður, Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
8. *Þingeyjarþingsumdæmi:* Suður-Þingeyjarsýsla austan Vaðlaheiðar, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
9. *Austurlandsumdæmi:* Múlasýslur, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Austur-Skaftafellssýsla.
10. *Rangárvallaumdæmi:* Rangárvallasýsla og Vestur-Skaftafellssýsla.
11. *Selfossumdæmi:* Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogsshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
12. *Laugarásumdæmi:* Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt án sérstakra launa úr ríkissjóði að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum eftir ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Síðasta málsgr. 2. gr. laganna fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 512. Lög [28. mál]

um stofnun prófessorsembættis í læknadeild Háskóla Íslands í lífeðlis- og lífefnafræði.

(Afgreidd frá Ed. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 479.

Nd. 513. Frumvarp til læknaskipunarlaga. [25. mál]

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 478 með þessari breytingu:

2. gr. hljóðar svo:

Í eftirgreindum læknishéruðum eiga íbúar einstakra hreppa og hreppshluta jöfnum höndum rétt á að vitja héraðslæknis í nágrannahéraði, eins og hér greinir:

1. Búðardalshérað: íbúar Rauðseyja og Rúfeyja til Flateyjar; aðrir íbúar Skarðshrepps og íbúar Klofningshrepps til Stykkishólms;
2. Stykkishólmshérað: íbúar Miklaholtshrepps til Borgarness;
3. Patreksfjarðarhérað: íbúar á Hjarðarnesi í Barðastrandarhreppi til Flateyjar;
4. Bíldudalshérað: íbúar Auðkúluhrepps til Þingeyrar;
5. Þingeyrarhérað: íbúar Ingjaldssands til Flateyrar;
6. Súðavíkurhérað: íbúar héraðsins utan Súðavíkurhrepps til Ísafjarðar;
7. Hólmavíkurhérað: íbúar Kaldrananeshrepps norðan Kallbakskleifar til Djúpavíkur;
8. Blönduóshérað: íbúar Vindhælishrepps utan Hafursstaðaár til Höfðakaupstaðar;
9. Siglufjarðarhérað: íbúar Grímseyjar til Húsavíkur;
10. Grenivíkurhérað: íbúar Háls- og Illugastaðasókna í Hálshreppi til Akureyrar;
11. Breiðumýrarhérað: íbúar Ljósavatnshrepps neðan Þóroddsstaðar til Húsavíkur;
12. Kópaskershérað (eftir að Raufarhafnarhérað hefur verið stofnað): íbúar Presthólahrepps austan Blikalóns og Svalbarðshrepps norðan Hálsa til Raufarhafnar;
13. Bakkagerðishérað: íbúar Hjaltastaðahrepps til Egilsstaða;
14. Hafnarhérað: íbúar Hofshrepps til Kirkjubæjarklausturs;
15. Kirkjubæjarhérað: íbúar Álftavershrepps til Víkur;
16. Víkurhérað: íbúar Austur-Eyjafjallahrepps til Stórólfshvols;
17. Helluhérað: íbúar Rangárvallahrepps sunnan Þverár til Stórólfshvols.

Í hverju einstöku tilfelli á hlutaðeigandi forgangsrétt til þjónustu af hendi þess héraðslæknis, sem greiðast er að ná til.

Sþ. 514. Tillaga til þingsályktunar [180. mál]

um póstgreiðslustofnun.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Ásgeir Bjarnason, Gylfi Þ. Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á því, hvort hagkvæmt mundi vera að koma hér á póstgreiðslufyrirkomulagi eins og því, sem mjög tíðkast erlendis og kallað er „postgiro“ á Norðurlöndum.

Greinargerð.

Neytendasamtökin hafa aflað víðtækra gagna um „postgiro“-stofnanirnar á Norðurlöndum, og er þingsályktunartillaga þessi fram borin samkvæmt ósk samtakanna. Þau hafa látið fylgja henni svo hljóðandi greinargerð:

„Kjarni þessa fyrirkomulags er sá, að stofnanir og einstaklingar geta opnað reikning hjá „postgiro“-stofnuninni og ávísað greiðslum þaðan og þangað. Þeim mun fleiri sem slíka reikninga hafa, þeim mun meira verður um hreinar millifærslur að ræða milli reikninga, og það er stærsti kostur fyrirkomulagsins. Það sem ávinnst, er m. a. þetta:

1. Reiðufé þarf ekki að nota, þegar slíkar greiðslur eru inntar af hendi. Þannig verður komizt hjá allri áhættu við geymslu peninga og engin hætta verður á mistalningu, þar eð engin peningatalning þarf að fara fram, ef einungis er um millifærslur að ræða. Bókhald og endurskoðun reikningshafa verður einnig einfaldara.
2. Menn geta greitt hvers konar gjöld á fyrirhafnarlítinn hátt, sérstaklega þeir sem hafa „postgiro“-reikning, en hinir geta einnig greitt gjöld sín öll á einum stað til þeirra aðila, sem reikning hafa, en það mundu að sjálfsögðu verða allar opinberar stofnanir. Fyrir almenning yrði það mikið hagræði hjá því, sem nú er, að geta greitt skatta, iðgjöld, rafmagns- og símareikninga o. s. frv. á þennan hátt. Þá mundi þetta kerfi og spara margar vinnustundir, sem nú er sóað í það eitt að inna af hendi lögskipuð gjöld, sem aðeins er veitt viðtaka á almennum vinnutímum.

Hvað rekstrinum á „postgiro“-stofnuninni viðkemur, hefur mikill hagnaður verið af þeim erlendis víðast hvar, og stofnanir þessar hafa getað lánað út verulegt fé. Í Svíþjóð hefur undanfarið verið um tveggja milljarða sænskra króna innstæða að jafnaði í „postgiro“-stofnuninni.“

Nd. 515. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Samkv. yfirlýstum vilja síðasta Alþingis, hefur ríkisstjórnin látið endurskoða lög um Fiskveiðasjóð Íslands og lagt frv. til nýrra laga fyrir Alþingi.

Með frv. fylgja ýtarlegar athugasemdir frá nefndinni, sem endurskoðunina annaðist, en hana skipuðu þeir Gunnlaugur E. Briem skrifstofustjóri, Sigtryggur Klemenzson skrifstofustjóri, Davíð Ólafsson fiskimálastjóri og Elías Halldórsson forstjóri. Einnig er tilgreind ábending frá atvinnumálaráðherra um leiðir til að auka starfsfé Fiskveiðasjóðs.

Sjávarútvegsnefnd hefur rætt frv. á allmörgum fundum og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum. Flytur hún á sérstöku þingskjali þrjár breytingartillögur við 2. umræðu, og er efni þeirra í aðalatriðum sem hér segir:

1. Að sömu ákvæði gildi um útborgun lána og nú eru í lögunum.
2. Að gert sé ráð fyrir möguleikum til lána til kaupa á bátum eldri en eins árs, eins og nú eru ákvæði um í lögum sjóðsins.
3. Að fellt verði niður ákvæði í 6. gr. frv. um, að vextir af lánum úr Fiskveiðasjóði skuli greiddir fyrir fram. Þykir nefndinni réttara, að vextirnir séu greiddir eftir á, eins og tíðkast í hliðstæðum lánsstofnunum.

Nefndin mun við 3. umræðu flytja brtt. varðandi árlegt framlag ríkissjóðs til sjóðsins.

Þess má geta, að ríkissjóður mun þegar hafa afhent Fiskveiðasjóði 8 millj. kr. af tekjuafgangi ríkissjóðs á árinu 1954 út á væntanlegt samþykki Alþingis.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja brtt. eða fylgja brtt. við frv., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 25. marz 1955.

Sigurður Ágústsson, form., frsm. Gísli Guðmundsson, fundaskr. Pétur Ottesen.
Lúðvík Jósefsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Nd. 516. Frumvarp til laga [181. mál]

um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „allir til tveggja ára í senn“ í 1. málsgr. 1. gr. laganna komi: enn fremur einum manni, sem stjórn Stéttarsambandsins skipar, en tilnefndur er til skiptis af framleiðendum garðávaxta og Sölufélagi garðyrkjumanna. Allir skulu þeir skipaðir til tveggja ára í senn.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna bætist:

Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarafurða, svo sem kjöts, mjólkur, mjólkurvara, garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu, skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits framleiðsluráðs. Skal þess jafnan gætt, að innflutningur á landbúnaðarvörum fari því aðeins fram, að innlend framleiðsla fullnægi ekki notkunarþörfinni að dómi framleiðsluráðs, og útflutningur því aðeins, að nægilegt sé eftir í landinu til nota fyrir almenning af þeirri vöru, sem út er flutt.

3. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Ákveða skal verðlag á helztu innlendu garðávöxtum, svo sem kartöflum, gulrófum og gulrótum. Enn fremur er heimilt að ákveða verð á gróðurhúsaframleiðslu hvers konar. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið, að verðskráðar séu fleiri tegundir matjurta. Skal að jafnaði fylgja þeirri reglu að hafa verðið lægst um aðaluppskerutíma hverrar tegundar. Á öðrum tímum árs skal ákveða verðið með tilliti til geymslukostnaðar og vaxtarauka.

4. gr.

Á eftir V. kafla laganna (28. gr.) koma 6 nýjar greinar í nýjum kafla, er verður VI. kafli, með fyrirsögninni: **Um sölu matjurta og gróðurhúsaframleiðslu.**

a. (29. gr.) Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur á hendi yfirstjórn sölumála matjurta og gróðurhúsaframleiðslu landsins. Það skal stuðla að því, að markaðurinn notist sem allra bezt og að fullnægt verði sanngjörnum óskum framleiðenda og neytenda. Það getur haft eftirlit með meðferð matjurta og stuðlað að beztu aðferðum við ræktun, flutning, geymslu og vinnslu þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð. Enginn má verzla með kartöflur, gulrófur, gulrætur né hvers konar gróðurhúsaframleiðslu í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs. Leyfi skal veita til eins árs í senn.

b. (30. gr.) Framleiðsluráð skal vinna að því, að garðávaxtaframleiðendur í hverju héraði, er árlega framleiða garðávexti til sölu, myndi með sér á samvinnugrundvelli eitt eða fleiri félög eftir ástæðum, er vinni að hagsmunamálum garðávaxtaframleiðenda á félagssvæðinu.

Þar til almenn félagssamtök eru stofnuð og hafa hlotið viðurkenningu framleiðsluráðs, skal 5 manna nefnd, Sölunefnd garðávaxta, skipuð af landbúnaðarráðherra, stjórna heildsölu á kartöflum, gulrófum, gulrótum og e. t. v. fleiru. Skal öll sala og dreifing á garðávöxtum fara fram undir stjórn hennar. Skylt er sölunefndinni að sjá um, að ætíð sé nóg af garðávöxtum til sölu, eftir því sem henni er unnt. Ráðherra skipar nefndina eftir tilnefningu stjórna eftirtalinna búnaðarsambanda: Bs. Suðurlands, Bs. Borgarfjarðar, Bs. Eyjafjarðar, Bs. A.-Skaftfellinga og Bs. Kjalarnesþings, einn frá hverju. Nefndina skal skipa til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar einn nefndarmanna formann. Sölunefndin ræður sér framkvæmdastjóra. Einnig velur hún sér umboðsmenn víðs vegar um landið til þess að taka á móti garðávöxtum af framleiðendum.

Í þeim héruðum, þar sem starfandi eru félög garðyrkjuframleiðenda, sem hlotið hafa viðurkenningu framleiðsluráðs, skulu umboðsmenn valdir í samráði við stjórn hlutaðeigandi sölufélags.

c. (31. gr.) Framleiðsluráði skal heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda uppfylli það skilyrði 30. gr. og önnur ákvæði laganna.

d. (32. gr.) Sölunefnd garðávaxta vinnur að því í samráði við framleiðsluráð, að komið verði upp, þar sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum, með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.

Samvinnufélög eða búnaðarfélög, sem byggja matjurtageymslur, eiga rétt á stofnláni úr Ræktunarsjóði, er nemi 60% af byggingarkostnaði ásamt tilheyrandi vélum og öðrum útbúnaði, enda hafi framleiðsluráð samþykkt staðsetningu hússins, stærð og allan útbúnað og mælt með lánveitingunni.

Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal sölunefnd leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem ekki selst til manneldis hverju sinni.

e. (33. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Nú eru fleiri en eitt félag garðávaxtaframleiðenda á sölusvæði, og hlutast þá framleiðsluráð til um, að þau komi sér saman um stjórn fyrir sölusvæðið.

Sölunefnd garðávaxta getur í samráði við framleiðsluráð falið stjórnum sérstakra sölusvæða nánar tiltekin störf, svo sem sölu og dreifingu garðávaxta á hlutaðeigandi svæði.

Sölunefnd garðávaxta sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal hún þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

Þegar stofnuð hafa verið félagssamtök garðávaxtaframleiðenda, sbr. 2. málsgr. 30. gr., sem hlotið hafa viðurkenningu framleiðsluráðs, tekur stjórn þeirra við þeim verkefnum, sem sölunefnd garðávaxta eru falin í lögum þessum.

f. (34. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:
   1. um störf Sölunefndar garðávaxta;
   2. um flokkun og mat garðávaxta;
   3. um stofnræktun úrvals tegunda;
   4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

5. gr.

29. gr. (verður 35. gr.) laganna orðist svo:

Verðmiðlun á kjöti, mjólk, mjólkurvörum, matjurtum og eggjum skal haga þannig:

a. Á kjöti: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af öllu kindakjöti, er nota skal til verðmiðlunar, er nægi til þess, að sláturleyfishafar geti greitt sama verð fyrir sams konar vöru afhenta á sláturstað, miðað við meðaltals sláturkostnað og flutningskostnað. Þá er heimilt að taka verðjöfnunargjald af stórgripakjöti, ef ástæða þykir til.
b. Á mjólk og mjólkurvörum: Greiða skal sérstakt verðmiðlunargjald af allri mjólk, sem seld er til neyzlu, til að koma á hentugri vinnuskiptingu milli búanna, svo og til verðmiðlunar milli mjólkursölusvæða, eftir því sem framleiðsluráð telur þörf á, o. fl. (sjá 36. gr.).
c. Heimilt er að taka verðmiðlunargjald af eggjum.
d. Greiða skal verðjöfnunargjald af matjurtum, ef framleiðsluráð telur nauðsynlegt, til þess að hægt sé að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnslu eða fóðurvara hins vegar.

6. gr.

30. gr. (verður 36. gr.) laganna orðist svo:

Framleiðsluráð ákveður árlega, hve hátt verðmiðlunargjald skuli tekið í samræmi við 35. gr. til þess að framkvæma þá verðmiðlun, sem þar um ræðir, og standa straum af framkvæmd laga þessara, þar á meðal kostnaði við framleiðsluráð o. fl. (sjá þó 9. gr.).

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 31 2. apríl 1943, um verzlun með kartöflur o. fl., svo og ákvæði annarra laga, er brjóta í bág við lög þessi.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955.

Greinargerð.

Landbúnaðarnefnd flytur þetta frv. samkv. tilmælum landbúnaðarráðherra. Nefndin áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Hér fara á eftir greinargerðir þær, er fylgdu frv.

„Með bréfi, dags. 26. jan. s. l., skipaði hæstvirtur landbúnaðarráðherra okkur undirritaða í nefnd „til athugunar á því, á hvern hátt verði heppilegast að skipuleggja sölu og dreifingu matjurta og hverra úrræða þurfi að leita til að koma þeim málum fyrir á sem hagkvæmastan hátt“.

Var nefnd þessi skipuð eftir ósk Stéttarsambands bænda í tilefni af margítrekuðum samþykktum frá aðalfundum Stéttarsambandsins og ýmsum öðrum fundum framleiðenda víðs vegar um landið um, að betri skipan yrði komið á þessi mál.

Hefur mál þetta verið til meðferðar hjá Stéttarsambandi bænda síðan 1948, og var þá næstu ár á eftir reynt að koma fram lagabreytingum við framleiðsluráðslögin, sem þó bar ekki árangur.

Árið 1950 skipaði framleiðsluráð 4 manna nefnd, er skilaði áliti 1951, sem í fólust breytingar við framleiðsluráðslögin, er gengu í þá átt, að framleiðendur sjálfir stofnuðu félagssamtök, er sæju um sölu og dreifingu matjurta. Síðar á því ári gerði stjórn Stéttarsambandsins tillögur til landbúnaðarráðherra, sem gengu mjög í sömu átt og álit nefndarinnar.

Í ársbyrjun 1952 var skipuð 5 manna nefnd í málið. Tilnefndi Stéttarsambandið 2, S. Í. S. 1, Grænmetisverzlun ríkisins 1 og landbúnaðarráðherra 1, og var hann formaður nefndarinnar. Starfaði hún fram í marz 1952. Nefnd þessi varð ekki sammála í þýðingarmiklum atriðum, og varð þá ekki af frekari aðgerðum.

Þann 23. júní 1953 fól landbúnaðarráðuneytið Jóhannesi G. Helgasyni, MBA, að rannsaka ástand garðræktarinnar í landinu og gera tillögur um skipan matjurtasölunnar. Skilaði Jóhannes ýtarlegri álitsgerð sumarið 1954.

Ef frá er talinn minni hluti nefndarinnar frá 1952, hafa allir aðilar, sem hér hafa verið nefndir og um málið hafa fjallað, verið sammála um, að breytinga væri þörf í þessum efnum og að heppilegast væri, að samtök framleiðenda tækju það í sínar hendur. En eins og fyrr segir, hefur enn engin breyting orðið á skipan þessa máls.

Síðan sumarið 1953, þegar framleiðsla á kartöflum varð miklu meiri en hægt var að geyma og selja, hefur verið lögð enn meiri áherzla á það af framleiðenda hálfu, að nýrri skipan yrði komið hér á og það sem allra fyrst.

Tillögur þær, sem hér liggja fyrir, eru formaðar sem breytingar á framleiðsluráðslögunum. Í aðalatriðum eru þær að innihaldi sama efnis og þær tillögur, sem getið er hér að framan. En þar sem enn eru engin samtök meðal framleiðenda garðávaxta, en málið þolir ekki bið að áliti meiri hluta nefndarinnar, er lagt til, að þau 5 búnaðarsambönd, þar sem framleiðsla garðávaxta er mest, tilnefni sinn manninn hvert í nefnd, sem landbúnaðarráðherra skipar, er hefði á hendi starf það, sem gert er ráð fyrir, sbr. b-lið 4. gr. tillagnanna, þar til félagssamtök framleiðenda hefðu verið stofnuð og væru viðbúin að taka við framkvæmdum.

Er hér gert ráð fyrir hliðstæðri skipan og í mjólkursölumálunum á sínum tíma.

Í 1. gr. tillagnanna er lagt til, að fjölgað verði um 1 mann í framleiðsluráði, þ. e., að framleiðendur garðávaxta og Sölufélag garðyrkjumanna tilnefni hann til skiptis. Sölufélagið hefur óskað eftir þeirri breytingu, og var meiri hluti nefndarinnar sammála um, að það væri sanngjarnt, þar sem framleiðsluráð á að hafa yfirstjórn þessara mála.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að fjölyrða um tillögurnar, og skýra þær sig sjálfar í aðalatriðum. En þess skal getið, að í tillögunum er gert ráð fyrir nokkrum smávægilegum breytingum á einstökum greinum framleiðsluráðslaganna, sem ekki eingöngu snerta matjurtasölumálin, sbr. 2., 5. og 6. gr. tillagnanna.

Við undirritaðir leggjum áherzlu á, að frumvarp þetta geti orðið að lögum á Alþingi því, er nú situr.

Dr. Björn Jóhannesson, sem ekki er sammála tillögunum í öllum atriðum, mun skila séráliti.

Reykjavík, 22. febr. 1955.

Sverrir Gíslason. Helgi Pétursson. Unnsteinn Ólafsson.
Jón Sigurðsson.“

„Ég undirritaður gat því miður ekki orðið sammála meðnefndarmönnum mínum, þeim Sverri Gíslasyni, Jóni Sigurðssyni, Helga Péturssyni og Unnsteini Ólafssyni, en þeir bera fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94 frá 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., og fjallar það að mestu um breytingar á sölufyrirkomulagi garðávaxta og gróðurhúsaframleiðslu.

Meginástæður fyrir sérstöðu minni eru sem hér segir:

Samkvæmt frumvarpsuppkasti meiri hluta nefndarinnar skal svo kallaðri Sölunefnd garðávaxta falið að „stjórna heildsölu á kartöflum, gulrófum, gulrótum og e. t. v. fleiru", og „skal öll sala og dreifing á garðávöxtum fara fram undir stjórn hennar." Nefnd þessi getur veitt sjálfri sér eða öðrum aðilum, fáum eða mörgum, leyfi til að verzla með garðávexti í heildsölu og smásölu með skilyrðum, er henni þóknast að setja. Ekki er kveðið á um það í frumvarpinu, hver eða hverjir skuli annast innflutning garðávaxta, en væntanlega réði nefndin því, þar eð innflutningur er vart hugsanlegur án heildsöluleyfis.

Ráðherra skal setja reglugerðir um störf sölunefndar og fleiri atriði. Af frumvarpinu verður þó ekkert ráðið um væntanleg reglugerðarákvæði varðandi störf sölunefndar, því að í frumvarpinu örlar varla á nokkru atriði, er kveður á um, hverjir skuli starfshættir hennar.

Ég tel naumast eðlilegt, að löggjafinn afhendi nefnd fimm manna, sem tilnefndir eru af félagasamtökum einnar stéttar, að kalla óskorað vald til að fara með eða ráða heildsölu og dreifingu (og væntanl. innflutningi) allra garðávaxta í landinu.

Ég get ekki komið auga á nokkra tryggingu fyrir því, að slík skipan — ef skipan skyldi kalla — mundi taka fram því fyrirkomulagi, er nú ríkir, og er því andvígur, að mál þessi verði leidd í óvissu.

Verzlun með kartöflur hefur verið nátengd starfsemi kaupfélaganna, og ég teldi eðlilegra að efla verzlunarkerfi garðávaxta á þessum grundvelli fremur en að vinna að stofnun nýrra hagsmunafélaga á samvinnugrundvelli, er taki að sér sölu garðávaxta eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Að öðru leyti virðist mér frumvarpið einkennast af óákveðnu orðalagi. Þar er allmikið um heimildarákvæði, og sagnirnar að „vinna að" og „stuðla að" koma víða fyrir. Mér er óskiljanlegur ávinningur sá, sem á að felast í því að hafa mörg óljós eða tvíræð ákvæði í lögum. Vilji löggjafinn gefa framkvæmdavaldinu frjálsar hendur, má annaðhvort taka það fram eða hafa auðan pappírinn í stað þess að setja á hann „ákvæði" með þess konar orðalagi, að þau séu á engan hátt bindandi og að því er virðist helzt borin fram í þeim tilgangi að sniðganga þau.

Til bóta horfir það ákvæði í frumvarpinu að veita lán úr Ræktunarsjóði til að reisa geymslur fyrir garðávexti. Þetta atriði haggar þó ekki þeirri niðurstöðu minni, að sem heild sé frumvarpið svo gallað, að ég get ekki lið því samþykki mitt.

Loks skal þess getið, að störfum nefndarinnar var hraðað mjög mikið, eftir að hún var kölluð á fyrsta fund. Af þessari ástæðu gafst mér ekki tóm til að athuga þau mál, er hér um ræðir, eins gaumgæfilega og æskilegt mætti teljast. En í trausti þess, að Grænmetisverzlun ríkisins gefist tækifæri til umsagnar um frumvarp meiri hluta nefndarinnar, áður en það er tekið til afgreiðslu, þá hef ég kosið að hafa þessa greinargerð fáorða.

Aðrar athugasemdir.

Fyrir liggja allmargar félagssamþykktir bænda, þar sem krafizt er bættrar skipunar varðandi verzlun með garðávexti. Verður vart þeirrar kröfu, að framleiðendur fái aukin áhrif og íhlutun um þessi mál. Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur nú á hendi verðskráningu og mat á kartöflum, en Grænmetisverzlun ríkisins annast um innflutning og mikinn hluta heildsölunnar vegna ríkjandi fyrirkomulags á niðurgreiðslu.

Það er ekki óeðlilegt, að framleiðendur vilji hafa sem mest áhrif á sölumeð-

ferð og dreifingu eigin framleiðslu, en í því tilfelli, er hér um ræðir, virðist mér ekki liggja ljóst fyrir, með hverjum hætti aukin íhlutun bændasamtaka um skipun verzlunar með garðávexti sé líkleg til að vinna bug á þeim vandkvæðum kartöfluframleiðslunnar, sem einkum valda óánægju.

Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa þeirri skoðun minni, að meginástæðan fyrir „kartöfluvandamálinu“ sé sú, að ísl. kartöflur eru sem heild léleg verzlunarvara, og fer saman, að þær hafa tiltölulega lítið geymsluþol og eru útlitsljótar. Af þessu leiðir bæði það, að neyzla kartaflna er minni en skyldi, svo og hitt, að kaupstaðabúar, einkum Reykvíkingar, gera meir að því en ella mundi að rækta kartöflur til eigin neyzlu. Það er nefnilega reynsla, þar sem skilyrði til kartöfluræktar eru hagstæð eins og í Reykjavík, að fá má allárvissa uppskeru og góða vöru, ef varlega er farið með kartöflurnar við upptöku, þær þurrkaðar strax og komið fljótlega í góða geymslu, enda séu þær heilbrigðar.

Vegna þess fyrst og fremst, hve ísl. kartöflur þola yfirleitt illa geymslu, er bændum eðlilega í mun að selja sem mest af framleiðslunni strax að haustinu.

Veðrátta veldur því, að erfitt er að rækta hér á landi kartöflur með jafnmiklu geymsluöryggi og víða erlendis. Reynslan sýnir þó, að ísl. kartöfluframleiðendur geta náð miklu betri — og raunar viðunandi góðum — árangri með því að sýna meiri alúð og tileinka sér meiri ræktunarkunnáttu á þessu sviði. En til þess að ná viðhlítandi skjótum árangri í þessu efni er nauðsynlegt að haga verðlagi og mati þann veg, að það borgi sig að rækta góðar og geymsluþolnar kartöflur, en að það borgi sig hins vegar ekki að framleiða lélega vöru. Án efa mætti ná árangri með hæfilegri verð- og matsstefnu án lagabreytinga. Þess má þó vænta, að átak það, sem nauðsynlegt virðist að gera í þessu efni, muni til að byrja með auka óánægju með það „skipulag“ kartöflusölumálanna, er stæði að verulega auknum gæðakröfum. Er frá liði mundi framleiðendum hins vegar skiljast, að rétt var stefnt. Það er álit mitt, að gengi kartöfluræktarinnar sem atvinnugreinar sé fyrst og fremst háð því, að vel takist að auka gæði vörunnar.

Á meðan við ekki ræktum betri kartöflur en við gerum í dag, munum við eiga okkar „kartöfluvandamál“, og þau verða þeim mun erfiðari viðfangs sem það hendir oftar, að framleiðsla verði meiri en neyzluþörf. Það verða víst að teljast óskadraumar, að við getum hagnýtt umframframleiðslu í einstaka árum til iðnaðar, svo sem spíritus- eða kartöflumjölsframleiðslu. Hagkvæmast virðist að nota slíka offramleiðslu beint til fóðurs sem næst framleiðslustað.

Framangreindar athugasemdir um geymsluþol og gæði ísl. kartaflna varða ekki beint starf það, er nefndinni, sem ég var skipaður í, var ætlað að vinna. Þó hygg ég, að skaðlaust megi teljast, að þetta sjónarmið komi hér fram. Menn undrast þá ef til vill síður, eða verða fyrir minni vonbrigðum, þó að lagafyrirmæli eða skipulagsform leysi ekki viðfangsefni, sem ísl. náttúra og kunnátta um ræktun og meðferð garðávaxta ráða mestu um.

Reykjavík, 22. febrúar 1955.

Björn Jóhannesson.“

Ed. 517. Lög [172. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

(Afgreidd frá Ed. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 452.

Ed. 518. Breytingartillaga [15. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Vilhjálmi Hjálmarssyni.

Aftan við 1. gr. komi nýr liður:
Í stað D. 28 og D. 29 komi nýr liður, svo hljóðandi:
Vattarnesvegur: Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla um Vattarnes og Kolfreyjustað á Fáskrúðsfjarðarveg hjá Höfðahúsum.

Nd. 519. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr.
   a. Á eftir 3. málsl. kemur nýr málsl., svo hljóðandi:
      Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti.
   b. Aftan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
      Útborgun lána samkv. þessari grein skal haga svo, að ⅓ láns greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á staðinn, ⅓ hluti þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn, en lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.
2. Við 6. gr. Orðin „og greiðast fyrir fram“ falli niður.

Nd. 520. Læknaskipunarlög. [25. mál]

(Afgreidd frá Nd. 28. marz.)

Samhljóða þskj. 513 (sbr. 478).

Ed. 521. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestslaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að beiðni kirkjumálaráðherra, og fylgdu því svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er gert ráð fyrir því, að í veikindaforföllum embættismanns skuli embættinu séð fyrir þjónustu á kostnað ríkisins allt að eitt ár.

Að því er prestastéttina snertir var mikil þörf slíkra ákvæða. Síðan núverandi biskup tók við embætti snemma á fyrra ári hefur orðið að ráða presta til að þjóna í veikindaforföllum í Vestmannaeyjum, Bjarnanesi og á Akureyri. Varð um tíma að ráða þrjá presta samtímis til þjónustunnar.

Nú er það svo, að á þessum ráðningum eru sérstök vandkvæði að því er prestastéttina snertir.

1. Eigi er unnt að senda til slíkrar þjónustu nema prestvígða menn, þar sem vígslan er skilyrði fyrir því, að fremja megi fullkomna messugerð, útdeila sakramentum o. s. frv. Úr hópi vígðra manna er vart að velja um aðra en aldraða presta, sem látið hafa af embætti. Er þá ýmist, að þeir treysta sér ekki til að fara til prestsþjónustu um stuttan tíma í fjarlægt prestakall eða þeir hafa að sér tekið einhver þau störf, er þeir eigi vilja hætta við. Hafa því reynzt mikil vandkvæði á að fá slíka presta til þjónustu.
2. Ekki þykir viðkunnanlegt að vígja unga kandidata til aðeins eins til tveggja mánaða bráðabirgðaþjónustu, enda ekki ætlazt til þess hér á landi, að kandidatar séu vígðir nema til varanlegrar þjónustu í þágu kirkjunnar.
3. Enda þótt horfið yrði að því að vígja kandidata til stuttrar þjónustu, sem eigi er talið æskilegt, og þótt stöku sinnum mætti takast að fá unga, embættislausa presta til að taka við bráðabirgðaþjónustu, þá fylgja slíku þeir annmarkar, að það mælist eðlilega illa fyrir meðal prestanna, ef maður er settur til þjónustu í gott brauð og honum þannig fengin í hendur aðstaða til þess að afla sér fylgis í prestakallinu og standa betur að vígi en aðrir í prestskosningu, ef brauðið losnaði.

Af þessum ástæðum, sem nú er getið, er talið eðlilegast og heppilegast, að ráðinn verði til ákveðins tíma í senn, t. d. 3 ára, sérstakur prestur til þess að gegna prestsstörfum um stundarsakir hvarvetna þar, sem biskup vísar honum til og þörf er á vegna veikinda eða fjarveru sóknarpresta. Kynni svo að fara, sem reynsla bendir þó ekki til, að einhvern tíma yrði ekki bein þörf fyrir starf prestsins í forföllum þjónandi presta, þá er ærið starf annað, bæði þjónusta prestslausra prestakalla, skólaheimsóknir o. fl. Í þessu sambandi er vert að geta þess, að nefnd sú, er undirbjó frumvarp um skipun prestakalla árið 1951, lagði til, að stofnuð yrðu tvö slík aðstoðarprestsembætti. Sýnir það, að nefndin að athuguðu máli taldi þarna vera fulla þörf fyrir hendi. Hafa þó síðan verið sett áðurnefnd lög um skyldur og réttindi embættismanna, sem gera þörf þessa enn brýnni en áður.

Ætlazt er til, að presturinn hafi sömu laun og sóknarprestur, en ríkið greiði ferðakostnað hans og húsaleigu þar, sem hann er settur til þjónustu, samkvæmt reikningi, er ráðuneytið úrskurðar.

Að lokum skal þess getið, að á tímabilinu frá 1. apríl til 31. október síðastl. hafa sérstaklega ráðnir prestar gegnt aukaþjónustu í prestaköllum í samtals 13 mánuði.

Samkvæmt reynslu má því gera ráð fyrir samþykkt frumvarps þessa.

Nd. 522. Frumvarp til laga [183. mál]

um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI

Um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðarbygginga.

1. gr.

Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðarbygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn skulu sitja þrír menn, sem ríkisstjórnin skipar til sex ára í senn, og skal hún tilnefna einn þeirra formann. Enn fremur skipar hún þrjá varamenn.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því meðal annars:

1. Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur, í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við húsbyggingar.
2. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.
3. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðarteikninga.
4. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess þykir þörf.

Við lausn þessara mála skal húsnæðismálastjórn leita eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem Atvinnudeild háskólans, húsameistara ríkisins, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðahluta. Er framangreindum aðilum skylt að veita húsnæðismálastjórn hverjar þær upplýsingar, sem hún telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.

3. gr.

Komið skal á fót almennu veðlánakerfi til íbúðarbygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar (sbr. 6. gr.).

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. króna. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, þó eigi yfir 40 millj. króna, verði með vísitölukjörum, þannig að binda má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf fyrr en veðdeild Landsbankans hefur selt slík verðbréf fyrir 40 millj. króna, enda komi til sérstök lagaheimild.

Ákvæði III. kafla laga 46/1954 og 1. gr. laga 48/1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Veðdeildin hefur heimild til að taka erlend lán til íbúðarbygginga, eftir tillögum húsnæðismálastjórnar, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga 55/1945.

4. gr.

Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis rennur:

a. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið, eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.
b. Eignir Lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.
c. Lántökugjald af lánum veðdeildarinnar samkvæmt lögum þessum.
d. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.

Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis kemur:

a. Fé það, sem veðdeild Landsbanka Íslands aflar með útgáfu og sölu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum þessum.
b. Lán, sem sparisjóðir, bankar og aðrir veita beint til lántakenda, samkvæmt almennum útlánareglum laga þessara.
c. Afborganir og vextir af veðskuldabréfum Lánadeildar smáíbúða, þegar frá eru dregnir vextir og afborganir af lánum hennar.
d. Fé varasjóðs, samkvæmt 4. gr.
e. Erlend lán, sem veðdeild Landsbanka Íslands kann að taka til íbúðarbygginga.

6. gr.

Almennar útlánareglur veðlánakerfisins samkv. 3. gr. eru þessar:

a. Lánin veitast aðeins til byggingar íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Þó skal heimilt að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur.

Heimilt er, að lánin komi til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt, að byggingu lokinni, á hlutaðeigandi íbúðir.

b. Lánaupphæð nemi samtals allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki meiru en 100 þús. krónum út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig.
c. Lán til hverrar íbúðar skal að jafnaði vera í tvennu lagi, A-lán og B-lán. Venjulega skal A-lán eigi lægra vera en 50 þús. krónur og B-lán eigi lægra en 20 þús. krónur. Allir, sem fengið hafa A-lán, skulu eiga rétt til að fá B-lán, sbr. þó b-lið. Lántökugjald skal vera 1%.
d. A-lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti, en B-lánin með fyrsta samhliða veðrétti eða öðrum veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
e. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára og skulu jafngreiðslurnar inntar af hendi mánaðarlega, nema öðruvísi sé ákveðið. Þegar A-lán er veitt af andvirði seldra bankavaxtabréfa, mega vextir vera ¼% hærri en vextir bankavaxtabréfanna fyrir kostnaði veðdeildarinnar. A-lán skulu færð sérstaklega í reikning lánsstofnana, og skulu þær gefa veðdeildinni árlega skýrslu um þau.

f. B-lánin skulu vera með hliðstæðum kjörum og vísitölubundin verðbréf, sem út verða gefin. Vextir mega vera ¼% hærri en vextir hinna vísitölubundnu bankavaxtabréfa fyrir kostnaði veðdeildarinnar.
g. Veðdeildinni er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu áliti húsnæðismálastjórnar og samþykki ríkisstjórnar.

7. gr.

Heimilt er að lána Byggingarsjóði og Byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum veita skuli A-lánin úr veðdeildinni.

Þó skulu sparisjóðir þeir eða lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf deildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvarandi lán, og skal setja nánari fyrirmæli um það í reglugerð.

9. gr.

1. Húsnæðismálastjórn getur látið fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim, sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.
2. Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því, að innlánsstofnanir komi á fót samningsbundnum sparnaði til íbúðarbygginga eða kaupa á íbúðum. Skal heimilt að láta þá, sem taka þátt í slíkum sparnaðarsamningum, sitja fyrir um íbúðarlán.

II. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

10. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

11. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

12. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu njóta lána samkvæmt I. kafla þessara laga.

13. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðarbygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, annað hvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin, að því tilskildu, að sveitarfélagið sjái um, að hið ónothæfa húsnæði verði tekið úr notkun, enda greiði ríkissjóður ekki framlag sitt, fyrr en því ákvæði er fullnægt. Húsnæðismálastjórn ráðstafar framlögum ríkissjóðs í þessu skyni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari skýrgreiningu á því, hvað telja skuli íbúð og meiri háttar viðbyggingar, sbr. 6. gr., a-lið.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn III. kafli laga nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í málefnasamningi þeim, sem gerður var í september 1953, þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð, milli flokka þeirra, sem að henni standa, er ákvæði um húsnæðisvandamálin, sem er á þessa leið:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðarbygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Verkefnið var að því leyti tvíþætt, að tryggja skyldi aukið fjármagn til íbúðarbygginga, en jafnframt skyldi leggja grundvöll að því að leysa þetta vandamál til frambúðar.

Síðara atriðið er að sjálfsögðu miklu veigameira. Á undanförnum árum hefur lánsfjárskorturinn til íbúðarbygginga og skipulagsleysi þeirra mála verið stöðugt vandamál. Við og við hafa verið gerðar ákvarðanir þings og stjórnar um úrbætur í bili með sérstökum framlögum, þegar svo hefur staðið á. Má í því sambandi minna á framlög af gengishagnaði til íbúðarlána, þegar gengisbreytingin varð árið 1950. Enn fremur framlög af rekstrarafgangi ríkisins 1951 í sama skyni. Einnig hafa núverandi og fyrrverandi ríkisstjórn stofnað Lánadeild smáíbúða og aflað henni fjár að upphæð kr. 40 000 000.00, sem þegar er útlánað.

Þá ákvað ríkisstjórnin að láta athuga sem vandlegast með hverjum hætti yrði tryggt nægilegt fjármagn til íbúðarbygginga og á hvaða grundvelli mögulegt væri að leysa húsnæðisvandamálið til frambúðar. Í þessu skyni skipaði ríkisstjórnin 5 manna nefnd hinn 25. júní 1954. Í nefndina voru þessir menn skipaðir: Benjamín Eiríksson bankastjóri, formaður nefndarinnar, Björn Björnsson hagfræðingur, Hannes Jónsson félagsfræðingur, Hilmar Stefánsson bankastjóri og Jóhann Hafstein bankastjóri. Hinn 14. janúar 1955 var bætt í nefndina tveim fulltrúum frá Landsbanka Íslands, þeim Gunnari Viðar bankastjóra og Jóhannesi Nordal hagfræðingi.

Nefndin viðaði að sér miklu efni til rannsóknar um skipan lánsfjármála og annað varðandi húsnæðismál á Norðurlöndum, í Vestur-Þýzkalandi og Bretlandi. Fundir nefndarinnar gátu því ekki hafizt að ráði, fyrr en kom fram á haust. En hinn 10. okt. s. l. skilaði nefndin bráðabirgðaáliti til ríkisstjórnarinnar. Fólust í þessu áliti veigamiklar upplýsingar og tillögur, en bæði ríkisstjórninni og nefndinni var ljóst, að málið þurfti enn mjög mikillar athugunar við.

Nefndin vann síðan að verkefni þessu og hefur nú skilað áliti, tillögum og uppkasti að frumvarpi til laga um opinbera aðstoð við íbúðarbyggingar og veðlán til þeirra.

Uppistaðan í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er fengin úr þessu frumvarpsuppkasti nefndarinnar og þeim tillögum og álitsgerðum, sem nefndin hefur samið. Í því fólust tillögur um nokkru meiri bein fjárframlög, en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, en ekki þótti fært að taka þær með að svo stöddu.

Hér fara á eftir nokkrir kaflar úr álitsgerð nefndarinnar.

Um húsnæðisvandamálið almennt segir svo:

„Húsnæðismálið er eitt af meiri háttar félagslegum vandamálum þjóðarinnar. Telur nefndin því rétt, að sett verði á stofn sérstök opinber stjórn, sem sinni þessu máli og ríkisvaldið geti á hverjum tíma falið framkvæmdir, sem að því lúta.

Það eru einkum fjögur atriði, sem einkenna ástandið í byggingarmálunum: 1) Talsverður húsnæðisskortur ríkir. 2) Geysimikið húsnæði er í byggingu. 3) Mikið skipulagsleysi er ríkjandi í byggingariðnaðinum og í byggingarvöruverzluninni, þannig að sama og engin samhæfing (standardisering) á sér stað á byggingarefni og íbúðahlutum, og oft tefjast framkvæmdir, vegna þess að byggingarvörur eru ekki til, þegar þeirra þarf með. 4) Ekkert almennt veðlánakerfi er til, þannig að menn geti fengið hæfileg lán til að byggja íbúðir eða kaupa. Af því að slíkt veðlánakerfi er ekki til, leiðir, að fjölmargir heimilisfeður geta ekki fengið viðunandi húsnæði, þótt þeir gætu greitt af tekjum sínum sanngjarna húsaleigu, eða af lánum, sem henni svaraði. Húsbyggingarnar tala skýru máli um það, að fjármagnið er til, að þjóðin hefur efni á að byggja nægilegt húsnæði, eða a. m. k. húsnæði það, sem þarf vegna eðlilegs vaxtar þjóðarinnar.

Af framansögðu leiðir, að nefndin hefur litið svo á, að verkefni hennar sé fyrst og fremst skipulagsmál, enda í samræmi við skipunarbréf hennar. Þetta skipulagsmál er það að skipuleggja fjárhagshlið íbúðarbygginganna. Þetta mál er fyrst og fremst í því fólgið að tryggja það, að menn geti fengið hæfilegt lánsfé út á 1. veðrétt íbúða, þannig að þeir geti eignazt íbúð eða íbúðarhús, sem þeir hafi efni á að greiða fyrir af tekjum sínum á löngu tímabili.

Í flestum tilfellum, þar sem húsnæði vantar, er um fólk að ræða, sem getur greitt af tekjum sínum sem svarar húsaleigu af nýju húsnæði. Þar sem svo er ástatt, verður að líta svo á, að um sé að ræða eftirspurn, sem geti greitt fullt verð fyrir þjónustuna. Það, sem vantar, er þá fjármagn, sem hægt sé að festa til langs tíma, en ekki það, að neytandinn þurfi styrks með.

Fjárhagslega séð er húsnæðið sama eðlis og önnur þjónusta, sem neytendurnir kaupa. Það, sem fyrst og fremst takmarkar framboð á henni, er kostnaðurinn við framleiðsluna. Verkamennirnir, sem vinna að byggingunni, þurfa að fá greitt fyrir sína þjónustu. Þá þarf ekki síður að greiða fyrir efni og tæki, sem flutt er inn til byggingarinnar. Hvaða leiðir, sem valdar eru til þess að greiða þennan kostnað, þá verður hann ekki umflúinn. Hann verður að greiðast. Frá þjóðhagslegu sjónarmiði er það að sjálfsögðu lang heilbrigðast og affarasælast fyrir afkomu þjóðarinnar í heild, að neytandinn greiði kostnaðarverð þessarar þjónustu eins og annarrar. Um leið er það bezta tryggingin fyrir því, að nægilegt framboð verði á húsnæðisþjónustunni, að neytandinn borgi fullt verð fyrir hana. Jafnframt leiðir þetta til þess, að neyzlan takmarkast við fjárhagsgetuna og neytandinn sníður sér stakk eftir vexti. Í nokkrum tilfellum kemur til mála að taka tillit til félagslegra sjónarmiða, t. d. þar sem barnmargar fjölskyldur eiga í hlut, eða um er að ræða herskálabúa. En nefndin lítur svo á, að þessi tilfelli verði að fara með sem félagslegt vandamál. Almennt íbúðarveðlánakerfi nægir ekki til að leysa þann vanda, og gerir nefndin því sérstakar tillögur, sem lúta að þessum málum.

Óraunhæf lagaákvæði, sem komast ekki nema á pappírinn, leysa ekki húsnæðisvandamálið, nema síður sé. Þannig er um talsvert af þeirri löggjöf, sem sett hefur verið til þess að greiða fyrir íbúðarbyggingum. Löggjöf til þess að halda húsaleigu óeðlilega lágri hefur sömu áhrif. Þau geta fælt menn frá því að leggja fé í byggingu nýrra íbúðarhúsa. Vandamál fólks, sem vantar húsnæði, verður leyst á viðunandi hátt aðeins á einn veg: með því að byggt sé. Ráðstafanir, sem stuðla að

aukinni byggingarstarfsemi, stuðla því að lausn málsins. Ráðstafanir, sem draga úr henni beint eða óbeint, hafa öfug áhrif.

Nefndin hefur talið nauðsynlegt að gera sérstakar tillögur um lausn húsnæðismála herskálabúa. Auk þess telur nefndin rétt, að ríkið og sveitarfélög, sem hafa og vilja nota nokkurt fé til þess að styrkja húsnæðisnotendur, t. d. samkvæmt löggjöfinni um verkamannabústaði, noti það á þann hátt að styrkja barnmargar fjölskyldur til þess að eignast eða leigja hæfilega stórt húsnæði.

Nefndin álítur, að sökum þess hve húsnæðismálið er þýðingarmikið frá félagslegu sjónarmiði og jafnframt hve íbúðir eru fjárhagslega trygg eign, þá eigi lánveitingar til íbúðarbygginga að sitja fyrir um notkun á talsverðum hluta þess sparifjár, sem myndast í landinu. Höfuðtilgangur nefndarinnar er því, að komið verði á veðlánakerfi, sem í fyrstu miðist eingöngu við nýjar íbúðir. Gerir nefndin ráð fyrir því, að í fyrstu verði eingöngu lánað út á 1. veðrétt. Nefndin telur eðlilegt og sjálfsagt, að á síðara stigi verði veðlánakerfið almennt og nái þá til alls konar fasteigna.

Nefndin telur nauðsynlegt, að 1. veðréttarlánin séu allrífleg. Ein ástæðan til þess að hafa upphæðina ríflega er sú, að sá, sem lánið fær, fái sæmilega úrlausn. Um leið bindur hann 1. veðrétt í byggingunni. Einkaaðilar, sem nú lána til húsbygginga með okurkjörum, eiga þá ekki lengur aðgang að 1. veðrétti. Um leið verða tiltölulega vaxtahá skattfrjáls skuldabréf hagkvæmari kaup fyrir þá en áður, þar sem þeim stendur til boða — í bezta tilfelli — aðeins 2. veðréttur, á eftir tiltölulega háu 1. veðréttarláni. Með því að hafa lánsupphæðina ríflega er því jöfnum höndum búið í haginn fyrir verðbréfamarkað, sem nefndin leggur áherzlu á, að komið verði á.

Nefndin telur nauðsynlegt, að veðlánin verði fastur hluti fjármálakerfis þjóðarinnar, og að framkvæmdir allar séu sem mest í höndum banka og sparisjóða, þannig að hver stofnun um sig láni sitt fé, en eftir samræmdum reglum. Verðbréfasölunni þarf samt að vera stjórnað af stofnun, sem hefur það sérstaka hlutverk, og sem myndi þá um leið afla og ráðstafa öllu sérstöku fé öðru en sparifé, er fara á til íbúðarbygginga."

Um húsnæðisþörfina segir svo í greinargerð nefndarinnar:

„Eins og áður segir, þá er húsnæðisvandamálið eitt af stærstu félagslegum vandamálum þjóðarinnar. Eftirspurnin eftir nýju húsnæði á rætur sínar að rekja til eftirtalinna atriða: Fjölgunar þjóðarinnar, tilflutnings fólks innanlands, endurnýjunar lélegs húsnæðis og útrýmingar herskála.

1. Fjölgun þjóðarinnar.

Þjóðinni fjölgar geysiört. Fyrir stríð fjölgaði þjóðinni um allt að 1% á ári. Seinustu árin hefur fjölgunin verið talsvert meiri, eða allt að 2%, og jafnvel farið þar yfir. Þetta er geysimikil fjölgun og sennilega sú allra hæsta í Vestur-Evrópu.

Því miður eru ekki fyrir hendi alveg nýjar tölur um þetta atriði, en við manntalið 1950 voru um 23 400 manns milli tvítugs og þrítugs. Ef þessir ársflokkar skiptust jafnt eftir kynferði, allir giftust og það innan þessara sömu aldursflokka, myndu hjónaböndin vera um 1170 á ári. Í reyndinni voru hjónaböndin 1077 árið 1949, en 1217 árið 1950. Það má því gera ráð fyrir, að eins og stendur muni þurfa allt að 1100 íbúðir á ári vegna stofnunar nýrra heimila. Hins vegar losnar árlega nokkurt húsnæði vegna dauðsfalla, eða svipaðra orsaka. Sé miðað við hjúskaparslit (þótt ekki standi þau öll í sambandi við fráfall annars makans), þá nema þau tæpum 500 á ári. Vegna fólksfjölgunar ætti því að þurfa a. m. k. 600 nýjar íbúðir árlega.

Athuganir á fæðingum og hjónavígslum — og sambandinu milli þeirra — seinustu 125 árin benda til þess, að hjónavígslum mun fækka næstu árin hér frá, og muni sú fækkun standa yfir í kringum 8 ára tímabil og verða mest um 200—300 á ári frá því sem nú er. Má því vænta þess, að þörfin fyrir íbúðir vegna fólksfjölgunarinnar

muni minnka í 300—400 íbúðir á ári á umræddu tímabili. Miðað við byggingarstarfsemi nú ætti því húsnæðisvandamál það, sem ríkir, að leysast á næstu árum. Hins vegar má búast við því, að þegar kemur fram yfir 1963, þá muni húsnæðisþörfin vaxa að nýju.

Rétt er og að benda á það, að hjúskapartíðnin hefur vaxið undanfarin ár vegna fjölgunar hjónaskilnaða. En slíkt hefur ekki, út af fyrir sig, í för með sér aukna þörf fyrir húsnæði.

2. Tilflutningur fólks innanlands.

Nákvæmar upplýsingar um bústaðaferli innanlands eru ekki til enn sem komið er, þótt skýrslugerðir um þetta efni séu nú hafnar. Hins vegar má samt áætla nokkurn veginn hve tilflutningarnir hafi numið miklu seinustu árin. Frá árslokum 1947 til ársloka 1950 fækkaði íbúum í rúmlega 100 bæjar- og sveitarfélögum. Fækkaði þeim úr 26 486 í 24 898, eða um 1 588 manns alls. Fækkaði því um 530 manns á ári að meðaltali á þessum stöðum.

Frá árslokum 1950 til ársloka 1953 fækkaði íbúum í um 100 bæjar- og sveitarfélögum. Fækkaði þeim úr 37 104 árið 1950 í 35 717 árið 1953, eða um 1 387 manns alls. Fækkunin nam því 462 á ári að meðaltali. Hins vegar fjölgaði það ár aftur í sveitarfélögum, þar sem áður hafði fækkað. Nam þessi fjölgun (upp að mannfjölda í sveitarfélögunum í árslok 1947) 377 manns árin 1950—1953, eða um 125 manns á ári.

Af þessu leiðir, að undanfarin 6 ár hefur þurft árlega að útvega um 350—400 manns húsnæði vegna búferla einna saman. Húsnæðið, sem þetta fólk yfirgefur, er ekki tekið í notkun af þeim öðrum, sem reiknað er með að þurfi nýtt húsnæði, þar sem um beina fækkun er að ræða í viðkomandi byggðarlögum. Á hinn bóginn virðist, að við þetta ætti að minnka þörfin á því að byggja til útrýmingar lélegu húsnæði í viðkomandi bæjar- og sveitarfélögum. Við íbúafækkunina ætti lélegasta húsnæðið að hverfa úr notkun. Erfitt er að átta sig á því, hve mikið þessir búferlaflutningar auka á húsnæðisþörfina. Fólkið, sem flytur, er sumt einhleypt en annað fjölskyldufólk eða á giftingaraldri. Má telja varlegt að áætla, að vegna búferlaflutninga hafi á seinustu árum þurft um 100 nýjar íbúðir á ári. ...

3. Endurnýjun á lélegu húsnæði.

Á undanförnum árum hefur mikið af gömlu húsnæði gengið úr sér og horfið úr notkun. Þannig hefur mikill meiri hluti íbúða í sveitum verið tekinn úr notkun og ný húsakynni komið í staðinn. Svipað hefur gerzt í þorpum og bæjum, en þó ekki í eins ríkum mæli. Þessari endurnýjun hins gamla húsnæðis er enn ekki lokið. En þörfin er ekki eins brýn og áður, þar sem lakasta húsnæðinu hefur verið útrýmt, en viðhald á öðru bætt vegna aukinnar velmegunar. Þó verður að áætla, að nokkurrar endurnýjunar sé þörf og mætti áætla hana um 100 íbúðir á ári að meðaltali.

Í sveitunum eru byggð rúmlega 150 íbúðarhús á ári, mest endurnýjun.

4. Útrýming herskála.

Að lokum er svo hin ríka nauðsyn, sem ber til að útrýma herskálunum. Þeir eru yfirleitt mjög lélegt húsnæði og ekki hægt að sætta sig við þá til lengdar. Herskálar munu vera í notkun nær eingöngu í Reykjavík. Er áætlað, að vegna þeirra þurfi alls um 500 íbúðir. Alger útrýming þeirra á 5 árum verður að teljast viðunandi lausn, en hún þýðir, að þörfin fyrir nýar byggingar eykst hennar vegna um 100 íbúðir á ári fyrstu 5 árin.

Rýmra húsnæði.

Á undanförnum árum mun húsnæðisþörfin hafa aukizt allverulega frá því sem áður var, vegna þess að fólk vill búa rýmra en áður. Þessa húsnæðisþörf í

framtíðinni er ekki hægt að áætla, enda líkindi til að þessi rýmkun hafi nú þegar gerzt að mestu leyti.

Samanburður hefur verið gerður á íbúatölu við 12 götur í Reykjavík (þeim fyrstu í stafrófsröðinni), eins og hún var 1939 og 1953, og er einungis miðað við þau hús seinna árið, sem búið var í fyrra árið. Nær þessi samanburður til 414 húsa.

Í þessum húsum bjuggu 5122 árið 1939, en 3962 árið 1953. Hafði íbúum þeirra fækkað samtals um 1160, eða 22.65% á 15 árum.

Fækkunin stafar annars vegar af því, að í 18 af húsunum er ekki lengur búið. Í þeim bjó árið 1939 127 manns, eða 2.5% af íbúatölunni í öllum húsunum, eins og hún var árið 1939.

Hins vegar hefur fækkað um 1033 manns í þeim húsum, sem búið var í bæði árin, eða um 20.7% af íbúatölu þessara sömu húsa árið 1939. Þessi fækkun mun aðallega stafa af því, að fólk býr nú rýmra en áður, en líka af því, að einnig í þessum húsum hafa íbúðir verið teknar til iðnaðar- eða verzlunarþarfa. Meðalíbúatala þessara húsa var 1939 12.6 manns, en 10 manns 1953.

Niðurstöður.

Samkvæmt framanskráðu er þörfin á nýjum íbúðum 600 + 100 + 100 + 100 = 900 íbúðir á ári, auk þess sem byggt er til endurnýjunar í sveitum.

Sé á hinn bóginn miðað við fjölgun þjóðarinnar eina saman og miðað við hámark 2% á ári, þá nemur hún 3000 manns. Og sé gert ráð fyrir 4—5 manns í fjölskyldu, þá kæmi út talan 600—750 íbúðir á ári. Þessi tala, 600—750 íbúðir á ári, er mjög í samræmi við niðurstöðurnar hér að framan, því að í þeim niðurstöðum er tekið tillit til aukningar húsnæðis vegna tilflutnings fólks innanlands, endurnýjunar húsnæðis og útrýmingar herskála. Þá ber einnig að taka tillit til þess, að þessi 3000 eru börn. En fólkið, sem þarf húsnæði vegna heimilisstofnunar, er eldra og af fámennari árgöngum.

Það ber því að sama brunni. Húsnæðisþörfin mun minnka á næstu árum. En gera má ráð fyrir, að hún vaxi stórlega að nýju að tæpum áratug liðnum."

Íbúðarhús í byggingu.

Um byggingarstarfsemina segir í greinargerð nefndarinnar:

„Byggingarstarfsemin færðist öll í aukana á síðastliðnu ári. Og eins og stendur er mikið byggt af íbúðarhúsum.

Samkvæmt skýrslum Innflutningsskrifstofunnar, en þær byggja á tilkynningum byggingarfulltrúa og oddvita, var eftirfarandi tala íbúða í byggingu fyrri árshelming 1954.

Tala íbúða í byggingu í kaupstöðum og kauptúnum 1. jan. til 30. júní 1954.

1. Byggingarsvæði Reykjavíkur:		
Reykjavík (löglegar íbúðir)	815	
Kópavogshreppur	296	
Seltjarnarnes	27	
		1138
2. Faxaflóasvæði:		
Keflavík	123	
Njarðvík	52	
Garðahreppur	13	
Grindavík	19	
Sandgerði	19	
Akranes	69	
Hafnarfjörður	92	
		387

3. **Vestmannaeyjar**		108
4. **Aðrir kaupstaðir og kauptún:**		
Akureyri	60	
Selfoss	32	
Húsavík	16	
39 aðrir kaupstaðir og kauptún, enginn með meira en 12 íbúðir	172	
		280
Alls kaupstaðir og kauptún		1913
Í sveitum, hús alls		339
Samtals, allt landið		2252

Samkvæmt þessu yfirliti var því tala íbúða í byggingu (á einhverju stigi frá því að grunnur er grafinn og þar til húsið er íbúðarhæft), alls 2252 á fyrri árshelmingi 1954. Þess má geta, að hús með 403 íbúðum af hinum 2252 eru talin að einhverju leyti íbúðarhæf eða fullgerð fyrir 30. júní. Erfitt er að segja, hve mörgum raunverulega fullgerðum íbúðum þessi tala samsvarar. En sé tekið tillit til þessa og þess með, að skýrslurnar eru ekki alveg tæmandi, eitthvað af íbúðarhúsum vantar í þær, og þess, að ólöglegar íbúðir í Reykjavík eru ekki meðtaldar, virðist vera vissa fyrir því, að um það bil 2000 til 2100 íbúðir hafi verið í smíðum pr. 30. júní, og eru þá aðeins talin þau hús, sem steypuvinna hefur verið unnin við frá 1. jan. 1954, en sleppt grunnum, sem grafnir voru á tímabilinu, en ekki hreyfðir síðan.“

Eftir að borizt höfðu tillögur nefndarinnar, hóf ríkisstjórnin viðræður við bankastjórn Landsbanka Íslands um fjáröflun til veðlánakerfis þess, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir.

Árangur þeirra viðræðna kemur fram í bréfi Landsbanka Íslands, dags. 18. marz síðastl., til ríkisstjórnarinnar. Bréfið er svo hljóðandi:

„Í framhaldi af viðræðum, sem fram hafa farið um lausn húsnæðisvandamálsins, vill stjórn Landsbanka Íslands gera grein fyrir afstöðu sinni, sem hér segir:

Til þess að tryggja viðunandi lausn þessa vandamáls, telur stjórn bankans, að nauðsynlegt sé, að gert sé samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og bankans, er nái til eftirtalinna atriða:

1. Landsbankinn tekur að sér að ábyrgjast svo mikla sölu vísitölubundinna bankavaxtabréfa á næstu tveimur árum, að hægt verði að veita hverjum, sem rétt hefur til vísitöluláns samkvæmt hinum nýju lögum, vísitölulán að upphæð minnst 20 þús. kr. Þó ábyrgist bankinn ekki meiri sölu en 20 millj. kr. hvort árið um sig. Ábyrgð sína getur bankinn leyst af hendi, ef heppilegra þykir, með kaupum á almennum bankavaxtabréfum veðdeildarinnar.
2. Landsbankinn leggur ásamt öðrum bönkum landsins fram 20 millj. kr. á ári næstu tvö ár til íbúðarlána, og skal húsnæðismálastjórn ákveða, til hverra lán af því fé skuli veitt. Landsbankinn hefur þegar átt viðræður um þetta við hina bankana og hlotið góðar undirtektir, en framlög af hans hálfu eru því skilyrði bundin, að allir bankarnir taki þátt í þessum framlögum. Landsbankinn tekur að sér að gera samning um þetta við hina bankana í umboði ríkisstjórnarinnar. Framlögunum fyrir hvern ársfjórðung skal skipt fyrir fram milli bankanna í hlutfalli við sparisjóðsinnstæður hjá hverjum um sig í byrjun ársfjórðungsins. Verði sparifjáraukning á ársfjórðungnum, skal upphæðinni endurskipt á milli þeirra í hlutfalli við þá aukningu. Að svo miklu leyti, sem aukningin hrekkur ekki til, skal upphaflega skiptingin standa óbreytt. Endanlegt uppgjör eftir sömu reglum skal fara fram í lok hvers almanaksárs.

3. Landsbankinn tekur að sér að ábyrgjast, að tryggingarfélög, sem ekki eru í opinberri eign, leggi fram 4 millj. kr. á ári í næstu 2 ár til A-lána.
4. Ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því, að veðdeild Landsbankans verði falin fjáröflun með verðbréfasölu til íbúðarlána innan hins nýja veðlánakerfis, sem ætlunin er að komið verði á fót með lögum. Í lögum þessum verði veðdeild Landsbankans veitt heimild til útgáfu nýrra veðdeildarflokka. Bankavaxtabréfin verði skattfrjáls, og skal heimilt að hafa nokkurn hluta þeirra með vísitölukjörum. Veðdeildin fái einkarétt á útgáfu slíkra bréfa.
5. Ríkisstjórnin mun sjá svo um, að Landsbankinn eigi ætíð einn fulltrúa í húsnæðismálastjórn, en ekki skal sá fulltrúi þó greiða atkvæði um einstakar lánveitingar.
6. Landsbankinn tekur að sér, ef ríkisstjórnin óskar, að semja í umboði hennar við sparisjóði, lífeyrissjóði og aðra aðila um þátttöku þeirra í því veðlánakerfi, sem komið yrði á fót.

Virðingarfyllst,

Landsbanki Íslands.

Til ríkisstjórnar Íslands, Reykjavík."

Samkvæmt bréfi Landsbankans, ákvæðum frumvarpsins og öðrum upplýsingum ættu útlán til íbúðarbygginga á árunum 1955 og 1956 að geta orðið sem hér segir fyrir hvort árið:

1.	Landsbanki Íslands tryggi sölu bankavaxtabréfa samkv. 1.—3. tölulið bréfs bankans fyrir	44	millj. kr.
2.	Verðbréfakaup opinberra tryggingarfélaga, sem ríkisstjórnin hlutist til um	ca. 4	— —
3.	Útlán sparisjóða, sem væntanlega verða að nokkru leyti lánveitingar beint til lántakenda, en að einhverju leyti með bankavaxtabréfum	— 20	— —
4.	Íbúðarlán lífeyrissjóða, sem væntanlega verða með svipuðum hætti og útlán sparisjóðanna	— 20	— —
5.	Byggingarsjóður verkamanna	— 4	— —
6.	Lán til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, að hálfu frá ríki og að hálfu frá hlutaðeigandi bæjar- eða hreppsfélagi	— 6	— —
7.	Byggingarsjóður sveitanna	— 2.5	— —
		Samtals 100.5	millj. kr.

Þær 40 millj. króna, sem bankarnir munu kaupa eða tryggja kaup á af bankavaxtabréfum og þær 6 millj. króna, sem verja á til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, eða samtals 46 millj. króna eru aukið fjármagn.

Af þessari fjárhæð hefur ríkisstjórnin ákveðið að ráðstafa 12 millj. króna hvort ár til Byggingarsjóðs.

Aukið fjármagn til íbúðarlána í kaupstöðum og kauptúnum verður þannig 34 millj. króna fyrir hvort ár. Samkvæmt málefnasamningi ríkisstjórnarinnar útvegaði hún Lánadeild smáíbúða 20 millj. króna til útlána 1954, en árið árið hafði þáverandi ríkisstjórn útvegað 16 millj. króna í þessu skyni.

Eins og áður greinir hefur húsnæðismálanefndin áætlað íbúðarþörfina í kaupstöðum og kauptúnum samtals 900 nýjar íbúðir á ári. Miðað við 70 þús. króna 1. veðréttarlán á hverja íbúð (A-lán og B-lán), þarf 63 millj. króna. Er þannig ríflega séð fyrir lánsfjárþörf til íbúðarbygginga samkvæmt þeim áætlunum, sem nefndin gerði um húsnæðisþörfina og þeim tillögum, sem hún gerði um lágmarks lánsupphæð.

Nefndin gerði ráð fyrir, að útrýma þyrfti ca. 500 heilsuspillandi íbúðum á næstu 5 árum, eða ca. 100 íbúðum á ári.

Auk A og B lánanna samkvæmt frumvarpinu, sem veita skal í þessu skyni samkvæmt 12. gr., verða 6 millj. króna til ráðstöfunar vegna heilsuspillandi húsnæðis, sbr. 13. gr. frumvarpsins.

Eins og fram kemur í bréfi Landsbankans tekur samkomulag ríkisstjórnarinnar og bankans til áranna 1955 og 1956. Að þeim tíma liðnum verður því að gera ráðstafanir til fjáröflunar vegna húsnæðismálanna framvegis. Ríkisstjórnin telur að með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, sé lagður öruggur grundvöllur að framtíðarlausn þessara mála.

Hér fara á eftir athugasemdir um hinar einstöku greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Áður er að því vikið, að húsnæðismálin séu ein þýðingarmestu vandamál þjóðfélagsins. Í mörgum öðrum löndum eru sérstakar opinberar stofnanir, sem sinna húsnæðismálunum. Lagt er til, að sett verði á stofn sérstök stjórn, skipuð þrem mönnum, sem annist þetta mál, og nefnist hún húsnæðismálastjórn.

Það virðist eðlilegt, að ríkisstjórnin skipi húsnæðismálastjórnina. Gert er ráð fyrir, að skipunartími nefndarmanna sé alllangur eða 6 ár, svo að sem mest festa megi verða í störfum hennar.

Það er samkomulag við Landsbanka Íslands um það, að einn stjórnarnefndarmanna verði skipaður eftir tilnefningu bankans.

Um 2. gr.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er að vinna að umbótum í byggingarmálum. Lagt er til, að komið verði á fót leiðbeiningarstofnun fyrir þá, sem byggja. Um þetta atriði segir orðrétt í greinargerð húsnæðismálanefndar: „Á þessu sviði er mikið verk að vinna. Hér á landi má það heita undantekning, ef gluggar í tveim húsum eru eins. Hvert fyrirtæki, sem framleiðir holstein, er með sína sérstöku gerð af steinum. Hurðir eru af öllum mögulegum stærðum og gerðum. Varla fyrirfinnast tveir sams konar stigar í húsum. Innri frágangur á þaki og einangrun er æði mismunandi. Þannig mætti lengi telja. Vegna ósamræmisins er miklum verðmætum sóað að ástæðulausu.“ Enn segir í greinargerð nefndarinnar: „Teiknistofa landbúnaðarins hefur nú í mörg ár rekið leiðbeiningarstarfsemi í byggingarmálum sveitanna. Hafa bændur átt kost á ókeypis teikningum að íbúðum og hvers kyns gripahúsum, svo og margvíslegum leiðbeiningum við húsbyggingar.

Enn sem komið er, er ekki til nein stofnun, sem starfar á svipaðan hátt fyrir bæi, kauptún og þorp hér á landi. Verður þó ekki annað sagt en að full þörf sé á slíkri leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur þéttbýlisins, enda er mikið í húfi. Þar er mest byggt og því mest hægt að spara með leiðbeiningarstarfsemi og lækkuðum byggingarkostnaði.

Bændur telja sig vafalaust hafa haft mikið gagn af Teiknistofu landbúnaðarins. Þá má benda á, að í flestum löndum Vestur-Evrópu hefur hið opinbera sett á stofn rannsóknar- og leiðbeiningarstofnanir fyrir húsbyggjendur almennt. Er það samhljóða álit þeirra, sem reynsluna hafa, að hver peningur, sem fer til slíkrar starfsemi, komi aftur margfaldur í lækkuðum byggingarkostnaði og betra og hagkvæmara húsnæði.

Jafnframt framangreindri leiðbeiningarstarfsemi væri mjög nauðsynlegt, að þessi stofnun beitti sér fyrir vísindalegum rannsóknum á gæðum og eiginleikum mismunandi tegunda byggingarefnis, sem til húsbygginga þarf, vinnutilhögun og byggingartækni.

Það væri mjög þarft verk, enda aðkallandi, að stofnun sem þessi setti ákvæði um gæði og gerð alls byggingarefnis. Hún mundi þá viðurkenna og skrásetja sem

gott og hagkvæmt aðeins það byggingarefni, sem uppfyllti kröfurnar, og aðeins þá íbúðarhluta, sem væri af hinum viðurkenndu stærðum. Yrði þá öllum ráðlagt að kaupa og nota aðeins þessar tilteknu stærðir. Þá mundu einnig teikningar stofnunarinnar miðast við þessar viðurkenndu stærðir. Reynt mundi að fá húsameistara og byggingarmeistara til þess að nota hinar viðteknu stærðir í teikningum og við byggingu húsa yfirleitt. Á þennan hátt mundu þau fyrirtæki, sem framleiða byggingarvöru, laga sig eftir eftirspurninni, án þes að reglugerðarákvæði þyrfti til. Fyrirtækin mundu fara meira og meira inn á þá braut að framleiða efni og íbúðarhluta af hinum viðurkenndu gæðum og stærðum. Mundi þetta verða almennt til mikils hagræðis.

Þá væri einnig rétt, að stofnunin athugaði þörfina á því að endurskoða og samræma gildandi ákvæði byggingarsamþykkta, einkum í því skyni, að þær torveldi ekki umræddar endurbætur og framfarir í byggingarmálum.

Eitt verkefni slíkrar stofnunar ætti að vera það að stuðla að samvinnu framleiðenda, verzlana og fagmanna í byggingariðnaði, um að koma upp byggingarmiðstöð eða sýningarskála, þar sem á hverjum tíma væri hægt að sjá og bera saman nýjungar í byggingarefnum og byggingariðnaði.

Það þykir einnig sjálfsagt og eðlilegt, að húsnæðismálastjórn hafi samvinnu við þá aðra aðila í landinu, sem nú þegar vinna að húsnæðismálum."

Um 3. gr.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar er lagt til, að komið verði á fót almennu veðlánakerfi.

Um þetta nýmæli segir svo í greinargerð nefndarinnar: „Sökum þess hve húsnæðismálið er þýðingarmikið, álítur nefndin, að sparifé þjóðarinnar eigi að notast til þess að leysa það mál. Telur nefndin, að húsnæðisþörfin sé svo brýn og varanleg, að íbúðarbyggingar eigi að hafa forgangsrétt til nokkurs hluta sparifjárins. Um leið vill nefndin benda á það, að ávöxtun fjárins á þennan hátt er mjög trygg. Í flestum löndum lána þær stofnanir, sem taka við sparifé almennings, fyrst og fremst til íbúðarbygginga. Hér á landi hefur sá siður ekki skapazt hjá bönkunum, en hins vegar munu sparisjóðirnir yfirleitt lána talsvert af fé sínu til íbúðarbygginga. Nefndin telur þetta óviðunandi ástand. Reynslan er sú, hér sem annars staðar, að mikið af íbúðarbyggingum fer fram á þann hátt, að þær eru greiddar með lánsfé. En meginhluti hinnar miklu lánastarfsemi, sem rekin er í sambandi við íbúðarbyggingar, fer fram utan peningastofnana þjóðarinnar, og verður að telja það óheilbrigt ástand. Einn helzti tilgangurinn með tillögum nefndarinnar er sá að flytja þessa miklu lánastarfsemi sem mest inn í peningastofnanirnar. Nefndinni er að sjálfsögðu ljóst, að þótt nokkrir aðilar, sem áður hafa ekki lánað til íbúðarbyggingar að ráði, tækju nú að lána á kerfisbundinn hátt til íbúðarbygginga, nægir það út af fyrir sig ekki til þess að binda endi á þessa umræddu lánastarfsemi, sem fram fer utan peningastofnananna." Enn segir um þetta atriði: „Þeir aðilar, sem fyrst og fremst taka við sparifé landsmanna, eru sparisjóðsdeildir Landsbankans og Búnaðarbankans, Útvegsbankinn og Iðnaðarbankinn, og svo útibú þessara banka. Þá taka og sparisjóðirnir við sparifé landsmanna, en þeir lána þegar til íbúðarbygginga, og ætti því að vera auðvelt fyrir þá að verða þátttur í því kerfi, sem nefndin hugsar sér að komið verði á fót."

Með oftnefndu samkomulagi ríkisstjórnarinnar við stjórn Landsbanka Íslands hefur bankinn tekið að sér að afla fjár til hins nýja veðlánakerfis.

Í því skyni er veðdeild bankans veitt heimild til útgáfu bankavaxtabréfa, samtals allt að 200 millj. króna, þar á meðal útgáfa vísitölubundinna bankavaxtabréfa, allt að 40 millj. króna.

Að öðru leyti skal þess getið, að þau ákvæði eru tekin í þessa grein, varðandi bankavaxtabréfin, sem fulltrúar bankans telja þörf á.

Um 4. gr.

Gera verður ráð fyrir nauðsyn varasjóðs, svo hægt sé að mæta hugsanlegu tapi.

Um a. Framlög ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum námu:

1. Samkvæmt lögum nr. 44/1946 kr. 6 592 000.00.
2. Samkvæmt 1. tl. 2. gr. laga nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., kr. 2 291 537.13.
3. Samkvæmt 3. tl. 1. gr. laga nr. 14/1952, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951, kr. 4 000 000.00.

Um b. Með lögum nr. 27/1952 var stofnuð Lánadeild smáíbúða og henni lagðar til 4 millj. króna, samkvæmt lögum nr. 14/1952, um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1951. Síðan hafa deildinni verið útveguð lán, samtals að fjárhæð 36 millj. króna. Útlánsvextir deildarinnar eru 5½% p. a. Má því gera ráð fyrir, að eignir hennar skerðist vegna vaxtahalla, nema fenginn verði samningur um hagstæð afborgunar- og vaxtakjör af skuldum hennar.

Um c. Frumvarpið gerir ráð fyrir 1% lántökugjaldi, sem samkvæmt þessu ákvæði skal renna í varasjóð.

Um d. Þarfnast ekki skýringar.

Um 5. gr.

Hér er gerð grein fyrir því, með hverjum hætti fjár er aflað til hins almenna veðlánakerfis.

Skal nú vikið að stafliðum greinarinnar hverjum fyrir sig.

Um a-lið. Undir þenna staflið kemur fyrst og fremst andvirði bankavaxtabréfa þeirra, sem Landsbanki Íslands hefur ábyrgzt sölu á, samtals 44 millj. króna á ári, nú á þessu ári og á næsta ári. Til viðbótar er andvirði þeirra bankavaxtabréfa, sem sparisjóðir og lífeyrissjóðir kaupa, en gert er ráð fyrir, að íbúðarlán þessara aðila, annaðhvort með kaupum bankavaxtabréfa eða á annan hátt, nemi alls ca. 40 millj. króna á ári. Loks kemur undir þenna staflið andvirði þeirra bankavaxtabréfa, sem opinber tryggingarfélög kaupa og áætlað er hér að framan 4 millj. króna á ári.

Um b-lið. Gert er ráð fyrir, að sparisjóðir, bankar eða aðrir veiti lán beint til lántakenda, sem þá fullnægðu skilyrðum A-lána, samkvæmt 6. gr. c. og gæfu þá lántakanda rétt til B-láns frá veðdeild Landsbanka Íslands. Það fé, sem þessir aðilar veita til íbúðarlána með kaupum bankavaxtabréfa, heyrir undir a-lið.

Um c-lið. Það veltur mjög á því, um hver afborgana- og vaxtakjör verður samið á skuldum Lánadeildar smáíbúða, hvort nokkurt fé verður til ráðstöfunar á næstunni samkvæmt þessum staflið, sbr. það sem sagt er um Lánadeild smáíbúða hér að framan við 4. gr. b-lið.

d-liður og **e-liður** þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Greinin fjallar um almennar útlánareglur þess lánakerfis, sem um er rætt í 3. gr.

Um a-lið. Samkvæmt þessu ákvæði koma aðeins til greina lán til byggingar íbúða, til meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Íbúðir, sem teknar hafa verið í notkun, þegar lög þessi öðlast gildi, koma þannig ekki til greina um lánveitingar. Rétt þykir að heimila útborgun lána eftir því sem byggingu húsnæðis miðar áfram, samkvæmt ákvæðum þar um í reglugerð.

b-liður þarfnast ekki skýringar.

Um c-lið. Gert er ráð fyrir tvenns konar lánum, A-lánum, sbr. e-lið og B-lánum, sbr. f-lið. Hver sem er gæti veitt lán, sem fullnægði skilyrðum þessarar greinar um A-lán. Slíkt lán gæfi þá rétt til B-láns, sem veðdeildin ein veitir.

d-liður þarfnast ekki skýringa.

Um e-lið. Í greinargerð nefndarinnar segir um A-lánin: „Gert er ráð fyrir, að lánin verði til 25 ára, og vextir 7%, og verði lánin jafngreiðslulán. Vextir og afborganir greiðist mánaðarlega, þannig að hinni jöfnu ársgreiðslu sé skipt í 12 jafnar greiðslur (kr. 706 af kr. 100 000).

Það er þýðingarmikið framkvæmdaratriði, að vextir og afborganir greiðist í einu lagi mánaðarlega. Flest fólk fær laun greidd vikulega eða mánaðarlega. Greiðsla þarf að vera sem líkust húsaleigu og innt af hendi af tekjum jafnóðum og þær berast.

Tilgangurinn með veðlánunum er fyrst og fremst sá að greiða fyrir einstaklingum, sem vilja byggja yfir sig. Félög eða önnur samtök fái þessi lán, með því skilyrði, að lánin færist með óbreyttum skilmálum yfir á kaupendur íbúðanna, þegar þær eru afhentar þeim til eignar.

Vextir eru miðaðir við það, að hægt sé jafnhliða að afla fjár til þessara útlána með sölu verðbréfa.

Með tilliti til þess, að vextir eru tiltölulega háir, er nauðsynlegt, að lánstíminn sé hafður nægilega langur, og hefðu sumir nefndarmenn kosið að hafa hann lengri. Húsanna vegna væri það óhætt. Yfirleitt eru þau vönduð og varanleg, enda eiga þau alltaf að skoðast og metast af trúnaðarmönnum lánveitanda.“

f-liður og g-liður þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa, en ástæða er til að minna á tvö atriði.

Í fyrsta lagi er ekki gert ráð fyrir því, að fulltrúi bankans í húsnæðismálastjórn taki þátt í ályktunum hennar um það, hverijr skuli hljóta lán, ef umsóknir eru fleiri en unnt er að sinna.

Í öðru lagi virðist það hvatning sparisjóðum og lífeyrissjóðum að kaupa bankavaxtabréf, þar sem ákvörðunarréttur um það, hver hljóta skuli tilsvarandi lán, er hjá þeim, og alveg sérstök hvatning er það, að hlutaðeigandi lántakandi fær þá rétt til B-láns frá veðdeildinni. Í þessu sambandi má benda á, að bankavaxtabréfin eru með ríkisábyrgð og áhætta og fyrirhöfn minni heldur en þegar um er að ræða lánveitingar beint til einstaklinga.

Um 9. gr.

Greinargerð húsnæðismálanefndar er svo hljóðandi:

„Ljóst er af fyrirliggjandi gögnum, að byggingarkostnaður er æði misjafn í landinu. Árið 1951 var hann t. d. kr. 285 pr. m³ hjá Byggingarfélagi verkamanna, Sauðárkróki, en kr. 470 pr. m³ hjá Byggingarfélagi verkamanna í Reykjavík. Og árið 1952 var byggingarkostnaðurinn kr. 600 pr. m³ hjá Byggingarsamvinnufélagi símamanna í Reykjavík, en kr. 755 pr. m³ hjá Byggingarsamvinnufélagi starfsmanna Háskóla Íslands. Líklegt má telja, að byggingarkostnaður sé æði mismunandi hjá einstaklingum ekki síður en félögum.

Nefndinni finnst eðlilegt, að þeir, sem skara fram úr á sviði húsbygginga, njóti þess á einn eða annan hátt. Það er ekki aðeins siðferðilega rétt að verðlauna dugnað einstaklinga og félaga, heldur er það og þjóðhagslega hagkvæmt, að þeir byggi sem mest, sem byggja ódýrast, svo framarlega sem þeir fullnægja þeim gæðakröfum, sem gera verður til íbúðarhúsa.

Af þessum ástæðum telur nefndin eðlilegt, að erlend lán, sem kynnu að verða tekin, yrðu boðin út sem samkeppnislán, og hljóti þau þeir aðilar, sem leggja fram teikningar og bindandi tilboð um að byggja hagkvæmustu íbúðirnar. Væri hægt að gefa byggingarfélögum og einstaklingum kost á að taka þátt í samkeppninni um lánin.

Við þetta mundi vinnast meðal annars tvennt: Fyrst það, að meira yrði byggt af smáum, hagkvæmum íbúðum, og svo það, að byggingarkostnaður mundi sennilega lækka nokkuð á þeim íbúðum, sem byggðar yrðu fyrir þetta erlenda fé.

Um síðari lið þessarar greinar skal tekið fram, að nefndin telur eðlilegt, að reynt yrði að örva sparnaðinn í landinu með því að gefa fólki kost á tiltekinni aðstoð, gegn því að það taki að sér að spara fé til íbúðarkaupa á samningsbundnu tímabili, og telur eðlilegt, að húsnæðismálastjórnin beiti sér fyrir slíkum sparnaði.“

Um II. kafla.

10.—13. gr.

Í greinargerð húsnæðismálanefndar segir:

„Nefndin telur eðlilegt, að hin nýja húsnæðismálastjórn annist fyrir hönd ríkisvaldsins framkvæmdir í sambandi við ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

Þá telur nefndin rétt, að lán verði veitt til byggingar nýjum íbúðum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum samkvæmt hinu almenna veðlánakerfi hér að framan.

Nefndin lítur svo á, að til þess að takast megi að útrýma herskálum og öðru ófullnægjandi húsnæði, þannig að öllum gefist á hverjum tíma kostur á viðunandi húsnæði, þurfi að grípa til sérstakra ráðstafana af hálfu hins opinbera, og bein opinber framlög til íbúðarbygginga eigi fyrst og fremst að miðast við þetta verkefni.

Nefndin leggur til, að ríkisvaldið og sveitarfélögin leggi fram nokkurt fé í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, t. d. 5 millj. kr. á ári næstu 4 árin. Hún telur nauðsynlegt, að sett sé ákvæði í lög, sem tryggi það, að heilsuspillandi húsnæði, sem losnar, sé í raun og veru tekið úr notkun. Það hafi viljað brenna við, að hinu ónotaða húsnæði sé haldið í notkun eftir sem áður, þótt byggt sé í því skyni að útrýma því.“

Í gildandi lögum eru ákvæði, sem miða að því, að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Reynslan hefur sýnt að þessi ákvæði hafa ekki gefið nægilega góða raun. Um þetta efni segir í greinargerð húsnæðismálanefndar á þessa leið:

„Þrátt fyrir það, þótt framangreind löggjöf hafi ekki reynzt nægilega raunhæf til þess að hægt væri að framkvæma hana, álítur nefndin — eins og áður segir — nauðsynlegt, að til komi bein framlög frá ríkissjóði og sveitarsjóðum til þess að leysa þennan vanda. Vandamálið horfir allt öðruvísi við, þegar því marki hefur verið náð að koma á almennu veðlánakerfi til íbúðarbygginga. Bæjar- og sveitarfélög ættu þá jafnframt að hafa aðgang að þessum lánum, vegna þeirra íbúðarbygginga, sem þeim er nauðsynlegt að beita sér fyrir í því skyni að útrýma heilsuspillandi húsnæði og aðstoða efnalítið fjölskyldufólk.

Ekki er auðvelt að gera sér fulla grein fyrir, hversu mikil hin opinberu framlög þyrftu að vera. Engar tæmandi skýrslur liggja fyrir um það, hversu mikið heilsuspillandi húsnæði er á öllu landinu, né heldur hversu mikla beina aðstoð efnaminni fjölskyldur þyrftu til viðbótar hagstæðum lánum til þess að koma sér upp húsnæði.

Í Reykjavík er í undirbúningi gagnger skýrslusöfnun um allt húsnæði í borginni.

Nefndin hefur haft til meðferðar skýrslu hagfræðings Reykjavíkurbæjar um herskálaíbúðir í Reykjavík. Greinir þar tölu herskálaíbúða, fjölskyldustærðir og ábending um efnahag fólksins. Íbúðirnar eru alls 542. Jafnframt hefur nefndin haft til athugunar ályktanir bæjarstjórnar Reykjavíkur um húsnæðismálin frá 13. apríl 1954, ásamt sérstökum ábendingum um ráðstafanir til þess að útrýma herskálaíbúðum á næstu 4—5 árum.“

Enda þótt gert sé ráð fyrir A- og B-lánum í samræmi við almennar útlánareglur til þess að leysa þetta verkefni, þyrftu hér að koma til viðbótar opinber framlög. Er eðlilegt, að bæjar- og hreppsfélög leggi árlega fram fé í þessu skyni gegn jöfnu framlagi úr ríkissjóði.

Einstakar greinar þarfnast ekki skýringa.

Um III. kafla.

14.—16. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 523. Breytingartillögur [173. mál]

við frv. til l. um lán til vegargerðar um Heydal í Snæfellsnessýslu.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Aftan við greinina komi:
   Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að taka á árinu 1955 allt að 500 þús. kr. lán til Þingeyjarsýslubrautar milli byggða (Tjörnesvegar).
2. Fyrirsögn frv. orðist svo:
   Frv. til l. um lántöku til vegagerða.

Ed. 524. Nefndarálit [176. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd., og er það um sama efni (vistheimili fyrir stúlkur) og frv., sem samþykkt var hér í deildinni fyrir nokkru, og mjög svipað því að efni. Mælir nefndin með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1955.

Ingólfur Flygenring, form. | Andrés Eyjólfsson, fundaskr. | Bernh. Stefánsson, frsm.
H. Guðmundsson. | Sigurður Ó. Ólafsson.

Sþ. 525. Breytingartillaga [76. mál]

við brtt. á þskj. 505 [Innflutningur bifreiða].

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Till. orðist svo:

Við tillögugreinina bætist:

Jafnframt sé veittur frjáls innflutningur á vörubifreiðum, sem eru þrjú tonn og þar yfir að burðarmagni. Enn fremur á jeppabifreiðum til landbúnaðarins handa þeim bændum, sem hafa ekki fengið leyfi til kaupa á jeppum næstliðin 7 ár. Það skilyrði sé sett, að slík jeppabifreið sé hvorki leigð né lánuð til afnota í kaupstöðum og kauptúnum, og ef jeppabifreið er seld eða látin af hendi á einhvern hátt til annarra en bænda á næstu 7 árum eftir að hún var innflutt, skuli greiða gjald af bifreiðinni samkvæmt lögum nr. 114 1954.

Ed. 526. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd. og borið þar fram af samgöngumálanefnd að beiðni stjórnar bifreiðastjórafélagsins Hreyfils. Tók það nokkrum breytingum í deildinni.

Samgöngumálanefnd hefur rætt frv. á nokkrum fundum og kvatt stjórn bifreiðastjórafélagsins á sinn fund til viðtals.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali.

Einn nefndarmanna (VH) tók ekki þátt í endanlegri afgreiðslu málsins.

Alþingi, 28. marz 1955.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Brynjólfur Bjarnason.

Ed. 527. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðin „hlutaðeigandi stéttarfélaga“ kemur: hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar.
   b. Á eftir orðunum „stunda leigubifreiðaakstur“ komi: og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi.
2. Á eftir 1. gr. komi ný gr., svo hljóðandi:
   Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
   Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.
   Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

Nd. 528. Breytingartillögur [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

I. Við 2. gr. Fyrir orðin „hlutaðeigandi héraðasamböndum“ komi: hlutaðeigandi búnaðarsamböndum.

II. Við 3. gr. Greinin orðist þannig:
   11. gr. laganna breytist á þessa leið:
   1. Fyrir orðin „helmingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi: 65/100 rekstrarkostnaðar.
   2. IV. liður orðist svo:
      Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar:
      a. Ræktun sanda ..... kr. 150.00 pr. ha.
      b. Ræktun annars lands ..... — 200.00 — —
   3. V. liður orðist svo:
      Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 4.00 pr. m^3.

4. Á eftir VII. lið bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m^3.
   b. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfflöt, kr. 5.00 pr. m^2.
5. Aftan við greinina bætist:
   Greiðsla jarðabótaframlags til jarðabótamanna er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem þeir eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastl. ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, enda hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags.

III. Við 4. gr.
1. Fyrir „20%“ í fyrri málsgr. komi: 15%.
2. Síðari málsgr. orðist svo:
   Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðbættri verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa, nema af vélgröfnum skurðum. Af framlagi til þeirra greiðist 3%.
3. Aftan við greinina bætist:
   Nú lætur framræslu- eða áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna sinna, og á þá félagið rétt á að fá til sameiginlegra félagsþarfa þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

IV. Á eftir 4. gr. kemur ný gr. (verður 5. gr.), þannig:
Í stað orðanna „flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar“ í 23. gr. laganna komi: flóðgarða ⅓ kostnaðar, en bygginga flóðgátta og vatnsbrúa ½ kostnaðar.

V. Við 5. gr. (verður 6. gr.). Greinin orðist svo:
Ákvæði til bráðabirgða verði á þessa leið:
Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands.
Til ársloka 1960 skulu þau býli, er hafa minna en 10 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar og 3 kr. á hvern m^3 í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

VI. Við 6. gr. (verður 7. gr.). Greinin orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og greiðist framlag á umbætur unnar 1955 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Nd. 529. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum og haft samráð við menn úr landbúnaðarnefnd efri deildar um afgreiðslu þess. Þá hafa og legið fyrir nefndinni tillögur frá búnaðarþingi um málið.

Samkomulag er um að mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með allverulegum breytingum, sem nefndin flytur tillögur um á sérstöku þingskjali. Hniga þær í aðalatriðum að því að lækka þær fjárkröfur, er frumvarpið gerir á hendur ríkissjóði. Er nefndinni að vísu ekki sársaukalaust að flytja tillögur í þá átt, en vegna þess ástands, sem nú er ríkjandi, og þess, hvernig horfurnar eru, hefur þó orðið samkomulag um þetta, með fram vegna þess, að nefndarmenn leggja meira kapp á að tryggja bændastéttinni áframhaldandi aðgang að lánsfé en ríkisframlögum, þótt nauðsynleg séu. Eitt nýtt ákvæði leggur þó nefndin til að taka inn í frumvarpið til hækkunar, en það er framlag til súgþurrkunarkerfa í þurrheyshlöður. En þar á móti leggur hún til að fella niður framlög til búvélageymslna og garðávaxtahúsa úr öðru efni en steinsteypu. — Einn nefndarmaður var fjarverandi, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi, 29. marz 1955.

Ásgeir Bjarnason, form.	Jón Sigurðsson, fundaskr.	Jón Pálmason, frsm.

Gunnar M. Magnúss.

Nd. 530. Breytingartillögur [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina komi nýir liðir:

a. C. 64 orðist þannig:
Eiðisvegur: Af Langanesvegi utan Krossóss, hjá Eiði að Ártúni.

b. C. 65 orðist þannig:
Ytra-Lónsvegur: Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, hjá Ytra-Lóni, Eldjárnsstöðum, Grund, Hóli og Staðarseli til Þórshafnar.

Sþ. 531. Fjáraukalög [119. mál]

fyrir árið 1952.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 502.

Sþ. 532. Þingsályktun [123. mál]

um rannsókn á kostnaði við framkvæmd hafnarbóta í Loðmundarfirði og lagningu vegar þaðan til Seyðisfjarðar.

(Afgreidd frá Sþ. 30. marz.)

Samhljóða þskj. 266.

Ed. 533. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á l. nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

Frumvarp þetta er samið af stjórn lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samkvæmt ósk ríkisstjórnarinnar til fullnægingar á bráðabirgðaákvæði um endurskoðun, er sett var í lífeyrissjóðslögin á Alþingi 1954. Enn fremur hefur lífeyrissjóðsstjórnin endurskoðað lögin um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna og um lífeyrissjóð barnakennara í samráði við stjórnir hlutaðeigandi sjóða með það fyrir augum að samræma lög þessi, eftir því sem við verður komið. Frumvörp um breytingar á lögum þessara sjóða, þskj. 331 og 332, hafa og verið lögð fyrir Alþingi.

Frv. þetta lagði ríkisstjórnin fram í neðri deild, og samþykkti deildin það með nokkrum smávægilegum breytingum.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að fellt verði niður það ákvæði lífeyrissjóðslaganna, að sjóðfélagi, sem hefur náð 95 ára samanlögðum aldri og starfsaldri, geti þá látið af störfum og notið lífeyris, þótt hann sé eigi orðinn 65 ára. Breyting þessi getur þó eigi tekið til þeirra, sem orðnir eru sjóðfélagar fyrir gildistöku hennar.

Nefndin er sammála um, að rétt sé og eðlilegt að gera þessa breytingu á lögunum með tilliti til þess, hve mikill hluti sjóðfélaga gerist starfsmenn ríkissjóðs eða ríkisstofnana þegar á unga aldri, 18—25 ára.

Þá er og lagt til í frv., að þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, skuli iðgjaldagreiðslur falla niður. Meiri hluti nefndarinnar er þessu andvígur og leggur til, að þetta ákvæði verði fellt úr frv. Einn nefndarmanna (HG) vill samþykkja þetta ákvæði frv. óbreytt, þar eð 30 ára iðgjaldagreiðsla veitir rétt til fulls lífeyris samkv. lögum sjóðsins, þegar hlutaðeigandi hefur náð lífeyrisaldri.

Nefndin telur rétt að setja nokkru skýrari fyrirmæli en gert er í frv. um rétt fósturbarna til lífeyris og hver áhrif slysabætur almannatrygginganna skuli hafa á lífeyrisgreiðslur sjóðsins.

Meiri hluti nefndarinnar telur ekki rétt að banna að halda eftir af lífeyrisfé til greiðslu opinberra gjalda og leggur til, að það ákvæði verði fellt úr frv. Einn nefndarmanna (HG) er þessu andvígur og vill samþykkja ákvæðið óbreytt.

Samkv. framansögðu leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 7. gr.
   a. Í stað orðanna „þrjár nýjar“ í 1. málsl. komi: tvær nýjar.
   b. 1. efnismálsgrein falli niður.
2. Við 19. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.
3. Við 22. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkv. lögum þessum.
4. Við 24. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 29. marz 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson, frsm., með fyrirvara um 1. og 4. brtt.

Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 534. Nefndarálit [137. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr.
   a. Í stað orðanna „tvær nýjar“ í 1. málsl. komi: ný.
   b. Fyrri efnismálsgreinin falli niður.
2. Við 17. gr. Greinin orðist svo:
   Aftan við 13. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:
   Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.
   Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.
3. Við 20. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 29. marz 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson, frsm., með fyrirvara um 1. og 3. brtt.
Gísli Jónsson.	Karl Kristjánsson.	

Ed. 535. Nefndarálit [138. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Greinin falli niður.
2. Við 10. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.
3. Við 15. gr. Greinin falli niður.

Alþingi, 29. marz 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	H. Guðmundsson, frsm., með fyrirvara um 1. og 3. brtt.
Gísli Jónsson.	Karl Kristjánsson.	

Nd. 536. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með því, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem eru á sérstöku þingskjali. Þá hefur nefndin fengið álit búnaðarþings á frv., en það mælti með því og óskaði breytinga, sem nefndin leggur til að teknar verði að nokkru leyti inn í frv.

Á undanförnum árum hefur ekki verið lagt neitt fé í framkvæmdasjóð, svo að réttara þótti að setja í hans stað ríkissjóð og óska þess, að varið yrði úr honum 6 millj. kr. á næstu 6 árum til kaupa á nýjum vélum og verkfærum.

Það þótti líka ástæða til að geta þess í frv., að þau ræktunarsambönd, sem enn þá hafa ekki fengið nægan vélakost, skuli hafa forgangsrétt til þeirra véla og verkfæra, sem flutt verða til landsins á næstunni. Sömu réttindi skulu þau ræktunarsambönd hafa, sem urðu fyrir því óhappi að fá vélar og verkfæri, sem reynzt hafa ónothæf til jarðyrkju.

Þá leggur nefndin til, að fellt verði út úr frv. framlag vegna bygginga á geymslum yfir vélar og verkfæri. Eins og sakir standa, verður að telja nauðsynlegra að fullnægja ræktunarsamböndunum með vélar og verkfæri, áður en teknir eru inn nýir liðir, sem ef til vill geta torveldað þetta nokkuð. En það verður að teljast eðlileg þróun, að ræktun lands gangi eins jafnt yfir og mögulegt er, svo að aðstaða bændanna að því leyti sem öðru geti orðið sem jöfnust.

Þar sem vélanefnd hefur góða aðstöðu til að fylgjast með rekstri ræktunarsambanda, þá er mikill styrkur í því að fá samþykki hennar fyrir gjaldi því, sem tekið er fyrir þá vinnu, sem innt er af hendi með vélunum, og af þeim ástæðum þykir rétt að taka inn í lögin ákvæði, sem fela þetta í sér.

Í lögunum um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir hefur staðið, að Búnaðarfélag Íslands skuli fylgjast vel með rekstri ræktunarsambandanna og sjá um, að þau sendi reikninga og standi skil á fyrningargjöldum, eftir því sem ákveðið er. Þessu hefur þótt nokkuð ábótavant hjá sumum ræktunarsamböndunum, og til þess að koma þessu hér eftir í fastara form en verið hefur, samkvæmt þeirri reynslu, sem fengizt hefur síðan lög þessi komu til framkvæmda, eru gerðar hér á nokkrar breytingar og Búnaðarfélagi Íslands sköpuð betri aðstaða til að framfylgja þessu en verið hefur. Tekið er upp heimildarákvæði um dagsektir, ef ekki hafa borizt reikningar fyrir mailok, og er þarna um 5 mánaða tíma að ræða frá reikningslokum, og vonandi nægir sá tími undir venjulegum kringumstæðum, svo að ekki þurfi að grípa til þessa ákvæðis nema í neyð.

Þá hafa fyrningarsjóðirnir verið nokkuð umdeildir og misjafnlega góð skil sýnd í þeim efnum af þeim, sem hlut hafa átt að máli, enda mjög misjöfn aðstaða ræktunarsambandanna í þeim efnum. Það þykir því rétt að hafa það eftir mati vélanefndar, hversu hátt fyrningarsjóðsgjaldið er hjá hverju og einu ræktunarsambandi, en áður var það jafnt hjá öllum ræktunarsamböndum, hvort sem um mikla eða litla vinnu var að ræða. Það er því eðlilegt nú, þegar þessum ákvæðum er breytt, að gefa Búnaðarfélagi Íslands aukinn rétt til að fylgja því eftir, að þessir fyrningarsjóðir myndist, ef ekki er staðið í skilum með gjaldið, og er 14. gr. laganna breytt í því skyni. En þetta ætti líka að verða til þess, að þær sýslunefndir, sem hingað til hafa ekki treyst sér til að ábyrgjast, að ræktunarsamböndin hafi helming af fyrningarsjóðnum í rekstri sínum, geri það nú, þegar meira aðhald hefur skapazt í þessum efnum.

Hannibal Valdimarsson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins í nefndinni sökum lasleika.

Alþingi, 30. marz 1955.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Jón Pálmason.
Gunnar M. Magnúss.

Nd. 537. Breytingartillögur [133. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:
   9. gr. laganna orðist svo:
   Verja skal úr ríkissjóði á næstu 6 árum samtals allt að 6 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Þau ræktunarsambönd og félög skulu sitja fyrir um vélakaup, sem enn hafa ekkert fé fengið úr framkvæmdasjóði til kaupa á nauðsynlegum vélum og verkfærum, og enn fremur þau ræktunarsambönd og félög, er hafa keypt vélar, er reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar.
2. Við 2. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar samþykktarsvæðis ákveður vélanefnd árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum.
   b. Á eftir 3. málsgr. komi ný málsgr., er orðist svo:
      Óheimilt er Búnaðarfélagi Íslands að greiða jarðræktarframlag einstaklingum eða félögum innan ræktunarsambands, meðan það eða þau hafa ekki gert full reikningsskil að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands (sbr. jarðræktarlög). Nú hafa reikningar og skilagrein ekki borizt stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrir byrjun júnímánaðar næst eftir lok reikningsárs ræktunarsambands eða félags, og er stjórn Búnaðarfélags Íslands þá heimilt að kveða svo á, að stjórn eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags greiði dagsektir, sem hún ákveður, allt að 100.00 kr., þar til úr þessu er bætt að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sektirnar renna í vélasjóð.
   c. 5. málsgr. falli niður.
3. Á eftir 2. gr. komi ný grein, er orðist þannig:
   14. gr. laganna orðist svo:
   Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá stjórn Búnaðarfélags Íslands senda hlutaðeigandi sambandi óskert jarðræktarframlag hvers samþykktarsvæðis, nema það hafi ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir um, en þá er henni skylt að draga þá fjárhæð, sem vangreidd er, frá jarðræktarframlagi því, er greiða ber vegna jarðabóta, sem unnar eru að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum hlutaðeigandi ræktunarsambands og á félagssvæði þess. Þetta ákvæði kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en árið 1956 og verður aðeins beitt gegn greiðslum, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.

Nd. 538. Breytingartillaga [36. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist nýr liður, svo hljóðandi:
Á eftir C. 62 kemur nýr liður:
Holtsvegur: Af Þistilfjarðarvegi við Garðá, um Holt að Laxárdal.

Ed. 539. Lög [66. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Afgreidd frá Ed. 31. marz.)

Samhljóða þskj. 511.

Sþ. 540. Tillaga til þingsályktunar [184. mál]

um tilraunir til úthafssíldveiða.

Flm.: Kristinn Gunnarsson, Emil Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera þegar ráðstafanir til þess, að hafnar verði skipulegar tilraunir til að afla íslenzka fiskiflotanum hið allra fyrsta veiðitækis, sem geri síldveiðar mögulegar í stórum stíl á opnu hafi, þótt síldin vaði ekki.

Greinargerð.

Eins og kunnugt er hafa sumarsíldveiðar fyrir Norðurlandi brugðizt að mestu leyti síðastliðin 10 ár. Síldin hefur ekki komið þar á hin gömlu mið eða hagað sér þannig, að veiðar væru mögulegar nema að litlu leyti. Öll þessi ár hefur mikill hluti bátaflotans verið búinn á síldveiðar fyrir Norðurlandi, ýmist allar eða flestar síldarverksmiðjurnar á Norður- og Norðausturlandi hafa verið undirbúnar til síldarvinnslu, söltunarstöðvar hafa sömuleiðis verið tilbúnar til móttöku síldar o. s. frv. Aflaleysið á síldveiðunum fyrir Norðurlandi hefur valdið tugmilljónatjóni ár hvert fyrir útvegsmenn, sjómenn, verksmiðjueigendur og þjóðartekjurnar hafa á þessum árum orðið hundruðum milljóna minni en verið hefði, ef miklar síldveiðar hefðu verið. Harðast hefur síldarleysið komið niður á þeim kaupstöðum og sjávarþorpum, sem nær eingöngu eða að stórum hluta hafa byggt afkomu sína á síldarafla, enda hefur legið við, að algert neyðarástand skapaðist í sumum þeirra staða.

Á undanförnum árum hafa rannsóknir á síldargöngum aukizt til muna. Hefur þar bæði verið um að ræða sjálfstæðar rannsóknir Íslendinga og sameiginlegar rannsóknir með öðrum þjóðum. Þótt rannsóknir þessar séu enn á byrjunarstigi, hefur þegar komið í ljós, að fylgjast má með göngu síldarinnar alllangan tíma á leið hennar að landinu og frá því. Jafnframt hefur komið í ljós, að síldartorfurnar halda sig stundum á leið sinni um hafið á tiltölulega litlu dýpi, stundum aðeins 10—15 faðma dýpi. Það er þess vegna mjög líklegt, og raunar má telja það alveg fullvíst, að á næstu árum fáist mun meiri þekking um ferðir síldarinnar bæði norður- og norðaustur af Íslandi og víðar.

Þar sem Íslendingar eiga svo mikið undir síldveiðum sem raun ber vitni og þar sem síldin hefur ekki veiðzt á fyrri miðum fyrir Norðurlandi síðastl. 10 ár,

virðist sjálfsagt og nauðsynlegt, að allt sé gert, sem unnt er, til þess að gera síldveiðar mögulegar hið allra fyrsta á þeim slóðum, sem rannsóknir hafa sýnt að síldin leggur leið sína um, og við þau skilyrði, sem þar ríkja.

Síldveiðar á úthafi í stórum stíl í misjöfnu veðri, á síld, sem ekki veður, eru vafalaust mjög miklum erfiðleikum bundnar. Án efa þarf að leysa mörg og flókin teknisk vandamál, áður en fundið er veiðitæki, sem gerir úthafssíldveiðar mögulegar. Ástæðulaust er þó að gera of mikið úr þeim vanda. Geta má þess, að eitt vandamál í þessu sambandi, þ. e. a. s. leit og staðsetning einstakra síldartorfa, sem ekki vaða, er leyst með tilkomu fisksjár og asdictækja, sem allmörg fiskiskip hafa þegar tekið í notkun. Því verður engan veginn trúað að óreyndu á þessari undraöld hinnar miklu tækni á öllum sviðum, að þau teknisku vandamál, sem leysa þarf í þessu sambandi, verði ekki leyst innan tíðar, ef ötullega er að þeim unnið.

Auknar síldveiðar og aukið aflaöryggi er stórmál fyrir Íslendinga. Það má líkja þýðingu aukinna síldveiða fyrir Íslendinga við hagnýtingu kjarnorkunnar, sem ýmsar þjóðir nú glíma við og einbeita til þess hæfustu vísindamönnum sínum og að öðru leyti spara í fáu eða engu það, er til þarf. Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu telja, að Íslendingar þurfi að taka öll vandamál úthafssíldveiða svipuðum tökum og hraða lausn þeirra svo sem frekast er kostur.

Sþ. 541. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um lánsútvegun vegna sementsverksmiðju o. fl.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu tillögunnar. Meiri hl. nefndarinnar vill afgreiða hana með rökstuddri dagskrá, en ég mæli með samþykkt hennar óbreyttrar.

Eins og kunnugt er, hefur þegar opnazt í Austur-Þýzkalandi markaður fyrir íslenzkar fiskafurðir. Þangað hefur verið selt nokkuð af frosnum fiski og nokkuð af ísvörðum togarafiski. Greiðslur hafa mestmegnis farið fram í þýzkum vörum. Viðskipti þessi hafa reynzt Íslendingum mjög hagstæð. Austur-Þýzkaland hefur greitt hærra verð fyrir fisk okkar en yfirleitt hefur fengizt annars staðar.

Aukin sala á fiski til Austur-Þýzkalands mundi koma útflutningsframleiðslunni að verulegu gagni. Austur-Þýzkaland hefur gjarnan viljað kaupa meira af fiski frá Íslandi en hingað til hefur verið. Aðalástæðan til þess, að ekki hefur þótt fært að selja þangað meira fiskmagn, er, að kaupa hefur þurft jafnóðum þýzkar vörur fyrir fiskandvirðið, en erfiðleikar eru jafnan á því að kaupa mikið magn af smávarningi til okkar fámennu þjóðar. Það virðist því liggja beint við að leita eftir kaupum á stærri og verðmeiri varningi í Austur-Þýzkalandi en hingað til hefur verið gert.

Nú er vitað, að Austur-Þýzkaland framleiðir vélar í sementsverksmiðjur og einnig vélar í raforkuver. Íslendingar eru einmitt að festa kaup á slíkum vélum um þessar mundir. Eðlilega vaknar þá sú spurning, hvort ekki sé rétt að semja um kaup á þeim vélum í skiptum fyrir fisk í Austur-Þýzkalandi. Okkur flutningsmönnum till. er vel kunnugt um, að fullir möguleikar eru á að gera slíka samninga. Austur-þýzk stjórnarvöld hafa tjáð sig reiðubúin til samninga um þessi efni.

Ég legg því til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 31. marz 1955.

Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 542. Nefndarálit [148. mál]

um till. til þál. um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt þingsályktunartillöguna og orðið sammála um að fallast á hana með nokkrum viðauka. Nefndin leggur einróma til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að gera tillögur um eflingu núverandi atvinnuvega og nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnuaukningar og hagnýtingu náttúruauðæfa landsins. Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, og til vísindalegra rannsókna, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Skulu rannsóknarstofnanir, sem starfa á vegum ríkisins, veita nefndinni aðstoð eftir þörfum. Enn fremur skulu aðrar opinberar stofnanir og embættismenn greiða svo sem verða má fyrir störfum hennar. Nefndin skal gera tillögur um framkvæmdir og rekstrarform, gera grein fyrir þjóðhagslegri þýðingu framkvæmdanna og fjárþörf og benda á leiðir til fjáröflunar. Þá skal nefndin gera tillögur um, hvernig bezt verði til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skal nefndin endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
Jónas G. Rafnar.	Karl Kristjánsson.	Magnús Jónsson.
Hannibal Valdimarsson.	Lúðvík Jósefsson.	Jón Kjartansson.

Sþ. 543. Nefndarálit [77. mál]

um till. til þál. um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa allýtarlega og leitað umsagnar þeirra ráðuneyta, sem tollgæzla og hin almenna löggæzla heyra undir, fjármálaráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins.

Fjármálaráðuneytið lýsti yfir því, „að það er því meðmælt, að fram verði látin fara sú athugun, sem gert er ráð fyrir í tillögunni“.

Dómsmálaráðuneytið mælir einnig ákveðið með tillögunni og þeirri stefnu, sem þar kemur fram, en telur ástæðu til að ganga lengra en tillagan gerir beinlínis ráð fyrir, af því að bezt muni henta „að sameina algerlega tollgæzluliðið hinu almenna löggæzluliði“ alls staðar í landinu, og færir ýmis rök fyrir þeirri skoðun.

Nefndin er einhuga um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina tollgæzlu og almenna löggæzlu.

Leiði athugunin í ljós, að hagkvæmt sé að sameina þessi störf, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að það verði gert alls staðar þar, sem það álízt vera til bóta.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.
Hannibal Valdimarsson.	Jónas G. Rafnar.	Halldór Ásgrímsson.

Sþ. 544. Nefndarálit [55. mál]

um till. til þál. um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd er ljóst, að mikil þörf væri á, að takast mætti að bæta úr því ömurlega atvinnuástandi, sem talið er að nú sé ríkjandi í Flatey á Breiðafirði. Hraðfrystihús hefur verið reist í Flatey, er gæti skilað miklum afköstum. Búið var að koma þar á fót útgerð tveggja stórra vélbáta auk nokkurra smærri, og var aflinn verkaður í hraðfrystihúsinu. En nú er svo komið, að útgerðin hefur lagzt niður. Stóru vélbátarnir hafa báðir verið seldir og hafa flutzt til annarra verstöðva. Síðan hefur frystihúsið staðið að mestu ónotað. Var aldrei fyllilega frá byggingu þess gengið, og sökum skorts á viðhaldi hefur ýmislegt gengið þar úr sér.

Fjárveitinganefnd gerði ráðstafanir til að afla sér upplýsinga um ástand hússins. Hefur hún fengið skýrslu um það frá tveimur sérfróðum mönnum, sem fóru til Flateyjar og skoðuðu ástand húss og véla. Telja menn þessir, að það mundi kosta 270 þús. kr. að koma húsinu í nothæft ástand, svo að hægt væri að verka þar meðalafla tveggja stórra vélbáta. En ætti hins vegar að fullnota húsið, verka þar afla 5 stórra vélbáta, mundi viðgerð og endurbætur kosta 791 þús. kr.

Fjárveitinganefnd hefur verið tjáð af flutningsmanni þessarar tillögu, að væntanlega mundu fást allt að 300 þús. kr. af atvinnuaukningarfé til umbóta á húsinu, en sú upphæð mundi nægja samkvæmt framansögðu til þess að gera húsið svo úr garði, að þar mætti að minnsta kosti verka afla tveggja stórra vélbáta.

Fjárveitinganefnd telur á því mikla nauðsyn, að hafizt gæti aftur sem fyrst starfræksla hraðfrystihússins. Felast úrræði þau í þessu efni, sem nefndin telur líklegast í breytingu þeirri á þingsályktunartillögu þessari, sem fjárveitinganefnd flytur og hér fer á eftir. Nefndin vill taka það fram, að hún getur ekki mælt með samþykkt á síðari lið þingsályktunartillögunnar.

Fjárveitinganefnd leggur því til, að tillagan verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að afhenda Flateyjarhreppi á Breiðafirði hraðfrystihúsið í Flatey. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps færi rök að því, að hún hafi tryggt sér fyrir næstu vetrar-

vertíð með útgerð á staðnum eða á annan hátt það fiskmagn til vinnslu í húsinu, er tryggt geti rekstur þess.

Takist hins vegar ekki með framangreindum ráðstöfunum að hefja á ný rekstur frystihússins, er ríkisstjórninni heimilt að bjóða það til sölu eða leigu þeim, er hefja vildu útgerð í Flatey. Þá er ríkisstjórninni og heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita væntanlegum kaupanda eða leigjanda fjárhagsaðstoð með láni eða ábyrgð til þss að gera óhjákvæmilegar endurbætur á húsi og vélum.

Ríkisstjórnin aflar sér nauðsynlegra heimilda til ráðstafana samkvæmt ályktun þessari.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson.
Halldór Ásgrímsson.	Jón Kjartansson.	Karl Kristjánsson.
Hannibal Valdimarsson.	Jónas G. Rafnar.	Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 545. Nefndarálit [112. mál]

um till. til þál. um ráðstöfun niðursuðuverksmiðju í Ólafsfirði.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar Fiskifélags Íslands og Fiskiðjuvers ríkisins. Svar barst frá Fiskifélaginu. Taldi stjórn þess litlar líkur til, svo sem nú er háttað afkomu niðursuðuiðnaðarins, að hægt væri að starfrækja verksmiðjuna áfram til niðursuðu. Er hins vegar á það bent, að húsakynni verksmiðjunnar séu góð og rétt að taka til athugunar að nota húsið á annan hátt í þágu útgerðar á staðnum.

Nefndin er sammála um nauðsyn þess, að gera þurfi sem fyrst ráðstafanir til þess að hagnýta verksmiðjuna til eflingar atvinnulífi í Ólafsfirði, og leggur til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvernig niðursuðuverksmiðja ríkisins í Ólafsfjarðarkaupstað verði hagkvæmast notfærð til eflingar atvinnulífi á staðnum.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Jón Kjartansson.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson.	Jónas G. Rafnar.	Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 546. Nefndarálit [115. mál]

um till. til þál. um rannsókn Kötlusvæðis.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin leitaði umsagnar Jöklarannsóknafélags Íslends og rannsóknaráðs ríkisins um þáltill. þessa, og voru báðir þessir aðilar þess hvetjandi, að reynt yrði að rannsaka Kötlu, ef vera kynni, að með því mætti segja fyrir um gos.

Jöklarannsóknafélagið hefur staðið í sambandi við erlendan sérfræðing, sem hefur tæki til að gera þykktarmælingar á jöklum og kanna á þann hátt, hvernig landslagi er háttað undir. Er í ráði, að þessi erlendi sérfræðingur komi hingað á þessu vori á vegum Jöklarannsóknafélagsins til þess að rannsaka Grímsvötn í Vatnajökli. Hefur hann gefið kost á sér án nokkurrar þóknunar, nema hvað Jöklarannsóknafélagið á að kosta ferðir hans og dvöl hér. Væri því mikilsvert, að þessi erlendi sérfræðingur yrði einnig fenginn til þess að rannsaka landslag og staðhætti undir Mýrdalsjökli, þar sem Katla liggur. Með því fengist ekki einungis vitneskja um landslagið undir jöklinum, heldur væri einnig hægt að fá að vita, hvort vatn er farið að safnast fyrir undir ísnum á Kötlusvæðinu. Ef svo reyndist, væru líkur til, að gos væri ekki langt undan.

Af framangreindum ástæðum taldi fjvn. rétt að binda þáltill. við nafn Jöklarannsóknafélagsins, þannig að reynt verði að ná samningum við félagið um að annast rannsókn þá, sem till. fjallar um, enda heppilegt, að einn ákveðinn aðili standi fyrir rannsókninni. Jöklarannsóknafélagið hefur á að skipa beztu sérfræðingum á þessu sviði, svo og ungum og ötulum áhugamönnum, sem eru þaulvanir jöklaferðum. Stendur félagið því í alla staði vel að vígi með að framkvæma rannsóknina.

Fjvn. leggur því til, að þáltill. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við Jöklarannsóknafélag Íslands um, að það taki að sér að rannsaka Kötlusvæðið, fylgjast með breytingum á Mýrdalsjökli og Mýrdalssandi, er staðið gætu í sambandi við Kötlugos, og framkvæma aðrar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar þykja til þess, ef unnt er, að geta sagt eitthvað fyrir um, hvenær ætla megi að Katla gjósi og hvaða svæði séu þá helzt í hættu af jökulhlaupi, ef takast mætti að gera í tíma ráðstafanir til varnar gegn slysum af völdum hlaupsins. Er ríkisstjórninni heimilt, ef samningar takast, að greiða kostnað við rannsóknir þessar.

Alþingi, 30. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Lúðvík Jósefsson.	Karl Kristjánsson.	Hannibal Valdimarsson.
Jónas G. Rafnar.	Magnús Jónsson.	Halldór Ásgrímsson.

Fylgiskjal.

Úr umsögn Jöklarannsóknafélags Íslands og Rannsóknaráðs ríkisins.

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS,
RANNSÓKNARÁÐ RÍKISINS.

Reykjavík, 7. febr. 1955.

Í tilefni af bréfum yðar, dags. 18. des. 1954, til Jöklarannsóknafélags Íslands og Rannsóknaráðs ríkisins, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um rannsókn Kötlusvæðis, hafa þessir aðilar haldið sameiginlegan fund og orðið ásáttir um að benda á eftirfarandi atriði:

Engar ýtarlegar athuganir hafa nokkurn tíma verið gerðar á Kötlugosi, m. a. hefur enginn litið augum gosstöðvarnar rétt fyrir eða rétt eftir gos. Það er með öllu óvíst, hvort nokkur verksummerki sjást á yfirborði jökulsins fyrir gosið, sem gefið gætu til kynna, að gos væri í nánd.

Æskilegt er að fylgjast með breytingum, sem verða kunna á yfirborði jökulsins á næstunni og er full ástæða til, að gengið yrði á jökulinn öðru hverju til athugana.

Á þessu stigi málsins verður engu spáð um, hvort hægt verði að segja fyrir um næsta gos eða gefa aðvörun, sem að gagni megi koma, en með ýtarlegum rannsóknum á væntanlegu gosi er líklegt, að nægileg reynsla fengist til þess að spá fyrir um seinni gos. Er þessi ályktun dregin af reynslu, sem fengizt hefur í hagnýtum eldfjallarannsóknum í öðrum eldfjallalöndum, svo sem Japan og Havaii.

Við álítum, að leggja beri áherzlu á eftirtaldar rannsóknir og athuganir í því skyni að gera mögulegt að segja fyrir um Kötlugos og hlaup í framtíðinni:

1. Fylgzt verði með breytingum á yfirborði jökulsins með því að gera út leiðangra í því skyni og með því að taka árlega flugmyndir af gosstöðvunum.
2. Til þess að fá hugmynd um landslag umhverfis gosstöðvarnar þarf að mæla þykkt jökulsins, m. a. til þess að ganga úr skugga um, hvar vatn geti helzt safnazt saman fyrir hlaup.

   Jöklarannsóknafélagið hefur leitað fyrir sér við franska aðila um lán á tækjum og sérfræðingi til þykktarmælinga vegna síðasta Grímsvatnahlaups, og væri æskilegt að nota tækifærið til að mæla Mýrdalsjökul um leið.
3. Mjög nauðsynlegt er að staðsetja góðan jarðskjálftamæli nálægt eldstöðvunum, og viljum við eindregið mæla með því, að ráðizt verði í þann kostnað, enda þótt hann hljóti að verða stærsti kostnaðarliðurinn í þessum rannsóknum. Mælir sá, sem keyptur yrði, er auðveldur í flutningi og mundi einnig koma að notum við seinni rannsóknir á öðrum eldfjöllum og jarðskjálftamælingar almennt.

Athuganir þær og rannsóknir, sem hér hefur verið lýst, eru að vorum dómi frumskilyrði þess, að hægt verði í framtíðinni að segja fyrir um gos og hlaup úr Kötlu með nokkrum fyrirvara. Þó er ekki ólíklegt, að nánari athugun leiði í ljós fleiri atriði, sem rannsaka þyrfti. Skal hér aðeins minnzt á, að hallamælar af sérstakri gerð hafa verið notaðir við rannsóknir á gosstöðvum í öðrum eldfjallalöndum, en hér liggja ekki enn þá fyrir nægar upplýsingar til þess, að hægt sé að gera ákveðnar tillögur um slíkar mælingar.

Líklegt er, að hægt sé að koma fyrir viðvörunartækjum, sem gefa aðvörun með stuttum fyrirvara. Þannig mætti koma fyrir tækjum, sem segðu til, þegar flóðið brýzt undan jökulröndinni, og einnig væri hugsanlegt, að hægt væri að heyra umbrot í jöklinum með sérstökum hlustunartækjum. Einnig gæti athugun á rennsli Múlakvíslar ef til vill gefið vísbendingar um yfirvofandi hlaup.

Þorbjörn Sigurgeirsson. Jón Eyþórsson.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

Sþ. 547. Nefndarálit [31. mál]

um till. til þál. um rannsókn á hagnýtingu brotajárns.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað tillöguna og leitað umsagnar Landssmiðjunnar og Stálsmiðjunnar h/f. Benda upplýsingar þessara aðila ótvírætt í þá átt, að ekki sé hagkvæmt að setja hér á stofn málmbrennslu til vinnslu úr brotajárni almennt, þar eð hráefnismagnið sé engan veginn fullnægjandi miðað við hinn mikla stofnkostnað. Allt, sem til fellur af dýrari málmum, steypujárni (potti), eir og öðrum góðmálmum, er hins vegar hagnýtt að fullu í landinu.

Þar eð ekki virðist því arðvænlegt, eins og sakir standa, að hefja vinnslu brotajárns á þann hátt, er tillagan gerir ráð fyrir, telur nefndin ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna. Nefndin telur þó rétt, að þessu máli sé gaumur gefinn, ef aðstæður breytast, og leggur því til, að tillögunni sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna (LJós) var ekki á fundi, er málið var endanlega afgreitt.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Jónas G. Rafnar, frsm.
Magnús Jónsson. Jón Kjartansson. Hannibal Valdimarsson.
Halldór Ásgrímsson. Karl Kristjánsson.

Sþ. 548. Nefndarálit [156. mál]

um till. til þál. um skipun samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka til þess að finna grundvöll í kaupgjaldsmálum.

Frá fjárveitinganefnd.

Fjárveitinganefnd ræddi tillöguna og varð sammála um að mæla með samþykkt hennar með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skipi hvort um sig 2 fulltrúa í samvinnunefnd, sem hafi það hlutverk að afla árlega hverra þeirra upplýsinga, sem nefndin telur sig þurfa, um afkomu atvinnuvega landsins og hag almennings, til þess að leita megi rökstudds álits nefndarinnar, þegar ágreiningur verður um kaup og kjör, eða ætla má, að til slíks ágreinings komi.

Skylt er Hagstofu Íslands að veita nefndinni, ef þess er óskað, aðstoð við skýrslugerð og útreikninga. Einnig getur nefndin leitað hvers konar fræðilegrar aðstoðar annars staðar, ef hún telur þess þörf.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson, frsm.
Jónas G. Rafnar. Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.
Halldór Ásgrímsson. Lúðvík Jósefsson. Jón Kjartansson.

Sþ. 549. Nefndarálit [98. mál]

um till. til þál. um rannsókn á Geysi.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur athugað till. og sendi hana til umsagnar rannsóknaráðs ríkisins, er telur, að full ástæða sé til að gera frekari rannsóknir á Geysi en gerðar hafa verið til þessa: um áhrif ýmissa efna á gosin, vatnsyfirborð í skálinni, hve hátt

skylda vera, o. fl., sem til greina getur komið, bæði til þess að auka frá því, sem nú er, goshæfni hversins og jafnframt varðveita hið mikla náttúrufyrirbæri, sem Geysir er. Rannsóknaráð taldi eðlilegast, að Geysisnefnd sæi um rannsóknina og hefði á hendi allar framkvæmdir í sambandi við þetta mál.

Fjárveitinganefnd féllst á þessa skoðun rannsóknaráðsins og leggur til, að till. verði samþ. með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Geysisnefnd að láta rannsaka, hvað gera megi til þess, að Geysir haldi sérstöðu sinni sem náttúrufyrirbæri.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr., frsm.	Halldór Ásgrímsson.
Magnús Jónsson.	Jón Kjartansson.	Hannibal Valdimarsson.
Jónas G. Rafnar.	Lúðvík Jósefsson.	Karl Kristjánsson.

Sþ. 550. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur athugað tillögu þessa, en ekki orðið sammála um afgreiðslu hennar. Leggur meiri hl. nefndarinnar til, að tillagan verði afgreidd með rökstuddri dagskrá, en tveir nefndarmanna (LJós og HV) vilja láta samþykkja hana.

Nefndin hefur leitað umsagnar Alþýðusambands Íslands og Landssambands íslenzkra útvegsmanna um mál það, er tillagan fjallar um. Mælir Alþýðusambandið með tillögunni, en L. Í. Ú. mótmælir henni með þeim rökum, að innflutningsréttindi bátaútvegsins séu eign útgerðarmanna, en ekki sjómanna og fiskverð til sjómanna hafi þegar árið 1951 verið hækkað vegna þessara hlunninda útgerðarinnar. Í bréfi Alþýðusambands Íslands til nefndarinnar eru einkum færð þau rök fyrir samþykkt tillögunnar, að með henni yrði komið í veg fyrir „mjög mikil og víðtæk" málaferli.

Ef ekki hefði verið gripið til þess ráðs að veita bátaútveginum sérstök gjaldeyrisfríðindi árið 1951, hefði útgerð þessi annaðhvort stöðvazt eða orðið hefði ella að rýra verulega hlut sjómanna. Getur meiri hl. nefndarinnar ekki fallizt á, að þeim málum hafi verið skipað á þann veg, að ríkissjóður eigi af þeim sökum að taka á sig mikil útgjöld vegna ágreinings milli útvegsmanna og sjómanna um skiptingu bátagjaldeyrisréttindanna.

Á síðasta þingi var sams konar tillögu vísað frá á þeim grundvelli, að ekki væri tímabært að taka afstöðu til málsins, þar eð það væri til meðferðar hjá dómstólunum. Síðan hefur að vísu gengið dómur í hæstarétti í máli, sem höfðað var af sjómanni í Vestmannaeyjum gegn útgerðarmanni þar til viðurkenningar á rétti til hlutdeildar í bátagjaldeyrisfríðindum 1951. Var með þessum dómi að vísu viðurkenndur þessi réttur, en dómsniðurstaðan var byggð á ákvæði í kjarasamningi Sjómannafélags Vestmannaeyja, og sker dómur þessi því ekki úr um réttindi sjómanna almennt til andvirðis bátagjaldeyrisfríðinda þau ár, sem um ræðir í tillögunni.

Af bréfum A. S. Í. og L. Í. Ú. er ljóst, að málaferli verða ekki umflúin, þótt ríkissjóður verði aðili að málinu, svo sem gert er ráð fyrir í tillögunni. Gæti svo

farið, að dómstólarnir viðurkenndu ekki þann rétt sjómanna, sem tillagan gerir ráð fyrir, og gæti þá ríkissjóður orðið fyrir milljónaútgjöldum að ástæðulausu.

Meiri hl. nefndarinnar leggur því til, að tillagan verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð fiskverð til sjómanna er ákveðið með frjálsum samningum milli þeirra og útvegsmanna og ríkisstjórnin hefur ekki haft nein afskipti af skiptingu bátagjaldeyrisfríðindanna og þar sem enn fremur ekki er fenginn dómsúrskurður um rétt sjómanna almennt til hlutdeildar í þeim, telur Alþingi ekki auðið að samþykkja tillöguna og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jón Kjartansson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 551. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til lækkaðrar dýrtíðar.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu tillögunnar, og munu tveir nefndarmanna (HV og LJós) væntanlega skila séráliti.

Það er vissulega mikilvægt, að verðlag á öllum helztu lífsnauðsynjum sé jafnan svo lágt sem auðið er, og það er heilbrigð stefna og raunhæf til kjarabóta, sem í tillögunni felst. En þar sem ríkisstjórnin hefur nú fyrir alllöngu hafizt handa um að kanna möguleika til verðlækkana og beint tilmælum um þetta efni til allra þeirra aðila, sem um ræðir í tillögunni, sér meiri hl. nefndarinnar ekki ástæðu til að samþykkja tillöguna. Meiri hl. er hins vegar efnislega samþykkur þeirri stefnu, er tillagan túlkar, telur sjálfsagt, að ríkisstjórnin kanni allar hugsanlegar leiðir til verðlækkunar, og leggur því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Halldór Ásgrímsson.	Jón Kjartansson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 552. Nefndarálit [53. mál]

um till. til þál. um lánsútvegun vegna sementsverksmiðju o. fl.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Í greinargerð þeirri, er tillögu þessari fylgir, er að því vikið, að erfiðlega hafi gengið um lánsútvegun til byggingar sementsverksmiðju. Í sambandi við það er bent á, að leitað verði fyrir um möguleika á því að leysa þessi vandkvæði með því

að leita samninga við stjórn Austur-Þýzkalands um að kaupa þaðan vélar til sementsverksmiðjunnar með gjaldfresti gegn greiðslu í fiskafurðum. Er enn fremur í greinargerðinni talið hugsanlegt að semja um 3—5 ára gjaldfrest á slíkum vélum.

Fjárveitinganefnd sendi tillögu þessa til stjórnar sementsverksmiðju ríkisins og Framkvæmdabankans og óskaði umsagnar þessara aðila um tillöguna. Hafa nefndinni borizt svör þeirra beggja. Er það sameiginlegt í svörum þeirra, að lánstími sá, er hér um ræðir, sé allt of stuttur. Talið er, að það muni taka þrjú ár að reisa sementsverksmiðjuna, og yrði þá samkvæmt þessu að greiða andvirði vélanna um það leyti sem hún tæki til starfa eða litlu síðar. Þetta mundi reynast ókleift.

Bankastjóri Framkvæmdabankans skýrir frá því, að ríkisstjórninni hafi staðið til boða lán, ýmist fyrir efni og vélum verksmiðjunnar eða fyrir öllum kostnaði hennar, háð því skilyrði, að vélar og efni yrði keypt í því landi, þar sem lánið yrði látið í té. Ríkisstjórnin hefði hins vegar lagt á það áherzlu, að lántaka til sementsverksmiðjunnar væri óháð öllum slíkum skilyrðum. Ástæðan fyrir þessu væri sú, að með slíku láni væri hægt að fá efni og vélar með lægsta verði og beztum kjörum.

Undirbúningur að byggingu sementsverksmiðju er nú hafinn. Hefur verksmiðjustjórnin auglýst eftir efnistilboðum í verksmiðjuhúsin, en bygging þeirra hefst með vorinu. Fyllstu vonir standa til, að lán til kaupa á vélum verksmiðjunnar fáist með þeim hætti, sem fyrr segir, svo að hægt verði að sæta lægsta verði og beztu kjörum. Er það að sjálfsögðu stórvægilegt hagkvæmisatriði. Ákveðið mun vera að haga vélakaupum þannig að gefa verksmiðjum hér í álfu og máske Vesturheimi, sem framleiða slíkar vélar, kost á að gera sölutilboð. Þarna er því opin leið fyrir þau fyrirtæki, sem þessu vilja sinna, að koma tilboðum sínum á framfæri.

Með tilliti til þess atriðis tillögunnar að greiða andvirði vélanna með fiski hefur ríkisstjórnin það að sjálfsögðu á sínu valdi að vega og meta, hvort þessi viðskipti gætu eða að hve miklu leyti þau gætu orðið þáttur í að greiða fyrir sölu fiskafurða vorra.

Það virðist því ekki, eins og þessum málum nú er komið, ástæða til íhlutunar þingsins um gang málsins, heldur verði látið við það sitja, að ríkisstjórninni sé falin forsjá þess, og leggur meiri hluti fjárveitinganefndar því til, að tillögunni sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form., frsm.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson.	Jón Kjartansson.	Magnús Jónsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 553. Nefndarálit [30. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi gerir ráð fyrir, að skipuð verði nefnd fimm manna, er gera skyldi allsherjaráætlun um hagnýtingu vinnuafls í þágu atvinnuveganna.

Það verður eigi séð, að neinn raunverulegur árangur gæti orðið af starfi þessarar nefndar að óbreyttum aðstæðum að öðru leyti. Slík nefndarskipun sem hér um ræðir mundi engu orka, um rás viðburðanna í atvinnuháttum vorum, eins og nú er ástatt.

En sé með nefndarskipun á annað borð hægt að greiða fyrir um skiptingu vinnuafls milli atvinnugreina, hefur þegar verið fyrir því séð, að svo verði gert,

með skipun nefndar um heildaráætlun um jafnvægi í byggð landsins. Fjárveitinganefnd sendi tillögu þessa til nefndarinnar, og er svar hennar birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Með skírskotun til þess, sem að framan segir, leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til, að tillaga þessi verði afgreidd með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem telja má víst, að eigi séu líkur til, að nefndarskipun sem þessi geti borið neinn raunhæfan árangur eða orkað neinu um rás viðburðanna á atvinnusviðinu, eins og nú er ástatt, og þar sem til er sérstök nefnd, sem skipuð hefur verið til þess að gera heildaráætlun um jafnvægi í byggð landsins, þá telur Alþingi ekki ástæðu til að gera nú sérstakar ráðstafanir í þá átt, sem tillagan gerir ráð fyrir, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 31. marz 1955.

Pétur Ottesen, form., frsm. — Helgi Jónasson, fundaskr. — Magnús Jónsson.
Jón Kjartansson. — Jónas G. Rafnar. — Karl Kristjánsson.
Halldór Ásgrímsson.

Fylgiskjal.

HEILDARÁÆTLUN UM JAFNVÆGI Í BYGGÐ LANDSINS

ALÞINGISHÚSINU

Reykjavík, 21. febr. 1955.

Undirritaðir hafa á fundi sínum í dag tekið fyrir og rætt bréf fjárveitinganefndar, dags. 15. þ. m., ásamt þáltill. á þingskjali 30, um hagnýtingu vinnuafls í þágu ísl. atvinnuvega. — Lítum við svo á, að störf nefndar, sem skipuð kynni að verða samkv. þáltill. á þingskjali 30, kæmi á engan hátt í bága við þau störf, sem okkur hefur verið falið að athuga og gera tillögur um. Hins vegar óskum við ekki eftir því sérstaklega, að slík nefnd sem um ræðir í þáltill. verði skipuð vegna þeirra mála.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Heildaráætlun um jafnvægi í byggð landsins.

Gísli Jónsson. — Gísli Guðmundsson.

Til fjárveitinganefndar.

Nd. 554. Nefndarálit [170. mál]

um frv. til laga um lækningaferðir.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 31. marz 1955.

Páll Þorsteinsson, form. — Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. — Helgi Jónasson.
Jóhann Hafstein. — Hannibal Valdimarsson.

Nd. 555. Nefndarálit [80. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það sé samþykkt eins og það liggur nú fyrir á þskj. 387.

Alþingi, 31. marz 1955.

Páll Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Helgi Jónasson.
Jóhann Hafstein. Hannibal Valdimarsson.

Nd. 556. Frumvarp til laga [78. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum, sbr. 4. gr.

2. gr.

Tekjur Fiskveiðasjóðs eru:

1. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 81 5. júní 1947.
2. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjávarútvegsmálaráðherra.

Er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni allt að 50 millj. kr.

4. gr.

Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánum.
b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla.

5. gr.

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn fyrsta veðrétti. Mega lán nema allt að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅗ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega þó lán nema allt að ¾ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti. Hámark lána er kr. 1 250 000.00 — ein milljón tvö hundruð og fimmtíu þúsund — til fiskiskipa og kr. 600 000.00 — sex hundruð þúsund — til fasteigna. Lengsti lánstími er 20 ár.

Útborgun lána samkvæmt þessari grein skal haga svo, að ⅓ láns greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á staðinn, ⅓ hluti þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn, en lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.

6. gr.

Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum 6% á ári. Gjalddagi lána er 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir skulu vera ¾% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

7. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðs megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingargerðir. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

9. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

10. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, eða láta leggja það Fiskveiðasjóði út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Fiskveiðasjóður ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

12. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

13. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

14. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og rekstur.

Skipun forstjóra sjóðsins er háð samþykki ráðherra.

15. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og rekstur, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 2. apríl 1943, lög nr. 107 30. desember 1943, lög nr. 39 29. apríl 1946 og lög nr. 120 20. desember 1951.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 557. Lög [176. mál]

um breyting á lögum nr. 29 9. apríl 1947, um vernd barna og ungmenna.

(Afgreidd frá Ed. 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 482.

Ed. 558. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

4. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

3. gr.

Orðin „samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr.“ í 5. gr. l. 101/1943 falli niður.

4. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. l. 101/1943 komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 8. gr. l. 101/1943 komi: fyrir sjóðfélaga.

6. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. l. 101/1943 komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

7. gr.

Aftan við 10. gr. l. 101/1943 komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

8. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 12. gr. l. 101/1943 falli niður.

9. gr.

Aftan við 12. gr. l. 101/1943 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

10. gr.

1. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

11. gr.

2. málsl. 3. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

12. gr.

Orðin „eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum“ í 1. mgr. 14. gr. l. 101/1943 falli niður.

13. gr.

Aftan við 3. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

14. gr.

4. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

15. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 14. gr. l. 101/1943 komi: 2500 kr.

16. gr.

6. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

17. gr.

Við 7. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

18. gr.

Aftan við 14. gr. l. 101/1943 komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

19. gr.

Aftan við 15. gr. l. 101/1943 komi:

Fósturbörn, sem sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

20. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 16. gr. l. 101/1943 komi: 10 ár.

21. gr.

Í stað orðanna „Lífeyrissjóður Íslands“ í 3. gr. l. 40/1945 komi: Tryggingasjóður almannatrygginga.

22. gr.

Meginmál 4. gr. l. 40/1945 orðist þannig:

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatryggingana, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkv. lögum þessum.

23. gr.

Á eftir 17. gr. l. 101/1943 komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 102 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á sömu lögum.

25. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra svo og meginmál laga nr. 40 15. febr. 1945, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 559. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðsins „barnakennara“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: svo og námsstjórar barnafræðslustigsins.

3. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 8. gr. laganna komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

6. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

7. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

9. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu barnakennarastarfi, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

10. gr.

2. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

11. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

12. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

13. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. laganna komi: 2500 kr.

14. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

15. gr.

Við 7. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

16. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá iðgjaldagreiðslum hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðalárslaunum hans síðustu 10 árin í því starfinu, sem hærra er launað, ef það meðaltal var hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

17. gr.

Aftan við 13. gr. laganna komi tvær nýjar málgreinar, svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 14. gr. laganna komi: 10 ár.

19. gr.

Eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú flyzt starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði þeim, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

21. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og gefa þau út svo breytt.

Sþ. 560. Nefndarálit [175. mál]

um till. til þál. um óháða alþýðuskóla.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á 2 fundum. Auk þess hefur formaður rætt við fræðslumálastjóra um málið, og er hann tillögunni meðmæltur.

Nefndin telur rétt, að beinlínis sé kveðið á um það í till., að skóli sá eða skólar, sem till. fjallar um, séu reknir með lýðháskólasniði, enda er það í samræmi við tilgang flutningsmanna. Enn fremur telur nefndin rétt, að það sé tekið fram, að kostnaður við skólahaldið greiðist á sama hátt og við aðra skóla gagnfræðastigsins.

2 nm. (JóhH og KGuðj) voru fjarstaddir, þá er nefndin afgreiddi málið. En undirritaðir nefndarmenn leggja til, að till. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

a. Fyrir orðin: „svipuðu sniði og fylgt var áður í héraðsskólum, meðan þeir störfuðu“ komi: lýðháskólasniði.
b. Við tillögugreinina bætist:
Kostnaður við skóla þessa greiðist á sama hátt og við aðra skóla gagnfræðastigsins og af sömu aðilum.

Alþingi, 4. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Jón Sigurðsson, fundaskr. Emil Jónsson.
Sigurður Ágústsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Ed. 561. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

3. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi: og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

4. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

5. gr.

Eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

6. gr.

Síðasta mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

7. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

8. gr.

Í stað orðsins „fósturbörn“ í 2. mgr. 10. gr. laganna komi: kjörbörn.

9. gr.

Aftan við 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur haft á framfæri sínu 5 ár samfleytt eða frá því þau voru á fyrsta ári, skulu njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

10. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

11. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

12. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Starfstími hjúkrunarkvenna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

13. gr.

Eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Nú flyzt hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

15. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 562. Breytingartillaga [132. mál]

við brtt. á þskj. 372 [Jarðræktarlög].

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

Aftan við b-lið till. bætist:
Til vara:
Skjólbelti í ræktunarlöndum kr. 1000.00 pr. ha.

Nd. 563. Frumvarp til laga [185. mál]

um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1955, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni stjórnar Eimskipafélags Íslands, en félagið hefur svo sem kunnugt er, notið skattívilnana allt frá árinu 1928. Sýnt þykir, að ekki verði sett á þessu þingi lög um skattgreiðslu hlutafélaga, og þykir því rétt, að Eimskipafélag Íslands njóti enn á þessu ári fyrri skattfríðinda.

Nd. 564. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum.

3. gr.

11. gr. laganna breytist á þessa leið:

1. Fyrir orðin „helmingur rekstrarkostnaðar" í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi: 65/100 rekstrarkostnaðar.
2. IV. liður orðist svo:
   Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar:
   a. Ræktun sanda ..... kr. 150.00 pr. ha.
   b. Ræktun annars lands ..... — 200.00 — —
3. V. liður orðist svo:
   Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 4.00 pr. m^3.
4. Á eftir VII. lið bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m^3.
   b. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfflöt, kr. 5.00 pr. m^2.
5. Aftan við greinina bætist:
   Greiðsla jarðabótaframlags til jarðabótamanna er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem þeir eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastl. ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, enda hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags.

4. gr.

Í stað 2. málsgr. 12. gr. laganna komi:

Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkv. 11. og 15. gr., að viðbættri verðlagsuppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, greiðist 15% álag.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðbættri verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa, nema af vélgröfnum skurðum. Af framlagi til þeirra greiðist 3%.

Nú lætur framræslu- eða áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna sinna, og á þá félagið rétt á að fá til sameiginlegra félagsþarfa þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

5. gr.

Í stað orðanna „flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar" í 23. gr. laganna komi: flóðgarða ⅓ kostnaðar, en bygginga flóðgátta og vatnsbrúa ½ kostnaðar.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða verði á þessa leið:

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er hafa minna en 10 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar og 3 kr. á hvern m^3 í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og greiðist framlag á umbætur unnar 1955 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Nd. 565. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá Ingólfi Jónssyni og Jörundi Brynjólfssyni.

Við 3. gr. Tölul. 2 skal orða svo:
Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar kr. 200.00 pr. ha.

Sþ. 566. Þingsályktun [85. mál]

um ráðstafanir gegn verkafólksskorti í sveitunum.

(Afgreidd frá Sþ. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 124.

Sþ. 567. Þingsályktun [77. mál]

um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina tollgæzlu og almenna löggæzlu.

Leiði athugunin í ljós, að hagkvæmt sé að sameina þessi störf, skal ríkisstjórnin gera ráðstafanir til þess, að það verði gert alls staðar þar, sem það álízt vera til bóta.

Nd. 568. Frumvarp til laga [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til kaupa á nýjum dieseltogara fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum um rekstur togarans. Ábyrgð má veita fyrir allt að 85% af kostnaðarverði skipsins, þó eigi fyrir meiri fjárhæð en 8,5 milljónum króna.

Ef bæjarsjóður verður eigi kaupandi, heldur sérstakt félag, er áskilið, að bæjarsjóður sé í sjálfskuldarábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir skuldbindingum þeim, er ríkissjóður tekst á hendur fyrir félagið.

Auk þess, sem að framan greinir, er ábyrgðin háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og kunnugt er, strandaði togarinn Egill rauði frá Neskaupstað snemma á þessu ári og eyðilagðist gersamlega. Var þetta mikið áfall fyrir atvinnulíf allt í Neskaupstað, þar sem allur þorri manna á afkomu sína undir útgerð þeirri, sem þaðan er rekin. Er augljóst að ráðstafanir verður að gera til úrbóta, ef afkoma manna í kaupstaðnum á ekki að bíða varanlegan hnekki.

Ríkisstjórnin hefur því, að athuguðu máli, talið nauðsynlegt að hlaupa undir bagga, og fer því með þessu frv. fram á heimild Alþingis til að veita ríkisábyrgð á láni til kaupa á nýjum togara, sem gerður verði út frá Neskaupstað.

Sþ. 569. Þingsályktun [112. mál]

um ráðstöfun niðursuðuverksmiðju í Ólafsfirði.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvernig niðursuðuverksmiðja ríkisins í Ólafsfjarðarkaupstað verði hagkvæmast notfærð til eflingar atvinnulífi á staðnum.

Sþ. 570. Þingsályktun [115. mál]

um rannsókn Kötlusvæðis.

(Afgreidd frá Sþ. 13. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samninga við Jöklarannsóknafélag Íslands um, að það taki að sér að rannsaka Kötlusvæðið, fylgjast með breytingum á Mýrdalsjökli og Mýrdalssandi, er staðið gætu í sambandi við Kötlugos, og framkvæma aðrar þær rannsóknir, sem nauðsynlegar þykja til þess, ef unnt er, að

geta sagt eitthvað fyrir um, hvenær ætla megi að Katla gjósi og hvaða svæði séu þá helzt í hættu af jökulhlaupi, ef takast mætti að gera í tíma ráðstafanir til varnar gegn slysum af völdum hlaupsins. Er ríkisstjórninni heimilt, ef samningar takast, að greiða kostnað við rannsóknir þessar.

Ed. 571. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá samgöngumálanefnd.

Við 1. gr. Fyrir orðin „og á Siglufirði" komi: á Siglufirði, í Keflavík og í Vestmannaeyjum.

Nd. 572. Breytingartillaga [167. mál]

við brtt. á þskj. 510 [Fasteignamat].

Frá fjárhagsnefnd.

2. málsgr. tillögunnar orðist svo:
Landsnefndin setur undir- og yfirskattanefndum frest um það, hvenær þær skuli hafa skilað svörum til landsnefndarinnar.

Nd. 573. Frumvarp til laga [187. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur".

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur" og selja hann félagi, er stofnað verður um útgerð togarans sameiginlega af Húsavíkurkaupstað, Ólafsfjarðarkaupstað og Sauðárkrókskaupstað. Er ríkisstjórninni heimilt í þessu skyni að lána allt að kr. 450 000.00 og að ábyrgjast lán allt að kr. 2 750 000.00 gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu fer ríkisstjórnin fram á heimild Alþingis til þess að kaupa togarann „Vilborgu Herjólfsdóttur" frá Vestmannaeyjum og selja hann útgerðarfélagi, er stofnað verður sameiginlega af tilteknum kaupstöðum norðanlands.

Nd. 574. Frumvarp til laga [188. mál]

um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1954, um skattauka á tekjur, og ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga, um lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, skulu gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

2. gr.

Ákvæði 67. gr. laga nr. 46/1954, um álag á eignarskatt, skulu gilda við álagningu eignarskatts árið 1955.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frv. þessu, ef að lögum verður, eru framlengd fyrir yfirstandandi ár eftirtalin bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt:

1. Ákvæði 63. gr. um skattauka á tekjur félaga.
2. Ákvæði 64. gr. um lækkun á skatti félaga.
3. Ákvæði 65. gr. um lækkun á stríðsgróðaskatti.
4. Ákvæði 67. gr. um álag á eignarskatt.

Ed. 575. Frumvarp til laga [127. mál]

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Í stað 1. málsl. 2. málsgr. 1. gr. laganna komi:

Samgöngumálaráðuneytinu er enn fremur heimilt, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags og meðmælum bæjarstjórnar, að takmarka fjölda leigubifreiða í Reykjavík, í Hafnarfirði, á Akureyri, á Siglufirði, í Keflavík og í Vestmannaeyjum, hvort heldur er fólks- eða vörubifreiðar, annað hvort eða hvort tveggja. Óheimilt er þó að skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmætan hátt stunda leigubifreiðaakstur og eru fullgildir félagar í hlutaðeigandi stéttarfélagi, þegar lögin taka gildi.

2. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Leyfi til leigubifreiðaaksturs samkvæmt lögum þessum má einungis ráðstafa eftir reglugerð, sem samgöngumálaráðherra setur, að fengnum tillögum hlutaðeigandi stéttarfélags.

Í reglugerðinni skal ákveðið, að við ráðstöfun slíkra leyfa skuli þeir, sem áður hafa stundað akstur leigubifreiða, sitja fyrir eftir starfsaldri, nema sérstakar ástæður mæli því í gegn, enda verði fyrir það girt, að atvinnuleyfin geti orðið verzlunarvara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 576. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal úr ríkissjóði á næstu 6 árum samtals allt að 6 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Þau ræktunarsambönd og félög skulu sitja fyrir um vélakaup, sem enn hafa ekkert fé fengið úr framkvæmdasjóði til kaupa á nauðsynlegum vélum og verkfærum, og enn fremur þau ræktunarsambönd og félög, er hafa keypt vélar, er reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar samþykktarsvæðis ákveður vélanefnd árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanefnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanefnd ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanefnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikningsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagrein fyrir fyrningargjaldinu.

Óheimilt er Búnaðarfélagi Íslands að greiða jarðræktarframlag einstaklingum eða félögum innan ræktunarsambands, meðan það eða þau hafa ekki gert full reikningsskil að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands (sbr. jarðræktarlög). Nú hafa reikningar og skilagrein ekki borizt stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrir byrjun júnímánaðar næst eftir lok reikningsárs ræktunarsambands eða félags, og er stjórn Búnaðarfélags Íslands þá heimilt að kveða svo á, að stjórn eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags greiði dagsektir, sem hún ákveður, allt að 100.00 kr., þar til úr þessu er bætt að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sektirnar renna í vélasjóð.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarfélags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá stjórn Búnaðarfélags Íslands senda hlutaðeigandi sambandi óskert jarðræktarframlag hvers samþykktarsvæðis, nema það hafi ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir um, en þá er henni skylt að draga þá fjárhæð, sem vangreidd er, frá jarðræktarframlagi því, er greiða ber vegna jarðabóta, sem unnar eru að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum hlutaðeigandi ræktunarsambands og á félagssvæði þess. Þetta ákvæði kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en árið 1956 og verður aðeins beitt gegn greiðslum, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 114 1947 og 2.—3. gr. laga nr. 62 1950.

Nd. 577. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt efni þess á tveim fundum. Nefndarmenn telja ákvæði 6. gr. ekki gefa tilefni til ummæla í greinargerð um 6. gr. (bls. 13), að „íbúðir, sem teknar hafa verið í notkun, þegar lög þessi öðlast gildi, komi þannig ekki til greina um lánveitingar.“ Fjöldi íbúða hefur verið tekinn í notkun, þó að ekki sé lokið, og verða þeir, sem lánin veita, að meta slíkar aðstæður og aðrar svipaðar hjá þeim, sem eiga hús í smíðum.

Meiri hl. nefndarinnar, þeir SkG, JPálm og JóhH, leggur til, að frv. verði í aðalatriðum samþ. óbreytt. Minni hl., þeir GÞG og KGuðj, mun skila sérálíti með breitingartillögum.

Alþingi, 14. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 578. Frumvarp til laga [189. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Fyrir orðin „2% — tveir af hundraði“ í lok 4. mgr. 4. gr. laganna komi: 3½% — þrír og hálfur af hundraði. —

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Almenn vaxtakjör hér á landi hafa hækkað verulega á undanförnum árum. Ríkisstjórnin leggur nú samtímis fyrir Alþingi frumvarp til laga um hækkun á vöxtum af lánum Byggingarsjóðs sveitanna og Ræktunarsjóðs.

Vaxtahækkun sú, sem gert er ráð fyrir í frumvarpi þessu, er í samræmi við áðurnefndar hækkanir á vöxtum.

Ed. 579. Nefndarálit [120. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin bar frumvarpið tölulega saman við ríkisreikninginn 1952 og fann ekki misræmi. Einnig kynnti nefndin sér athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreikninganna 1952 og leitaði upplýsinga um, á hvern hátt athugasemdir þeirra við ríkisreikninginn 1951 höfðu verið teknar til greina í sambandi við reikninga ríkisins 1952.

Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en jafnframt endurtekur nefndin þær ábendingar, sem hún gerði út af ríkisreikningnum 1951, að yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna beri skylda til að fylgjast með því frá ári til árs, að athugasemdir, sem þeir gera „til eftirbreytni framvegis", séu teknar til greina, svo sem til er ætlazt, og enn fremur, ef þeir vísa „til aðgerða Alþingis" atriðum vegna yfirskoðunarinnar, þá beri þeim að láta fylgja slíkum athugasemdum greinargerð og tillögur um afgreiðslu Alþingis.

Þá telur nefndin og, að hvers árs ríkisreikningi eigi að fylgja glögg skýrsla um það, hvernig fullnægt hafi verið í sambandi við hann athugasemdum, er hann snerta, frá næsta ári á undan. Fjármálaráðherra og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga sjái um, að ríkisbókhaldið geri þessa skýrslu.

Nefndin tekur undir ábendingar þær, sem koma fram í nefndaráliti fjárhagsnefndar neðri deildar út af reikningnum.

Alþingi, 14. apríl 1955.

Bernharð Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Nd. 580. Breytingartillaga [133. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Síðari málsl. 3. gr. orðist svo:

Ákvæði þetta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956 og verður aðeins beitt um fyrningarsjóðsgjald og jarðræktarframlög, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.

Nd. 581. Frumvarp til laga [190. mál]

um breyting á lögum nr. 20 31. janúar 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Í stað „2%“ í 17. gr. laganna komi: 3½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Byggingarsjóður og Ræktunarsjóður Íslands hafa á undanförnum árum orðið að afla fjár til útlána sinna með lántökum innanlands og utan.

Vextir af lánum þeim, sem aflað er í þessum tilgangi, nema frá 4½% upp í 6½%, og má jafnvel búast við hærri vöxtum í framtíðinni. Útlánsvextir þessara sjóða hafa hins vegar verið 2% í Byggingarsjóði og 2½% í Ræktunarsjóði. Verður því tilfinnanlegt vaxtatap við útlánin, og því tilfinnanlegra sem útlánin verða meiri.

Eins og sakir stóðu um síðustu áramót greiðir Byggingarsjóður í vexti af skuldum sínum ca. kr. 847 000.00 á ári, en vaxtatekjur hans eru ca. kr. 960 000.00. Ekki er hægt að vænta vaxtalægri lána til sjóðsins en 6½%, og verður því vaxtatap sjóðsins á hverri milljón, er hann fengi að láni og lánaði aftur með 2%, kr. 45 000.00. Greiðslujöfnuður verður þó mun óhagstæðari, þar sem flest lána hans eru til 42 ára, en lán, sem hann fengi, til 20 ára í hæsta lagi.

Ræktunarsjóður greiðir nú í vexti af skuldum sínum ca. kr. 2 100 000.00. Vaxtatekjur hans ca. kr. 1 850 000.00. Er því nú þegar um 250 000.00 kr. halli á vaxtareikningi hans. Tap hans á útlánum með 2½% vöxtum, ef fengið er 6½% lán, er kr. 40 000.00 af hverri milljón.

Þetta vaxtatap verður að vinna upp, ef sjóðirnir eiga ekki að verða óstarfhæfir að fáum árum liðnum.

Síðan lögin um Byggingarsjóð og Ræktunarsjóð voru sett hafa vextir hækkað gífurlega, bæði innláns- og útlánsvextir. Það er því ekki óeðlilegt þótt útlánsvextir þessara sjóða hækki nokkuð til samræmis. Hér er gert ráð fyrir vaxtahækkun um 1½% upp í 3½% í Byggingarsjóði. Verður þó að telja, að vaxtagreiðslum sé í hóf stillt miðað við þau vaxtakjör, sem algeng eru nú orðið.

Með þessu frumvarpi er þó engan veginn tapið unnið upp til fulls heldur aðeins dregið úr því.

Ed. 582. Breytingartillaga [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgr., er orðist svo:

Skylt skal leyfishafa að hafa jafnan til taks nægilegan bifreiðakost til þess að fullnægja eftirspurn á hverjum tíma á svæði því, er hann hefur fengið leyfi til að starfa á, enda sé hverjum manni heimilt að leigja sér bifreið frá öðrum, ef leyfishafi uppfyllir ekki þetta skilyrði.

Nd. 583. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

1. gr. orðist þannig:

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1955 með þeirri breytingu, að h/f Eimskipafélag Íslands greiði 8% skatt af skattskyldum tekjum ársins 1954, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

Nd. 584. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. marz 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ræktunarsjóður Íslands og Byggingarsjóður hafa á undanförnum árum orðið að afla fjár til útlána sinna með lántökum innanlands og utan.

Vextir af lánum þeim, sem aflað er í þessum tilgangi, nema frá 4½% upp í 6½% og má jafnvel búast við ennþá hærri vöxtum í framtíðinni. Útlánsvextir þessara sjóða hafa hins vegar verið 2% í Byggingarsjóði og 2½% í Ræktunarsjóði. Verður því tilfinnanlegt vaxtatap við útlánin, og því tilfinnanlegra sem útlánin verða meiri.

Ræktunarsjóður greiðir nú í vexti af skuldum sínum ca. kr. 2 100 000.00. Vaxtatekjur hans eru ca. kr. 1 850 000.00. Er því nú þegar um 250 000.00 kr. halli á vaxtareikningi hans. Tap hans á útlánum með 2½% vöxtum, ef fengið er 6½% lán, er kr. 40 000.00 af hverri milljón.

Eins og sakir stóðu um síðustu áramót greiðir Byggingarsjóður í vexti af skuldum sínum ca. kr. 847 000.00 á ári, en vaxtatekjur hans eru ca. kr. 960 000.00. Ekki er hægt að vænta vaxtalægri lána til sjóðsins en 6½%, og verður því vaxtatap sjóðsins á hverri milljón, er hann fengi að láni og lánaði aftur með 2%, kr. 45 000.00. Greiðslujöfnuður verður þó mun óhagstæðari, þar sem flest lána hans eru til 42 ára, en lán, sem hann fengi, til 20 ára í hæsta lagi.

Þetta vaxtatap verður að vinna upp, ef sjóðirnir eiga ekki að verða óstarfhæfir að fáum árum liðnum.

Síðan lögin um Ræktunarsjóð og Byggingarsjóð voru sett hafa vextir hækkað gífurlega, bæði innláns- og útlánsvextir. Það er því ekki óeðlilegt þótt útlánsvextir þessara sjóða hækki nokkuð til samræmis. Hér er gert ráð fyrir vaxtahækkun um

1½% upp í 4% í Ræktunarsjóði. Verður þó að telja, að vaxtagreiðslum sé í hóf stillt miðað við þau vaxtakjör, sem algeng eru nú orðið.

Með þessu frumvarpi er þó engan veginn tapið unnið upp til fulls heldur aðeins dregið úr því.

Ed. 585. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Verja skal úr ríkissjóði á næstu 6 árum samtals allt að 6 millj. kr. til greiðslu helmings af kostnaðarverði þeirra véla og verkfæra, kominna á ákvörðunarstað, er vélanefnd telur þörf á til ræktunarframkvæmda samkvæmt lögum þessum. Þau ræktunarsambönd og félög skulu sitja fyrir um vélakaup, sem enn hafa ekkert fé fengið úr framkvæmdasjóði til kaupa á nauðsynlegum vélum og verkfærum, og enn fremur þau ræktunarsambönd og félög, er hafa keypt vélar, er reyndust lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti. Styrkurinn veitist aðeins til kaupa á nýjum og vönduðum vélum og greiðist jafnóðum og vélarnar eru keyptar.

2. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar samþykktarsvæðis ákveður vélanefnd árlega fyrir hvert samþykktarsvæði gjald fyrir notkun véla og verkfæra, sem keypt eru og notuð samkvæmt lögum þessum. Ber að ákveða gjaldið þannig, að það nægi fyrir öllum venjulegum rekstrarkostnaði, og sé þar með talið hæfilegt viðhalds- og fyrningargjald, er miðist við, að það nægi til að endurnýja vélar og verkfæri, jafnóðum og þau verða ónothæf. Nú reynist gjaldið of lágt til að standa undir rekstrarkostnaði eitthvert ár, og ber vélanefnd þá að ákveða viðbótargjald fyrir vélanot það ár. Vélanefnd ákveður, hvað sé hæfilegt að leggja til hliðar fyrir viðhaldskostnaði, og enn fremur ákveður hún fyrningargjaldið. Nú er vél ekki notuð einhvern tíma eða minna en meðalnotkun slíkrar vélar nemur, og er vélanefnd þá heimilt að lækka fyrningargjaldið hlutfallslega.

Búnaðarfélag Íslands skal innheimta fyrningargjaldið í lok hvers reikningsárs og leggja það í sérstakan fyrningarsjóð, er verði í vörzlu þess.

Búnaðarfélag Íslands annast reikningshald sjóðsins og ávísar úr honum eftir tillögum vélanefndar ríkisins. Hvert samband heldur séreign sinni í sjóðnum. Fyrningarsjóðinn skal ávaxta í Búnaðarbanka Íslands. Þó er heimilt að ávaxta séreignir einstakra ræktunarsambanda í sparisjóðum eða bönkum, er starfandi eru á svæði hlutaðeigandi búnaðarsambands. Hvert ræktunarsamband skal í lok hvers reikningsárs senda Búnaðarfélagi Íslands reikning ræktunarsambandsins og skýrslu um starfsemi þess á árinu, ásamt skilagrein fyrir fyrningargjaldinu.

Óheimilt er Búnaðarfélagi Íslands að greiða jarðræktarframlag einstaklingum eða félögum innan ræktunarsambands, meðan það eða þau hafa ekki gert full reikningsskil að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands (sbr. jarðræktarlög). Nú hafa reikningar og skilagrein ekki borizt stjórn Búnaðarfélags Íslands fyrir byrjun júnímánaðar næst eftir lok reikningsárs ræktunarsambands eða félags, og er stjórn Búnaðarfélags Íslands þá heimilt að kveða svo á, að stjórn eða framkvæmdastjóri hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags greiði dagsektir, sem hún ákveð-

ur, allt að 100.00 kr., þar til úr þessu er bætt að dómi stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Sektirnar renna í vélasjóð.

Heimilt er ræktunarsamböndum og félögum með samþykki Búnaðarférlags Íslands að hafa allt að helmingi fyrningargjaldsins í rekstri sínum gegn sýsluábyrgð og sömu vöxtum og innlánsvextir í Búnaðarbankanum eru.

3. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Nú hefur jarðræktarsamþykkt verið komið á og starfsemi hafin samkvæmt fyrirmælum hennar, og skal þá stjórn Búnaðarfélags Íslands senda hlutaðeigandi sambandi óskert jarðræktarframlag hvers samþykktarsvæðis, nema það hafi ekki lagt í fyrningarsjóð svo sem lög og reglugerð mæla fyrir um, en þá er henni skylt að draga þá fjárhæð, sem vangreidd er, frá jarðræktarframlagi því, er greiða ber vegna jarðabóta, sem unnar eru að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum hlutaðeigandi ræktunarsambands og á fjélagssvæði þess. Ákvæði þetta kemur þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. jan. 1956 og verður aðeins beitt um fyrningarsjóðsgjald og jarðræktarframlög, er falla í gjalddaga í árslok 1955 og síðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin l. nr. 114 1947 og 2.—3. gr. laga nr. 62 1950.

Ed. 586. Frumvarp til laga [192. mál]

um heimid fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu og sameina hana jörðinni Hóli (Dísastaðahóli) í sama hreppi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hóll í Breiðdalshreppi, sem er eign ríkisins, var upphaflega nýbýli úr landi Dísastaða, byggt nokkru fyrir síðustu aldamót. Nú hafa Dísastaðir verið í eyði um árabil. Þar eru engin hús, og hefur jörðin verið nytjuð frá Hóli, enda var hún í eigu tengdasonar síðasta ábúanda þar. Í vor kemur nýr ábúandi að Hóli. Telur hann örðugt að sitja þá jörð, án þess að Dísastaðir fylgi.

Sýslumaður Suður-Múlasýslu segir í bréfi frá 8. febr. s. l.:

„Álit mitt er, að rétt sé, að ríkið kaupi Dísastaði og sameini þá Dísastaðahól til ábúðar eins manns. Hóllinn er of lítil jörð og vantar auðræktað land. Breiðdalsá brýtur tún jarðarinnar, og hefur ekki tekizt að hefta ágang hennar á túnið, þó að reynt hafi verið með því að ýta varnargarð fyrir það."

Landbúnaðarráðuneytið er og hlynnt kaupunum.

Fyllri upplýsingar er að finna í bréfi landnámsstjóra, sem prentað er hér á eftir.

Fylgiskjal.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 18. jan. 1955.

Með bréfi, dagsettu 13. jan. s. l., hefur hið háa ráðuneyti óskað umsagnar varðandi jörðina Dísastaði í Breiðdal, sem er einkaeign, og jörðina Hól í sama hreppi, sem er eign ríkisins.

Jörðin Hóll er byggð út úr jörðinni Dísastöðum nokkru fyrir síðustu aldamót. Jörðin er ekki sérstök jörð 1861, en árið 1922 er hún uppfærð í mati undir nafninu Dísastaðahóll. Talið er, að jarðir þessar hafi framfleytt þessum bústofni:

	Dísastaðir	Hóll
Nautgripir	2	3
Sauðfé	100	110
Hross	2	4

Þegar jörðum þessum hefur verið skipt, mun meir hafa verið litið á jöfnuð um beitiland og engjar, en lítt farið eftir, að ræktunarskilyrði væru sem jöfnust. Af því leiðir, að Hóll hefur fengið land sunnan Breiðdalsár, sem var engi, en nú er eina ræktunarland jarðarinnar. Dísastaðir eiga land til fjallsins, en heima fyrir lítið ræktunarland. Það er álit mitt, að báðar jarðirnar geti verið góð tvö býli með aukinni ræktun, en þó því aðeins að breytingar yrðu gerðar á landskiptum milli jarðanna. Sameinaðar gefa jarðirnar einnig aðstöðu til stærri búrekstrar en talið er að jarðirnar beri nú samkvæmt þeim tölum, sem áður eru tilfærðar, því það er hægt að auka mikið ræktun á Hóli sunnan árinnar, en sameinað beitiland jarðanna ætti að bera um 400 fjár. Enda þótt enginn húsakostur sé á Dísastöðum, tel ég, að hið tiltekna verð fyrir jörðina sé í hæsta lagi, en tel, að hæfilegt verð á henni í því ástandi, sem hún er, væri 16—20 þúsund krónur. Samkvæmt fasteignamati 1942 er landverð talið 2 600 kr. á jörðinni. Það er engum vafa bundið, að auðveldara verður að byggja Hól með Dísastöðum til ábáðar heldur en Hól einan sér.

Hins vegar tel ég, að stefna beri að því, að báðar jarðirnar komist í sérábúð hvor fyrir sig og skipti séu gerð milli jarðanna með tilliti til búrekstraraðstöðu, eins og hún er nú, og það getur væntanlega því aðeins orðið, að sami eigandi sé að báðum jörðunum.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Nd. 587. Lög [170. mál]

um lækningaferðir.

(Afgreidd frá Nd. 15. apríl.)

Samhljóða þskj. 441.

Nd. 588. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 15. apríl 1955.

Björn Ólafsson, form. Ásgeir Bjarnason, fundaskr. Einar Ingimundarson, frsm.
Jörundur Brynjólfsson. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 589. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er samþykk efni þess. En við samanburð á eldri lögum, sem fela í sér breytingar á 14. gr. sömu laga og hér er lagt til að breyta, þykir nefndinni fara betur á, að í frumvarpinu verði umorðun á 14. gr. í heild og séu þá um leið felld úr gildi þau eldri lög, sem taka til þessarar greinar.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið sé samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   14. gr. laganna orðist svo:
   Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjárhagsáætluninni, áður en útsvör eru ákveðin. Þar til lokið er endurskoðun á löggjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, skal gjald síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði til bæjarsjóðs Siglufjarðar þó aldrei vera minna en kr. 100 000.00.
   Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.
   Verksmiðjurnar greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 51 27. júní 1941 og lög nr. 48 14. apríl 1943.

Alþingi, 15. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Gylfi Þ. Gíslason. Karl Guðjónsson.

Nd. 590. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og m. a. hefur hreppsnefnd Kópavogshrepps mætt á fundi nefndarinnar til viðræðu um málið. Hefur oddvitinn látið nefndinni í té útskrift úr gerðabók Kópavogshrepps varðandi þetta mál.

Meiri hluti nefndarinnar, PÞ, HelgJ og JóhH, leggur til, að frv. verði samþykkt. Minni hl., HV, telur málið ekki tímabært og mun skila séráliti. KJJ var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Hreppsnefndin tjáði nefndinni, að hún hefði ákveðið að efna til atkvæðagreiðslu um það innan Kópavogshrepps þ. 24. apríl n. k., hvort kjósendur óski, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað nú þegar með lögum, og um það, hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ. Af þessu tilefni hefur meiri hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar leitað umsagnar bæjarráðs Reykjavíkur um þetta atriði, og er þess að vænta, að þinginu berist sú umsögn undir meðferð málsins.

Alþingi, 16. apríl 1955.

Páll Þorsteinsson, form. Jóhann Hafstein, frsm. Helgi Jónasson.

Nd. 591. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Húsnæðismálin eru tvímælalaust alvarlegasta félagslega vandamálið, sem nú er við að etja á Íslandi. Þótt síðastliðinn hálfur annar áratugur hafi verið mestu góðæri, sem um getur í sögu þjóðarinnar, er hér nú engu að síður mikið húsnæðisböl. Þúsundir manna, kvenna og barna búa í húsnæði, sem með engu móti verður talið viðunandi.

Frv. þetta er niðurstaða af langvarandi samningum núverandi stjórnarflokka um lausn þessa mikla vandamáls. Það hefur nokkra kosti. Í því er gerð tilraun til þess að skipuleggja lánamarkaðinn á nýjan hátt og vilyrði gefin fyrir því, að nokkur aukning verði á lánsfé til íbúðarbygginga. Gert er ráð fyrir útgáfu visitölubundinna verðbréfa, og er þar um nýjung að ræða, sem vert virðist að reyna. Enn fremur á að koma á fót leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur og efla tæknirannsóknir í því skyni að lækka byggingarkostnað. Er hvort tveggja gagnlegt.

En þar með eru kostir þessa frv. upp taldir. Ágallar þess eru hins vegar miklir. Það verður að teljast höfuðeinkenni þess, að í því er ekkert stórátak gert til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Í greinargerð frv. er þó skýrt frá því, að herskálaíbúðir í Reykjavík séu enn 542, og mikið af öðru húsnæði verður og að telja heilsuspillandi. Efnahagur fólksins, sem í þessu húsnæði býr, er yfirleitt þannig, að þessu húsnæði verður ekki útrýmt nema með myndarlegu átaki af hálfu ríkis og bæjarfélaga. Til þess þarf rausnarleg fjárframlög af hálfu þessara aðila. En stórhugur og umbótavilji stjórnarflokkanna er á þessu sviði ekki meiri en svo, að ríkissjóði er ætlað að leggja fram allt að 3 millj. kr. á ári í 5 ár í þessu skyni, ef sveitarfélög leggja jafnháa upphæð á móti. Framlög ríkissjóðs eiga því að nema 15 millj. kr. alls. Til þess að ljóst verði, hvílík rausn er hér á ferð, má benda á, að tekjur ríkissjóðs fóru tvö síðastliðin ár 188 millj. kr. fram úr áætlun. Upphæð sú, sem

ríkissjóður ætlar að leggja fram árlega til þess að bægja frá dyrum þjóðarinnar mesta böli, sem nú þjáir hana, á að nema sem svarar rúmlega hálfum af hundraði af ríkistekjunum.

Hið nýja lánsfé, sem ríkisstjórnin hyggst útvega með ráðstöfunum sínum, verður að teljast ónógt til þess að leysa vanda þeirra, sem þurfa á nýju húsnæði að halda. Í greinargerð frv. er gert ráð fyrir því, að þörf sé á 900 íbúðum árlega. Ef gert er ráð fyrir því, að meðalstærð þeirra yrði 350 rúmmetrar og byggingarkostnaður 750 kr. á rúmmetra, yrði kostnaðarverð þessara nýju íbúða 236 millj. kr. Í frv. er gert ráð fyrir því, að á næstu tveim árum verði útlán til bygginga 100.5 millj. kr., en það nemur 42% af heildarbyggingarkostnaðinum. Virðist jafnvel ástæða til að skilja ákvæði frv. svo sem lánsupphæð verði yfirleitt ekki hærri en 70 þús. kr. á íbúð, en það er 27% af kostnaðarverði 350 rúmmetra íbúðar. Augljóst er, að mikill meiri hluti húsbyggjenda hefur ekki yfir svo miklu eigin fé að ráða, að hann geti greitt með því meira en helming byggingarkostnaðarins, hvað þá næstum þrjá fjórðu hluta hans. Verða þeir, sem þannig er ástatt fyrir, því að leita fyrir sér um viðbótarlánsfé, sem yrði þá væntanlega með enn þá óhagstæðari kjörum en gert er ráð fyrir á veðlánunum í frv., svo að peningaokrið á lánamarkaðinum héldi áfram. Að svo miklu leyti sem ekki tækist að afla viðbótarlána eða hlutaðeigandi treysti sér ekki til þess að greiða vexti þá, sem krafizt yrði, mundu byggingarframkvæmdirnar verða þeim mun minni og húsnæðisbölið haldast.

Frv. gerir ráð fyrir því, að vextir af hinum nýju veðlánum verði yfirleitt 7¼% auk 1% lántökugjalds og að þau verði til 25 ára. Lánin eiga að vera jafngreiðslulán. Mánaðargreiðsla af 70 þús. kr. láni yrði 495.62 kr. Samkvæmt því, sem fyrr var sagt, má búast við því, að raunverulegir vextir af viðbótarlánum yrðu allmiklu hærri. Hins vegar er eðlilegt að gera ráð fyrir, að húsbyggjandinn geti lagt fram nokkurt eigið fé, sem hann reiknaði sér aðeins sparisjóðsvexti af. Sé þetta tvennt talið jafnast, þannig að meðalvexti af því fé, sem fæst ekki frá veðlánakerfinu, séu taldir jafnháir og þeir vextir, sem þangað eru greiddir, verður mánaðarleg greiðsla af 350 rúmmetra íbúð, sem kostar 262 500 kr., 1871.69 kr., og er þá að vísu miðað við, að eigandinn eignist hana á 25 árum. Er auðséð, að slík húsaleiga er ekki við alþýðu hæfi. Vart mun hugsanlegt, að hægt sé að koma upp sómasamlegri fjölskylduíbúð fyrir minna en 200 000 kr. Sé miðað við sömu forsendur og áðan, yrði mánaðarleg greiðsla af henni 1424.91 kr. Mánaðarlaun verkamanns eru nú 2976 kr., miðað við 8 stunda vinnu á dag alla virka daga ársins. Hann þyrfti því að greiða 48% mánaðartekna sinna til þess að geta búið í íbúð af algerri lágmarksstærð og eignazt hana á aldarfjórðungi. Þótt gengið yrði til fulls að þeim kaupkröfum, sem settar voru fram í upphafi verkfalls þess, sem nú stendur yfir, yrði þessi húsaleiga samt 37% mánaðarteknanna. Til þess að geta eignazt 350 rúmmetra íbúð og greitt fyrir hana 1000 kr. húsaleigu á mánuði, þarf eigandinn að hafa getað lagt fram 122 000 kr. af eigin fé, sem hann síðan reiknar sér enga vexti af, og er þá meira að segja miðað við, að hann fái allt lánsféð með sömu vöxtum og gert er ráð fyrir í þessu frv., en til þess verða því miður engar líkur taldar. Til þess að geta eignazt íbúð, sem kostar aðeins 200 000 kr., þarf hann að geta lagt fram 59 000 kr. vaxtalaust eigin fé, ef húsaleigan á ekki að fara fram úr 1000 kr. á mánuði. Þessar staðreyndir hljóta að teljast taka af allan vafa um það, að húsnæðisvandamál láglaunafólks verður ekki leyst eftir þeim meginreglum, sem þetta frv. byggist á, heldur verður að koma til myndarlegt framlag af hálfu hins opinbera, þangað til sárustu neyðinni á þessu sviði hefur verið af létt og meira jafnvægi hefur komizt á í tekjuskiptingu og framkvæmdum en nú á sér stað.

Það er ein af meginreglum þessa frv., að húsbyggjendur skulu yfirleitt sæta sömu kjörum við lánveitingar. Þar er m. ö. o. sniðgengin að mestu sú staðreynd, að efnahagur þeirra getur verið svo misjafn, að ástæða sé til þess, að hið opinbera létti undir með þeim, sem standa höllum fæti. Hinir ríku skulu settir við sama borð og hinir fátæku, þegar um það er að ræða, að ríkisvaldið veiti eftirsótta fyrir-

greiðslu. Í greinargerð frv. kemur að vísu fram, að Byggingarsjóði sveitanna muni fyrirhugaðar 12 millj. kr. af væntanlegu lánsfé. Þeim mun furðulegra verður að teljast, að hvergi skuli á það drepið, að Byggingarsjóði verkamanna eigi að tryggja nokkuð af fé þessu, en á vegum hans hafa undanfarið verið byggðar einar ódýrustu og hentugustu almenningsíbúðir, sem reistar hafa verið í landinu. Að honum er ekki vikið á annan hátt en þann í frv., að heimilað er að lána honum af fé veðdeildarinnar.

Í þessu sambandi ber og að geta þess, að með samþykkt frv. þessa yrði þrengt verulega kosti allstórs hóps launamanna að því er snertir skilyrði til útvegunar hagkvæmra byggingarlána. Opinberir starfsmenn hafa átt þess kost að fá lán úr lífeyrissjóði sínum til 40 ára, til skamms tíma með 5½% vöxtum, en nú með 6% vöxtum. Stefna frv. virðist sú að breyta þessum lánum í 7% lán til 25 ára, og er það veruleg skerðing á aðstöðu þessara launamanna.

Sem síðasta aðalatriði frv., en þó engan veginn það, sem sízt má finna því til foráttu, ber að nefna, að sérstök nefnd þriggja manna, svokölluð húsnæðismálastjórn, á að úthluta um helmingi þess lánsfjár, sem gert er ráð fyrir að handbært verði næstu tvö ár. Af greinargerð má ráða, að einn nefndarmanna muni verða tilnefndur af Landsbankanum, án þess þó að hann eigi að hafa atkvæðisrétt um lánveitingar. Hinir tveir verða þá væntanlega fulltrúar hvor síns stjórnarflokks. Er hér um að ræða framhald þeirrar skipunar, sem tekin var upp við úthlutun smáíbúðalánanna og stjórnarflokkarnir telja væntanlega að hafi gefizt sér vel. Þegar höfð er hliðsjón af því, að í Reykjavík eru starfandi 5 bankar með 9 bankastjórum og einn sparisjóður, sem allir hafa fengizt og fást meira eða minna við lán til húsbygginga, og að veðdeild Landsbankans, sem er undir stjórn embættismanna, sem allir munu bera fyllsta traust til, á að hafa veg og vanda af útvegun lánsfjárins og skipulagningu veðlánakerfisins, þá má það teljast dæmalaus ráðstöfun að skipa sérstaka nefnd, fulltrúa tveggja stjórnmálaflokka, til þess að úthluta um 50 millj. kr. lánsfé. Er þetta glöggt dæmi þeirrar pólitísku spillingar, sem nú er að gegnsýra stjórnarfar Íslendinga.

Við, sem skipum minni hluta fjárhagsnefndar, höfum af þessum sökum leyft okkur að flytja allvíðtækar breytingartillögur við frv. Er aðalatriði þeirra þetta:

1) Við leggjum til, að ráðstafanir verði gerðar til þess, að fé það, sem lánað verður til húsbygginga af lánastofnunum, verði aukið úr 100 millj. kr. í 130 millj. kr. og teljum það algert lágmark þess, sem nauðsynlegt er til ráðstöfunar sé í þessu skyni. Framlög ríkissjóðs til útrýmingar heilsuspillandi íbúða verði aukin úr 3 millj. kr. árlega í 10 millj. kr. Veðdeild Landsbankans verði afhent skuldabréf og aðrar eignir lánadeildar smáíbúðarhúsa, enda greiði ríkissjóður skuldir hennar við Landsbankann. Á þann hátt mundi veðdeildin geta aukið útlán sín um u. þ. b. 4 millj. kr. á ári, miðað við það, sem ráð er fyrir gert í frv. Að öðru leyti skal viðbótarfjárins aflað með því að setja reglur um verðbréfakaup tryggingarfélaga og stofnana, sem ávaxta fé í verðbréfum, og með samningum við banka og sparisjóði.

2) Í samræmi við þetta leggjum við til, að venjuleg lágmarksupphæð lána út á hverja íbúð verði hækkuð úr 70 000 kr. í 100 000 kr.

3) Við teljum vexti þá, sem gert er yfirleitt ráð fyrir í frv., þ. e. 7¼%, vera svo háa, að engin von sé til þess, að alþýðufólk geti eignazt sómasamlegar íbúðir með þeim kjörum. Við teljum, að heppilegasta leiðin til þess að leysa húsnæðisvandamál efnalítils fólks sé að efla Byggingarsjóð verkamanna og gera honum kleift að lána til íbúðarbygginga með hóflegum vöxtum, enda hefur reynslan sýnt, að kostnaðarverð þeirra íbúða, sem hann hefur byggt, hefur verið talsvert undir meðallagi byggingarkostnaðar. Við leggjum til, að Byggingarsjóði verkamanna verði á næstu 5 árum séð fyrir 12 millj. kr. árlega. Er sú upphæð við það miðuð, að í greinargerð frv. kemur fram, að Byggingarsjóði sveitanna virðist hafa verið tryggð sú upphæð. Teljum við það að vísu algert lágmark þess, sem Byggingarsjóður verkamanna þyrfti til þess að geta gegnt hlutverki sínu, og vandséð, hvernig hægt

er að standa gegn því. Við látum hjá líða við þessa umræðu að flytja breytingartillögu um vaxtakjörin, þar eð við viljum sjá, hverjar undirtektir það fær að tryggja Byggingarsjóði verkamanna aukið starfsfé.

4) Við leggjum til, að ríkisstjórninni sé gert skylt að hafa forgöngu um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, að meðtöldum herskálum, og skuli þeim framkvæmdum lokið á ekki lengri tíma en 5 árum. Ríkisstjórninni er heimilað að leggja fram 10 millj. kr. á ári í þessu skyni í 5 ár, auk þess sem gert er ráð fyrir framlögum sveitarfélaga.

5) Við leggjum til, að ákvæði frv. um sérstaka nefnd til þess að annast úthlutun lána samkvæmt frv. verði felld niður, en úthlutun lánanna falin veðdeild Landsbankans.

6) Að síðustu leggjum við til, að húsameistara ríkisins verði falið að annast þá leiðbeiningarstarfsemi, sem gert er ráð fyrir í sambandi við húsbyggingar, og að húsbyggjendur eigi endurgjaldslaust kost á öllum nauðsynlegum teikningum í tilteknar gerðir íbúða.

Auk þessara tillagna áskiljum við okkur rétt til að flytja fleiri breytingartillögur og styðja aðrar, er fram kunna að koma.

Alþingi, 16. apríl 1955.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson.

Nd. 592. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

1. 1. gr. fellur niður.
2. 2. gr. orðast svo:

Húsameistari ríkisins skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því m. a.:

1. Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við húsbyggingar.

2. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.

3. Að veita húsbyggjendum endurgjaldslaust kost á öllum nauðsynlegum teikningum í tilteknar gerðir íbúða.

4. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess er þörf.

Við lausn þessara mála skal húsameistari ríkisins hafa samstarf við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem Atvinnudeild háskólans, Iðnaðarmálastofnun Íslands, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðarhluta, og leitast við að samræma störf þeirra. Er framangreindum aðilum skylt að veita húsameistara ríkisins hverjar þær upplýsingar, sem hann telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.

3. Við 3. gr.
   a. 1. málsgr. orðast svo:

Komið skal á fót veðlánakerfi til íbúðarbygginga undir stjórn veðdeildar Landsbanka Íslands.

   b. Orðin „eftir tillögum húsnæðismálastjórnar“ í 5. málsgr. falla niður.

4. Við 4. gr.
   a. Fyrir orðin „hins almenna veðlánakerfis“ í 1. málsgr. kemur: veðlánakerfis til íbúðarbygginga.
   b. B-liður orðast svo:
      Skuldabréf og aðrar eignir lánadeildar smáíbúðarhúsa, enda greiði ríkissjóður skuldir hennar við Landsbanka Íslands.
5. Við 5. gr.
   a. Fyrir orðin „hins almenna veðlánakerfis“ í 1. málsgr. kemur: veðlánakerfis til íbúðarbygginga.
   b. A-liður orðast þannig:
      Fé það, sem fæst með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt lögum þessum. Ríkisstjórnin skal setja reglur um lánveitingar þeirra stofnana og tryggingarfélaga, sem ávaxta fé í verðbréfum eða útlánum á annan hátt. Er ríkisstjórninni heimilt að kveða svo á í reglum þessum, að nefndum aðilum skuli skylt að ráðstafa ákveðnum hluta þess fjár, sem þeir verja til verðbréfakaupa, til kaupa á fyrrgreindum bankavaxtabréfum. Ríkisstjórnin skal enn fremur gera samning um það við banka og aðrar peningastofnanir, að þær kaupi bankavaxtabréf fyrir ákveðinn hluta þess fjár, sem þær verja til útlána. Skulu reglur þessar og samningar við það miðaðir, að fé það, sem lánað er til húsbygginga af lánastofnunum, verði ekki minna en 130 millj. kr. á ári á næstu tveim árum.
6. Við 6. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. a-liðar bætist: Þeir lánbeiðendur, sem hafa fyrir stærstri fjölskyldu að sjá, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir lánsfé.
   b. Fyrir orðin „100 þús. krónum“ í b-lið kemur: 130 þús. krónum.
   c. Fyrir orðin „50 þús. krónur“ í c-lið kemur: 80 þús. krónur.
   d. Orðin „áliti húsnæðismálastjórnar og“ í g-lið falla niður.
7. 7. gr. orðast svo:
   Skylt er að lána Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði 12 millj. kr. hvorum árlega í næstu 5 ár af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.
8. Fyrri málsgr. 8. gr. orðast svo:
   Veðdeild Landsbanka Íslands ákveður, hverjum veita skuli lán samkvæmt lögum þessum.
9. Við 9. gr. Fyrir orðin „húsnæðismálastjórn“ á tveim stöðum í greininni kemur: veðdeild Landsbanka Íslands.
10. Við fyrirsögn I. kafla. Orðin „húsnæðismálastjórn og“ falla niður.
11. 10. gr. orðast svo:
    Ríkisstjórnin skal hafa forgöngu um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, þar með taldir herskálar. Skal hún hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, veðdeild Landsbanka Íslands og aðra þá aðila, er beita sér fyrir framkvæmdum á þessu sviði. Skal við það miðað, að öllu heilsuspillandi húsnæði verði útrýmt á eigi lengri tíma en fimm árum.
12. Við 11. gr. Í stað orðsins „húsnæðismálastjórn“ kemur: félagsmálaráðuneytinu.
13. Við 13. gr.
    a. Orðin „allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin“ í 1. málsl. falla niður.
    b. 2. málsl. fellur niður.
14. Á eftir 13. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
    Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt að 10 millj. kr. á ári næstu 5 árin til framkvæmda samkv. þessum kafla.
15. Við fyrirsögn frv. Orðið „húsnæðismálastjórn“ fellur niður.

Sþ. **593. Nefndarálit** [30. mál]

um till. til þál. um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi var flutt af þingmönnum Þjóðvarnarflokksins, Gils Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni, í þingbyrjun. Henni var útbýtt 12. október, og fyrri umræða um hana fór fram þann 20. sama mánaðar. Þann dag var henni vísað til nefndar, og þar hefur hún legið síðan.

Nú leggur meiri hl. fjárveitinganefndar til, að tillögunni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, en minni hlutinn (HV og LJós) leggur hins vegar til, að hún verði samþykkt.

Meginefni tillögunnar er það, að nú þegar verði gerðar ráðstafanir til, að sem allra fyrst verði hægt að veita þeim þúsundum Íslendinga, er nú starfa á vegum erlends herliðs, atvinnu í þjóðnýtum starfsgreinum. Til þess að undirbúa ráðstafanir í þessa átt leggja flutningsmenn til, að ríkisstjórninni verði falið að skipa 5 manna nefnd eftir tilnefningu þingflokkanna til þess að gera allsherjaráætlun um hagnýtingu vinnuafls í þágu íslenzkra atvinnuvega.

Með þessari tillögu virðist sízt til of mikils ætlazt. Enginn hefur fulla yfirsýn yfir vinnuaflsþörf íslenzkra atvinnuvega eins og stendur. Mikinn hluta ársins ríkir atvinnuleysi í þremur landsfjórðungum. Engar opinberar skýrslur eru þó til um, hversu víðtækt þetta atvinnuleysi er. — Atvinnuleysisskráningar eru ekki lengur framkvæmdar, og vinnumiðlunarskrifstofur hafa verið lagðar niður. Á sama tíma vantar menn á togarana. Sú mannekla er leyst með innflutningi útlendra manna. Þingmenn sveitakjördæmanna lýsa átakanlega vinnuaflsskorti í þjónustu landbúnaðarins. Þeir biðja um eina milljón króna úr ríkissjóði til að ráða hingað hollenzkar vinnukonur. Væri þó sannarlega tilraunar vert, hvort ekki væri unnt að fá hér innanlands það vinnuafl, sem landbúnaðinn skortir, ef þessari milljón væri varið íslenzku verkafólki til kjarabóta við framleiðslustörf sveitanna. — Það væri þó úrræði, sem engu síður ætti að geta komið til greina.

Við köllum sem sé á erlent vinnuafl í landbúnaðinn, og við ráðum útlendinga í þjónustu sjávarútvegsins. Nokkur hundruð útlendinga hafa líka atvinnuleyfi við iðju og iðnað. Á hinn bóginn látum við svo nokkur þúsund íslenzkra manna og kvenna gegna alls konar þjónustustörfum á Keflavíkurflugvelli.

Ráðningarskrifstofa er starfandi allt árið til að sjá flugvallarframkvæmdunum fyrir vinnuafli, en atvinnuleysingjar, sem koma norðan eða austan af landi, vita ekkert, hvert þeir eiga að snúa sér til að komast fljótt í samband við þá íslenzka atvinnurekendur, sem einmitt kynnu að þurfa á vinnuafli þeirra að halda.

Þannig ríkir ringulreið og skipulagsleysi á íslenzkum vinnumarkaði, og ekkert er gert af hálfu hins opinbera, til þess að vinnuafl þjóðarinnar notist sem bezt.

Enginn veit í dag, hvort íslenzkt atvinnulíf á kost á nægu vinnuafli, enginn veit, hvort okkur vantar verkefni fyrir íslenzka menn og konur. Því síður hefur það verið kannað, hver vinnuaflsþörf íslenzkra atvinnuvega sé líkleg til að verða t. d. eftir 5 ár eða hvaða ráðstafanir þurfi að gera þeim til eflingar til þess að ná því marki, að enginn Íslendingur þurfi þá að vera í þjónustu erlends hernámsliðs og allt íslenzkt vinnuafl geti verið gjörnýtt í þágu íslenzkra framleiðsluatvinnuvega.

Komi það í ljós, að til þess að þetta megi takast, þurfi að gera stórátak til eflingar íslenzkum atvinnuvegum, þá er að snúa sér að því verkefni.

Það er nefnilega hverju orði sannara, sem flutningsmenn segja í greinargerð með tillögu sinni, að „auðæfi hafs og moldar eru enn hvergi nærri fullnýtt. Íslenzkur iðnaður á einnig stórfellda vaxtarmöguleika, ef rétt er á haldið. Hér á landi getur hvert mannsbarn haft næg verkefni við þjóðnýt störf".

Með skírskotun til framanritaðs leggur minni hlutinn til, að tillagan verði samþykkt.

Alþingi, 16. apríl 1955.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 594. Nefndarálit [140. mál]

um till. til þál. um skil bátagjaldeyriságóða til hlutarsjómanna.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi hefur nú verið flutt á tveimur þingum. Í bæði skiptin hefur fjárveitinganefnd klofnað um hana og mjög á sama veg. Minn hlutinn (HV og LJós) lagði til í fyrra, að tillagan yrði samþykkt, en meiri hlutinn, þ. e. allir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni, vildi þá víkja henni frá afgreiðslu með svo hljóðandi rökstuddri dagskrá:

„Með því að ágreiningi þeim um bátagjaldeyriságóða, sem hér um ræðir, hefur verið skotið til úrskurðar dómstólanna, en endanlegur dómur í málinu hefur enn ekki verið upp kveðinn, telur Alþingi ekki tímabært að taka mál þetta til meðferðar og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Þegar þessi rökstudda dagskrá var borin fram, var fyrir nokkru fallinn dómur í sjó- og verzlunardómi Vestmannaeyja, þar sem sjómönnum var dæmdur réttur til fullrar hlutdeildar í andvirði innflutningsréttindanna.

Síðan var málinu skotið til hæstaréttar, og staðfesti hann í einu og öllu dóm þann, er upp var kveðinn í héraði.

Þannig er forsenda meiri hluta fjárveitinganefndar frá í fyrra brostin og endanlegur dómur fenginn fyrir fullum rétti sjómanna til sama fiskverðs og útgerðarmenn fá með bátagjaldeyrisfríðindunum. En samt sem áður geta fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd ekki að heldur fallizt á að samþykkja tillöguna og vilja enn sem fyrr vísa henni frá afgreiðslu. Nú er að vísu ekki hægt að vefengja, að sjómenn eigi að fá greiddan sinn hlut úr andvirði bátagjaldeyrisfríðindanna. En meiri hlutinn vill ekki, að ríkisvaldið veiti sjómönnum neina aðstoð til að ná þessum rétti sínum. Innheimta þessa vangoldna hluta fiskverðsins á að áliti meiri hlutans að vera einkamál sjómannanna.

Minni hlutinn telur ríkisstjórnina hins vegar eiga á því höfuðsök, að sjómannastéttin hefur verið beitt svo freklegri rangsleitni sem raun ber vitni í þessu máli. Þess vegna sé sanngjarnt, að sannaðar kröfur sjómanna verði greiddar úr ríkissjóði, sem síðan endurkrefji þær hjá viðkomandi útgerðarmanni.

Þeir, sem vilja, að sjómenn innheimti sjálfir þessar kröfur sínar, mættu vel á það líta, að það er langur tími fyrir þær fjölskyldur, sem lifa eingöngu á handafla heimilisföðurins, að bíða í 3 ár eftir fullnaðargreiðslu vinnulaunanna, en sú er biðin orðin frá 1951. Er sízt á þá bið bætandi. Innheimtan verður sífellt erfiðari, eftir því sem lengra líður, og raunar er hún litt framkvæmanleg á þann veg, að hver sjómaður þurfi að leita lögfræðings og heyja síðan harða innheimtu, jafnvel hjá sínum aðilanum fyrir hverja vertíð. Gæti í ýmsum tilfellum farið svo, að kostnaðurinn tæki mestan hluta hins vangoldna fiskverðs. Gæti hinn tildæmdi réttur þannig orðið sjómönnum harla lítils virði í reyndinni. Auk þess mundi þetta spilla æskilegum friði milli útgerðarmanna og sjómanna.

Minni hluti fjárveitinganefndar fellst því á, að það sé miklu betri leið, að sjómannafélögunum sé falið að safna kröfunum saman, hverju á sínu félagssvæði, og greiði ríkissjóður síðan út hinn vangoldna hlut ásamt 6% vöxtum frá þeim tíma, þegar eðlileg greiðsla hlutarins hefði átt að fara fram. Síðan endurkrefji

ríkissjóður hlutaðeigandi útgerðarmenn eða útgerðarfélög um þá upphæð, er hann greiðir þeirra vegna. Sanngjarnt er, að sjómannafélögunum verði greidd hæfileg þóknun fyrir aðstoð sína við að leiðrétta það tilfinnanlega ranglæti, sem sjómenn hafa orðið að þola í þessu máli.

Minni hlutinn telur því einsætt, að tillagan eigi að hljóta samþykki Alþingis.

Alþingi, 16. apríl 1955.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 595. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogshreppi.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin ræddi málið á tveimur fundum. Á fyrri fundinum mætti hreppsnefnd Kópavogshrepps að ósk nefndarinnar, og var það rætt við hana. Á síðari fundinum klofnaði nefndin um afgreiðslu málsins. Vill meiri hlutinn (PÞ, JóhH, HelgJ) láta samþykkja frumvarpið nú þegar, en minni hlutinn, undirritaður, leggur til, að umræðu málsins í háttvirtri deild verði frestað, þar til fram hefur farið leynileg atkvæðagreiðsla kosningabærra manna í Kópavogshreppi um, hvaða skipan hreppsbúar vilji hafa á stjórn sveitarfélagsins. Á slík leynileg atkvæðagreiðsla að fara fram n. k. sunnudag, þann 24. apríl.

Slík mál sem þessi munu aldrei hafa verið flutt á Alþingi, nema að ósk sveitarstjórnar og með stuðningi sýslunefndar. Hér liggur hvorugt þetta fyrir. Meiri hluti sveitarstjórnar er andvígur málinu, eins og nú standa sakir, og sýslunefnd mælir einnig gegn því, nema fyrir liggi meðmæli hreppsnefndar og óumdeilanlegs meiri hluta kosningabærra manna í hreppnum.

Enn þá er ekkert af þessu fyrir hendi. Undirskriftasöfnun, sem fram hefur farið, hefur mjög verið vefengd, bæði sökum þess hvernig undirskriftaskjalið er orðað, og vegna þess, að fjöldi fólks, sem ekki hefur kosningarrétt um mál hreppsins, hefur tekið þátt í undirskriftunum, þar á meðal 11 ára barn og allmargir útlendingar, sem ekki hafa hér ríkisborgararétt.

Minni hlutinn hefur því leitað til borgarfógetans í Reykjavík og óskað eftir nótaríalvottorði um, hverjir séu á undirskriftaskjölunum, sem ekki séu á kjörskrá í Kópavogshreppi.

Sem minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar geri ég því svo hljóðandi tillögu um meðferð málsins nú:

Þar sem leynileg atkvæðagreiðsla um afstöðu kosningabærra manna í Kópavogshreppi til framtíðarskipunar sveitarstjórnarmála þar fer fram innan fárra daga, verður að teljast rétt, að umræðu verði frestað um málið, þar til sú atkvæðagreiðsla hefur farið fram og vilji kjósenda í hreppnum liggur þannig fyrir um þessi mál.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

ODDVITI KÓPAVOGSHREPPS

Marbakka, 15. apríl 1955.

Samkvæmt ósk yðar, hr. alþingismaður, á fundi heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar í gær, þar sem hreppsnefnd Kópavogshrepps var mætt út af fram komnu frv. til laga um bæjarstjórn í Kópavogshreppi, sendi ég yður hér með útskriftir úr gerðabók hreppsnefndar Kópavogshrepps, er sýna allt, sem þar hefur verið bókað um málið, og enn fremur önnur gögn, er varða meðferð málsins heima í héraði frá því, er það kom fyrst fram hinn 26. febrúar s. l.

Virðingarfyllst,

F. R. Valdimarsson.
oddviti Kópavogshrepps,

Hr. alþm. Páll Þorsteinsson, form. heilbrigðis- og félagsmálanefndar Alþingis, Alþingi.

I.

Útskrift úr fundargerðabók hreppsnefndar Kópavogshrepps.

Árið 1955, laugardaginn 26. febrúar, kl. 4 síðdegis, kom hreppsnefndin saman á fund að Marbakka.

Mættir voru allir hreppsnefndarmenn.

Þetta gerðist:

8. Hannes Jónsson og Jósafat Líndal lögðu fram svo hljóðandi:

„Ályktunartillaga minni hluta hreppsnefndar Kópavogshrepps um kaupstaðarréttindi til handa Kópavogshreppi:

Hreppsnefnd Kópavogshrepps ályktar að fara þess á leit við félagsmálaráðuneytið, að það hlutist til um, að flutt verði og lögfest á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi, bæjarstjórn og sérstakt lögsagnarumdæmi í núverandi Kópavogshreppi."

Tillögumenn lögðu fram skriflega greinargerð fyrir tillögunni. Miklar umræður urðu um tillöguna.

Að þeim loknum bar oddviti fram svo hljóðandi dagskrártillögu:

„Hreppsnefnd Kópavogshrepps telur enga knýjandi ástæðu til þess að svo stöddu að óska eftir lagabreytingu í því skyni að gera hreppinn að kaupstað, þar sem af slíkri breytingu mundi aðeins leiða stórum aukin útgjöld fyrir sveitarfélagið, en engar teljandi réttarbætur eða bætta aðstöðu fyrir það eða íbúa þess.

En sérstaka fjarstæðu telur hreppsnefndin að setja fram slíka kröfu nú, aðeins tæpu ári eftir að tvennar sveitarstjórnarkosningar hafa farið fram í hreppnum, án þess að nokkrar raddir kæmu fram í sambandi við þær um slíka breytingu, en vitanlegt, að með slíkri lagabreytingu yrðu enn að fara fram sveitarstjórnarkosningar hér, sem þá yrðu hinar sjöttu á átta ára tímabili.

Hreppsnefndin telur, að áður en horfið verði að því að breyta hreppnum í kaupstað, verði að gera verulegt átak til þess að tryggja sjálfstætt atvinnulíf í þeirri byggð, sem hér hefur risið upp, og álítur, að Kópavogshreppur eigi siðferðilega kröfu til aðstoðar af ríkisvaldsins hálfu í því efni."

Tillaga oddvita var samþ. með 3:2 atkv. (H. J. og J. J. L.)

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

F. R. Valdimarsson. Hannes Jónsson. J. J. Líndal.
Ólafur Jónsson. Óskar Eggertsson.

II.
Útskrift úr fundargerðabók hreppsnefndar Kópavogshrepps.

Árið 1955, miðvikudaginn 9. marz, kl. 4 síðdegis, kom hreppsnefndin saman á fund í barnaskólanum.

Allir hreppsnefndarmenn, nema Jósafat Líndal, voru mættir. Í hans stað var mættur Sveinn S. Einarsson.

Þetta var tekið fyrir:

1. Tillaga um kaupstaðarréttindi handa Kópavogshreppi:

Oddviti skýrði frá því, að menn úr fulltrúaráðum Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksfélaga og úr Framsóknarfélagi Kópavogs hefðu skömmu eftir síðasta hreppsnefndarfund snúið sér til félagsmálaráðuneytisins með erindi, þar sem þeir óska eftir því, að ráðuneytið láti semja og flytja frumvarp til laga um kaupstaðarréttindi og bæjarstjórn fyrir Kópavogskaupstað, og óska eftir því, að slíkt frumvarp verði lögfest á Alþingi því, er nú situr, með því að málið þoli enga bið.

Félagsmálaráðuneytið hefur síðan, þegar eftir móttöku þessa erindis, sent það sýslunefnd Kjósarsýslu til umsagnar.

Umsögn sýslunefndar liggur nú fyrir.

Las oddviti upp á fundinum ályktun sýslunefndar, sem var gerð á fundi nefndarinnar 7. þ. m. með samhljóða atkvæðum sýslunefndarmanna.

Fer hér á eftir ályktun sýslunefndar:

„Viðvíkjandi erindi félagsmálaráðuneytisins til sýslunefndar Kjósarsýslu um það, hvort Kópavogshreppur skuli skilinn frá Kjósarsýslu og gerður að kaupstað með venjulegum kaupstaðarréttindum og skyldum, vill sýslunefndin taka fram:

1. Sýslumaður Kjósarsýslu hefur upplýst, að löggæzla, skattheimta og fleiri opinber starfræksla sé erfið í framkvæmd í Kópavogshreppi við það sveitarstjórnarfyrirkomulag, sem nú er þar. Fellst sýslunefndin á, að ráða þurfi bót á þeim erfiðleikum.
2. Kjósarsýsla er ein af minnstu sýslufélögum landsins, telur aðeins fimm hreppa, og af þeim er Kópavogshreppur langfjölmennastur. Það mundi því veikja athafnamöguleika sýslunnar verulega, ef Kópavogshreppur verður skilinn frá henni.
3. Þegar einstökum hreppum hafa með sérstökum lögum verið veitt kaupstaðarréttindi, mun frumkvæðið að því eða beiðni um slíkt hafa komið frá viðkomandi hreppsfélögum, enda lýtur sýslunefndin svo á, að það sé hinn eðlilegi gangur málanna. Í þessu tilfelli liggur það ekki fyrir eins og nú standa sakir.

Ef aftur á móti fram kemur eindregin viljayfirlýsing meiri hluta sveitarstjórnar Kópavogshrepps, eða óumdeilanlegs meiri hluta atkvæðisbærra íbúa hans, um kaupstaðarréttindi fyrir hreppinn, telur sýslunefndin eðlilegt, að Kópavogshreppur fái kaupstaðarréttindi."

Oddviti lagði síðan fram fyrir hönd hreppsnefndarmeirihlutans (F. R. V., Ól. J. og Ó. Egg.) svo hljóðandi tillögu til ályktunar:

„Fram hefur komið krafa nokkurra manna úr Framsóknar-, Sjálfstæðis- og Alþýðuflokknum hér í hreppnum til félagsmálaráðuneytisins, að flutt verði og lögfest á þessu þingi frumvarp til laga um að gera Kópavogshrepp að kaupstað nú þegar. Þessu máli hefur aldrei verið hreyft fyrr hér í hreppnum opinberlega og almennar umræður því aldrei farið fram um það meðal hreppsbúa.

Meiri hluti sveitarstjórnar hefur með samþykkt hreppsnefndar 26. f. m. lýst sig andvígan þeirri breytingu og talið hana ótímabæra. Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur 7. þ. m. með ályktun — samþ. með shlj. atkv. sýslunefndarmanna — lýst yfir og beint því til félagsmálaráðuneytisins, að hún telji slíka breytingu því aðeins eðlilega, að fram komi „eindregin viljayfirlýsing meiri hluta atkvæðisbærra íbúa hans" með slíkri breytingu.

Sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hefur hins vegar upplýst, að skattheimta, löggæzla og fleiri starfræksla hér í hreppnum af hálfu embættis hans sé orðin svo erfið við núverandi fyrirkomulag, að óviðunandi sé, og hefur sýslunefnd fallizt á, að ráða þurfi bót á þeim erfiðleikum.

Með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu samkv. framansögðu, ályktar hreppsnefnd Kópavogshrepps eftirfarandi:

1. Hreppsnefndin telur, að hæglega megi bæta úr erfiðleikum umboðsstjórnarinnar án þess að gera Kópavogshrepp að kaupstað með öllum þeim kostnaði, sem af því leiðir fyrir sveitarfélagið. Í því sambandi vill hreppsnefndin eindregið benda á þá leið, að stofnað verði sérstakt sýslumannsembætti fyrir Kjósarsýslu, og beinir því til viðkomandi ráðuneyta að bera tillögu um þessa skipan undir sýslunefnd og sveitarstjórnir í Kjósarsýslu, eins fljótt og við verður komið.

2. Verði þessi leið ekki talin fær, eða aðrar lausnir á vandkvæðum umboðsstjórnarinnar í þessu efni, á þeim grundvelli, að Kópavogshreppur haldi áfram að vera sérstakur hreppur innan Kjósarsýslu, eins og meiri hluti sveitarstjórnar og sýslunefnd óska, ákveður hreppsnefndin að leita álits kosningabærra íbúa hreppsins um þær leiðir, sem þá koma til greina. Skal sú atkvæðagreiðsla fara fram í samræmi við lög um sveitarstjórnarkosningar, en efnt til almenns borgarafundar til umræðna um málið að tilhlutan hreppsnefndar, áður en atkvæðagreiðsla fer fram."

Sveinn Einarsson óskaði, að till. yrði borin upp í þrennu lagi, og var það gert, 1. hluti till. samþ. með 3:1 atkv. (Sv. E. sat hjá), 2. tölul. samþ. með 3:2 atkv. (Sv. E. og H. J.), 3. tölul. samþ. með 4:1 atkv. (H. J.).

H. J. óskaði bókað, að hann teldi gerræði að taka ekki við brtt. við tillöguna. Oddviti lýsti yfir út af þessu, að engar brtt. hefðu komið fram, áður en umr. var lokið. Sv. E. óskaði bókunar, en gerði ekki grein fyrir ósk sinni.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið.

Undirskriftir.

III.

Bréf oddvita Kópavogshrepps til félagsmálaráðuneytis og dómsmálaráðuneytis.

Marbakka, 10. marz 1955.

Á fundi hreppsnefndar Kópavogshrepps í gær, 9. marz, var samþykkt meðfylgjandi ályktun, sem ég leyfi mér að senda hinu háa ráðuneyti með tilvísun til 1. liðs ályktunarinnar, þar sem hreppsnefndin bendir eindregið á þá leið, til þess að leysa úr vandkvæðum núverandi sýslumannsembættis fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu, að stofnað verði sérstakt sýslumannsembætti fyrir Kjósarsýslu, en tillaga um þá skipan borin undir sýslunefnd Kjósarsýslu og sveitarstjórnir í sýslunni til álita og umsagnar, eins fljótt og við verður komið.

Þessa ályktun hreppsnefndarinnar leyfi ég mér að tilkynna hinu háa ráðuneyti.

Virðingarfyllst,

F. R. Valdimarsson.

Svör bárust ekki frá ráðuneytunum.

IV.

Útskrift úr fundargerðabók hreppsnefndar Kópavogshrepps.

Árið 1955, fimmtudaginn 17. marz, kl. 5 síðd., kom hreppsnefndin saman á fund að Marbakka.

Mættir voru allir hreppsnefndarmenn.

Þetta var tekið fyrir:

.....

2. Oddviti las upp bréf, sem honum hafði borizt 16. þ. m., f. h. hreppsnefndarmeirihlutans, þar sem honum og öðrum hreppsnefndarmönnum meiri hlutans er boðin þátttaka í „borgarafundi“ um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, sem þrjú stjórnmálafélög í hreppnum boðuðu til, og fái þeir þrír til samans jafnan ræðutíma og fulltrúar hvers hinna þriggja stjórnmálafélaga. Oddviti las einnig upp bréf, sem hreppsnefndarmeirihlutinn í þessu máli (F. R. V., Ól. J. og Óskar Eggertss.) hefur sent fundarboðendum í dag, þar sem þeir neita að taka þessum kostum. Ólafur Jónsson bar fram svo hlj. till.:

„Í framhaldi af fyrri samþykkt hreppsn. um almennan borgarafund um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp samþykkir hreppsnefndin að boða til slíks borgarafundar sunnudaginn 27. marz, kl. 4 síðd. Tilhögun fundarins verði sú, að meiri og minni hluti hreppsnefndar hafi jafnan ræðutíma um málið, og komi þeir sér saman um fundarstjóra og fundarsköp, enda sé kjósendum veittur ríflegur tími til umræðna um málið.“

Till. samþ. með þrem samhlj. atkv.

Jósafat Líndal tjáði sig samþykkan því að halda fundinn á þessum tíma, en tekur ekki afstöðu til annarra atriða till.

H. J. kvaðst mundu mæta á fundinn að forfallalausu, en telur hann ekki rýra gildi þessa fundar, sem auglýstur hefur verið.

.....

Undirskriftir.

V.

Bréf varðandi fund þriggja stjórnmálaflokka um málið föstudaginn 18. marz 1955.

Ódagsett.

Stjórnmálafélög lýðræðisflokkanna þriggja, Alþýðuflokksins, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, í Kópavogi hafa ákveðið að efna til borgarafundar í barnaskólahúsinu á Digraneshálsi næstkomandi föstudagskvöld, kl. 20.00.

Umræðuefni: Kaupstaðarrréttindi fyrir Kópavogshrepp.

Fyrir hönd fyrrnefndra stjórnmálaflokka bjóðum vér undirritaðir yður, herra oddviti, ásamt núverandi meiri hluta hreppsnefndar Kópavogs, á fund þennan. Á fundinum munuð þér og aðrir fulltrúar hreppsnefndarmeirihlutans fá til samans jafnan ræðutíma og fulltrúar hvers hinna þriggja stjórnmálafélaga, sem til fundarins boða. Á fundinum verða enn fremur frjálsar umræður.

Á borgarafund þennan bjóðum vér jafnframt hinum þremur þingfulltrúum kjördæmisins og félagsmálaráðherra, og fáið þér, herra oddviti, sem alþingismaður sérstakan ræðutíma til jafns við aðra þessa boðsgesti.

Vér munum enn fremur fara þess á leit við skrifstofustjórann í félagsmálaráðuneytinu, að hann mæti á fundinum og svari fyrirspurnum varðandi dagskrármálið, sem til hans kann að verða beint af fundarmönnum.

Virðingarfyllst,

f. h. Fulltrúaráðs Alþýðuflokksfélaganna í Kópavogi,
Magnús Sigurjónsson.

f. h. Framsóknarfélags Kópavogs,
Þorvarður Árnason.

f. h. Fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksfélaganna í Kópavogi,
Sv. S. Einarsson.

Til oddvita Kópavogshrepps
Kópavogi.

VI.

16. marz 1955.

Okkur undirrituðum hreppsnefndarmönnum hefur borizt boð yðar um þátttöku í fundi, sem þér nefnið „borgarafund“ um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, þar sem okkur þremur sem meiri hluta hreppsnefndar er boðið að „fá til samans jafnan ræðutíma og fulltrúar hvers hinna þriggja stjórnmálafélaga, sem til fundarins boða“, þannig að við þrír, meiri hluti hreppsnefndar, fengjum aðeins ¼ af þeim ræðutíma, sem ætlaður er til framsögu í málinu, en naumast meira en ⅒ af öllum fundartímanum.

Þessum kostum hinna „þriggja lýðræðisflokka“ viljum við ekki taka.

Hreppsnefnd Kópavogshrepps hefur samþykkt að efna til almenns borgarafundar um þetta mál, áður en það verði lagt undir atkvæði allra kosningabærra íbúa hreppsins. Teljum við sjálfsagt, að þeim borgarafundi verði hagað svo, að meiri hluta og minni hluta hreppsnefndar í þessu máli verði veittur jafn ræðutími og komi þeir sér saman um fundarstjóra og fundarsköp, enda verði kjósendum veittur ríflegur tími til umræðna um málið. Að sjálfsögðu verði fundurinn eingöngu fyrir hreppsbúa.

Þá teljum við ófært að halda slíkan fund á virkum degi.

Erum við til viðræðna um þetta mál við minni hluta hreppsnefndar, og verður ákvörðun um boðun slíks fundar tekin á hreppsnefndarfundi.

Finnbogi Rútur Valdimarsson. Óskar Eggertsson. Ólafur Jónsson.

VII.

Til fundarstjóra á fundi þriggja stjórnmálaflokka í Kópavogshreppi 18. marz 1955.

Mér hefur sem alþingismanni verið boðið að mæta á fundi þeim, sem haldinn er í kvöld um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp.

Um leið og ég þakka boðið, óska ég að skýra fundinum frá því, hvers vegna ég sé ekki ástæðu til að taka því, og bið yður því að lesa bréf mitt fyrir fundamönnum.

Það mál, sem rætt verður á fundinum, kom fyrst fram fyrir tæpum þremur vikum og var þá borið fram af forustumönnum þeirra þriggja stjórnmálaflokka hér í hreppnum, sem boða til fundarins í kvöld. Mér er kunnugt um rök þeirra fyrir því, að það sé nú mesta hagsmunamál hreppsins, að honum sé breytt í kaupstað með lagasetningu. Þykir mér þetta seint séð hjá þeim, svo rækilega sem hagsmunamál hreppsins hafa verið rædd í margendurteknum sveitarstjórnarkosningum. Ég hef tekið afstöðu til þessarar tillögu sem hreppsnefndarmaður og sýslunefndarmaður, í báðum nefndum á sama veg.

Sem alþingismaður hef ég hins vegar ekki tekið afstöðu til málsins. Hefur enginn séð ástæðu til að flytja það inn á Alþingi, enn sem komið er, enda varla ástæða til, þar sem meiri hluti sveitarstjórnar og sýslunefnd hafa lýst sig andvíg því, eins og á stendur.

En á meðan ekki er kominn fram „óumdeilanlegur vilji meiri hluta kosningabærra íbúa hreppsins“ um kaupstaðarréttindi fyrir hann, eins og sýslunefnd hefur kveðið að orði, tel ég, að alþingismenn geti að skaðlausu látið málið afskiptalaust á málfundum hér í hreppnum, a. m. k. þeir, sem hvorki eru borgarar hér í hreppnum né búsettir í sýslunni.

Nú hefur mér sem hreppsnefndarmanni verið boðinn 5 mínútna ræðutími á fundinum í kvöld. Því boði hef ég hafnað ásamt tveimur meðnefndarmönnum mínum, og tel ég víst, að bréf okkar um það verði kynnt fundarmönnum af fundarboðendum. Þar sem fundarboðendur virðast ekki vilja veita okkur hreppsnefndarmönnum, sem höfum fjallað um málið, sæmilegt málfrelsi á fundinum, en ég sé ekki

ástæðu til að ræða málið sem alþingismaður á núverandi stigi þess, mun ég ekki mæta á fundinum, en bið yður, hr. fundarstjóri, að flytja honum þessa orðsendingu mína um ástæður til þess.

Virðingarfyllst,

F. R. Valdimarsson.

VIII.

Útskrift úr fundargerðabók hreppsnefndar Kópavogshrepps.

Árið 1955, 21. marz, kl. 5 síðdegis, kom hreppsnefndin saman á fund að Marbakka. Mættir voru allir aðalmenn, nema Jósafat Líndal. Í hans stað var mættur Baldur Jónsson, 5. varamaður af lista Sjálfstæðisflokksins. Þetta var tekið fyrir:

1. Kaupstaðarmálið.

Oddviti lagði fram af hálfu hreppsnefndarmeirihlutans (F. R. V., Ól. J. og Ó. E.) svo hljóðandi till. til ályktunar:

„Í framhaldi af fyrri samþ. hreppsnefndarinnar um, að leitað verið álits kosningabærra íbúa hreppsins út af fram komnum kröfum um, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað nú þegar með lögum, og með tilvísun til álits sýslunefndar í því máli, ályktar hreppsnefndin að láta fara fram almenna, leynilega atkvæðagreiðslu um málið og verði jafnframt leitað álits kjósenda um það, hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ.

Skal atkvæðagreiðslan fara fram skv. gildandi kjörskrá til sveitarstjórnarkosninga og í samræmi við lög um sveitarstjórnarkosningar.

Atkvæðagreiðslan fari fram sunnudaginn 24. apríl n. k., en frestir, sbr. 15. gr. l. um sveitarstjórnarkosningar, styttir þannig, að kjörskrá verði lögð fram föstudaginn 25. þ. m., kærur út af kjörskrá komnar fram fyrir laugardag 9. apríl og úrskurðaðar eigi síðar en 16. apríl."

Baldur Jónsson og Hannes Jónsson lögðu fram svo hljóðandi till. til rökstuddrar dagskrár:

„Með því að nú þegar liggur fyrir áskorun til Alþingis frá um 750 atkvæðisbærum íbúum Kópavogshrepps um, að hreppurinn verði á yfirstandandi Alþingi gerður að sérstöku lögsagnarumdæmi með kaupstaðarréttindum, og þar sem þessi fjöldi er yfirgnæfandi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa hreppsins og þar með fullnægt skilyrðum þeim, sem sett voru fram í samþykkt sýslunefndar Kjósarsýslu um þetta mál þann 7. þ. m., þá ályktar hreppsnefnd að vísa frá fram kominni tillögu oddvita o. fl. um frekari atkvæðagreiðslu, þar sem það yrði aðeins til þess að tefja málið og gengi í berhögg við vilja meiri hluta kjósenda, sem óska, að breytingin verði gerð á yfirstandandi Alþingi. Mælir hreppsnefnd nú, með tilliti til vilja meiri hluta atkvæðisbærra íbúa í hreppnum, með því, að Kópavogur verði gerður að sérstöku lögsagnarumdæmi með kaupstaðarréttindum."

Að loknum umræðum um tillögurnar fór fram atkvæðagreiðsla um þær. Var frávísunartillaga Baldurs Jónssonar og Hannesar Jónssonar felld með 3:2 atkv. (B. J. og H. J.). Tillaga meiri hlutans samþykkt með 3:1 atkv. (Hannes Jónsson sat hjá).

Baldur Jónsson vísar til þess rökstuðnings, sem felst í frávísunartillögu, sem greinargerð fyrir atkvæði sínu.

Hannes Jónsson kveðst ekki greiða atkvæði með tillögunni með tilvísun til rökstuðnings í frávísunartillögu.

Undirskriftir.

IX.

Borgarafundur að tilhlutan hreppsnefndar, sem ákveðinn var á fundum hreppsnefndar hinn 9. marz og 17. marz, var haldinn hinn 27. marz, kl. 4 síðdegis.

Athugasemd frá Þórði Magnússyni í dagbl. „Tíminn" 30. marz 1955.

Hr. ritstjóri.

Varðandi frásögn í blaði yðar í dag af borgarafundi í Kópavogi, sem haldinn var síðastliðinn sunnudag, langar mig að biðja yður að birta þá athugasemd frá mér, sem var fundarstjóri á fundinum, að það var vegna eindreginna tilmæla minna, að engar ályktanir eða tillögur voru lagðar fram, enda lýsti ég því yfir við fundarsetningu, að ég teldi mig ekki skuldbundinn til að bera neinar tillögur undir atkvæði, þó fram kæmu.

Ég þakka bæði meiri og minni hluta, að þeir urðu við þeim tilmælum mínum, enda bárust mér engar tillögur og atkvæðagreiðsla hefði verið illframkvæmanleg, þar sem áheyrendur voru um alla ganga, úti í bílum og í kringum húsið.

Með þökk fyrir birtinguna.

Reykjavík, 29. marz.

Þórður Magnússon.

X.

Auglýsing oddvita Kópavogshrepps um almenna, leynilega atkvæðagreiðslu um málið.

Almenn atkvæðagreiðsla kjósenda í Kópavogshreppi fer fram sunnudaginn 24. apríl n. k. Verður leitað álits kjósenda um það, hvort þeir óski, að Kópavogshreppi verði breytt í kaupstað nú þegar með lögum, og um það, hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ.

Kjörskrá verður lögð fram í skrifstofu hreppsins föstudaginn 25. marz. Kærur út af kjörskrá skulu komnar til oddvita fyrir laugardag 9. apríl.

Marbakka, 22. marz 1955,

oddviti Kópavogshrepps.

Fylgiskjal II.

1. Haus undirskriftarskjalanna.

Við undirritaðir kjósendur í Kópavogshreppi skorum hér með á hið háa Alþingi að gera núverandi Kópavogshrepp að sérstöku lögsagnarumdæmi, með fullum kaupstaðarréttindum, á þingi því, er nú situr, enda rýrir það ekki möguleika á sameiningu við Reykjavík síðar meir.

2. Bréf til borgarfógeta.

ALÞINGI, 14. apríl 1955.

Herra borgarfógeti, Reykjavík.

Vegna þess að það er umdeilt, hvort allir þeir, sem ritað hafa undir áskorunarskjal um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, séu á gildandi kjörskrá þar og þannig örugglega atkvæðisbærir menn í hreppnum, óska ég sem alþingismaður að fá undirskriftaskjalið borið saman við gildandi kjörskrá og þannig nótarialvottað, hverjir undirskrifenda séu ekki á skránni.

Þetta er mér nauðsynlegt, af því að þetta mál liggur nú fyrir þingnefnd, er ég á sæti í. Verkinu þarf að hraða svo sem föng eru á.

Kjörskráin og ljósprentun af undirskriftaskjalinu fylgja hér með.

Virðingarfyllst,

Hannibal Valdimarsson.

3. Bréf borgarfógeta.

BORGARFÓGETINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. apríl 1955.

Þér hafið, herra alþingismaður, með bréfi, dags. 14. þ. m., sent mér ljósprentuð áskorunarskjöl um kaupstaðarréttindi fyrir Kópavogshrepp, tölusett með númerunum 1—63, og auk þess 5 skjöl ótölusett, og óskið þér eftir því sem alþingismaður að fá undirskriftarskjölin borin saman við kjörskrá, sem fylgdi bréfi yðar, og notarialvottað, hverjir undirskrifendur séu ekki á skránni.

Leyfi ég mér hér með að senda yður notarialstaðfesta skrá yfir nöfn manna, sem ritað hafa undir áskorunina, en finnast ekki undir því nafni eða tilgreindu heimilisfangi á kjörskrá, staðfestri af oddvita Kópavogshrepps þann 16. þ. m.

Hin ljósprentuðu skjöl ásamt áminnstri kjörskrá endursendist hér með.

Kr. Kristjánsson.

Hr. alþingismaður Hannibal Valdimarsson, c/o Alþingi Íslands.

Bréfinu fylgdi svo hljóðandi notarialvottorð:

Það vottast hér með notarialiter eftir samanburð, að nöfn þeirra manna, sem hér eru skráð að framan, 224 að tölu, með þar tilgreindu heimilisfangi, finnast ekki í því endurriti af kjörskrá, staðfestu af oddvita Kópavogshrepps 16. þ. m., sem talin er gilda frá 24. jan. 1955 til 23. jan. 1956.

Notarius publicus í Reykjavík, 19. apríl 1955.

Ólafur A. Pálsson, ftr.

Nd. 596. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. Karl Guðjónsson.

Gylfi Þ. Gíslason. Jóhann Hafstein.

Ed. 597. Nefndarálit [96. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir því, að starfssvið sandgræðslunnar sé fært út, ekki lengur einskorðað við heftingu sandfoks og uppgræðslu foksandssvæða, heldur verði sandgræðslunni einnig falið að græða upp „sand, mel eða annað gróðurlaust land".

Frumvarpið var sent sandgræðslustjóra, og hefur hann með bréfi frá 28. marz svarað nefndinni. Bréf sandgræðslustjóra hljóðar svo:

„Að gefnu tilefni vil ég leyfa mér að skrifa hæstvirtri landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis varðandi breyting á lögum nr. 18 28. maí 1941, um sandgræðslu og heftingu sandfoks. Ég hef áður sent hæstvirtri nefnd eftirrit af bréfi mínu til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, þar sem ég var mjög hlynntur því, að fyrrnefnt frumvarp næði fram að ganga, þar sem ég tel brýna nauðsyn á, að hafizt verði handa með ræktun á þeim svæðum, svo sem melum og öðrum gróðurlausum svæðum, þótt þar eigi sér ekki stað uppblástur. En ég tel það mjög æskilegt, að Sandgræðslan hefði að minnsta kosti byrjunarframkvæmdir á slíkri ræktun.

Í þessu sambandi vil ég taka það skýrt fram, eins og hæstvirtum þingheimi mun vera ljóst, að allt það fjármagn, sem Sandgræðslan hefur haft og hefur til umráða, er ætlað til að hefta uppblásturssvæði víðs vegar úti um landið.

Þrátt fyrir aukin fjárframlög af hálfu hins opinbera á undanförnum árum til sandgræðslu, býr hún við mikinn fjárskort og það svo, að ekki hefur verið unnt að sá í uppblásturssvæðin nema að mjög litlu leyti, sökum þess að mestöllu fjármagni Sandgræðslunnar hefur verið varið í uppsetningu á nýjum girðingum og í viðhald á eldri girðingum.

Ég tel þó brýna nauðsyn á að sá í uppblásturssvæðin, sem girt hafa verið á síðustu árum og að sjálfsögðu verður sáð í, hvenær sem rýmkast um fjárhag Sandgræðslunnar.

Í sambandi við breytingu á fyrrnefndum lögum vil ég leggja áherzlu á, að Sandgræðslan hefur ekki aðstöðu vegna fjárskorts til að annast ræktun á öðrum svæðum en uppblásturssvæðum.

Ber því nauðsyn til, að Sandgræðslunni verði tryggð fjárframlög úr ríkissjóði til að hefja ræktun og uppgræðslu á gróðurlausum svæðum, þótt uppblástur eigi sér ekki stað, svo fremi sem nefnt frumvarp nær fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Páll Sveinsson."

Eins og glöggt kemur fram í bréfi sandgræðslustjóra, vantar hann fé til að geta sinnt foksandssvæðunum. Þrátt fyrir aukin fjárframlög af hálfu ríkisvaldsins eru svæði hér og þar um landið að blása upp, og hefur ekki verið mögulegt að gera þar ráðstafanir til að hefta áframhaldandi eyðingu lands og græða það upp.

Sandgræðslustjóri bendir á það, að Sandgræðslan hafi vegna fjárskorts enga aðstöðu til að annast ræktun á öðrum gróðurlausum svæðum en uppblásturssvæðum. Augljóst er því, að frumvarpið yrði gagnslaust, þótt samþykkt yrði, þar sem ekkert fé hefur verið veitt í þessu skyni, og því ekkert hægt að aðhafast, þótt frv. verði gert að lögum.

Þess ber enn að gæta, að tiltölulega er ódýrara að rækta þurr, gróðurlaus svæði, þótt áburðarfrek séu, en seigar mýrar og annað votlendi.

Að þessu athuguðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem sýnilegt er, að Sandgræðslan getur sakir fjárskorts ekki annast til fulls þau verkefni, sem hún þegar hefur, er ljóst, að samþykkt þessa frumvarps mundi ekki ná tilgangi sínum um ræktun lands, og tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Andrés Eyjólfsson. F. R. Valdimarsson.

Ed. 598. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt málið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt.

Helztu breytingar frá núgildandi lögum eru þessar:

1. Héraðsráðunautum í jarðrækt er fjölgað úr 12 í 15 og laun þeirra greidd að helmingi úr ríkissjóði í stað ⅖ nú.
2. Ríkissjóður hefur greitt 50% kostnaðar við rekstur skurðgrafanna, þegar þær vinna að skurðagerð til uppþurrkunar túna, engja eða haglendis, en nú er lagt til, að ríkissjóður greiði 65%.
3. Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar var áður styrkt með 200 kr. grunnstyrk á hvern hektara og jafnt á alla nýrækt. Nú er ræktunarlandinu skipt í tvennt: sandlendi, og þar er grunnframlagið lækkað úr 200 kr. í 150 kr. á hektara, en á öðru ræktunarlandi er framlagið óbreytt, 200 kr. á hektara.
4. Áður gat enginn fengið framlag úr ríkissjóði á meira grjótnám úr ræktunarlandi en 50 rúmmetra á ári, og þá 2 kr. á rúmmetrann. Nú er lagt til að breyta þessu, taka 50 rúmmetra hámarkið úr lögunum og hækka ríkisframlagið í 4 kr. á rúmmetra grjóts. Þetta ákvæði gildir þó ekki þar, sem grjótið er seljanlegt, eins og er í ýmsum kaupstöðum og sjávarþorpum.
5. Framlagi á garðávaxtageymslur, sem bætt var í lögin 1952, er haldið óbreyttu á steyptar, varanlegar geymslur, en fellt niður á geymslum byggðum úr torfi, enda hefur mjög lítið verið gert af þeim og skiptir því litlu fyrir heildina.
6. Lagt er til, að ríkið greiði framlag á súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður og sé það 5 kr. á hvern fermetra í gólffleti hlöðunnar. Þetta atriði er nýtt. Öllum ber saman um nauðsyn þess, að sem flestir komi súgþurrkun í hlöður sínar. Þeir, sem það hafa gert, geta ekki nógsamlega lofað þá heyverkunaraðferð. Til þess þarf mótor og blásara og svo timburútbúnað (grindur, stokka) í hlöðugólfið, þar sem loftinu, sem ætlað er að fara jafnt upp í gegnum allt heystæði hlöðunnar, er blásið inn í (stokkana) eða undir (grindurnar). Framlag ríkissjóðs er miðað við það, að það sé sem næst hálfvirði timbursins, er þarf í gólfið, miðað við núverandi timburverð, og verður þá bóndinn að framkvæma verkið, greiða hinn helming timbursins, kosta blásara, mótorinn og annað, sem til súgþurrkunar þarf. Þetta framlag er því fremur örvun til manna en fjárstuðningur, þar sem um 2—3 þús. kr. getur verið að ræða í hlöðu, sem kostar með mótor og blásara um 150 þús. kr. eða meir.
7. Lagt er til, að á allt framlag ríkissjóðs til jarðræktarframkvæmda og húsabóta *eftir lögunum verði greitt 15% álag.*

8. Nú er ákveðið, að af öllu framlagi ríkissjóðs renni 5% til sameiginlegra þarfa búnaðarfélagsins í þeim hreppi, sem jarðabótin er unnin í. Þetta helzt óbreytt að öðru leyti en því, að það er lækkað í 3% af framlaginu til vélgröfnu skurðanna.
9. Tvö mikilsverð ákvæði eru sett til bráðabirgða. Þau eru:
   a. Að framlag ríkissjóðs til handgrafinna skurða hækki úr 1 kr. á rúmmetra í 3 kr. á þeim stöðum, þar sem ekki er talið gerlegt, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að koma við skurðgröfu vegna flutningaerfiðleika eða af öðrum ástæðum. Með þessu framlagi eiga duglegir menn að geta haft upp verkamannakaup með því að gera skurði á jörð sinni og undirbúa þannig ræktun hennar og ættu því ekki að þurfa haust og vor að fara í atvinnuleit af bæ.
   b. Þar sem tún eru minni en 10 ha, en það er nú á nálægt 4 þúsund jörðum, er gert ráð fyrir, að grunnframlag ríkisins hækki úr 300 kr. í 350 kr. á hektara, þar til túnið er orðið 10 ha að stærð.
10. Túnþýfisstyrkurinn, sem áður var veittur til að flýta fyrir, að þýfið hyrfi úr túnunum, er nú ekki framlengdur og fellur því niður, enda ætti túnþýfið alls staðar að vera horfið.

Þó að einstakir nefndarmenn hefðu kosið, að framlag ríkissjóðs til einstakra framkvæmda væri hærra en hér er lagt til í frumvarpinu, hafa þeir allir orðið sammála um að leggja til, að frumvarpið yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Andrés Eyjólfsson. F. R. Valdimarsson.

Nd. 599. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og mælir með því einróma, að það verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

KGuðj og GÞG taka fram, að þeir telji óeðlilegt, að frumvarp um lagaheimild til handa ríkisstjórninni vegna kaupa á togaranum Vilborgu Herjólfsdóttur kemur ekki fram fyrr en löngu eftir að kaupin hafa farið fram.

Þá telja þeir það og ámælisverð vinnubrögð af hálfu ríkisstjórnarinnar að framkvæma kaup og sölu á stórvirku framleiðslutæki þannig, að vegna kaupanna einna þurfi framleiðsla þess að stöðvast um margra mánaða skeið. En skip það, er hér um ræðir, lá aðgerðalaust hátt á fjórða mánuð, þótt það væri í fullu lagi til veiða og ekkert tefði það nema eigendaskiptin.

Út af athugasemd KGuðj og GÞG vilja þeir JPálm, SkG og JóhH benda á, að undirbúningur félagsstofnunar með þátttöku manna í þremur kaupstöðum á Norðurlandi til kaupa á togaranum tók alllangan tíma og ekki var unnt að hefja rekstur togarans frá hinum nýju útgerðarstöðum, fyrr en útgerðarfélagið hafði verið stofnað.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Jóhann Hafstein.
Karl Guðjónsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. 600. Frumvarp til laga [167. mál]

um samræmingu á mati fasteigna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Á árinu 1955 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins og 2 til vara. Fjármálaráðherra tilnefnir þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einnig tilnefnir ráðherra varaformann.

3. gr.

Til viðbótar gildandi fasteignamati skal meta allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því matið fór fram. Einnig skal meta öll hús og mannvirki, sem reist hafa verið frá 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.

Öll þessi mannvirki skulu metin eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat.

4. gr.

Skattstjórar og yfirskattanefndir skulu ásamt undirskattanefndum vera landsnefndinni til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta í té þær upplýsingar og tillögur, sem landsnefndin telur nauðsynlegar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal láta landsnefnd í té skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1954. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign.

6. gr.

Þegar búið er að meta umbætur, sem gerðar hafa verið frá því aðalmat fór fram, sbr. 3. gr., skal landsnefnd flokka allar fasteignir. Flokkunin miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400% eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Þegar landsnefndin hefur endurskoðað fasteignamatið samkvæmt 6. gr., skal nefndin senda skattanefndum til umsagnar afrit af fasteignamatinu í hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfélagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er nefndin hefur fylgt í störfum sínum. Á sama hátt skal nefndin senda yfirskattanefndum afrit af fasteignamatinu í umdæmi þeirra.

Landsnefndin setur undir- og yfirskattanefndum frest um það, hvenær þær skuli hafa skilað svörum til landsnefndarinnar.

Landsnefndin skal því næst, að fengnum athugasemdum og tillögum skattanefndanna, taka fasteignamatið til endanlegrar afgreiðslu.

8. gr.

Þegar endurskoðun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðherra gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna. Skal sú skrá send ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum, oddvitum, bæjarstjórum og skattstjórum.

Fjármálaráðherra ákveður hvenær hið nýja mat gengur í gildi.

9. gr.

Kostnað allan við endurskoðun fasteignamatsins greiðir ríkissjóður eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.

10. gr.

Þegar nýtt fasteignamat samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal ríkisstjórnin láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo og lögum nr. 66/1921, um fasteignaskatt, og miðist endurskoðunin við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.

Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr. 29 frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til, er miðist við það, að þessi gjöld hækki ekki almennt umfram það, er af flokkun fasteigna kann að leiða.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 601. Frumvarp til laga [3. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arge, Anton Sofus, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. nóvember 1900 í Færeyjum.
2. Bakker, Agnes Dominica, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 16. apríl 1899 í Hollandi.
3. Ballering, Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 30. marz 1903 í Hollandi.
4. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
5. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
6. Beth, Hans Jürgen Hermann, húsgagnasmiður í Borgarfirði, fæddur 13. apríl 1930 í Þýzkalandi.
7. Christoffersen, Hans Peter, byggingaverkamaður á Akureyri, fæddur 11. febrúar 1897 í Danmörku.
8. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
9. Doretz, Günther Wolfgang Hermann, vinnupiltur að Miðfelli í Hrunamannahreppi, fæddur 13. september 1939 í Þýzkalandi.
10. Einar Guðmundur Vestmann Einarsson, járnsmiður á Akranesi, fæddur 4. júní 1918 í Kanada.

11. van Fulpen, Maria Agnes Henrika Mathilda Antonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 13. júní 1924 í Hollandi.
12. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
13. Guðrún Ólafsdóttir, Reykjavík, fædd 31. júlí 1879 á Íslandi.
14. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
15. Hansen, Leif Bernstorff, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1921 í Danmörku.
16. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
17. Haslund, Leifur Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. marz 1934 í Danmörku.
18. Haslund, Otto Örn Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. maí 1935 í Danmörku.
19. Helgi Nikulás Vestmann Einarsson, lögregluþjónn á Akranesi, fæddur 12. júní 1915 í Kanada.
20. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
21. Holz, Christa Ella, húsmóðir í Reykjavík, fædd 18. júní 1929 í Þýzkalandi.
22. Jacobsen, Betzy Elking Adelaide Frederikke, húsmóðir í Reykjavík, fædd 25. maí 1928 í Færeyjum.
23. Jacobsen, Tröndur, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Færeyjum.
24. Jensen, Bjarne Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 5. apríl 1936 í Danmörku.
25. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
26. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. janúar 1919 í Noregi.
27. Kári Guðjónsson, sjómaður, Reykjavík, fæddur 3. október 1927 í Noregi.
28. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn, Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
29. Knippen, Maria Elia Appollonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 29. júní 1916 í Hollandi.
30. Kolsö, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
31. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
32. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
33. Kuhn, Dietrich, námsmaður, Reykjavík, fæddur 4. ágúst 1934 í Þýzkalandi.
34. Lambrechts, Fridtjof Johannes, sjómaður, Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
35. Lorenzen, Lorenz, bústjóri í Skálatúni í Mosfellssveit, fæddur 18. desember 1919 í Þýzkalandi.
36. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
37. May, Hans Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi.
38. van der Meer, Josefa Jacoba Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 27. janúar 1912 í Hollandi.
39. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
40. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
41. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
42. Niclasen, Lydia Oluffa, húsmóðir í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
43. Nielsen, Niels Sofus Georg, verkamaður í Borgarfjarðarhreppi, fæddur 16. febrúar 1926 í Færeyjum.

44. Petersen, Adolf Björn, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. nóvember 1894 á Íslandi.
45. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
46. Petty, Walter Raymond, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 6. marz 1919 í Englandi.
47. van der Poel, Bernadotte Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 4. júlí 1905 í Hollandi.
48. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
49. Ransÿn, Maria Magdalena Catharina, Petronella, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 24. janúar 1906 í Hollandi.
50. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
51. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður, Hofsósi, fæddur 20. september 1919 í Færeyjum.
52. Thorberg, Flemming, sjómaður, Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
53. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.
54. Wesseling, Miriam Wilhelmina Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 22. október 1913 í Hollandi.
55. Wind, Arne Kristian Marius, landbúnaðarverkamaður að Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fæddur 19. nóvember 1921 í Danmörku.
56. Wind, Else Ketty, húsmóðir, Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fædd 24. janúar 1915 í Danmörku.
57. de Zeeuw, Margarethe, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 31. janúar 1927 í Hollandi.

2. gr.

Þeir sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 602. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist í réttri stafrófsröð nýir liðir, svo hljóðandi:

1. Kissmann, Dorothea, húsmóðir í Hörgsdal á Síðu, fædd 24. júní 1926 í Þýzkalandi.
2. Meckle, Olga, húsmóðir á Reynivöllum í Austur-Skaftafellssýslu, fædd 5. júlí 1925 í Þýzkalandi.

Nd. 603. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Gunnari Gíslasyni og Steingrími Steinþórssyni.

Við 1. gr. Við greinina bætist í stafrófsröð:
Simmroth, Karl Helmut, bifvélavirki á Sauðárkróki, fæddur 27. apríl 1929 í Þýzkalandi.

Nd. 604. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá samgöngumálanefnd.

1. gr.

Fyrir orðin „og hreppsvegir“ í 1. gr. laganna komi: hreppsvegir og nýbýlavegir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:
Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.


1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur, um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.
2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis og að Stafnesi.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
4. *Miðnesheiðarvegur:* Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
5. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
6. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
7. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
8. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
9. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
10. *Elliðavatnsvegur:* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
11. *Krýsuvíkur- og Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
12. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
13. *Reykjavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði í Ölfusi að Reykjaskóla.
14. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Geysi að Gullfossi.
15. *Tjarnarvegur:* Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Tjörn.
16. **Reykjavegur:** Af Tjarnarvegi um Syðri-Reyki og Efri-Reyki á Laugardalsveg.

17. *Bræðratunguvegur:* Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
18. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
19. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
20. **Sólheimavegur:** Af Biskupstungnabraut austan við Svínavatn að Sólheimum.
21. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
22. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns, hjá Úlfljótsvatni á Sogsveg vestan Sogs nálægt Alviðru, með álmu yfir Írafossbrú á Sogsveg hjá Syðri-Brú.
23. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
24. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
25. *Skeiða- og Hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
26. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi austan Laxárbrúar að Auðsholti.
27. **Langholtsvegur:** Af Auðsholtsvegi vestan við Langholtsfjall um væntanlega brú á Litlu-Laxá á Hreppaveg vestan Kirkjuskarðs, með álmu um Flúðir á Hreppaveg.
28. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
29. *Gnúpverjavegur:* Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
30. *Skálholtsvegur:* Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.
31. *Villingaholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla að Gaulverjabæjarvegi.
32. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
33. *Hamarsvegur:* Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
34. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
35. *Kaldaðarnesvegur:* Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
36. **Ás- og Háfshverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás, Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.
37. **Hamravegur:** Af Suðurlandsbraut vestan við Steinslæk að Hamrahóli.
38. *Vetleifsholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
39. *Heiðarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Hárlaugsstaði um Heiði, Kamb og Raftholt að Hreiðri.
40. *Landvegur:* Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land, hjá Múla að Galtalæk.
41. *Hagabraut:* Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
42. *Þykkvabæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ, með álmu að Bala.
43. *Árbæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
44. **Gunnarsholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi á Rangársandi um Gunnarsholt að Næfurholti.
45. **Rangárvallavegur efri:** Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár um Stóra-Hof, Reyðarvatn og Geldingalæk að Kaldbak.


46. **Móeiðarhvolsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Djúpadals að Móeiðarhvoli.
47. *Bakkabæjavegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
48. *Út-Landeyjavegur:* Af Bakkavegi nálægt Fróðholti um Eystri-Hól að Ytra-hóli, með álmu að Skúmsstöðum.
49. *Landeyjavegur syðri:* Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Vorsabæ.
50. *Oddavegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda, með álmu að Oddhóli.
51. *Hólmavegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
52. *Fljótshlíðarvegur:* Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot að Barkarstöðum.
53. *Vallarvegur:* Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
54. *Merkurvegur:* Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
55. *Sandhólmavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri, ofan við Lambhúshól á Suðurlandsveg hjá Hvammi.
56. **Skálavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Hvammi um Skálabæi á Suðurlandsveg hjá Holti.
57. *Skógaskólavegur:* Af Suðurlandsvegi austan Skógaár að Skógaskóla.
58. *Dyrhólavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
59. *Reynishverfisvegur:* Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
60. **Heiðardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi norðan við Reynisfjall um Rofamýri að Litlu-Heiði.
61. *Mýrdalsvegur syðri:* Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand á Álftaversveg nálægt Hraunbæ.
62. *Álftaversvegur:* Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi, um Þykkvabæjarklaustur, um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg nálægt Holti.
63. *Búlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
64. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi, um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
65. *Holtsvegur á Síðu:* Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti.
66. *Kirkjubæjarklaustursvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
67. **Prestbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Geirlandsá um Prestbakka að Mörtungu.
68. *Inn-Nesja- og Mýravegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey, með álmu yfir Hornafjarðarfljót ytra undan Bjarnanesi, og á Mýraveg.
69. *Hornsvegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.
70. *Bæjarvegur í Lóni:* Af Suðurlandsvegi hjá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Reyðará.
71. **Hvalnesvegur í Lóni:** Af Suðurlandsvegi hjá Svínhólum að Hvalnesi.
72. *Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:* Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

VEGIR á ÍSLANDI

	1937			1954		
	km. alls	akfært	ekki akfært	km. alls	akfært	ekki akfært
I Þjóðvegir	4480.5	3322.6	1157.9	7343.0	6493.5	849.5
II Sýsluvegir	2331.0	1154.6	1176.4	2389.4	1689.4	700.0
III Hreppavegir	vantar upplýsingar			1361.7	804.9	556.8
Samtals km.	6811.5	4477.2	2334.3	11094.1	8987.8	2106.3



Fylgiskjal IV.


VEGAMÁLASTJÓRNIN
Skagafjarðarsýsla
Eyjafjarðarsýsla
Suður-Þingeyjarsýsla
Norður-Þingeyjarsýsla
Norður-Múlasýsla
Suður-Múlasýsla
Austur-Skaftafellss
Vestur-Skaftafellssýsla
Rangarvallasýsla
Árnessýsla
Vestmannaeyjar
'37 '54

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufuá, um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðaheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. **Heiðmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi að Heiðmerkurhliði.
3. *Keldnavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
4. **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
5. **Gufunesvegur:** Af Vesturlandsvegi nálægt Grafarholti að Gufunesi.
6. *Reykjavegur:* Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi, með álmu að Reykjalundi.
7. *Kjalarnesvegur innri:* Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallaveg hjá Seljabrekku.
8. *Eyrarfjallsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
9. *Kjósarskarðsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
10. *Reynivallavegur:* Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.
11. **Draghálsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
12. **Skorradalsvegur:** Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum, norðan Skorradalsvatns um Fitjárbrú, og út sunnan vatnsins á Draghálsveg hjá Stóru-Drageyri.
13. *Leirársveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá, yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
14. *Svínadalsvegur:* Af Leirársveitarvegi hjá Hóli norðan Laxár, hjá Eyri á Draghálsveg gegnt Geitabergi.
15. *Akranesvegur:* Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
16. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
17. *Melasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.
18. *Mófellsstaðavegur:* Af Vesturlandsvegi innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði á Draghálsveg hjá Vatnsósnum.
19. *Lundarreykjadalsvegur:* Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjarveg gegnt Gilstreymi.
20. *Skálpastaðavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði og Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.
21. *Bæjarsveitarvegur:* Af Skorradalsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, hjá Kleppjárnsreykjum á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal, með álmum að Þingnesi og að flugvelli á Kálfanesmelum.
22. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, inn Flókadal, hjá Skógum, um brú á Geirsá, á Bæjarsveitarveg hjá Litla-Kroppi.

23. *Reykdælavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Kleppjárnsreykjum inn Reykholtsdal, yfir Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, að Giljum, með álmu frá Steindórsstöðum að Auðsstöðum.
24. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufuár.
25. *Ferjubakkavegur:* Af Borgarnesbraut hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Vesturlandsveg vestan við brú á Ferjukotssíki.
26. *Borgarfjarðarbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur, yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
27. *Varmalandsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Einifelli, með álmu að Varmalandsskólum.
28. *Stafholtsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.
29. *Þverárhlíðarvegur:* Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt, Arnbjargarlæk og Norðtungu á Borgarfjarðarbraut norðan Kláffoss, með álmu hjá Högnastöðum að Hermundarstöðum.
30. *Hvítársíðuvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Hvítársíðu, Hvítársíðukrók og hjá Kalmanstungu á Borgarfjarðarbraut fyrir innan Húsafell, með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
31. **Glitstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Grábrók um væntanlega brú á Norðurá að Glitstöðum.
32. **Króksvegur:** Af Norðurlandsvegi nálægt Króki að Hákotsstöðum.
33. **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi fyrir ofan Galtarholt að Valbjarnarvöllum.
34. *Álftaneshreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólmsvatns um Vogalæk að Álftárósi.
35. **Álftanesvegur:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
36. *Grímsstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
37. *Hraunhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði, Laxárholt, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.
38. **Sauravegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftás, um Saura, Miklholt og Hamra á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
39. **Þverholtavegur:** Af Álftaneshreppsvegi austan Álftár, um Þverholt á Hraunhreppsveg austan brúar á Álftá hjá Hrafnkelsstöðum.
40. **Staðarhraunsvegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftás að Staðarhrauni.
41. **Skógavegur:** Af Stykkishólmsvegi nálægt Brúarhrauni að Skógum.
42. *Hnappadalsvegur:* Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal á Skógarstrandarveg nálægt Bildhóli, með álmu að Hallkelsstaðahlíð.
43. *Stykkishólmsvegur:* Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
44. *Kolviðarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðubergslæk í Eyjahreppi að Kolviðarnesi.
45. *Hítarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Hítarnesi.
46. *Skógarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóru-Þúfu, hjá Miklholti og Ytra-Skógarnesi að Syðra-Skógarnesi.
47. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða að Stakkhamri.

48. **Krossavegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Leirskál um Gaul að Krossum, með álmu að Melkoti.
49. **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Slitvindastöðum.
50. *Lýsuhólsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan við Vatnsholtsá.
51. *Ólafsvíkurvegur:* Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
52. *Útnesvegur:* Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
53. *Búðavegur:* Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
54. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
55. *Rifsvegur:* Af Hellissandsvegi að Rifi.
56. *Hellissandsvegur:* Frá Ólafsvík til Hellissands.
57. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness, utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
58. *Framsveitarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði út fyrir Eyrarfjall, um Setberg og á Eyrarsveitarveg nálægt Vindási.
59. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi til Bjarnarhafnar, með álmu að Seljum.
60. *Helgafellssveitarvegur:* Af Stykkishólmsvegi nálægt Grishól í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
61. **Borgalandsvegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Tíðaási að Þingvöllum.
62. *Skógarstrandarvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit, um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
63. **Langadalsvegur:** Af Skógarstrandarvegi austan Setbergsár að Litla-Langadal.
64. *Miðdalavegur:* Frá Vesturlandsvegi vestan Tunguár, hjá Kvennabrekku og Svalbarði á Vesturlandsveg hjá Fellsenda.
65. *Haukadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú, um Haukadal inn á móts við Kross.
66. *Hörðudalsvegur:* Af Skógarstrandarvegi um Hörðudal, hjá Hlíð að Fremri-Vífilsdal.
67. *Laxárdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði á Strandaveg utan Borðeyrar.
68. **Sælingsdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan við Leysingjastaði að Sælingsdal, með álmu að Laugum.
69. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell á Vesturlandsveg í Saurbæ, með álmu að Skarðsstöð.
70. *Efribyggðarvegur:* Af Klofningsvegi hjá Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
71. *Salthólmavíkurvegur:* Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
72. *Staðarhólsvegur:* Af Skarðsstrandarvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ, um Staðarhól að Hvammsdal.
73. *Hjarðarholtsvegur:* Af Vesturlandsvegi innan Búðardals að Hjarðarholti.
74. *Króksfjarðarnesvegur:* Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Krósfjarðarnesi.
75. *Gautsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.

76. *Reykhólasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla og Stað að Laugalandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum, um Hofstaði að Hlíð.
77. *Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
78. *Bæjarnes- og Svínanesvegur:* Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi, um Kvígindisfjörð og Kirkjuból að Bæ, með álmu vestan Kvígindisfjarðar að Svínanesi.
79. *Fjarðarhliðarvegur:* Af Barðastrandarvegi við Vattarfjörð að Firði og þaðan að Skálmarnesmúla.
80. *Litlanesvegur:* Af Barðastrandarvegi á Eiði, fyrir Mjóafjörð að Litlanesi.
81. *Steinadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
82. *Strandavegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikluháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur, um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðaheiði.
83. *Kaldrananesvegur:* Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.
84. *Reykjarfjarðarvegur:* Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði, um Árnes, um Eyri í Ingólfsfirði til Ófeigsfjarðar, með álmu frá Melum til Norðurfjarðar.
85. *Gjögurvegur:* Frá Árnesi að Gjögri í Reykjarfirði.
86. *Selstrandarvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd, um Drangsnes og Bæ til Kaldrananess.
87. *Ármúlavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
88. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Sandeyri.
89. *Ögurvegur:* Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall, meðfram Mjóafirði, um Ögur að Hjöllum í Skötufirði.
90. *Vatnsfjarðarvegur:* Af Ögurvegi hjá Eyri norðan Ísafjarðar um Vatnsfjörð og Skálavík á Ögurveg hjá Botni í Mjóafirði, með álmum að Þúfum og til Reykjaness.
91. *Jökulfjarðavegur:* Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Dynjanda.
92. *Aðalvíkurvegur:* Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
93. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
94. *Tungudalsvegur:* Frá Seljalandsárbrú um Tungudal að Bunuá.
95. *Engidalsvegur:* Af Súðavíkurvegi við Réttarholt að rafstöð í Engidal.
96. *Ísafjarðarvegur:* Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
97. *Súðavíkurvegur:* Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
98. *Fjarðavegur:* Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn, um Seyðisfjörð, fyrir Hestfjörð og Skötufjörð að Hjöllum.
99. *Suðureyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði, um Botnsheiði, út með Súgandafirði, um Suðureyri að Stað.
100. *Flateyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
101. *Hjarðardalsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
102. *Núpsvegur:* Frá Alviðruvör um Núp að vegamótum Ísafjarðarvegar hjá Gemlufalli.

103. *Ingjaldssandsvegur:* Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
104. *Dýrafjarðarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli, inn fyrir Dýrafjörð að norðan og út að sunnan til Þingeyrar.
105. *Þingeyrarvegur:* Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
106. **Arnarfjarðarvegur:** Frá Rafnseyri inn fyrir Borgarfjörð, um Mosdal og upp úr honum suður á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
107. *Haukadalsvegur:* Frá Þingeyri um Haukadal og Keldudal að Lokinhömrum.
108. *Álftamýrarvegur:* Af Þingeyrarvegi utan við Rafnseyri til Álftamýrar.
109. *Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur:* Frá Bíldudal um Hálfdán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
110. *Dalahreppsvegur:* Frá Bíldudal um Bakka að Selárdal í Dalahreppi.
111. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Suðurfirði að Reykjarfirði og þaðan um Trostansfjörð á Arnarfjarðarveg.
112. *Tálknafjarðarvegur:* Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Sellátrum.
113. **Hvammseyrarvegur:** Af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Hvammseyri.
114. *Barðastrandarvegur:* Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga og Brjánslæk, um Þingmannaheiði og Klettsháls að Kletti í Kollafirði.
115. *Rauðasandsvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.
116. *Örlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum, með álmu frá Geitagili að Gjögri.
117. **Kollsvíkurvegur:** Frá Breiðuvík um Breið og Vatnadal til Kollsvíkur.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Víðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss, um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Mývatnsheiði, Mývatnssveit og Mývatnsöræfi, um Jökulsárbrú til Grímsstaða á Fjöllum.
2. *Reykjaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.
3. *Miðfjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá nálægt Núpi.
4. **Heggstaðanesvegur:** Af Norðurlandsvegi í Miðfirði um Sanda að Bessastöðum.
5. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
6. *Vatnsnesvegur:* Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
7. **Hlíðardalsvegur:** Af Vatnsnesvegi hjá Sauðadalsá að Hlíð.
8. **Þorgrímsstaðadalsvegur:** Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn um Tungu og yfir Tunguá.
9. *Vesturhópsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.

10. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár að Húki.
11. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár, um brýr á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
12. *Austurárdalsvegur:* Af Austursíðuvegi hjá Austurárbrú að Hnausakoti.
13. **Borgarvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan Víðidalsár um Síðu og Stóru-Borg á Vesturhópsveg hjá Þorfinnsstöðum.
14. **Fitjavegur:** Af Norðurlandsvegi austan Línakradals, um Hrísa að Fremri-Fitjum.
15. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu og yfir brú á Víðidalsá.
16. *Vatnsdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir brú á Vatnsdalsá og út austan ár á Norðurlandsveg.
17. *Reykjabraut:* Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
18. *Flugvallarvegur:* Af Húnvetningabraut að flugvelli hjá Akri.
19. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi hjá Svínavatni, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
20. **Bugsvegur:** Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að Eiðsstöðum.
21. **Blöndudalsvegur:** Af Svínvetningabraut norðan Blöndubrúar að Austurhlíð.
22. *Svínadalsvegur:* Af Reykjabraut hjá Svínavatni, um Auðkúlu á Svínvetningabraut innan við Svínavatn.
23. *Svartárdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð um Bergsstaði og Hvamm að Stafnsrétt.
24. *Skagastrandarvegur:* Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík norður að sýslumörkum.
25. **Laxárdalsvegur:** Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar að Skrapatungu.
26. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur:* Af Skagastrandarvegi utan við Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
27. *Skagavegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal og Skaga að sýslumörkum.
28. *Reykjastrandarvegur:* Af Gönguskarðsvegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
29. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
30. *Sæmundarhlíðarvegur:* Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði að Sólheimum.
31. *Skagafjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð, um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
32. **Efribyggðarvegur:** Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði um Efribyggð að Skagafjarðarvegi norðan Mælifellsár.
33. **Vesturdalsvegur:** Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi að Litluhlíð í Vesturdal.
34. **Austurdalsvegur:** Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum yfir Jökulsá vestri að Bústöðum.
35. *Út-Blönduhlíðarvegur:* Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna, um Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
36. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss, með álmu inn Deildardal að Kambi.
37. *Hegranesvegur:* Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.

38. *Hólavegur:* Af Hofsósvegi hjá Miklahóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
39. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
40. **Flókadalsvegur vestri:** Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að Neskoti.
41. **Siglufjarðarvegur ytri:** Frá Siglufjarðarkaupstað fyrir Stráka, um Úlfsdali og Almenningsskriður á Siglufjarðarveg fyrir utan Hraun í Fljótum (enda leiði rannsókn, framkvæmd af vegamálastjóra skv. þingsályktun, samþ. á Alþingi 1954, í ljós, að unnt sé að leggja þar veg vegna staðhátta og án óeðlilegs kostnaðar).
42. *Flókadalsvegur eystri:* Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
43. *Ólafsfjarðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
44. **Múlavegur:** Frá Ólafsfjarðarkaupstað fyrir Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.
45. **Ólafsfjarðarvegur eystri:** Frá Ólafsfjarðarkaupstað inn undir Hól, yfir Fjarðará á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
46. *Hörgárdalsvegur innri:* Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk um Hörgárbrú hjá Púfnavöllum að Flögu.
47. *Hörgárdalsvegur ytri:* Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl að Hörgárdalsvegi innri, með álmu að Sörlatungu.
48. *Dalvíkurvegur:* Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
49. *Hauganesvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
50. *Árskógssandsvegur:* Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.
51. *Svarfaðardalsvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
52. *Hrísavegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Hrísum, um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá á Svarfaðardalsveg hjá Hreiðarsstöðum.
53. *Hjalteyrarvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
54. *Dagverðareyrarvegur:* Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri.
55. *Eyjafjarðarbraut:* Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli og álmu frá Samkomugerði inn Djúpadal að Litladal.
56. *Laugalandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarárbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
57. *Vatnsendavegur:* Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda.
58. *Svalbarðsstrandarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum, um Svalbarðsströnd á Fnjóskadalsveg eystri austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
59. *Fnjóskadalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
60. *Fnjóskadalsvegur vestri:* Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Illugastöðum.
61. *Kljástrandarvegur:* Af Fnjóskadalsvegi eystri utan við Gljúfurárbrú, um Höfða að Kljáströnd.
62. *Svalbarðseyrarvegur:* Af Norðurlandsvegi ofan við Geldingsárbrú til Svalbarðseyrar.

63. *Kinnarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Þingeyjarsýslubraut hjá Garði í Aðaldal.
64. *Út-Kinnarvegur:* Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
65. *Reykjahverfisvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Þingeyjarsýslubraut hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
66. *Laxárdalsvegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár, um Þverá og yfir Laxá hjá Brettingsstöðum.
67. *Bárðardalsvegur vestri:* Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg eystri.
68. *Bárðardalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um Bárðardal austan Skjálfandafljóts, inn að Víðikeri.
69. *Þingeyjarsýslubraut:* Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri, um Aðalreykjadal, Húsavík, Tjörnes og Kelduhverfi, um Jökulsárbrú í Axarfirði að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega.
70. *Mývatnssveitarvegur nyrðri:* Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni í Mývatnssveit, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.
71. *Reykjaheiðarvegur:* Frá Húsavík um Reykjaheiði að vegamótum Þingeyjarsýslubrautar hjá Lóni í Kelduhverfi.
72. **Austurhlíðarvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan við Breiðumýri, um Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum á Þingeyjarsýslubraut nálægt Glaumbæ.
73. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
74. *Sandsvegur:* Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastöðum vestur yfir Sandárbrú.
75. *Hólsfjallavegur:* Frá vegamótum austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi, á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum, með álmu að Hafursstöðum.
76. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur:* Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
77. **Holtsvegur:** Af Þistilfjarðarvegi við Garðá um Holt að Laxárdal.
78. *Langanesvegur:* Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.
79. *Eiðisvegur:* Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði, með álmu að Ártúni.
80. *Ytralónsvegur:* Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Yrta-Lóni að Eldjárnsstöðum, með álmu að Grund.
81. **Hálsvegur:** Frá Þórshöfn að Hóli.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs, um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur:* Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur:* Af Strandavegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi, um Hafnarkauptún út að Steintúni.

4. *Vopnafjarðarvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal og Hofsárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur:* Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.
6. **Strandhafnarvegur:** Af Strandavegi við Borgarlæk um Ljósaland að Strandhöfn.
7. *Sunnudalsvegur í Vopnafirði:* Af Strandavegi austan við Hofsá að Sireksstöðum.
8. *Jökuldalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal, um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
9. **Jökuldalsvegur eystri:** Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda, inn Jökuldal, um Jökulsárbrú hjá Hjarðarhaga og á Austurlandsveg.
10. *Hróarstunguvegur nyrðri:* Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
11. *Hróarstunguvegur eystri:* Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg, nálægt Ásgrímsstöðum.
12. *Kirkjubæjarvegur:* Af Hróarstunguvegi nyrðri nálægt Stóra-Bakka, um Hallfreðarstaði og Kirkjubæ að Gunnhildargerði.
13. *Upphéraðsvegur:* Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell að Hóli í Fljótsdal.
14. *Fellavegur efri:* Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Hafrafell og Fjallsel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
15. *Fjarðarheiðarvegur:* Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.
16. *Seyðisfjarðarvegur* **syðri:** Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaði að Skálanesi.
17. *Seyðisfjarðarvegur nyrðri:* Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
18. *Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú, um Eiða, út Hjaltastaðaþinghá hjá Bóndastöðum og yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, yfir Vatnsskarð um Njarðvík til Bakkagerðis í Borgarfirði.
19. **Hólalandsvegur í Borgarfirði:** Frá Bakkagerði um Borgarfjörð nálægt Hólalandi, yfir Fjarðará að Hvannstóði.
20. **Fjallabæjavegur:** Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig og Hamragerði að Ánastöðum.
21. *Hjaltastaðavegur:* Af Úthéraðsvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað og Sandbrekku á Úthéraðsveg austan við Gagnstöð.
22. *Fagradalsbraut:* Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
23. *Eskifjarðarvegur:* Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
24. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
25. **Hólavegur í Norðfirði:** Af Norðfjarðarvegi hjá Skálateigi að Hólum.
26. *Viðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
27. *Vaðlavíkurvegur:* Af Viðfjarðarvegi á Vaðlavíkurheiði að Vöðlum í Vaðlavík.
28. *Skóga- og Fljótsdalsvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg skammt utan við Valþjófsstað, með álmu að Víðivallagerði.
29. *Skriðdalsvegur:* Af Skógavegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á

Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að Geitdal.

30. *Þórdalsheiðarvegur:* Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði á Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
31. *Mjóafjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl, um Mjóafjarðarheiði og norðurbyggð Mjóafjarðar að Dalatanga.
32. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
33. *Vattarnesvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla, um Vattarnes og á Fáskrúðsfjarðarveg innan við Kolfreyjustað.
34. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði:** Af Stöðvarfjarðarvegi norðan Dalsár að Dölum.
35. *Breiðdalsvíkurvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
36. *Norðurdalsvegur:* Af Austurlandsvegi í Breiðdal, um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
37. *Breiðdalsvegur syðri:* Af Austurlandsvegi sunnan við Breiðdalsárbrú að Flögu.
38. *Stöðvarfjarðarvegur:* Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðadalsvíkurveg hjá Þverhamri.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlavegir eru aðalvegir um lönd, sem nýbýlastjórn hefur tekið að sér að koma í byggð.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlavegir skulu lagðir með hliðsjón af því skipulagi byggðarinnar, sem gert hefur verið eða samþykkt af nýbýlastjórn ríkisins, og hefur landnám ríkisins umsjón með allri vinnu við nýbýlavegi í samráði og samvinnu við vegamálastjóra um framkvæmd vegagerðarinnar.

Vegagerð þessi kemur til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til hennar í fjárlögum.

Nú er lokið við að leggja nýbýlaveg að dómi vegamálastjóra, og er hlutaðeigandi sýslunefnd þá skylt að taka veginn upp í tölu sýsluvega og annast viðhald hans. Heimreið eða veg af nýbýlavegi til nýbýlis kostar nýbýlingur og nýbýlastjórn í sameiningu, en nýbýlingur viðhaldið.

5. gr.

36. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsgr. orðist svo:
Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má ekki setja nær alfaravegi um óræktað land en 4 metra frá vegbrún, og ekki nær en 2 metra um ræktað land.

b. 2. málsgr. orðist svo:
Girðingar úr gaddavír má hvergi setja nær vegbrún en 8 metra.

c. 6. málsgr. orðist svo:
Ekki má reisa hús nær vegbrún en 10 metra frá þjóðvegi eða sýsluvegi, nema leyfi vegamálastjórnarinnar komi til.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1955 skulu sömu aðilar sem fyrr annast viðhald þeirra vega og vegakafla, sem bætt er í tölu þjóðvega með lögum þessum.

Greinargerð.

Á þessu þingi hafa verið borin fram tvö frumvörp til breytinga á vegalögum og fjöldi brtt. Hefur samvinnunefnd samgöngumála fengið þessi frumvörp ásamt brtt. til athugunar, rætt þau ýtarlega á mörgum fundum og borið undir vegamálastjóra og samgöngumálaráðherra. Niðurstaða þessara athugana er þetta frv., sem nefndin hefur samið með aðstoð vegamálastjóra.

Síðast var vegalögunum breytt árið 1951. Síðan hafa á hverju þingi verið bornar fram ýmsar tillögur til breytinga á lögunum. Hafa þessar breytingar ekki náð samþykki þingsins til þessa, en nú eru óskirnar um vegalagabreytingar orðnar svo almennar og úr öllum héruðum landsins, að nefndin telur ekki vera hægt að standa gegn þeim, enda hefur lögunum verið breytt á þriggja til fjögurra ára fresti síðan árið 1937.

Samkvæmt þessu frumvarpi lengjast þjóðvegirnir um 866 km, eða úr 7343 km í 8209 km. Nemur þessi aukning 11.8%.

Að sjálfsögðu er aukningin allmismunandi í einstökum héruðum, þar eð vegaþörfin er mjög mismunandi og mjög misjafnt, hversu héruðin eru nú þegar vel veguð.

Þessi mikla aukning þjóðveganna gerir óumflýjanleg verulega aukin framlög til vegaviðhalds. Þar sem fjárlög fyrir árið 1955 voru afgreidd fyrir síðustu áramót, verða hækkuð framlög til þess að bíða næstu fjárlaga. Af þessum sökum telur nefndin ekki hægt að komast hjá því að láta sömu aðila og áður annast viðhald þessara nýju þjóðvega á yfirstandandi ári.

Með frumvarpi þessu er prentuð ýtarleg greinargerð vegamálastjóra um þróun þessara mála og tillögur þær, er í frumvarpinu felast.

Fylgiskjal I.

Vegalagabreytingar.

Nefndin hefur óskað umsagnar minnar og tillagna um breytingartillögur þær við vegalögin, sem komið hafa fram.

Breytingartillögur þessar eru við 2. gr. vegalaganna og eru yfirleitt eingöngu um að bæta nýjum köflum í tölu þjóðvega. Eru kaflar þessir að lengd rúmlega 1200 km samtals, og lét nefndin í ljós á fundum, er ég sat með henni, að hún hefði hug á því að allverulegur hluti tillagna þessara næði samþykkt Alþingis, er nú situr, og miða ég tillögur mínar við það.

Lengd þjóðvegakerfisins er nú um 7343 km, og eru hér af taldir akfærir 6493 km, en vitanlega er mjög verulegur hluti þeirra meira eða minna mjög ófullkomnir, ruddir vegir, lítt eða ekki malbornir og því víða aðeins sumarfærir. Víða þarf því að gera upphleypta vegakafla í stað þessara, enda er nýbyggingafé þjóðveganna að mestu varið til slíkra endurbóta. En einnig aðalvegirnir, sérstaklega þeir, sem lagðir voru fyrir 4—5 áratugum, þurfa endurbóta til þess að þola umferð þá, sem nú er og má heita að vaxi með hverju árinu, sérstaklega síðustu árin, er bifreiðum hefur fjölgað og þær orðnar miklu þyngri en fyrr, enda nú krafizt að þessir vegir séu færir allt árið.

Tekin hefur verið saman skrá yfir alla opinbera vegi á landinu utan kaupstaðanna, og sendist hún hér með ásamt töflu, er sýnir lengd þeirra í hverri sýslu.

Heildaryfirlitið er þannig:	Lengd alls km	Akfærir km	Ekki akfærir km
Þjóðvegir	7343.0	6493.5	849.5
Sýsluvegir	2389.4	1689.4	700.0
Hreppavegir	1361.7	804.9	556.8
Fjallvegir um	400.0	400.0	?
Samtals km	11494.1	9387.8	2106.3

Vegakerfið er þannig orðið mjög mikið og hefur þanizt mjög hin síðari ár. Akfærir þjóðvegir voru 1927 um 1300 km.

Þjóðvegir voru alls 1937	4480 km.	Þar af akfærir 3323 km.
Sýsluvegir voru alls 1937	2331 —	— — — — 1154 —
Samtals	6811 km.	Þar af akfærir 4477 km.
Þjóðvegir voru 1940	4910 km.	
Þjóðvegir voru 1943	5508 —	
Þjóðvegir voru 1947	6215 —	Þar af akfærir 5505 km.
Sýsluvegir voru 1947	2557 —	— — — — 1527 —
Samtals 1947	8772 km.	Þar af akfærir 7032 km.

Síðasta vegalagabreyting var gerð 1951, og er lengd þjóðvega síðan svo sem fyrr greinir.

Til samanburðar má geta þess, að lengd allra opinberra vega í Noregi er um 46000 km, eða aðeins tæplega 5 sinnum meiri en hér. Er ekki óeðlilegt, að veitist fullerfitt að byggja og halda við svo víðtæku vegakerfi sem nú er orðið hér á landi, svo og, að vegirnir séu æði ófullkomnir, en til nýbygginga og viðhalds þjóðveganna hefur verið varið úr ríkissjóði 30—35 millj. kr. árlega síðastliðin ár. Árið 1953 vörðu sýslufélögin til vega um 1.6 millj. kr. auk framlags úr ríkissjóði um 2.1 millj. kr. Úr sveitarsjóðum var sama ár varið til hreppsveganna um 770 þús. kr., og til akfærra fjallvega var greitt úr ríkissjóði einnig 1953 um 300 þús. kr. Hefur þannig á því ári verið varið beinlínis til nýbygginga og viðhalds vegum rúmlega 39 millj. kr.

Frá sýslunum berast nær árlega umkvartanir um fjárskort til vegabóta og óskir um hærri framlög úr ríkissjóði, enda eru 3.7 millj. kr. eðlilega ónóg upphæð með tilliti til umbótaþarfa sýsluveganna, sem nú eru tæplega 2400 km og að ⅔ akfærir, sumir að vísu aðeins að nafninu til. Er því jafnan sótt á um að fá fleiri og fleiri sýsluvegakafla tekna í tölu þjóðvega. Svo er og einnig nú, að flestir kaflarnir í breytingartillögunum eru sýsluvegir og þá yfirleitt þeir, þar sem mest er umferð, þótt lítil sé, og mest umbótaþörf. Verður því þörf að auka fjárveitingar úr ríkissjóði nokkuð í hlutfalli við lengd nýrra þjóðvegakafla. Meðalviðhaldskostnaður þjóðvega varð 1953 um kr. 3700.00 á hvern km, og má naumast gera ráð fyrir lægri upphæð en kr. 2 000.00 á km á nýjum köflum, eða um 1.8 millj. kr. til viðhalds tæplega 900 km, sem er nálægt því, er ég legg til að teknir verði nú í þjóðvegatölu. Þá þarf og minnst svipaða upphæð árlega til nýbygginga á þessum köflum, ef breytingar þessar eiga að ná tilgangi sínum, og er það jafnvel allt of lág upphæð með tilliti til, að hér eru nokkrar mjög kostnaðarsamar vegagerðir, svo sem Arnarfjarðarvegur, Múlavegur í Ólafsfirði og jafnvel nýr Siglufjarðarvegur.

Ég tel það vitanlega óhikað til bóta, að sem flestir vegir verði kostaðir af ríkisfé. Reynslan hefur sýnt það áþreifanlega síðustu áratugina. En það kostar aukin framlög úr ríkissjóði, svo sem fyrr segir.

Aðrir vegakaflar í tillögum mínum en fyrrgreindir þrír aðalvegir eru yfirleitt sýsluvegir, smáspottar í öllum sýslum. Má nú telja, að þjóðvegakerfið sé orðið

svo víðtækt, að ekki muni á næstunni bætast við aðrir vegir en smáspottar innansveitar, nema rísi upp ný byggðahverfi.

Á þskj. 504 er tillaga um að bæta í vegalögin nýrri grein með ákvæðum um byggingu og viðhald nýbýlavega. Hef ég kynnt mér tillöguna og legg til, að efni hennar verði tekið upp í frumvarpið.

Þá vil ég leggja til, að gerðar verði smábreytingar á 36. gr. vegalaganna um fjarlægð girðinga og húsa frá vegi. Nú má setja girðingar úr sléttum vír eða vírneti í 1 m fjarlægð frá vegi og úr gaddavír í 4 m fjarlægð. Þykir æskilegt að hækka þessar fjarlægðir í 4 m og 8 m, einnig þykir óþarft að ákveða fjarlægðir frá miðjum vegi, svo sem nú er gert.

Þar sem reynslan hefur sýnt, að flestir helztu sýsluvegakaflar komast smátt og smátt í tölu þjóðvega, þá þykir rétt, að sama ákvæði gildi um fjarlægð húsa, sem reist eru við sýsluvegi, sem um þjóðvegi: 10 m, en ekki 6 m, eins og nú er í 6. mgr.

Fer hér á eftir skrá ásamt línuriti yfir lengdir þeirra vegakafla, sem ég legg til að verði teknir í tölu þjóðvega, samtals 866.2 km, raðað eftir sýslum, svo og lengd þjóðvega, sem nú eru. Þá er og skrá yfir sýslu- og hreppavegi, einnig raðað eftir sýslum.

Geir G. Zoëga.

Fylgiskjal II.

Núverandi þjóðvegir og tillögur um nýja.

	Lengd þjóðvega 1955			Tillögur vegamálastjóra um nýja þjóðvegakafla
	akfært km	ekki akfært km	alls km	
1. Gullbringusýsla	160.7	9.0	169.7	4.5
2. Kjósarsýsla	160.1	13.6	173.7	6.8
3. Borgarfjarðarsýsla	287.5	17.5	305.0	45.5
4. Mýrasýsla	236.5	28.0	264.5	53.3
5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	349.3	61.6	410.9	22.7
6. Dalasýsla	253.9	27.7	281.6	11.0
7. Barðastrandarsýsla	381.1	30.9	412.0	92.5
8. Vestur-Ísafjarðarsýsla	159.0	9.5	168.5	80.0
9. Norður-Ísafjarðarsýsla	171.2	119.2	290.4	81.5
10. Strandasýsla	229.5	77.5	307.0	14.2
11. Vestur-Húnavatnssýsla	212.4	3.0	215.4	41.7
12. Austur-Húnavatnssýsla	232.4	27.3	259.7	30.8
13. Skagafjarðarsýsla	337.0	24.3	361.3	51.0
14. Eyjafjarðarsýsla	255.5	6.5	262.0	41.0
15. Suður-Þingeyjarsýsla	441.0	8.5	449.5	21.0
16. Norður-Þingeyjarsýsla	317.0	57.0	374.0	14.5
17. Norður-Múlasýsla	554.8	94.9	649.7	70.0
18. Suður-Múlasýsla	483.7	66.0	549.7	40.0
19. Austur-Skaftafellsýsla	188.0	70.0	258.0	6.3
20. Vestur-Skaftafellssýsla	263.6	32.0	295.6	14.2
21. Vestmannaeyjar	5.0	0	5.0	0
22. Rangárvallasýsla	307.4	29.7	337.1	88.7
23. Árnessýsla	506.9	35.8	542.7	35.0
Samtals km	6493.5	849.5	7343.0	866.2

Fylgiskjal III.

	Sýsluvegir 1954			Hreppavegir 1954		
	Bílf. km	Ekki bílf. km	Alls km	Bílf. km	Ekki bílf. km	Alls km
1. Gullbringusýsla	12.5	0	12.5	21.0	0	21.0
2. Kjósarsýsla	0	0	0	35.9	1.5	37.4
3. Borgarfjarðarsýsla	28.2	5.5	33.7	17.9	2.0	19.9
4. Mýrasýsla	110.4	42.2	152.6	41.0	15.0	56.0
5. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla	95.1	10.9	106.0	28.0	1.0	29.0
6. Dalasýsla	36.9	27.6	64.5	28.1	10.8	38.9
7. A.-Barðastrandarsýsla	9.5	69.0	78.5	4.9	56.1	61.0
V.-Barðastrandarsýsla	27.5	66.0	93.5	8.5	72.0	80.5
8. V.-Ísafjarðarsýsla	25.0	49.0	74.0	22.9	12.8	35.7
9. N.-Ísafjarðarsýsla	38.0	18.4	56.4	11.2	70.5	81.7
10. Strandasýsla	49.2	47.0	96.2	10.6	54.5	65.1
11. V.-Húnavatnssýsla	66.2	82.9	149.1	38.9	12.7	51.6
12. A.-Húnavatnssýsla	93.6	13.7	107.3	36.2	13.1	49.3
13. Skagafjarðarsýsla	156.3	33.9	190.2	81.0	48.5	129.5
14. Eyjafjarðarsýsla	82.7	7.0	89.7	60.2	28.5	88.7
15. S.-Þingeyjarsýsla	96.6	36.9	133.5	82.9	40.5	123.4
16. N.-Þingeyjarsýsla	89.6	23.2	112.8	35.4	29.4	64.8
17. N.-Múlasýsla	156.3	86.8	243.1	21.8	40.5	62.3
18. S.-Múlasýsla	87.8	21.8	109.6	26.8	38.7	65.5
19. A.-Skaftafellssýsla	7.8	1.5	9.3	31.3	7.7	39.0
20. V.-Skaftafellssýsla	50.8	20.1	70.9	25.3	0	25.3
21. Vestmannaeyjar	9.5	0	9.5			
22. Rangárvallasýsla	125.4	9.0	134.4	47.4	1.0	48.4
23. Árnessýsla	234.5	27.6	262.1	87.7	0	87.7
Samtals km	1689.4	700.0	2389.4	804.9	556.8	1361.7

Fylgiskjal IV. Sjá bls. 1032—1033.

Nd. 605. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 6. gr. Síðasti málsliður c-liðar falli niður.

Nd. 606. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Babel, Ingólfur, námsmaður í Reykjavík, fæddur 13. júní 1937 í Þýzkalandi.

2. Bjarni Erik Einarsson, verzlunarstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur 5. apríl 1911 í Danmörku.
3. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febrúar 1917 í Danmörku.
4. Friedlaender, Heinz Karl, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
5. Holmboe, Egil Anker Morgenstjerne, skrifstofumaður í Keflavík, fæddur 24. apríl 1896 í Noregi.
6. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
7. Kroon, Maria Cornelia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 8. apríl 1905 í Hollandi.
8. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.
9. Louis Kristinn Ottósson, vélfræðingur í Grimsby, fæddur 20. júní 1925 í Englandi.
10. Mikkelsen, Niels Erik, landbúnaðarverkamaður á Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 5. apríl 1928 í Danmörku.

b. Töluliður 57 (de Zeeuw, Margarethe) falli niður.

Nd. 607. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt málið við formann þeirrar nefndar, er samdi frv., og við fræðslumálastjóra. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Orðin „Skriðdalur, Fljótsdalur og Jökuldalur“ í 21. tölul. falli burt.
2. Við 5. gr. Við greinina bætist: að dómi bókavarðar.
3. Við 8. gr. Í stað 1. málsgr. komi tvær málsgr., svo hljóðandi:
   Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins.
   Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar, er hana kjósa, ákveða. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.
4. Við 9. gr. Orðin „og bókafulltrúi“ í 1. málsgr. falli burt.
5. Við 16. gr. 2. og 3. málsl. orðist svo:
   Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára.
6. Við 31. gr. Framan við greinina komi kaflafyrirsögn, svo hljóðandi:
   VI. kafli. — Um gildistöku laganna o. fl.
7. Við ákvæði til bráðabirgða. Í stað „júnílok“ komi: árslok.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari brtt. og að fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Einn nefndarmanna (KJJ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 18. apríl 1955.

Kristín Sigurðardóttir, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr., frsm.	Halldór Ásgrímsson.
	Karl Guðjónsson.	

Nd. 608. Breytingartillaga [186. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

Frá fjármálaráðherra.

Fyrir orðin „8.5 milljónum króna“ í niðurlagi 1. málsgr. 1. gr. komi: 9 milljónum króna.

Ed. 609. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um iðnskóla.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Frv. um iðnskóla hafa hvað eftir annað verið borin fram í neðri deild Alþingis allt frá árinu 1942, en aldrei náð samþykki þar fyrr en nú, að deildin hefur samþykkt stjórnarfrv. það, er borið var fram á þessu þingi, en þó með nokkrum veigamiklum breytingum, eins og þskj. 460 ber með sér. Þrátt fyrir þann langa tíma, sem mál þetta hefur verið til umræðu á Alþingi, hefur efri deild aldrei haft áður tækifæri til þess að hafa áhrif á gang málsins eða gera nokkrar tillögur um þá löggjöf, sem hér um ræðir.

Frv. var að lokinni 1. umr. vísað til iðnaðarnefndar 15. marz s. l. og málið tekið fyrir í nefndinni þann sama dag. Og með því að nefndin hafði eigi haft þetta mál til meðferðar á fyrri þingum, þótti henni skylt að afla sem ýtarlegastra upplýsinga um gang málsins frá upphafi og kynna sér afstöðu hinna ýmsu aðila, sem málið snertir, til frumv. eins og neðri deild hafði samþykkt það á þskj. 460. Þótti nefndinni því rétt að senda frumv. til umsagnar til Vinnuveitendasambands Íslands, Félags ísl. iðnrekenda, Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands og fræðslumálastjóra, þar sem hún leit svo á, að mál þetta snerti allmikið alla þessa aðila, en iðnaðarnefnd neðri deildar hafði hvorki kvatt þessa aðila til viðræðna um málið né sent þeim það til umsagnar. Hins vegar hafði hún rætt málið við Landssamband iðnaðarmanna og fengið auk þess umsögn Iðnnemasambands Íslands um frv. Nefndin sér ekki ástæðu til að birta sem fylgiskjöl ofangreindar umsagnir, en lætur nægja að geta þess, að allir þessir aðilar telja nauðsynlegt, að lög um iðnskóla verði sett á þessu þingi, og þó að bent sé þar á ýmsar breytingar, sem æskilegt sé að gerðar yrðu á frv., verður heildarniðurstaðan hjá flestum þessara aðila þó sú, að betra sé að fá frumvarpið samþykkt eins og það er á þskj. 460 en að fresta samþykkt þess.

Eftir að þessi gögn lágu fyrir, hefur nefndin rætt mjög ýtarlega þau sjónarmið, sem fram koma þar, og reynt að samrýma þau sem bezt, ef vera mætti, að samkomulag fengist um afgreiðslu málsins. Hefur hún haldið alls 10 fundi um málið og rætt þar tillögur þær og ábendingar, sem fram hafa komið, jafnframt því sem málið hefur verið rætt við skólastjóra Iðnskólans, fyrrverandi skólastjóra og forseta Landssambands iðnaðarmanna. Þá hefur iðnaðarmálaráðherra einnig verið gefinn kostur á því að fylgjast með öllum þeim tillögum til breytinga, sem fram hafa komið í nefndinni.

Að fengnum þeim upplýsingum, sem fengizt hafa í fyrrnefndum umsögnum og viðtölum, þykir meiri hl. rétt að leggja til, að gerðar verði verulegar breytingar á frv., sem þó flestar miða að því að gera fyrirmæli laganna skýrari og ákveðnari, en aðrar bein afleiðing af því, sem fyrir er mælt í 1. gr. frv. á þskj. 460, og yrði því að taka í lögin síðar, þótt fallizt yrði á að samþykkja frv. án þeirra breytinga að þessu sinni. Á þetta sjónarmið vill minni hl. n. (KGunn) ekki fallast. Leggur

hann til, að frv. verði samþykkt með litlum eða engum breytingum, og gefur því út sérstakt nál.

Meiri hl. telur ekki nauðsynlegt að gera í nál. grein fyrir þeim breytingum, sem hann ber fram, frekar en gert er hér að framan, en það mun hins vegar verða gerð full grein fyrir þeim hverri um sig í framsögu. Einn nefndarmanna (IngF) tekur fram, að hann áskilur sér rétt til þess að fylgja ekki öllum breytingartillögum meiri hl., og skrifar hann því undir með fyrirvara, og allir nefndarmennirnir áskilja sér rétt til að fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma síðar, og að bera fram breytingartillögur við frv. á síðara stigi málsins.

Með tilvísun til þess, sem að framan greinir, leggur meiri hl. n. til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:

   Iðnskólar, sem um er rætt í lögum þessum, veita fræðslu þeim nemendum öllum, sem vilja undirbúa sig undir hvers konar iðnaðarstarfsemi og óska að nema þær námsgreinar, sem kenndar eru við skólana á hverjum tíma og nauðsynlegar eru til undirbúnings störfum þeirra. Skal kennslan vera bæði bókleg og verkleg og fara fram í dagskólum, kvöldskólum og á námskeiðum, eftir því sem henta þykir á hinum ýmsu stöðum, sem skólarnir kunna að starfa á.

   Verklegri kennslu í iðnskóla skal haga svo sem fyrir er mælt í síðasta málslið 13. gr. þessara laga. Þó er nemanda heimilt að stunda samhliða skólanáminu hið verklega nám, samkvæmt fyrirmælum laga um iðnaðarnám eða á annan hátt, er skólanefndin telur samrýmanlegan fræðslukerfi skólans, ef hann æskir þess eða ef skólinn hefur eigi aðstæður til að láta honum í té verklega kennslu í þeim greinum, er hann hefur valið sér.
2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, er orðist svo:

   Nú vill maður, sem lokið hefur bóklegu námi við skólann, ganga undir hæfnispróf til sönnunar á verklegri þekkingu sinni í einhverri iðju eða iðngrein, án þess að hann hafi lært hana samkvæmt ráðningarsamningi, og getur hann þá snúið sér til skólastjóra iðnskólans í Reykjavík og óskað þess, að hæfni hans verði prófuð. Ber skólanum þá að láta hæfnisprófið fara fram eigi síðar en 6 mánuðum frá því, að beiðni um það er móttekin. Prófið getur farið fram í skólanum eða á vinnustofum, er skólinn velur til þess, enda fari það fram undir eftirliti skólans og prófdómenda, er til þessa eru skipaðir.

   Standist viðkomandi aðili prófið, ber að afhenda honum sveinsbréf, er veiti sams konar réttindi og sveinsbréf þeirra, er lokið hafa hliðstæðu námi samkvæmt námssamningum.

   Skólastjóri iðnskólans í Reykjavík semur reglur um verklega hæfnisprófun samkvæmt þessari grein, en ráðherra staðfestir þær.
3. Við 2. gr.
   a. 3. töluliður falli niður.
   b. Síðasta málsgr. orðist svo:

      Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur í hvaða bekk sem er, þótt þeir hafi ekki lokið miðskólaprófi, svo og að flytja þá á milli bekkja, enda sýni þeir með prófi eða á annan hátt, er skólanefnd tekur jafngilt, að þekking þeirra sé nægjanleg til að fylgjast með kennslu í þeim bekkjum, sem þeir ganga inn í. Skólastjóra er heimilt að veita nemanda undanþágu frá því að sækja tíma í þeim námsgreinum skólans, sem hann að dómi skólastjóra hefur jafnmikla þekkingu í eða meiri en krafizt er í hlutaðeigandi bekk skólans, enda sé nemandinn þá ekki skyldugur að taka burtfararpróf úr skólanum í þeim námsgreinum, og skal þá geta þess á skólaskírteini hans, á hvaða annan hátt hann hefur aflað sér þeirrar þekkingar.

4. Við 4. gr. Greinin falli niður.
5. Við 5. gr. Fyrir orðið „iðnaðarmálaráðherra“ kemur: menntamálaráðherra.
6. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Iðnskóla, sem fleiri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 5 manna skólanefnd. Þar sem kaupstaður stendur einn að slíkum skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 4 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Ef fleiri en einn kaupstaður, sýsla eða hreppur stendur að skólanum, skal svo fljótt sem því verður við komið kjósa skólanefndina á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að minnsta kosti helmingur þeirra, er kjósa skal í skólanefnd, skulu vera iðnaðarmenn.

Iðnskólum, sem færri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 3ja manna skólanefnd; skulu 2 þeirra kosnir á sama hátt og að framan greinir.

Ráðherra skipar formenn skólanefndanna til sama tíma.

7. Við 9. gr.
   a. Aftan við 1. málsl. bætist: svo og styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum.
   b. Fyrri málsl. 2. málsgr. orðist svo:

Ráðherra ákveður skólagjöld, að fengnum tillögum skólanefndar.

8. Við 11. gr. Í stað orðanna „fyrir iðnaðarmenn“ komi: í hvers konar iðnaðarstarfsemi.
9. Við 14. gr.
   a. Fyrir orðið „iðnaðarmálaráðherra“ kemur: ráðherra setur eða.
   b. Á eftir orðunum „kennsluskyldu“ í 3. málsl. komi: svo og menntun kennara í almennum greinum.
10. Við 15. gr. Greinin falli niður.
11. Við 16. gr. Á eftir orðunum „kennsla í skólunum“ í fyrri málsgr. komi: tölu fastra kennara.

Alþingi, 16. apríl 1955.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Páll Zóphóníasson, fundaskr.	Ingólfur Flygenring, með fyrirvara.

Hermann Jónasson.

Nd. 610. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Þegar nefndin ræddi þetta mál, kom í ljós, að ég gat ekki orðið sammála meiri hlutanum um réttmæti þess, að sú undanþága frá skattgreiðslu, sem í frv. er gert ráð fyrir til handa Eimskipafélaginu, sé nauðsynleg eða sanngjörn.

Um Eimskipafélag Íslands má að sjálfsögðu margt gott segja. En efnahagur félagsins gefur ekki tilefni til þess að ætla, að það þurfi að njóta sérstaks skattfrelsis. Þjónusta félagsins við landsmenn almennt er ekki heldur svo óumdeilanleg, hvorki að því er varðar farmgjöld né fyrirkomulag siglinga, að skattfrelsi til handa félaginu sé af þeirri ástæðu réttmætt.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Karl Guðjónsson.

Nd. 611. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er stjórnarfrv., og er efni þess það, að hækka skuli útlánsvexti Ræktunarsjóðs úr 2½% í 4%.

Ég hef ekki getað orðið sammála meiri hluta nefndarinnar, sem leggur til, að frv. verði samþykkt.

Land okkar er víðlent og lítt ræktað, og eitt af alvarlegustu vandamálum íslenzks þjóðlífs um þessar mundir er fólksfækkun í sveitunum.

Ræktunarsjóði er ætlað það hlutverk að veita lán til ræktunar landsins með góðum kjörum. Lögin um hann voru samin og sett fyrir atbeina nýsköpunarstjórnarinnar, og með tilstyrk þessara laga hefur komizt skriður á í ræktunarmálum.

Ég tel, að hækkun útlánsvaxta sjóðsins sé mjög óheillavænleg ráðstöfun og muni draga úr ræktunarframkvæmdum og þrengja kost þess fólks, sem í þær leggur, en það stuðlar enn að flutningi fólks úr sveitunum. Það er þar á móti brýn nauðsyn að leita ráða til að efla sjóðinn án þess að færa lánakjör hans til óhagræðis lántakendum, en frv. ber það á engan hátt með sér, að fyrir því sé neinn áhugi hjá ríkisstjórninni.

Það áform ríkisstjórnarinnar að hækka vexti sjóðsins tel ég að Alþingi eigi að stöðva og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Karl Guðjónsson.

Nd. 612. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meiri hluti nefndarinnar (SkG, JPálm og JóhH) hefur ákveðið að mæla með frumvarpi þessu. Ég hef ekki getað á það fallizt.

Frumvarpið er stjórnarfrumvarp og gerir ráð fyrir, að útlánsvextir Byggingarsjóðs hækki úr 2% í 3½%.

Sjóði þessum er ætlað að lána fé til húsagerða í sveitum, og er augljóst, að ef frv. þetta yrði að lögum, mundi það færa lánakjör þeirra, er hann á að styðja til framkvæmda, mjög til verri vegar.

Það virðist ekki heldur brýn þörf á ráðstöfunum þeim, sem frv. leggur til að gerðar verði, því að á s. l. ári hafði sjóður þessi 113 þús. kr. í tekjur af vöxtum umfram það, sem hann greiddi í vexti fyrir lán sín.

Ég legg því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Karl Guðjónsson.

Nd. 613. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Vill meiri hlutinn samþykkja það óbreytt, en minni hlutinn leggur til, að á því verði gerð nokkur breyting.

Minni hlutinn fellst á, að ákvæði 63. gr. laganna verði framlengt á þann hátt, sem í frv. er gert ráð fyrir, þ. e. að tekjuskattsauki félaga verði látinn haldast í ár svo sem verið hefur.

Einnig fellst minni hlutinn á, að 67. gr. laganna verði framlengd fyrir yfirstandandi ár, en hún ákveður 50% viðauka á eignarskattinn.

Hins vegar telur minni hl., að engin ástæða sé til, að ríkið lækki skatt félaga um 20% frá því, sem skattstigi laganna ákveður.

Minni hlutinn leggur því fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1953 um skattauka á tekjur skal gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Karl Guðjónsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 614. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Á undan I. kafla komi 38 nýjar greinar og 3 kaflafyrirsagnir sem hér segir:
   a. (1. gr.) Sérhver íslenzkur ríkisborgari, sem eigi á sjálfur íbúð, sem hæf sé til íbúðar, á rétt á því að byggja sér íbúðarhús með einni íbúð, eða stærra hús, ef hann byggir með öðrum. Á hann kröfu á að fá til þess þá aðstoð frá því opinbera, sem nánar er kveðið á um í þessum lögum. Réttur þessi miðast við stærð íbúða, sem fyrir er mælt um í 3. lið 7. gr. þessara laga.

   Rétt er og hverjum íslenzkum ríkisborgara að byggja íbúðarhús til sölu eða leigu, svo fremi innflutningur á byggingarefni sé frjáls samkv. 50. gr. þessara laga. En sé innflutningur byggingarefnis takmarkaður samkvæmt 51. gr., skulu þeir ganga fyrir, er um mælir í 1. málsgr. þessarar greinar.

   Skylt er byggingarnefnd hvers kaupstaðar eða kauptúns að leyfa slíkar byggingar, ef þær samrýmast kröfum til heilsusamlegra íbúða, og mæla út lóð handa mönnum til byggingar slíkra íbúðarhúsa eða gefa mönnum kost á að byggja á sömu lóð allt að þriggja hæða hús. Eigi þarf að sækja um önnur leyfi en til byggingarnefndar viðkomandi kaupstaðar eða kauptúns til slíkra bygginga. Öll ákvæði, sem takmarka slíkar byggingar við veitingu fjárfestingarleyfa, eru úr gildi numin.

Rétt eiga menn að mynda samtök um að nota þennan rétt og fela þeim framkvæmd slíkra bygginga, og njóta þau þá sama réttar, enda breytist eigi eignarréttur aðilans við það öðruvísi en ráð er fyrir gert í lögum þessum.

b. **(I. kafli.) Um verkamannabústaði.**

c. (2. gr.) Stofna skal byggingarsjóð til þess að bæta úr húsnæðisþörf verkamanna og annarra þeirra íbúa kaupstaða og kauptúna, sem hafa ekki tekjur né eiga eignir yfir það hámark, sem greinir í 4. lið 7. gr. laga þessara, og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna.

d. (3. gr.) Byggingarsjóður lánar til byggingar samkvæmt skilyrðum þeim, sem lög þessi setja, í kaupstöðum og kauptúnum, enda hafi sveitarstjórn fært félagsmálaráðherra rök fyrir, að þörf sé slíkrar opinberrar aðstoðar.

Kauptún telst í þessum lögum þorp með minnst 15 fjölskyldum, enda hafi engin þeirra svo mikið land, að talizt geti lögbýli.

e. (4. gr.) Byggingarsjóður skiptist í deildir, eina fyrir hvern kaupstað eða kauptún, þar sem viðurkennd hefur verið þörf fyrir opinbera aðstoð til byggingar verkamannabústaða, og áflast fé til hverrar deildar sem hér segir:

1. Sveitarsjóðir, sem um ræðir í 3. gr., leggja í sjóðinn árlega upphæð, sem nemur ekki minna en 12 krónum og ekki meira en 18 krónum fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins, og ákveður sveitarstjórn upphæðina með sérstakri samþykkt.
2. Ríkissjóður leggur í sjóðinn árlega upphæð, sem svarar til þess krónufjölda á íbúa kaupstaðar eða kauptúns, er sveitarstjórn þar hefur ákveðið með samþykkt þeirri, er í 1. lið segir, að leggja fram til sjóðsins, þegar sýnt er, að þörf er fyrir starfsemi byggingarsjóðs, sbr. 3. gr.
3. Ríkissjóður leggur árlega í sjóðinn helminginn af tekjuafgangi ríkisins af einkasölu á tóbaki.
4. Enn fremur getur sjóðurinn tekið lán til útlánastarfsemi sinnar. Lánin ábyrgist ríkissjóður. En hlutaðeigandi sveitarsjóður, sbr. 3. gr., stendur í bakábyrgð fyrir þeim lánum, sem veitt eru byggingarfélagi í kaupstaðnum eða kauptúninu. Gefa skal út skuldabréf fyrir þeim, er hljóði á upphæðir, er ríkisstjórnin samþykkir.

Nú er kauptún aðeins hluti úr hreppi, og skal þá tillagi sveitarsjóðs til byggingarsjóðs jafnað niður á íbúa kauptúnsins, þá sem gjaldskyldir eru til sveitarsjóðs, eftir sömu reglum og útsvörum.

Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs til byggingarsjóðs samkv. 1. og 2. tölulið hækka til samræmis við vísitölu kauplagsnefndar 1. október það ár, sem framlagið ber að greiða.

Heimilt er stjórn byggingarfélags að stofna innlánsdeild í sambandi við byggingarsjóð, sem tekur við innlögum frá mönnum á félagssvæðinu, sem vilja tryggja sér húsnæði hjá félaginu. Ráðherra setur reglugerð um starfsemi innlánsdeilda þessara að fengnum tillögum stjórnar byggingarsjóðs, þ. á m. um það, hvenær þeim, sem slíkum innlögum hafa safnað, skuli fengin íbúð.

f. (5. gr.) Byggingarsjóður veitir lán aðeins til eins byggingarfélags í hverjum kaupstað eða kauptúni, og skal félagið reist á samvinnugrundvelli og að öðru leyti fullnægja skilyrðum 7. gr. þessara laga. Í Reykjavík mega þó vera tvö byggingarfélög verkamanna, og skulu félög þau, sem nú starfa þar, öðlast viðurkenningu og njóta réttinda samkv. lögum þessum.

Heimilt er að stofna deildir, sem hafa sérsamþykktir, innan bygggingarfélags, þegar 50 félagsmenn eða fleiri óska þess, enda séu þær staðfestar af stjórn félagsins.

Lán þessi skulu vera tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttind-

um, og mega þau nema allt að 90% af kostnaðarverði eignarinnar. Lánin séu affallalaus. Þau endurborgast með jöfnum árlegum greiðslum á 42—75 árum.

Úr byggingarsjóði má veita lán með eftirgreindum kjörum:

A.-flokkur. Lánshæð allt að 90% af kostnaðarverði hússins; lánstími 75 ár.
B.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 60 ár.
C.-flokkur. Lánshæð allt að 85% af kostnaðarverði hússins; lánstími 42 ár.

Vextir í öllum lánaflokkum skulu vera 2% — tveir af hundraði —.

Stjórn byggingarsjóðs ákveður, að fengnum tillögum sveitarstjórnar og stjórnar byggingarfélags, hvers konar lánskjör eru hverju sinni veitt, og er heimilt að láta ákvæði þessarar greinar taka til þeirra verkamannabústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943.

Heimilt er lántakendum að greiða byggingarlán að fullu, hvenær sem þeir óska þess.

g. (6. gr.) Byggingarsjóðurinn skal jafnan vera í handbæru fé í peningastofnun með ríkissjóðsábyrgð að svo miklu leyti, sem honum er ekki varið til útlána.

h. (7. gr.) Byggingarfélög hafa rétt til að fá lán úr byggingarsjóði samkvæmt 5. gr., ef þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Að stjórn byggingarfélagsins sé skipuð fimm mönnum.
2. Að byggingarfélagið komi upp byggingum fyrir félagsmenn sína.
3. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni með eins til fjögurra herbergja íbúðum auk eldhúss og geymslu, með venjulegum nútímaþægindum og sérstökum bletti handa hverri íbúð eða sameiginlegum velli handa sambyggingum, en að öðru leyti sé fyrirkomulag byggginganna samþykkt af félagsmálaráðuneytinu.
4. Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og hafi eigi haft yfir 24000 króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 3500 krónum fyrir hvern ómaga, né yfir 10000 króna eignir. Meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri, skal þó miða við upphæðir þessar hækkaðar í samræmi við meðalvísitölu næsta árs á undan.
5. Að byggingarkostnaður á hverja íbúð fari ekki fram úr því, sem stjórn byggingarsjóðsins ákveður.
6. Að íbúðirnar séu seldar félagsmönnum fyrir það verð, sem þær kosta byggingarfélagið, og með þeim láns- og vaxtakjörum, sem ákveðin eru samkv. 5. gr. Skal gerður sérstakur kaupsamningur um hverja íbúð við þann, er íbúðina fær, og eru þeir samningar undanþegnir stimpilgjaldi.

   Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að íbúðinni, enda gerist þau þá löglegir félagar byggingarfélagsins.
7. Að byggingarnar séu reistar á lóðum, sem sveitarfélögin eða ríkið eiga eða leigja, og sé ársleiga metin reglulega á 10 ára fresti. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal lóðarleigunni jafnað niður eftir eignarhlutföllunum í byggingunni. Eigi sveitarfélag eða ríki ekki hentugar lóðir í þessu skyni, skal sveitarfélaginu skylt, ef ekki fæst nægilegt og hentugt land með öðrum hætti, að taka það eignarnámi, og fer um eignarnámið samkv. l. nr. 61 frá 14. nóv. 1917.
8. Að ákveðið sé í samþykktum félagsins, að enginn, sem keypt hefur íbúð af félaginu, megi selja hana, nema stjórn byggingarfélagsins hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og ekki framleigja nema með leyfi stjórnar félagsins. Söluverð slíkrar íbúðar má ekki vera hærra en síðasta kaupverð hennar að viðbættri verðhækkun, sem samkv. vísitölu byggingarkostnaðar hefur orðið á þeim hluta kostnaðarverðs íbúðarinnar, sem fallið hefur í gjalddaga og verið greiddur af seljanda, þegar sala fer fram. Enn fremur skal bæta við virðingarverði þeirra

endurbóta, sem á sama tíma hafa verið gerðar, og draga frá hæfilega fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkv. mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

9. Að ákveðið sé með reglugerð, sem staðfest sé af félagsmálaráðuneytinu, um viðhald húsanna, og skal stjórn félagsins hafa eftirlit með því. Þegar um sambyggingu er að ræða, skal kostnaður við viðhald húsanna hið ytra lagður á bygginguna í heild, en síðan jafnað niður á eigendur eftir eignarhlutföllum þeirra í byggingunni, en viðhald hið innra á hverri íbúð skal notandi hennar greiða. Um sameiginleg tæki innanhúss í sambyggingu, svo sem leiðslur allar og hitunartæki, fer eftir því, sem segir í reglugerðinni.
10. Að stjórn byggingarsjóðsins hafi fallizt á samþykktir félagsins og ráðuneytið staðfest þær.

i. (8. gr.) Byggingarfélagi, sem kemur upp sambyggingum eða sérstæðum húsum, er heimilt að eiga til frambúðar sameiginlegt miðstöðvarhús og þvottahús fyrir margar íbúðir, húsnæði fyrir fasta starfsmenn félagsins, fyrir skrifstofu félagsins, lesstofu og verzlun, dagheimili, leikskóla fyrir börn og mötuneyti. Ákvæði skulu sett í reglugerð, er um getur í 9. lið 7. gr., um þátttöku eigenda íbúðanna í kostnaði, sem af þessu hlýzt.

j. (9. gr.) Í stjórn byggingarsjóðs skulu vera 5 menn, kosnir hlutbundinni kosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Félagsmálaráðherra skipar einn þeirra formann sjóðsstjórnarinnar, en að öðru leyti skiptir stjórnin störfum milli sín. Stjórnin hefur á hendi allar fjárreiður sjóðsins, lántökur og lánveitingar úr honum samkv. reglugerð, sem félagsmálaráðuneytið setur. Skal hver deild, sbr. 4. gr., hafa sérstakt reikningshald fyrir sig, en sjóðsstjórninni er heimilt að lána fé sjóðsins til bráðabirgða milli deilda, ef það þykir henta.

Stjórnin skal vera búsett í Reykjavík, en sér til aðstoðar, meðal annars við eftirlit með, að byggingarfélag í hverjum kaupstað eða kauptúni gæti skyldna sinni samkv. 7. gr., má stjórnin setja trúnaðarmenn, einn eða fleiri, í hverjum kaupstað eða kauptúni.

Laun stjórnarinnar og trúnaðarmanna hennar greiðist úr ríkissjóði, og ákveður félagsmálaráðherra þau, en annan kostnað greiðir hlutaðeigandi deild byggingarsjóðs.

Hlutaðeigandi sveitarfélag hefur rétt til að skipa eftirlitsmann með fjárreiðum hlutaðeigandi sjóðsdeildar og allri starfsemi byggingarfélagsins og hefur rétt til að stöðva lántökur og lánveitingar til byggingarfélagsins, ef það álítur, að byggingarfélagið geti ekki staðið í skilum með skuldbindingar sínar. Slíkri ákvörðun sveitarstjórnar má skjóta til félagsmálaráðherra.

k. (10. gr.) Ársreikningar byggingarfélags skulu ætíð lagðir fyrir stjórn byggingarsjóðs til athugunar, og getur hún krafizt allra skýrslna um hag og rekstur félagsins, meðan nokkuð stendur eftir af láni því, er veitt hefur verið til byggingarinnar. Ef stjórn byggingarsjóðs hefur eigi borizt í hendur reikningur byggingarfélags yfir síðasta ár fyrir 1. sept. ár hvert, er óheimilt að halda áfram lánveitingum til félagsins fyrr en reikningurinn berst sjóðsstjórninni í hendur.

Ríkisstjórnin úrskurðar reikninga byggingarsjóðs, en Alþingi kýs með hlutfallskosningu tvo endurskoðendur þeirra til fjögurra ára í senn.

l. (11. gr.) Nú er ekkert byggingarfélag til í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem lán fær úr byggingarsjóði, og er þá sveitarstjórn heimilt að ákveða, að

sveitarfélagið komi upp byggingunum, og hefur það þá sömu réttindi og skyldur sem byggingarfélög samkvæmt lögum þessum.

m. (12. gr.) Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti af húsum félagsmanna, bæði sérbyggingum og sambyggingum, til afnota fyrir byggingarfélög. Sömuleiðis setur hún í samráði við stjórn byggingarsjóðs og hlutaðeigandi sveitarstjórnir öruggt eftirlit með framkvæmdum byggingarfélaga, sem starfa samkvæmt lögum þessum.

n. **(II. kafli.) Um byggingarsamvinnufélög.**

o. (13. gr.) Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota með sem hagfelldustum kjörum, að safna eignaframtölum félagsmanna (sjá 16. gr.) og reka lánastarfsemi.

p. (14. gr.). Nú vilja menn stofna byggingarsamvinnufélag, og skulu þeir þá kveðja til fundar á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri á stöðum með færri en 1000 íbúa, 20 á stöðum með 1000 íbúa eða fleiri utan Reykjavíkur og 25 í Reykjavík koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við lög þessi, og skal leita staðfestingar félagmálaráðuneytisins á þeim.

q. (15. gr.) Nú vill sveitarstjórn beita sér fyrir og taka þátt í stofnun byggingarsamvinnufélags til byggingar fjölbýlishúsa með hæfilega stórum heilsusamlegum íbúðum og sameiginlegum þægindum, og skal sveitarstjórn þá hlutast til um, að almennur fundur sé haldinn á því svæði, sem félaginu er ætlað að ná yfir, og bera málið upp til umræðu og atkvæða. Ef 15 menn eða fleiri og kjörnir fulltrúar bæjar- eða sveitarfélagsins koma sér saman um stofnun byggingarsamvinnufélags og bindast samtökum um að gerast félagsmenn, setja þeir félaginu samþykktir í samræmi við þessi lög og skal leita staðfestingar félagsmálaráðuneytisins á þeim.

r. (16. gr.) Byggingarsamvinnufélagi sé aflað fjár:

A. Með frjálsum framlögum hvers félagsmanns í stofnsjóð, unz fjárhæð hans í sjóðnum nemur minnst ⅕ hluta andvirðis þess húsnæðis, sem ákveðið verður, að félagið komi upp fyrir hann. Þegar þessari fjárhæð er náð, fer um rétt félagsmanns til byggingar húss eftir því, sem nánar verður ákveðið í samþykktum félags, enda gangi stofnsjóðsinneign hans upp í byggingarkostnaðinn. Vextir af stofnsjóði leggjast við höfuðstól, og skulu þeir á hverjum tíma jafnháir og innlánsvextir í sparisjóði hjá Landsbanka Íslands.

Stofnfjárinnstæður falla til útborgunar við andlát félagsmanns, við gjaldþrot, við brottflutning af félagssvæðinu, verði félagsmaður fátækrastyrksþurfi, og við úrsögn úr félaginu, enda hafi hann fullnægt öllum skuldbindingum sínum við félagið.

B. Með árlegu gjaldi í rekstrarsjóð félagsins, sem ákveðið skal í samþykktum þess, og sé þessum sjóði varið til þess að standa straum af rekstrarkostnaði félagsins. Kostnaður við að reisa nýjar byggingar telst ekki rekstrarkostnaður.

C. Með lántöku félagsins til útlánastarfsemi sinnar. Heimilt er fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast þau lán, og mega þau nema allt að 80% af byggingarkostnaði þeirra húsa, er félagið reisir. Þetta ákvæði nær einnig til þeirra samvinnubústaða, sem lokið er við að byggja eftir 1. janúar 1943. Gefa skal út skuldabréf fyrir lánum þessum, er hvert um sig nemi ákveðinni upphæð, sem fjármálaráðherra samþykkir. Hvert slíkt lán telst til útlána einn lánaflokkur, og er honum til tryggingar samábyrgð allra þeirra félagsmanna, sem fá lán í þeim flokki.

Félagsmenn í sama lánaflokki skulu vera sérstök deild innan síns

byggingarsamvinnufélags, og er henni heimilt að hafa sérstaka stjórn, að því er varðar sérmál hennar.

s. (17. gr.) Byggingarsamvinnufélag veitir félagsmönnum sínum lán til þess að koma sér upp byggingum til eigin afnota, enda hafi þeir uppfyllt skilyrði þau um stofnsjóðstillög, sem um getur í 16. gr. A. hér að framan. Lán þessi skulu tryggð með fyrsta veðrétti í húsum og lóðarréttindum, allt að 75% af kostnaðarverði eignarinnar. Heimilt er þó félagsstjórn að veita lán gegn 2. veðrétti, þó þannig, að samanlagður 1. og 2. veðréttur nemi eigi hærri upphæð en 75% af kostnaðarverði. Félagið veitir lánin með sömu kjörum og það nýtur á lánum þeim, sem tekin eru í þessu skyni.

t. (18. gr.) Stofnsjóður skal jafnan vera í handbæru fé í banka eða sparisjóði, þar sem ávaxta má fé ómyndugra, að svo miklu leyti sem honum er eigi varið til að standast framkvæmdir við byggingar eða til útlána. Nú kemur fram hagnaður við útlán eða aðra ávöxtun stofnfjár, og rennur hann í varasjóð félagsins. Um ráðstöfun varasjóðs félagsins gilda ákvæði laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937.

u. (19. gr.) Félagsmenn í byggingarsamvinnufélagi fá því aðeins lán hjá félaginu, að þeir uppfylli eftirfarandi skilyrði, auk þess sem um ræðir í 16. gr. A.:

A. Að húsin séu gerð úr varanlegu efni og rúmtak hverrar íbúðar fari ekki fram úr 500 teningsmetrum eða því sem næst með venjulegum nútímaþægindum og eftir fastákveðnum fyrirmyndum, sem stjórn félagsins hefur ákveðið og samþykktar hafa verið af félagsmálaráðuneytinu.

B. Að húsin séu reist á þeim stöðum, sem félagsstjórnin ákveður og samþykktir eru af félagsmálaráðuneytinu, enda útvegi félagsstjórnin leigulóðir.

C. Að félagið annist um byggingu hússins að öllu leyti, og sé það afhent félagsmanni gegn skuldabréfum með veði í húseigninni, er nemi þeirri fjárhæð, sem húsið kostar umfram stofnfjárframlagið.

Heimilt er þó félagsstjórn að leyfa, að félagsmenn reisi hús sín sjálfir, ef það er undir umsjón og eftirliti byggingarfulltrúa félagsins eða annars byggingarfróðs manns, sem félagsstjórnin telur gildan.

D. Að félagsmaður sé fjárráða og heimilisfastur innan þess svæðis, sem félagið nær yfir.

v. (20. gr.) Byggingarsamvinnufélag, sem stofnað er að tilhlutun sveitarstjórnar samkv. 15. gr., skal í starfsemi sinni bundið við ákvæði 2., 3., 6., 7. og 9. töluliðar 7. gr. svo og ákvæði 8. gr. I. kafla laga þessara að því leyti, sem við getur átt, þó með þeirri undantekningu, að íbúðir þær, sem félagið reisir, megi vera allt að 500 rúmmetrum að stærð.

x. (21. gr.) Ákveðið skal í samþykktum byggingarsamvinnufélags, að enginn, sem fengið hefur íbúð að tilhlutan félagsins, megi selja hana, nema stjórnin hafi áður hafnað forkaupsrétti félagsins vegna, og aldrei framleigja nema nokkurn hluta af íbúðinni. Þó getur eigandi að fengnu leyfi stjórnarinnar leigt heila íbúð um stundarsakir, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Söluverð slíkrar íbúðar, hversu oft sem eigendaskipti kunna að verða, má aldrei vera hærra en stofnverð hennar að viðbættri verðhækkun samkv. vísitölu byggingarkostnaðar og virðingarverði þeirra endurbóta, sem gerðar hafa verið, en að frádreginni hæfilegri fyrningu, hvort tveggja samkvæmt mati dómkvaddra manna. Sé um framleigu að ræða, ákveður stjórn félagsins, hve há leigan megi vera, og miðast hún við raunverulegan kostnað eiganda samkvæmt mati af íbúðinni eða hluta hennar, sem leigður er.

Ákvæði þessi taka þó ekki til húsa þeirra, er byggingarsamvinnufélög hafa reist fyrir 1. janúar 1946, og fer um sölu þeirra og leigu eftir ákvæðum laga nr. 43 frá 1942, um breyting á lögum um byggingarsamvinnufélög.

y. (22. gr.) Nú sannast, að félagsmaður hefur selt hús hærra verði en leyfilegt er samkvæmt 21. gr., og rennur þá sá hluti söluverðsins, sem er umfram hið löglega verð, til félagsins og leggst í varasjóð. Verði seljandi einhverra orsaka vegna eigi fær um að greiða fjárhæð þessa, á félagið kröfu á hendur kaupanda, nema því aðeins að hann sanni, að þegar kaupin fóru fram, hafi honum verið ókunnugt um, að seljandi hafi brotið á móti ákvæði þessarar greinar, og er þá fjárhæðin forgangsskuld með veði í húsinu næst á eftir veðréttum félagsins. Auk þess eru þá öll lán félagsins, sem á húsinu hvíla, þegar fallin í gjalddaga.

z. (23. gr.) Nú neytir stjórn byggingarsamvinnufélags eigi forkaupsréttar, og er þá eiganda heimilt að selja eignina hverjum þeim manni, sem félagsstjórnin samþykkir, en þó verður kaupandi að gerast félagi í byggingarsamvinnufélaginu og hlíta samþykktum þess. Ekkja látins félagsmanns, börn hans og tengdabörn hafa forkaupsrétt að eigninni, enda gerist þau þá löglegir meðlimir félagsins.

þ. (24. gr.) Óheimilt er að veðsetja húseignir byggingarsamvinnufélaga fyrir hærri fjárhæð samtals en nemur 80% af upphaflegu kostnaðarverði þeirra og endurbóta, sem á kunna að hafa verið gerðar, að frádreginni eðlilegri fyrningu, eins og hún kann að verða á hverjum tíma, enda verður eigi gert fjárnám í eigninni fyrir meiri fjárhæð.

æ. (25. gr.) Um stjórn, reikningsskil og fundi byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 frá 1937. Fjármálaráðherra skipar annan endurskoðanda, enda skal félaginu skylt að senda ráðuneytinu samrit af aðalreikningi sínum árlega.

ö. (26. gr.) Ríkisstjórnin lætur gera fyrirmyndaruppdrætti bæði af sérbyggingum og sambyggingum til afnota fyrir byggingarsamvinnufélög og lætur þær í té án endurgjalds.

Sömuleiðis sér ríkisstjórnin um öruggt eftirlit með framkvæmdum og húsbyggingum þeirra félaga, er starfa samkvæmt lögum þessum.

aa. (27. gr.) Um skrásetningu og félagsslit byggingarsamvinnufélaga fer eftir ákvæðum laga um samvinnufélög, nr. 46 1937.

bb. **(III. kafli.) Um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.**

cc. (28. gr.) Í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem fólk býr í heilsuspillandi íbúðum (bröggum, útihúsum, háaloftum, kjöllurum o. s. frv.) og ekki verður úr bætt á nægilega skömmum tíma að dómi sveitarstjórnarinnar með þeirri aðstoð ríkisins og sveitarfélaganna, sem um getur í I. og II. kafla þessara laga, ber sveitarstjórn kaupstaðarins eða kauptúnsins að ráða bót á húsnæðisvandræðunum, og nýtur hún til þess þeirrar aðstoðar ríkisins, sem í þessum kafla segir.

dd. (29. gr.) Sveitarstjórn lætur safna skýrslum um fjölskyldur þær í kaupstaðnum eða kauptúninu, sem búa í heilsuspillandi íbúðum, og kynnir sér efnahag þeirra og atvinnu svo og fyrirætlanir þeirra um útvegun húsnæðis.

ee. (30. gr.) Að skýrslugerð þessari lokinni skal sveitarstjórn semja áætlun um, hversu margar íbúðir þurfi að gera til þess að bæta úr þörfum þeirra, sem búa í heilsuspillandi íbúðum og ekki fá á annan veg tryggt sér viðunandi húsnæði, svo og kostnaðaráætlun og áætlun um, hversu langan tíma sú framkvæmd muni taka, og skal stefnt að því, að henni verði lokið á fjórum árum.

ff. (31. gr.) Skýrslur þær og áætlanir, sem um getur í 30. gr., skal senda ríkisstjórninni ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar fyrir því, að ekki verði bætt úr húsnæðisþörfinni á nægilega skömmum tíma með þeim aðgerðum, sem í I. og II. kafla þessara laga segir.

gg. (32. gr.) Nú færir sveitarstjórn félagsmálaráðuneytinu sönnur á, sbr. 30. gr., að nauðsyn sé slíkra íbúðarbygginga sem hér um ræðir, og skal þá

ríkissjóður lána þeim sveitarfélögum, sem reisa slíkar íbúðir, 75% af byggingarkostnaði hverrar íbúðar, en þar skal ekki lóð með talin. Lán þessi skulu vera til 50 ára með 3% ársvöxtum, og greiðast vextir og afborganir með jöfnu, árlegu gjaldi. Ríkissjóður leggur enn fremur fram 10% af byggingarkostnaðinum sem vaxtalaust lán til 50 ára. Lán þessi eru afborgunarlaus fyrstu 15 árin, en greiðast síðan með jöfnum árlegum greiðslum á 35 árum. Ef sveitarstjórn ákveður að afskrifa þau 15%, sem sveitarsjóður leggur fram án atbeina ríkissjóðs, er ríkisstjórninni heimilt að gefa eftir vaxtalausa lánið.

hh. (33. gr.) Til tryggingar 75% láni ríkissjóðs skal vera 1. veðréttur í húseignum þeim, sem reistar eru, þar til lánin eru að fullu greidd.

ii. (34. gr.) Fé það, sem ríkissjóður lánar sveitarfélögunum til íbúðabygginga samkvæmt þessum kafla, getur ríkisstjórnin tekið að láni. Vaxtamismun, sem verða kann á lánastarfsemi þessari, greiðir ríkissjóður.

jj. (35. gr.) Sveitarstjórn byggir íbúðir þessar og ræður gerð þeirra og stærð, allt í samræmi við ákvæði byggingarsamþykktar staðarins og skipulagsuppdráttar, ef til er.

Íbúðir þær, sem byggðar eru samkv. III. kafla þessara laga, skulu leigðar þeim, er í heilsuspillandi íbúðum búa, og skulu þeir ganga fyrir, sem búa við lakast húsnæði og erfiðastar heimilisástæður. Skal leitað álits heilbrigðisnefndar, ef til er, ella héraðslæknis, um það, í hverri röð menn fái íbúðirnar.

kk. (36. gr.) Íbúðir þær, sem reistar eru samkvæmt ákvæðum þessa kafla, eru eign sveitarfélagsins og leigjast þeim, sem þær eru byggðar fyrir, við leigu, sem eigi má hærri vera en sambærileg leiga í leiguhúsum af sambærilegri gerð, sem einstaklingar eiga. Heimilt er þó sveitarstjórn að selja íbúðirnar þeim, sem þær hafa fengið til íbúðar, á kostnaðarverði og með hagkvæmum greiðsluskilmálum.

ll. (37. gr.) Sveitarfélög, sem íbúðir reisa með þeirri ríkisaðstoð, sem í þessum kafla segir, skulu hafa sérstakt reikningshald fyrir húsbyggingar þessar og starfrækslu þeirra. Skal leggja mánaðarlega leigu og afborganir, ef íbúðir eru seldar, í sérstakan reikning, og geymist fé þetta þar, unz að gjalddögum kemur á lánum ríkissjóðs, en þá skal því varið til afborgana og vaxtagreiðslna af þeim. Nú hrökkva tekjur af húseignunum ekki eitthvert ár til fullrar greiðslu, og skal þá greiða það, sem til vantar, úr sveitarsjóði.

mm. (38. gr.) Með reglugerð, sem félagsmálaráðherra staðfestir, skal sveitarstjórn kveða nánar á um einstök atriði varðandi framkvæmd á byggingum íbúðarhúsa sveitarfélaganna svo og leigukjör, söluskilmála, viðhald og hvað eina, sem nauðsynlegt verður talið að ákveða þar sérstaklega, þ. á m., hvernig fara skal að um sölu slíkra íbúða, ef eigendaskipti verða eða eigandi vill losna við íbúð sína. Skal reynt að haga svo til, að greiðslur einstaklinga fyrir húsnæði sveitarfélaganna verði í sem mestu samræmi við greiðslur þeirra, sem hjá byggingarfélögum fá íbúðir. Í reglugerð skal og ákveða þau viðurlög, sem ástæða þykir að setja.

2. Við 1. gr. Greinin falli niður.

3. Við 2. gr. Greinin falli niður.

4. Við 3. gr. (verður 39. gr.). Greinin verði upphafsgrein í kafla (IV. kafla), með fyrirsögninni: **Um veðlán til íbúðabygginga** — og orðist svo:

Komið skal á fót almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga undir yfirstjórn veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur samkvæmt 42. gr.

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. króna. Vaxtabréf þessi skulu vera

þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, þó eigi yfir 40 millj. króna, verði með vísitölukjörum, þannig að binda má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf fyrr en veðdeild Landsbankans hefur selt slík verðbréf fyrir 40 millj. króna, enda komi til sérstök lagaheimild.

Ákvæði III. kafla laga 46/1954 og 1. gr. laga 48/1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Veðdeildin hefur heimild til að taka erlend lán til íbúðarbygginga, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti, sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga 55/1945.

5. Við 4. gr. (verður 40. gr.). Greinin orðist svo:

Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis rennur:

a. Eignir Lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.
b. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.

Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

6. Við 5. gr. (verður 41. gr.) Greinin orðist svo:

Til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis kemur:

a. Fé það, sem veðdeild Landsbanka Íslands aflar með útgáfu og sölu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum þessum.
b. Lán, sem sparisjóðir, bankar og aðrir veita beint til lántakenda, samkvæmt almennum útlánareglum laga þessara.
c. Afborganir og vextir af veðskuldabréfum Lánadeildar smáíbúða, þegar frá eru dregnir vextir og afborganir af lánum hennar.
d. Fé varasjóðs, samkvæmt 40. gr.
e. Erlend lán, sem veðdeild Landsbanka Íslands kann að taka til íbúðarbygginga.

7. Við 6. gr. (verður 42. gr.). Greinin hljóði svo:

Almennar útlánareglur veðlánakerfisins samkvæmt 39. gr. eru þessar:

a. Lánin veitast aðeins til byggingar íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Þó skal heimilt að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur.

Heimilt er, að lánin komi til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt, að byggingu lokinni, á hlutaðeigandi íbúðir.

b. Lánaupphæð nemi samtals allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar, samkv. mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki meiru en 120 þús. krónum út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig.
c. Lán til hverrar íbúðar skal að jafnaði vera í tvennu lagi, A-lán og B-lán. Venjulega skal A-lán eigi lægra vera en 80 þús. krónur og B-lán eigi lægra en 20 þús. krónur. Allir, sem fengið hafa A-lán, skulu eiga rétt til að fá B-lán, sbr. þó b-lið. Lántökugjald skal vera ¼%.
d. A-lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti, en B-lánin með fyrsta samhliða veðrétti eða öðrum veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
e. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 4% ársvöxtum til allt að 25 ára, og skulu jafngreiðslurnar inntar af hendi mánaðarlega, nema

öðruvísi sé ákveðið. Þegar A-lán er veitt af andvirði seldra bankavaxtabréfa, mega vextir vera ¼% hærri en vextir bankavaxtabréfanna fyrir kostnaði veðdeildarinnar. A-lán skulu færð sérstaklega í reikning lánsstofnana, og skulu þær gefa veðdeildinni árlega skýrslu um þau.

f. B-lánin skulu vera með hliðstæðum kjörum og vísitölubundin verðbréf, sem út verða gefin. Vextir mega vera ¼% hærri en vextir hinna vísitölubundnu bankavaxtabréfa fyrir kostnaði veðdeildarinnar.

g. Veðdeildinni er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu samþykki ríkisstjórnar.

8. Á eftir 6. gr. komi ný grein (verður 43. gr.), er hljóði svo:

Eftirtaldir aðilar skulu sitja fyrir lánum til bygginga samkvæmt reglum þessa veðlánakerfis:

1. Barnafjölskyldur.
2. Ungt fólk, sem stofnar til hjúskapar.
3. Fólk, sem býr í heilsuspillandi húsnæði, er ekki verður útrýmt samkvæmt III. kafla þessara laga.

9. Við 8. gr. Greinin falli niður.

10. Við 9. gr. (verður 45. gr.). Greinin orðist þannig:

Veðdeild Landsbankans skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því meðal annars:

1. Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur, í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við húsbyggingar.
2. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.
3. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðarteikninga.
4. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess þykir þörf.

Við lausn þessara mála skal leitað eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem Atvinnudeild háskólans, húsameistara ríkisins, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðahluta. Er framangreindum aðilum skylt að veita hverjar þær upplýsingar, sem hún telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.

Veðdeildin getur látið fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim, sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.

Veðdeildin skal beita sér fyrir því, að innlánsstofnanir komi á fót samningsbundnum sparnaði til íbúðabygginga eða kaupa á íbúðum. Skal heimilt að láta þá, sem taka þátt í slíkum sparnaðarsamningum, sitja fyrir um íbúðarlán.

11. Í stað 10.—16. gr. (II. og III. kafla) komi 12 nýjar greinar í 2 köflum (verða 46.—57. gr. í V.—VI. kafla) ásamt bráðabirgðaákvæði sem hér segir:

a. **(V. kafli.) Um lánadeild smáíbúðarhúsa.**

b. (46. gr.) Stofna skal lánadeild, sem veitir einstaklingum í kaupstöðum og kauptúnum lán til bygginga smárra íbúðarhúsa, er þeir hyggjast koma upp að nokkru leyti með eigin vinnu sinni og fjölskyldu sinnar.

Fela skal Landsbanka Íslands eða annarri lánsstofnun, sem félagsmálaráðherra semur við, stjórn, reikningshald og starfrækslu lánadeildarinnar, þar með úthlutun lána samkvæmt reglugerð, er ráðuneytið setur.

c. (47. gr.) Lánadeildin skal starfrækt með því fé, er ríkissjóður hefur lagt fram eða fengizt hefur að láni. Til viðbótar því fé skal ríkissjóður leggja fram 2 milljónir króna á ári næstu 5 ár.

d. (48. gr.) Lán þau, sem lánadeild smáíbúðarhúsa veitir, skulu tryggð með 2. eða 3. veðrétti í húseign þeirri, sem féð er lánað til. Ársvextir skulu vera 4

af hundraði og lánstími allt að 15 ár. Eigi má veita hærra lán til hverrar smáíbúðar en 30 þúsund krónur.

Lánin endurgreiðast lánadeildinni og notast til frekari útlána úr lánadeildinni.

e. (49. gr.) Sá, sem sækir um lán til húsbyggingar samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal láta fylgja umsókn sinni eftirtalin skilríki:
   1. Lóðarsamning eða önnur fullnægjandi skilríki sér til handa fyrir lóð undir smáhýsi.
   2. Uppdrátt af húsinu, sem reisa á, götunafn og númer.
   3. Upplýsingar um, hversu hátt lán hafi verið tekið eða muni verða tekið út á 1. veðrétt í húsinu og hvernig þess fjár er aflað.
   4. Umsögn sveitarstjórnar um húsnæðisþörf umsækjanda.

   Um lán úr lánadeild þessari skal farið samkvæmt reglum 43. gr.

f. **(VI. kafli.) Um innflutning byggingarefnis o. fl.**

g. (50. gr.) Innflutningur á byggingarefni skal vera frjáls, svo fremi að innflutningur á nokkrum vörum er frjáls.

h. (51. gr.) Nú eru höft á öllum innflutningi og erfiðleikar á innflutningi nægilegs byggingarefnis, að dómi ríkisstjórnarinnar, og skal þá innflutningsskrifstofan, meðan hún starfar, ella sú stofnun, sem ríkisstjórnin ákveður, kveða á um, til hverra nota fari það byggingarefni, sem flutt er til landsins. Kveða skal á um það með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum þess aðila, er að framan getur, hverjar byggingar og framkvæmdir skuli ganga fyrir um byggingarefni, og skal þá einkum miðað við þörf íbúðarhúsnæðis og nauðsyn atvinnulífs og almenningsstofnana. Þá skal og í reglugerð mæla fyrir um önnur þau atriði, sem þörf er á, til þess að lög þessi nái tilgangi sínum.

i. (52. gr.) Nú ákveður stjórn byggingarfélags að koma á sameiginlegum innkaupum á byggingarefni fyrir félagsmenn sína, og skal hún þá hafa sama rétt og aðrir innflytjendur byggingarefnis til að fá innflutningsleyfi og að fá keyptan gjaldeyri.

j. (53. gr.) Nú kemst sveitarfélag, sem lán hefur fengið til húsbygginga samkvæmt III. kafla laga þessara, í greiðsluþrot eða er sett undir eftirlit samkvæmt lögum um eftirlit með sveitarfélögum eða það vanrækir um tveggja ára tíma skuldbindingar sínar vegna byggingarlána gagnvart ríkissjóði, og tekur þá ríkisstjórnin í sínar hendur framkvæmd alla og stjórn á húseignum þess sveitarfélags, sem í hlut á, er reistar hafa verið samkvæmt III. kafla laga þessara.

k. (54. gr.) Mál, sem rísa kunna út af brotum á lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

l. (55. gr.) Brot gegn ákvæðum laga þessara, þar á meðal ef byggingarefni er í heimildarleysi varið til annarra þarfa en lög þessi ákveða, varða sektum allt að 100 þúsund krónum.

m. (56. gr.) Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur þau lagaákvæði, sem fara í bág við lög þessi, þar með lög um frestun á framkvæmd III. kafla laganna.

n. (57. gr.) Lög þessi öðlast þegar gildi.

o. (Bráðabirgðaákvæði.) Kosning stjórnar byggingarsjóðs samkvæmt 9. gr. og endurskoðenda samkvæmt 10. gr. fer fram á Alþingi því, er setur þessi lög, og gildir til ársloka 1958.

12. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til l. um aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum og veðlán til íbúðabygginga.

Sþ. 615. Fyrirspurn [194. mál]

til fjármálaráðherra um kostnað ríkissjóðs vegna stofnunar kaupstaðar í Kópavogi.

Frá Gils Guðmundssyni.

1. Hversu hárri upphæð mundu nema launagreiðslur ríkissjóðs til bæjarfógeta, skattstjóra og annarra opinberra starfsmanna, ef Kópavogshreppur yrði gerður að kaupstað?
2. Yrði ekki óhjákvæmilegt að reisa eða kaupa embættisbústað bæjarfógeta í kaupstaðnum?
3. Ef svo er, hve mikið má gera ráð fyrir, að þær byggingar mundu kosta?
4. Hversu háum upphæðum næmi annar óhjákvæmilegur kostnaður ríkissjóðs, er leiddi af stofnun kaupstaðar í Kópavogi?

Ed. 616. Nefndarálit [133. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur orðið sammála um að mæla með samþykkt frv. óbreytts.

Í frv. felast þessi ákvæði:

1. Varið verði úr ríkissjóði 6 millj. kr. samtals á næstu 6 árum til vélakaupa samkvæmt lögunum.
2. Þau ræktunarsambönd og félög, sem hafa enn ekki fengið neitt fé úr vélasjóði til vélakaupa, skulu sitja fyrir, og enn fremur þau sambönd og félög, sem urðu fyrir því óhappi að kaupa vélar, er reyndust óhentugar og lítt nothæfar fyrir íslenzka staðhætti.
3. Sett eru nánari — og að ýmsu leyti strangari — fyrirmæli um rekstur vélanna til þess að tryggja betur afkomu þeirra.

Samkvæmt upplýsingum frá vélanefnd voru um síðustu áramót alls 121 beltisdráttarvél í eigu ræktunarsambandanna. Vélar þessar eru af 3 tegundum: International, Caterpillar og Cletrac. Síðastnefnda tegundin hefur reynzt óhentug fyrir íslenzka staðhætti, en það eru 12 ræktunarsambönd, sem keyptu hana.

Engin ræktunarsambönd eru í 19 hreppum landsins auk nokkurra kaupstaða, en undirbúningur er hafinn á sumum þessara staða um vélakaup.

Vélanefnd telur, að á næstu árum þurfi að leggja fram fé til kaupa á 35 beltisdráttarvélum með tilheyrandi verkfærum og áhöldum, svo að jafna megi þann mismun, sem orðinn er milli hinna einstöku ræktunarsambanda, svo og til þess að lyfta undir þau héruð, sem dregizt hafa aftur úr. Er því brýn þörf á, að framhald verði enn um skeið á framlagi úr ríkissjóði til styrktar vélakaupum.

Landbn. leggur einróma til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Páll Zóphóníasson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Jón Kjartansson, frsm.
Andrés Eyjólfsson.	F. R. Valdimarsson.	

Nd. 617. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að vextir af lánum úr Byggingarsjóði verði hækkaðir úr 2% í 3½%. Ríkisstjórnin hefur flutt hliðstætt frv. um hækkun vaxta af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna og Ræktunarsjóði.

Við meðferð þessa máls í nefndinni lagði ég áherzlu á, að vandamál sjóða þessara væri fyrst og fremst fólgið í því, að þá skorti fjármagn, og gætu þeir þess vegna orðið miklu færri mönnum að liði en nauðsynlegt væri. Aðalatriði málsins væri því að tryggja sjóðum þessum nægilegt fjármagn. Með tilliti til þess, að vextir í landinu hafa hækkað verulega, síðan lög um sjóði þessa voru sett, gæti ég fallizt á að hækka nokkuð vexti af lánum þeirra, ef það væri liður í áætlun um að útvega þeim nýtt starfsfé og bæta aðstöðu þeirra til að gegna hlutverki sínu. Ríkisstjórnin hefur ekki lagt fram neinar heildartillögur um fjáröflun til þessara sjóða samhliða þessari vaxtahækkun. Í sambandi við afgreiðslu húsnæðismálafrumvarps ríkisstjórnarinnar við 2. umræðu í neðri deild hefur þó komið í ljós, að Byggingarsjóði sveitanna virðist eiga að tryggja 12 millj. kr. lánsfé á ári í næstu tvö ár í sambandi við fjárútvegun til íbúðalána, en þingmenn stjórnarflokkanna felldu hins vegar að tryggja Byggingarsjóði verkamanna sömu lánsfjárupphæð. Meðan afstaða ríkisstjórnarinnar til þessa sjóðs er þannig og engar heildarráðstafanir eru gerðar til þess að tryggja á sambærilegan hátt útlánaskilyrði þessara sjóða, get ég ekki fylgt tillögu um hækkun á útlánsvöxtum þeirra.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 618. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að vextir af lánum úr Ræktunarsjóði verði hækkaðir úr 2½% í 4%. Er það hliðstætt frv., sem ríkisstjórnin hefur flutt um hækkun vaxta á útlánum Byggingarsjóðs verkamanna og Byggingarsjóðs sveitanna. Nefndin hefur þegar afgreitt tvö þessara frv., þetta frv. og frv. um hækkun vaxta úr Byggingarsjóði sveitanna. Í nefndaráliti minu um það frv. hef ég gert grein fyrir sjónarmiðum minum í þessum málum, eins og þau nú horfa við eftir afgreiðslu neðri deildar við 2. umr. á húsnæðismálafrv. ríkisstjórnarinnar. Læt ég hér nægja að vísa til þess nefndarálits.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 619. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Jónasi Rafnar og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Scheel, Wilhelm Theodor Friedrich, iðnaðarmaður á Akureyri, fæddur 24. júlí 1909 í Þýzkalandi.

Nd. 620. Breytingartillaga [188. mál]

við frv. til l. um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í l. nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni og Gils Guðmundssyni.

1. gr. orðist þannig:
Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1954, um skattauka á tekjur, skal gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.
Ákvæði 64. og 65. gr. sömu laga, um 20% — tuttugu af hundraði — lækkun á tekjuskatti, tekjuskattsviðauka og stríðsgróðaskatti, skulu falla niður.
Þeim tekjum, er í ríkissjóð renna vegna þessara breytinga á 64. og 65. gr., eða hluta þeirra, skal varið til að greiða vaxtatöp þau, er orðið hafa og verða kynnu á árunum 1954 og 1955 hjá Byggingarsjóði, Ræktunarsjóði Íslands og Byggingarsjóði verkamanna.

Nd. 621. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Jónasi Rafnar, Karli Guðjónssyni, Eiríki Þorsteinssyni og Gils Guðmundssyni.

Í 1. gr. bætist í stafrófsröð:
Sonnenfeld, Hugo Sigmund, símaverkfræðingur í Reykjavík, fæddur 27. júní 1906 í Þýzkalandi.

Ed. 622. Nefndarálit [94. mál]

um frv. til laga um iðnskóla.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarp þetta á nokkrum fundum. Umsagnir ýmissa aðila, er málið snertir, lágu fyrir, en heildarniðurstaða þeirra var sú, að betra væri, að frumvarpið væri samþykkt eins og það er á þskj. 460, heldur en að fresta samþykkt þess.
Þar sem tillögur meiri hl. nefndarinnar eru þess eðlis, að mjög ólíklegt verður að telja, að um þær náist fullt samkomulag á þessu þingi, þá leggur undirritaður til, í því skyni, að málið nái fram að ganga nú, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Kristinn Gunnarsson.

Nd. 623. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið. Einn nefndarmanna, KGuðj, lýsti sig andvígan málinu. GÞG kvaðst ekki viðbúinn að taka afstöðu til þess, meðan ekki er séð, hvernig fer um afgreiðslu á frv. um hækkun vaxta af lánum frá Byggingarsjóði verkamanna.

Í frv. er lagt til, að vextir af lánum frá Ræktunarsjóði verði hækkaðir úr 2½% í 4%, eða um 1½ af hundraði. Sjóðurinn hefur veitt lán með 2½% vöxtum síðan í nóvembermánuði 1947. Áður voru vextir af lánum úr sjóðnum 4½%.

Eins og vikið er að í athugasemdum, er fylgja frumvarpinu, hefur orðið mikil hækkun á vöxtum, bæði innláns- og útlánsvöxtum, síðan 1947, þegar vextir af Ræktunarsjóðslánunum voru ákveðnir 2½%. Þá voru vextir af sparifé í bönkunum aðeins 2%, en hækkuðu í ársbyrjun 1948 upp í 3½%. Nú munu vextir af innstæðum í venjulegum sparisjóðsreikningum hjá bönkunum vera 5%, en 6% af inneignum, sem standa óhreyfðar í 6 mánuði, og enn hærri ef sparifé er bundið í 10 ár. Og útlánsvextir bankanna hafa hækkað um 2% á þessu tímabili. Vegna þessarar miklu hækkunar á bankavöxtum síðan 1947 er vel skiljanlegt, að ekki verði hjá því komizt að hækka nokkuð vexti af lánum úr sjóðum Búnaðarbankans og vexti af lánum frá Byggingarsjóði verkamanna, en frv. um það liggur nú einnig fyrir Alþingi.

Þegar vaxtabreytingin var gerð árið 1947, starfaði Ræktunarsjóðurinn eingöngu með eigin fé, enda voru lánveitingar hans þá litlar í samanburði við það, sem síðar varð. Í árslok 1946 átti sjóðurinn útistandandi í lánum um 1.6 millj. kr. og í árslok 1947 um 3 millj. kr. En síðan hafa þær framkvæmdir, sem Ræktunarsjóðnum er ætlað veita lán til, þ. e. ræktun lands og peningshúsabyggingar í sveitum, aukizt gífurlega, einkum síðustu árin, og lánaþörfin vaxið að sama skapi. Kom þá að því, að sjóðurinn þurfti að taka stór lán til þess að geta nokkurn veginn sinnt ætlunarverki sínu, svo að um síðustu áramót voru skuldir sjóðsins um 52 millj. kr., en útistandandi eign hans í lánum tæpar 74 milljónir. Og eftirspurn eftir lánum úr sjóðnum fer stöðugt vaxandi.

Vextir af þeim lánum, sem sjóðurinn hefur þurft að taka, eru langtum hærri en útlánsvextir hans, svo að um mikinn vaxtahalla er að ræða. Til nánari skýringar skal hér greint frá útreikningum, sem gerðir hafa verið um greiðslur vaxta og afborgana af tveimur lánum, sem tekin hafa verið hjá Alþjóðabankanum handa Ræktunarsjóði og Byggingarsjóði, og um greiðslur vaxta og afborgana til sjóðanna. Lánin frá Alþjóðabankanum voru samtals rúml. 38 millj. kr., vextir af þeim 4½% og 5% og lánstíminn 20 ár; helmingurinn lánaður úr Ræktunarsjóði með 2½% vöxtum til 25 ára, en hinn hlutinn úr Byggingarsjóði gegn 2% vöxtum til 42 ára. Til þess að endurgreiða Alþjóðabankanum lánin að fullu á umsömdum tíma þurfa sjóðirnir að leggja fram um 26.1 millj. kr. umfram það, sem þeir fá innborgað á sama tíma í vexti og afborganir af lánsfénu. En þá er óinnheimt töluvert af lánunum, einkum Byggingarsjóðslánunum, sem veitt eru til 42 ára, eða samtals um 16.5 millj. kr. vextir og afborganir. Verður þá niðurstaðan af viðskiptunum sú, að af þessum 38 millj. kr. lántökum og lánveitingum verður halli sjóðanna um 9.6 millj. kr.

Það liggur í augum uppi, að með slíku áframhaldi mundu eignir sjóðanna eyðast í vaxtahalla á skömmum tíma, og afleiðingin af því hlyti að verða sú, að lánveitingar þeirra til framkvæmda í sveitunum stöðvuðust.

Lánsfjárþörf sjóða Búnaðarbankans fer stöðugt vaxandi, og munu þeir nú árlega þurfa að taka að láni yfir 30 millj. kr. til þess að geta fullnægt óskum

bænda um lán, miðað við þær reglur um lánveitingar, sem nú er fylgt. Reikna má með því, að vextir af lánum, sem sjóðirnir taka nú, séu 6½—7%. Eins og bent er á í athugasemdum við frumvarpið, er árlegur vaxtahalli Ræktunarsjóðs 40 þús. kr. af hverri milljón, sem hann tekur að láni með 6½% vöxtum, en lánar út gegn 2½%. Og þó að vextirnir verði hækkaðir upp í 4%, eins og lagt er til í þessu frumvarpi, verður vaxtamunurinn af hverri milljón 25 þús. kr. Verður þannig mikill munur á vöxtum af lánum úr sjóðnum og algengum útlánsvöxtum, þó að þessi breyting verði gerð.

Það skal tekið fram, að vaxtahækkunin nær að sjálfsögðu aðeins til þeirra lána, sem veitt verða eftir að frumvarp þetta er orðið að lögum, en vextirnir haldast óbreyttir af þeim lánum, sem sjóðurinn á útistandandi, þegar breytingin gengur í gildi.

Ekki verður séð fyrir, hvort Ræktunarsjóðurinn muni framvegis geta veitt landbúnaðinum það lánsfé, sem nauðsyn krefur, með þeim útlánakjörum, sem hér er lagt til að lögfesta. En hitt er víst, að með óbreyttum útlánsvöxtum er það útilokað.

Með skírskotun til þess, er að framan greinir, leggur undirritaður meiri hluti nefndarinnar til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jóh. Hafstein.

Nd. 624. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Í frumvarpi þessu er lagt til, að lagaákvæði um skattgreiðslur félaga, sem voru í gildi árið 1954, verði framlengd óbreytt fyrir þetta ár. Enn fremur að eignarskattur verði innheimtur með álagi eins og verið hefur undanfarin ár.

Þar sem enn er ekki lokið undirbúningi lagasetningar um félagaskatta, telur meiri hluti nefndarinnar rétt að framlengja til bráðabirgða þau ákvæði um þetta efni, sem giltu s. l. ár, og mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 20. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm.	Jón Pálmason, fundaskr.	Jóh. Hafstein.

Sþ. 625. Þingsályktun [148. mál]

um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna milliþinganefnd til að gera tillögur um eflingu núverandi atvinnuvega og nýjar atvinnugreinar til framleiðslu- og atvinnu-

aukningar og hagnýtingu náttúruauðæfa landsins. Nefndinni er heimilt að ráða sérfróða menn til að vinna úr gögnum, sem fyrir hendi eru, og til vísindalegra rannsókna, eftir því sem hún telur nauðsynlegt vegna starfa sinna. Skulu rannsóknarstofnanir, sem starfa á vegum ríkisins, veita nefndinni aðstoð eftir þörfum. Enn fremur skulu aðrar opinberar stofnanir og embættismenn greiða svo sem verða má fyrir störfum hennar. Nefndin skal gera tillögur um framkvæmdir og rekstrarform, gera grein fyrir þjóðhagslegri þýðingu framkvæmdanna og fjárþörf og benda á leiðir til fjáröflunar. Þá skal nefndin gera tillögur um, hvernig bezt verða til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknarstofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skal nefndin endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.

Nefndarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Sþ. 626. Þingsályktun [156. mál]

um skipun samvinnunefndar atvinnurekenda og verkalýðssamtaka til þess að finna grundvöll í kaupgjaldsmálum.

(Afgreidd frá Sþ. 20. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands skipi hvort um sig 2 fulltrúa í samvinnunefnd, sem hafi það hlutverk að afla árlega hverra þeirra upplýsinga, sem nefndin telur sig þurfa, um afkomu atvinnuvega landsins og hag almennings, til þess að leita megi rökstuddds álit nefndarinnar, þegar ágreiningur verður um kaup og kjör, eða ætla má, að til slíks ágreinings komi.

Skylt er Hagstofu Íslands að veita nefndinni, ef þess er óskað, aðstoð við skýrslugerð og útreikninga. Einnig getur nefndin leitað hvers konar fræðilegrar aðstoðar annars staðar, ef hún telur þess þörf.

Nd. 627. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frumvarp, en ekki orðið sammála. Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt eins og það liggur fyrir.

Lögin, sem þetta frumvarp er um breytingar á, hafa verið ein þýðingarmesta lyftistöng fyrir sveitirnar og verða vafalaust áfram. Felst það í því, að þau hafa gert fjölda bænda fært að byggja varanleg íbúðarhús.

Sú vaxtahækkun, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, úr 2% í 3½%, er sprottin af því, að lánsþörfin hefur reynzt stórum meiri en búizt var við. Vísast í því efni til þess, sem sagt er í nefndaráliti okkar um hækkun vaxta Ræktunarsjóðs Íslands. Fé er nú eigi unnt að fá til Byggingarsjóðs fyrir lægri vexti en 4½—6½%. Líka er hætt við, eftir því sem horfir, að enn óaðgengilegri kjörum verði að sæta. Mundi því þurfa síhækkandi greiðslur til að mæta vaxtamismuninum, ef vextirnir væru óbreyttir.

Meiri hluti fjárhagsnefndar leggur svo mikla áherzlu á það, að Byggingarsjóður

geti fullnægt lánaþörfinni að minnsta kosti í sama mæli og verið hefur, að hann telur eigi í það horfandi að hækka heldur vextina en að takmarka lánsfé.

Hinir hækkuðu vextir koma ekki á þau lán, sem búið er að veita, og telur meiri hluti fjárhagsnefndar sjálfsagt, að framkvæmd þess verði þannig, að vaxtahækkunin taki ekki heldur til þeirra lána, sem búið er að samþykkja og veita fyrri hlutann af, þegar lögin taka gildi.

Alþingi, 19. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form.	Jón Pálmason, fundaskr., frsm.	Jóhann Hafstein.

Nd. 628. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Karli Guðjónssyni.

Við 30. gr.

a. 1. málsgr. orðist svo: Fræðslumálastjórn hefur yfirumsjón með almenningsbókasöfnum. Menntamálaráðherra er heimilt að ráða til þriggja ára í senn sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.
b. Við gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi: Nú er eigi ráðinn sérstakur bókafulltrúi, og sér þá fræðslumálastjóri um framkvæmd þeirra starfa, sem bókafulltrúa eru ætluð samkvæmt lögum þessum.

Nd. 629. Lög [4. mál]

um breytingar á almennum hegningarlögum, nr. 19 frá 12. febr. 1940.

(Afgreidd frá Nd. 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 4.

Nd. 630. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði samþ. Innan nefndarinnar var til umræðu að gera víðtækari breytingar á ákvæðum laga um Byggingarsjóð verkamanna, sem tryggðu betur en verið hefur, að lánsfé sjóðsins rynni til verkamanna eða þeirra, sem lægst eru launaðir og hafa mesta ómegð. Með því móti væri að því stefnt, að sjóðurinn gæti betur rækt hlutverk sitt, þegar jafnframt er ákveðið að veita honum aukið starfsfé samkv. frv. ríkisstjórnarinnar um húsnæðismálin (183. mál).

Við undirritaðir teljum, að þessi atriði þurfi að endurskoðast í samráði við þá aðila, sem haft hafa með höndum framkvæmd þessara mála. Er naumast hægt að

áætla lánsfjárþörf Byggingarsjóðs verkamanna fyrr en slíkri endurskoðun væri lokið.

Alþingi, 22. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 631. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og mælir undirritaður meiri hl. með samþykkt þess og vísar til þess, að enn er ekki lokið endurskoðun skattalaga varðandi skattgreiðslur félaga, enda aðeins um ársframlengingu á gildandi lögum um skattgreiðslu Eimskipafélagsins að ræða.

Alþingi, 22. apríl 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.

Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 632. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til laga um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Við 2. gr.

a. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður þannig:
Að láta fram fara rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa víðs vegar á landinu, í því skyni að finna, hverjir byggja hús með minnstum kostnaði og hvað veldur þeim mun, sem er á byggingarkostnaðinum.

b. Á eftir orðunum „húsameistara ríkisins“ í síðari málsgr. komi: Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Nd. 633. Frumvarp til laga [162. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Verksmiðjurnar skulu greiða ½% af brúttóandvirði seldra afurða ár hvert til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Þó má gjald þetta ekki nema hærri upphæð en sem svarar samanlögðum útsvörum annarra gjaldenda í hlutaðeigandi bæjar- eða sveitarfélagi það ár. Skal verksmiðjugjaldið áætlað í fjár-

hagsáætluninni, áður en útsvör eru ákveðin. Þar til lokið er endurskoðun á löggjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga, skal gjald síldarverksmiðja ríkisins á Siglufirði til bæjarsjóðs Siglufjarðar þó aldrei vera minna en kr. 100 000.00.

Nú er skipt hreppi, þar sem verksmiðja er starfrækt, og miðast þá hámark verksmiðjugjaldsins við samanlagðar útsvarsupphæðir hinna nýju hreppa, en greiðist eingöngu þeim hreppi, þar sem verksmiðjan er starfandi.

Verksmiðjurnar greiða ekki útsvar né tekju- og eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 51 27. júní 1941 og lög nr. 48 14. apríl 1943.

Nd. 634. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir orðunum „í Kópavogskaupstað“ komi: og er hann jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo: Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landareign jarðanna Kópavogs og Digraness.
3. Við 19. gr. Á eftir orðinu „slökkviliðið“ komi: ef stofnað verður.
4. Við 22. gr. Greinin orðist svo: Lög þessi öðlast þegar gildi, en koma því aðeins til framkvæmda, að meiri hluti kjósenda í hreppnum hafi óskað eftir því.
5. Aftan við ákvæði um stundarsakir bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Ríkissjóður afhendi hinum nýja kaupstað verzlunarlóð hans, eins og hún er ákveðin í 3. gr., kvaðalaust og auk þess 2 milljónir króna vegna óvenjulegs kostnaðar við hina ört vaxandi byggð.

Nd. 635. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að vextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna verði hækkaðir úr 2% í 3½%. Sjóður þessi hefur, síðan lög um verkamannabústaði voru fyrst samþykkt árið 1929, lánað efnalitlu fólki verulegt fé til byggingar ódýrra og hentugra íbúða. Hin hagstæðu lánskjör, sem hann hefur veitt, hafa gert fjölmörgum, sem ella hefðu engin skilyrði haft til að eignast þak yfir höfuðið, kleift að koma sér upp eigin húsnæði. Hin síðari ár hefur fjárskortur þó mjög hamlað starfsemi sjóðsins. Hefur hann ekki getað sinnt nema að sáralitlu leyti eðlilegum lánbeiðnum frá fólki, sem lögin gera þó ráð fyrir að hann eigi að liðsinna.

Við meðferð húsnæðismálafrv. ríkisstjórnarinnar hafa ráðherrar hennar viðurkennt, að þau lánskjör, sem þar er gert ráð fyrir, séu svo óhagstæð, að ekki sé við því að búast, að láglaunafólk geti staðið undir þeim, en hafa í því sambandi vitnað til þeirra laga, sem hér er lagt til að breyta, og sagt þeim einmitt vera ætlað að gera efnalitlu fólki kleift að koma sér upp eigin íbúð. Hefði því átt að mega búast við, að tillögur kæmu fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og stuðnings-

manna hennar um að auka lánsfé Byggingarsjóðs verkamanna. Þessir aðilar hafa þó engar slíkar tillögur flutt. Þvert á móti hafa stuðningsflokkar ríkisstjórnarinnar einróma fellt till. minni hl. fjárhagsnefndar um að tryggja þessum sjóði aukið starfsfé, og var þó í þeirri till. ekki gengið lengra en svo, að sjóðnum skyldi tryggð sama upphæð og upplýst er að búið er að tryggja Byggingarsjóði sveitanna með samningi milli stjórnarflokkanna. Með sérstöku tilliti til þeirrar tvísýnu, sem af þessum sökum ríkir um starfsskilyrði Byggingarsjóðs verkamanna, teljum við ekki koma til mála að torvelda honum enn frekar að gegna hlutverki sínu með því að hækka útlánsvexti hans. Leggjum við því til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 22. apríl 1955.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson.

Nd. 636. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [178. mál]

í málinu: Frv. til laga um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (HV).

Deildin telur það eðlilegustu meðferð þessa máls, að ríkisstjórnin skipi nú þegar 9 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig bezt verði fyrir komið til frambúðar skipan sveitarstjórnarmála í næsta nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að bæði þessir bæir og núverandi nágrannasveitarfélög þeirra megi vel við una, og að nefndin sé skipuð 2 mönnum kosnum af bæjarstjórn Reykjavíkur, 2 mönnum kosnum af bæjarstjórn Hafnarfjarðar, en eftirtaldir aðilar tilnefni 1 mann hver: sýslunefnd Kjósarsýslu, sýslunefnd Gullbringusýslu og hreppsnefndir Kópavogshrepps, Seltjarnarneshrepps og Garðahrepps.

Í trausti þess, að nefnd þessi hraði störfum svo, að tillögur hennar geti komið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 637. Breytingartillaga [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Framlög fjölskyldumanna í eigin byggingarsjóð skulu undanþegin tekju- og eignarskatti, enda eigi þeir ekki, þegar lög þessi öðlast gildi, 90 fermetra íbúð eða stærri. Árleg framlög mega nema allt að ¼ teknanna, þó ekki meiru en 20000 kr. á ári og 200000 kr. alls. Byggingarsjóðurinn skal ávaxtaður í banka eða sparisjóði á nafni eiganda. Sé fé þessu ráðstafað á annan hátt en til byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal greiða af því þann skatt, sem á það hefði fallið, ef það hefði verið skattlagt á því ári, sem þess var aflað. Sé fénu ráðstafað smám saman til annars en byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal litið svo á, að þess fjár, sem fyrst er ráðstafað, hafi verið aflað fyrst o. s. frv. Nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara skulu sett í reglugerð.

Nd. 638. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Karli Guðjónssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Við 6. gr. Fyrir „7% ársvöxtum“ í e-lið kemur: 6% ársvöxtum.
2. Við 7. gr. Aftan við fyrri málslið bætist: og skulu lán til sjóðanna vera jafnhá.

Nd. 639. Breytingartillaga [189. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. gr. frv. orðist þannig:
Í stað „kr. 150000.00“ í 3. tölul. 3. gr. laganna komi: 1 milljón króna.

Nd. 640. Breytingartillaga [190. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. gr. frv. orðist þannig:
Í stað „2.5 millj. kr.“ í 4. gr. laganna komi: 3 millj. kr.

Nd. 641. Breytingartillaga [191. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. gr. frv. orðist þannig:
Í stað „0.5 millj. kr. á ári“ í 3. tölul. 3. gr. laganna komi: 1.5 millj. kr. á ári.

Ed. 642. Breytingartillaga [132. mál]

við frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Frá Bernharð Stefánssyni.

Við 6. gr. Við greinina bætist:
Til ársloka 1955 skal þúfnasléttun í túni njóta 450 kr. framlags á ha, að viðbættri verðlagsuppbót.

Sþ. **643. Breytingartillaga** [55. mál]

við brtt. á þskj. 544 [Aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi].

Frá fjárveitinganefnd.

Aftan við 1. málsl. 1. málsgr. bætist: með þeim kjörum, sem að dómi ríkisstjórnarinnar gera hreppnum kleift að reka húsið.

Ed. **644. Frumvarp til laga** [3. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Arge, Anton Sofus, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. nóvember 1900 í Færeyjum.
2. Babel, Ingólfur, námsmaður í Reykjavík, fæddur 13. júní 1937 í Þýzkalandi.
3. Bakker, Agnes Dominica, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 16. apríl 1899 í Hollandi.
4. Ballering, Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 30. marz 1903 í Hollandi.
5. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
6. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
7. Beth, Hans Jürgen Hermann, húsgagnasmiður í Borgarfirði, fæddur 13. apríl 1930 í Þýzkalandi.
8. Bjarni Erik Einarsson, verzlunarstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur 5. apríl 1911 í Danmörku.
9. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febrúar 1917 í Danmörku.
10. Christoffersen, Hans Peter, byggingaverkamaður á Akureyri, fæddur 11. febrúar 1897 í Danmörku.
11. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
12. Doretz, Günther Wolfgang Hermann, vinnupiltur að Miðfelli í Hrunamannahreppi, fæddur 13. september 1939 í Þýzkalandi.
13. Einar Guðmundur Vestmann Einarsson, járnsmiður á Akranesi, fæddur 4. júní 1918 í Kanada.
14. Friedlaender, Heinz Karl, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
15. van Fulpen, Maria Agnes Henrika Mathilda Antonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 13. júní 1924 í Hollandi.
16. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
17. Guðrún Ólafsdóttir, Reykjavík, fædd 31. júlí 1879 á Íslandi.
18. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
19. Hansen, Leif Bernstorff, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1921 í Danmörku.

20. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
21. Haslund, Leifur Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. marz 1934 í Danmörku.
22. Haslund, Otto Örn Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. maí 1935 í Danmörku.
23. Helgi Nikulás Vestmann Einarsson, lögregluþjónn á Akranesi, fæddur 12. júní 1915 í Kanada.
24. Holmboe, Egil Anker Morgenstjerne, skrifstofumaður í Keflavík, fæddur 24. apríl 1896 í Noregi.
25. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
26. Holz, Christa Ella, húsmóðir í Reykjavík, fædd 18. júní 1929 í Þýzkalandi.
27. Jacobsen, Betzy Elking Adelaide Frederikke, húsmóðir í Reykjavík, fædd 25. maí 1928 í Færeyjum.
28. Jacobsen, Tröndur, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Færeyjum.
29. Jensen, Bjarne Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 5. apríl 1936 í Danmörku.
30. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
31. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. janúar 1919 í Noregi.
32. Kári Guðjónsson, sjómaður, Reykjavík, fæddur 3. október 1927 í Noregi.
33. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
34. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn, Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
35. Knippen, Maria Elia Appolonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 29. júní 1916 í Hollandi.
36. Kolsö, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
37. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
38. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
39. Kroon, Maria Cornelia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 8. apríl 1905 í Hollandi.
40. Kuhn, Dietrich, námsmaður, Reykjavík, fæddur 4. ágúst 1934 í Þýzkalandi.
41. Lambrechts, Fridtjof Johannes, sjómaður, Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
42. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.
43. Lorenzen, Lorenz, bústjóri í Skálatúni í Mosfellssveit, fæddur 18. desember 1919 í Þýzkalandi.
44. Louis Kristinn Ottósson, vélfræðingur í Grimsby, fæddur 20. júní 1925 í Englandi.
45. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
46. May, Hans Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi.
47. van der Meer, Josefa Jacoba Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 27. janúar 1912 í Hollandi.
48. Mikkelsen, Niels Erik, landbúnaðarverkamaður á Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 5. apríl 1928 í Danmörku.
49. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
50. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
51. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
52. Niclasen, Lydia Oluffa, húsmóðir í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
53. Nielsen, Niels Sofus Georg, verkamaður í Borgarfjarðarhreppi, fæddur 16. febrúar 1926 í Færeyjum.

54. Petersen, Adolf Björn, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. nóvember 1894 á Íslandi.
55. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
56. Petty, Walter Raymond, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 6. marz 1919 í Englandi.
57. van der Poel, Bernadotte Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 4. júlí 1905 í Hollandi.
58. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
59. Ransÿn, Maria Magdalena Catharina, Petronella, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 24. janúar 1906 í Hollandi.
60. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
61. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður, Hofsósi, fæddur 20. september 1919 í Færeyjum.
62. Thorberg, Flemming, sjómaður, Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
63. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.
64. Wesseling, Miriam Wilhelmina Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 22. október 1913 í Hollandi.
65. Wind, Arne Kristian Marius, landbúnaðarverkamaður að Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fæddur 19. nóvember 1921 í Danmörku.
66. Wind, Else Ketty, húsmóðir, Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fædd 24. janúar 1915 í Danmörku.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 645. Breytingartillaga [193. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jörundi Brynjólfssyni.

Á eftir A. 12. í 2. gr. kemur nýr liður:

Hafnarskeiðsvegur: Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið að brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á þjóðveginn hjá Eyrarbakka.

Ed. 646. Lög [120. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1952.

(Afgreidd frá Ed. 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 248.

Nd. **647. Frumvarp til laga** **[143. mál]**

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn heimavistarskóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík og Kjósarsýsla.
2. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
3. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
4. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
5. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
6. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
7. Dalasýsla.
8. Austur-Barðastrandarsýsla.
9. Vestur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
11. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
12. Strandasýsla.
13. Vestur-Húnavatnssýsla.
14. Austur-Húnavatnssýsla.
15. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
16. Siglufjörður.
17. Ólafsfjörður.
18. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
19. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
20. Norður-Þingeyjarsýsla.
21. Fljótsdalshérað.
22. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppar í Norður-Múlasýslu.
23. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
24. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
25. Austur-Skaftafellssýsla.
26. Vestur-Skaftafellssýsla.
27. Rangárvallasýsla.
28. Vestmannaeyjar.
29. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Hafnarfjörður. 3. Keflavík. 4. Akranes. 5. Borgarnes. 6. Stykkishólmur. 7. Búðardalur. 8. Reykhólar, 9. Patreksfjörður. 10. Þingeyri. 11. Ísafjörður. 12. Hólmavík. 13. Hvammstangi. 14. Blönduós. 15. Sauðárkrókur. 16. Siglufjörður. 17. Ólafsfjörður. 18. Akureyri. 19. Húsavík. 20. Kópasker. 21. Egils-

staðir. 22. Seyðisfjörður. 23. Neskaupstaður. 24. Eskifjörður. 25. Höfn í Hornafirði. 26. Vík í Mýrdal. 27. Hvolsvöllur. 28. Vestmannaeyjar. 29. Selfoss.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa.

Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum þeirra, sem varða atvinnulíf og almenna menntun.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 25. gr.) lána um þókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal og skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar (sýslunefnda), enda sjái þessir aðilar safninu fyrir viðunandi húsnæði og leggi því rekstrarfé ásamt ríkissjóði samkv. lögum þessum og úrskurði reikninga þess.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 15.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins.

Á móti framlagi þessu greiðir ríkissjóður fjárhæð, sem nemur kr. 7.50 á íbúa staðarins. Nái íbúatala kaupstaðar 4000, skal þó framlag ríkissjóðs lækka um kr. 0.75 á íbúa og síðan um jafnháa fjárhæð við hverja 1000 íbúa, sem fram yfir eru 4000, unz framlag ríkissjóðs er komið niður í kr. 2.50 á íbúa, og skal það vera lágmarksframlag ríkissjóðs til bókasafns.

Eftir sömu reglum skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 0.50 á íbúa, unz það nemur kr. 10.00 á íbúa, sem einnig skal vera lágmark.

Framlög annarra aðila bókasafnshverfis, sýslufélags eða hluta sýslufélaga, skulu nema 3 krónum á íbúa, og greiði ríkissjóður kr. 2.50 á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfi, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal Hagstofan fyrir lok janúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera sundurliðuð þannig, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila ber að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög ríkissjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok marzmánaðar og hin síðari fyrir lok septembermánaðar. Um gjalddaga annarra framlaga fer eftir reglum, sem settar verða, skv. 28. gr.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar, er hana kjósa, ákveða. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

Skulu stjórnarnefndarmenn kosnir að afstöðnum kosningum til bæjarstjórna og sýslunefnda og fyrir kjörtímabilið.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal ráða bókavörð og ákveða honum laun, hvort tveggja með samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar.

Hún skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, er safnið varðar.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt að fengnu samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af menntamálaráðuneytinu.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn og lestrarfélög.

11. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkvæmt lögum þessum (sbr. 12. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

12. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt.

Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 13. gr.).

13. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 5.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 5.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

14. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

15. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 13. gr. Nái fjárframlög ekki því lágmarki, sem þar er ákveðið, skal greitt úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum) það, sem á vantar.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 15. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.

17. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði, og skal jafnan geyma slík söfn í skólahúsi eða félagsheimili sveitarinnar, þegar þess er kostur.

18. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögum þessum.

Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal ráða safninu sérstakan bókavörð. Skal hún ásamt bókaverði sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem það tilheyrir.

20. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafnsins senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið ár.

21. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum líta eftir rekstri og bókakosti sveitarbókasafna og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra.

III. KAFLI
Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

22. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðsbókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum.

23. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 22. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 10.00 á nemanda miðað við nemendafjölda í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

24. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 22. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 25.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdarstjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

IV. KAFLI
Almenn ákvæði.

25. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar bækur þeirra skal binda í traust band jafnóðum sem því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal láta út úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

26. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því, sem hagkvæmt þykir.

Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

27. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga.

Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

28. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofu, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkvæmt lögum þessum.

Skulu reglur þessar samþykktar af hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og sveitarstjórn(um) og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Bókafulltrúi skal gefa safnstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur.

Ekkert safn skal njóta styrks úr ríkissjóði, fyrr en þessar reglur hafa verið settar.

29. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til.

V. KAFLI

Um bókafulltrúa.

30. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur.

Skal menntamálaráðherra setja honum erindisbréf um starf hans.

VI. KAFLI

Um gildistöku laganna o. fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1956.

32. gr.

Með lögum þessum eru þau ákvæði laga nr. 1 frá 21. janúar 1944, er varða lestrarfélög, úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir bókasafna skulu kosnar fyrsta sinni fyrir árslok 1955, og sitji þær þar til nýjar hafa verið kjörnar samkvæmt ákvæðum 8. og 14. gr. laganna.

Nd. 648. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðarbygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni, Karli Guðjónssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra fer með stjórn húsnæðismála samkvæmt lögum þessum.
2. Við 2. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ á þremur stöðum í greininni kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.
3. Við 3. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórnar“ á þremur stöðum í greininni kemur: Iðnaðarmálastofnunar Íslands.
4. Við 6. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórnar“‘ í g-lið kemur: Iðnaðarmálastofnunar Íslands.
5. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar, eftir tilnefningu bankanna, fimm menn í nefnd, til þriggja ára í senn, til að ákveða lánveitingar samkvæmt lögum þessum. Búnaðarbanki Íslands, Framkvæmdabanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna hver um sig mann í nefndina og greiða allan kostnað við starf hennar. Nefndin kýs sér sjálf formann.
6. Við 9. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ á tveim stöðum í greininni kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.
7. Við 10. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ í upphafi greinarinnar kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.
8. Við 11. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.
9. Við 13. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ í upphafi 2. málsl. kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.

Nd. 649. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Pálmasyni.

Við 31. gr. bætist: og ákvæði 7. gr. um fjárframlög bæjar-, hrepps- og sýslufélaga ekki fyrr en hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd hefur samþykkt að svo skuli verða.

Nd. 650. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og sent það stjórn Kirkjubyggingasjóðs til umsagnar, en hún sendi nefndinni álitsgerð og lagði á móti því, að frv. yrði samþykkt. Í frv. er gert ráð fyrir, að stjórn Kirkjubyggingasjóðs öðlist heimild til að lána úr sjóðnum til endurbygginga á svokölluðum bændakirkjum, þegar fyrir liggur, að hlut-

aðeigandi söfnuður vill ekki taka við kirkjunni, og vitað er, að kirkjubóndi hefur ekki fjárhagslegt bolmagn til að byggja kirkjuna upp af eigin rammleik, og því sjáanlegt, að kirkja og kirkjuhald leggst niður á staðnum, ef ekki fæst eitthvert lán með góðum kjörum til kirkjubyggingarinnar.

Að athuguðu máli og eftir að nefndin hafði fengið sjóðsstjórnina á fund sinn til frekari umræðna um málið, varð það sameiginlegt álit nefndarmanna, að mótstaða sjóðsstjórnarinnar gegn frv. væri ekki réttmæt, og leggja því fjórir nefndarmenn til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en einn nm. (KGuðj) tók ekki þátt í lokaafgreiðslu málsins.

Umsögn sjóðsstjórnarinnar er hér prentuð sem fylgiskjal.

Alþingi, 25. apríl 1955.

Kjartan J. Jóhannsson, form.	Páll Þorsteinsson, fundaskr.	Halldór Ásgrímsson, frsm.
	Kristín Sigurðardóttir.	

Fylgiskjal.

Reykjavík, 15. des. 1954.

Háttvirt menntamálanefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 13. þ. m., beiðzt umsagnar stjórnar Kirkjubyggingasjóðs um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Um það eru vart skiptar skoðanir, að heppilegast sé og æskilegast, að allar sóknarkirkjur landsins séu í umsjá safnaðanna sjálfra. Hefur og hina síðari áratugi stöðugt stefnt í þá átt, bæði að því er lénskirkjur og bændakirkjur snertir, með frjálsum samningum milli safnaða og kirkjueigenda.

Ákvæði í l. um Kirkjubyggingasjóð um, að safnaðarkirkjur eingöngu skuli njóta hinna hagstæðu lána úr sjóðnum, var einmitt sett til þess að greiða fyrir þessari þróun málanna og gera söfnuðum auðveldara en áður að taka við kirkjum með þeim kjörum, er teljast mættu aðgengileg fyrir kirkjueigendur. Er ekki vafi á, að þetta ákvæði laganna mun verða til þess að greiða mjög fyrir og flýta afhendingu slíkra kirkna á næstu árum, eftir að Kirkjubyggingasjóður er tekinn til starfa.

Með því að gefa einstaklingum, sem eru eigendur kirkju, hlutdeild í lánafríðindum til jafns við söfnuði er á ný gert erfiðara fyrir um afhendingu kirknanna, enda virðast flytjendur frumvarpsins hafa séð þetta og þess vegna takmarkað fríðindin bæði við það að vera heimild aðeins og svo hitt, að áður hefðu söfnuðir neitað að taka við kirkju, þó að boðin væri þeim með sanngjörnum skilmálum að dómi héraðsprófasts. — Af þeirri reynslu, sem fengin er um afhendingu kirkna í hendur söfnuðum, má yfirleitt segja það, að sjaldan mun hafa staðið á samþykki safnaða til að taka við kirkju, hafi hún verið boðin með sanngjörnum kjörum.

Vér teljum því frumvarp þetta með öllu óþarft, auk þess sem það mundi, ef að lögum yrði, fremur tefja en flýta afhendingu kirkna í hendur safnaða.

Ekki sést, að fyrir liggi nein ósk frá eigendum kirkna um að fá þessa breytingu á l. um Kirkjubyggingasjóð, enda vafasamt, að hún verði þeim til hagsbóta, nema síður sé. Virðist oss ekki rétt að afgreiða lög um þetta efni án þess að leita áður álits kirkjueigendanna sjálfra og án þess að þeir óski eftir því.

Að lokum má geta þess, að til eru nokkur bænhús í landinu, sem eru í einstakra manna eign, eða jafnvel sem nokkurs konar sjálfseignarstofnanir, og fer þeim fjölgandi. Má þar til nefna bænhús á Melgraseyri, Furufirði, Gröf og kapellur í Miklaholti, Voðmúlastöðum, Sólheimum o. s. frv. Þetta eru ekki sóknarkirkjur, en eru eigi að síður notaðar til almenns guðsþjónustuhalds.

Bendum vér á þetta vegna þess, að eigi sýnist fyllilega ljóst, hvort slík hús geti fallið undir ákvæði frumvarpsins. En ef sú er tilætlunin, þá gæti það leitt til meiri

fjölgunar slíkra húsa í landinu en æskilegt kynni að teljast. Hins vegar er það fyllilega vert athugunar, ef sérstök lánsfríðindi á að veita eigendum þeirra kirkna, þar sem eigandinn tekur árlega kirkjugjöld af þeim, sem kirkjuna sækja, hvort þeir eigendur guðsþjónustuhúsa, sem kosta þar messuhald án nokkurs gjalds frá þeim, sem þá kirkju sækja, ættu ekki eins að teljast lánsfríðindanna verðir.

Enn viljum vér benda á það, að beiðnir um lán úr Kirkjubyggingasjóði verða bersýnilega svo miklar frá þjóðkirkjusöfnuðum einum, að auka verður þegar framlag til sjóðsins, ef fleiri aðilar eiga að geta fengið lán úr honum.

Af því, sem að framan er sagt, sjáum vér oss ekki fært að mæla með því, að frumvarp þetta verði samþykkt.

Í stjórn Kirkjubyggingasjóðs.

Ásmundur Guðmundsson. Sveinbjörn Högnason. Gunnar Árnason.

Til menntamálanefndar neðri deildar Alþingis.

Nd. 651. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Við 3. gr. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfis en mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Við 7. gr.
   a. Við 2. málsgr. bætist: þar af greiðast 3 krónur úr hlutaðeigandi sýslusjóði, sé safnið staðsett í hreppi.
   b. Á eftir „3 krónum á íbúa“ í 5. málsgr. komi: og greiðast úr sýslusjóði.

Nd. 652. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Pétri Ottesen.

Við 13. gr. Fyrir orðin „kr. 10.00“ í síðari málsgr. komi: kr. 20.00.

Nd. 653. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

1. Við 2. gr. Við greinina bætast tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:
   a. Nú óskar bæjarfélag eftir því að vera eitt sér um bæjarbókasafn, og skal það þá hafa rétt til þess. Þau sýslufélög eða hlutar sýslufélaga, sem verða kunna eftir í bókasafnshverfi við slíka breytingu, skulu ráða sjálf, hvort þau sameinast héraðsbókasafni sinnar sýslu eða verða sjálfstæð héraðsbókasöfn.

b. Hvert sveitarfélag skal hafa rétt til þess að velja sjálft um það, hvort það vill vera þátttakandi í héraðsbókasafni eða vill aðeins byggja upp sitt sveitarbókasafn.

2. Á eftir 25. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
Ríkissjóður styrkir bókasafnsbyggingu með 40% af byggingarkostnaði, enda hafi menntamálaráðuneytið samþykkt stærð og skipulag byggingarinnar.

Ed. 654. Frumvarp til laga [183. mál]

um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Um húsnæðismálastjórn og veðlán til íbúðabygginga.

1. gr.

Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn skulu sitja þrír menn, sem ríkisstjórnin skipar til sex ára í senn, og skal hún tilnefna einn þeirra formann. Enn fremur skipar hún þrjá varamenn.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.

2. gr.

Húsnæðismálastjórn skal vinna að umbótum í byggingarmálum með því meðal annars:

1. Að koma á fót og hafa yfirstjórn á leiðbeiningarstarfsemi fyrir húsbyggjendur, í því skyni að lækka byggingarkostnað og koma á hvers konar umbótum í húsagerð og vinnutækni við húsbyggingar.
2. Að láta fara fram rannsókn og samanburð á byggingarkostnaði húsa víðs vegar á landinu, í því skyni að finna, hverjir byggja hús með minnstum kostnaði og hvað veldur þeim mun, sem er á byggingarkostnaðinum.
3. Að gangast fyrir tæknirannsóknum og kynningu nýjunga í byggingariðnaði, með sýningum, námskeiðum og útgáfu rita.
4. Að beita sér fyrir útvegun hagkvæmra íbúðateikninga.
5. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess þykir þörf.

Við lausn þessara mála skal húsnæðismálastjórn leita eftir samkomulagi við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem Atvinnudeild háskólans, húsameistara ríkisins, Iðnaðarmálastofnun Íslands, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðarhluta. Er framangreindum aðilum skylt að veita húsnæðismálastjórn hverjar þær upplýsingar, sem hún telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.

3. gr.

Komið skal á fót almennu veðlánakerfi til íbúðabygginga undir yfirstjórn húsnæðismálastjórnar og veðdeildar Landsbanka Íslands, og skulu lánveitingar innan þess vera í samræmi við hinar almennu útlánareglur húsnæðismálastjórnar (sbr. 6. gr.).

Í þessu skyni skal veðdeild Landsbanka Íslands vera heimilt að gefa út bankavaxtabréf, samtals allt að 200 millj. króna. Vaxtabréf þessi skulu vera þannig, að annar hlutinn, A-flokkar, verði með föstum vöxtum og afborgunum, en hinn hlutinn, B-flokkar, þó eigi yfir 40 millj. króna, verði með vísitölukjörum, þannig að binda má greiðslur afborgana og vaxta vísitölu framfærslukostnaðar.

Eigi skal öðrum en veðdeild Landsbankans heimilt að gefa út vísitölubundin verðbréf fyrr en veðdeild Landsbankans hefur selt slík verðbréf fyrir 40 millj. króna, enda komi til sérstök lagaheimild.

Ákvæði III. kafla laga 46/1954 og 1. gr. laga 48/1954 gilda um bankavaxtabréf þessi og vexti af þeim.

Veðdeildin hefur heimild til að taka erlend lán til íbúðabygginga, eftir tillögum húsnæðismálastjórnar, enda komi leyfi ríkisstjórnarinnar til.

Ábyrgð ríkissjóðs er á bankavaxtabréfum samkvæmt þessari grein. Um verðbréfaútgáfu þessa gilda ákvæði laga nr. 55/1945, um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka bankavaxtabréfa, að svo miklu leyti sem ekki er öðruvísi fyrir mælt í lögum þessum. Í reglugerð má þó ákveða annan frest um innlausn bankavaxtabréfa en ákveðinn er í 16. gr. laga 55/1945.

4. gr.

Í varasjóð hins almenna veðlánakerfis rennur:

a. Afborganir og vextir lána, sem veitt hafa verið eða veitt verða af framlögum ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.
b. Eignir Lánadeildar smáíbúða, þegar greiddar hafa verið skuldir hennar.
c. Lántökugjald af lánum veðdeildarinnar samkvæmt lögum þessum.
d. Höfuðstóll og vaxtafé, sem komið er í gjalddaga til útborgunar, sé þess eigi vitjað innan 20 ára frá gjalddaga, sbr. 18. gr. laga 55/1945.

Varasjóður þessi skal vera í vörzlu veðdeildar Landsbanka Íslands.

5. gr.

Til útlána á vegum hins almenna veðlánakerfis kemur:

a. Fé það, sem veðdeild Landsbanka Íslands aflar með útgáfu og sölu bankavaxtabréfa, samkvæmt lögum þessum.
b. Lán, sem sparisjóðir, bankar og aðrir veita beint til lántakenda, samkvæmt almennum útlánareglum laga þessara.
c. Afborganir og vextir af veðskuldabréfum Lánadeildar smáíbúða, þegar frá eru dregnir vextir og afborganir af lánum hennar.
d. Fé varasjóðs, samkvæmt 4. gr.
e. Erlend lán, sem veðdeild Landsbanka Íslands kann að taka til íbúðabygginga.

6. gr.

Almennar útlánareglur veðlánakerfisins samkv. 3. gr. eru þessar:

a. Lánin veitast aðeins til byggingar íbúða, meiri háttar viðbygginga eða kaupa á nýjum íbúðum. Þau skulu greidd lántakendum í peningum. Þó skal heimilt að greiða lánin í bankavaxtabréfum, ef lántakandi er því samþykkur.

   Heimilt er, að lánin komi til útborgunar í hlutfalli við það, hversu langt er komið byggingu húsnæðis, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

   Ef byggingarfélag er lántakandi, skal láninu skipt, að byggingu lokinni, á hlutaðeigandi íbúðir.
b. Lánaupphæð nemi samtals allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar, samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbanka Íslands, þó ekki meiru en 100 þús. krónum út á hverja íbúð. Ef fleiri íbúðir eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig.
c. Lán til hverrar íbúðar skal að jafnaði vera í tvennu lagi, A-lán og B-lán. Venju-

lega skal A-lán eigi lægra vera en 50 þús. krónur og B-lán eigi lægra en 20 þús. krónur. Allir, sem fengið hafa A-lán, skulu eiga rétt til að fá B-lán, sbr. þó b-lið. Lántökugjald skal vera 1%.

d. A-lánin skulu tryggð með fyrsta veðrétti, en B-lánin með fyrsta samhliða veðrétti eða öðrum veðrétti í hlutaðeigandi íbúð.
e. A-lánin skulu vera jafngreiðslulán (annuitetslán) með 7% ársvöxtum til allt að 25 ára, og skulu jafngreiðslurnar inntar af hendi mánaðarlega, nema öðruvísi sé ákveðið. Þegar A-lán er veitt af andvirði seldra bankavaxtabréfa, mega vextir vera ¼% hærri en vextir bankavaxtabréfanna fyrir kostnaði veðdeildarinnar. A-lán skulu færð sérstaklega í reikning lánsstofnana, og skulu þær gefa veðdeildinni árlega skýrslu um þau.
f. B-lánin skulu vera með hliðstæðum kjörum og vísitölubundin verðbréf, sem út verða gefin. Vextir mega vera ¼% hærri en vextir hinna vísitölubundnu bankavaxtabréfa fyrir kostnaði veðdeildarinnar.
g. Veðdeildinni er heimilt að breyta vaxtakjörum og lánstíma á nýjum lánum, að fengnu áliti húsnæðismálastjórnar og samþykki ríkisstjórnar.

7. gr.

Heimilt er að lána Byggingarsjóði og Byggingarsjóði verkamanna af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

8. gr.

Húsnæðismálastjórn ákveður, hverjum veita skuli A-lánin úr veðdeildinni.

Þó skulu sparisjóðir þeir eða lífeyrissjóðir, er kaupa vaxtabréf deildarinnar, hafa ákvörðunarrétt um það, hverjir fái tilsvarandi lán, og skal setja nánari fyrirmæli um það í reglugerð.

9. gr.

1. Húsnæðismálastjórn getur látið fara fram samkeppni um byggingu hagkvæmra íbúða með því að bjóða lán þeim, sem tekið gætu að sér að byggja flestar hagkvæmar íbúðir af ákveðinni meðalstærð fyrir tiltekna upphæð.
2. Húsnæðismálastjórn skal beita sér fyrir því, að innlánsstofnanir komi á fót samningsbundnum sparnaði til íbúðabygginga eða kaupa á íbúðum. Skal heimilt að láta þá, sem taka þátt í slíkum sparnaðarsamningum, sitja fyrir um íbúðarlán.

II. KAFLI

Um útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

10. gr.

Húsnæðismálastjórn skal af hálfu ríkisvaldsins vera aðili að ráðstöfunum til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, þar með taldir herskálar, og hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, er beita sér fyrir slíkum framkvæmdum.

11. gr.

Bæjar- og hreppsfélög, sem hafa ákveðið að gera ráðstafanir til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum, skulu senda húsnæðismálastjórn áætlanir sínar og rökstuddar greinargerðir fyrir þeim.

12. gr.

Íbúðir, sem byggðar eru í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, skulu njóta lána samkvæmt I. kafla þessara laga.

13. gr.

Nú leggur sveitarfélag fram fé til íbúðabygginga í því skyni að útrýma heilsuspillandi íbúðum, annaðhvort sem óafturkræft framlag eða lán, og skal ríkissjóður

þá leggja fram jafnháa fjárhæð á móti, allt að 3 millj. kr. á ári næstu 5 árin, að því tilskildu, að sveitarfélagið sjái um, að hið ónothæfa húsnæði verði tekið úr notkun, enda greiði ríkissjóður ekki framlag sitt, fyrr en því ákvæði er fullnægt. Húsnæðismálastjórn ráðstafar framlögum ríkissjóðs í þessu skyni.

III. KAFLI
Ýmis ákvæði.

14. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal nánari skýrgreiningu á því, hvað telja skuli íbúð og meiri háttar viðbyggingar, sbr. 6. gr., a-lið.

15. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numinn III. kafli laga nr. 36 16. febr. 1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 655. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 30. gr. Á eftir 1. málsl. komi: Skal hann hafa sérmenntun hvað snertir rekstur bókasafna.

Nd. 656. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Síðasti málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Framlag ríkissjóðs skal þó aldrei fara fram úr því, að ríkið greiði sinn hluta af fullum launum 15 ráðunauta.

2. gr.

Fyrri málsl. 2. málsgr. 5. gr. laganna orðist svo:

Laun héraðsráðunauta greiðast að jöfnu úr ríkissjóði og af hlutaðeigandi búnaðarsamböndum.

3. gr.

11. gr. laganna breytist á þessa leið:

1. Fyrir orðin „helmingur rekstrarkostnaðar“ í III. lið (vélgrafnir skurðir) komi: 65/100 rekstrarkostnaðar.
2. IV. liður orðist svo:

Jarðrækt: Vinnsla og jöfnun lands vegna túnræktar:

a. Ræktun sanda	kr. 150.00	pr. ha.
b. Ræktun annars lands	— 200.00	— —

3. V. liður orðist svo:
   Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 4.00 pr. m^3.
4. Á eftir VII. lið bætast nýir liðir, svo hljóðandi:
   a. Garðávaxtageymslur, steyptar, með þaki úr varanlegu efni, kr. 5.50 pr. m^3.
   b. Súgþurrkunarkerfi í þurrheyshlöður, miðað við gólfflöt, kr. 5.00 pr. m^2.
5. Aftan við greinina bætist:
   Greiðsla jarðabótaframlags til jarðabótamanna er bundin því skilyrði, að ræktunarsamband eða félag það, sem þeir eru félagar í, hafi gert Búnaðarfélagi Íslands full reikningsskil fyrir síðastl. ár og greitt lögboðið gjald í fyrningarsjóð, sbr. lög um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum, enda hafi jarðabætur þær, sem framlag er veitt á að því sinni, verið unnar að öllu eða einhverju leyti með vélum og verkfærum, sem voru á vegum hlutaðeigandi ræktunarsambands eða félags.

4. gr.

Í stað 2. málsgr. 12. gr. laganna komi:

Á framlag ríkissjóðs til jarðabóta samkv. 11. og 15. gr., að viðbættri verðlagsuppbót þeirri, sem ákveðin er í 1. málsgr. þessarar greinar, greiðist 15% álag.

Af jarðabótaframlögum þeim, sem talin eru í 11. gr., að viðbættri verðlagsuppbót og álagi, renna 5% til hlutaðeigandi búnaðarfélags til sameiginlegra félagsþarfa, nema af vélgröfnum skurðum. Af framlagi til þeirra greiðist 3%.

Nú lætur framræslu- eða áveitufélag, sem sett hefur sér samþykkt, er hlotið hefur staðfestingu stjórnarráðsins, ræsa fram lönd félagsmanna sinna, og á þá félagið rétt á að fá til sameiginlegra félagsþarfa þau 3%, sem greidd eru af jarðabótaframlögum vegna skurða, er félagið lætur grafa.

5. gr.

Í stað orðanna „flóðgarða og flóðgátta ⅓ kostnaðar“ í 23. gr. laganna komi: flóðgarða ⅓ kostnaðar, en bygginga flóðgátta og vatnsbrúa ½ kostnaðar.

6. gr.

Ákvæði til bráðabirgða verði á þessa leið:

Meðan eigi er að dómi Búnaðarfélags Íslands völ á nægilega mörgum búfræðikandidötum til að gegna héraðsráðunautsstörfum, má til bráðabirgða og til eins árs í senn ráða búfræðinga með venjulegri búfræðimenntun, enda samþykki Búnaðarfélag Íslands.

Til ársloka 1960 skulu þau býli, er hafa minna en 10 ha tún, njóta 450 króna framlags á ha til jarðræktar og 3 kr. á hvern m^3 í handgröfnum skurðum, ef ekki þykir að dómi Búnaðarfélags Íslands fært að fá skurðgröfu til að vinna verkið, hvort tveggja að viðbættri verðlagsuppbót.

Til ársloka 1955 skal þúfnasléttun í túni njóta 450 kr. framlags á ha, að viðbættri verðlagsuppbót.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1956, og greiðist framlag á umbætur unnar 1955 samkvæmt þeim. Jafnframt eru úr gildi felld lög nr. 8 24. jan. 1952, um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

Ed. 657. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt málið og orðið sammála um að leggja til, að það verði samþykkt óbreytt. Vísast til greinargerðar, er fylgir frv. á þingskjali 521. — HG var ekki mættur á fundi nefndarinnar, er málið var rætt.

Alþingi, 26. apríl 1952.

Ingólfur Flygenring, form., frsm.
Andrés Eyjólfsson, fundaskr.
Bernh. Stefánsson.
Sigurður Ó. Ólafsson.

Nd. 658. Lög [127. mál]

um breyting á lögum nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum.

(Afgreidd frá Nd. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 575.

Ed. 659. Lög [133. mál]

um breyting á lögum nr. 7 12. jan. 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 26. apríl.)

Samhljóða þskj. 585.

Sþ. 660. Nefndarálit [93. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til lækkaðrar dýrtíðar.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Tillaga þessi var flutt um miðjan nóvember s. l. Var henni útbýtt þann 16. nóvember fyrra árs, en ekki kom hún til fyrri umræðu fyrr en 9. febrúar 1955. Hafði hún verið tekin 5 sinnum af dagskrá á þessu tímabili.

Þetta er mjög óvenjuleg meðferð á þingmáli. Líður venjulega mjög stuttur tími frá því mál er lagt fram og þar til það er tekið til fyrstu umræðu. Hitt er svo aftur það venjulega hin síðari ár, að mál stjórnarandstöðunnar fá langa og væra hvíld í nefndum, og það heyrir til algerra undantekninga, ef mál, sem stjórnarandstæðingur flytur, nær samþykki Alþingis.

Það var því fljótlega auðséð, að þessi tillaga átti engum stuðningi að fagna hjá hæstvirtri ríkisstjórn. Efni hennar var þó einungis það, að Alþingi skyldi álykta að fela ríkisstjórninni að leita samninga um lækkað verðlag við nokkur tilgreind stórfyrirtæki, sem áhrif gætu haft á verðlag í landinu.

Með samningum þessum var ríkisstjórninni ætlað það hlutverk að neyta aðstöðu sinnar til hins ýtrasta til að þrýsta niður álagningu á vörur og þjónustu og draga úr hvers konar milliliðakostnaði. — Á það lögðum við, flutningsmenn tillögunnar, sérstaka áherzlu, að ríkisstjórnin notaði haustmánuðina til lausnar þessum málum, svo að árangur gæti legið fyrir, áður en verkalýðsfélögin segðu upp samningum. Þetta var þó því miður algerlega vanrækt.

Það var ekki fyrr en í febrúarmánuði þessa árs, sem ríkisstjórnin tilkynnti stjórn Alþýðusambands Íslands, að hún hefði nú ákveðið að reyna að fara þá leið, sem í þingsályktunartillögu þessari væri mörkuð. Hefði hún í því skyni ritað bréf flestum þeim fyrirtækjum, er þar voru nefnd, og óskað eftir, að þau hvert um sig tilnefndu tvo menn til samninga við ríkisstjórnina um lækkun verðlags.

Ekki er kunnugt, hvort þessir fulltrúar hafa nokkurn tíma verið tilnefndir, en samningaviðræður munu engar hafa farið fram. Hafa menn fyrir satt, að eftir að verkfall var hafið, hafi nokkur þessara fyrirtækja tilkynnt ríkisstjórninni bréflega, að þau gætu engar ráðstafanir gert til verðlækkana. — Var þess og naumast að vænta, að milliliðirnir sjálfir tilkynntu, að það væri sjálfsagt, að þeir minnkuðu sinn ágóðahlut, þegar ekki var fastar eftir gengið af ríkisstjórnarinnar hendi.

Vegna þessa aðgerða- og sinnuleysis ríkisstjórnarinnar hefur verðlækkunarleiðin algerlega lokazt í sambandi við lausn þeirrar víðtæku og hörðu launadeilu, sem nú hefur staðið hátt á sjöttu viku.

En þrátt fyrir þessa frammistöðu ríkisstjórnarinnar í verðlækkunarmálunum, hafa allir fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárveitinganefnd nú lagt til, að þessari tillögu verði vísað til stjórnarinnar. Það teljum við í minni hlutanum algerlega tilgangslaust. Hins vegar er þörf atvinnuveganna og þjóðfélagsins alls á því, að ríkisvaldið geri allt, sem í þess valdi stendur til að draga úr dýrtíð og verðbólgu, hin sama nú og þegar tillagan var flutt. Þess vegna leggjum við undirritaðir til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 26. apríl 1955.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Ed. 661. Frumvarp til laga [193. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Fyrir orðin „og hreppsvegir“ í 1. gr. laganna komi: hreppsvegir og nýbýlavegir.

2. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Þjóðvegir eru þessir:

A. Um Suðurland.

1. *Suðurlandsvegur:* Frá Reykjavík um Ölfus, Flóa, Holt, Rangárvelli, Hvolhrepp, Landeyjar, Eyjafjöll, Sólheimasand og Mýrdal til Víkur, um Höfðabrekkuheiði, Mýrdalssand, Skaftártungu, yfir Eldhraun, um Síðu, Fljótshverfi, Skeiðarársand, Öræfi, Breiðamerkursand, Suðursveit, um Flatey á Mýrum til Melatanga, um Höfn í Hornafirði, Nes, Almannaskarð og um brú á Jökulsá í Lóni innan við Stafafell, að Lónsheiði.

2. *Reykjanesbraut:* Frá Reykjavík um Hafnarfjörð og Keflavík til Sandgerðis og að Stafnesi.
3. *Grindavíkurvegur:* Af Reykjanesbraut á Vogastapa um Grindavík að Reykjanesvita.
4. *Miðnesheiðarvegur:* Frá Keflavík um Miðnesheiði til Sandgerðis.
5. *Hafnavegur:* Af Reykjanesbraut í Njarðvíkum hjá Kirkjuvogi í Höfnum að Reykjanesvita.
6. *Garðskagavegur:* Af Reykjanesbraut nálægt Útskálum að Garðskagavita.
7. *Álftanesvegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Bessastaða.
8. *Vífilsstaðavegur:* Af Hafnarfjarðarvegi til Vífilsstaða.
9. *Útvarpsstöðvarvegur:* Af Suðurlandsvegi skammt innan við Reykjavík að útvarpsstöð á Vatnsendahæð.
10. *Elliðavatnsvegur:* Af Suðurlandsbraut hjá Rauðavatni um Vatnsenda og Vífilsstaði til Hafnarfjarðar.
11. *Krýsuvíkur- og Selvogsvegur:* Af Reykjanesbraut sunnan við Hafnarfjörð um Krýsuvík, Selvog og Ölfus að Suðurlandsvegi nálægt Hveragerði.
12. *Þorlákshafnarvegur:* Af Selvogsvegi nálægt Hlíðarenda til Þorlákshafnar.
13. **Hafnarskeiðsvegur:** Frá Þorlákshöfn austur Hafnarskeið að brúarstæði hjá Óseyrarnesi og þaðan á þjóðveginn hjá Eyrarbakka.
14. *Reykjavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hveragerði í Ölfusi að Reykjaskóla.
15. *Biskupstungnabraut:* Af Suðurlandsvegi undir Ingólfsfjalli um Grímsnes og Biskupstungur, hjá Geysi að Gullfossi.
16. *Tjarnarvegur:* Af Biskupstungnabraut austan Torfastaða að Tjörn.
17. **Reykjavegur:** Af Tjarnarvegi um Syðri-Reyki og Efri-Reyki á Laugardalsveg.
18. *Bræðratunguvegur:* Af Biskupstungnabraut austan við Tungufljótsbrú að Bræðratungu.
19. *Sogsvegur:* Af Biskupstungnabraut skammt fyrir austan Sogsbrú hjá Ljósafossi og austan við Þingvallavatn til Þingvalla.
20. *Kiðjabergsvegur:* Af Suðurlandsvegi fyrir vestan Hraungerði, um væntanlega brú á Hvítá hjá Kiðjabergi, á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.
21. **Sólheimavegur:** Af Biskupstungnabraut austan við Svínavatn að Sólheimum.
22. *Þingvallabraut:* Af Vesturlandsvegi nálægt Köldukvísl til Þingvalla.
23. *Grafningsvegur:* Af Þingvallabraut nálægt Heiðarbæ, sunnan Þingvallavatns, hjá Úlfljótsvatni á Sogsveg vestan Sogs nálægt Alviðru, með álmu yfir Írafossbrú á Sogsveg hjá Syðri-Brú.
24. *Laugardalsvegur:* Af Sogsvegi nálægt Þingvallavatni, um Laugardal hjá Laugarvatni að Biskupstungnabraut hjá Múla.
25. *Laugarvatnsvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Svínavatni að Laugardalsvegi hjá Laugarvatni.
26. *Skeiða- og Hreppavegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa upp Skeið og Hrunamannahrepp að Gullfossvegi vestan við Hvítárbrú á Brúarhlöðum.
27. *Auðsholtsvegur:* Af Skeiða- og Hreppavegi austan Laxárbrúar að Auðsholti.
28. **Langholtsvegur:** Af Auðsholtsvegi vestan við Langholtsfjall um væntanlega brú á Litlu-Laxá á Hreppaveg vestan Kirkjuskarðs, með álmu um Flúðir á Hreppaveg.
29. *Gullfossvegur:* Af Biskupstungnabraut hjá Tungufljóti til Gullfoss.
30. *Gnúpverjavegur:* Af Skeiðavegi sunnan Laxár, hjá Ásum og norðan Miðfells upp Þjórsárdal að Ásólfsstöðum.
31. *Skálholtsvegur:* Af Skeiðavegi nálægt Reykjum, yfir Hvítá hjá Iðu, um Skálholt að Biskupstungnabraut austan Brúarár.

32. *Villingaholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Villingaholt suður með Þjórsá um Parta og Fljótshóla að Gaulverjabæjarvegi.
33. *Gaulverjabæjar- og Stokkseyrarvegur:* Af Suðurlandsvegi í Flóa um Gaulverjabæ og Stokkseyri að Eyrarbakkavegi.
34. *Hamarsvegur:* Af Gaulverjabæjarvegi norðan Gaulverjabæjar um Hamarsbæi og Skógsnes á Villingaholtsveg nálægt Sýrlæk.
35. *Eyrarbakkavegur:* Frá Selfossi að Eyrarbakka.
36. *Kaldaðarnesvegur:* Af Eyrarbakkavegi nálægt Sandvík að Kaldaðarnesi.
37. **Ás- og Háfshverfisvegur:** Af Suðurlandsvegi móts við vegamót Landvegar um Ás, Sandhólaferju og Háfshverfi að Hábæ.
38. **Hamravegur:** Af Suðurlandsbraut vestan við Steinslæk að Hamrahóli.
39. *Vetleifsholtsvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ægissíðu að Vetleifsholti.
40. *Heiðarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Hárlaugsstaði um Heiði, Kamb og Raftholt að Hreiðri.
41. *Landvegur:* Af Suðurlandsvegi í Holtum upp Land, hjá Múla að Galtalæk.
42. *Hagabraut:* Af Landvegi fyrir ofan Lýtingsstaði um Haga, Stúfholt, Skammbeinsstaði að Landvegi neðan við Köldukinn.
43. *Þykkvabæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan Ægissíðu að Hábæ í Þykkvabæ, með álmu að Bala.
44. *Árbæjarvegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Ytri-Rangá, um Árbæ á Landveg nálægt Lækjarbotnum.
45. **Gunnarsholtsvegur:** Af Suðurlandsvegi á Rangársandi um Gunnarsholt að Næfurholti.
46. **Rangárvallavegur efri:** Af Suðurlandsvegi vestan Eystri-Rangár um Stóra-Hof, Reyðarvatn og Geldingalæk að Kaldbak.
47. **Móeiðarhvolsvegur:** Af Suðurlandsvegi austan Djúpadals að Móeiðarhvoli.
48. *Bakkabæjavegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Þverárbrú, sunnan Þverár yfir væntanlega brú á Hólsá hjá Ártúni á Þykkvabæjarveg.
49. *Út-Landeyjavegur:* Af Bakkavegi nálægt Fróðholti um Eystri-Hól að Ytra-Hóli, með álmu að Skúmsstöðum.
50. *Landeyjavegur syðri:* Af Suðurlandsvegi hjá Hemlu, hjá Akurey, Bergþórshvoli, Lágafelli og Miðey að Suðurlandsvegi nálægt Vorsabæ.
51. *Oddavegur:* Af Suðurlandsvegi vestan við Strönd að Odda, með álmu að Oddhóli.
52. *Hólmavegur:* Af Landeyjavegi syðri hjá Búðarhóli að Bakka.
53. *Fljótshlíðarvegur:* Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot að Barkarstöðum.
54. *Vallarvegur:* Af Fljótshlíðarvegi hjá Sunnuhvoli um Efra-Hvol að Velli.
55. *Merkurvegur:* Af Suðurlandsbraut austan við Markarfljótsbrú inn að Stóru-Mörk.
56. *Sandhólmavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Fitjamýri, ofan við Lambhúshól á Suðurlandsveg hjá Hvammi.
57. **Skálavegur:** Af Suðurlandsvegi hjá Hvammi um Skálabæi á Suðurlandsveg hjá Holti.
58. *Skógaskólavegur:* Af Suðurlandsvegi austan Skógaár að Skógaskóla.
59. *Dyrhólavegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Litla-Hvammi í Mýrdal um Loftsali að Dyrhólaey.
60. *Reynishverfisvegur:* Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
61. **Heiðardalsvegur:** Af Suðurlandsvegi norðan við Reynisfjall um Rofamýri að Litlu-Heiði.

62. *Mýrdalsvegur syðri:* Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand á Álftaversveg nálægt Hraunbæ.
63. *Álftaversvegur:* Af Suðurlandsvegi við Skálmárbrú á Mýrdalssandi, um Þykkvabæjarklaustur, um Jórvíkurhryggi á Álftaversveg nálægt Holti.
64. *Búlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Tungufljótsbrú í Skaftártungu að Búlandi.
65. *Meðallands- og Landbrotsvegur:* Af Suðurlandsvegi í Skaftártungu um Ásabrú, Leiðvöll og Langholt í Meðallandi, um Eldvatnsbrú hjá Fljótum og upp Landbrot austanvert á Suðurlandsveg við Skaftárbrú.
66. *Holtsvegur á Síðu:* Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti.
67. *Kirkjubæjarklaustursvegur:* Af Suðurlandsvegi austan við Skaftárbrú að Kirkjubæjarklaustri á Síðu.
68. **Prestbakkavegur:** Af Suðurlandsvegi austan við Geirlandsá um Prestbakka að Mörtungu.
69. *Inn-Nesja- og Mýravegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Hólum í Hornafirði vestur yfir Fljót innra, nálægt Hoffelli, út Mýrar að Suðurlandsvegi hjá Flatey, með álmu yfir Hornafjarðarfljót ytra undan Bjarnanesi, og á Mýraveg.
70. *Hornsvegur:* Af Suðurlandsvegi hjá Almannaskarði að Horni.
71. *Bæjarvegur í Lóni:* Af Suðurlandsvegi hjá Stafafelli um Byggðarholt og Bæ á Suðurlandsveg hjá Reyðará.
72. **Hvalnesvegur í Lóni:** Af Suðurlandsvegi hjá Svínhólum að Hvalnesi.
73. *Stórhöfðavegur í Vestmannaeyjum:* Frá vegamótum ofan við kirkjuna um Ofanleitishverfi suður að vita á Stórhöfða.

B. Um Vesturland.

1. *Vesturlandsvegur:* Af Suðurlandsvegi innan við Elliðaár um Mosfellssveit og Kjalarnes, kringum Hvalfjörð, um Leirársveit, Hafnarskóg og Andakíl, yfir Hvítárbrú hjá Hvítárvöllum og á vegamót Borgarnesbrautar norðan við Gufuá, um Norðurárdal, Bjarnadal, Miðdali, Búðardal, Svínadal, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Kollabúðaheiði, Þorskafjarðarheiði og Langadal til Arngerðareyrar.
2. **Heiðmerkurvegur:** Af Suðurlandsvegi að Heiðmerkurhliði.
3. *Keldnavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Grafarholti í Mosfellssveit að Keldum.
4. **Úlfarsárvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan brúar á Korpúlfsstaðaá hjá Úlfarsfelli á Reykjaveg.
5. **Gufunesvegur:** Af Vesturlandsvegi nálægt Grafarholti að Gufunesi.
6. *Reykjavegur:* Af Vesturlandsvegi við Varmárbrú um Álafoss, um Reykjahverfi, hjá Miðdal og á Suðurlandsveg hjá Geithálsi, með álmu að Reykjalundi.
7. *Kjalarnesvegur innri:* Af Vesturlandsvegi skammt vestan við Varmadal um Skeggjastaði á Þingvallaveg hjá Seljabrekku.
8. *Eyrarfjallsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Vesturlandsveg hjá Blönduholti.
9. *Kjósarskarðsvegur:* Frá vegamótum Vesturlandsvegar hjá Skorá um Möðruvelli og Fellsenda á Þingvallaveg hjá Syðri-Stíflisdal.
10. *Reynivallavegur:* Af Vesturlandsvegi norðan Laxárbrúar um Reynivelli að vegamótum Kjósarskarðsvegar hjá Möðruvöllum.

11. **Draghálsvegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Ferstiklu á Hvalfjarðarströnd um Ferstikluháls, Svínadal, vestan Skorradalsvatns, um Hestháls yfir Andakíl að Vesturlandsvegi hjá Hvítárvöllum.
12. **Skorradalsvegur:** Af Vesturlandsvegi nálægt Ausu, hjá Andakílsfossum, norðan Skorradalsvatns um Fitjárbrú, og út sunnan vatnsins á Draghálsveg hjá Stóru-Drageyri.
13. *Leirársveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Leirárbrú um Leirá, yfir Laxárbrú hjá Hóli og á Vesturlandsveg skammt frá Miðfelli.
14. *Svínadalsvegur:* Af Leirársveitarvegi hjá Hóli norðan Laxár, hjá Eyri á Draghálsveg gegnt Geitabergi.
15. *Akranesvegur:* Frá Akranesi að Vesturlandsvegi hjá Lambhaga.
16. *Akrafjallsvegur:* Af Akranesvegi hjá Litlu-Fellsöxl, fyrir Akrafjall, hjá Klafastöðum og Innra-Hólmi á þjóðveginn ofan við Akraneskaupstað.
17. *Melasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Skorholti um Melasveit á Vesturlandsveg sunnan við Höfn.
18. *Mófellsstaðavegur:* Af Vesturlandsvegi innan við Skeljabrekku um Mófellsstaði á Draghálsveg hjá Vatnsósnum.
19. *Lundarreykjadalsvegur:* Af Skorradalsvegi á Götuási inn Lundarreykjadal á Uxahryggjaveg gegnt Gilstreymi.
20. *Skálpastaðavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Fossatúni um Skálpastaði og Grímsárbrú á Lundarreykjadalsveg hjá Brautartungu.
21. *Bæjarsveitarvegur:* Af Skorradalsvegi nálægt Hesti, um Bæjarsveit, hjá Kleppjárnsreykjum á Borgarfjarðarbraut í Reykholtsdal, með álmum að Þingnesi og að flugvelli á Kálfanesmelum.
22. *Flókadalsvegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Steðja, inn Flókadal, hjá Skógum, um brú á Geirsá, á Bæjarsveitarveg hjá Litla-Kroppi.
23. *Reykdælavegur:* Af Bæjarsveitarvegi hjá Kleppjárnsreykjum inn Reykholtsdal, yfir Reykjadalsá hjá Steindórsstöðum, að Giljum, með álmu frá Steindórsstöðum að Auðsstöðum.
24. *Borgarnesbraut:* Frá Borgarnesi að Vesturlandsvegi norðan Gufuár.
25. *Ferjubakkavegur:* Af Borgarnesbraut hjá Brennistöðum, um Ferjubakka, á Vesturlandsveg vestan við brú á Ferjukotssíki.
26. *Borgarfjarðarbraut:* Af Vesturlandsvegi hjá Haugum um Stafholtstungur, yfir Hvítárbrú á Kláffossi, um Reykholtsdal og Hálsasveit að Lambá.
27. *Varmalandsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts að Einifelli, með álmu að Varmalandsskólum.
28. *Stafholtsvegur:* Af Borgarfjarðarbraut austan Arnarholts um Stafholt að Flóðatanga.
29. *Þverárhlíðarvegur:* Af Borgarfjarðarbraut um Hjarðarholt, Arnbjargarlæk og Norðtungu á Borgarfjarðarbraut norðan Kláffoss, með álmu hjá Högnastöðum að Hermundarstöðum.
30. *Hvítársíðuvegur:* Af Þverárhlíðarvegi um Hvítársíðu, Hvítársíðukrók og hjá Kalmanstungu á Borgarfjarðarbraut fyrir innan Húsafell, með álmu yfir væntanlega brú á Hvítá hjá Bjarnastöðum og á Hálsasveitarveg hjá Stóra-Ási.
31. **Glitstaðavegur:** Af Vesturlandsvegi hjá Grábrók um væntanlega brú á Norðurá að Glitstöðum.
32. **Króksvegur:** Af Norðurlandsvegi nálægt Króki að Hákotsstöðum.
33. **Valbjarnarvallavegur:** Af Vesturlandsvegi fyrir ofan Galtarholt að Valbjarnarvöllum.

34. *Álftaneshreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan Langár um Álftaneshrepp sunnanverðan, sunnan Hólmsvatns um Vogalæk að Álftárósi.
35. **Álftanesvegur:** Af Álftaneshreppsvegi hjá Kolviðarholti að Álftanesi.
36. *Grímsstaðavegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Urriðaárbrú að Grímsstöðum.
37. *Hraunhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi hjá Arnarstapa, um Hrafnkelsstaði, Laxárholt, Vog, Akra, Stóra-Kálfalæk og Einholt á Stykkishólmsveg hjá Fíflholtum.
38. **Sauravegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftás, um Saura, Miklholt og Hamra á Hraunhreppsveg hjá Jaðri.
39. **Þverholtavegur:** Af Álftaneshreppsvegi austan Álftár, um Þverholt á Hraunhreppsveg austan brúar á Álftá hjá Hrafnkelsstöðum.
40. **Staðarhraunsvegur:** Af Stykkishólmsvegi á Raftás að Staðarhrauni.
41. **Skógavegur:** Af Stykkishólmsvegi nálægt Brúarhrauni að Skógum.
42. *Hnappadalsvegur:* Af Stykkishólmsvegi um Hnappadal og Heydal á Skógarstrandarveg nálægt Bildhóli, með álmu að Hallkelsstaðahlíð.
43. *Stykkishólmsvegur:* Af Borgarnesbraut fyrir ofan Borgarnes um Mýrar, um Kerlingarskarð og Helgafellssveit til Stykkishólms.
44. *Kolviðarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi vestan við Gerðubergslæk í Eyjahreppi að Kolviðarnesi.
45. *Hítarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Kaldár að Hítarnesi.
46. *Skógarnesvegur:* Af Stykkishólmsvegi sunnan Stóru-Þúfu, hjá Miklholti og Ytra-Skógarnesi að Syðra-Skógarnesi.
47. *Stakkhamarsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi sunnan Hofstaða að Stakkhamri.
48. **Krossavegur:** Af Ólafsvíkurvegi hjá Leirskál um Gaul að Krossum, með álmu að Melkoti.
49. **Ölkelduvegur:** Af Ólafsvíkurvegi við Ölkeldu að Slitvindastöðum.
50. *Lýsuhólsvegur:* Af Ólafsvíkurvegi hjá Hraunsmúla um Lýsudal og Lýsuhól á Ólafsvíkurveg vestan við Vatnsholtsá.
51. *Ólafsvíkurvegur:* Af Stykkishólmsvegi austan við Straumfjarðará um Staðarsveit og Fróðárheiði til Ólafsvíkur.
52. *Útnesvegur:* Af Ólafsvíkurvegi, sunnan Fróðárheiðar, um Breiðuvík að Sandi.
53. *Búðavegur:* Af Útnesvegi utan við Hraunhafnará til Búða.
54. *Hellnavegur:* Af Útnesvegi að Hellnum.
55. *Rifsvegur:* Af Hellissandsvegi að Rifi.
56. *Hellissandsvegur:* Frá Ólafsvík til Hellissands.
57. *Eyrarsveitar- og Fróðárhreppsvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit um Eyrarsveit til Grafarness, utan í Búlandshöfða og um Fróðársveit á Ólafsvíkurveg.
58. *Framsveitarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi nálægt Eiði út fyrir Eyrarfjall, um Setberg og á Eyrarsveitarveg nálægt Vindási.
59. *Bjarnarhafnarvegur:* Af Eyrarsveitarvegi til Bjarnarhafnar, með álmu að Seljum.
60. *Helgafellssveitarvegur:* Af Stykkishólmsvegi nálægt Grísháls í Helgafellssveit um Kóngsbakka og Hraunháls á Eyrarsveitarveg í Berserkjahrauni.
61. **Borgalandsvegur:** Af Stykkishólmsvegi hjá Tíðaási að Þingvöllum.

62. *Skógarstrandarvegur:* Af Stykkishólmsvegi í Helgafellssveit, um Skógarströnd, yfir Hörðudal og á Vesturlandsveg í Miðdölum.
63. **Langadalsvegur:** Af Skógarstrandarvegi austan Setbergsár að Litla-Langadal.
64. *Miðdalavegur:* Frá Vesturlandsvegi vestan Tunguár, hjá Kvennabrekku og Svalbarði á Vesturlandsveg hjá Fellsenda.
65. *Haukadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan við Haukadalsárbrú, um Haukadal inn á móts við Kross.
66. *Hörðudalsvegur:* Af Skógarstrandarvegi um Hörðudal, hjá Hlíð að Fremri-Vífilsdal.
67. *Laxárdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Laxár í Dölum, um Laxárdal og Laxárdalsheiði á Strandaveg utan Borðeyrar.
68. **Sælingsdalsvegur:** Af Vesturlandsvegi norðan við Leysingjastaði að Sælingsdal, með álmu að Laugum.
69. *Klofnings- og Skarðsstrandarvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Ásgarði um Staðarfell á Vesturlandsveg í Saurbæ, með álmu að Skarðsstöð.
70. *Efribyggðarvegur:* Af Klofningsvegi hjá Helluá, um Túngarð og Stóru-Tungu á Klofningsveg nálægt Kjarlaksstöðum.
71. *Salthólmavíkurvegur:* Af Skarðsstrandarvegi hjá Tjaldanesi í Saurbæ til verzlunarstaðarins í Salthólmavík.
72. *Staðarhólsvegur:* Af Skarðsstrandarvegi við Kirkjuhvol í Saurbæ, um Staðarhól að Hvammsdal.
73. *Hjarðarholtsvegur:* Af Vesturlandsvegi innan Búðardals að Hjarðarholti.
74. *Króksfjarðarnesvegur:* Af Vesturlandsvegi í Geiradal að verzlunarstaðnum í Króksfjarðarnesi.
75. *Gautsdalsvegur:* Af Vesturlandsvegi sunnan Geiradalsár, nálægt Bakka að Gautsdal.
76. *Reykhólasveitarvegur:* Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla og Stað að Laugalandi og af Vesturlandsvegi hjá Kinnarstöðum, um Hofstaði að Hlíð.
77. *Gufudalsvegur:* Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gufudal, Skálanes og Kollafjörð að Kletti austan undir Klettshálsi.
78. *Bæjarnes- og Svínanesvegur:* Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi, um Kvígindisfjörð og Kirkjuból að Bæ, með álmu vestan Kvígindisfjarðar að Svínanesi.
79. *Fjarðarhlíðarvegur:* Af Barðastrandarvegi við Vattarfjörð að Firði og þaðan að Skálmarnesmúla.
80. *Litlanesvegur:* Af Barðastrandarvegi á Eiði, fyrir Mjóafjörð að Litlanesi.
81. *Steinadalsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Brekku í Gilsfirði, um Steinadalsheiði og á Strandaveg í Kollafirði.
82. *Strandavegur:* Af Norðurlandsvegi vestan Hrútafjarðarár um Borðeyri, út með Hrútafirði, um Stikluháls, meðfram Bitrufirði, um Bitruháls, Kollafjörð og til Hólmavíkur, um Staðardal og að Vesturlandsvegi á Kollabúðaheiði.
83. *Kaldrananesvegur:* Af Bjarnarfjarðarvegi til Kaldrananess.
84. *Reykjarfjarðarvegur:* Af Strandavegi í Staðardal, um Bjarnarfjörð, Bala, Kaldbak og Veiðileysu, um Kúvíkur í Reykjarfirði, um Árnes, um Eyri í Ingólfsfirði til Ófeigsfjarðar, með álmu frá Melum til Norðurfjarðar.
85. *Gjögurvegur:* Frá Árnesi að Gjögri í Reykjarfirði.
86. *Selstrandarvegur:* Af Reykjarfjarðarvegi norðan Selár út Selströnd, um Drangsnes og Bæ til Kaldrananess.

87. *Ármúlavegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Langadalsárbrú innan við Arngerðareyri út Langadalsströnd að Ármúla.
88. *Snæfjallastrandarvegur:* Frá Ármúla um Snæfjallaströnd að Sandeyri.
89. *Ögurvegur:* Frá Arngerðareyri við Ísafjarðardjúp um Múla, um Eyrarfjall, meðfram Mjóafirði, um Ögur að Hjöllum í Skötufirði.
90. *Vatnsfjarðarvegur:* Af Ögurvegi hjá Eyri norðan Ísafjarðar um Vatnsfjörð og Skálavík á Ögurveg hjá Botni í Mjóafirði, með álmum að Þúfum og til Reykjaness.
91. *Jökulfjarðavegur:* Frá Sætúnsbryggju um Staðarheiði að Dynjanda.
92. *Aðalvíkurvegur:* Frá Heklu við Hesteyri um Hesteyrardal og Stakkadalsheiði til Látra í Aðalvík.
93. *Hnífsdals- og Bolungavíkurvegur:* Frá Ísafirði um Hnífsdal til Bolungavíkur.
94. *Tungudalsvegur:* Frá Seljalandsárbrú um Tungudal að Bunuá.
95. *Engidalsvegur:* Af Súðavíkurvegi við Réttarholt að rafstöð í Engidal.
96. *Ísafjarðarvegur:* Frá Ísafirði um Breiðadalsheiði, inn fyrir Önundarfjörð, um Gemlufallsheiði að Gemlufalli við Dýrafjörð.
97. *Súðavíkurvegur:* Af Ísafjarðarvegi nálægt Seljalandsá í Skutulsfirði um Arnardal til Súðavíkur.
98. *Fjarðavegur:* Frá Súðavík fyrir Álftafjarðarbotn, um Seyðisfjörð, fyrir Hestfjörð og Skötufjörð að Hjöllum.
99. *Suðureyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi á Breiðadalsheiði, um Botnsheiði, út með Súgandafirði, um Suðureyri að Stað.
100. *Flateyrarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Breiðadal til Flateyrar.
101. *Hjarðardalsvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Mosvöllum í Önundarfirði, um Hjarðardal og yfir Dalsá hjá Kirkjubóli í Valþjófsdal.
102. *Núpsvegur:* Frá Alviðruvör um Núp að vegamótum Ísafjarðarvegar hjá Gemlufalli.
103. *Ingjaldssandsvegur:* Frá Núpi í Dýrafirði um Sandsheiði að Sæbóli á Ingjaldssandi.
104. *Dýrafjarðarvegur:* Af Ísafjarðarvegi hjá Gemlufalli, inn fyrir Dýrafjörð að norðan og út að sunnan til Þingeyrar.
105. *Þingeyrarvegur:* Frá Þingeyri um Brekkudal og Rafnseyrarheiði að væntanlegum ferjustað við Arnarfjörð nálægt Rafnseyri.
106. **Arnarfjarðarvegur:** Frá Rafnseyri inn fyrir Borgarfjörð, um Mosdal og upp úr honum suður á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
107. *Haukadalsvegur:* Frá Þingeyri um Haukadal og Keldudal að Lokinhömrum.
108. *Álftamýrarvegur:* Af Þingeyrarvegi utan við Rafnseyri til Álftamýrar.
109. *Bíldudals- og Patreksfjarðarvegur:* Frá Bíldudal um Hálfdán, fyrir Tálknafjarðarbotn, um Mikladal til Geirseyrar við Patreksfjörð.
110. *Dalahreppsvegur:* Frá Bíldudal um Bakka að Selárdal í Dalahreppi.
111. *Suðurfjarðavegur:* Frá Bíldudal um Suðurfirði að Reykjarfirði og þaðan um Trostansfjörð á Arnarfjarðarveg.
112. *Tálknafjarðarvegur:* Af Bíldudalsvegi norðan Tálknafjarðar um Sveinseyri að Sellátrum.
113. **Hvammseyrarvegur:** Af Bíldudalsvegi sunnan Tálknafjarðar að Hvammseyri.
114. *Barðastrandarvegur:* Frá Geirseyri um Kleifaheiði, hjá Haga og Brjánslæk, um Þingmannaheiði og Klettsháls að Kletti í Kollafirði.
115. *Rauðasandsvegur:* Af Barðastrandarvegi hjá Ósum við Patreksfjörð, um Hvalsker og Saurbæ að Lambavatni á Rauðasandi.

116. *Örlygshafnarvegur:* Af Rauðasandsvegi hjá Hvalskeri um Sauðlauksdal, Örlygshöfn og Hafnarfjall að Látrum, með álmu frá Geitagili að Gjögri.
117. **Kollsvíkurvegur:** Frá Breiðuvík um Breið og Vatnadal til Kollsvíkur.

C. Um Norðurland.

1. *Norðurlandsvegur:* Af Vesturlandsvegi hjá Dalsmynni í Norðurárdal, um Holtavörðuheiði og Hrútafjörð, yfir Hrútafjarðarháls, Miðfjörð, Víðidal og Vatnsdalsá hjá Hnausum til Blönduóss, um Langadal, Stóra-Vatnsskarð, Vallhólm, Blönduhlíð, Norðurárdal, Öxnadalsheiði, Öxnadal, Þelamörk og Kræklingahlíð til Akureyrar, um Vaðlaheiði, Ljósavatnsskarð, Fljótsheiði, Mývatnsheiði, Mývatnssveit og Mývatnsöræfi, um Jökulsárbrú til Grímsstaða á Fjöllum.
2. *Reykjaskólavegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Reykjum í Hrútafirði að Reykjaskóla.
3. *Miðfjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi austast á Hrútafjarðarhálsi yfir Núpsá nálægt Núpi.
4. **Heggstaðanesvegur:** Af Norðurlandsvegi í Miðfirði um Sanda að Bessastöðum.
5. *Hvammstangabraut:* Frá Hvammstanga að Norðurlandsvegi hjá Stóra-Ósi.
6. *Vatnsnesvegur:* Frá Hvammstanga út Vatnsnes að Hindisvík.
7. **Hlíðardalsvegur:** Af Vatnsnesvegi hjá Sauðadalsá að Hlíð.
8. **Þorgrímsstaðadalsvegur:** Af Vatnsnesvegi hjá Tjörn um Tungu og yfir Tunguá.
9. *Vesturhópsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Vatnshorni um Vesturhóp út að Hindisvík.
10. *Vesturárdalsvegur:* Af Miðfjarðarvegi norðan Vesturár að Húki.
11. *Austursíðuvegur:* Af Norðurlandsvegi austan Miðfjarðarár, um brýr á Austurá og Núpsá á Miðfjarðarveg.
12. *Austurárdalsvegur:* Af Austursíðuvegi hjá Austurárbrú að Hnausakoti.
13. **Borgarvegur:** Af Norðurlandsvegi vestan Víðidalsár um Síðu og Stóru-Borg á Vesturhópsveg hjá Þorfinnsstöðum.
14. **Fitjavegur:** Af Norðurlandsvegi austan Línakradals, um Hrísa að Fremri-Fitjum.
15. *Víðidalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Deildarhóli, um Víðidalstungu og yfir brú á Víðidalsá.
16. *Vatnsdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Sveinsstöðum fram Vatnsdal yfir brú á Vatnsdalsá og út austan ár á Norðurlandsveg.
17. *Reykjabraut:* Af Norðurlandsvegi fyrir norðan Giljá um Reyki á Svínvetningabraut hjá Tindum.
18. *Flugvallarvegur:* Af Húnvetningabraut að flugvelli hjá Akri.
19. *Svínvetningabraut:* Frá Blönduósi hjá Svínavatni, um brú á Blöndu hjá Löngumýri á Norðurlandsveg norðan Svartárbrúar.
20. **Bugsvegur:** Af Svínvetningabraut hjá Syðri-Löngumýri að Eiðsstöðum.
21. **Blöndudalsvegur:** Af Svínvetningabraut norðan Blöndubrúar að Austurhlíð.
22. *Svínadalsvegur:* Af Reykjabraut hjá Svínavatni, um Auðkúlu á Svínvetningabraut innan við Svínavatn.
23. *Svartárdalsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Bólstaðarhlíð um Bergsstaði og Hvamm að Stafnsrétt.
24. *Skagastrandarvegur:* Frá Blönduósi um Skagaströnd og Kálfshamarsvík norður að sýslumörkum.

25. **Laxárdalsvegur:** Af Skagastrandarvegi hjá Lækjardal um Mýrar að Skrapatungu.
26. *Þverárfjalls- og Gönguskarðavegur:* Af Skagastrandarvegi utan við Laxá, um Norðurárdal, Þverárfjall, Laxárdal ytri, Laxárdalsheiði og Gönguskörð til Sauðárkróks.
27. *Skagavegur:* Af Gönguskarðavegi hjá Skíðastöðum út Laxárdal og Skaga að sýslumörkum.
28. *Reykjastrandarvegur:* Af Gönguskarðavegi hjá Skarði að Reykjum á Reykjaströnd.
29. *Sauðárkróksbraut:* Frá Sauðárkróki að Norðurlandsvegi hjá Varmahlíð.
30. *Sæmundarhlíðarvegur:* Af Sauðárkróksbraut hjá Geitagerði að Sólheimum.
31. *Skagafjarðarvegur:* Af Norðurlandsvegi skammt innan við Varmahlíð, um Mælifell, um Tungusveit og Kjálka, á Norðurlandsveg nálægt Egilsá í Norðurárdal.
32. **Efribyggðarvegur:** Af Skagafjarðarvegi hjá Álftagerði um Efribyggð að Skagafjarðarvegi norðan Mælifellsár.
33. **Vesturdalsvegur:** Af Skagafjarðarvegi hjá Tunguhálsi að Litluhlíð í Vesturdal.
34. **Austurdalsvegur:** Af Vesturdalsvegi hjá Goðdölum yfir Jökulsá vestri að Bústöðum.
35. *Út-Blönduhlíðarvegur:* Af Hofsósvegi austan Héraðsvatna, um Blönduhlíð á Norðurlandsveg austan við Héraðsvatnabrú á Grundarstokki.
36. *Hofsósvegur:* Frá Sauðárkróki um Hegranes, Viðvíkursveit og Óslandshlíð til Hofsóss, með álmu inn Deildardal að Kambi.
37. *Hegranesvegur:* Af Hofsósvegi hjá Garði að Ríp.
38. *Hólavegur:* Af Hofsósvegi hjá Miklahóli um Viðvík og Laufskálaholt að Hólum.
39. *Siglufjarðarvegur:* Frá Hofsósi um Sléttuhlíð, Fljót og Siglufjarðarskarð til Siglufjarðar.
40. **Flókadalsvegur vestri:** Af Siglufjarðarvegi vestan við Yzta-Mó að Neskoti.
41. **Siglufjarðarvegur ytri:** Frá Siglufjarðarkaupstað fyrir Stráka, um Úlfsdali og Almenningsskriður á Siglufjarðarveg fyrir utan Hraun í Fljótum (enda leiði rannsókn, framkvæmd af vegamálastjóra skv. þingsályktun, samþ. á Alþingi 1954, í ljós, að unnt sé að leggja þar veg vegna staðhátta og án óeðlilegs kostnaðar).
42. *Flókadalsvegur eystri:* Af Siglufjarðarvegi austan við Haganes, um Barð að Stóru-Reykjum í Flókadal.
43. *Ólafsfjarðarvegur:* Af Siglufjarðarvegi norðan Fljótaár um Stíflu og Lágheiði til Ólafsfjarðar.
44. **Múlavegur:** Frá Ólafsfjarðarkaupstað fyrir Ólafsfjarðarmúla til Dalvíkur.
45. **Ólafsfjarðarvegur eystri:** Frá Ólafsfjarðarkaupstað inn undir Hól, yfir Fjarðará á Ólafsfjarðarveg hjá Kvíabekk.
46. *Hörgárdalsvegur innri:* Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk um Hörgárbrú hjá Þúfnavöllum að Flögu.
47. *Hörgárdalsvegur ytri:* Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl að Hörgárdalsvegi innri, með álmu að Sörlatungu.
48. *Dalvíkurvegur:* Af Norðurlandsvegi á Moldhaugahálsi, um Arnarneshrepp og Árskógsströnd, hjá Árgerði til Dalvíkur.
49. *Hauganesvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi.
50. *Árskógssandsvegur:* Af Dalvíkurvegi utan við Þorvaldsdalsá að Árskógssandi.

51. *Svarfaðardalsvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Urðum.
52. *Hrísavegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Hrísum, um brýr á Skíðadalsá og Svarfaðardalsá á Svarfaðardalsveg hjá Hreiðarsstöðum.
53. *Hjalteyrarvegur:* Af Dalvíkurvegi hjá Skriðulandi í Arnarneshreppi til Hjalteyrar.
54. *Dagverðareyrarvegur:* Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri.
55. *Eyjafjarðarbraut:* Af Norðurlandsvegi sunnan Akureyrar um Jórunnarstaði að Torfufelli, ásamt brautinni að Kristneshæli og álmu frá Samkomugerði inn Djúpadal að Litladal.
56. *Laugalandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Kaupangi, hjá Laugalandsskóla, um Eyjafjarðarárbrú á Stíflu og á Eyjafjarðarbraut skammt utan við Saurbæ.
57. *Vatnsendavegur:* Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ, austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda.
58. *Svalbarðsstrandarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Veigastöðum, um Svalbarðsströnd á Fnjóskadalsveg eystri austan við brú á Fnjóská hjá Laufási.
59. *Fnjóskadalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Hálsi út Fnjóskadal austanverðan um Höfðahverfi til Grenivíkur.
60. *Fnjóskadalsvegur vestri:* Frá Draflastöðum suður Fnjóskadal vestan Fnjóskár að Illugastöðum.
61. *Kljástrandarvegur:* Af Fnjóskadalsvegi eystri utan við Gljúfurárbrú, um Höfða að Kljáströnd.
62. *Svalbarðseyrarvegur:* Af Norðurlandsvegi ofan við Geldingsárbrú til Svalbarðseyrar.
63. *Kinnarvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Krossi í Ljósavatnsskarði, um Köldukinn, yfir Skjálfandafljótsbrú, norður fyrir Garðsnúp á Þingeyjarsýslubraut hjá Garði í Aðaldal.
64. *Út-Kinnarvegur:* Af Kinnarvegi hjá Ófeigsstöðum út að Granastöðum.
65. *Reykjahverfisvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Laxamýri, um Hveravelli í Reykjahverfi og Hvammsheiði, hjá Grenjaðarstað, á Þingeyjarsýslubraut hjá Syðra-Fjalli í Aðaldal.
66. *Laxárdalsvegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárbrúm vestan Laxár, um Þverá og yfir Laxá hjá Brettingsstöðum.
67. *Bárðardalsvegur vestri:* Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú vestan Skjálfandafljóts yfir brú hjá Stóruvöllum á Bárðardalsveg eystri.
68. *Bárðardalsvegur eystri:* Af Norðurlandsvegi hjá Fosshóli, um Bárðardal austan Skjálfandafljóts, inn að Víðikeri.
69. *Þingeyjarsýslubraut:* Af Norðurlandsvegi hjá Breiðumýri, um Aðalreykjadal, Húsavík, Tjörnes og Kelduhverfi, um Jökulsárbrú í Axarfirði að vegamótum Kópaskers- og Hólsfjallavega.
70. *Mývatnssveitarvegur nyrðri:* Af Norðurlandsvegi hjá Arnarvatni í Mývatnssveit, norðan Mývatns til Reykjahlíðar.
71. *Reykjaheiðarvegur:* Frá Húsavík um Reykjaheiði að vegamótum Þingeyjarsýslubrautar hjá Lóni í Kelduhverfi.
72. **Austurhlíðarvegur:** Af Norðurlandsvegi sunnan við Breiðumýri, um Laugaskóla út Austurhlíð, yfir Reykjadalsá hjá Ökrum á Þingeyjarsýslubraut nálægt Glaumbæ.
73. *Kópaskers- og Raufarhafnarvegur:* Af Norðurlandsvegi austan við Jökulsárbrú í Axarfirði, um Kópaskerskauptún, yfir Melrakkasléttu, um Raufarhöfn á Axarfjarðarheiðarveg nálægt Svalbarði í Þistilfirði.
74. *Sandsvegur:* Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastöðum vestur yfir Sandárbrú.

75. *Hólsfjallavegur:* Frá vegamótum austan Jökulsárbrúar í Axarfirði, hjá Dettifossi, á Austurlandsveg hjá Grímsstöðum á Fjöllum, með álmu að Hafursstöðum.
76. *Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegur:* Af Kópaskersvegi hjá Klifshaga, um Hrauntanga og Svalbarð í Þistilfirði til Þórshafnar.
77. **Holtsvegur:** Af Þistilfjarðarvegi við Garðá um Holt að Laxárdal.
78. *Langanesvegur:* Frá Þórshöfn út Langanes að Skálum.
79. *Eiðisvegur:* Af Langanesvegi utan Krossóss að Eiði, með álmu að Ártúni.
80. *Ytralónsvegur:* Af Langanesvegi utan við Sauðanesós, nálægt Ytra-Lóni að Eldjárnsstöðum, með álmu að Grund.
81. **Hálsvegur:** Frá Þórshöfn að Hóli.

D. Um Austurland.

1. *Austurlandsvegur:* Af Norðurlandsvegi hjá Grímsstöðum á Fjöllum, hjá Möðrudal, um Möðrudalsöræfi, Jökuldalsheiði, um Jökuldal hjá Skjöldólfsstöðum, um Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um Hróarstungu, um Lagarfljótsbrú hjá Egilsstöðum, um Velli og Skriðdal, um Breiðdalsheiði, um Breiðdal hjá Eydölum, um Strætishvarf, um Berufjarðarströnd til Djúpavogs, um Geithellnahrepp yfir Lónsheiði að Suðurlandsvegi í Lóni.
2. *Stranda- og Jökulsárhlíðarvegur:* Frá Þórshöfn norðan Brekknaheiðar, um Strandir, Sandvíkurheiði, Vopnafjörð, Hellisheiði og Jökulsárhlíð á Austurlandsveg vestan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum.
3. *Hafnarvegur:* Af Strandavegi við Bakkaá í Skeggjastaðahreppi, um Hafnarkauptún út að Steintúni.
4. *Vopnafjarðarvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Möðrudal um Langadal og Hofsárdal til Vopnafjarðar.
5. *Vesturdalsvegur:* Af Strandavegi nálægt Vesturá um Vesturárdal á Vopnafjarðarveg fyrir innan Hof.
6. **Strandhafnarvegur:** Af Strandavegi við Borgarlæk um Ljósaland að Strandhöfn.
7. *Sunnudalsvegur í Vopnafirði:* Af Strandavegi austan við Hofsá að Sírauksstöðum.
8. *Jökuldalsvegur:* Frá Austurlandsvegi við Gilsá í Jökuldal, um Hákonarstaði og Brú að Aðalbóli.
9. **Jökuldalsvegur eystri:** Af Austurlandsvegi í Dimmadal í Heiðarenda, inn Jökuldal, um Jökulsárbrú hjá Hjarðarhaga og á Austurlandsveg.
10. *Hróarstunguvegur nyrðri:* Af Austurlandsvegi austan við Jökulsárbrú hjá Fossvöllum, um væntanlega brú á Lagarfljót á Steinboga, á Úthéraðsveg nálægt Hóli.
11. *Hróarstunguvegur eystri:* Af Austurlandsvegi hjá Rangá, um Kirkjubæ, yfir væntanlega brú á Lagarfljót hjá Fossi og á Úthéraðsveg, nálægt Ásgrímsstöðum.
12. *Kirkjubæjarvegur:* Af Hróarstunguvegi nyrðri nálægt Stóra-Bakka, um Hallfreðarstaði og Kirkjubæ að Gunnhildargerði.
13. *Upphéraðsvegur:* Af Austurlandsvegi vestan Lagarfljótsbrúar, um Fell að Hóli í Fljótsdal.
14. *Fellavegur efri:* Af Austurlandsvegi norðan Lagarfljótsbrúar, um Hafrafell og Fjallsel á Upphéraðsveg nálægt Ormarsstöðum.
15. *Fjarðarheiðarvegur:* Af Fagradalsbraut hjá Egilsstöðum, um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar.

16. *Seyðisfjarðarvegur* **syðri:** Frá Seyðisfirði um Þórarinsstaði að Skálanesi.
17. *Seyðisfjarðarvegur nyrðri:* Frá Vestdalseyri að Brimnesi.
18. *Úthéraðs- og Borgarfjarðarvegur:* Af Fjarðarheiðarvegi austan við Eyvindarárbrú, um Eiða, út Hjaltastaðaþinghá hjá Bóndastöðum og yfir Selfljótsbrú hjá Heyskálum, yfir Vatnsskarð um Njarðvík til Bakkagerðis í Borgarfirði.
19. **Hólalandsvegur í Borgarfirði:** Frá Bakkagerði um Borgarfjörð nálægt Hólalandi, yfir Fjarðará að Hvannstóði.
20. **Fjallabæjavegur:** Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig og Hamragerði að Ánastöðum.
21. *Hjaltastaðavegur:* Af Úthéraðsvegi sunnan við Bóndastaði, um Hjaltastað og Sandbrekku á Úthéraðsveg austan við Gagnstöð.
22. *Fagradalsbraut:* Af Austurlandsvegi hjá Egilsstöðum um Fagradal að Búðareyri við Reyðarfjörð.
23. *Eskifjarðarvegur:* Frá Búðareyri við Reyðarfjörð til Eskifjarðarkauptúns.
24. *Norðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Oddsskarð til Neskaupstaðar.
25. **Hólavegur í Norðfirði:** Af Norðfjarðarvegi hjá Skálateigi að Hólum.
26. *Viðfjarðarvegur:* Frá Eskifjarðarkauptúni um Vaðlavíkurheiði til Viðfjarðar.
27. *Vaðlavíkurvegur:* Af Viðfjarðarvegi á Vaðlavíkurheiði að Vöðlum í Vaðlavík.
28. *Skóga- og Fljótsdalsvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg skammt utan við Valþjófsstað, með álmu að Víðivallagerði.
29. *Skriðdalsvegur:* Af Skógavegi vestan Grímsár, inn Skriðdal, um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að Geitdal.
30. *Þórdalsheiðarvegur:* Af Austurlandsvegi í Skriðdal um Þórdalsheiði á Fagradalsbraut í Reyðarfirði.
31. *Mjóafjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut sunnan við Köldukvísl, um Mjóafjarðarheiði og norðurbyggð Mjóafjarðar að Dalatanga.
32. *Fáskrúðsfjarðarvegur:* Af Fagradalsbraut í Reyðarfirði um Sléttuströnd og Staðarskarð að Búðum í Fáskrúðsfirði.
33. *Vattarnesvegur:* Af Fáskrúðsfjarðarvegi fyrir austan Kolmúla, um Vattarnes og á Fáskrúðsfjarðarveg innan við Kolfreyjustað.
34. **Dalavegur í Fáskrúðsfirði:** Af Stöðvarfjarðarvegi norðan Dalsár að Dölum.
35. *Breiðdalsvíkurvegur:* Af Austurlandsvegi hjá Eydölum í Breiðdal til Breiðdalsvíkur.
36. *Norðurdalsvegur:* Af Austurlandsvegi í Breiðdal, um Norðurdal að Þorvaldsstöðum.
37. *Breiðdalsvegur syðri:* Af Austurlandsvegi sunnan við Breiðdalsárbrú að Flögu.
38. *Stöðvarfjarðarvegur:* Frá Búðum um Hafnarnes og Stöðvarfjörð á Breiðdalsvíkurveg hjá Þverhamri.

3. gr.

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlavegir eru aðalvegir um lönd, sem nýbýlastjórn hefur tekið að sér að koma í byggð.

4. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Nýbýlavegir skulu lagðir með hliðsjón af því skipulagi byggðarinnar, sem gert hefur verið eða samþykkt af nýbýlastjórn ríkisins, og hefur landnám ríkisins umsjón með allri vinnu við nýbýlavegi í samráði og samvinnu við vegamálastjóra um framkvæmd vegagerðarinnar.

Vegagerð þessi kemur til framkvæmda jafnóðum og fé er veitt til hennar í fjárlögum.

Nú er lokið við að leggja nýbýlaveg að dómi vegamálastjóra, og er hlutaðeigandi sýslunefnd þá skylt að taka veginn upp í tölu sýsluvega og annast viðhald hans. Heimreið eða veg af nýbýlavegi til nýbýlis kostar nýbýlingur og nýbýlastjórn í sameiningu, en nýbýlingur viðhaldið.

5. gr.

36. gr. laganna breytist þannig:

a. 1. málsgr. orðist svo:

Girðingar úr sléttum vír eða vírneti má ekki setja nær alfaravegi um óræktað land en 4 metra frá vegbrún, og ekki nær en 2 metra um ræktað land.

b. 2. málsgr. orðist svo:

Girðingar úr gaddavír má hvergi setja nær vegbrún en 8 metra.

c. 6. málsgr. orðist svo:

Ekki má reisa hús nær vegbrún en 10 metra frá þjóðvegi eða sýsluvegi, nema leyfi vegamálastjórnarinnar komi til.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 116 29. des. 1951, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1955 skulu sömu aðilar sem fyrr annast viðhald þeirra vega og vegakafla, sem bætt er í tölu þjóðvega með lögum þessum.

Ed. 662. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til laga um samræmingu á mati fasteigna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og rætt það allýtarlega. Einn nefndarmanna (HG) var forfallaður, þegar þær umræður fóru fram, og er þar af leiðandi ekki bundinn af þessu nefndaráliti.

Nefndin telur eðlilegt og nauðsynlegt, að endurskoðað verði nú þegar á þessu ári gildandi fasteignamat og samræmt, eins og frumvarpið ætlast til að gert verði. Fellst nefndin um þetta á rök þau, er fylgdu frumvarpinu í greinargerð frá ríkisstjórninni, þegar það var lagt fram í neðri deild.

Lög nr. 70 12. apríl 1945, um fasteignamat, verða ekki úr gildi numin, þótt frumvarp þetta verði gert að lögum. Hins vegar á með þeirri tímabundnu lagasetningu, sem frumvarpið felur í sér, að gera ráðstafanir til samræmingar á fasteignamatinu vegna óvenjulegra og stórfelldra breytinga, sem orðið hafa á fasteignum í landinu og verðgildi þeirra síðan síðasta aðalmat fór fram og aukafasteignamöt hafa ekki náð til.

Samræmingu þessa er ætlunin að láta verða einfaldari í framkvæmd og ódýrari en aðalmat, og þess vegna eru aðrir tilkvaddir en við aðalmat. Getur nefndin fallizt á þá skipan að öðru leyti en því, að hún álítur skylt, að eigendum fasteigna verði gefinn kostur á því að bera fram kæru yfir samræmingarmatinu, eins og í 15. gr. laganna frá 1945 um fasteignamat er skýlaust ætlazt til að gert sé, þegar mat fer fram. Hlýtur þetta að teljast ein af grundvallarreglum laganna. Nefndin telur, að þessu sé heppilegast að koma þannig fyrir, að fasteignamatsafrit það, sem 7. gr. frumvarpsins ákveður að landsnefndin skuli senda skattanefndum, verði lagt fram eigendum fasteignanna til sýnis, og komi fram kærur, láti skattanefndirnar þær ásamt umsögn frá sér ganga til landsnefndarinnar, sem úrskurðar.

Til þess er ekki ætlazt, að lagasetning þessi leiði af sér álöguhækkun á fasteignir yfirleitt, og eru ákvæði 10. gr. frumvarpsins til þess sett að koma í veg fyrir það. Lítur nefndin svo á, að þau ákvæði séu sjálfsögð. Með lögum um fasteignamat á alls ekki að ákveða hækkun eða lækkun gjalda af fasteignum.

Samkvæmt framansögðu leggur fjárhagsnefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 7. gr. Greinin orðist þannig:

Þegar landsnefndin hefur endurskoðað fasteignamatið samkv. 6. gr., skal nefndin senda skattanefndum til umsagnar afrit af fasteignamatinu í hlutaðeigandi sveitarfélagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er nefndin hefur fylgt í störfum sínum. Skattanefndir skulu, hver í sínu sveitarfélagi, láta samrit af afriti fasteignamatsins liggja frammi í 3 vikur fasteignaeigendum til sýnis. Ef kæra berst skattanefnd út af matinu innan þess tíma, skal skattanefndin senda landsnefndinni hana, ásamt umsögn frá sér, og leggur landsnefndin úrskurð á málið.

Landsnefndin skal einnig senda yfirskattanefndum afrit af fasteignamatinu í umdæmi þeirra.

Landsnefndin setur undir- og yfirskattanefndum frest um það, hvenær þær skuli hafa skilað svörum til hennar.

Að fengnum athugasemdum og tillögum skattanefndanna skal landsnefndin taka fasteignamatið til endanlegrar afgreiðslu.

Alþingi, 27. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
	Gísli Jónsson.	

Ed. 663. Nefndarálit [157. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. þetta á nokkrum fundum og meðal annars átt tal um það við Ásgeir Þorsteinsson, framkvæmdastjóra Lýsissamlags ísl. botnvörpunga. Nefndin er sammála um nauðsyn lýsisherzlu hér á landi og að lýsisherzlustöðin geti starfað. Hins vegar kann hækkun á íslenzkri hertri feiti að koma niður á ríkissjóði, ef hækka verður smjörlíkisverðið, þar sem ríkissjóður greiðir niður verð smjörlíkis.

Nefndin vill ekki að svo stöddu leggja til, að frv. verði samþykkt án frekari rannsóknar, en leggur til, að hv. deild samþykki svofellda

RÖKSTUDDA DAGSKRÁ:

Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti rannsaka, hvort framleiðsluverð innlendrar, hertrar feiti þurfi nauðsynlega að hækka, til þess að framleiðslan beri sig, og leyfi ekki innflutning hertrar feiti, nema í ljós komi að undangenginni rannsókn, að smjörlíkisverksmiðjurnar þoli ekki að taka á sig þá verðhækkun án þess að hækka smjörlíkið í verði til almennings, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 664. Breytingartillögur [94. mál]

við frv. til laga um iðnskóla.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

1. Við 4. gr. Aftan við 1. málsl. bætist: og skulu þeir hafa forgangsrétt um inntöku í skólann, ef hann getur ekki veitt öllum þeim nemendum viðtöku, sem sækja þar um fræðslu.
2. Á eftir 17. gr. komi svo hljóðandi

Bráðabirgðaákvæði:

Bókleg og verkleg fræðsla samkvæmt fyrirmælum þessara laga er háð þeim fjárframlögum, sem lögð eru til iðnfræðslunnar á hverjum tíma.

Sþ. 665. Tillaga til þingsályktunar [195. mál]

um framkvæmd laga um mannanöfn, nr. 54 1925.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

Alþingi ályktar að skora á dómsmálaráðherra að gera ráðstafanir til þess, að gildandi lögum um mannanöfn, nr. 54 1925, verði framfylgt.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um mannanöfn er svo kveðið á, að menn skuli heita einu eða tveim íslenzkum nöfnum og kenna sig við föður sinn, móður eða kjörföður. Síðan lög þessi tóku gildi, eða 1925, hefur verið óheimilt að taka upp ný ættarnöfn. Það hafði hins vegar verið heimilað með lögum árið 1913. Þeim, sem höfðu ættarnöfn fyrir þann tíma, er heimilt að halda þeim sem og niðjum þeirra. Þeim, sem tóku sér ættarnöfn á tímabilinu 1913—1925, skal sjálfum heimilt að bera þau, en niðjar þeirra mega ekki nota þau, heldur skulu þeir kenna sig við föður, móður eða kjörföður samkvæmt hinni almennu og fornu íslenzku reglu.

Lög þessi eru í reynd brotin á margan hátt. Það er mjög algengt, að menn heiti fleiri nöfnum en tveim. Það er og títt, að menn beri erlend nöfn. Það hefur jafnvel tíðkazt, því miður, að börn hafi verið skírð orðskrípum, sem ekki verða talin til íslenzkrar tungu. Enn fremur mun reglan yfirleitt vera sú, að niðjar þeirra, sem tóku sér ættarnöfn á tímabilinu 1913—1925, beri þessi ættarnöfn, þótt það sé ólöglegt. Konur og börn nota og oft föðurnafn eða ættarnafn manns síns eða föður í stað eigin föðurnafns síns, þótt slíkt sé ekki heimilt samkvæmt ákvæðum nafnalaganna.

Nú hefur það gerzt nýlega, að neðri deild Alþingis hefur ítrekað samþykktir síðustu þinga um, að nýir ríkisborgarar, sem heita erlendum nöfnum, skuli skipta um nafn. Hafa þau rök fyrst og fremst verið færð fyrir þessari ráðstöfun, að íslenkzri tungu stafi hætta af því, að íslenzkum ríkisborgurum með erlendum nöfnum fjölgi.

Flutningsmaður þessarar tillögu flutti ásamt fjórum öðrum þingmönnum tillögu um, að það yrði látið nægja, að hinir nýju ríkisborgarar tækju upp íslenzkt fornafn, enda þarf sú breyting oft og tíðum aðeins að vera óveruleg, en börn þeirra skyldu síðan kenna sig við fornafn föður síns samkvæmt ákvæðum íslenzkra nafnalaga, þannig að hin erlendu ættarnöfn nýju ríkisborgaranna hyrfu úr sögunni við fráfall þeirra. Helztu rökin fyrir þessu voru þau, að of nærri væri gengið persónufrelsi manna með því að skylda þá til algerrar nafnbreytingar á fullorðins aldri, enda mundu slík lagaákvæði vera algerlega óþekkt í nágrannalöndum. Sú tillaga var felld.

Um það er enginn ágreiningur, að sjálfsagt sé að varðveita íslenzka tungu sem hreinasta sem og alla þætti íslenzks þjóðernis. Ef menn telja, að tungunni stafi bráð hætta af því, að fáeinir Íslendingar beri erlend nöfn, af því að þeir eru af útlendu bergi brotnir, væri eðlilegast, að ráðstafanir væru gerðar til þess að útrýma slíkum erlendum nöfnum algerlega úr landinu. Engum virðist þó til þessa hafa dottið í hug að skylda þá íslenzka menn, sem nú bera erlend nöfn, til þess að skipta um nafn og taka upp íslenzkt heiti. Ekki virðist heldur neinum hafa dottið í hug að koma í veg fyrir, að ýmsir Íslendingar beri erlend nöfn um öll ókomin ár, því að engin tillaga hefur komið fram, ekki nú nýlega að minnsta kosti, um að banna niðjum manna, sem nú bera erlend nöfn með löglegum hætti, að halda þeim. Þetta virðist þó vera hin eina rökrétta afleiðing þeirrar skoðunar, að tungunni stafi hætta af fáeinum útlendum mannanöfnum. Hins vegar hefur sú stefna orðið ofan á, að nýir ríkisborgarar einir skuli skipta algerlega um nafn, ef þeir bera erlent heiti.

Meðal þeirra nafna, sem ætlazt er til að nýir ríkisborgarar leggi nú niður, eru nöfnin Christensen, Clausen, Hansen, Jacobsen, Jensen, Jörgensen, Larsen, Mikkelsen, Nielsen og Petersen. Alkunna er, að ýmsir góðir Íslendingar bera nú þessi nöfn, og virðist ekki tilætlunin að gera ráðstafanir til þess, að þeir skipti um nafn, né heldur að koma í veg fyrir, að niðjar þeirra beri þau áfram.

Flutningsmaður þessarar tillögu staðhæfir, að ýmsum þeirra manna, sem nú er ætlað að segja skilið við nafn foreldra sinna og forfeðra, er það mjög nauðugt og mundu ekki gera það sársaukalaust. Þeir telja það og með réttu ósanngjarnt í sinn garð, að þeim sé gert skylt að leggja niður nöfn, sem aðrir íslenzkir borgarar mega bera. Hér stefnir því í óefni.

En hvort sem sú verður niðurstaðan, að Alþingi haldi enn þeirri reglu, að nýir ríkisborgarar skuli skipta um nafn, ef það er erlent, eða ekki, virðist einsýnt, að gerðar séu ráðstafanir til þess, að menn beri ekki ólögleg erlend nöfn, því að ekki geta þau verið skaðlausari en hin löglegu eða þau, sem menn eru skyldaðir til að leggja niður. Sömuleiðis virðist sjálfsagt að gera að öðru leyti gangskör að því, að nafnalögin séu haldin. Ráðstafanir í þá átt hefðu eflaust í för með sér, að ýmsir, sem bera ólögleg nöfn, yrðu að skipta um heiti, en ef Alþingi telur á annað borð, að slíkt sé engin frágangssök, má það ekki hika við að láta í ljós vilja sinn, að svo skuli gert, þegar það er í raun og veru skylt lögum samkvæmt.

Nd. 666. Breytingartillögur [139. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyt. á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 7. gr.
   a. Í stað „tvær nýjar“ í 1. málsl. komi: þrjár nýjar.
   b. Á eftir 1. málsl. komi ný málsgr., þannig:
   Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.
2. Við 19. gr. Efnismálsgreinin orðist svo:
   Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.
3. Á eftir 23. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Síðari málsl. 20. gr. l. 101/1943 orðist þannig:
   Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Nd. 667. Breytingartillögur [137. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Við 6. gr.
   a. Í stað „ný“ í 1. málsl. komi: tvær nýjar.
   b. Á eftir 1. málsl. komi ný málsgr., þannig:
   Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.
2. Við 17. gr. Fyrri efnismálsgreinin orðist svo:
   Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.
3. Á eftir 19. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Síðari málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:
   Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til þess að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Nd. 668. Breytingartillögur [138. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á eftir 2. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 25 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.
2. Við 9. gr. (verður 10. gr.). Efnismálgreinin orðist svo:
   Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

3. Á eftir 13. gr. (verður 14. gr.) komi ný grein, svo hljóðandi:
2. málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:
Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

Ed. 669. Nefndarálit [178. mál]

um frv. til laga um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á tveimur fundum og borið það saman við gildandi lög um nokkra aðra kaupstaði á landinu. Hún boðaði enn fremur til viðræðna á fund sinn hreppsnefnd Kópavogshrepps, og mættu hjá henni oddviti hreppsins og J. J. Líndal. Þá kynnti nefndin sér einnig þau gögn, sem fram komu í málinu undir meðferð þess í Nd., svo og niðurstöður nýafstaðinnar atkvgr. í Kópavogshreppi.

Eftir að nefndin hefur kynnt sér málið þannig og rætt það, leggur hún til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 27. apríl 1955.

Vilhjálmur Hjálmarsson, form.	Ingólfur Flygenring, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson.	Haraldur Guðmundsson.	

Ed. 670. Frumvarp til laga [196. mál]

um lax- og silungsveiði.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Merking orða í þessum lögum er sem hér segir:

Alifiskur: Fiskur, sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða kössum.

Á: Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.

Áll: Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni, þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra, sem eigi teljast bakkar. Nú eru fleiri álar en einn, og heitir sá höfuðáll, sem vatnsmestur er.

Bakki: Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar, sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.

Dráttur: Staður í veiðivatni, þar sem ádráttarveiði verður við komið.

Félagsveiði: Félagsskapur eigenda eða notenda veiðiréttar um sameiginlega hagnýtingu veiðihlunninda.

Fiskeldi: Geymsla, fæðsla og gæzla alifisks.

Fiskihverfi: Veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur, þá er ræktaður hefur verið.

Fiskrækt: Hvers konar aðgerðir, sem ætla má að skapi eða auki fiskmagn veiðivatns, sbr. 44. gr.

Fiskur: Lax (Salmo salar), silungur (S. trutta og S. alpinus) og regnbogasilungur (S. irideus), ef ræktaður verður.

Fiskvegur: Hvers konar mannvirki, er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

Föst veiðivél: Veiðitæki, sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjazt í eða króazt, svo sem lagnet, króknet, kista og girðing.

Göngusilungur: Silungur, er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

Kvísl: Hluti af straumvatni, sem fellur sér milli bakka.

Lögn: Staður í vatni, þar sem fastri veiðivél verður við komið.

Ós í á: Sá staður, þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

Ós í sjó: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumslágflæði.

Ós í stöðuvatn: Sá staður, þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatni.

Ós úr stöðuvatni: Sá staður, þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

Ósasvæði: Svæði í straumvatni, er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

Sjór: Salt vatn utan árósa.

Straumlína (strengur): Lína, sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess, þar sem straumur er mestur.

Straumvatn: Ósalt vatn, á eða ósasvæði, sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumslágflæði.

Stöðuvatn: Ósalt vatn, sem eigi er í greinilegur straumur, annar en sá, sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

Vatn: Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

Vatnasilungur: Silungur, sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjarsilungur og murta.

Veiðimagn: Samanlögð þyngd veiddra fiska.

Veiðimál: Hvers konar mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

Veiðitala: Tala veiddra fiska.

Veiðivatn: Á eða stöðuvatn, sem veiði er í eða mætti í vera, ef fiskur væri ræktaður þar.

Veiðivél: sjá föst veiðivél.

II. KAFLI
Um veiðirétt.

2. gr.

1. Landeiganda er einum heimil veiði í vatni á landi sínu, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum þessum.

2. Nú hefur maður fengið veiðiskírteini, slíkt er getur í 22. gr., og er honum þá veiði heimil hvar sem er til fiskræktar eða vísindalegra rannsókna. Eigi má drepa fisk, sem veiddur er vegna fiskræktar. Veiðieiganda er rétt að hagnýta sér fisk, sem veiddur er til vísindalegra rannsókna. Að öðru leyti ber veiðieiganda ekki endurgjald fyrir veiði þessa.

3. Nú er jörð byggð á leigu, og fylgir þá veiði ábúð, nema öðruvísi semjist og ráðherra samþykki.

4. Eigi má skilja veiðirétt að nokkru eða öllu leyti við landareign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma, sbr. þó 2. mgr. 60. gr., annan en stangarveiðirétt, en hann má skilja við landareign um tiltekið tímabil, er þó má eigi vera lengra en 10 ár, nema leyfi ráðherra komi til og veiðimálastjóri og veiðimálanefnd mæli með því, að leyfið sé veitt.

5. Nú er réttur til stangarveiði skilinn við landareign samkvæmt 4. mgr., og er þá löglegt, að landeigandi afsali sér jafnframt afnotarétti til annarrar veiði í því vatni það tímabil, er stangarveiði er við landareignina skilin.

3. gr.

1. Veiðiréttindi, er skilin hafa verið við landareign, áður en lög þessi tóku gildi, er eigendum landareigna þeirra, er þau ella mundu hafa fylgt samkvæmt 1. mgr. 2. gr., rétt að leysa til sín, hverjum fyrir sinni landareign, ef ráðherra leyfir, að fengnu samþykki veiðimálanefndar, enda krefjist ¾ hlutar þeirra innlausnar. Nú á maður fleiri landareignir en eina, og hefur hann þá eitt atkvæði fyrir lögbýli hvert, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða eldra mati. Nú er landareign í óskiptri sameign, og kemur þá eitt atkvæði fyrir þá jörð. Meiri hluti eigenda ræður, ef þá greinir á.

2. Nú er innlausnar krafizt samkvæmt 1. mgr., en eigi af hálfu allra þeirra landeigenda, er innlausnarrétt eiga, og getur þá eigandi veiðiréttar krafizt þess, að þeir landeigendur, sem innlausnar krefjast, leysi til sín veiðirétt hinna, er eigi vilja innleysa.

3. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því, sem segir í 106. og 108. gr.

4. gr.

1. Nú er landareign eða veiðiréttur í óskiptri sameign, og er þá sameigendum öllum veiði jafnheimil. Rétt er þeim, er telst vanhaldinn, að krefjast skipta á veiði, annaðhvort svo, að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða viku, að tiltölu við eignarhluta sinn, en eigi skulu skipti lengur standa en fimm ár um sinn. Mat skal ráða, ef menn skilur á um veiðiskipti.

2. Nú er landareign í sameign, en skipt eftir merkjum, afnotaskiptum eða eignar, og á þá sameigandi hver veiði fyrir sínu landi, nema skipt hafi verið veiði samkvæmt 1. mgr. eða önnur lögmæt skipun verið á ger.

5. gr.

Búendum, sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt, er einum heimil veiði í vötnum á þeim afrétti til búsþarfa á sama hátt sem verið hefur, enda sé veiðiréttur í þeim vötnum eigi einkaeign. Eigi má leigja veiði í slíkum vötnum eða leyfa hana með öðrum hætti.

6. gr.

Nú skilur vatn landareignir, enda fylgi veiðiréttur báðum landareignum, og er þá landeiganda hvorum veiði jafnheimil. Hvorum þeirra er einungis heimilt að standa að stangarveiði sínum megin ár, en bjarga má hann fiski að hinu landinu, ef nauðsyn ber til. Nú er ádráttarveiði leyfð, og má þá draga vað að hvoru landi sem vill, en bæta skal landspell eftir mati, ef eigi semur. Skipta má veiði samkvæmt 4. gr.

7. gr.

Nú leggst á eða lækur í nýjan farveg eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg, og hverfur þá veiðiréttur til þess, sem land á undir, sbr. þó 7. og 8. gr. laga nr. 15 1923.

8. gr.

1. Landeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatns, og er hún þeim öllum jafnheimil. Nú er forn venja til þess, að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum landareignum, og skal sú venja gilda framvegis.

2. Nú hefur dorgarveiði um ís verið tíðkuð að undanförnu í almenningi vatns frá jörðum, er ekki eiga land að vatninu, og skal þá slík veiði heimil framvegis.

3. Rétt er að skipta veiði þeirri, er getur í þessari grein, eftir 4. gr.

9. gr.

Eigi má maður leyfa öðrum veiði fyrir sameignarlandi eða í félagsvatni (4. gr. 1. mgr.) eða almenningi (8. gr. 1. og 2. mgr.).

III. KAFLI

Um skrásetningu veiðivatna, merkingu veiðarfæra og veiðiskýrslur.

10. gr.

1. Skrásetja skal veiðivötn.
2. Í skránni skal greina:

a. Nafn veiðivatns og legu.
b. Hvaða jörðum fylgi veiðiréttur í vatni og frá hvaða jörðum veiði hafi stunduð verið.
c. Veiðiaðferðir, er tíðkaðar hafa verið í vatni.
d. Fastar veiðivélar, er notaðar voru í vatni síðasta veiðitíma, áður en lög þessi tóku gildi, og svo þær, er síðar eru teknar til notkunar.
e. Lagnir, drætti og hrygningarstaði í vatni.
f. Fossa og aðrar fyrirstöður fyrir fiskför í vatni.
g. Önnur atriði, sem máli skipta um veiði í vatni og þörf þykir að skrásetja.

3. Veiðimálastjóri hefur með höndum skrásetningu veiðivatna. Öllum veiðieigendum er skylt að gefa honum þær skýrslur, sem hann óskar, um þau atriði, er skrásetja þarf.

4. Ráðherra er rétt að setja með reglugerð nánari ákvæði um skrásetningu veiðivatna. Í reglugerðinni má ákveða, hver veiðivötn skuli skrásetja.

11. gr.

1. Ákveða má í samþykkt fiskræktarfélags eða reglugerð, er ráðherra setur, að merkja skuli tilteknu merki öll ádráttarnet og lagnet, sem nota á til veiði í tilteknu vatni, og svo lagnet, er nota á til silungsveiða í sjó.

2. Eftirlitsmaður með veiði hefur með höndum merkingu veiðarfæra eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn.

12. gr.

1. Hver sá, sem veiði stundar, skal gefa skýrslu um veiði sína. Eigandi veiðiréttinda eða veiðifélag, ef til er, skal heimta veiðiskýrslur af veiðimanni og senda þær veiðimálastjóra.

2. Skýrslur þessar skulu gerðar eftir fyrirmynd, er veiðimálastjóri setur, og skal hann sjá um, að þeir menn, sem skýrslur eiga að gefa, geti fengið skýrslueyðublöð ókeypis. Kostnaður af prentun eyðublaða greiðist úr ríkissjóði.

3. Eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri, þar sem eigi er eftirlitsmaður við veiðivatn, skulu safna veiðiskýrslum hver í sínu umdæmi og senda þær veiðimálastjóra.

13. gr.

1. Hver sá, sem kaupir lax eða silung, veiddan innanlands, til sölu innanlands eða utan, og svo gistihús, matsöluhús, sjúkrahús og þess háttar stofnanir, er kaupa þessa vöru, skulu á mánuði hverjum gefa skýrslu um þessi kaup. Ráðherra setur nánari reglur um slíka skýrslugerð.

2. Ráðherra er rétt að setja reglur um merkingu lax og silungs, sem boðinn er til sölu.

IV. KAFLI
Um friðun lax og göngusilungs.

14. gr.

1. Eigi má veiða lax í sjó.

2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.

3. Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.

4. Veiði lax og göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er. Ráðherra setur reglur um þessa veiði.

5. Nú liggur veiðivatn svo nærri sjávarveiði, slíkri sem getur í 3. mgr., að veiðimálastjóri telji, að sjávarveiðin rýri veiði í vatninu, en veiðieigendur í vatninu, einn eða fleiri, vilja leysa sjávarveiðina til sín, og er ráðherra þá rétt að leyfa það, að fengnu samþykki veiðimálanefndar. Um mat á andvirði veiðiréttar og greiðslu þess fer eftir því sem segir í 106. og 108. gr.

6. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma, enda æski veiðinotendur eða fiskræktar- eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.

15. gr.

1. Veiða má silung í sjó á færi og á stöng, í ádráttarnet og í lagnet, þó eigi í króknet, fleygnætur, herpinætur né önnur veiðitæki, þau er lax má í veiða.

2. Eigi má leggja silunganet né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns en 1000 metra, enda gangi lax í það vatn. Rétt er ráðherra eftir tillögu veiðimálastjóra að leyfa slíka veiði, þó aldrei nær ósi en 500 metra. Þó getur ráðherra að fengnu áliti veiðimálanefndar leyft ádrátt fyrir síld og loðnu á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

16. gr.

1. Eigi má hafa ádrátt í ósi straumvatns eða ósasvæði.

2. Eigi má stunda aðra veiði en stangarveiði í árós í á eða árós í stöðuvatn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk í árósi úr stöðuvatni, er lax eða göngusilungur fer um, né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósi.

3. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir upp eða niður frá ósi, enda þyki það nauðsynlegt til viðhalds veiði í vatni. Bann þetta skal standa tiltekinn tíma, og má binda það því skilorði, að veiðieigendur eða ábúendur greiði bætur þeim aðila, sem öðrum fremur missir af veiði vegna slíks banns. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 106. gr., ef eigi semur.

17. gr.

Í straumvatni eða hluta straumvatns, þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum, skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni, og nefnist þar gönguhelgi. Hún tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik, en helming af breidd óss eða ósasvæðis. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemi þriðjungi af breidd vatns. Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu, og má þá skjóta þeim ágreiningi til mats samkvæmt 106. gr.

18. gr.

1. Eigi má veiða lax nema á tímabilinu frá 20. maí til 20. september ár hvert. Nú telst sannað, að fiskur hrygni í veiðivatni í september, og er ráðherra þá rétt eftir

tillögum veiðimálastjóra að ákveða, að veiðitíma ljúki fyrr í því vatni. Ádráttarveiði er eigi heimil eftir 31. ágúst.

2. Á tímabili því, er getur í 1. mgr., má hvergi stunda laxveiði lengur en 3 mánuði. Rétt er ráðherra að setja nánari reglur um veiðitíma í vatni hverju, að fengnum tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar.

3. Göngusilung má einungis veiða frá 1. apríl til 20. september ár hvert. Þá er sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft, að göngusilungur sé veiddur utan þess tíma í lagnet og á stöng.

4. Frá 1. apríl og þar til lavxeiði hefst, má eigi nota önnur veiðitæki til veiði göngusilungs en stöng, lagnet og ádráttarnet.

5. Nú veiðist lax á tímabilinu frá 1. apríl og þar til laxveiðitími hefst, og er þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í vatn aftur.

6. Á friðunartíma þeim, sem getur í þessari grein, skulu allar fastar veiðivélar teknar upp úr veiðivatni, sbr. þó 3. mgr.

19. gr.

1. Á veiðitíma þeim, er getur í 18. gr., skal lax og göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, 84 stundir á viku hverri, frá föstudagskvöldi kl. 9 til þriðjudagsmorguns kl. 9. Ádrátt má aldrei hafa frá kl. 9 síðdegis til kl. 9 árdegis og aldrei nema tvo daga í viku hverri, þriðjudag og miðvikudag. Stangarveiði og veiði með færi má eigi stunda frá kl. 10 síðdegis til kl. 7 árdegis og aldrei lengur en 12 klukkustundir á sólarhring hverjum. Nú fer lax og göngusilungur um stöðuvatn, og skal hann friðaður þar, svo sem nú var sagt.

2. Ráðherra er rétt að ákveða, að friðun sú, sem getur í 1. mgr., skuli gilda aðra daga ofar í straumvatni en neðar, enda telji veiðimálastjóri það nauðsynlegt til jöfnunar fiskgengd í því vatni.

20. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða tiltekin svæði í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar eða vegna fyrirstöðu á göngu, svo sem undir fossum, enda telji veiðimálastjóri, að önnur veiði á þeim stöðum sé hættuleg fiskstofni vatnsins. Friðun þessa má binda við tiltekinn tíma. Slík friðun er því skilyrði háð, að veiðieigendur eða ábúendur í fiskihverfi greiði bætur þeim aðila, sem missir öðrum fremur af veiði vegna friðunar. Ákveða má bætur með mati samkvæmt 106. gr., ef eigi semur.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að friða heilt vatn gegn allri veiði, annarri en stangarveiði, enda sé sú friðun nauðsynleg til verndar fiskstofni þess vatns.

21. gr.

1. Eigi má veiða lax minni en 35 cm að lengd og eigi göngusilung minni en 20 cm að lengd.

2. Nú veiðist lax eða göngusilungur minni en segir í 1. mgr., og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

22. gr.

1. Þrátt fyrir ákvæði 16.—21. gr. er leyfilegt að veiða lax eða göngusilung til klaks eða vísindalegrar rannsóknar, hvenær sem er, hvar sem er og án tillits til stærðar.

2. Til veiði þeirrar, er getur í 1. mgr., þarf veiðiskírteini. Ráðherra gefur út veiðiskírteini, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra. Veiðiskírteini skal gefið út handa einstaklingi, fiskræktarfélagi eða veiðifélagi, og gildir það um tiltekinn tíma. Veiðiskírteini til klaks veitir eigi rétt til veiði í öðru fiskihverfi en því, sem klakið er í, nema með fullu samþykki veiðieigenda eða fiskræktarfélags, ef til er, og má binda leyfi því skilyrði, að sleppt sé hæfilegri tölu seiða í það vatn, sem veitt var í.

3. Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, þegar þurfa þykir, og skal sá, er veiðiskírteini fær, bera kostnað af eftirliti. Með sama skilorði getur ráðherra sett reglur um, hvar og hvernig sleppa skuli aliseiðum eða fiski í veiðivatn.

23. gr.

1. Frá 25. september til 20. maí ár hvert er bannað að gefa, selja eða láta af hendi með öðrum hætti lax, kaupa hann, þiggja að gjöf, taka við honum eða flytja hann úr landi.

2. Bann það, er getur í 1. mgr., tekur eigi yfir:

a. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur erlendis.
b. Lax og göngusilung, sem sannanlega er veiddur á löglegum tíma, enda sé hann afhentur eða útfluttur frystur, saltaður, reyktur eða niðursoðinn.
c. Lax og göngusilung og seiði þeirra, sem afhent eru til fiskræktar innanlands.
d. Alifisk.

3. Sá, er sóttur er til sakar fyrir brot gegn banni því, sem felst í þessari grein, er sýkn, ef hann sannar, að fiskur sé veiddur erlendis eða á löglegum tíma.

V. KAFLI
Um friðun vatnasilungs.

24. gr.

1. Vatnasilungur, annar en murta, skal vera friðaður fyrir allri veiði eigi skemmri tíma en í 3 mánuði á tímabilinu frá 15. ágúst til 1. marz ár hvert. Veiðimálastjóri skal ákveða lengd friðunartíma í vatni hverju, en leita skal hann umsagnar fiskræktarfélags, ef til er.

2. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að ákveða allt að tveggja sólarhringa friðun á viku hverri í stöðuvatni.

3. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að leyfa lagnetjaveiði til heimilisnota á friðunartíma þeim, er getur í 1. mgr., þar sem friðunartími er ákveðinn lengri en 4 mánuðir. Leyfi þetta skal binda nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja, að hrygnandi fiskur verði eigi veiddur á þennan hátt, svo sem skilyrði um fjarlægð lagna frá hrygningarstöðvum.

4. Ráðherra getur eftir tillögum veiðimálastjóra sett reglur um friðun vatnasilungs, þar sem hann hrygnir að sumarlagi.

25. gr.

1. Ráðherra er rétt með samþykki veiðimálanefndar og eftir tillögum veiðimálastjóra að banna að nokkru eða öllu silungsveiði á tilteknum svæðum í vatni, þar sem hitasilungur eða ungviði safnast fyrir.

2. Rétt er ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra að takmarka eða fella með öllu niður friðun þá, er getur í 24. gr. og 1. mgr. þessarar greinar, enda þyki nauðsynlegt að fækka fiski í vatni eða uppræta úr því úrkynjaðan fiskstofn í því skyni að rækta annan stofn kynbetri.

3. Ákvæði greinar þessarar um friðun og undanþágu frá friðun má binda við tiltekið tímabil.

26. gr.

Ákvæði 22. gr. taka einnig yfir veiði vatnasilungs.

VI. KAFLI
Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.

1. Í straumvatni má nota þau ein veiðarfæri, sem hér segir: Færi, stöng, lagnet og króknet.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa veiði með girðingum, kistum og ádráttarnetjum, þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hann með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það, sem segir í lögum þessum.

3. Ráðherra getur leyft, að reynd séu eða upp tekin önnur veiðarfæri, m. a. til vísindalegra þarfa, enda mæli veiðimálanefnd og veiðimálastjóri með því. Slík leyfi skal binda þeim skilyrðum um gerð veiðitækja og notkun, sem nauðsynleg þykja.

4. Lagnir, sem eigi voru notaðar fimm síðustu ár fyrir gildistöku laga þessara, má eigi nota nema með samþykki veiðimálastjóra.

5. Nú þykja ákvæði þessara laga um friðun og veiðitæki eigi veita fiskstofni vatns nægilega vernd gegn ofveiði, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að fækka föstum veiðivélum í því vatni.

28. gr.

1. Eigi má veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski, sem fastur er á öngli, í neti eða gildru, og skal gerð þeirra miðuð við þau not ein.

2. Eigi má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

29. gr.

1. Lagnet skulu liggja frá bakka beint út í straumvatn eða forstreymis.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, má eigi leggja lagnet svo, að af verði gildra.

3. Króknet skulu lögð frá bakka eða garði, er gengur þvert á straum út frá bakka. Leiðara má hafa niður frá krók, og telst hann hluti veiðivélar.

4. Lagnet og króknet, sem notuð eru í straumvatni, er lax og göngusilungur fer um, mega eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Sama máli gegnir um leiðara frá krókneti eða annarri veiðivél.

5. Eigi má nota tvöföld net. Í straumvatni, sem mikið ber með sér af slýi eða slafaki, má þó hafa net til varnar fyrir reki þessu. Slík varnarnet mega þó hvergi vera nær neti eða garði en 3 m, og skulu þau vera þannig gerð, að fiskur geti ekki ánetjazt í þeim eða króazt. Veiðimálastjóri setur reglur um gerð varnarnetja.

30. gr.

1. Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur né neitt annað, sem festir í fiski, að honum óvörum og án þess að hann elti það.

2. Eigi má stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti, sbr. þó 2. mgr. 78. gr. Veiðimálastjóri getur sett nánari reglur um, hversu haga skuli veiði og friðun í vatni hverju, en hafa skal hann samráð um það við veiðifélag, ef til er.

3. Veiðimálastjóri ákveður með samþykki veiðimálanefndar, hversu margar stengur megi hafa um sinn í veiðivatni. Leita skal hann um það álits fiskræktarfélags eða veiðifélags, ef til er. Þar sem veiðifélag er eigi til, skulu veiðieigendur skipta með sér veiði í hlutfalli við veiðiaðstöðu, sbr. 70. gr.

4. Nú rís ágreiningur um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða leigu eftir veiði milli notenda veiðiréttar í vatni, slíku er ræðir um í 3. mgr., og er þá þeim, er telur sig vanhaldinn, rétt að krefjast mats samkvæmt 106. gr. laga þessara.

31. gr.

1. Girðing í straumvatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skal þannig gerð, að hlið sé á henni, eigi minna en 5 m breitt við inngang í gildru eða veiðikró. Veiðimálastjóri getur mælt svo fyrir, að hlið skuli höfð á girðingu, þar sem hún liggur yfir ál, sem ætla má, að mikil fiskför sé um. Hlið þessi skulu standa opin þann tíma viku, sem vatn er friðað samkvæmt 19. gr.

2. Inngangur í veiðikrær skal vita undan straumi, og má leiðari frá girðingu aldrei liggja á móti straumi né girðingu að öðru leyti vera þannig hagað, að hætta sé á, að hún taki fisk, sem forstreymis gengur.

32. gr.

1. Laxakista eða silunga skal þannig gerð, að í þeirri hlið kistu, er mest veit móti straumi, séu eigi færri en tíu spelar sívalir, er standi lóðrétt og nái frá botni kistunnar til yfirborðs vatns. Slár má því einungis hafa milli spela, að þær gangi þvert á þá, og sé aldrei minna bil en 50 cm á milli slánna.

2. Garður sá, sem gengur milli lands og kistu, skal einnig vera gerður úr spelum, og skal spelum og slám á milli þeirra vera svo fyrir komið sem segir í 1. mgr. Á garði þessum skal vera hlið, þar sem straumur er mestur eða ætla má að fiskur eigi greiðasta för í þeim hluta ár, er garðurinn nær yfir. Má hliðið eigi þrengra vera en 40 cm og ná frá botni til yfirborðs vatns.

3. Garður sá, sem gengur forstreymis frá kistu, skal vera gerður úr spelum, og skal spelum og þverslám í garðinum svo hagað sem segir í 1. mgr. Veiðimálastjóri getur skipað fyrir um, að sett skuli hlið á garð þennan, þar sem ætla má, að fiskför verði mest í þeim hluta straumvatns, er garðurinn nær yfir. Hlið þessi skulu svo gerð sem fyrir er mælt í 2. mgr.

4. Kistum skal þannig fyrir komið, að auðvelt sé að ganga að þeim til eftirlits.

33. gr.

1. Eigi má draga ádráttarnet yfir meira en ⅔ hluta af breidd straumvatns í senn, og skal fiskför því jafnan vera frjáls og óhindruð um þriðjung af breidd vatnsins, sbr. 17. gr.

2. Fyrirstöðunet eða annað, er tálmar undankomu fisks, má eigi nota við ádrátt. Eigi má ádráttarnet vera tvöfalt.

3. Eigi má hafa ádrátt nær fastri veiðivél en 200 metra.

34. gr.

1. Aldrei má föst veiðivél, né nokkur hluti hennar, ná lengra út frá bakka en svo, að utan hennar verði ⅔ hlutar af breidd ár, en ¾ af breidd óss eða ósasvæðis, sbr. 17. gr., og skal mælt þvert á meginstraumstefnu. Aldrei má veiðivél ná lengra út en í aðalstraumlínu eða í miðjan höfuðál óss eða ósasvæðis.

2. Í vatni, sem lax eða göngusilungur fer um, skulu lagnet, króknet og net í öðrum veiðivélum eigi vera smáriðnari en svo, að 4.5 cm verði milli hnúta, þá er net eru vot. Í kistum og görðum að kistum má eigi vera skemmra á milli spela en 4.5 cm.

3. Garður að krókneti skal þannig gerður, að fiskur geti eigi ánetjazt eða orðið fastur í honum. Veiðimálastjóri setur nánari ákvæði um gerð garðs.

4. Eigi má hafa fleiri en einn krók, kistu eða veiðikró í veiðivél hverri.

5. Þann tíma viku, sem fiskur er friðaður gegn veiði samkvæmt 19. gr., skulu kistur og veiðikrær vera tryggilega lokaðar, en lagnet og króknet upp tekin eða svo um þau búið, að fiskur geti með engu móti í þau veiðzt eða hindrazt af þeim á göngu sinni. Hlið á girðingum að kistu eða veiðikró skulu opin standa. Veiðimálastjóra er rétt að setja nánari reglur um þetta efni.

6. Þá er veiðitíma er lokið ár hvert, skal taka veiðivélar upp úr vatni, svo

fljótt sem unnt er. Veiðimálastjóra eða eftirlitsmanni er rétt að taka upp veiðivél á kostnað eiganda, er eigi tekur hana upp á réttum tíma.

35. gr.

1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélar frá bakka og út í vatn. Leiðari, er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst og til fastrar veiðivélar.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett.

36. gr.

2. Í þann hluta straumvatns, sem fiskur á frjálsa för um fram hjá fastri veiðivél, má eigi láta grjót eða aðra hluti, er tálma för fisksins fram hjá veiðivélinni. Eigi má heldur dýpka farveg straumvatns niður frá fastri veiðivél eða upp frá henni, svo að þar verði dýpi meira en utan veiðivélarinnar.

2. Nú hefur veiðieigandi brotið gegn ákvæðum 1. mgr., og skal honum þá skylt, þá er krafizt er, að nema farartálmann á brott eða fylla farveg svo, að í samt lag komist. Verk þetta má eftirlitsmaður með veiði eða hreppstjóri láta vinna á kostnað veiðieiganda, ef hann lætur eigi vinna það sjálfur. Veiðivél skal þá og upp tekin, og má eigi setja hana niður fyrr en straumvatn er komið í samt lag og áður.

3. Bannað er að styggja eða teygja fisk í fasta veiðivél, ádráttarnet eða á veiðistað, svo sem með hávaða, grjótkasti eða ljósum.

37. gr.

Nú rennur straumvatn í kvíslum, og skal þá svo haga veiði í kvísl hverri sem væri hún sérstakt vatn. Þó getur ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra leyft að leggja veiðivél út í miðja kvísl, ef eigi er lagt nema í eina.

38. gr.

1. Í stöðuvatni má nota þau veiðitæki ein, er hér segir: Færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Þó getur ráðherra leyft, að notuð séu önnur veiðitæki samkvæmt því, sem segir í 3. mgr. 27. gr.

2. Eigi má hafa ádrátt í almenningi stöðuvatns. Ráðherra er þó rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessu, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með því.

3. Ráðherra er rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra að setja reglur um fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja, sem leyfð eru samkvæmt 1. mgr., og um lágmarksstærð silungs, er veiða má.

4. Veiði í stöðuvatni, sem lax og göngusilungur fer um, skal hlíta sömu ákvæðum sem í straumvatni væri um fjarlægð veiðivéla og gönguhelgi.

5. Nú veiðist vatnasilungur minni en leyfilegt er að veiða samkvæmt reglum þeim, er getur í 3. mgr., og skal þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum aftur í vatn.

VII. KAFLI

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í veiðivötnum.

39. gr.

1. Ráðherra er rétt að leyfa, að gerður sé fiskvegur í vatni eða meðfram vatni, enda samþykki veiðimálastjóri gerð fiskvegar og hafi umsjón með framkvæmd verksins.

2. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns, er með þarf til fiskvegar, og þola verður hann þær eignakvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, sem fiskvegurinn kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

3. Um breytingu á fiskvegi eða vatnsmagni í honum fer eftir því, sem segir í 1. og 2. mgr.

40. gr.

1. Eigi má veiða eða styggja fisk í fiskvegi né nær neðra mynni hans en 50 metra né nær efra mynni hans en 30 metra. Ákvæði þetta tekur þó eigi yfir veiði til klaks eftir veiðitíma né yfir veiði til vísindaþarfa, enda hafi sá, er veiðir, fengið veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

2. Eigi má spilla fiskvegum né tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá.

41. gr.

1. Nú er stífla gerð í veiðivatni eða önnur mannvirki, sem tálma fiskför í vatninu og eru eigi lögleg veiðitæki, og skal þá þeim, er gera lætur, skylt að gera fiskveg í vatninu eða meðfram því, til þess að fiskur geti átt jafngreiða för um það og áður. Honum er og skylt að halda fiskveginum við. Gerð fiskvegar er háð samþykki veiðimálastjóra, og skal verkið unnið undir umsjón hans.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda eigi:

a. Ef vatn er eigi fiskgengt af öðrum ástæðum.
b. Ef mannvirki lýtur að því að bæta veiðiskilyrði eða lífsskilyrði í veiðivatni, enda sé það háð samþykki veiðimálastjóra á sama hátt sem fiskvegur.
c. Ef talið er í matsgerð, að gerð fiskvegar og viðhald hafi meiri kostnað í för með sér en hagnaði af veiði nemur, enda séu þá veiðispjöll þau, er af mannvirkinu leiðir, bætt fullum bótum.

3. Heimilt er eignarnám, svo sem segir í 2. mgr. 39. gr., til fiskvegar, sem gerður er samkvæmt þessari grein.

42. gr.

Nú er vatni veitt úr veiðivatni til áveitu, vatnsveitu eða annarra áþekkra nota eða vatni er veitt í veiðivatn úr áveituskurði, vatnsveituskurði, öðrum skurði eða leiðslu, og getur þá veiðimálastjóri krafizt þess, að búið sé svo um skurð eða leiðslu, að fiskur eða fiskseiði gangi eigi í. Kostnað af umbúnaði þessum greiðir eigandi veitu.

43. gr.

Nú verða tíðar breytingar á vatnsmagni veiðivatns vegna vatnsmiðlunar, og skal þá haga miðlun þannig, að sem minnst tjón hljótist á fiskstofni veiðivatns. Svo skal og til haga, þá er uppistöður eru tæmdar, svo sem vegna hreinsunar. Hafa skal samráð við veiðimálastjóra um þetta.

VIII. KAFLI
Um fiskræktarfélög.

44. gr.

1. Rétt er mönnum, sem veiðirétt eiga í fiskihverfi, að gera með sér félagsskap um fiskrækt í því fiskihverfi á þann hátt, er í þessum kafla segir.

2. Fiskrækt telst friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutningur fisks í veiðivatn, auðveldun á gönguleiðum fisks, eyðing sels og annars veiðivargs, eftirlit með veiði og annað, er lýtur að aukningu fiskstofns eða viðhaldi hans.

45. gr.

1. Nú vilja menn stofna fiskræktarfélag við fiskihverfi, og skal þá kveðja til fundar þinglýsta eigendur allra þeirra jarða, þar sem veiði er hægt að stunda í því fiskihverfi. Nú á félag land, og skal boða formann félagsstjórnar. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn með öllu frá landareign, og skal boða þinglýstan eiganda veiðiréttar. Nú verður landeiganda eigi boðaður fundur nægilega snemma vegna fjarvistar, og skal boða leiguliða. Þá menn, er veiði kunna að eiga í almenningi stöðuvatns samkvæmt 2. mgr. 8. gr., er eigi skylt að boða, en gefa skal þeim kost á þátttöku í félaginu, þá er stofnað hefur verið, ef þeir sanna rétt sinn.

2. Fund skal boða skriflega og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag.

46. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 45. gr., skal ræða stofnun félags og verkefni. Bóka skal fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Fyrir hvert lögbýli, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal koma eitt atkvæði. Nú á maður fleiri en eina jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú eru eigendur lögbýlis fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt býlisins. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók. Nú er leiguliði boðaður á fund í stað landeiganda, og má hann þá taka þátt í umræðum, en hefur eigi atkvæðisrétt, fyrr en hann hefur verið gerður félagi í stað landeiganda samkvæmt 48. gr.

3. Nú kemur til fundar ⅓ þeirra manna, sem boðaðir eru samkvæmt 45. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, og má þá stofna félag, ef ⅔ fundarmanna samþykkja.

4. Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er búi málið undir annan fund. Nefndin semur frumvarp til félagssamþykktar samkvæmt 49. gr., gerir áætlun um kostnað af starfsemi félags, leitar álits kunnáttumanna, ef þurfa þykir, og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

47. gr.

1. Þá er nefndin hefur lokið störfum, skal hún kveðja til fundar á ný samkvæmt 45. gr.

2. Á fundinum skal nefndin leggja fram öll þau gögn, er hún hefur aflað. Skal þá enn ræða stofnun félags og taka ákvörðun um hana. Ef meiri hluti þeirra atkvæðisbærra manna, sem fund sækja, samþykkir félagsstofnun, er öllum veiðieigendum á því félagssvæði skylt að gerast félagar.

48. gr.

1. Stofnfundur eða annar lögmætur félagsfundur getur kveðið svo á, að leiguliði skuli gerast félagi í stað landeiganda, ef leiguliði æskir þess og landeigandi

samþykkir, eða sé fyrirsjáanlegt, að landeigandi geti eigi tekið þátt í félagsskapnum. Boða skal leiguliða á þennan fund.

2. Skylt er landeiganda, þá er leiguliði fer frá jörð, að greiða honum 10-falda þá fjárhæð, sem úttektarmenn meta, að árlegt afgjald jarðarinnar megi hækka fyrir þá veiðiaukningu, sem orðið hefur á jörðinni, meðan leiguliði bjó þar og greiddi gjöld þau, er jafnað er niður samkvæmt 53. gr., enda megi þakka veiðiaukningu starfsemi félagsins.

49. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt þegar á stofnfundi eða á öðrum fundi, boðuðum á sama hátt. Um samþykkt ræður afl atkvæða. Þar sem félagssvæði er stórt, má ákveða í samþykkt, að félagsfundir skuli vera fulltrúafundir.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Verkefni félags og félagssvæði.
c. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
d. Reikninga félags og endurskoðun.
e. Greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

50. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt til staðfestingar. Nú telur ráðherra samþykkt eigi svo úr garði gerða, að staðfesta megi hana, og sendir hann samþykkt aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann samþykkt, en ella þá er lagfært hefur verið það, er athugavert þótti, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

51. gr.

Nú hefur fiskræktarfélag verið stofnað samkvæmt 45.—48. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnun fyrir ráðherra, áður en tvö ár eru liðin frá staðfestingu samþykktar félags. Vefenging, sem síðar berst um stofnun félags, skal eigi tekin til greina. Nú sér ráðherra, að vefenging er á rökum reist, og ber honum þá að fella samþykkt félags úr gildi. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmæltum tíma, en hann tekur hana eigi til greina, og er rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en eitt ár er liðið frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.

52. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafundi, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en 7 dögum fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Breyting á samþykkt félags eða gjaldskrá þarf þó samþykki meiri hluta félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða gjaldskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða gjaldskrá, og skal þess getið í fundarboði.

53. gr.

1. Kostnaði af starfsemi félags skal jafna niður eftir áætluðu veiðimagni jarða þeirra, sem taka þátt í félagsskapnum. Skal semja skrá, er sýni hundraðshluta þann af kostnaði (stofnkostnaði og árskostnaði), sem hver félagsmaður á að greiða. Skráin skal gerð með hliðsjón af veiðiskýrslum undanfarinna ára, ef til eru.

2. Lögmætur félagsfundur samþykkir gjaldskrá, og gildir hún um 5 ár, nema ⅔ hlutar félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr. Gjaldskrá skal senda ráðherra til staðfestingar samkvæmt 50. gr.

54. gr.

1. Nú verða eigendaskipti að jörð á félagssvæði, og er hinum nýja eiganda skylt að gerast félagi. Þegar ábúendaskipti verða á jörð, þar sem leiguliði er félagsmaður í stað landeiganda, getur félagsfundur kveðið svo á, að hinn nýi ábúandi gerist félagi.

2. Nú er veiði hafin fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi fiskræktarfélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði, ef félagsfundur samþykkir. Boða skal eiganda slíkrar jarðar á fundinn, og á hann þar atkvæðisrétt um málið.

55. gr.

1. Nú þykir æskilegt, að félag nái til fleiri en eins fiskihverfis, og er það rétt, ef meiri hluti eigenda þeirra jarða, þar sem veiði er stunduð í hverju fiskihverfi um sig, samþykkir félagsstofnun. Að öðru fer um stofnun félags eins og segir í lögum þessum.

2. Nú þykir æskilegt, að tvö félög eða fleiri sameinist, og er það rétt, ef meiri hluti félagsmanna í hverju félagi samþykkir, enda mæli veiðimálastjóri með sameiningu. Skal þá stofna eitt félag, er nái yfir svæði beggja félaga eða allra, og fer um stofnun þess eins og lög þessi mæla.

56. gr.

Gjöld félagsmanna, sem ákveðin eru í staðfestri gjaldskrá, má taka lögtaki, og fylgir þeim í eitt ár frá eindaga lögveð í jörð eða veiðiréttindum, og stendur það framar öllu samningsbundnu veði.

57. gr.

Stjórn fiskræktarfélags skal árlega gefa veiðimálastjóra skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

58. gr.

1. Nú starfar fiskræktarfélag við fiskihverfi, þar sem áður var engin veiði eða svo lítil, að hún var eigi talin í skýrslum um undanfarin 10 ár, og er þá félaginu rétt að gera samþykkt á lögmætum félagsfundi um fullnaðarfriðun fisks í því fiskihverfi eða friðun gegn allri veiði eða tilteknum veiðiaðferðum.

2. Samþykkt um friðun samkvæmt 1. mgr. gildir um 5 ár í senn, nema meiri hluti félagsmanna samþykki að breyta henni fyrr eða ráðherra mæli svo fyrir. Leita skal staðfestingar ráðherra á samþykkt samkvæmt 50. gr.

59. gr.

1. Nú vill fiskræktarfélag, með ráði og samþykki veiðimálastjóra, auka vikufriðun eða fjarlægð milli veiðivéla frá því, sem í lögum er mælt, draga úr veiðni veiðitækja, fækka þeim eða ákveða lágmarksstærð fisks, sem veiða má, og er það rétt, ef allir félagsmenn hverfa að einu ráði eða lögmætur félagsfundur samþykkir, enda fari um fundarboðun og atkvæðagreiðslu eins og mælt er í 46. gr. laga þessara.

2. Samþykkt samkvæmt 1. mgr. öðlast gildi, þá er ráðherra staðfestir hana, enda mæli veiðimálanefnd með samþykkt.

3. Nú þykja ákvæði samþykktar koma ójafnt niður á félagsmenn, og ber þá félagi að bæta þeim, er vanhaldnir verða, eftir mati samkvæmt 106. gr.

60. gr.

1. Hverjum manni er skylt að láta af hendi land eða landsafnot, vatn eða afnot vatns, er þarf til byggingar eða starfsemi klakstöðvar, svo og þola þær eignarkvaðir, óhagræði og takmörkun á afnotarétti, er bygging klakstöðvar eða starfsemi kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir eftir mati, nema samkomulag verði.

2. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að leyfa, að fiskræktarfélag taki leigunámi um tiltekið tímabil gegn fullum bótum veiði í vatni eða hluta vatns í fiskihverfi félagsins, þar sem hentugt þykir, að félagið afli sér klakfiska.

61. gr.

Fiskræktarfélagi má slíta, þá er ⅔ félagsmanna samþykkja á félagsfundi, sem boðaður er með sama hætti sem stofnfundur. Nú er félagsfundur eigi lögmætur eða nægur meiri hluti félagsmanna er eigi á fundi, og má boða til annars fundar á sama hátt. Er þá rétt að slíta félagi, enda samþykki ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna félagsslit.

IX. KAFLI

Um veiðifélög.

62. gr.

1. Rétt er mönnum að gera með sér félagsskap um veiði í þeim tilgangi:
a. að félag láti stunda veiði,
b. að félag selji á leigu rétt til stangarveiði.

2. Veiðifélagi er skylt að stunda fiskrækt samkvæmt VIII. kafla, eftir því sem við á, enda starfi eigi fiskræktarfélag á svæði veiðifélags.

3. Um slíkan félagsskap sem getur í 1. mgr. skal fara svo sem mælt er í kafla þessum.

63. gr.

1. Félagssvæði veiðifélags getur tekið yfir:
a. heilt fiskihverfi,
b. einstakt veiðivatn í fiskihverfi,
c. hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti.

2. Nú er félagssvæði hluti straumvatns, og verður þá félagssvæði ætíð að ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð.

64. gr.

1. Leyfi veiðimálastjóra og veiðimálanefndar þarf til stofnunar veiðifélags.

2. Nú vilja menn stofna veiðifélag, og skulu þeir sækja um leyfi veiðimálastjóra. Umsókn skal fylgja:
a. Greinargerð fyrir starfsemi félags, eins og ráðgerð er, veiðiaðferðum, veiðistöðum og tilefni til félagsstofnunar.
b. Skýrsla um fyrirhugað félagssvæði og greinargerð fyrir takmörkum þess, sé um að tefla hluta veiðivatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 63. gr.

3. Þá er veiðimálastjóri hefur rannsakað skjöl þau, er getur í 2. mgr., og aðra málavöxtu, leggur hann málsskjölin ásamt áliti sínu fyrir veiðimálanefnd, sem tekur ásamt veiðimálastjóra fullnaðarákvörðun um leyfi til félagsstofnunar.

4. Þá er ákveðið hefur verið að veita leyfi til félagsstofnunar samkvæmt 3. mgr., gefur veiðimálastjóri út leyfi þetta, og skal það bundið við tiltekið félagssvæði og tiltekna starfsemi félags.

65. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega undirbúin samkvæmt 64. gr., og skulu þá frumkvöðlar félagsstofnunar boða til fundar um málið.

2. Nú er ráðgert að stofna félag við vatn, sem veiði er í, og skal þá kveðja til fundar ábúendur allra jarða á hinu fyrirhugaða félagssvæði. Ef félag á eða hefur til afnota land, sem veiðiréttur fylgir, skal boða formann félags. Nú hefur veiðiréttur verið skilinn frá landareign, og skal boða notanda veiðiréttar.

3. Nú er ráðgert að stofna veiðifélag við vatn, sem verið hefur veiðilaust, og skal þá boða til fundar ábúendur allra þeirra jarða, sem lönd eiga að vatni á hinu fyrirhugaða félagssvæði.

4. Fund skal boða skriflega og eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag og auk þess með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag.

66. gr.

1. Á fundi þeim, sem boðaður hefur verið samkvæmt 65. gr., skal leggja fram leyfi veiðimálastjóra til félagsstofnunar ásamt öðrum skjölum, sem fram hafa komið um málið. Á fundinum skal ræða um stofnun félags og verkefni og bóka fundargerð.

2. Á þeim fundi og öðrum fer um atkvæðisrétt eins og hér segir: Ábúandi hvers lögbýlis, sem metið var til verðs í fasteignamati 1942 eða í eldra mati, skal hafa eitt atkvæði. Nú býr maður á fleiri en einni jörð, og hefur hann þá eitt atkvæði. Nú er jörð í eyði, og hefur eigandi hennar eitt atkvæði. Nú eru ábúendur lögbýlis eða eigendur eyðijarðar fleiri en einn, og skulu þeir gera með sér skriflegan samning um, hver fari með atkvæðisrétt jarðarinnar. Fela má öðrum að fara með atkvæði, enda sé umboðið skriflegt og þess getið í fundarbók.

3. Ef ⅔ þeirra, sem boðaðir eru til fundar samkvæmt 65. gr. og atkvæðisbærir eru samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar, sækja fund, má stofna félag þegar á þeim fundi, enda samþykki ¾ fundarmanna félagsstofnun.

67. gr.

1. Nú verður félag eigi stofnað á þessum fundi, og getur þá meiri hluti fundarmanna kosið nefnd, er undirbýr annan fund. Nefndin semur frumvarp til samþykktar fyrir félag samkvæmt 69. gr., leitar álits sérfróðra manna, ef þurfa þykir, og aflar þeirra gagna annarra, sem fundarmenn æskja eða nauðsynleg þykja.

2. Þá er nefndin hefur samið frumvarp til samþykktar, skal leggja það fram á hentugum stað ásamt öðrum skjölum, sem félagsstofnun varða, til sýnis væntanlegum félagsmönnum. Framlagningu skjala skal auglýsa með þeim hætti, er þar tíðkast í héraði um birtingu auglýsinga, sem almenning varða, svo og í Ríkisútvarpinu. Skjölin skulu liggja frammi til sýnis eigi skemmri tíma en 3 vikur.

68. gr.

Þá er lokið er undirbúningi samkvæmt 67. gr., skal nefndin boða til annars fundar með þeim hætti, er segir í 65. gr. Á þeim fundi skal enn ræða félagsstofnun og taka ákvörðun um hana. Nú samþykkja ⅔ fundarmanna félagsstofnun, og er þá öllum öðrum, sem fundur var boðaður, skylt að gerast félagar.

69. gr.

1. Nú er stofnun félags löglega ákveðin, og skal þá setja félaginu samþykkt á stofnfundi eða öðrum fundi, sem boðaður er á sama hátt sem stofnfundur. Um samþykkt og önnur félagsmálefni ræður afl atkvæða.

2. Í samþykkt félags skulu vera ákvæði um:

a. Nafn félags, heimilisfang og varnarþing.
b. Félagssvæði. Skulu þar taldar, svo að eigi verði um villzt, allar þær jarðir, sem eru á félagssvæðinu.

c. Verkefni félags.
d. Skipun og starfssvið félagsstjórnar.
e. Reikninga félags og endurskoðun.
f. Meðferð á afla félags eða arði og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

3. Í samþykkt má ákveða, að veiðifélag starfi í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns samkvæmt c-lið 1. mgr. 63. gr. Hver deild ráðstafar veiði í sínu umdæmi með þeim takmörkunum, sem aðalfundur setur.

70. gr.

1. Á stofnfundi eða öðrum fundi, boðuðum á sama hátt, skal gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arði af veiði, sem koma á í hlut hverrar jarðar eða jarðarhluta, er veiðiréttur fylgir í vatni á félagssvæði. Við niðurjöfnun veiði eða arðs af henni skal taka tillit til aðstöðu við netjaveiði og stangarveiði, landlengdar að veiðivatni, til hrygningarskilyrða og uppeldisskilyrða fisks.

2. Arðskrá skal leggja undir úrskurð fundarmanna, og þarf hún ⅔ atkvæða félagsmanna. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

3. Nú telur félagsmaður gengið á hluta sinn með arðskrá, og getur hann þá krafizt mats samkvæmt 106. gr.

71. gr.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í sama hlutfalli sem þeir taka arð.

72. gr.

Félagsstjórn skal senda ráðherra samþykkt og arðskrá til staðfestingar. Nú þykja samþykkt og arðskrá eigi þannig úr garði gerðar, að staðfesta megi, og sendir ráðherra þær aftur til félagsstjórnar með athugasemdum um það, er ábótavant þykir. Annars kostar staðfestir hann þær, eða þá er lagfært hefur verið það, er ábótavant þykir, enda mæli veiðimálastjóri og veiðimálanefnd með staðfestingu. Aldrei má samþykkt brjóta í bág við réttarákvæði, almennar grundvallarreglur laga né réttindi einstakra manna.

73. gr.

Nú hefur veiðifélag verið stofnað samkvæmt 65.—68. gr., og getur þá sá, sem telur félagið ólöglega stofnað, vefengt félagsstofnun fyrir ráðherra, áður en þrjú ár eru liðin frá staðfestingu félagssamþykktar. Vefengingu, sem síðar berst, skal eigi taka til greina. Nú telur ráðherra, að vefenging sé á rökum reist, og ber honum að fella samþykkt félagsins úr gildi. Nú hefur vefenging fyrir ráðherra verið borin fram á lögmætum tíma, en hann eigi tekið hana til greina, og er rétt að skjóta málinu til dómstóla, áður en eitt ár er liðið frá dagsetningu úrskurðar ráðherra.

74. gr.

Nú hefst veiði fyrir landi jarðar, er liggur að fiskihverfi veiðifélags, en utan félagssvæðis, og skal leggja þá jörð við það félagssvæði. Er ábúanda hennar skylt að gerast félagi, ef félagsfundur samþykkir. Boða skal ábúanda slíkrar jarðar fund, og á hann þar atkvæði um málið.

75. gr.

Skylt er stjórn veiðifélags að gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi félagsins og þær skýrslur aðrar, er veiðimálastjóri kann að æskja.

76. gr.

1. Aðalfund skal halda árlega og aukafund, þá er félagsstjórn telur ástæðu til eða ¼ félagsmanna æskir og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða fund í tvo mánuði, og er þeim, er fund vilja halda, rétt að boða hann.

2. Fund skal boða með auglýsingu í Ríkisútvarpinu tvo daga í röð eigi síðar en viku fyrir fundardag. Þó má boða fund í félagi, sem hefur færri en 30 félagsmenn, með símtölum eða á annan þann hátt, sem tíðkast um boðun funda í því héraði.

3. Á fundi skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn.

4. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki ⅔ félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða gjaldskrá eigi afgreidd vegna ónógrar fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða. Nú er ráðgert að breyta samþykkt eða arðskrá, og skal þess getið í fundarboði. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundarbók.

77. gr.

1. Þá er veiðifélag hefur verið stofnað með löglegum hætti, skal hverjum manni óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema hann hafi samþykki félagsstjórnar.

2. Í samþykkt félags má setja ákvæði, er banna félagsmanni og öðrum þeim, sem á félagssvæði búa, að hafa undir hendi ádráttarnet, nema sannað geti, að net eigi að nota til veiði í vatni utan félagssvæðis.

3. Ákvæði 1. mgr. tekur eigi til þess manns, sem fengið hefur veiðiskírteini samkvæmt 22. gr.

78. gr.

1. Ráðherra er rétt eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar að veita veiðifélagi undanþágu frá ákvæði 1. mgr. 34. gr. laga þessara um lengd fastra veiðivéla út í vatn og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

2. Nú tekur veiðifélag til laxveiði aðeins, og er ráðherra þá rétt eftir tillögum veiðimálanefndar og veiðimálastjóra að setja reglur um veiðitíma, veiðiaðferðir og gerð veiðitækja, sem nota má til silungsveiði á félagssvæðinu. Með sama skilorði getur ráðherra veitt slíkum félögum undanþágu frá ákvæði 2. mgr. 30. gr., að eigi megi stunda stangarveiði í þeim hluta straumvatns, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti.

79. gr.

1. Nú verða ábúendaskipti á jörð á félagssvæði, og er þá hinum nýja ábúanda skylt að gerast félagi og taka á sig skuldbindingar félagsmanns.

2. Skylt er félagi, þá er ábúandi fer frá jörð á félagssvæði, að greiða honum hluta hans í eignum félagsins.

3. Nú semur eigi um skuldbindingar eða eignarhluta samkvæmt 1. og 2. mgr., og sker þá mat úr.

80. gr.

Nú vill fiskræktarfélag taka upp félagsveiði, og er það rétt, enda sé fullnægt skilyrðum laga þessara um stofnun veiðifélags.

81. gr.

Veiðifélagi má slíta, þá er ⅔ félagsmanna samþykkja á félagsfundi, sem boðaður er með sama hætti sem stofnfundur. Nú er félagsfundur eigi lögmætur eða nægur meiri hluti félagsmanna er eigi á fundi, og má boða til annars fundar á sama hátt. Er þá rétt að slíta félagi, enda samþykki ⅔ atkvæðisbærra fundarmanna félagsslit.

X. KAFLI

Um klak- og eldisstöðvar ríkisins og fiskeldi.

82. gr.

Rétt er ráðherra að koma upp klak- og eldisstöð, einni eða fleiri, þegar fé er veitt á fjárlögum. Rétt er, að slík stöð sé reist og rekin af félagi, er bæði ríkis-

sjóður og aðrir aðilar standa að. Veiðimálastjóri hefur umsjón með stöðvum þessum.

83. gr.

Klak- og eldisstöðvar ríkisins afla seiða til fiskræktar og gera tilraunir um klak og eldi fisks. Þær skulu og veita fræðslu um meðferð klaks og um fiskeldi, eftir því sem við verður komið.

84. gr.

Klak- og eldisstöðvum þeim, er getur í 82. og 83. gr., skal heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, sbr. 22. gr., að afla stofnfisks til klaks í hvaða veiðivatni sem er, enda séu svo mörg seiði sett í vatn í staðinn, að því sé að dómi veiðimálastjóra að fullu bættur skaðinn.

85. gr.

Þeir, sem rækta vilja fisk í veiðilausu vatni, skulu ganga fyrir öðrum um kaup á seiðum.

86. gr.

Nú tekur maður upp fiskeldi, og skal hann þá tilkynna veiðimálastjóra það. Tilkynningu skulu fylgja skilríki um vatnsafnot og uppdrættir af ráðgerðum mannvirkjum.

87. gr.

1. Nú er vatn tekið úr veiðivatni til afnota í eldisstöð, og skal búa svo um vatnsleiðslur að eldistjörn og frá, að fiskur gangi eigi úr veiðivatni í leiðslur. Umbúnaður slíkra vatnsleiðslna skal háður samþykki veiðimálastjóra.

2. Nú er straumvatn stíflað vegna eldisstöðvar, og fer um gerð stíflu samkvæmt 42. gr.

88. gr.

Nú truflar vatnstaka til eldisstöðvar göngu fiska í veiðivatni, og skal þá haga vatnstöku svo, að hún valdi sem minnstri truflun. Tilhögun vatnsveitu skal háð samþykki veiðimálastjóra.

89. gr.

Ákvæði 21., 27., 28., og 38. gr. taka eigi yfir fisk í eldisstöðvum.

90. gr.

Forráðendur eldisstöðvar skulu gefa veiðimálastjóra árlega skýrslu um starfsemi stöðvarinnar.

91. gr.

Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni, og skal bæta tjónið eftir mati, ef eigi semur.

XI. KAFLI

Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

92. gr.

Eigi má flytja til landsins lifandi laxfisk eða annan fisk, er lifir í ósöltu vatni, eða lifandi hrogn slíkra fiska, nema ráðherra, sem fer með veiðimál, leyfi og veiðimálastjóri mæli með því.

93. gr.

1. Sótthreinsa skal fisk, hrogn, ílát og umbúðir um fisk eða hrogn, sem flutt eru til landsins samkvæmt 92. gr. Veiðimálastjóri gefur fyrirmæli um sótthreinsun og hefur eftirlit með henni.

2. Nú er fiskur fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi, og skal sá flutningur háður fyrirmælum veiðimálastjóra.

94. gr.

Rétt er ráðherra að fengnum tillögum veiðimálastjóra að kveða á um sótthreinsun á fiski og hrognum í klak- og eldisstöðvum, enda þyki hætta á sýkingu, þá er fiskur er fluttur þaðan. Með sama skilorði er ráðherra rétt að fyrirskipa sótthreinsun á fiski og hrognum, sem flutt eru lifandi frá veiðivatni, ef grunur leikur á sýkingarhættu.

95. gr.

Nú kemur upp næmur sjúkdómur í veiðivatni eða í klak- og eldisstöð eða grunsamlegt þykir, að næmur sjúkdómur leynist í fiski á slíkum stöðum, og er ráðherra þá rétt að fengnum tillögum veiðimálastjóra og veiðimálanefndar að gera hvers konar ráðstafanir, sem taldar eru nauðsynlegar til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins.

XII. KAFLI

Um ófriðun sels.

96. gr.

1. Hverjum manni er rétt að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði, enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum.

2. Á Hvammsfirði skal svæði, er liggur fyrir innan línu úr ytri enda Skoravíkurmúla í Hólmlátursborgir, vera undanþegið banni gegn selaskotum og uppidrápi.

97. gr.

1. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða nær ósi vatns, er lax eða göngusilungur fer um, en 7 km, og skulu þau þá ófriðuð, enda sýni mat, að arður af laxveiði eða göngusilungs í ánni sé meiri en arður af selveiði.

2. Nú eru friðlýst selalátur eða selalagnir í veiðivatni eða svo nærri ósi vatns sem segir í 1. mgr., en lax- og silungsveiði í vatninu er metin minna virði en selveiðin, og er ráðherra rétt eftir tillögum veiðimálastjóra að ófriða þau, enda hafi fiskrækt verið stunduð við vatnið svo lengi og með þeim árangri, að mat þyki sýna, að laxveiði eða göngusilungs í vatninu verði arðsamari en selveiðin.

98. gr.

1. Fyrir missi selveiðinytja þeirra, er getur í 97. gr., skulu koma fullar bætur.

2. Bætur greiða eigendur laxveiði eða göngusilungs í því fiskihverfi, er í hlut á. Skulu þær vera árgjald og ákveðnar í eitt skipti fyrir öll, sbr. þó 3. mgr. Bætur skulu ákveðnar með mati, ef eigi semur, og greiða veiðieigendur þær að tiltölu við veiði sína síðasta ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi og innheimtir á manntalsþingi. Fylgir því lögtaksréttur. Nú er veiðiréttur leigður samkvæmt 2. eða 60. gr., og greiðir þá leigutaki bætur í stað leigusala.

3. Nú eykst eftir ófriðun sels lax- eða göngusilungsveiði jarðar, er bætur hlýtur samkvæmt 2. mgr., og skal sá hagsauki þá dreginn frá bótum, enda krefjist mats einhver, sem bætur skal greiða. Nú sýnir mat, að arður af lax- eða silungsveiði jarðar hefur aukizt sem nemur arði af selveiði, og skulu bætur fyrir hana niður falla.

XIII. KAFLI

Um stjórn veiðimála og eftirlit.

99. gr.

1. Ráðherra hefur yfirstjórn allra veiðimála.

2. Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála eru veiðimálastjóri og veiðimálanefnd.

100. gr.

1. Veiðimálastjóri skal vera kunnáttumaður um vatnalíffræði og veiðimál. Ráðherra skipar veiðimálastjóra, og tekur hann laun úr ríkissjóði.

2. Veiðimálastjóri hefur með höndum þessi störf:

a. Hann annast rannsókn vatna og fiska og sér um skrásetningu veiðivatna.
b. Hann safnar skýrslum um veiði og fiskrækt.
c. Hann gerir eða lætur gera uppdrætti að klakstöðvum, eldisstöðvum og fiskvegum og hefur umsjón með gerð slíkra mannvirkja.
d. Hann gerir tillögur um reglugerðir og önnur ákvæði, sem sett eru samkvæmt lögum um friðun eða veiði.
e. Hann veitir leiðbeiningar um veiðimál og er ráðherra til aðstoðar um allt, sem að þeim lýtur.

101. gr.

1. Í veiðimálanefnd eiga sæti þrír menn. Ráðherra skipar nefndina, einn nefndarmanna að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, en annan að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands. Nú verður stofnað samband íslenzkra fiskræktarfélaga eða veiðifélaga, og skulu þá tveir nefndarmanna skipaðir að fengnum tillögum þessara sambanda í stað Búnaðarfélagsins og Fiskifélagsins.

2. Veiðimálanefnd er ráðherra til aðstoðar um veiðimál. Getur hún gert tillögur um allt, er að þeim málum lýtur. Samþykkis veiðimálanefndar skal leita um setningu reglugerða og annarra ákvæða um friðun eða veiði.

102. gr.

1. Ráðherra skipar eftirlitsmenn með veiði, þar sem þurfa þykir. Um tölu þeirra og skipun skal leita tillagna veiðimálastjóra.

2. Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því, að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna veiðiskýrslum, hver í sínu umdæmi, og gefa veiðimálastjóra þær skýrslur um veiði og vötn, er hann kann að æskja. Þeir skulu gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur veiðimálastjóri í erindisbréfi.

3. Veiðimálastjóri gefur út skilríki handa eftirlitsmönnum.

4. Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn og meðfram því, eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp úr veiðivatni ólögleg veiðitæki eða veiðitæki, sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.

103. gr.

1. Ráðherra ákveður kaup eftirlitsmanna, að fengnum tillögum veiðimálastjóra. Greiðist það að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði eða sýslusjóðum. Rétt er sýslunefnd að kveða svo á, að veiðieigendur endurgreiði sýslusjóði hluta hans að tiltölu við veiði hvers þeirra um sig næstliðið ár. Sýslumaður jafnar niður gjaldi, og má taka það lögtaki.

2. Rétt er ráðherra að skipa eftirlitsmann með veiði, þar sem sérstaklega stendur á, enda æski þess eigendur eða notendur veiði og greiði kostnað af eftirliti.

XIV. KAFLI

Um styrkveitingar til fiskræktar.

104. gr.

Styrk skal veita úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt á fjárlögum, til framkvæmda, er lúta að fiskrækt eða fiskeldi, enda samþykki veiðimálastjóri tilhögun framkvæmda, þær séu gerðar undir eftirliti hans og hann mæli með styrkveitingu.

Þessar framkvæmdir njóta styrks, er nemi allt að ⅓ af áætluðum kostnaði:
1. Fiskvegir og önnur meiri háttar mannvirki, er stefna að því að auka fiskför um vatn.
2. Klakhús og eldisstöðvar, enda hafi fiskur verið alinn þar eigi skemur en 3 ár. Rétt er ráðherra að ákveða, hvaða mannvirki skuli styrkja.

105. gr.

Veita skal lán úr Ræktunarsjóði samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1947 til framkvæmda þeirra, sem getur í 104. gr. Lán skulu og veitt til að reisa íbúðarhús við eldisstöðvar samkvæmt lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum, þegar fiskur hefur verið alinn þar í 3 ár og skilyrði til eldis hafa reynzt hagkvæm. Lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar skulu hlíta sömu reglum sem lán til íbúðarhúsa á nýbýlum.

XV. KAFLI
Um matsgerðir og skaðabætur.

106. gr.

1. Nú greinir menn á, hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál, takmörk fiskihverfis, vatns eða hluta af vatni, svo sem ós, ósasvæði, kvísl, ál, foss, lögn eða veiðistað, legu aðalstraumlínu eða önnur slík efni, sem getur í lögum þessum, og skal þá skera úr ágreiningi með mati.

2. Mat samkvæmt 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma tveir menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, er meta skal. Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, en ráðfæra skal hann sig við veiðimálastjóra, áður en hann framkvæmir dómkvaðningu. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. Mati má skjóta til yfirmats, áður en liðnar eru 8 vikur frá birtingu mats. Í yfirmati eiga sæti 3 menn, er ráðherra skipar, einn meðal dómara Hæstaréttar, en annan eftir tillögu veiðimálanefndar.

4. Rétt er að skjóta ágreiningi, er getur í 1. mgr., beint til yfirmatsmanna, enda séu aðilar ásáttir um það.

5. Matsmenn ákveða kostnað af mati og skiptingu hans á aðila.

6. Rétt er matsmönnum að kveðja kunnáttumenn sér til aðstoðar, ef þörf þykir, og telst kostnaður af því til matskostnaðar.

107. gr.

1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati, sbr. 106. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

108. gr.

Um fjárhæð og greiðslu bóta eða endurgjald, er greinir í lögum þessum, fer eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

XVI. KAFLI
Refsiákvæði og réttarfars.

109. gr.

1. Nú veiðir maður ólofað í vatni annars manns, og varðar það sektum, allt að 15000 kr. Sá, er misgert var við, skal fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón, sem hann kann að hafa orðið fyrir.

2. Nú hittist maður með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, og skal þá sekta hann sem væri hann sekur um ólöglega veiði, nema sannað sé, að hann hafi haft þar lögmætt erindi.

110. gr.

Það varðar mann sektum, 1000—15000 krónum, ef

a. hann veiðir á tíma, þegar veiði er bönnuð, eða á stöðum, þar sem veiði er bönnuð;
b. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir, sem bannað er að nota, sbr. þó 111. gr., eða fylgir eigi reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð;
c. hann veiðir fisk, sem er minni en leyft sé að veiða, eða sleppir eigi í vatn veiddum fiski, er sleppa skal;
d. hann brýtur ákvæði 23. eða 38. gr.;
e. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn;
f. hann brýtur reglur, sem settar eru samkvæmt lögum þessum um þau efni, er greinir í stafliðum a—e.

111. gr.

Nú notar maður sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði, og skal hann þá sæta sektum, eigi lægri en 8000 krónum, eða varðhaldi.

112. gr.

Önnur brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum allt að 5000 krónum. Sömu sektum varða brot á lögmætum samþykktum fiskræktarfélaga og samþykktum veiðifélaga.

113. gr.

Brot þau, er getur í a—b-liðum 110. gr. og 111. gr., teljast fullframin, jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé, að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

114. gr.

Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu upptæk ger. Eins fer um ólöglegt veiðifang.

115. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

XVII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

116. gr.

Fiskræktarfélag, veiðifélag og fiskræktar- og veiðifélag, sem löglega hafa verið stofnuð samkvæmt eldri lögum, skulu haldast, en breyta skulu þau á löglegum aðalfundi samþykktum sínum til samræmis ákvæðum þessara laga, áður en tvö ár eru liðin frá gildistöku þeirra.

117. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Lög nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 94 16. des. 1943, um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 8 11. marz 1946, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 22 22. marz 1949, um breyting á lögum nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 98 18. des. 1950, um breyting á lögum nr. 40 1942, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 101 23. des. 1952, um breyting á lögum nr. 112 1941, um lax- og silungsveiði.

Lög nr. 27 16. febr. 1953, um breyting á lögum nr. 36 13. júní 1937, um klaksjóð, heimild fyrir ríkisstjórnina til að reisa klakstöðvar og til leigunáms í því skyni.

Önnur ákvæði laga, er fara í bág við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta var nýlega afhent landbúnaðarráðherra, og hefur ríkisstjórninni því ekki gefizt tími til að kynna sér það til hlítar. Enda þótt ríkisstjórnin hafi af þessum sökum ekki tekið afstöðu til frumvarpsins í einstökum atriðum, þykir rétt að leggja það fyrir yfirstandandi Alþingi, þótt vitað sé, að það fái ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu.

I.
Aðdragandi.

Með bréfi, dags. 21. júlí 1954, skipaði landbúnaðarráðherra nefnd manna til þess að endurskoða lög um lax- og silungsveiði „með hliðsjón af nýjum viðhorfum, sem skapazt hafa í laxveiðimálum, síðan lög þessi voru sett". Í nefndinni áttu sæti Pálmi Hannesson, sem var formaður, Björn Ólafsson, Gizur Bergsteinsson, Gunnlaugur Briem og Þórir Steinþórsson. Skyldi nefndin hafa náið samstarf við veiðimálastjóra, Þór Guðjónsson. Réð hún hann ritara sinn í öndverðu, og hefur hann setið á öllum fundum nefndarinnar og veitt henni mjög mikilsverða aðstoð.

Nefndarmenn yfirfóru öll ákvæði íslenzkra laga um lax- og silungsveiði og kynntu sér jafnframt löggjöf ýmissa erlendra ríkja um þau efni, einkum Norðurlanda og Stóra-Bretlands. Þá er þeir höfðu athugað málavöxtu, kom þeim saman um að endursemja lög nr. 112/1941, um lax- og silungsveiði, fremur en semja frumvarp til laga um breytingar á þeim, fyrir því að breytingar, er þurfa þótti, tóku til flestra greina laganna, auk þess sem rétt sýndist að taka upp margvísleg nýmæli.

Ritað var öllum fiskræktarfélögum og veiðifélögum, en auk þess Landssambandi stangaveiðimanna og þessum aðilum veitt færi á því að bera fram tillögur sínar. Bárust nefndinni svör frá ýmsum þeirra.

Gildandi lög um lax- og silungsveiði voru að meginefni sett á Alþingi 1932 og gengu í gildi 1. janúar 1933. Fram til ársins 1940 var þeim breytt sjö sinnum, en þó eigi í meiri háttar atriðum. Árið 1941 voru breytingar þessar felldar inn í meginmál laganna frá 1932 og lögin birt sem lög nr. 112/1941. Frá þeim tíma og fram til ársins 1952 var lögunum enn breytt sex sinnum. Á Alþingi 1954 kom enn fram frumvarp til breytinga á þeim. Sýndist þá ráðherra tími til kominn að láta endur-

skoða lögin í heild sinni, einkum vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur af þeim og framkvæmd þeirra, en jafnframt með tilliti til framfara um veiðitækni.

Nefndarmenn urðu á einu máli um það, að lög um lax- og silungsveiði hefðu eigi náð því meginmarkmiði sínu að auka fiskstofna í veiðivötnum. Veldur því öðru fremur, að fastar er gengið að veiði en fyrirsjáanlegt var, þá er lögin voru sett, og með veiðnari tækjum. Er svo komið í ýmsum fiskihverfum, að ákvæði laganna veita engan veginn nægilega vernd gegn ofveiði, sem jafnvel kynni að leiða til auðnar. Telja nefndarmenn brýna nauðsyn bera til þess að stemma stigu við slíku og hafa í því skyni samið strangari ákvæði en í gildandi lögum um friðun gegn veiði, stangarveiði sem netja, fjarlægð veiðivéla, stangafjölda, lax- og silungsveiði í sjó.

Þess skal getið, að nefndarmenn hafa orðið á eitt sáttir um ákvæði frumvarps þessa.

II.

Um lax- og silungsveiði

eftir *Þór Guðjónsson* veiðimálastjóra.

Frv. þetta fjallar um veiðimál, en samkvæmt orðaskýringum frv. eru það mál, er lúta að lax- og silungsveiði, fiskrækt og fiskeldi. Í greinargerð þessari verður rætt um málin í þeirri röð, sem nú var nefnt.

Verðmæti veiðinnar.

Lax og silungur teljast til náttúruauðæfa Íslands. Er hér um töluverð verðmæti að ræða, þegar þess er gætt, að árlegur afrakstur af veiði er aðeins vextir af höfuðstóli. Afraksturinn hefur verið áætlaður um fimm milljón króna virði á ári, miðað við söluverð framleiðenda.

Veiðiréttindi fylgja með fáum undantekningum landi, sem að ám og stöðuvötnum liggur. Eftir því sem segir í fasteignamati 1942, hafa 12.1% jarða á landinu laxveiði og 26.3% silungsveiði. Töluverður arður er af veiðinni, einkum laxveiði og góðri silungsveiði. Tekjur af veiði hafa orðið mörgum bændum undirstaða undir umbætur á jörð og húsakosti og bætt afkomu þeirra á annan hátt. Auk þess hefur veiði, þar sem hún er stunduð af bændum og heimilisfólki þeirra, orðið ánægjuleg tilbreytni frá daglegum störfum, samtímis því að hún aflar fæðu.

Gildi lax- og silungsveiði fyrir þjóðina má meta með ýmsu móti. Þar sem veiðin er til muna orðin tómstundaiðja, hefur hún einnig fengið félagslegt gildi. Með aukinni borgarmenningu og styttum vinnutíma hefur komið fram nýtt vandamál hér á landi á síðustu árum, það, hversu þegnarnir skuli verja tómstundum sínum á gagnlegan hátt. Hið opinbera lætur þetta vandamál meira og meira til sín taka með síauknum fjárframlögum, t. d. til félagsheimila, íþróttastarfsemi og annarrar félagsstarfsemi og námskeiðahalds. Erlendis hefur aðstaða til stangarveiði verið efld af opinberum aðilum í því skyni að leysa umrætt vandamál. Á síðustu árum hefur stangarveiðin hér á landi einmitt beinzt í þessa átt, þar sem æ fleiri nota tómstundir sínar á sumrin til að veiða á stöng sér til hressingar og hvíldar frá daglegum störfum. Verður því að viðurkenna þjóðfélagslegt gildi stangarveiði.

Þá hefur lax og silungur skapað þjóðinni gjaldeyristekjur. Lax hefur verið útflutningsvara um langa hríð, silungur einnig, en þó í miklu minna mæli. Útflutningur hefur verið lítill og stopull þar til um 1860, að farið var að flytja út lax á hverju ári svo að nokkru næmi. Á þessari öld hefur útflutningur verið oftast milli 10 og 20 tonn á ári hverju, en mest á árunum 1930—40, eða að meðaltali um 25 tonn. Mest hefur verið flutt út á einu ári 44 tonn, en það var 1936. Nú síðustu árin hefur útflutningur verið með minnsta móti, þar sem laxinn hefur verið seldur innanlands, enda hefur lítið kjöt verið á markaðnum undanfarin sumur. Útflutningur á silungi hefur verið stopulli. Síðustu 20 árin hefur þó silungur verið fluttur

út á hverju ári að tveimur árum undanskildum. Á 8 árum af þessum 20 hefur útflutningurinn numið frá 10 til 49 tonnum á ári, en önnur ár minnu.

Að lokum skal minnzt á, að lax og silungur er flestum hátíðamatur og á borðum manna, þegar minnst er á boðstólum af öðrum eftirsóttum réttum. Þá hefur lax og silungur mjög verið borinn fyrir erlenda ferðamenn, sem sækja okkur heim á sumrin. Er það nokkurs virði að geta boðið ferðamönnum svo ljúffengan rétt.

Ýtarleg veiðilöggjöf.

Öllum ætti að vera það áhugaefni, að þjóðin fái sem mestan afrakstur af veiði. Grundvallarskilyrði þess er skynsamleg nýting veiði. Til þess þarf tvenns að gæta, annars vegar að veiði sé stillt í hóf, þannig að fiskstofnarnir geti haldizt við, og hins vegar að fiskur sé ræktaður. Þar sem fiskstofnar í veiðivötnum hér á landi eru litlir og veiðitækni mikil, verður hagnýting veiði eigi skynsamleg, nema því aðeins að í gildi sé veiðilöggjöf, sem hæfi aðstæðum.

Íslenzk löggjöf hefur haft ákvæði um veiði líklega allt frá stofnun Alþingis. Í Grágás eru ákvæði um samveiði, skiptingu veiði og fyrstu drög til friðunar. Í Járnsíðu og síðar í Jónsbók eru hliðstæð ákvæði. Saga veiðilöggjafar skal annars ekki rakin hér, því að það var gert ýtarlega í greinargerð með frv. til laga um lax- og silungsveiði, þskj. nr. 343, 1930, og skal vísað til hennar um það efni.

Markmið laganna.

Nefndin var sammála um, að markmið laga um lax- og silungsveiði eigi að vera það, er getur í greinargerð fyrir frv. til laga um lax- og silungsveiði 1930. Vernda beri annars vegar fiskstofna fyrir ofveiði og hins vegar að jafna veiðihlunnindum meira niður á veiðijarðir en nú er gert.

Um það leyti sem lög nr. 61/1932 voru sett, var mestur hluti aflans tekinn neðan til í ánum og með þeim afleiðingum, að aflinn skiptist óréttlátlega niður og fátt fiska komst á hrygningarstöðvarnar. Þegar athugað er ástand þessara mála nú, kemur í ljós, að við þær ár, þar sem veiðifélög eru ekki starfandi, er meiri veiðiútbúnaður neðan til í ánum heldur en áður var, og hafa lögin því bersýnilega ekki náð markmiði sínu.

Á félagssvæðum veiðifélaga hefur markmiði laganna hins vegar oftast verið náð um verndun fiskstofna, en sjaldnar um jöfnun veiðihlunninda. Skal nú rætt um nokkur þýðingarmikil atriði, er varða þessi mál.

Saga veiðanna.

Þegar saga lax- og silungsveiði hér á landi er athuguð, kemur í ljós, að nú á einni öld hefur orðið margfalt meiri þróun í veiðitækni heldur en samanlagt á öldunum þar á undan, allt frá því að land byggðist. Afleiðing hinnar öru þróunar, sem þó hefur orðið langmest síðustu áratugina, er sú, að þungamiðja veiðanna hefur færzt niður eftir ánum og allt niður á ósasvæðin. Núverandi skipting arðs af veiði er því nýlegt og sums staðar nýtt fyrirbrigði. Það er því ekki ósanngjarnt, að meiri jöfnuður komist á um veiðiarð heldur en verið hefur um sinn.

Lengstum hafa tæki til veiði lax og silungs verið frumstæð og lítt veiðin. Frá landnámstíð og fram á 18. öld voru þessi veiðitæki notuð: Færi, stingir (ljóstur), kvíslar, ífærur, háfar, teinur, lagnet og ádráttarnet. Þá hefur einnig sú aðferð verið notuð við veiði að veita vatni af fiski. Þessum veiðitækjum var helzt komið við í vatnslitlum ám, þ. e. í smáám og þverám stóránna. Sum þeirra voru einnig notuð í vötnum og lítils háttar í lygnum hlutum stóránna. Á 18. öld kom fyrsta mikilsverða nýjungin í veiðitækni, en það var kistuveiði. Hún var tekin upp í litlum ám. Þá var einnig hafin notkun ádráttarnetja (reknetja) í stóránum og veiði reynd á nýjum stöðum með netjum og með grjóthleðslum („krókahleðslum“) undir fossum. Ádráttarveiði í stóránum virðist hafa verið harla lítil fyrst um sinn, enda tekur Magnús Stephensen fram í Eftirmælum átjándu aldar, að enn eigi menn eftir

að sækja til veiða í „stórfljótum". Veiði í stóránum virðist því fyrst hefjast á 19. öld, og þróun veiðitækni hefur verið hæg fyrri helming aldarinnar. Lagnet voru notuð og þeim lagt við tanga og á staði, þar sem straumur hefur haldið þeim frá landi.

Skömmu eftir miðja öldina lærðu Borgfirðingar að nota króknet, sem reyndust miklu veiðnari en lagnet. Þeir lærðu og að gera garða og kláfafyrirstöður, sem króknetjunum var lagt við. Á árunum næst á eftir jókst útflutningur á laxi, og við það harðnaði veiðisókn, en henni fylgdu aftur umbætur og fjölgun á veiðitækjum og útfærsla á veiðisvæðum niður í árósa stóránna og jafnvel út í sjó. Veiði á ósasvæðum Hvítár í Borgarfirði var í fyrstu með svipuðum hætti og upp í ánni, þ. e. kláfafyrirstöður, sem króknetjum var lagt við. Í Ölfusárósi varð kláfafyrirstöðum ekki komið við, en þar var dregið lítils háttar á. Eftir 1920 kom nýtt veiðitæki til sögunnar í Ölfusárósi, sem gerbreytti veiði þar um slóðir og olli því, að mest var veitt niður á ósasvæði. Þetta veiðitæki er girðingin, þ. e. fyrirstaða úr staurum eða járnteinum, reknum niður í sand- og leirbotn, þar sem straumlítið er, en á staurana er strengt hænsnanet eða rimlahlerum komið fyrir við þá. Við girðingar er komið fyrir gildrum.

Ekki er vitað með vissu, hvenær stangarveiði hófst hér á landi, en sumir telja, að fornmenn hafi veitt á stöng. Um 1860 tóku Englendingar að venja komur sínar hingað til lands. Árið 1858 voru Elliðaárnar leigðar Skota til stangarveiði til þriggja ára. Nokkrum árum síðar hófu Englendingar laxveiðar í Borgarfirði gegn því að skila bændum veiðifangi. Árið 1884 tóku þeir hluta af Grímsá á leigu og síðar aðrar ár í Borgarfirði og víðar. Sumar ár voru lengstum í leigu Englendinga fram undir síðasta stríð, en aðrar um árabil í senn. Íslendingar lærðu að veiða á stöng af Englendingum, en fáir Íslendingar hafa lagt stund á stangarveiði fyrr en 2—3 síðustu áratugina. Veiði Englendinga var hóflega stunduð, og hlutu árnar því góða meðferð af þeirra hálfu. Mun óhætt að segja, að leiga Englendinga á þverám Hvítár til stangarveiði hafi orðið mjög heillarík fyrir viðhald fiskstofna á vatnasvæði Hvítár, sér í lagi þegar þess er gætt, að einmitt á sama tíma jókst netjaveiði í Hvítá í Borgarfirði, sem fyrr segir.

Ástand veiðimála 1920—1930.

Á áratugnum áður en lög nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, voru sett, var ástand veiðimála í ánum í stuttu máli eins og hér segir: Notuð voru eftirtalin veiðitæki: Færi, stöng, lagnet, króknet, ádráttarnet, kistur og girðingar. Síðastnefnt veiðitæki kom einmitt fram á þessum árum, eins og áður getur. Stangarveiði var stunduð í nokkrum ám eða árhlutum, svo sem í Elliðaánum, Laxá í Kjós, þverám Hvítár í Borgarfirði, Langá og Haffjarðará. Netjaveiði var algengasta veiðiaðferðin. Í minni ám voru notuð ádráttarnet, kistur og lagnet og í stóránum lagnet og króknet og girðingar á ósasvæði Ölfusár. Lögin um friðun á laxi frá 1886 voru enn í gildi. Þau hæfðu ekki ástandi því, sem skapazt hafði í veiðimálum, þar sem takmarkanir þeirra á veiði voru of litlar.

Veiðisókn í stöðuvötnum var minni á þessum árum en í ánum, enda hagar þar ólíkt til, bæði erfiðara um vik og eftir minni verðmætum að slægjast. Þó jókst veiði í stöðuvötnum þessi ár, og munu bættar samgöngur innanlands og þar með auknir möguleikar á sölu silungs til fólks í kaupstöðum og kauptúnum hafa ráðið miklu þar um. Í vötnum voru notuð eftirtalin veiðitæki: Færi, stangir, lóðir, lagnet og ádráttarnet. Bættu menn veiðitæki sín á þessu tímabili.

Fiskrækt hafði verið lítill gaumur gefinn hér á landi á þriðja áratug þessarar aldar. Klak var þá sú fiskræktaraðferð, sem mest áherzla var lögð á. Árið 1884 voru fyrstu klakstöðvarnar reistar hér á landi, en þær störfuðu aðeins einn vetur. Næsta átakið var gert af Mývetningum, sem byggðu klakstöð um aldamótin. Síðan virðast klakmál hafa legið í láginni um skeið, en árið 1920 tók Búnaðarfélag Íslands upp leiðbeiningar um klak og veiði, og sama ár hóf Þórður Flóventsson leiðbein-

ingarstarf í klakmálum með nokkrum styrk frá Alþingi. Á næstu árum jókst áhuginn mjög fyrir veiðimálum. Búnaðarfélagið fékk hingað austurríska vatnalíffræðing til að rannsaka veiðivötn. Fiskifélag Íslands lét einnig þessi mál til sín taka, og árið 1927 tóku félögin upp samvinnu um veiðimál og skipuðu þriggja manna nefnd til að veita þeim forgöngu. Sama ár réð nefndin Pálma Hannesson, mag. scient, síðar rektor, til að hafa á hendi rannsóknir veiðivatna og leiðbeiningar um fiskrækt. Fyrir forgöngu þessara aðila kom fram á Alþingi frv. til laga um fiskræktarfélög 1928, sem samþykkt var á Alþingi árið eftir. Árið 1929 skipaði atvinnumálaráðherra nefnd til að semja frv. um lax- og silungsveiði, og áttu þessir menn sæti í henni: Jörundur Brynjólfsson alþm., Ólafur Lárusson prófessor og Pálmi Hannesson rektor. Nefndin samdi frv. til laga um lax- og silungsveiði, sem lagt var fyrir Alþingi 1930 (þskj. 343). Frv. var samþykkt á Alþingi 1932 með mörgum breytingum og viðbótum, og tóku lögin gildi 1. janúar 1933.

Áhrif laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, á veiðimálin.

Fjöldi nýjunga var í hinum nýju lögum og margt stórmerkra ákvæða, svo sem um veiðirétt, bann við laxveiði í sjó, gerð og frágang veiðivéla, lengingu vikufriðunar, mannvirkjagerð í veiðivötnum, fiskræktarfélög, veiðifélög, stjórn veiðimála og eftirlit með veiði, styrkveitingar til fiskræktar og matsgerðir. Skal hér rætt nánar um þau ákvæði, sem mest áhrif hafa haft á þróun veiðimála síðan.

Bann við laxveiði í sjó.

Bann við veiði á laxi í sjó var eitt þýðingarmesta ákvæði laga nr. 61/1932. Það stöðvaði þá þróun, að laxveiðin færðist að mestu út í sjó, en menn höfðu, er lögin voru samþykkt, leitað að góðum veiðistöðum í sjó í nokkur ár. Á Norðurlöndum og Bretlandseyjum veiðist mestur hluti laxins í sjó, og hefði mátt búast við, að þróun þessara mála hér á landi hefði orðið eitthvað svipuð. Í Noregi veiðist t. d. 85% laxa í sjó. Ræktun á laxi á mjög erfitt uppdráttar í þeim Evrópulöndum, þar sem laxveiði í sjó er mikil, vegna þess, að sjávarveiðimenn vilja lítið eða ekkert leggja af mörkum til þeirra mála. Má gera ráð fyrir, að svo hefði og orðið hér á landi. Laxveiðin hefði því orðið þjóðinni arðminni heldur en ella, þar sem meiri hætta er á rányrkju, þegar málum er þannig farið.

Stjórn veiðimála.

Í lögum nr. 61/1932 var tekin upp hér á landi skipan sú á stjórn veiðimála, sem tíðkast í nágrannalöndum okkar, það er yfirstjórn veiðimála fyrir allt landið og sérstjórnir fyrir einstök veiðisvæði.

Samkvæmt lögunum fer ráðherra með yfirstjórn veiðimála, en honum til aðstoðar er veiðimálastjóri og veiðimálanefnd. Veiðimálastjóri var fyrst skipaður 1946, en til þess tíma starfaði fiskræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands í samráði við veiðimálanefnd. Veiðimálastjórnin hefur unnið markvisst að umbótum á veiðimálum, m. a. með því að stuðla að stofnun fiskræktarfélaga og veiðifélaga, safna veiðiskýrslum, leiðbeina um veiðimál og vinna að rannsóknum vatnafiska og veiðivatna eftir því, sem tími hefur leyft. Þar sem fiskræktarfélög og veiðifélög starfa, er þeim ætlað að hafa á hendi stjórn veiðimála einstakra veiðisvæða.

Í lögum um fiskræktarfélög frá 1929 var stjórn fiskræktarmála á einstökum veiðisvæðum fyrst komið í fast horf. Lög þessi voru felld inn í lög nr. 61/1932. Samkvæmt þeim er veiðieigendum heimilað að bindast samtökum til að vinna að fiskrækt á ákveðnum svæðum og hafa fasta stjórnarnefnd úr sínum hópi til að annast framkvæmdir. Félagssvæðin eru fiskihverfi, þ. e. veiðivatn eða vötn, sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur, og eru þau eðlileg eining til að byggja á stjórn veiðisvæða.

Með lögum nr. 61/1932 komu veiðifélögin til sögunnar, sem höfðu það hlutverk að skipuleggja veiði á einstökum veiðisvæðum. Margir héldu og halda enn,

að félagsveiði hafi þá verið algert nýmæli í lögum, en svo er þó ekki, þar sem ákvæði um slíka veiði er að finna í lögum um friðun á laxi frá árinu 1886. En nú var stigið skrefinu lengra en áður og fastari skipan komið á málin. Starfssvæði veiðifélaga eru heil fiskihverfi eða hlutar þeirra, og eru ábúendur veiðijarða eða eigendur þeirra, ef sérstaklega stendur á, félagsmenn.

Fiskræktarfélög og veiðifélög.

Sjö fiskræktarfélög eru nú skrásett, og hafa þau unnið að fiskrækt með friðun á félagssvæðum sínum, klakrekstri og sleppingu seiða og með því að setja reglur um veiði.

Veiðifélög eða fiskræktar- og veiðifélög, sem eru 42 talsins, hafa flest skipulagt veiði á félagssvæðum sínum og unnið að fiskrækt, og hafa þau yfirleitt orðið til mikils gagns. Veiðin hefur komizt í fastar skorður, veiðivötnin hlotið betri meðferð eftir en áður og arður af veiði yfirleitt orðið mikill nú hin síðari ár.

Við stofnun veiðifélaga hefur verið breytt um veiðiaðferðir. Netjaveiði hefur víðast hvar verið lögð niður og stangarveiði tekin upp í hennar stað. Jafnframt hefur stangafjöldi og veiðitími verið takmarkaður í samningum og flestar ár leigðar til nokkurra ára í senn. Víðast hvar hefur því dregið úr veiðiálagi á árnar og það orðið jafnara en áður, enda var eigi vanþörf á því. Sem dæmi um þetta má nefna Miðfjarðará. Í ánni var veitt með netjum fram til ársins 1938, en þá var stofnað Fiskræktar- og veiðifélag við hana. Síðan lét félagið veiða í net í tvö ár, en eftir það hefur áin verið leigð til stangarveiði. Samkvæmt veiðiskýrslum var meðalveiði í ánni frá 1909—1938 735 laxar, en 625 laxar á árunum 1942—1954. Veiðiálag undanfarandi ára liggur vafalaust nær því, sem það má vera, án þess að áin sé rányrkt.

Mörg veiðifélög hafa haft góðar tekjur af leigu ánna til stangarveiði, og hafa því félagsmenn fengið meiri arð af veiði heldur en mögulegt hefði verið að fá með öðrum hætti. Skulu nefnd hér nokkur dæmi um, hvaða tekjur veiðifélög hafa haft af veiðinni síðastliðið ár, og jafnframt sagt frá heildsöluverði á laxi í Reykjavík til samanburðar. Ef þunga veiðinnar er deilt inn í veiðileigu, kemur fram, hvað leigutakar hafa greitt fyrir hvert kíló af laxi óveiddum í ánum. Sýnir meðfylgjandi tafla útkomur fyrir nokkrar ár. Greiðsla fyrir hvert kíló af laxi, sem veiddist 1954, er yfirleitt há (dálkur I), en það orsakast að töluverðu leyti af því, að veiðin var þá með minna móti. En þar eð veiðimagn er breytilegt frá ári til árs, er eðlilegra að nota meðalveiði nokkurra ára við slíkan útreikning, og hefur það verið gert til samanburðar (dálkur II). Þess skal getið, að meðalveiði er höfð til hliðsjónar, þegar gerð eru leigutilboð í ár til stangarveiði.

	Verð á kg af laxi	
	I	II
Ár	1954	Meðalveiði 1949—1953
Laxá í Kjós, Bugða og Meðalfellsvatn	29.74	25.02
Laxá í Leirársveit	41.87	45.17
Grímsá í Borgarfirði	49.95	43.54
Norðurá í Borgarfirði	59.11	32.28
Haukadalsá í Dölum	19.15	24.15
Laxá í Dölum	40.27	23.76
Fáskrúð í Dölum	52.15	31.98
Miðfjarðará í Húnavatnssýslu	53.56	26.38
Víðidalsá í Húnavatnssýslu	24.73	20.91
Laxá í Þingeyjarsýslu	23.03	13.68

Heildsöluverð á laxi í Reykjavík var mest kr. 34.00, en lengst af kr. 27.00 sumarið 1954, og er það langhæsta verð, sem verið hefur á laxi. Árið áður var heildsöluverð kr. 22.00 til kr. 23.00 og árið 1952 kr. 18.00.

Þá hefur annað áunnizt með leigu veiðifélaganna á ánum, en það er jafnar tekjur af veiði frá ári til árs án tillits til, hvort fiskganga í árnar er mikil eða lítil. Er það mjög til þæginda fyrir þá, sem yfir veiðinni ráða, að vita fyrir fram um tekjur sínar af henni.

Veiðifélög hafa unnið að fiskrækt með sleppingu seiða, fiskvegagerð og friðun. Nokkur veiðifélög tóku við ám fisklitlum, og varð því fyrsta verk þeirra að friða árnar og sleppa í þær seiðum. Til dæmis tók Fiskræktar- og veiðifélag Blöndu við ánni í slíku ástandi. Annað dæmi um þetta er Laxá í Þingeyjarsýslu. Þegar Fiskræktar- og veiðifélag Laxár var stofnað, var veiðin lítil samanborið við það, sem áður hafði verið. Áin var leigð til stangarveiði og hlaut góða meðferð. Hefur veiðin í henni síðan farið vaxandi, eins og sjá má á eftirfarandi tölum:

Árin	Meðalveiði, laxar
1941—45	551
1946—50	782
1951—54	1011

Styrkveitingar til fiskræktar.

Ákvæði laga nr. 61/1932 um styrkveitingar til fiskræktar hafa haft hvetjandi áhrif á fiskræktar- og veiðifélög að koma upp klakhúsum, byggja fiskvegi og rækta veiðilausar ár eða árhluta.

Takmarkanir á netjaveiði.

Í lögum nr. 61/1932 voru ákvæði um gerð og frágang veiðivéla og um aukna vikufriðun. Þau áttu að tryggja, að hinn tvíþætti tilgangur laganna næðist. Þetta brást þó, og voru ástæðurnar fyrst og fremst þær, að þróun veiðitækni varð mjög ör, en takmarkanir gegn auknum veiðiútbúnaði vantaði.

Fyrstu árin eftir gildistöku laga nr. 61/1932 hélt þróun netjaveiði áfram á sömu braut og fyrir tilkomu þeirra. Veiðin í árósum stóránna var komin í algleyming. Framfarir í veiðitækni voru margar. Menn lögðu netjum betur en áður, tóku að nota keðjur á leggjarteina netjanna, þannig að þau fóru betur í vatninu, og staurar og járnpípur voru notuð meira en áður á mjúkum botni á straumlitlum stöðum. Með notkun staura eða járnpípna opnuðust möguleikar til að koma fyrir veiðivélum á nýjum stöðum, þar sem menn voru ekki lengur bundnir við tanga út í árnar eða harðan bakka með aðdýpi til að koma fyrir veiðivélum, eins og áður var, meðan fyrirstöður voru gerðar úr grjótgörðum og kláfum. Við þetta fjölgaði lögnum og þær tóku að fjarlægjast árbakkana og ósabakkana, unz þeim var dreift út um ósasvæði, jafnvel fleiri hundruð metra frá landi, eins og dæmi eru um í ósi Hvítár í Borgarfirði. Fleira var það, sem jók netjaveiðiútbúnaðinn, t. d. að króknetjum var fjölgað við fyrirstöður. Fyrir þetta var þó tekið með dómi 1948. Þá bætti það aðstöðu til netjaveiði, þar sem bátum var við komið, að betri bátar og hreyflar voru teknir í notkun, þannig að einn maður komst yfir að vitja um fleiri lagnir en áður á sama tíma.

Það, sem nú var sagt, á að mestu við um Hvítá í Borgarfirði, en vatnasvæði Hvítár er nú veiðisælasta vatnakerfi landsins. Þróun í öðrum helztu veiðiám var með svipuðum hætti meðan netjaveiði var stunduð þar, en innan 10 ára frá gildistöku laga nr. 61/1932 höfðu veiðifélög verið stofnuð við þær flestar, þar á meðal við vatnasvæði Ölfusár-Hvítár, en það er annað veiðisælasta vatnasvæði landsins.

Í lögum nr. 61/1932 var ekkert ákvæði, sem heimilaði að draga úr eða stöðva miður æskilega aukningu í netjaútbúnaði, sem raska kynni því ástandi, sem lögunum var ætlað að skapa. Þó hafði verið ákvæði í frumvarpinu um, að lögnum skyldi ekki fjölgað, en það var fellt niður í meðförum þingsins. Eftir gildistöku laganna kom í ljós, að ekki hefði verið vanþörf á slíku ákvæði, þar sem að minnsta

kosti sumir veiðimenn fjölguðu lögnum sínum beinlínis til að vega upp á móti þeim auknu takmörkunum á netjaveiði, sem lögin ákváðu.

Jafnvel þótt nefnt ákvæði um bann við að fjölga lögnum hefði orðið að lögum, þá hefði það ekki nægt til að koma í veg fyrir aukna veiði í net, vegna þess að veiðivélarnar sjálfar bötnuðu, en við það jókst veiðihæfni þeirra.

Lögin nr. 61/1932 voru ekki vel séð af þeim, sem töldu þau höggva nærri sér. Voru þau óspart ófrægð og hafa því ekki mætt þeim skilningi, sem vert væri. Brot á þeim hafa vart verið talin til afbrota, og tómlæti það, sem lögregluyfirvöld hafa einatt sýnt við afgreiðslu mála út af brotum á lögunum, hefur ýtt undir skeytingarleysi almennings um þau.

Veiðieftirlit.

Eitt af hinum mörgu nýmælum laga nr. 61/1932 var eftirlit með veiði. Samkvæmt þeim var heimilt að skipa sérstaka veiðieftirlitsmenn. Árið 1934 var fyrst skipaður eftirlitsmaður með veiði í Borgarfirði, og hefur hann starfað þar síðan. Eftirlitsmaður með veiði í Árnessýslu var fyrst skipaður árið 1947. Auk þessara föstu eftirlitsmanna á tveimur aðallaxveiðisvæðum landsins hafa fastir eftirlitsmenn verið við nokkrar ár í nágrenni Reykjavíkur á kostnað eigenda eða leigutaka ánna. Þá hafa einstök veiðifélög eða einstaklingar haft eftirlitsmenn stuttan tíma í senn. Að öðru leyti hefur eftirlit með veiði verið í höndum hreppstjóra, og hafa þeir að fáeinum undanteknum sinnt því lítið. Eins og sjá má af þessu, var veiðieftirlit harla lítið fyrstu árin eftir gildistöku laganna, nema þá helzt í Borgarfirði.

Eftir stofnun veiðifélaga og fiskræktar- og veiðifélaga við einstakar ár hefur auk þess á þeim stöðum komizt á óbeint eftirlit, þar sem stangarveiðimenn hafa litið hver eftir öðrum og fylgzt með athöfum annarra við árnar. Á öðrum veiðisvæðum hefur eftirlitið verið í molum og er svo enn í sumum héruðum, þó að ástandið hafi yfirleitt heldur farið batnandi nú hin síðari ár, enda hefur mikil áherzla verið lögð á að bæta það.

Svo kann að virðast sem auðvelt sé að bæta eftirlitið með því að skipa eftirlitsmenn við öll veiðivötn samkvæmt heimild í lögum. En á því er sá ljóður, að í strjálbýli, þar sem veiðivötn eru dreifð, fá og rýr, mundi kostnaðurinn við það verða of mikill. Þess vegna verður eftirlit með veiði að verulegu leyti að vera í höndum hreppstjóra framvegis sem hingað til.

Veiðiálagið á laxastofnana.

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir, hvað veiðiálagið á laxastofnana er mikið og hvort þeir eru ofveiddir. Gögn eru fá um þetta varðandi einstakar ár, og það helzta, sem til er af þessu tagi, er frá Elliðaánum, enda hagar þar sérstaklega til. Vitað er nákvæmlega um tölu laxa, sem koma á efri hluta ánna, og hve margir þeirra veiðast á stöng. Á 17 ára tímabili (1936—1952) hefur meðalveiðin verið 35.25% af stofninum, mest 57.8% og minnst 26.9%. Meðalveiði á þessu svæði Elliðaánna verður að teljast hófleg, þar sem áætlað er, að veiða megi helming af laxastofni veiðivatns, án þess að ofveiði eigi sér stað.

Í flestum öðrum ám, þar sem stangarveiði er stunduð eingöngu, eru líkur fyrir því, að veiðin sé einnig hófleg, þó að gögn séu fá þar um. En fróðlegt er að athuga, hvernig veiðiálagi er háttað á vatnasvæðum, þar sem bæði er veitt á stöng og í fastar veiðivélar. Vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði skal tekið til athugunar í þessu sambandi og veiðiskýrslur þaðan frá árunum 1947—1954 lagðar til grundvallar. Ef gert er ráð fyrir, að álag stangarveiði á laxastofnana í Borgarfjarðaránum sé það sama og í Efri-Elliðaánum, eða 35.25%, þá mundi meðalveiði í Borgarfjarðaránum hafa numið 61% af laxastofnunum á árunum 1947—1954, og 39% af þeim hefðu orðið eftir í ánum til að hrygna. Væri stangarveiðiálagið hins vegar

50% af stofnunum í ánum, þá næmi meðalveiðin 74.2% og 25.8% fengju tækifæri til að hrygna.

Hér var reiknað með meðalveiði sjö ára tímabils, en að sjálfsögðu er hlutfallið milli veiddra laxa og þeirra, sem eftir verða í ánum, mismunandi frá ári til árs, og fer það að verulegu leyti eftir því, hvernig tekst til með veiðina það og það árið. Ástæða er til að ætla, að ef mikið er veitt af litlum árgangi, hrygni ekki nægjanlega margir laxar til þess að sjá fyrir eðlilegu viðhaldi stofnanna. Afleiðingin af þessu verður sú, að afkomendurnir verða fáir og veiðin rýr á slíkum árgangi í einstökum ám á vatnasvæði Hvítár. Þetta gæti verið ástæðan fyrir hinni litilfjörlegu veiði, sem var í Grímsá 1950 og 1951 og í Þverá 1954. Virðist teflt á tæpasta vað með eðlilega viðkomu laxastofnanna á vatnasvæði Hvítár í Borgarfirði með núverandi veiðiálagi.

Veiðin í stöðuvötnum.

Veiðisókn í stöðuvötnum hefur aukizt mjög síðan lög nr. 61/1932 tóku gildi. Sömu veiðitæki og áður hafa verið notuð, en net eru dýpri og lengri, auk þess sem þeim hefur verið fjölgað verulega. Nú síðustu árin hafa net úr nylongarni rutt sér mjög til rúms, og eru þau mun veiðnari en eldri net úr öðrum efnum. Handhægir og ódýrir bátahreyflar hafa víðast hvar verið teknir í notkun. Þeir gera mönnum kleift að sækja lengra til veiða, hafa fleiri net og dreifa þeim meira um vötnin en áður.

Stangarveiði í vötnum hefur einnig aukizt mjög mikið á þessum tíma, þannig að víðast hvar hefur mikil stangarveiði bætzt ofan á vaxandi netjaveiðiálag. Þó eru nú nokkur vötn eingöngu leigð til stangarveiði.

Breytingartillögur í frumvarpinu.

Af því, sem að framan segir, ætti að vera ljóst, að þrengja þarf ýmis ákvæði gildandi laga um veiði og bæta við nýjum ákvæðum, til þess að lax- og silungsveiðilöggjöfin megi ná tilgangi sínum, enda stefnir nefndin að því með tillögum sínum.

Nefndin leggur meðal annars til, að stangarveiði í veiðivötnum, þar sem lax og göngusilungur fer um, verði takmörkuð, þannig að veiðitími verði 3 mánuðir í hverju veiðivatni, eða jafnlangur og netjaveiðitíminn, og daglegur veiðitími verði 12 tímar. Stangarfjöldi í hverju veiðivatni ákveðist af veiðimálastjórninni og stangarveiði megi ekki viðhafa á þeim stöðum, þar sem önnur veiðitæki eru notuð. Öll þessi ákvæði eru nýmæli.

Netjaveiði verði takmörkuð meira en áður. Vikufriðun lengd um 24 stundir, úr 60 stundum upp í 84 stundir, lengd lagna verði mæld frá árbakka (ósbakka), lögnum verði ekki fjölgað frá því, sem nú er, og til að nota girðingar, kistur og ádráttarnet þurfi sérstök leyfi ráðherra. Þá hafi ráðherra heimild til að fækka lögnum í veiðivötnum, ef veiðni þeirra eykst verulega vegna umbóta á veiðiútbúnaði.

Helztu breytingar frv. við gildandi lög um fiskræktarfélög varða stofnun félaga, fundarboðun, atkvæðagreiðslur, frest til vefengingar á stofnun félaganna og greinilegri ákvæði um valdsvið þeirra til að setja veiðireglur. Einnig eru gerðar tilsvarandi breytingar varðandi veiðifélög, og auk þess eru sett skýrari ákvæði um arðskiptingu í veiðifélögum en áður var.

Nefndin ræddi um, hvort ástæða væri til að breyta um skipan á stjórn veiðimála á einstökum svæðum. Kom þar einkum til athugunar, hvort ákveða skyldi í lögum fjölda veiðisvæða á landinu og stjórn þeirra eins og gert er á Bretlandseyjum og í Noregi. Þetta fyrirkomulag hefur þann kost, að stjórn veiðimálanna á einstökum svæðum er ákveðin og verður ekki breytt nema með breytingu á lögunum. Nefndin komst þó að þeirri niðurstöðu, að núverandi skipan þessara mála henti bezt íslenzkum aðstæðum.

Fiskrækt.

Fiskræktin er veigamikill þáttur veiðimálanna, þar sem hún kemur samkvæmt orðaskýringum frv. inn á öll mál, er varða viðhald og aukningu lax- og silungsstofnanna, svo sem friðun fisks, umbætur á lífsskilyrðum fisks, flutning fisks í veiðivatn, auðveldun á göngu fisks, eyðingu veiðivargs og eftirlit með veiði.

Klak var um áratugi helzta fiskræktaraðgerðin, enda var það álitið til þess fallið að ráða bót á flestum vandræðum. Var því eðlilega tekið tillit til þess í lögum nr. 61 1932. Hið mikla gildi klaksins byggðist á eftirfarandi: Frjóvgun hrogna í náttúrunni var álitin vera óveruleg og því væri skortur á seiðum til að fullnýta æti í veiðivötnum. Á þessu ástandi yrði bezt ráðin bót með því að sleppa sem flestum seiðum í veiðivötnin. Í klakhúsinu frjóvguðust á hinn bóginn nær öll hrogn, og auk þess veitti klakhúsið hrognum og kviðpokaseiðum meiri vernd en náttúran.

Á síðustu tveimur áratugum, eða eftir að niðurstöður af ýtarlegum rannsóknum á gildi klaksins komu fram, hafa skoðanir manna á því breytzt mjög. Rannsóknirnar leiddu í ljós, að frjóvgun hrogna í náttúrunni er álíka mikil og í klakhúsinu og þess vegna sé jafnaðarlega meira af fiskseiðum af öllum stærðum í veiðivötnum, þar sem nægjanlegur fjöldi fiska hrygnir, heldur en æti er fyrir. Enn fremur hefur verið sýnt fram á, að náttúran veiti hrognum og kviðpokaseiðum góða vernd.

Niðurstöður áðurgreindra rannsókna á gildi klaksins höfðu í för með sér, að erlendis var minni áherzla lögð á klak en áður, en meira lagt upp úr öðrum fiskræktaraðgerðum. Helztar þeirra eru þessar: 1) aðgerðir til að vernda fiskstofnana fyrir ofveiði, þ. e. setning veiðireglna og eftirlit, 2) útrýming veiðivargs, svo sem sela, minka og fugla, 3) aðgerðir til að fjölga fiski í veiðivötnum og 4) umbætur á lífsskilyrðum fiskanna. Um 3. og 4. lið þykir rétt að ræða nokkru nánar.

Svo getur staðið á, að æskilegt sé að flytja fisk í veiðivatn vegna þess, að viðkoma þar sé engin eða minni en svo, að æti nýtist til fulls. Slíkt ástand getur orsakazt af því, að hrygningarstöðvar eru engar í veiðivatni eða að þær hafa eyðilagzt. Einnig kunna fiskstofnar að hafa verið rýrðir með ránveiði eða vegna mannvirkjagerða í veiðivötnum. Og loks getur þurft að innleiða nýjar fisktegundir eða kynbæta fiskstofna í veiðivatni.

Þegar fiskur er fluttur í veiðivatn, er um tvennt að velja, annaðhvort að sleppa kviðpokaseiðum eða sleppiseiðum (aliseiðum) af mismunandi stærðum. Munurinn á, hvort notuð eru kviðpokaseiði eða sleppiseiði, liggur í því, að færri seiði þarf, þegar um sleppiseiði er að ræða, til þess að koma að sama gagni, og því færri, sem þau eru stærri. Þegar notuð eru stór seiði, ávinnst það, að árangur kemur fyrr fram.

Sleppiseiði má einnig nota til þess að fjölga sjógengnum fiski í veiðivatni umfram það, sem það getur sjálft framfleytt. Þegar sleppiseiði eru notuð þannig, eru seiði af stærð gönguseiða (10—15 cm að lengd) flutt í veiðivatn að vorinu, skömmu áður en seiðin ganga til sjávar. Sleppiseiðin nota sáralítið æti í veiðivatninu, þar sem þau ganga nær rakleitt út í sjó.

Á undanförnum árum hefur vaxandi áherzla verið lögð á það erlendis að bæta lífsskilyrði fiskanna í veiðivötnum, og eru hafnar aðgerðir, sem miða í þessa átt, hér á landi. Lífsskilyrði fiskanna má bæta með því að auka átu, fjölga fylgsnum, búa til hrygningarstöðvar og greiða fyrir fiskför um veiðivatn.

Átu má auka með áburði, og átu og fylgsni með því að gera garða, stíflur og hólma í ár, jafna vatnsrennsli og sökkva grjóti, trjám og hrísvöndum í stöðuvötn. Hrygningarstöðvar má búa til með því að flytja möl af hæfilegri stærð í veiðivötn, þar sem aðstæður til hrygningar eru að öðru leyti fyrir hendi. Gönguleiðir fiska er hægt að bæta með því að ryðja hindrunum úr vegi.

Í frv. eru nokkrar breytingar og nýmæli um fiskrækt, sem ekki hefur áður verið vikið að. Lagt er til, að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við eftirlit með veiði og að heimilt sé, þegar sérstaklega stendur á, að skipa við veiðivötn eftirlitsmenn, sem

kostaðir eru af einstaklingum eða félögum. Ákvæði laga nr. 36/1937 um klaksjóð og lög nr. 27/1953 um breytingar á klaksjóðslögunum eru felld inn í frv. með nokkrum breytingum.

Fiskeldi.

Erlendis er fiskeldi mjög tíðkað. Víða eru fisktjarnir við sveitabæi, og er veitt úr tjörnunum til heimilisnota, og einnig hafa risið upp sérstakar eldisstöðvar, þar sem fiskur er alinn og seldur til matar. Er fiskeldi þannig orðið að búskapargrein.

Á síðastliðnum fjórum árum hefur verið komið upp þremur slíkum eldisstöðvum hér á landi, er framleiða alifisk, ýmist til sölu sem sleppifisk eða til matar. Tilgangurinn með tveimur þessara stöðva er fyrst og fremst að framleiða matfisk til sölu á erlendum markaði.

Margar tegundir vatnafiska eru hafðar í heimilistjörnum og eldisstöðvum erlendis. Fá þær æti ýmist beint úr tjörnunum eða eru fóðraðar. Í slíkum tjörnum eru til dæmis hafðar silungstegundir, og eru þær oftast fóðraðar. Danir hafa verið mjög framtakssamir um silungseldi og hafa t. d. flutt út á árinu 1952 2843 tonn af alisilungi til 14 landa fyrir verðmæti, er svara til rúmlega 37 milljóna íslenzkra króna.

Telja má líklegt, að silungseldi geti orðið arðvænleg búskapargrein hér á landi, eftir þeirri reynslu, sem fengin er. Taldi nefndin því rétt að bæta í frv. nokkrum ákvæðum um fiskeldi, þar sem það er svo nátengt veiðimálum. Fjalla þau m. a. um undanþágu eldisstöðva frá ákvæðum frv. um veiðiaðferðir, veiðitæki og minnstu stærð fisks, sem veiða má, einnig um varúðarráðstafanir, sem eldisstöðvum ber að viðhafa við vatnstöku úr veiðivatni, og um styrki til klak- og eldisstöðva.

Í frv. er nýr kafli um sóttvarnir á fiski eða hrognum, sem flutt eru til landsins, og á grunuðum fiski eða hrognum í klak- og eldisstöðvum innanlands eða í náttúrunni. Þykir nauðsynlegt að taka í lög ákvæði um slíkar sóttvarnir, þar sem vitað er, að erlendis geisa skaðvænlegir sjúkdómar í fiski, sem ekki er að finna hér á landi, svo að vitað sé. Geta slíkir sjúkdómar auðveldlega borizt til landsins og valdið hér stórtjóni, sé varúðar ekki gætt.


III.
Um fastar veiðivélar og notkun þeirra.

Til leiðbeiningar hefur þótt rétt að láta stutta lýsingu á gerð og notkun fastra veiðivéla fylgja frumvarpinu, og er hún sem hér segir:


1. **Lagnet** eru óbrotnust og frumlegust allra veiðivéla. Þau eru gerð úr netriðli, sem á báðum hliðum er felldur við strengi úr snæri eða kaðli og teinar nefnast. Við annan teininn, sem nefnist fláateinn, er fest korkbútum, svo mörgum, að þeir geti haldið netinu upp í vatninu. Á hinn teininn, leggjateininn, eru dregnir leggjabútar, eða við hann er fest steinum, blýi eða járnfesti, svo að hann leiti botns, þá er netinu er lagt í vatn.

Lagnet eru nú einkum notuð til silungsveiði í sjó og stöðuvötnum. Er þeim þá lagt annaðhvort við stjóra og dufl úti í vatni eða frá bakka við landtaug. Oftast liggja þau bein eða lítið eitt buguð. Í straumvötnum eru lagnetin óvíða notuð, því að erfitt er að stöðva þau í straumi, og þykja þau ekki veiðin. Er þeim þar helzt lagt forstreymis frá landi, þar sem klappir eða eyraroddar standa út í vatnið, svo að iða verði neðan við eða andstreymi, sem haldi netjunum frá landi. Mun þetta vera það, sem Grágás kallar að leggja netjum strandlagi.

2. **Króknet** eru komin frá lagnetjunum fyrir þróun og umbætur margra ára. Þau eru veiðigildrur, sem til þess eru gerðar að veiða göngufisk í straumvötnum. Króknetin eru venjulegast þannig gerð, að út frá landi er lagt grindaklafum, grjóti fylltum, hverjum fram af öðrum, svo langt út sem unnt er eða leyfilegt. Við kláfa þessa er svo lagt neti, er stöðvar fiskför að fullu, svo langt sem það nær. Út frá hinum yzta kláf er öðru neti lagt undan straumi, langt eða skammt eftir ástæðum. Neðst



við þetta net, þeim megin, er veit að landi, er svo krókurinn festur, en hann er net eða netálma, sem lagt er upp móti straumi. Eru bæði netin samhliða að kalla í fyrstu, en síðan beygist krókurinn allmikið í áttina til lands. Milli netja þessara verður þannig kverk, er þrengist æ því meir sem lengra dregur forstreymis, unz bæði netin renna saman. Niður frá króknum er oft, einkum í hinum tæru bergvatnsám, lagt einu netinu enn. Nefnist það leiðari, og er jafnan eftir því leitað að svifa honum svo langt út sem lög leyfa, og helzt út fyrir höfuðstreng eða straumlínu árinnar. Milli lands og




netja þeirra, sem nú hafa verið talin, verður þannig kví, er nefna mætti veiðikví, og er hún aðeins opin undan straumi.

Fiskurinn gengur nú neðan ána og heldur sig jafnan nálægt straumlínu. Nokkuð af honum lendir í kvínni, innan við leiðarann. En er fiskurinn kemur að fyrirstöðunni, leitar hann út í ána, unz fyrir honum verður net það, er forstreymis liggur. Kennir hann nú fyrirstöðu á tvo vegu og heldur hikandi undan straumnum, lendir í króknum og ánetjast þar.

Króknetjum verður ekki við komið í stríðum straumi, og ekki verða þau að fullum notum þar, sem aðdjúpt er eða langt út að straumlínu, svo sem víða er í hinum stærri ám landsins. En í flestum ám eða öllum eru þó margir slíkir staðir, að þau verði að miklu gagni, enda eru þau algengust allra veiðivéla, sem hér eru notaðar. Þann ágalla hafa þau, að fiskurinn ánetjast í þeim og er því ekki sem álitlegust vara.

3. **Kistur** eru veiðigildrur, áþekkar króknetjum í aðaldráttum. Kláfar með grjóti í eru settir út í ána, á sama hátt sem í króknetjunum, en á þá er ekki fest net til



fyrirstöðu, heldur trégrindur með þéttum rimlum, er snúa upp og niður í vatninu. Frá yzta kláfnum liggur önnur girðing undan straumi. Hún er einnig gerð úr grindum, og er þeim fest við kláfa, staura eða steina. Á þennan hátt verður veiðikví niður frá þvergirðingunni á sama hátt sem við króknetin. Ofan við þvergarðinn er svo kistan sjálf sett. Hún er þríhyrndur rimlakláfur um 2 metrar á hvern veg. Henni er svo fyrir komið, að hið hvassasta horn hennar veit móti straumi og klýfur hann, en stytzta hliðin snýr undan straumi, og liggur hún fast við fyrirstöðugirðinguna. Á þess-

ari hlið er op, sem þannig er gert, að fiskurinn kemst inn um það, en ekki út aftur. Á kistunni er svo venjulega lok og í því hlemmur, er opna má til þess að ná fiskinum úr kistunni. Þess er vandlega gætt, að sem mestur straumur verði gegnum kistuna. Er hún því sett þar, sem rennsli er mest gegnum girðinguna, en það er venjulega fremst við hana eða framanvert.

Fiskur sá, er gengur í veiðikví við kistu, lendir á þvergarðinum og leitar útkomu. Sækir hann fast í strauminn og finnur þá fyrr eða síðar opið inn í kistuna. Kisturnar eru einkum nothæfar þar, sem straumur er mikill og dýpi við hæfi, og má það varla vera meira að jafnaði en 1 metri. Þær eru nú óvíða notaðar hér á landi. Má þó svo heita, að þær séu hið eina veiðitæki, sem komið verði við þar, sem ár eru straumharðar og falla á flúðum og stórgrýti. Þann kost hafa þær yfir króknetin, að fiskurinn króast í þeim, en ánetjast ekki. Er hann því ómeiddur og óþreyttur, þegar hann er úr þeim tekinn.

4. **Girðingar** eða veiðigirðingar eru allmjög frábrugðnar króknetjum og kistum. Þær eru á þann hátt gerðar, að girðingarstaurar eru reknir niður í árbotninn hver fram af öðrum og svo margir sem þurfa þykir. Á staura þessa er svo fest grindum eða neti úr vír eða vörpugarni, svo þéttriðnu, að fiskur geti ekki smogið það. Þannig er girt svo langt út frá landi sem unnt er eða leyfilegt. Frá girðingunni er svo lagður leiðari forstreymis, eftir því sem þurfa þykir. Er hann gerður á sama hátt sem aðalgirðingin. Að sjálfsögðu þarf ekki að hafa leiðara eða hafa má þá lausa eftir vild. Á girðingunni er haft hlið, þar sem bezt þykir henta, en upp frá því kró eða gildra, er fiskurinn safnast í. Gildra þessi eða kró getur verið með ýmsu móti. En aldrei má riðill í gildru né girðingu né rimlar vera þéttari en lög leyfa.

Þá er fiskurinn gengur upp eftir ánni, rekst hann á aðalgirðinguna. Leitar hann þá út frá landi, unz hann lendir í kví þeirri, er verður milli leiðara og aðalgirðingar. Lætur hann þá lokkast inn í kró. Á hann sér þá engrar undankomu von, því að hann leitar jafnan í strauminn eftir útgöngu, enda er svo um króna búið, að óhugsandi er, að nokkur fiskur geti ratað út úr henni.


Girðingar hafa verið notaðar hér á landi aðeins þrjá síðustu áratugi. Þær eru allgóð veiðitæki, en dýr. Ekki verða þær notaðar í miklum straumi eða grjótbotni. En á leirum og lygnum árbreiðum henta þær bezt allra veiðitækja. Þær hafa þann sama kost sem kisturnar, að þær skemma ekki fiskinn eða þreyta hann.

Þau veiðitæki, sem hér hafa talin verið, bæta upp hvert annars ágalla, þá er á þeim eru frá tæknilegu sjónarmiði. Þeir staðir eru fáir í vatni, að engu þeirra verði við komið.

IV.
Um kafla og greinar.
Um I. kafla.

Um 1. gr.

Nokkrar nýjar orðaskýringar hafa verið teknar upp í frv. Lúta skýringar þessar ýmist að nýmælum í frv. eða að nánari skilgreiningu orða um efni, sem tekin hafa verið upp í frv. úr eldri lögum. Þessi orð eru nú tekin upp: Alifiskur, á, bakki, fiskeldi, ósasvæði, vatn. Við framkvæmd gildandi laga hefur komið í ljós, að ýmsum mönnum veitist torvelt að átta sig á hugtökunum ós í sjó og leirur við sjó, einkum þó hinu síðarnefnda hugtaki. Í frv. er því ós í sjó einungis látinn tákna yztu mörk, þar sem straumlína ár endar í sjó um stórstraumsfjöru, en ósasvæði nefnt allt upp þaðan til þess staðar, þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði. Hugtakið leira við sjó er fellt niður. Skýring á kvísl er leiðrétt. Að öðru leyti haldast orðaskýringar gildandi laga. Rétt þykir að sýna með uppdráttum friðunarsvæði við ósa.



Um II. kafla.

Um 2. gr.

Efni óbreytt frá gildandi lögum, en orðalagi vikið nokkuð við. Tekin eru af öll tvímæli, að eigi megi drepa til neyzlu fisk, sem veiddur er til klaks.

Um 3. gr.

Lagt er til, að landeigendur geti leyst til sín veiðirétt, sem skilinn hefur verið frá landareignum. Alþingi hefur þrisvar framlengt frest til innlausnar. Í lögum frá

1932 er innlausnartíminn ákveðinn 5 ár, í lögum frá 1936 er hann ákveðinn 10 ár. Árið 1942 er hann framlengdur um 5 ár og 1950 til miðs árs 1951. Þykir því eðlilegt, að innlausnarréttur haldist án tímatakmarks. Að öðru leyti er 3. gr. óbreytt frá gildandi lögum.

Um 4. gr.

Óbreytt frá 4. gr. l. nr. 112/1941.

Um 5. gr.

Ákvæði 5. gr. gildandi laga hafa valdið ágreiningi, enda eigi ljóst orðuð. Er hér því reynt að orða ákvæði hennar skýrar. Ákvæði 2. mgr. greinarinnar um veiði í almenningum á öræfum utan afrétta eru felld niður, þar sem eigi er kunnugt um nein veiðivötn í slíkum almenningum. Eftir að 5. gr. frv. hafði verið samin, féll dómur í Hæstarétti um veiðirétt í Veiðivötnum á Landmannaafrétti. Niðurstaða dómsins er að meginefni í samræmi við þessa grein frv. Sá er þó munur, að samkvæmt dómnum hafa allir íbúar á því svæði, þaðan sem upprekstur er á Landmannaafrétt, rétt til veiði í nefndum vötnum, en samkvæmt frv. einungis ábúendur jarða á svæði þessu.

Um 6. gr.

Efni 6. gr. og 2. mgr. 32. gr. l. nr. 112/1941 er hér fellt saman í eina grein, en orðalagi vikið við til skýringar.

Um 7. gr.

Samhljóða 7. gr. l. nr. 112/1941, en tilvitnun til laga aukið við.

Um 8. gr.

Samhljóða 8. gr. l. nr. 112/1941 að öðru leyti en því, að 4. mgr. er felld niður, enda þykir hennar eigi þörf.

Um 9. gr.

Samhljóða 9. gr. l. nr. 112/1941 að öðru en því, að felld eru niður orðin „í afrétti", þar sem ákvæði um sama efni er tekið upp í 5. gr.

Um III. kafla.

Um 10. gr.

Söm að efni sem 10. gr. l. nr. 112/1941, en orðalagi vikið að nokkru við.

Um 11. gr.

Samhljóða 11. gr. l. nr. 112/1941 að öðru en því, að 3. mgr. er niður felld. Þótti eigi ástæða til að halda ákvæðum þessarar mgr., þar sem þau hafa hvergi verið framkvæmd.

Um 12. gr.

Samkvæmt gildandi lögum hvílir skylda til skýrslugerðar á veiðieigendum. Hér er þessu þannig breytt, að skýrsluskylda er lögð á herðar veiðimanna, en veiðieigendum eða veiðifélögum síðan gert að innheimta skýrslur og koma til veiðimálastjóra. Er breytingin gerð vegna þeirrar reynslu, sem fengizt hefur. Að öðru er greinin samhljóða 12. gr. laga nr. 112/1941.

Um 13. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli og skylda alla þá, sem kaupa lax eða silung, til þess að gefa skýrslur um kaupin eigi síður en hina, sem veiða. Mjög er mikilsvert, að veiðiskýrslur séu áreiðanlegar, því að þá veita þær trausta vitneskju um veiði í vötnum, hvort vaxandi sé eða þverrandi. Þær eru undirstaða hvers konar mats

um veiði, setningu arðskrár veiðifélags og veigamikil sönnunargögn. Í veiðilöggjöf Dana og Norðmanna eru ákvæði um tvöfalda skýrslugerð, slíka sem nú var greind, og þykir hún nauðsynleg þar í löndum. Í frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 var ákvæði um þetta efni, en var fellt niður á Alþingi. Við framkvæmd veiðilaga hefur hins vegar þótt koma í ljós, að slíks væri mikil þörf.

Um IV. kafla.

Um 14. gr.

Málsgreinar 1, 2, 3 og 5 fela í sér efni 13. gr. laga nr. 112/1941, 6. mgr. efni 2. gr. laga nr. 40/1942, en 4. mgr. er nýmæli. Laxveiði í sjó hefur verið leyfð á tilteknum stöðum. Hins vegar þykja ákvæði í gildandi lögum um slíka veiði óljós, svo sem um vikufriðun og veiðitæki. Í greinargerð frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 segir, að laxveiði í sjó skuli hlíta sömu reglum sem laxveiði í ám. Ákvæði um laxveiði í sjó var sett með lögum nr. 59/1941, en féll niður af vangá, þegar öll gildandi ákvæði um lax- og silungsveiði voru felld í einn bálk, lög nr. 112/1941. Þykir einsýnt, að lögfesta beri að nýju ákvæði um þetta efni.

Um 15. gr.

Í grein þessari eru tvö nýmæli. Gildandi lög kveða svo á, að eigi megi hafa ádrátt í sjó nær ósi laxár en 500 metra. Hér er í fyrsta lagi lagt til, að lagnetjaveiði og ádráttarveiði við árósa hlíti sömu reglum, og í öðru lagi, að friðunarsvæði úti fyrir árósum sé stækkað. Þykir reynsla hafa sýnt, að lax sé sums staðar veiddur í lagnet á slíkum stöðum í blóra við silung og friðunarsvæðið sé of lítið. Í greinarlok er tekið upp ákvæði 1. gr. laga nr. 94/1943.

Um 16. gr.

Ákvæði 15. gr. laga nr. 112/1941 er allmikið breytt í 16. gr. frv., nema 1. mgr., sem er óbreytt. Í 2. mgr. 15. gr. laganna er bönnuð öll veiði í ósum í ár og ósum í stöðuvötn. Þessu banni hefur eigi verið framfylgt, efalaust af þeirri ástæðu, að veiðimálastjóri var eigi skipaður lengi eftir gildistöku laga um lax- og silungsveiði og eftirlit því lítið. Einmitt á þeim árum hófst að marki veiði um ármót bergvatns og jökulvatns í Borgarfirði og Árnessýslu. Hefur sú veiði haldizt síðan, og þykir viðurhlutamikið að taka hana af, þar sem hún er upp komin. Samt sem áður er augljóst, að veiði upp og niður frá ósum getur verið skaðvænleg. Þykir því rétt að hafa heimild til frekari friðunar þar en annars er mælt í frv. Eðlilegt er, að þeir, sem slík friðun er til hagsbóta, bæti hinum, sem í missa hennar vegna.

Um 17. gr.

Ákvæði greinar þessarar eru nýmæli að því leyti, að þau marka skýrt það, sem raunar felst í gildandi lögum, að fiskur skuli jafnan eiga frjálsa og óhindraða för eftir miðbiki straumvatns. Slík ákvæði getur að finna í norskum og sænskum lögum. Þessi gönguleið er hér nefnd gönguhelgi, og tekur hún yfir þriðjung af breidd ár, en helming af breidd ósasvæðis, þó þannig, að hún nær jafnan yfir aðalstraumlínu.

Um 18. gr.

Ákvæði hennar eru að mestu hin sömu sem 16. gr. laga nr. 112/1941. Er þessara breytinga einna að geta:

1. Stangarveiði er látin hlíta sömu reglum um veiðitíma sem netjaveiði, með því að eigi þótti ástæða til að gera þeirra mun.
2. Veiðitími lax er framlengdur um 5 daga til 20. september, en sú regla er látin haldast, að veiðitími sé hvergi lengri en 3 mánuðir.

3. Veiðitími göngusilungs er framlengdur um 5 daga, sbr. l. nr. 22/1949, eða til 20. september, enda hefur ráðherra samkvæmt heimild í lögum víða leyft svo langan veiðitíma eða lengri.
4. Eftir 1. apríl hefur verið leyfilegt að veiða göngusilung í lagnet og dráttarnet einungis. Nú er lagt til að leyfa einnig silungsveiði með stöng eftir 1. apríl.

Um 19. gr.

Ákvæði hennar koma í stað 17. gr. laga nr. 112/1941. Svo sem segir í hinum almenna hluta þessarar greinargerðar, þykja ákvæði gildandi laga eigi tryggja nægilega viðhald fiskstofns í ám og vötnum. Ber því brýna nauðsyn til að setja rækilegri ákvæði um þetta. Veigamest ráðstöfun í þessu efni er lenging þess tíma, sem fiskur nýtur friðhelgi á göngu til hrygningarstöðva. Vænlegast til árangurs þykir að halda óbreyttum árlegum veiðitíma, en lengja hins vegar þann tíma, sem fiskur er friðaður í viku hverri, vikufriðun. Er lagt til, að vikufriðun fyrir hvers konar netjaveiði sé lengd um 24 klukkustundir, úr 60 stundum í 84, en fyrir ádráttarveiði úr 4 sólarhringum í 5. Samkvæmt gildandi lögum er stangarveiði eigi látin sæta vikufriðun, og þykir rétt, að sá háttur haldist. Hins vegar er í frv. tekið upp það nýmæli, að eigi megi veiða með stöng nema helming hvers sólarhrings, og yrði því fiskur einnig friðaður fyrir stangarveiði 84 klukkustundir í viku hverri til jafns við netjaveiði, ef það ákvæði verður í lög tekið. Ákvæði um 84 stunda vikufriðun er ekki nýtt í frv. Það kom fram í frv. um friðun á laxi, sem þáverandi 1. þm. Reykvíkinga, Jörundur Brynjólfsson, og þm. Norður-Þingeyinga, Benedikt Sveinsson, fluttu á Alþingi 1917. Frv. var vísað til stjórnarinnar og kom ekki aftur frá henni. Annar flutningsmaður frv., Jörundur Brynjólfsson, átti sæti í þeirri nefnd, sem samdi frv. til gildandi laga um lax- og silungsveiði, það er lagt var fyrir Alþingi 1930. Vildi hann, að lögfest yrði 84 stunda vikufriðun, eins og getur í greinargerð þess frv., sbr. þskj. 343, 1930, bls. 860—861.

Um 20. gr.

Hún kemur í stað 18. gr. laga nr. 112/1941, sem að efni er að mestu látin haldast, en auk þess er tekið upp ákvæði um, að samtök veiðieigenda eða veiðinotenda greiði bætur þeim, sem í missa öðrum fremur við friðun.

Um 21. gr.

Samhljóða 19. gr. laga nr. 112/1941.

Um 22. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eru að efni hin sömu sem ákvæði 20. gr. laga nr. 112/1941, en 3. mgr. 22. gr. frv. er ný. Veitir hún ráðherra rétt til að skipa eftirlitsmann með veiði í klak, en slík veiði hefur eigi sætt eftirliti hér. Veiði stofnfisks fer fram eftir árlegan veiðitíma með veiðnum tækjum, og hafa veiðieigendur oft kvartað undan því, að meiru væri lógað af fiski en nauðsyn bæri til, enda er það sannast, að eigi þarf né á að lóga stofnfiski, þótt kreistur sé til hrogna eða svila. Eigi er ætlazt til þess, að stofnfiskur sé nokkurn tíma notaður til matar. Rétt þykir, að sá, sem veiðiskírteini fær, beri kostnað af eftirliti.

Allvíða hefur klak þótt bregðast vonum manna, og veldur vafalaust mestu um, að seiði misfarast unnvörpum, þegar þeim er sleppt í vatn, enda mikið vandaverk að gera það, svo að vel sé. Þess vegna virðist einsýnt, að setja beri reglur um þetta efni, eftir því sem þekkingu fræðimanna á því þokar fram.

Um 23. gr.

Í grein þessa eru tekin ákvæði 21. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi hnikað til.

Um V. kafla.

Ákvæði frv. um friðun vatnasilungs eru í veigamiklum atriðum frábrugðin ákvæðum gildandi laga, og veldur þar mestu um, að klak vatnasilungs hefur hvergi nærri gefið þá raun, er vonir stóðu til, svo sem áður segir í hinum almenna kafla þessarar greinargerðar. Er því hér frekar stefnt að friðun stofnfisks, því að menn eru á það sáttir, að friðun sé haldbetri miklu en klak til viðhalds fiskstofni.

Um 24. gr.

Hún kemur í stað 22. gr. laga nr. 112/1941. Kveður hún á um annars konar friðunartíma, þar sem reynsla hefur sýnt, að fiskur hrygnir á mismunandi tíma í hinum ýmsu vötnum. Sýnist því rétt að fela veiðimálastjóra að ákvarða, hvenær árlegur friðunartími skuli standa í vatni hverju og hversu langur hann sé innan þeirra tímamarka, sem lög setja. Er til þess ætlazt, að stofnfiskur sé friðaður, meðan hann hrygnir. Þrátt fyrir þetta virðist þó rétt að leyfa á friðunartíma nokkra veiði til heimilisnota, þar sem torvelt er að afla nýmetis.

Um 25. gr.

Hún er að efni hin sama sem 23. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að 3. mgr. lagagreinarinnar er niður felld, en þar ræðir um rétt ráðherra til þess að leyfa silungsveiði á friðunartíma. Virðist ákvæði 2. mgr. 24. gr. frv. nægja í þessu efni.

Um 26. gr.

Hún er samhljóða 24. gr. laga nr. 112/1941.

Um VI. kafla.

Efni þessa kafla er steypt upp úr VI. kafla laga nr. 112/1941, m. a. þannig, að sams konar atriði um hin ýmsu veiðitæki eru færð saman, enda sýnist það betur fara. Nýmæli eru auk þess mörg í kafla þessum, og verður þeirra getið á sínum stöðum.

Um 27. gr.

Hún kemur í stað 25. gr. laga nr. 112/1941. Lagt er nú til, að eigi megi nota önnur veiðarfæri en færi, stöng, lagnet og króknet, nema leyfi ráðherra komi til. Eins og nú er komið, er eigi veitt með kistum nema á einum stað, en með girðingum og ádráttarnetjum einungis á tilteknum stöðum, einkum þar sem vötn eru eigi leigð til stangarveiði. Hins vegar er gert ráð fyrir, að kistur, girðingar og ádráttarnet verði leyfð, þar sem þessi veiðitæki virðast eiga sérstaklega við, enda séu þá settar reglur um gerð þeirra og notkun framar en lög mæla beinlínis.

Á síðustu árum hafa net batnað til stórra muna, og má ætla, að veiðitækni fleygi enn fram. Verður því að gera ráð fyrir, að þar kunni að koma, að friðunarreglur frv., ef að lögum verða, veiti fiskstofni eigi nægilega vernd. En með því að breyting á lagabálki slíkum sem þessum hlýtur alltaf að vera vandkvæðum bundin og taka tíma, virðist rétt að veita ráðherra heimild til að fækka veiðivélum, þá er nauðsyn ber til. Að þessu lúta ákvæði 5. mgr. Af sömu rót eru runnar reglur 4. mgr., þar sem bannað er að taka upp nýjar lagnir nema með samþykki veiðimálastjóra.

Um 28. gr.

Efni hið sama sem 26. gr. laga nr. 112/1941.

Um 29. gr.

Grein þessi kemur í stað 28. gr. laga nr. 112/1941 og segir fyrir um lagnet og króknet, hversu gerð skuli og hvernig leggja skuli. Styðst hún við þá reynslu, sem

unnizt hefur um þessi efni, þ. e. að setja verður rækilegar reglur um, hvernig þessum veiðivélum skuli háttað.

Um 30. gr.

Grein þessi geymir ákvæði um veiði með stöng og kemur að því leyti í stað 32. gr. laga nr. 112/1941, en 2. og 3. mgr. hennar eru nýmæli. Veiði með færi virðist eiga að hlíta sömu reglum sem stangarveiði. Rétt sýnist að banna stangarveiði, þar sem veitt er með föstum veiðivélum eða ádrætti. Þykir of mikið lagt á veiðivatn, ef veitt er samtímis með öllum þessum tækjum. Samkvæmt reynslu virðist nauðsynlegt að ákveða stangafjölda í einstökum veiðivötnum, enda þótt ýmis veiðifélög hafi þegar sett sér reglur um þetta efni.

Um 31. gr.

Að efni eins og 1. og 4. mgr. 30. gr. laga nr. 112/1941.

Um 32. gr.

Að mestu samhljóða 27. gr. laga nr. 112/1941.

Um 33. gr.

Samhljóða 2., 3. og 4. mgr. 29. gr. laga nr. 112/1941.

Um 34. gr.

Grein þessi mælir fyrir um meðferð fastra veiðivéla. Í 1., 2. og 5. mgr. eru sams konar ákvæði sem í 27., 28. og 30. gr. gildandi laga. Í 3. mgr. er nýmæli, en það þykir eigi þurfa skýringar við. Sama máli gegnir raunar um 4. mgr., en þó skal þessa getið: Í greinargerð frv. til laga um lax- og silungsveiði frá árinu 1930 er föstum veiðivélum lýst og sýndir uppdrættir að þeim. Er augljóst, að þar er gert ráð fyrir aðeins einni gildru við króknet eða kistu, en fleiri við girðingar. Nokkur ágreiningur hefur þó orðið um þetta, og þykir því rétt að mæla skýrt fyrir um það, eins og hér er gert. Síðasta málsgrein þessarar greinar er og nýmæli, er raunar má telja nauðsynlegt, því að reynsla hefur sýnt, að sumir veiðimenn taka eigi veiðivélar upp, þegar er veiðitíma lýkur, og er þá stórum erfiðara um eftirlit en ella væri.

Um 35. gr.

Greinin kemur í stað 31. gr. og 4. mgr. 33. gr. laga nr. 112/1941, en efni aukið við. Í 1. mgr. er tekið ákvæði úr 2. mgr. 33. gr. laganna, en þar hefur hún verið ranglega sett. Um 3. mgr. þessarar greinar frv. skal tekið fram: Þegar frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 var samið, mátti það heita föst regla, að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum. Ákvæði þess frv. miðaðist því við þetta, eins og sést á 31. gr., en þar segir svo: „Lengd fastra veiðivéla frá bakka og út í á skal miðuð við“ o. s. frv., og síðar í sömu gr. segir: „Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á.“ Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingaspotta með gildrum langt úti í ám og ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á, að ekki bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það, sem girt var. Veiðimálastjórnin hélt hinu fram, er hún taldi felast í anda og ákvæðum laganna. Varð af þessu dómsmál, og gekk dómur Hæstaréttar á móti skoðun veiðimálastjórnarinnar. Nú hefur einn þeirra manna, er undirbjuggu lögin um lax- og silungsveiði, vottað það, að það hafi að minnsta kosti verið ætlun sín, „að lengd lagnar í veiðivatni skyldi jafnan mælast frá bakka og út að enda lagnar að leiðara meðtöldum, hvort sem fyrirstaða væri á allri þeirri leið eða ekki“. Þykir verða að fallast á þessa skoðun, enda kemur ákvæðið um fjarlægð milli veiðivéla

að litlu haldi, nema svo sé gert, að minnsta kosti á ósasvæðum. Í þessari mgr. frv. eru því fyrirmæli, sem væntanlega taka af öll tvímæli um þetta efni.

Um 36. gr.

Í greininni er sama efni sem í 33. gr. laga nr. 112/1941, en orðalag með nokkuð öðru móti.

Um 37. gr.

Í greininni er efni 34. gr. laga nr. 112/1941. Orðalagi örlítið breytt.

Um 38. gr.

Þessi grein kemur í stað 35. gr. laganna, en er aukin að efni. Í 2. mgr. er ákvæði, sem bannar ádrátt í almenningum stöðuvatna. Sýnist rétt að banna slíka veiði, enda augljóst, að hún gæti orðið hættuleg fiskstofni vatns, ef að væri gengið með atorku. Þó þykir rétt að leyfa undanþágu frá ákvæði þessu, þar sem svo hagar til, að veiði í almenningi sé ekki metin skaðvænleg. Ákvæði 2. mgr. 35. gr. laganna eru aukin nokkuð, og þykir það rétt, því að veiðiaðstaða er næsta ólík í hinum ýmsu vötnum, svo að eigi á sama regla við um þau öll. Virðist hitt eðlilegra, að ráðherra geti mælt fyrir um veiðina, eftir því sem við á. Fram til síðustu tíma hefur vatnafiskur nær eingöngu verið veiddur til búsþarfa. Nú færist hitt æ meira í vöxt, að slíkur fiskur sé veiddur til sölu, og er þá hætta á ofveiði stórum mun meiri en áður var. Þykir því verða að binda þessa veiði fastari ákvæðum en felast í gildandi lögum, og er til þess ætlazt, að veiðimálastjóri geri tillögur til ráðherra um slík ákvæði, þá er hann hefur kynnt sér aðstæður við hin ýmsu veiðivötn.

Um VII. kafla.

Þessi kafli mælir fyrir um sama efni sem VII. kafli gildandi laga, og eru ákvæði lítið breytt frá því, sem þar segir. Síðasta greinin er þó nýmæli.

Um 39. gr.

Þessi grein felur í sér efni 36. gr. gildandi laga, en orðalagi vikið við, þar sem þurfa þótti að kveða skýrar á en áður var um nokkur atriði.

Um 40. gr.

Sama efni sem í 37. gr. laganna. Rétt þykir að sýna með uppdrætti friðunarsvæði við báða enda fiskvegar.

Um 41. gr.

Greinin kemur í stað 38. gr. laganna og er eins og hún að efni, nema hvað skotið er inn í 2. mgr. staflið b, er einsýnt þótti að taka í frv.


Um 42. gr.

Samhljóða að mestu 39. gr. laganna.

Um 43. gr.

Grein þessi er nýmæli og styðst við það, sem hér segir: Vatnsvirkjanir hafa færzt mjög í vöxt á síðari árum, og samfara þeim eru oft gerðar breytingar á vatnsmagni í straumvötnum og stöðuvötnum, svo stórfelldar, að þær hafa í för með sér hinn mesta háska fyrir fiskstofninn, einkum þá er uppistöðulónum er hleypt fram vegna viðgerða eða hreinsana. Talið er, að haga megi slíkum framkvæmdum þannig, að þær valdi eigi tjóni, og felur greinin í sér ákvæði, er stuðla eiga að því.

FISKSTIGI



Um VIII. kafla.

Árið 1929 setti Alþingi lög um fiskræktarfélög. Lög þessi voru svo felld inn í frv. til laga um lax- og silungsveiði óbreytt að kalla. Er þessi kafli tekinn upp í frv. þetta nokkuð breyttur, og lúta breytingarnar að því að gera fyrirmæli um stofnun og starfsemi fiskræktarfélags óbrotnari en áður. Felld er niður 46. gr. laganna, af því að hún þótti óþörf.

Um 44. gr.

Þessi grein kemur í stað 40. gr. gildandi laga, og má kalla, að hún sé tekin upp óbreytt. Síðan er aukið við skýringu á fiskrækt, lagfærðri nokkuð frá því, sem segir í orðaskýringum 1. gr. laga nr. 112/1941. Þótti henta betur að láta skilgreininguna koma í þennan kafla.

Um 45. gr.

Hún kemur í stað 41. gr. laga nr. 112/1941 og er eins og hún að efni að öðru en því, er nú skal greina: Í 1. mgr. er tekið upp ákvæði um, að boða skuli þinglýsta eigendur til stofnfundar í fiskræktarfélagi. Þótti rétt að kveða skýrt á um, hverja boða skuli til fundar. Í annan stað þótti rétt að lengja frest til fundarboðunar og kveða á um birtingu fundarboðunar í útvarpi.

Um 46. gr.

Hún kemur í stað 42. gr. laga nr. 112/1941. Ákvæði 1. og 4. mgr. eru óbreytt frá sömu mgr. 42. gr. laganna. Í 2. mgr. frv. eru nýmæli um atkvæðisrétt á fundum, þannig að eitt atkvæði komi á hvert lögbýli, enda þótt eigendur séu fleiri en einn, og virtist rétt að miða við lögbýli samkvæmt fasteignamati 1942 eða eldra mati. Hins vegar sýnist rétt að halda því ákvæði laganna, að enginn einn aðili hafi meir en eitt atkvæði.

Ástæður nýmælisins eru þessar: Frá því gildandi lög voru sett, hefur mörgum jörðum verið skipt, aðrar farið í eyði og enn aðrar verið sameinaðar. Hefur þannig raskazt sá grundvöllur, sem ákvæði laganna voru reist á, og stofnun fiskræktarfélaga hefur orðið torveldari en áður af þeim sökum. Sýnist haldkvæmast að ráða þessum málum til lykta með þeim hætti, sem gert er í frv. Í frv. er mönnum gert miklum mun auðveldara en áður að stofna fiskræktarfélag á fyrsta fundi. Styðst sú breyting við reynslu þá, sem fengizt hefur við framkvæmd laganna, en í þessu sambandi er þess rétt að geta, að samkvæmt 2. mgr. 45. gr. frv. skulu fundir boðaðir með lengri fyrirvara og rækilegar en áður var. Ætti mönnum því að vera í lófa lagið að sækja stofnfund, ef þeim þykir stofnun félags nokkru máli skipta.

Um 47. gr.

Hún kemur í stað 43. gr. laga nr. 112/1941. Eru ákvæði 1. mgr. óbreytt, en í 2. mgr. er slakað nokkuð á kröfum um atkvæðamagn til félagsstofnunar, og er það í samræmi við það, er áður sagði um vandhæfi á félagsstofnun. Fiskræktarfélög sýnast eðlileg og nauðsynleg, enda hefur það eigi verið vefengt. Er því eigi ástæða til að krefjast aukins meiri hluta atkvæða til stofnunar þeirra.

Um 48. gr.

Samhljóða að kalla 45. gr. laga nr. 112/1941.

Um 49. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt 1. mgr. 41. gr. laga nr. 112/1941, en í 2. mgr. er nokkuð fækkað þeim atriðum, sem skylt er að taka upp í samþykkt félags. Styðst það við reynslu.

Um 50. gr.

Samhljóða 49. gr. laga nr. 112/1941.

Um 51. gr.

Greinin er nýmæli, og styðst hún við reynslu. Rétt er með þessum hætti að hvetja menn til þess að bera fram sem fyrst mótmæli gegn félagsstofnun, ef þeir telja hana brjóta í bág við lög.

Um 52. gr.

Hún er ný og kveður á um atriði, er áður var ætlazt til, að ákveðin væru í samþykktum félaga. Sýnist réttara að setja um þetta lagafyrirmæli, svo sem hér er gert. Í 2. mgr. eru rækileg fyrirmæli um fundarboðun. Virðist hún eigi þurfa skýringa né heldur 3. mgr. Í 4. mgr. eru settar reglur um, hversu mál verði útkljáð á fundum. Þykir hér vera um svo veigamikil atriði að tefla, að rétt sé að mæla fyrir um þau í lögum.

Um 53. gr.

Hún er að efni hin sama sem 49. gr. laga nr. 112/1941.

Um 54. gr.

Söm að efni sem 50. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi nokkuð vikið við.

Um 55. gr.

Söm að efni sem 51. gr. laga nr. 112/1941 að öðru leyti en því, að í frvgr. er eigi krafizt aukins meiri hluta félagsmanna við atkvæðagreiðslu. Er þetta gert til samræmis við ákvæði 47. gr. frv.

Um 56. gr.

Samhljóða 52. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að lögveð stendur eigi nema eitt ár. Sýnist eigi ástæða til, að það standi lengur.

Um 57. gr.

Greinin er sama efnis sem 2. mgr. 53. gr. laga nr. 112/1941, en 1. mgr. 53. gr. laganna er brott felld. Sýnist eigi eðlilegt, að veiðimálastjóri og veiðimálanefnd úrskurði þau atriði, sem í nefndri mgr. segir, heldur beri þau undir matsnefndir eða dómstóla. Ákvæði 1. mgr. taka yfir veiði og hafa því ranglega verið sett í kafla um fiskræktarfélög.

Um 58. gr.

Hún kemur í stað 54. gr. laga nr. 112/1941, og er efni að mestu hið sama. Þó getur friðun nú einnig tekið til stangarveiði. Slakað er á kröfu um aukinn meiri hluta félagsmanna við atkvæðagreiðslur.

Um 59. gr.

Hún kemur í stað 55. gr. laga nr. 112/1941. Veiðitækni fleygir stöðugt fram, og má svo fara, að ákvæði laga um verndun fiskstofns reynist eigi nægilega haldgóð. Sýnist því rétt að veita fiskræktarfélögum þann rétt, er felst í greininni.

Um 60. gr.

Söm að efni sem 56. gr. laga nr. 112/1941.

Um 61. gr.

Hún er nýmæli og segir fyrir um félagsslit. Virðist rétt að hafa um þau bein ákvæði í lögum, en samkvæmt lögum þeim, er gilt hafa, skal kveðið á um þau í félagssamþykkt.

Um IX. kafla.

Í frv. til laga um lax- og silungsveiði, því er lagt var fyrir Alþingi 1930, voru engin ákvæði um veiðifélög, en er frv. var til meðferðar á þinginu, komu fram eindregnar óskir um, að sett væru ákvæði um félagsveiði, og var því nefnd þeirri, sem undirbjó frv., falið að semja kafla um veiðifélög. Var hann síðan felldur inn í frv. og það samþykkt þannig. Í þessu frv. er kaflinn um veiðifélög látinn haldast lítt breyttur. En einn þeirra manna, sem hafa undirbúið þetta frv., telur hann ganga helzt til nærri ákvörðunarrétti eiganda yfir eign sinni.

Um 62. gr.

Ákvæði 1. og 3. mgr. eru sömu að efni sem 57. gr. laga nr. 112/1941, en 2. mgr. er nýmæli. Reynsla sýnir, að flest veiðifélög vilja stunda fiskrækt ásamt veiði. Virðist því rétt að gera þeim með lögum að stunda fiskrækt. En vitaskuld fer um atkvæðagreiðslur um fiskrækt eftir ákvæðum IX. kafla.

Um 63. gr.

Söm að efni sem 58. gr. laga nr. 112/1941.

Um 64. gr.

Kemur í stað 59. gr., en b-liður 2. mgr. og 5. mgr. eru niður felld, þar sem þeirra þótti eigi þörf.

Um 65. gr.

Er söm að efni sem 60. gr. laganna, nema miklu rækilegri ákvæði eru nú sett um fundarboðun, sbr. 45. gr. frv.

Um 66. gr.

Hún kemur í stað 61. gr. laganna. Breytingar hafa verið gerðar á fyrirmælum um atkvæðisrétt á fundum veiðifélaga á sama hátt sem á fundum fiskræktarfélaga, sbr. skýringar á 46. gr. frv.

Um 67. gr.

Hún er að efni hin sama sem 62. gr. laganna. Eigi er ætlazt til, að arðskrá félags sé samin, áður en félag er stofnað. Þykir setning arðskrár eigi bera undir stofnfund. Í annan stað er ákveðið, að tilkynna skuli í útvarpi framlagningu skjala. Loks er framlagningartími þeirra lengdur úr tveimur vikum í þrjár.

Um 68. gr.

Sama að efni sem 63. gr. laga nr. 112/1941.

Um 69. gr.

Hún kemur í stað 64. gr. laga nr. 112/1941. Úr 1. mgr. eru felld niður orðin „nema öðruvísi sé um mælt í samþykkt". Í 76. og 81. gr. frv. eru ákvæði um atriði, sem nú er ráðið til lykta í samþykktum. Þarf því eigi að geta þeirra í samþykkt, sbr. skýringar við 52. gr. frv. Í 3. mgr. er nýmæli. Reynsla virðist benda til, að heppilegt sé, að veiðifélög geti starfað í deildum, ef misjafnlega hagar til á félagssvæði.

Um 70. gr.

Hún kemur í stað 65. gr. laganna og mælir fyrir um arðskrár veiðifélaga. Rétt þykir að breyta þeim meginreglum, sem fara á eftir, þegar arði af félagsveiði er jafnað niður, því að aðstæður hafa breytzt frá því, er lög um lax- og silungsveiði voru sett. Þá var lítil veiði í höfuðám ofanverðum og þverám, því að stangarveiði var þá fremur fátíð og langmest um netjaveiði neðanvert í höfuðám eða við ósa þeirra. Þótti því verða að jafna arðinum niður eftir veiðimagni eða áætluðu veiðimagni jarða. Síðan lögin voru sett, hefur stangarveiði færzt mjög í vöxt, og hefur reynsla sýnt, að hún er jafnan mest ofarlega í fiskihverfi hverju. Augljóst er, að hrygningarsvæði og uppeldisskilyrði ráði úrslitum um afkomu fiskstofns. Hitt er jafnvíst, að ekki nýtast þessi skilyrði, nema fiskurinn fái gengið leið sína frá sjó til hrygningar- og uppeldissvæða, sem jafnan eru ofanvert í ám. Virðist því rétt að taka tillit til allra þeirra atriða, er í greininni getur, enda hefur sú raun orðið á, að víða hefur það verið gert, þá er arðskrá hefur verið sett með mati.

Það nýmæli er í 2. mgr., að greiða má atkvæði um arðskrá skriflega. Er það gert í því skyni að sannreyna sem bezt vilja félagsmanna um setningu arðskrár. Aðrar breytingar þykja ekki þurfa skýringar.

Um 71. gr.

Hún má heita samhljóða 66. gr. laganna.

Um 72. gr.

Hún er samhljóða að mestu 67. gr. laganna. Orðalagi vikið við.

Um 73. gr.

Í henni er sama efni sem í 51. gr. frv., og vísast til skýringa um þá grein. Sýnist rétt, að sams konar ákvæði sem í 51. gr. taki einnig til veiðifélaga. Þó þykir verða að hafa vefengingarfrest til ráðherra lengri, þar sem um veiðifélög er að tefla.

Um 74. gr.

Er að efni hin sama sem 2. mgr. 54. gr. frv. Þykir rétt, að þessi ákvæði taki jafnt til veiðifélaga og fiskræktarfélaga.

Um 75. gr.

Efni þessarar greinar er hið sama sem í 57. gr. frv. Þykir eigi síður ástæða, að veiðifélög gefi skýrslur um starfsemi sína en fiskræktarfélög.

Um 76. gr.

Hún er að meginefni samhljóða 52. gr. frv., og vísast til skýringa við þá grein. Krafizt er þó, að ⅔ félagsmanna samþykki breytingu á samþykkt og arðskrá veiðifélags, enda þótt einfaldur meiri hluti sýnist nægja, þá er breyta skal samþykkt fiskræktarfélags eða gjaldskrá.

Um 77. gr.

Hún er að efni hin sama sem 68. gr. laga nr. 112/1941, en orðalagi vikið við.

Um 78. gr.

Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar eru samhljóða 1. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941 að öðru en því, að aukið hefur verið við orðunum „og binda undanþágu þeim skilyrðum, sem þurfa þykir". Viðbótin þarf eigi skýringa við. Upphafsákvæði 2. mgr. eru óbreytt frá ákvæðum laganna. Niðurlagsákvæði mgr. er nýmæli, er rétt sýnist að taka upp. Þess er hér að geta, að 3. og 4. mgr. 69. gr. laga nr. 112/1941 eru niður felldar, því að efni þeirra þykir nú eigi æskilegt.

Um 79. gr.

Hún er að meginefni hin sama og 70. gr. laga nr. 112/1941.

Um 80. gr.

Hún er sama efnis sem 1. mgr. 71. gr. laga nr. 112/1941. Síðari mgr. þeirrar greinar er niður felld, þar sem ákvæði, er lengra ganga í sömu átt, eru tekin upp í 2. mgr. 62. gr.

Um 81. gr.

Þessi grein er nýmæli, sama efnis sem 61. gr. frv., og vísast til skýringa við þá grein.

Um X. kafla.

Kafli þessi kemur að nokkru í stað laga nr. 36/1937, um klaksjóð, og laga nr. 27/1953, um breytingar á þeim lögum. Nauðsynlegt þótti þó að breyta ákvæðum laga þessara og auka við nýmælum, m. a. um fiskeldi.

Skoðanir manna á fiskrækt hafa breytzt til mikilla muna hin síðari ár. Þykir eigi lengur einhlítt að sleppa kviðpokaseiðum í vatn, heldur þykir hitt sums staðar eiga betur við að sleppa eldri seiðum, sem alin hafa verið eftir að kviðpokann þraut. Einkum sýnist þetta henta þar, sem svo hagar til, að æti seiða er ónóg, hættur miklar eða vernd lítil, svo að smáseiði misfarast til muna, eins og víða í vötnum hér á landi. Er því æskilegt að taka upp í lög ákvæði um eldi fiska. Sjá nánar um þetta í greinargerð með frv., bls. 1143—1144.

Um 82. gr.

Í lögum nr. 27/1953 er ríkisstjórninni veitt heimild til þess að láta reisa eldisstöðvar ásamt klakstöðvum og gera félag um slíkar stöðvar við aðra aðila. Þykir rétt að láta þau ákvæði haldast að efni. En eigi virðist ástæða til að takmarka seiðatölu eldisstöðva. Aftur sýnist eðlilegt að fela veiðimálastjóra umsjá með slíkum stöðvum.

Um 83. gr.

Torvelt er að afla seiða, og hefur ekki tekizt um langa hríð að fullnægja eftirspurn eftir seiðum. Verður því að telja hana aðalhlutverk klak- og eldisstöðva ríkisins. Auk þess fari þar fram tilraunir og rannsóknir um fiskrækt. Að öðru leyti þarf greinin ekki skýringar.

Um 84. gr.

Um hana má vísa til 22. gr. frv. þessa og skýringa um hana.

Um 85. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 86. gr.

Á undanförnum árum hafa verið reistar hér á landi þrjár eldisstöðvar, er hafa það markmið að rækta alifisk til þess að sleppa í veiðivötn (sleppifisk) og rækta matfisk til sölu, einkum erlendis, og má kalla það nýja grein búskapar. Engin ákvæði í íslenzkum lögum lúta að slíkum stöðvum nema þau ein, er getur í lögum nr. 27/1953, um breyting á lögum um klaksjóð. Þykir því rétt að taka upp í frv. þetta ákvæði um þessi efni, og getur þeirra í þessari grein og hinum næstu.

Um 87. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 88. gr.

Hún þykir eigi þurfa skýringar.

Um 89. gr.

Rétt virðist að undanþiggja eldisstöðvar ákvæðum laga um lágmarksstærð fisks, er veiða má, veiðarfæri og veiðiaðferðir.

Um 90. gr.

Nauðsynlegt þykir, að veiðimálastjóri fái skýrslur um starfsemi eldisstöðva, m. a. það, hvort þær selji fisk eða seiði innanlands eða utan.

Um 91. gr.

Ákvæði þessarar greinar sýnast réttmæt og þurfa eigi skýringar við.

Um XI. kafla.

Í kafla þessum eru nýmæli, sem nauðsynlegt þykir að taka upp. Víða erlendis er ræktaður til mikilla muna silungur sá, er nefnist regnbogasilungur (Salmo irideus), og hafa hrogn hans verið flutt hingað til lands árið 1951 og 1954. Nú er það kunnugt, að tveir skæðir sjúkdómar sækja á laxfiska í flestum löndum Evrópu, m. a. Norðurlöndum. Nefnist annar kýlaveiki (furunculosis), en hinn vanki (Drehkrankheit, drejesyge). Sjúkdómar þessir geta borizt með hrognum, og þar sem talið er víst, að þeir séu ekki í íslenzkum laxfiskum, þykir nauðsynlegt að setja ákvæði til varnar því, að þeir berist hingað. En að því lúta ákvæði þessa kafla.

Um 92. gr.

Vegna sýkingarhættu þeirrar, sem samfara getur verið innflutningi hrogna, þykir nauðsynlegt að setja ákvæði um bann við innflutningi fisks eða lifandi hrogna, nema ráðherra leyfi slíkan innflutning.

Um 93. gr.

Talið er unnt að sótthreinsa hrogn til hlítar, svo að hætta stafi ekki af innflutningi þeirra. Að því lúta ákvæði greinar þessarar. Jafnframt þykir nauðsyn-

legt að setja fyrirmæli um meðferð fisks, sem fluttur kann að verða landa á milli með viðkomu á Íslandi.

Um 94. gr.

Nauðsynlegt þykir að setja í lög ákvæði um sótthreinsun fisks í eldisstöðvum eða veiðivötnum, ef hætta þykir á, að hann sé sýktur næmum sjúkdómi.

Um 95. gr.

Þarf eigi skýringar.

Um XII. kafla.

Þessi kafli er að efni hinn sami og X. kafli laga nr. 112/1941 að öðru en því, að bætt er inn í 2. mgr. 98. gr. ákvæði um, að bætur fyrir missi selveiðinytja skuli ákveðnar með mati, ef eigi semur. Frá því er lög um lax- og silungsveiði voru sett, hefur mikið áunnizt um útrýmingu sels úr veiðivötnum, og virðast ákvæði laganna hafa reynzt fullnægjandi, svo að eigi sé ástæða til breytinga. Orðalagi greina hefur verið breytt, þar sem ástæða þótti til.

Um XIII. kafla.

Kafli þessi geymir ákvæði XI. kafla laga nr. 112/1941. Ákvæði laganna um stjórn veiðimála hafa reynzt haldkvæm, og sýnist eigi ástæða til að breyta þeim að neinu ráði.

Um 99. gr.

Hún er sama efnis sem 75. gr. laganna.

Um 100. gr.

Hún er sama efnis sem 76. gr. laganna að öðru en því, að skipun veiðimálastjóra er eigi tímabundin. Eigi virðist ástæða til að tímabinda skipun hans frekar en annarra starfsmanna ríkisins.

Um 101. gr.

Hún kemur í stað 77. gr. laga nr. 112/1941, er fjallar um veiðimálanefnd. Sú er ein breyting, að landssambandi fiskræktarfélaga eða landssambandi veiðifélaga, ef stofnuð yrðu, er veittur tillöguréttur um menn í veiðimálanefnd. Virðist það vera eðlilegt.

Um 102. gr.

Hún kemur í stað 78. gr. laga nr. 112/1941, og eru 1., 2. og 3. mgr. sama efnis sem sömu mgr. lagagreinarinnar. Í 4. mgr. er nú kveðið beinum orðum á um rétt eftirlitsmanna til farar meðfram veiðivatni.

Um 103. gr.

Hún kemur í stað 79. gr. laga nr. 112/1941 og er nokkuð aukin að efni og orðalagi breytt. Í 1. mgr. er það nýmæli, að kaup eftirlitsmanna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, í stað þess að sýslusjóði er gert að greiða kaupið allt samkvæmt gildandi lögum. Geta má þess, að undanfarin ár hefur ríkissjóður styrkt eftirlit með veiði í fiskihverfum Hvítár í Borgarfirði og Ölfusár. Ákvæði 2. mgr. er nýmæli. Sýnist eðlilegt, að eftirlitsmönnum, sem eigendur eða notendur veiði ráða, sé veitt lögregluvald.

Um XIV. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XII. kafla laga nr. 112/1941, en ákvæðum laganna er breytt til muna, greinar dregnar saman eða felldar niður.

Um 104. gr.

Hún kemur í stað 80. og 82. gr. laganna. Sýnist verða að binda styrkveitingar því skilorði, að fé sé veitt til þeirra á fjárlögum. Þá er lögin voru sett, mátti kalla,

að kr. 2.50 hrykkju til greiðslu á þriðjungi dagsverks og kr. 3.00 væru þriðjungur af verði eitt þúsund hrogna. Nú eru þessi verðhlutföll gerbreytt, og þykir því rétt að miða styrkveitingar við þriðjung af verði mannvirkja, sem gerð eru vegna fiskræktar, svo sem gert var í 2. mgr. 80. gr. laganna. Rétt sýnist, að eigi sé veittur styrkur til klak- eða eldisstöðva, fyrr en reynsla hefur sýnt, að vatn, sem nota á, sé vel fallið til fiskeldis. Ákvæði 3. mgr. 80. gr., 81. gr. og 2. mgr. 82. gr. eru niður felld.

Um 105. gr.

Hún kemur í stað 83. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. eru óbreytt að öðru en því, að lánstími er lengdur um helming. Þykir reynsla hafa sýnt, að lánstími laganna sé of skammur. Ákvæði 2. mgr. eru nýmæli. Fiskeldi má telja eina grein búskapar, svo sem áður segir, og virðist eðlilegt að veita lán til íbúðarhúsa við eldisstöðvar, eins og um nýrækt jarðar væri að tefla.

Um XV. kafla.

Kafli þessi kemur í stað XIII. kafla laga nr. 112/1941. Greinum er breytt nokkuð að efni og orðalagi, sem sagt verður. Felldur er niður 85. gr. laganna, því að hún var talin óþörf.

Um 106. gr.

Hún fjallar um sama efni sem 84. gr. laganna. Sett eru skýrari ákvæði en áður um þau efni, er skera á úr með mati, ef þau valda ágreiningi. Er þetta gert samkvæmt reynslu. Af sömu ástæðu er breytt reglum um dómkvaðningu undirmatsmanna og lengdur frestur til þess að skjóta undirmati til yfirmats úr 6 vikum í 3 mánuði.

Um 107. gr.

Hún kemur í stað 86. gr. laganna, og er fyrri mgr. óbreytt að efni, en í hinni síðari er sú breyting á ger, að matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu skipaðir á sama hátt sem aðrir matsmenn samkvæmt 106. gr. Þykir sú skipun eðlilegri.

Um 108. gr.

Hún er sama efnis sem 87. gr. laganna. Orðalagi vikið við.

Um XVI. kafla.

Með lögum nr. 10/1952 voru refsiákvæði þessa kafla þyngd mjög. Sýnist eigi ástæða til að hrófla við refsimörkum þeim, sem ákveðin voru með þeim lögum.

Um 109. gr.

Söm að efni sem 1. mgr. 88. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 1. gr. laga nr. 101/1952.

Um 110. gr.

Söm að efni sem 89. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 101/1952. Efni úr upphafi greinar er flutt og gert að nýjum lið, f-lið.

Um 111. gr.

Hún kemur í stað 90. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 3. gr. laga nr. 101/1952, en fleiri verk eru refsiverð beinum orðum en áður. Nú skal einnig refsað fyrir veiði með skotvopnum og rafmagni svo og sé vatni veitt af fiski. Eru þessar veiðiaðferðir, einkum sú síðastnefnda, mjög vítaverðar. Refsa mætti líklega fyrir nefndar veiðiaðferðir eftir lögjöfnun frá 90. gr. gildandi laga, en rétt sýnist samt að kveða skýrum orðum á um refsiverðleik þeirra til þess að veita mönnum aukna viðvörun.

Um 112. gr.

Ákvæði 1. mgr. eru samhljóða 91. gr. laga nr. 112/1941, sbr. 4. gr. l. nr. 101/1952. En 2. mgr. er nýmæli. Rétt sýnist að leggja viðurlög við brotum á lögmætum samþykktum fiskræktarfélaga og samþykktum veiðifélaga.

Um 113. gr.
Hún er samhljóða 92. gr. laga nr. 112/1941.

Um 114. gr.
Hún er samhljóða 93. gr. laga nr. 112/1941.

Um 115. gr.
Hún kemur í stað 94. gr. laga nr. 112/1941. Sú ein breyting er gerð, að fésektir eru látnar renna í ríkissjóð, svo sem venja er um flestar fésektir.

Um XVII. kafla.
Um 116. gr.
Eðlilegt sýnist, að félög, sem stofnuð hafa verið samkvæmt gildandi lögum um fiskrækt og félagsveiði, fái nokkurn frest til þess að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði frv., ef að lögum verður.

Um 117. gr.
Hún þarfnast eigi skýringar.

Sþ. 671. Nefndarálit [116. mál]

um till. til þál. um raflýsingu vegarins milli Hafnarfjarðar og Reykjavíkur.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur leitað álits rafmagnsstjórans í Reykjavík um tillöguna og sérstaklega óskað upplýsinga hans um stofnkostnað við raflýsingu vegarins og enn fremur árlegan rekstrarkostnað.

Rafmagnsstjóri telur, að stofnkostnaður umræddrar línu muni verða um 850 þús. kr. og árlegur rekstrarkostnaður um 120 þús. kr. Rafmagnsstjóri telur eðlilegast, að Rafmagnsveita Reykjavíkur ræki götulýsingu þessa og annaðist viðhald hennar, en telur álitamál, hver greiða ætti rekstrarkostnaðinn. Ýmsar leiðir hljóta einnig að koma til greina varðandi greiðslu stofnkostnaðarins.

Umferðarmálanefnd Reykjavíkur hefur sent nefndinni áskorun til Alþingis um að samþykkja tillöguna með nokkrum viðauka.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að mjög mikilvægt sé til öryggis umferð um Hafnarfjarðarveg, að vegurinn sé raflýstur. Þar sem hér er um allkostnaðarsama framkvæmd að ræða og nokkurt álitamál, hver greiða eigi kostnaðinn, telur nefndin nauðsynlegt, að ríkisstjórnin taki málið til athugunar og leiti samkomulags við þá aðila, er málið helzt varðar, um skiptingu kostnaðar við raflýsinguna og rekstur hennar. Leggur því nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Einn nefndarmanna (JR) var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 28. apríl 1955.

Pétur Ottesen, form. Helgi Jónasson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Jón Kjartansson. Hannibal Valdimarsson. Halldór Ásgrímsson.
Karl Kristjánsson. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 672. Lög [132. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 656.

Ed. 673. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

4. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga:

1. Starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa.
2. Starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa.

Starfsmenn þeir, sem ræðir um í 1—2 hér að framan, skulu fullnægja skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr., um ráðningartíma og aðalstarf.

3. gr.

Orðin „samkvæmt 3. gr. 2. tölul. eða 4. gr.“ í 5. gr. l. 101/1943 falli niður.

4. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 8. gr. l. 101/1943 komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

5. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 8. gr. l. 101/1943 komi: fyrir sjóðfélaga.

6. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 10. gr. l. 101/1943 komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

7. gr.

Aftan við 10. gr. l. 101/1943 komi þrjár nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna í héruðum I. og II. flokks svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna skulu miðuð við heildarárslaun héraðslækna í héruðum III. flokks.

8. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 12. gr. l. 101/1943 falli niður.

9. gr.

Aftan við 12. gr. l. 101/1943 bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

10. gr.

1. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

11. gr.

2. málsl. 3. mgr. 13. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

12. gr.

Orðin „eða sá maður, er nýtur ellilífeyris eða örorkulífeyris úr sjóðnum“ í 1. mgr. 14. gr. l. 101/1943 falli niður.

13. gr.

Aftan við 3. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

14. gr.

4. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaununum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaununum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

15. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 14. gr. l. 101/1943 komi: 2500 kr.

16. gr.

6. mgr. 14. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

17. gr.

Við 7. mgr. 14. gr. l. 101/1943 bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

18. gr.

Aftan við 14. gr. l. 101/1943 komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem hærra var launað, ef það meðaltal er hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

19. gr.

Aftan við 15. gr. l. 101/1943 komi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

20. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 16. gr. l. 101/1943 komi: 10 ár.

21. gr.

Í stað orðanna „Lífeyrissjóður Íslands“ í 3. gr. l. 40/1945 komi: Tryggingasjóður almannatrygginga.

22. gr.

Meginmál 4. gr. l. 40/1945 orðist þannig:

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkv. lögum þessum.

23. gr.

Á eftir 17. gr. l. 101/1943 komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

24. gr.

Síðari málsl. 20. gr. l. 101/1943 orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

25. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 102 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 42 14. apríl 1954, um breyting á sömu lögum.

26. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra svo og meginmál laga nr. 40 15. febr. 1945, að því leyti sem þau eru enn í gildi, inn í lög nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 674. Frumvarp til laga [137. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Lífeyrissjóður barnakennara og ekkna þeirra starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Í stað orðsins „barnakennara“ í niðurlagi 3. gr. laganna komi: svo og námsstjórar barnafræðslustigsins.

3. gr.

Í stað orðanna „allt að 60% af fasteignamati þeirra“ í 1. mgr. 6. gr. laganna komi: samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Í stað orðanna „fyrir meðlimi sjóðsins“ í niðurlagi 6. gr. laganna komi: fyrir sjóðfélaga.

5. gr.

Í stað orðanna „standa sjóðnum skil á þeim“ í niðurlagi 1. mgr. 8. gr. laganna komi: greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

6. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 18 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

7. gr.

Orðin „annaðhvort“ og „eða samanlagður aldur hans og þjónustutími er orðinn 95 ár“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falli niður.

8. gr.

Aftan við 10. gr. laganna bætist ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er sjóðfélaginn lét af.

9. gr.

1. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu barnakennarastarfi, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir í samráði við landlækni metur örorkuna meira en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

10. gr.

2. málsl. 3. mgr. 11. gr. laganna orðist þannig:

Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði, hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

11. gr.

Aftan við 3. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja embætti því eða starfi, er hinn látni lét af.

12. gr.

4. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundraðshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

13. gr.

Í stað orðanna „500 kr.“ í 5. mgr. 12. gr. laganna komi: 2500 kr.

14. gr.

6. mgr. 12. gr. laganna orðist þannig:

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna, og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

15. gr.

Við 7. mgr. 12. gr. laganna bætist:

Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

16. gr.

Aftan við 12. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslum hans er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 2% af meðalárslaunum hans síðustu starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarandi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðalárslaunum hans síðustu 10 árin í því starfinu, sem hærra er launað, ef það meðaltal var hærra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

17. gr.

Aftan við 13. gr. komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

Lífeyrisgreiðslur, sem börn og ekkjur sjóðfélaga fá greiddar frá slysatryggingadeild almannatrygginganna, skulu koma til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

18. gr.

Í stað „15 ár“ í 1. mgr. 14. gr. laganna komi: 10 ár.

19. gr.

Eftir 14. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Nú flyzt starfsmaður, sem verið hefur í lífeyrissjóði barnakennara og ekkna þeirra, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í sjóði þeim, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

20. gr.

Síðari málsl. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til þess að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

21. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi numin lög nr. 104 23. des. 1950, um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

22. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra, og gefa þau út svo breytt.

Ed. 675. Frumvarp til laga [138. mál]

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Eftir eina umr. í Nd.)

1. gr.

Eftir 1. gr. laganna komi ný grein, er verður 2. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Sjóðfélagar eru í lögum þessum taldir allir þeir, sem skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

2. gr.

Aftan við 3. gr. laganna komi tvær nýjar málsgr., svo hljóðandi:

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

3. gr.

Aftan við 6. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 25 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

4. gr.

Aftan við 2. mgr. 7. gr. laganna komi: og skal verðmæti þeirra fríðinda talið hið sama og þau eru metin til skatts.

5. gr.

Aftan við 8. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Upphæð ellilífeyris má þó aldrei nema meiru en 75% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er sjóðfélaginn lét af.

6. gr.

Eftir 1. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Þrátt fyrir örorku getur engin hjúkrunarkona fengið örorkulífeyri, meðan hún heldur jafnháum launum og hún áður hafði, hjá aðila, er tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

7. gr.

Síðasta mgr. 9. gr. laganna orðist þannig:

Örorkumatið skal framkvæmt af tryggingayfirlækni í samráði við landlækni, og skal það aðallega miðað við vanhæfi sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

8. gr.

1. mgr. 10. gr. laganna orðist þannig:

Ef sjóðfélagi deyr og lætur eftir sig börn eða kjörbörn, sem eru yngri en 16 ára, fá þau lífeyri úr sjóðnum, unz þau eru fullra 16 ára, enda hafi hin látna séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Eigi börnin foreldri eða kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, er lífeyrir hvers um sig 25% hærri en þær upphæðir, sem stjórnarráðið ákveður sem meðalmeðlag með börnum á þeirra aldri í Reykjavík á þeim tíma, er þau njóta lífeyris. Eigi börnin hvorki foreldri né kjörforeldri á lífi, sem sér um framfærslu þeirra, eru lífeyrisupphæðirnar tvöfalt hærri.

9. gr.

Í stað orðsins „fósturbörn“ í 2. mgr. 10. gr. laganna komi: kjörbörn.

10. gr.

Aftan við 2. mgr. 10. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

11. gr.

11. gr. laganna falli niður, og breytist greinatalan samkvæmt því.

12. gr.

12. gr. laganna orðist þannig:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

13. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðist þannig:

Starfstími hjúkrunarkvenna reiknast frá þeim tíma, er iðgjaldagreiðslur þeirra hefjast. Þó er heimilt að kaupa þeim réttindi fyrir fyrri starfstíma gegn gjaldi, er sjóðstjórnin ákveður í samráði við tryggingasérfræðing.

14. gr.

Eftir 13. gr. laganna komi ný gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan skv. því):

Nú flyst hjúkrunarkona, sem verið hefur í lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hennar vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi hjúkrunarkonu í sjóði þeim, er hún flyst til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er hún hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglur, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

15. gr.

2. málsgr. 18. gr. laganna orðist þannig:

Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru numin úr gildi lög nr. 18/1947, um breyt. á lögum nr. 103/1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

17. gr.

Þegar lög þessi hafa öðlazt gildi, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, og gefa þau út svo breytt.

Nd. 676. Breytingartillaga [185. mál]

við frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá Gils Guðmundssyni og Bergi Sigurbjörnssyni.

1. gr. orðist þannig:

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1955 með þeirri breytingu, að h/f Eimskipafélag Íslands greiði skatt af skattskyldum tekjum ársins 1954 samkvæmt þeim reglum, er nú gilda um skattgreiðslur samvinnufélaga, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

Ed. 677. Breytingartillögur [178. mál]

við frv. til laga um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

1. Við 2. gr. Á eftir 1. málsl. komi nýr málsl., svo hljóðandi:
   Hann er jafnframt sýslumaður í Kjósarsýslu.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Verzlunarlóð kaupstaðarins skal vera landareign jarðanna Digraness og Kópavogs að undanskildu því landi, sem afhent hefur verið nýbýlum til búrekstrar með sérstökum nýbýlasamningum, og enn fremur því landi úr landareign jarðarinnar Kópavogs, sem heilbrigðismálaráðuneytinu hefur verið afhent vegna hæla ríkissjóðs í Kópavogi og búrekstrar í sambandi við þau.
3. Við 19. gr. Í stað 1. málsl. komi:
   Ekki er skylt að stofna sérstakt slökkvilið í kaupstaðnum, nema því aðeins að yfirumsjónarmaður brunavarna telji það nauðsynlegt. Verði stofnun slökkviliðs talin nauðsynleg, semur bæjarstjórn reglugerð fyrir slökkviliðið, en ráðherra staðfestir hana.
4. Aftan við ákvæði um stundarsakir bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Ríkissjóður afhendi hinum nýja kaupstað verzlunarlóð hans, eins og hún er ákveðin í 3. gr., kvaðalaust frá hans hálfu, og auk þess 2 milljónir króna vegna óvenjulegs kostnaðar við hina ört vaxandi byggð.

Nd. 678. Lög [80. mál]

um breyting á lögum nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Afgreidd frá Nd. 28. apríl.)

Samhljóða þskj. 387.

Ed. 679. Frumvarp til laga [167. mál]

um samræmingu á mati fasteigna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á árinu 1955 skal fara fram endurskoðun fasteignamatsins frá 1942 svo og aukafasteignamatsins, sem gert hefur verið síðan.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs hlutfallskosningu 2 menn í landsnefnd til að framkvæma endurskoðun fasteignamatsins og 2 til vara. Fjármálaráðherra tilnefnir þriðja manninn, og skal hann vera formaður nefndarinnar. Einnig tilnefnir ráðherra varaformann.

3. gr.

Til viðbótar gildandi fasteignamati skal meta allar ræktunarframkvæmdir og aðrar meiri háttar umbætur, er gerðar hafa verið frá því matið fór fram. Einnig skal meta öll hús og mannvirki, sem reist hafa verið frá 1942, en kunna að hafa fallið undan aukafasteignamati. Sama gildir um útmældar lóðir, er ekki hafa verið metnar aukafasteignamati. Samtímis skal fella niður hús og mannvirki, sem hafa verið rifin eða eyðilagzt, en láðst hefur að fella úr gildandi fasteignamati.

Öll þessi mannvirki skulu metin eftir sömu reglu og fylgt var við gildandi fasteignamat.

4. gr.

Skattstjórar og yfirskattanefndir skulu ásamt undirskattanefndum vera landsnefndinni til aðstoðar við endurskoðun matsins og láta í té þær upplýsingar og tillögur, sem landsnefndin telur nauðsynlegar.

5. gr.

Búnaðarfélag Íslands skal láta landsnefnd í té skýrslu um allar framkvæmdir, sem teknar hafa verið út og styrks hafa notið frá árslokum 1942 til ársloka 1954. Skulu skýrslurnar vera sundurliðaðar fyrir hverja fasteign.

6. gr.

Þegar búið er að meta umbætur, sem gerðar hafa verið frá því aðalmat fór fram, sbr. 3. gr., skal landsnefnd flokka allar fasteignir. Flokkunin miðast í stórum dráttum við þá breytingu, sem orðið hefur síðan aðalmat fór fram á verðgildi fasteigna eftir því hvar þær eru. Að því búnu ákveður landsnefndin, hvað sé hæfileg hækkun eða lækkun á matsverði fasteignaflokkanna. Enga fasteign má þó hækka meira en um 400% eftir að matið hefur verið samræmt samkvæmt 3. gr.

7. gr.

Þegar landsnefndin hefur endurskoðað fasteignamatið samkv. 6. gr., skal nefndin senda skattanefndum til umsagnar afrit af fasteignamatinu í hlutaðeigandi sveitarfélagi, eins og hún hefur gengið frá því, ásamt þeim reglum, er nefndin hefur fylgt í störfum sínum. Skattanefndir skulu, hver í sínu sveitarfélagi, láta samrit af afriti fasteignamatsins liggja frammi í 3 vikur fasteignaeigendum til sýnis. Ef kæra berst skattanefnd út af matinu innan þess tíma, skal skattanefndin senda landsnefndinni hana, ásamt umsögn frá sér, og leggur landsnefndin úrskurð á málið.

Landsnefndin skal einnig senda yfirskattanefndum afrit af fasteignamatinu í umdæmi þeirra.

Landsnefndin setur undir- og yfirskattanefndum frest um það, hvenær þær skuli hafa skilað svörum til hennar.

Að fengnum athugasemdum og tillögum skattanefndanna skal landsnefndin taka fasteignamatið til endanlegrar afgreiðslu.

8. gr.

Þegar endurskoðun fasteignamatsins er lokið, skal fjármálaráðherra gefa út sundurliðaða skrá yfir matsverð allra fasteigna. Skal sú skrá send ókeypis öllum sýslumönnum, bæjarfógetum, lögreglustjórum, hreppstjórum, oddvitum, bæjarstjórum og skattstjórum.

Fjármálaráðherra ákveður, hvenær hið nýja mat gengur í gildi.

9. gr.

Kostnað allan við endurskoðun fasteignamatsins greiðir ríkissjóður eftir reikningum, er fjármálaráðherra úrskurðar.

10. gr.

Þegar nýtt fasteignamat samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal ríkisstjórnin láta fara fram endurskoðun á gildandi lagaákvæðum um eignarskatt svo og lögum nr. 66/1921, um fasteignaskatt, og miðist endurskoðunin við, að skattar þessir hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.

Þá skulu og við gildistöku endurskoðaðs mats, sbr. 6. gr., falla úr gildi lög nr. 29 frá 4. febr. 1952 og ákvarðanir stjórnarvalda um opinber gjöld, sem heimt eru sem hundraðshluti af fasteignamati, og komi nýjar ákvarðanir til, er miðist við það, að þessi gjöld hækki ekki almennt umfram það, er af flokkun fasteigna kann að leiða.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 680. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá Einari Olgeirssyni og Gils Guðmundssyni.

1. Við 2. gr. Í stað 1. töluliðar komi tveir töluliðir, svo hljóðandi (og tala liðanna breytist samkv. því):
   1. Reykjavík.
   2. Kjósarsýsla.
2. Við 3. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi (og tala liðanna breytist samkv. því):
   2. Kópavogur.

Nd. 681. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 4. gr. Niðurlag 2. málsl. 2. málsgr. á eftir orðinu „einkum“ hljóði svo: skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

Nd. 682. Breytingartillaga [143. mál]

við frv. til laga um almenningsbókasöfn.

Frá Skúla Guðmundssyni og Jóni Pálmasyni.

Við 31. gr. bætist: og ákvæði 7. gr. um fjárframlög bæjar-, hrepps- og sýslufélaga ekki fyrr en hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd hefur samþykkt, að svo skuli verða.

Ed. 683. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [178. mál]

í málinu: Frv. til l. um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

Frá Finnboga R. Valdimarssyni.

Með því að deildin telur tímabært, að tekin verði til athugunar skipun sveitarstjórnarmála í nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, telur hún það eðlilegustu meðferð þessa máls, að ríkisstjórnin skipi nú þegar 9 manna nefnd til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig bezt verði fyrir komið til frambúðar skipan sveitarstjórnarmála í næsta nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, þannig að bæði þessir bæir og núverandi nágrannasveitarfélög þeirra megi vel við una, og sé nefndin skipuð mönnum tilnefndum af þeim sveitarfélögum öllum, sem hér eiga hlut að máli, og enn fremur af sýslunefndum Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Í trausti þess, að nefnd þessi hraði störfum svo, að tillögur hennar geti komið fyrir næsta þing, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 684. Nefndarálit [165. mál]

um frv. til heilsuverndarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og þykir ástæða til að gera á því nokkrar breytingar, sem að sumu leyti eru formsbreytingar, en að nokkru efnisbreyting.

Formsbreytingarnar eru í því fólgnar að færa saman í eina grein (3. gr.) fyrirmælin um reglugerðarákvæði. Verða þá eftir í 2. gr. eingöngu ákvæðin um, hverjar helztu heilsuverndargreinar séu. Þar er þó einnig gerð sú breyting á upptalningu heilsuverndargreina, að áfengisvarnir eru taldar sem sérstakur liður heilsugæzlu, en ekki flokkaðar undir geðvernd, eins og gert er í 9. tölul. 2. gr. eins og frv. er nú.

Breytingartillögur við 4. gr. miðast við það, að skýrt sé tekið fram það, sem til var ætlazt með frv., sbr. greinargerð þess, að kostnaður vegna rekstrar heilsuverndarstöðvar skiptist til þriðjunga milli sveitarsjóða, sjúkrasamlaga og ríkissjóðs í þeim heilsuverndargreinum, sem heilsuverndarstöðvarnar fram til þessa hafa látið til sín taka. Er það í samræmi við ákvæði 4. gr. l. nr. 64 1. des. 1944, en þau lög er nú lagt til að nema úr gildi.

Um aðrar greinar heilsuverndar stendur áfram óbreytt, að sveitarfélögin skuli leita samninga við sjúkrasamlögin um þátttöku þeirra í greiðslu kostnaðar, en

náist ekki samkomulag, úrskurði ráðherra um greiðslurnar. Eins og fram kemur í greinargerð frv., byggist þetta á því, að verksvið stöðvanna kunni að víkka svo mjög, að sjúkrasamlög telji sér verða ofþyngt með gjöldum, svo sem vegna heilbrigðiseftirlits í skólum, kynsjúkdómavarna o. fl., en þeim hefur verið slíkt óviðkomandi til þessa.

HelgJ og HV voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Helztu heilsuverndargreinar eru:
   1. Mæðravernd.
   2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
   3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
   4. Tannvernd.
   5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
   6. Atvinnusjúkdómavarnir.
   7. Berklavarnir.
   8. Kynsjúkdómavarnir.
   9. Áfengisvarnir.
   10. Geðvernd.
   11. Almennar sjúkdómavarnir.
   12. Aðstoð við fatlaða og vangefna.
   13. Almennar þrifnaðarráðstafanir.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:
   Ákveða skal í reglugerð, er sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja og ráðherra staðfestir, um starfsemi heilsuverndarstöðvar, til hverra heilsuverndargreina hún skuli taka og hversu hverja grein skuli rækja, og hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.
3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 2. gr., skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.
   Að öðru leyti, og þar sem kostnaður af rekstri heilsuverndargreina samkvæmt 1. málsgr. verður ekki aðgreindur sérstaklega, fer um þátt sjúkrasamlaga í greiðslu kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva eftir samkomulagi sveitarstjórna við sjúkrasamlögin. Ef samkomulag næst ekki um greiðsluna, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins og samkvæmt kröfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, að úrskurða, að sjúkrasamlagið (sjúkrasamlögin) greiði allt að þriðjung eðlilegs rekstrarkostnaðar.
   Nú taka gildi ákvæði almannatryggingalaga um heilsugæzlu, og færast þá greiðslur sjúkrasamlaga til heilsuverndarstöðva yfir á þá starfsemi.

Alþingi, 29. apríl 1955.

Páll Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Ed. 685. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til laga um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um frumvarpið. Meiri hlutinn mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. En minni hlutinn (HG) er mótfallinn 1. gr. þess og mun skila séráliti.

Meiri hlutinn tekur fram, að hann telur áríðandi, að lokið verði, áður en næsta Alþingi kemur saman, yfirstandandi endurskoðun á þeim atriðum skattalaganna, sem verið er með frumvarpi þessu að framlengja bráðabirgðaákvæði um.

Alþingi, 29. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr.	Karl Kristjánsson, frsm.
	Gísli Jónsson.	

Ed. 686. Frumvarp til laga [94. mál]

um iðnskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI
Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.

3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Menntamálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða.

6. gr.

Iðnskóla, sem fleiri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 5 manna skólanefnd. Þar sem kaupstaður stendur einn að slíkum skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 4 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Ef fleiri en einn kaupstaður, sýsla eða hreppur stendur að skólanum, skal svo fljótt sem því verður við komið kjósa skólanefndina á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að minnsta kosti helmingur þeirra, er kjósa skal í skólanefnd, skulu vera iðnaðarmenn.

Iðnskólum, sem færri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 3 manna skólanefnd; skulu 2 þeirra kosnir á sama hátt og að framan greinir.

Ráðherra skipar formenn skólanefndanna til sama tíma.

III. KAFLI
Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs, má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.

Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara svo og styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

Ráðherra ákveður skólagjöld, að fengnum tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

10. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI
Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu í hvers konar iðnaðarstarfsemi, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI
Kennarar.

14. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu svo og menntun kennara í almennum greinum gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra

telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, tölu fastra kennara, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verksvið þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1955.

Ed. 687. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta heimilar ríkisstjórninni að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

Með frumvarpinu fylgir greinargerð Pálma Einarssonar landnámsstjóra um málið, og leggur hann til, að jörðin sé keypt, en talar um, að verð það, sem jörðin sé boðin fyrir, sé of hátt.

Nefndin sendi frumvarpið til umsagnar stjórn jarðeigna ríkisins og hefur fengið álit hennar á því, og er það svo hljóðandi:

„DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 26. apríl 1955.

Ráðuneytinu hefur borizt bréf landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa eyðijörðina Dísastaði í Breiðdal.

Vegna þessarar beiðni skal eftirfarandi tekið fram:

Ábúendaskipti verða í vor á ríkisjörðinni Hóli í Breiðdalshreppi. Ábúandi Hóls hefur um langt árabil nytjað Dísastaði, sem eru einkajörð, en lönd þessara tveggja jarða liggja saman.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem jarðeignadeildin hefur fengið, mun erfitt um búskap á Hóli einum, eins og núverandi landskipti milli jarðanna eru.

Hins vegar mun að áliti landnámsstjóra hægt að gera úr jörðunum tvö góð býli með nýjum skiptum, sem hægt er að koma á, sé sami eigandi að báðum jörðunum.

Með tilvísun til álits landnámsstjóra og annarra, er þarna þekkja til, er jarð-

eignadeildin fyrir sitt leyti hlynnt kaupum á Dísastöðum, náist samkomulag um verð fyrir jörðina, sem sanngjarnt verði talið.

F. h. r.
Sveinbj. Dagfinnsson.

Til landbúnaðarnefndar efri deildar Alþingis.“

Með tilliti til umsagnar landnámsstjóra og stjórnar jarðeigna ríkisins um málið þykir nefndinni rétt að mæla með samþykkt frumvarpsins, en vill þó jafnframt benda á, að á þessu Alþingi munu verða samþykkt lög um nýtt fasteignamat, og taldi nefndin rétt, að hið nýja mat á Dísastöðum verði lagt til grundvallar kaupverðinu.

Alþingi, 29. apríl 1955.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Andrés Eyjólfsson.
Finnbogi R. Valdimarsson. Jón Kjartansson.

Ed. 688. Nefndarálit [162. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Frv. þetta er komið frá neðri deild, og er aðalefni þess að tryggja Siglufjarðarkaupstað 100000 króna lágmarksgjald frá síldarverksmiðjum ríkisins þar, þar til endurskoðun á löggjöfinni um tekjur bæjar- og sveitarfélaga er lokið. Með tilliti til þess, að atvinnulífið á Siglufirði og þar með tekjur bæjarsjóðs voru lengi háðar síldveiðum og síldarvinnslu, þar með talið rekstur síldarverksmiðjanna, þykir nefndinni rétt að veita bæjarsjóði Siglufjarðar þessa tryggingu. Nefndin mælir því með, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 29. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 689. Nefndarálit [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á nokkrum fundum sínum og leitað umsagnar þeirra helztu aðila, er málið snertir. Að athugun þessari lokinni er nefndin sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 1. gr. frv. orðist þannig:
   11. gr. laganna orðist svo:
   Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um,

hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum eða úrskurði öryggismálastjóra, lútandi að þessu, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að öryggisútbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði öryggismálastjóra og öryggisráðs, ef því er að skipta, samkvæmt þessari grein.

Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði, fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli öryggismálastjóra eða öryggisráðs, þar sem það á við.

2. Í stað „Landssambands iðnaðarmanna“ í 3. tölul. a-liðar 7. gr. komi: Vinnuveitendasambands Íslands.

Alþingi, 29. apríl 1955.

Einar Ingimundarson, form. Skúli Guðmundsson, fundaskr. Eggert G. Þorsteinsson, frsm.

Kristín Sigurðardóttir. Bergur Sigurbjörnsson.

Nd. 690. Frumvarp til laga [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til kaupa á nýjum dieseltogara fyrir bæjarsjóð Neskaupstaðar eða félag, sem stofnað verður í kaupstaðnum um rekstur togarans. Ábyrgð má veita fyrir allt að 85% af kostnaðarverði skipsins, þó eigi fyrir meiri fjárhæð en 9 milljónum króna.

Ef bæjarsjóður verður eigi kaupandi, heldur sérstakt félag, er áskilið, að bæjarsjóður sé í sjálfskuldarábyrgð gagnvart ríkissjóði fyrir skuldbindingum þeim, er ríkissjóður tekst á hendur fyrir félagið.

Auk þess, sem að framan greinir, er ábyrgðin háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 691. Nefndarálit [188. mál]

um frv. til l. um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkv. frv. þessu, sem er stjórnarfrumvarp og afgreitt frá Nd., er svo til ætlazt, að tekjuskattsviðauki félaga samkv. 63. gr. laganna verði látinn haldast óbreyttur til loka þessa árs og að ákvæði 67. gr. um 50% álag á eignarskatt verði framlengd til sama tíma. Ég er þessu hvoru tveggja samþykkur.

Enn fremur er svo til ætlazt samkv. 1. gr. frv., að tekjuskattur, tekjuskattsviðauki og stríðsgróðaskattur félaganna sé lækkaður um 20%, þ. e. fimmta hluta, frá því, sem skattstigi laganna ákveður. Þessu er ég algerlega andvígur. Með ákvæðum skattalaganna um fyrningarafskriftir og skattfrjáls tillög til varasjóða eru félögunum veittar svo stórfelldar skattaívilnanir, að fjarri sanni er að auka þar við.

Hversu stórfelldar þessar skattaívilnanir eru, verður m. a. ljóst af því, að nettótekjur 80 tekjuhæstu félaganna í Reykjavík eru ekki taldar nema rösklega 28 millj. kr. árið 1953. En skattfrjáls varasjóðstillög þeirra sama ár eru um 10 millj. kr. Eignir þessara félaga samtals munu nema milli 400 og 500 millj. kr., eða sem svarar 5—6 millj. á hvert félag til uppjafnaðar.

Meginþungi skattabyrðarinnar hvílir hér á landi, sem kunnugt er, á einstaklingum og fyrst og fremst á launamönnum. Ég verð því að telja, að aðrar breytingar á skattalögunum séu fremur aðkallandi en sú að lækka hina tiltölulega lágu skatta á þessum félögum um einn fimmta hluta.

Meiri hlutinn leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að breyta 1. grein þess í samræmi við það, sem að framan er sagt, og ber því fram svofellda

BREYTINGARTILLÖGU:

1. gr. orðist svo:

Ákvæði 63. gr. laga nr. 46/1953 um skattauka á tekjur skal gilda árið 1955 við álagningu skatta á tekjur ársins 1954.

Alþingi, 30. apríl 1955.

Haraldur Guðmundsson.

Sþ. 692. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um samvinnu í atvinnumálum milli ríkisstjórnar, atvinnurekenda og kaupþegasamtaka.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þessa tillögu, og er hún sammála um, að það sé hið mesta nauðsynjamál, að vinnubrögð í landinu verði bætt og afköst aukin, svo að almenningur og þjóðin í heild fái þannig „skilyrði til batnandi lífskjara“. Mælir nefndin því með, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Jafnvel þótt nefndin hafi efasemdir um, að ríkisstjórnin geti, eins og ástatt er, mikið aðhafzt í þeim efnum, þá er þó þess vert að gera tilraun í þessa átt.

Tveir nefndarmenn (JóhH og EmJ) voru fjarstaddir, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 30. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Gunnar Gíslason, fundaskr. Eiríkur Þorsteinsson.
Sigurður Ágústsson. Karl Guðjónsson.

Nd. 693. Nefndarálit [150. mál]

um frv. til l. um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Á einum fundi nefndarinnar mætti námsstjóri húsmæðrafræðslunnar og á tveim fundum fræðslumálastjóri og fjármálaeftirlitsmaður skólanna til viðræðu um málið.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr.
   a. 1. málsgr. orðist svo:
      Menntamálaráðuneytið ákveður, hvar stofna skuli og reka skóla gagnfræðastigs, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólanefndar.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum fyrrgreindra aðila, hvort stofna og reka skuli heimangöngu- eða heimavistarskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs í hverju skólahverfi um sig.
2. Við 2. gr.
   a. Á eftir orðunum „samþykkt skólastaðinn“ í 2. málsgr. komi: að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.
   b. Í stað orðanna „hvernig greiðslu framlaga skuli háttað“ í 3. málsgr. komi: hvernig framlögum skuli háttað.
3. Við 6. gr. Á eftir orðunum „er menntamálaráðuneytið setur“ komi: að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.
4. Við 7. gr. Á undan síðustu málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:
   Eigi má starfrækja einstakar deildir í gagnfræðastigsskólum með færri nemendum en 15 í bóknámsdeild, miðað við 9 mánaða árlegan starfstíma. Undanþágu getur menntamálaráðuneytið þó veitt í eitt til tvö ár, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, ef ætla má, að nemendafæðin sé stundarfyrirbæri. Lágmarkstala þessi lækkar um einn nemanda fyrir hvern mánuð, er skóli starfar skemur, og nemendatalan lækkar hlutfallslega eftir því, hve verknám er mikið, sbr. reglur í a—e-liðum þessarar greinar. Lágmarkstala þessi miðast við ½ hámarkstölu nemenda á kennara í hverjum staflið a—e þessarar greinar.
5. Við 8. gr.
   a. Í stað „12—16“ komi: 12.
   b. Í stað „11—15“ komi: 11.
   c. Í stað „10—14“ komi: 10.
   d. Í stað „16—20“ komi: 16.
   e. Í stað „15—19“ komi: 15.
   f. Í stað „14—18“ komi: 14.

g. Á eftir orðunum „leyfi menntamálaráðuneytisins“ komi: að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.

6. Við 10. gr.
   a. Í stað orðanna „og má þá greiða“ komi: og skal þá greiða.
   b. Á eftir orðunum „er menntamálaráðuneytinu heimilt“ komi: að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.
7. Við 12. gr. Á eftir orðunum „samþykki menntamálaráðuneytisins“ komi: að fengnum tillögum fræðslumálastjóra.
8. Við 19. gr. Við gr. bætist:
   Endurrit af reikningum skólanna skal samtímis senda fræðslumálaskrifstofunni.
9. Við 23. gr.
   a. Orðin „síðasti málsliður 21. gr.“ falli burt.
   b. Á eftir orðunum „um gagnfræðanám, 4. gr.“ komi: fyrri málsliður 47. gr.
   c. Orðin „2. gr.“ í síðustu málsgr. falli burt.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja frekari brtt.

Alþingi, 30. apríl 1955.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Páll Þorsteinsson, fundskr., frsm. Halldór Ásgrímsson.
Karl Guðjónsson. Kristín Sigurðardóttir.

Nd. 694. Breytingartillaga [143. mál]

við brtt. á þskj. 653 [Almenningsbókasöfn].

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við b-lið fyrri brtt. Á eftir orðunum „hvort það vill vera þátttakandi í“ komi: bæjar- eða.

Nd. 695. Breytingartillögur [191. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Á undan 1. gr. komi tvær nýjar gr., svo hljóðandi:
   a. (1. gr.) Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.
   b. (2. gr.) 2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:
   Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.
2. Aftan við 2. gr. (verður 4. gr.) bætist:
   Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 101 10. des. 1954, um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Ed. 696. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Í stað „10 ár“ í 3. tölulið 3. gr. laganna komi: 20 ár.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 101 10. des. 1954, um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Ed. 697. Breytingartillaga [192. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aftan við 1. gr. bætist: Kaupverðið skal miða við væntanlegt fasteignamat.

Ed. 698. Lög [139. mál]

um breyting á lögum nr. 101 30. des. 1943, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og á lögum nr. 40 15. febr. 1945, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 673.

Ed. 699. Lög [137. mál]

um breyting á lögum nr. 102 30. des. 1943, um lífeyrissjóð barnakennara og ekkna þeirra.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 674.

Ed. 700. Lög [138. mál]

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 675.

Ed. 701. Lög [178. mál]

um bæjarstjórn í Kópavogskaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 503.

Nd. 702. Frumvarp til heilsuverndarlaga. [165. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Kaupstaðir og önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, sem reka heilsuverndarstöðvar samkvæmt ákvæðum laga þessara, hljóta til þess styrk úr ríkissjóði, er nemur þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar samkvæmt úrskurði ráðherra.

Nú er sveitarfélag ekki aðili að rekstri heilsuverndarstöðvar í nágrenni þess, og má þó heilsuverndarstöðin með samþykki ráðherra taka að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir sveitarfélagið fyrir umsamið hæfilegt gjald, enda greiðist þriðjungur þess úr ríkissjóði.

2. gr.

Helztu heilsuverndargreinar eru:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd.
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Kynsjúkdómavarnir.
9. Áfengisvarnir.
10. Geðvernd.
11. Almennar sjúkdómavarnir.
12. Aðstoð við fatlaða og vangefna.
13. Almennar þrifnaðarráðstafanir.

3. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja og ráðherra staðfestir, um starfsemi heilsuverndarstöðvar, til hverra heilsuverndargreina hún skuli taka og hversu hverja grein skuli rækja, og hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 2. gr., skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.

Að öðru leyti, og þar sem kostnaður af rekstri heilsuverndargreina samkvæmt 1. málsgr. verður ekki aðgreindur sérstaklega, fer um þátt sjúkrasamlaga í greiðslu kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva eftir samkomulagi sveitarstjórna við sjúkrasamlögin. Ef samkomulag næst ekki um greiðsluna, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins og samkvæmt kröfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, að úrskurða, að sjúkrasamlagið (sjúkrasamlögin) greiði allt að þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar.

Nú taka gildi ákvæði almannatryggingalaga um heilsugæzlu, og færast þá greiðslur sjúkrasamlaga til heilsuverndarstöðva yfir á þá starfsemi.

5. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, að mati ráðherra, að komið sé upp sérstökum byggingum til rekstrar heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum, fer um þær framkvæmdir og styrk úr ríkissjóði til þeirra sem um sjúkrahúsbyggingar sveitarstjórna samkvæmt sjúkrahúsalögum.

6. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. maí 1955. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 64 1. desember 1944, um heilsuverndarstöðvar, og enn fremur 76. og 77. gr. l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, að því er tekur til heilsuverndarstöðva.

Nd. 703. Breytingartillaga [150. mál]

við frv. til laga um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Frá Karli Guðjónssyni, Gils Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

Við 2. gr. Úr 3. mgr. falli niður orðin: „og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi".

Ed. 704. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur klofnað í máli þessu. Haraldur Guðmundsson er málinu mótfallinn og skilar sérstöku nefndaráliti.

Undirritaðir, sem mynda meiri hluta nefndarinnar, leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson.	Karl Kristjánsson.

Ed. 705. Nefndarálit [185. mál]

um frv. til laga um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

Lög um þetta efni hafa verið framlengd ár frá ári undanfarið. Virðast ástæður óbreyttar frá því, sem verið hefur, og leggur því nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt. — Einn nefndarmanna (HG) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 2. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 706. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin klofnaði. — Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt frumvarpsins eins og það liggur fyrir. Minni hlutinn (HG) lýsti sig frumvarpinu mótfallinn.

Alþingi, 2. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Karl Kristjánsson, frsm. Gísli Jónsson.

Sþ. 707. Nefndarálit [168. mál]

um till. til þál. um aukið öryggi í heilbrigðismálum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna á þrem fundum sínum, og mælir hún samhljóða með samþykkt hennar.

Tveir nefndarmanna (JóhH og EmJ) voru fjarstaddir, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 30. apríl 1955.

Bernh. Stefánsson, form. Gunnar Gíslason, fundaskr. Sigurður Ágústsson, frsm.

Karl Guðjónsson. Eiríkur Þorsteinsson.

Ed. 708. Frumvarp til laga [143. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

I. KAFLI

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn heimavistarskóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í íII. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík.
2. Kjósarsýsla.
3. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
4. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
5. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
6. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
7. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
8. Dalasýsla.
9. Austur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Barðastrandarsýsla.
11. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
12. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
13. Strandasýsla.
14. Vestur-Húnavatnssýsla.
15. Austur-Húnavatnssýsla.
16. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
17. Siglufjörður
18. Ólafsfjörður.
19. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
20. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
21. Norður-Þingeyjarsýsla.
22. Fljótsdalshérað.
23. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppar í Norður-Múlasýslu.
24. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
25. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
26. Austur-Skaftafellssýsla.
27. Vestur-Skaftafellssýsla.
28. Rangárvallasýsla.
29. Vestmannaeyjar.
30. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Kópavogur. 3. Hafnarfjörður. 4. Keflavík. 5. Akranes. 6. Borgarnes. 7. Stykkishólmur. 8. Búðardalur. 9. Reykhólar. 10. Patreksfjörður. 11. Þingeyri. 12. Ísafjörður. 13. Hólmavík. 14. Hvammstangi. 15. Blönduós. 16. Sauðárkrókur.

17. Siglufjörður. 18. Ólafsfjörður. 19. Akureyri. 20. Húsavík. 21. Kópasker. 22. Egilsstaðir. 23. Seyðisfjörður 24. Neskaupstaður. 25. Eskifjörður. 26. Höfn í Hornafirði. 27. Vík í Mýrdal. 28. Hvolsvöllur. 29. Vestmannaeyjar. 30. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfis en mælt er fyrir um í þessari grein.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa.

Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna húsrúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá sé bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 25. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal og skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar, skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar (sýslunefnda), enda sjái þessir aðilar safninu fyrir viðunandi húsnæði og leggi því rekstrarfé ásamt ríkissjóði samkv. lögum þessum og úrskurði reikninga þess.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 15.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins. Þar af greiðast 3 krónur úr hlutaðeigandi sýslusjóði, sé safnið staðsett í hreppi.

Á móti framlagi þessu greiðir ríkissjóður fjárhæð, sem nemur kr. 7.50 á íbúa staðarins. Nái íbúatala kaupstaðar 4000, skal þó framlag ríkissjóðs lækka um kr. 0.75 á íbúa og síðan um jafnháa fjárhæð við hverja 1000 íbúa, sem fram yfir eru 4000, unz framlag ríkissjóðs er komið niður í kr. 2.50 á íbúa, og skal það vera lágmarksframlag ríkissjóðs til bókasafns.

Eftir sömu reglum skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 0.50 á íbúa, unz það nemur kr. 10.00 á íbúa, sem einnig skal vera lágmark.

Framlög annarra aðila bókasafnshverfis, sýslufélags eða hluta sýslufélaga, skulu nema 3 krónum á íbúa og greiðast úr sýslusjóði, og greiði ríkissjóður kr. 2.50 á móti.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfi, eins og hann er í ársbyrjun.

Skal Hagstofan fyrir lok janúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera sundurliðuð þannig, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila ber að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfi.

Skulu framlög ríkissjóðs greiðast með tvennum jöfnum greiðslum, hin fyrri fyrir lok marzmánaðar og hin síðari fyrir lok septembermánaðar. Um gjalddaga annarra framlaga fer eftir reglum, sem settar verða, skv. 28. gr.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar, er hana kjósa, ákveða. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni stendur bæði kaupstaður og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

Skulu stjórnarnefndarmenn kosnir að afstöðnum kosningum til bæjarstjórna og sýslunefnda og fyrir kjörtímabilið.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal ráða bókavörð og ákveða honum laun, hvort tveggja með samþykki hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar.

Hún skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, er safnið varðar.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Stjórn bókasafns er heimilt að fengnu samþykki sýslunefndar eða bæjarstjórnar að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af menntamálaráðuneytinu.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn og lestrarfélög.

11. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkvæmt lögum þessum (sbr. 12. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar.

Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

12. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt.

Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 13. gr.).

13. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig: Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 5.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði eða úr félagssjóðum en sem nemur kr. 5.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 20.00 á hvern íbúa sveitarinnar.

14. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

15. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafns, skal um fjárframlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 13. gr. Nái fjárframlög ekki því lágmarki, sem þar er ákveðið, skal greitt úr sveitarsjóði (sveitarsjóðum) það, sem á vantar.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 15. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu 2 þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar, sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð 5 mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna.

17. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði, og skal jafnan geyma slík söfn í skólahúsi eða félagsheimili sveitarinnar, þegar þess er kostur.

18. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 15. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkvæmt lögum þessum.

Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

19. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal ráða safninu sérstakan bókavörð. Skal hún ásamt bókaverði sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (sveitarfélögum), sem það tilheyrir.

20. gr.

Í febrúarmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafnsins senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag, rekstur og bókakaup

safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið ár.

21. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum líta eftir rekstri og bókakosti sveitarbókasafna og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

22. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), ef ekki er sveitar-, bæjar- eða héraðsbókasafn á staðnum, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og fangahúsum.

23. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 22. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 10.00 á nemanda miðað við nemendafjölda í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

24. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 22. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 25.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdarstjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

25. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar bækur þeirra skal binda í traust band jafnóðum sem því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safn eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal láta út úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær á lestrarsal.

26. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því, sem hagkvæmt þykir.

Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

Aldrei má gefa eða selja bók úr almenningsbókasafni nema með samþykki bókafulltrúa.

27. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga.

Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

28. gr.

Stjórn bókasafns skal setja safninu reglur um útlán bóka, lestrarstofu, réttindi og skyldur lánþega og annað, er varðar rekstur safnsins samkvæmt lögum þessum.

Skulu reglur þessar samþykktar af hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og sveitarstjórn(um) og staðfestar af menntamálaráðuneytinu.

Bókafulltrúi skal gefa safnstjórn leiðbeiningar um slíkar reglur.

Ekkert safn skal njóta styrks úr ríkissjóði, fyrr en þessar reglur hafa verið settar.

29. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

30. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur.

Skal menntamálaráðherra setja honum erindisbréf um starf hans.

VI. KAFLI
Um gildistöku laganna o. fl.

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó skulu ákvæðin um framlög til bókasafna ekki koma til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1956.

32. gr.

Með lögum þessum eru þau ákvæði laga nr. 1 frá 21. janúar 1944, er varða lestrarfélög, úr gildi numin.

Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórnir bókasafna skulu kosnar fyrsta sinni fyrir árslok 1955, og sitji þær þar til nýjar hafa verið kjörnar samkvæmt ákvæðum 8. og 14. gr. laganna.

Nd. 709. Lög [167. mál]

um samræmingu á mati fasteigna.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí.)

Samhljóða þskj. 679.

Ed. 710. Nefndarálit [193. mál]

um frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá samgöngumálanefnd.

Samvinnunefnd samgöngumála hefur undirbúið og samið frv. þetta í samráði við vegamálastjóra.
Samgöngumálanefnd Ed. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Einn nm. (BrB) var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1955.

Sigurður Ó. Ólafsson, form., frsm. Andrés Eyjólfsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
Vilhjálmur Hjálmarsson.

Nd. 711. Breytingartillögur [78. mál]

við frv. til l. um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 2. gr. Á eftir 1. tölul. bætist nýr tölul., svo hljóðandi:
   Framlag ríkissjóðs, 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1956.
2. Við 6. gr. Fyrir „6%“ komi: 5½%.

Ed. 712. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til l. um iðnskóla.

Frá iðnaðarnefnd.

Við 6. gr. Framan við greinina bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.

Ed. 713. Nefndarálit [189. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkv. frv. þessu, sem er borið fram af ríkisstjórninni og hefur náð samþykki neðri deildar, er svo til ætlazt, að vextir af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna verði hækkaðir úr 2% í 3½% á ári, eða um þrjá fjórðu hluta.

Sjóður þessi var stofnaður í því skyni að gera lágtekjufólki, sem engin skilyrði hefur til að koma sér upp eigin húsnæði með venjulegum láns- og vaxtakjörum, kleift að eignast sæmilegar íbúðir. Vextir af lánum úr sjóðnum voru því ákveðnir miklum mun lægri en af venjulegum fasteignalánum, lánstíminn lengri og upphæðir lánanna hærri hluti af kostnaðarverði íbúðanna en fáanlegt var hjá öðrum lánsstofnunum.

Þrátt fyrir stöðugan fjárskort vegna ónógra framlaga til sjóðsins og sívaxandi örðugleika á útvegun lánsfjár hefur sjóðurinn gert stórkostlegt gagn. Nærfellt 900 íbúðir hafa verið reistar með aðstoð sjóðsins, þar af um helmingurinn hér í Reykjavík.

Ætla má, að íbúðir þær, sem Byggingarfélag verkamanna hér í Reykjavík nú hefur í smíðum, kosti nokkuð yfir 200 þús. kr. Sé gert ráð fyrir, að eigendur þeirra fái 75% kostnaðarverðs að láni hjá sjóðnum, verður lánsupphæðin ca. 150 þús. kr. Þurfa þá þeir, sem íbúðirnar eignazt, að leggja fram a. m. k. 50 þús. kr. af eigin fé, eða fá að láni utan sjóðsins það, sem vantar á þá upphæð.

Formaður byggingarfélagsins hefur látið mér í té yfirlit yfir ársgreiðslur til félagsins frá manni, sem fær 150 þús. kr. lán hjá sjóðnum. Að óbreyttum lögum nemur ársgreiðslan, þar með talin áætluð fasteignagjöld og viðhaldskostnaður, 7325 kr., eða um 610 kr. á mánuði, og er þá miðað við 42 ára lánstíma. Við þessa upphæð verður að bæta a. m. k. sem svarar sparisjóðsvöxtum af 50 þús. kr., þ. e. 3000 kr. á ári, og verður þá mánaðargreiðslan 860 kr. Flestir munu þó verða að fá einhvern hluta framlagsins að láni, og hækkar þá mánaðargreiðslan sem afborgunum og vaxtamun nemur. — Verði frv. þetta samþykkt, hækka vextir af láni sjóðsins um 2250 kr., úr 3000 kr. í 5250 kr. á ári, og jafnaðar-mánaðargreiðsla til félagsins upp í 806 kr., eða um nærfellt 200 kr.

Með samningum þeim, sem nú hafa tekizt milli atvinnurekenda og verkamanna, hækkar kaup Dagsbrúnarmanns um ca. 300 kr. á mánuði. Ef hann ræðst í það að fá íbúð hjá Byggingarfélagi verkamanna, hækkar mánaðargreiðsla hans til félagsins, ef frv. þetta verður samþykkt, frá því, sem hún yrði að lögum óbreyttum, um ⅔ hluta kauphækkunarinnar. Þetta er réttilega kallað að gefa með annarri hendinni og taka með hinni.

Húsnæðismálafrumvarp ríkisstjórnarinnar, þótt að lögum verði, bætir ekkert úr erfiðleikum lágtekjufólks á því að eignast húsnæði. Til þess er upphæð lánanna of lág, lánstíminn of stuttur og vextir of háir. Úr þessu mætti nokkuð bæta með því að auka lánsfé Byggingarsjóðs verkamanna, svo að hann geti aðstoðað fleiri til að eignazt íbúð en honum nú er fært. Engar tillögur í þessa átt hafa þó komið fram frá ríkisstjórninni eða stuðningsflokkum hennar. Þvert á móti. Tillögur minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar um að tryggja sjóðnum aukið starfsfé voru felldar. Þessi afstaða ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar verður að teljast næsta furðuleg, þegar þess er gætt, að þeir hafa þegar komið sér saman um að tryggja Byggingarsjóði sveitanna a. m. k. 12 millj. kr. aukið starfsfé á ári næstu tvö ár og lýst því yfir opinberlega. Lagt var til í neðri deild, að Byggingarsjóði verkamanna yrði tryggð sama upphæð, en sú tillaga var, eins og áður er sagt, kolfelld af stjórnarliðinu. Er þetta enn eitt glöggt dæmi þess, hversu ráðandi þing-

meirihluti mismunar stéttum þjóðfélagsins og hversu sljóskyggnir fulltrúar kaupstaðanna í stjórnarflokkunum eru á nauðsyn verkamanna og annarra kaupstaðabúa.

Af þessum sökum virðist allt í tvísýnu um starfsskilyrði Byggingarsjóðs verkamanna. Meðan svo er, tel ég ekki koma til mála að hækka útlánsvexti sjóðsins og draga þar með úr þeim stuðningi, er hann nú veitir einmitt því fólki, sem mest þarfnast aðstoðar og þersýnilegt er, að alls ekki getur risið undir þeim lánskjörum, sem húsnæðismálafrumvarp ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir.

Ég legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 2. maí 1955.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 714. Nefndarálit [190. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu, sem er stjórnarfrumvarp, er lagt til, að vextir af lánum úr Byggingarsjóði verði hækkaðir úr 2% í 3½%. Ríkisstjórnin hefur og flutt hliðstætt frv. um hækkun vaxta af lánum úr Byggingarsjóði verkamanna og Ræktunarsjóði.

Útlánsvextir Byggingarsjóðs sveitanna og Byggingarsjóðs verkamanna hafa verið ákveðnir miklum mun lægri en almennir útlánsvextir í því skyni að gera efnalitlu og tekjulágu fólki í sveitum og kaupstöðum fært að eignast sómasamlegt húsnæði með viðráðanlegum kjörum. Vextir þeir, sem sjóðir þessir greiða af því fé, er þeir taka að láni til starfsemi sinnar, eru allmiklu hærri en útlánsvextir þeirra, og gengur því nokkur hluti af framlagi hins opinbera til þess að greiða vaxtamismuninn. Skortur á lánsfé hefur takmarkað mjög útlán þessara sjóða, sérstaklega Byggingarsjóðs verkamanna, og hefur því vaxtamunurinn til þessa ekki orðið tilfinnanlegur baggi á sjóðunum.

Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að sjá Byggingarsjóði sveitanna fyrir auknu lánsfé til íbúðabygginga, 24 millj. kr. á næstu tveim árum umfram hin föstu framlög til sjóðsins. Vextir þeir, sem sjóðurinn á að greiða af lánsfé þessu, verða samkv. húsnæðismálafrumvarpi ríkisstjórnarinnar rúmlega 7% á ári. Má því með réttu segja, að ástæða sé nú til að endurskoða ákvæðin um útlánsvexti hans. Hins vegar hafa stjórnarflokkarnir fellt tillögu um að auka starfsfé Byggingarsjóðs verkamanna um sömu upphæð.

Ég tel æskilegt og eðlilegt, að fjármál og starfsemi beggja þessara sjóða séu tekin til athugunar og endurskoðunar samtímis, bæði hvað snertir aukið starfsfé og útlánsvexti, með það fyrir augum, að starfsskilyrði þeirra verði sambærilegri. Það er von mín, að ekki dragist lengi, að svo verði gert. Að svo stöddu get ég því ekki fylgt tillögu um hækkun á útlánsvöxtum sjóðsins.

Alþingi, 2. maí 1955.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 715. Breytingartillaga [182. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá Jóhanni Jósefssyni.

Við 1. gr. Aftan við greinina bætist: Enn fremur er biskupi heimilt að ráða aðstoðarprest að Vestmannaeyjaprestakalli, enda njóti hann hálfra embættislauna, er greiðast úr ríkissjóði.

Nd. 716. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 50 17. maí 1947, um breyt. á l. nr. 102 19. júní 1933, um samþykktir um sýsluvegasjóði.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur haft til athugunar frv. það, sem hér um ræðir, og sent það til umsagnar vegamálastjóra, og er álit hans birt hér með. Eins og fram kemur í því, getur hann ekki mælt með samþykkt frv.

Samgöngumálanefnd er vel ljóst, að brýna nauðsyn ber til þess að auka tekjur sýsluvegasjóðanna, svo að þeir geti betur innt af hendi hlutverk sitt en nú er. Telur nefndin því rétt, að athugun verði gerð á möguleikum til að auka fjárráð sjóðanna, og í trausti þess, að að því verði stefnt, leggur hún til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.** Einn nefndarmanna (EmJ) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 1955.

Sigurður Bjarnason, form.	Ásgeir Bjarnason, fundaskr., frsm.	Eiríkur Þorsteinsson.
	Magnús Jónsson.	

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 15. nóv. 1954.

Samþykktir um sýsluvegasjóði.

Með bréfi, dags. 12. þ. m., sendi háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á gildandi lögum um samþykktir um sýsluvegasjóði á þskj. 140.

Í frumvarpinu er lagt til að heimila framlög héraða umfram lögbundinn vegaskatt og skylda ríkissjóð til framlaga á móti því fé á sama hátt og vegaskattinum.

Frumvarp, er gekk í sömu átt, lá fyrir Alþingi 1951, þskj. 141, svo og frumvarp á þskj. 180 um hlutfallshækkun á framlagi ríkissjóðs, en umsögn mín um frumvörp þessi sameiginlega til samgöngumálanefndar er dags. 16. jan. 1952 og lagt gegn afgreiðslu þeirra á því þingi. Þykir rétt að vísa til þeirrar umsagnar.

Þá lá fyrir Alþingi 1952 frumvarp til laga um hlutfallshækkun ríkissjóðsframlagsins til vegasjóðanna (þskj. 145, úr 12‰ í 36‰). Umsögn mín um frumvarp þetta er dags. 25. nóv. það ár, og þykir einnig rétt að vísa til þeirrar umsagnar varðandi frumvarp það, sem nú liggur fyrir til afgreiðslu.

Í umsögn minni um það frumvarp var bent á þá einföldu leið til nauðsynlegra tekjuauka fyrir vegasjóðina, án röskunar á greiðsluhlutföllum milli framlags ríkis-

sjóðs og héraða, að heimila sýslunefndum að hækka vegaskattinn fyrir eitt ár í senn og gerð tillaga um 50% hækkun eins og þá stóðu sakir. Þessi tillaga náði fram að ganga og var lögfest sem bráðabirgðaákvæði.

Í framkvæmd hefur þetta nýja ákvæði reynzt svo, að 14 sýslur af 16, sem gert hafa samþykktir um sýsluvegasjóði, hafa notfært ákvæðið, þar af 13 sýslur til fulls og ein sýsla með 40% hækkun. Þær tvær sýslur, sem enn hafa ekki notfært heimildina, Gullbringusýsla og A.-Barðastrandarsýsla, hafa mjög lítil útgjöld til sýsluvega.

Framlög ríkissjóðs til sýsluvegasjóðanna námu á s. l. ári 1847 þús. kr., og hækkar framlagið nokkuð árlega vegna aukins skattstofns. Framlög héraðanna á móti ríkissjóðsframlaginu námu hins vegar 1122 þús. kr. Sambærilegar tölur ársins 1952 svara til 60% tekjuauka vegasjóðanna árið 1953. Hagur vegasjóðanna hefur því gerbreytzt á því ári að því er tekjur varðar, auk þess sem útgjöld vegasjóðanna voru stórlega létt með vegalagabreytingu, sem kom til framkvæmda 1952, er ríkissjóður tók við ⅖ sýsluveganna.

Í frumvarpi því, sem hér ræðir um, er farið inn á þá braut að binda ríkissjóð framlagsskyldu móti aukaframlögum, sem héruðin kunna að æskja að leggja fram hverju sinni og engin takmörk eru sett. Fjársterkum héruðum er hér opnuð leið til fjáröflunar, sem þeim efnaminni er lokuð, þótt þörf þeirra kunni að vera meiri. Þá yrði og erfitt að áætla útgjöld ríkissjóðs á þessum lið, svo mjög sem fjárafl ýmissa héraða þrýstir nú á vegaframkvæmdir með lánsframboðum, en því yrði hér opnuð leið til kröfugerða á ríkissjóðinn um nærfellt tvo peninga á móti einum.

Ég get því ekki mælt með því, að frumvarp þetta verði lögfest.

Virðingarfyllst,

Geir G. Zoëga.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Nd. 717. Breytingartillaga [165. mál]

við frv. til heilsuverndarlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Fyrsti málsl. 6. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 718. Frumvarp til heilsuverndarlaga. [165. mál]

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Kaupstaðir og önnur sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, sem reka heilsuverndarstöðvar samkvæmt ákvæðum laga þessara, hljóta til þess styrk úr ríkissjóði, er nemur þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar samkvæmt úrskurði ráðherra.

Nú er sveitarfélag ekki aðili að rekstri heilsuverndarstöðvar í nágrenni þess, og má þó heilsuverndarstöðin með samþykki ráðherra taka að sér heilsuverndarstarfsemi fyrir sveitarfélagið fyrir umsamið hæfilegt gjald, enda greiðist þriðjungur þess úr ríkissjóði.

2. gr.

Helztu heilsuverndargreinar eru:

1. Mæðravernd.
2. Ungbarnavernd (0—2 ára barna) og smábarnavernd (2—7 ára barna).
3. Skólaeftirlit (heilsuvernd barna og unglinga á skólaaldri).
4. Tannvernd.
5. Íþróttaeftirlit (heilsuvernd íþróttaiðkenda).
6. Atvinnusjúkdómavarnir.
7. Berklavarnir.
8. Kynsjúkdómavarnir.
9. Áfengisvarnir.
10. Geðvernd.
11. Almennar sjúkdómavarnir.
12. Aðstoð við fatlaða og vangefna.
13. Almennar þrifnaðarvarnir.

3. gr.

Ákveða skal í reglugerð, er sveitarstjórn eða sveitarstjórnir setja og ráðherra staðfestir, um starfsemi heilsuverndarstöðvar, til hverra heilsuverndargreina hún skuli taka og hversu hverja grein skuli rækja, og hvernig haga skuli stjórn og umsjón heilsuverndarstöðvar undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

4. gr.

Kostnaður af rekstri heilsuverndarstöðva, að því er tekur til heilsuverndargreina samkvæmt 1., 2., 7. og 9. tölulið 2. gr., skiptist að jöfnu á milli hlutaðeigandi sveitarsjóðs eða sveitarsjóða, hlutaðeigandi sjúkrasamlags og ríkissjóðs.

Að öðru leyti, og þar sem kostnaður af rekstri heilsuverndargreina samkvæmt 1. málsgr. verður ekki aðgreindur sérstaklega, fer um þátt sjúkrasamlaga í greiðslu kostnaðar af rekstri heilsuverndarstöðva eftir samkomulagi sveitarstjórna við sjúkrasamlögin. Ef samkomulag næst ekki um greiðsluna, er ráðherra heimilt, að fenginni umsögn Tryggingastofnunar ríkisins og samkvæmt kröfu hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna, að úrskurða, að sjúkrasamlagið (sjúkrasamlögin) greiði allt að þriðjungi eðlilegs rekstrarkostnaðar.

Nú taka gildi ákvæði almannatryggingalaga um heilsugæzlu, og færast þá greiðslur sjúkrasamlaga til heilsuverndarstöðva yfir á þá starfsemi.

5. gr.

Þar sem nauðsyn krefur, að mati ráðherra, að komið sé upp sérstökum byggingum til rekstrar heilsuverndarstöðva samkvæmt lögum þessum, fer um þær framkvæmdir og styrk úr ríkissjóði til þeirra sem um sjúkrahúsbyggingar sveitarstjórna samkvæmt sjúkrahúsalögum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með þeim eru úr gildi numin lög nr. 64 1. desember 1944, um heilsuverndarstöðvar, og enn fremur 76. og 77. gr. l. nr. 50 7. mai 1946, um almannatryggingar, að því er tekur til heilsuverndarstöðva.

Ed. **719. Frumvarp til laga** [78. mál]

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Tilgangur Fiskveiðasjóðs Íslands er að styðja sjávarútveg Íslendinga, einkum bátaútveginn, með hagkvæmum stofnlánum, sbr. 4. gr.

2. gr.

Tekjur Fiskveiðasjóðs eru:

1. Útflutningsgjöld af sjávarafurðum, sem ríkissjóður innheimtir samkvæmt lögum nr. 81 5. júní 1947.
2. Framlag ríkissjóðs, 2 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn á árinu 1956.
3. Vextir.

3. gr.

Fiskveiðasjóður má taka lán til starfsemi sinnar, þegar þörf krefur að áliti sjávarútvegsmálaráðherra.

Er ríkissjóði heimilt að ábyrgjast lán fyrir sjóðinn í þessu skyni allt að 50 millj. kr.

4. gr.

Fiskveiðasjóður má eingöngu lána til:

a. Fiskiskipa, þar með taldir opnir vélbátar. Skip innan 200 rúmlesta sitja fyrir lánum.
b. Vinnslustöðva fyrir sjávarafurðir svo og annarra mannvirkja, sem bæta aðstöðu til útgerðar og hagnýtingar sjávarafla.

5. gr.

Fiskveiðasjóður lánar einungis gegn fyrsta veðrétti. Mega lán nema allt að ⅔ — tveimur þriðju hlutum — af kostnaðarverði eða virðingarverði nýrra fiskiskipa og ⅗ — þremur fimmtu hlutum — til nýrra fiskvinnslustöðva og annarra fasteigna útvegsins. Til nýrra fiskiskipa, sem smíðuð eru innanlands, mega þó lán nema allt að ¾ hlutum kostnaðar- eða virðingarverðs. Um lán út á skip eldri en eins árs fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnarinnar í hvert skipti. Hámark lána er kr. 1 250 000.00 — ein milljón tvö hundruð og fimmtíu þúsund — til fiskiskipa og kr. 600 000.00 — sex hundruð þúsund — til fasteigna. Lengsti lánstími er 20 ár.

Útborgun lána samkvæmt þessari grein skal haga svo, að ⅓ láns greiðist, þegar kjölur er lagður og meginhluti efnis er kominn á staðinn, ⅓ hluti þegar skipið er byrt og þiljur lagðar og vél skipsins komin á staðinn, en lokagreiðsla fer fram, þegar skipið er fullsmíðað, virt og vátryggt.

6. gr.

Vextir af lánum Fiskveiðasjóðs til skipa skulu vera 4%, en af öðrum lánum 5½% á ári. Gjalddagi lána er 1. nóvember ár hvert. Dráttarvextir skulu vera ¾% fyrir hvern mánuð, sem greiðsla dregst.

7. gr.

Skylt er þeim, sem lán fá úr Fiskveiðasjóði, að láta reikningaskrifstofu sjávarútvegsins í té afrit af rekstrar- og efnahagsreikningum fyrirtækja sinna í því formi, sem reikningaskrifstofan ákveður.

8. gr.

Eignir þær, er Fiskveiðasjóður tekur að veði, skal á kostnað lánþega virða á þann hátt, er nánar verður tiltekið í reglugerð sjóðsins. Í reglugerðinni má meðal annars ákveða, að stjórn Fiskveiðasjóðs megi tilnefna þá menn, er skuli framkvæma virðingargerðir. Stjórn sjóðsins getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og að veðið hafi ekki rýrnað.

9. gr.

Verði eigendaskipti að eign, sem veðsett er Fiskveiðasjóði, þá er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðsstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

10. gr.

Nú er lán úr Fiskveiðasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það eigi er svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins komnar í gjalddaga þegar án uppsagnar.

11. gr.

Þegar lán er komið í gjalddaga, hefur Fiskveiðasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt 39. gr. laga nr. 95 5. júní 1947, eða láta leggja það Fiskveiðasjóði út til eignar, ef þörf er á.

Fiskveiðasjóður þarf ekki að láta neinn vera fyrir sína hönd við uppboðið, og skal þar ekki taka mótmæli skuldunauts til greina, nema þau séu auðsjáanlega á rökum byggð, og eigi er heldur unnt að stöðva eða ónýta uppboðið með neins konar dómsskoti.

Fiskveiðasjóður ber hins vegar ábyrgð á því, að skuldin sé rétt og komin í gjalddaga, og er skuldunaut rétt að höfða mál til endurgjalds á öllu því, er hann hefur skaðazt á uppboðinu, og öllum málskostnaði að skaðlausu.

Fiskveiðasjóður getur samið svo um við skuldunauta sína, að uppboð á veðsettum eignum megi fara fram í skrifstofu uppboðshaldara.

12. gr.

Nú er skip eða fasteign seld á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, og ber þá uppboðshaldara að rannsaka, hvort eignin er veðsett Fiskveiðasjóði, og geta þess í uppboðsgerðinni. Ef svo reynist, skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

13. gr.

Fiskveiðasjóður er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Bækur sjóðsins og kvittanir, svo og skuldabréf fyrir lánum úr sjóðnum, umboð, veðleyfi og ábyrgðaryfirlýsingar gagnvart honum, eru undanþegin stimpilgjaldi. Eignar- og veðbókarvottorð er skylt að afgreiða til sjóðsins án endurgjalds.

14. gr.

Fiskveiðasjóður Íslands er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með sjávarútvegsmál.

Útvegsbanki Íslands h/f í Reykjavík hefur á hendi framkvæmdarstjórn sjóðsins og rekstur.

Skipun forstjóra sjóðsins er háð samþykki ráðherra.

15. gr.

Reikningar Fiskveiðasjóðs skulu endurskoðaðir af tveim mönnum, er ráðherra skipar.

Eftir hver áramót gefur sjóðsstjórnin ráðherra fullkominn, endurskoðaðan ársreikning og skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

16. gr.

Í reglugerð fyrir Fiskveiðasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og rekstur, er nauðsynleg þykja, þótt ekki sé sérstaklega gert ráð fyrir þeim í þessum lögum, enda fari þau ekki í bág við nein ákvæði í lögunum.

17. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 34 2. apríl 1943, lög nr. 107 30. desember 1943, lög nr. 39 29. apríl 1946 og lög nr. 120 20. desember 1951.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 720. Frumvarp til laga [192. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdalshreppi í Suður-Múlasýslu og sameina hana jörðinni Hóli (Dísastaðahóli) í sama hreppi. Kaupverðið skal miða við væntanlegt fasteignamat.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 721. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til laga um landkynningu og ferðamál.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur leitað álits ferðaskrifstofanna, Ferðamálafélags Reykjavíkur og Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda um frv. Ferðamálafélag Reykjavíkur og Ferðaskrifstofan „Orlof“ mæla eindregið með frumvarpinu, en Ferðaskrifstofa ríkisins tekur neikvæða afstöðu til þess. Formleg umsögn barst ekki frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, en upplýst var í nefndinni, að stjórn þeirra samtaka væri málinu hlynnt.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frv. Þrír nefndarmanna leggja til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við undirritaðir teljum hins vegar mikla nauðsyn að ráða sem fyrst bót á því vandræðaástandi, sem ríkjandi

er í þeim málum, sem frv. fjallar um. Leggjum við þess vegna til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. maí 1955.

Sigurður Bjarnason, form. Magnús Jónsson, frsm.

Fylgiskjal I.

FERÐAMÁLAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 25. apríl 1955.

Í bréfi, dags. 6. þ. m., hefur háttvirt samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis óskað umsagnar Ferðamálafélags Reykjavíkur um frumvarp til laga um landkynningu og ferðamál, þingskjal 449.

Stjórn Ferðamálafélagsins hefur kynnt sér frumvarpið og fagnar því, að fram skuli vera komið á Alþingi frumvarp um þetta efni, með því að hún telur, að eigi megi lengur við svo búið standa, að engin heildarlöggjöf sé til um, hvernig þessum málum skuli skipað hér á landi.

Í þessu frumvarpi virðist stjórn Ferðamálafélagsins að tekið sé fram allt hið helzta, sem máli skiptir um skipan þessara mála, og sér hún því eigi ástæðu til þess að gera tillögur um neinar breytingar á því. Það er einróma álit stjórnar félagsins, að hér á landi séu svo miklir möguleikar til þess að gera móttöku erlendra ferðamanna að sérstakri atvinnugrein, sem jafnframt veitir miklum erlendum gjaldeyri inn í landið, ef rétt er á málum þessum haldið, að lagasetning slík sem þessi sé bæði þörf og nauðsynleg, og telur stjórn Ferðamálafélagsins því, að umrætt frumvarp sé rétt spor í þá átt, að svo megi verða.

Vegna sérstakra anna formanns félagsstjórnarinnar hefur dregizt að svara bréfi nefndarinnar fyrr en nú, og beiðist stjórn félagsins afsökunar á þessum drætti.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Ferðamálafélags Reykjavíkur,
Agnar Kofoed Hansen
formaður.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.

Fylgiskjal II.

ORLOF h/f

Reykjavík, 15. apríl 1955.

Vér höfum með þökk móttekið bréf yðar, dagsett 6. þ. m., þar sem þér óskið umsagnar vorrar um frumvarp um landkynningu og ferðamál, þingskjal 449.

Vér lýsum ánægju vorri yfir, að frumvarp um þetta mál skuli vera komið fyrir Alþingi, en ástand ferðamála hér hefur verið til vansa.

Eftir lestur frumvarpsins teljum vér það ýtarlegt og gera ferða- og landkynningarmálunum góð skil.

Skipulag það, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er hið sama og nú er á þessum málum í Danmörku, Noregi, Svíþjóð, Englandi, Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Sviss og Ítalíu, en í öllum þessum löndum og fjölda annarra taka borgararnir þátt í ferðamálunum við hlið hins opinbera og í fullri samvinnu við það. Í öllum hinna framantöldu landa reka hinar opinberu ferðaskrifstofur eingöngu landkynningar- og skipulagsstörf á breiðum grundvelli, en einkafyrirtæki sjá um móttöku ferðamannanna og skipta við þá.

Vér teljum því, að frumvarpið, ef það verður að lögum, muni valda breytingum á ferðamálum hérlendis, sem mjög muni stuðla að því, að hér rísi upp nýr og arðbær atvinnuvegur, sem er móttaka og þjónusta við erlenda ferðamenn.

Með virðingu,
Orlof h/f,
Ásbjörn Magnússon.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Ed. 722. Lög [188. mál]

um framlengingu á gildi nokkurra bráðabirgðaákvæða í lögum nr. 46/1954, um tekjuskatt og eignarskatt.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 574.

Ed. 723. Lög [162. mál]

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 633.

Nd. 724. Frumvarp til laga [150. mál]

um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

I. KAFLI
Stofnkostnaður.

1. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður, hvar stofna skuli og reka skóla gagnfræðastigs, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og hlutaðeigandi fræðsluráðs og skólanefndar.

Ráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum fyrrgreindra aðila, hvort stofna og reka skuli heimangöngu- eða heimavistarskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs í hverju skólahverfi um sig.

Heimangönguskólar skulu vera þar, sem því verður við komið, en heimavistarskólar að öðrum kosti.

2. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög leggja til á sinn kostnað lóðir og lendur til barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla, eftir því sem þörf krefur, svo sem undir skólahús, íþróttahús, sundlaugar, leikvelli, bústaði skólastjóra, kennara og starfsmanna, svo og undir önnur þau mannvirki, sem skólanum eru nauðsynleg.

Ríkisframlög til skóla eru bundin þeim skilyrðum, að menntamálaráðuneytið hafi samþykkt skólastaðinn að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að skólalóðin sé eign skólahverfisins eða afnotaréttur hennar tryggður með óuppsegjanlegum leigusamningi og að fullnaðarteikningar mannvirkjanna og nákvæm kostnaðaráætlun hafi hlotið samþykki menntamálaráðuneytisins og húsameistara ríkisins.

Alþingi ákveður hverju sinni, til hvaða skólaframkvæmda stofnkostnaðarframlög eru veitt, og er ekki heimilt að hefja framkvæmdir, fyrr en fyrsta fjárveiting er fyrir hendi. Nú hefur Alþingi samþykkt slíka fjárveitingu, og ákveður það þá einnig, hvernig framlögum skuli háttað framvegis. En skylt er ríkissjóði þó að hafa lokið greiðslu framlaga til hverrar framkvæmdar, miðað við upphaflega kostnaðaráætlun, innan 5 ára frá því, er fyrsta framlag var innt af hendi. Síðastnefnt ákvæði tekur þó aðeins til framlaga, sem ákveðin eru, eftir að lög þessi taka gildi.

Ef hafnar eru framkvæmdir, án þess að framantöldum skilyrðum sé fullnægt, er stofnkostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

3. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar við heimangönguskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs. Skólastjórabústaði við heimangönguskóla barnafræðslustigs greiðir ríkissjóður þó að þremur fjórðu hlutum.

Stofnkostnað heimavistarskóla barnafræðslustigs og gagnfræðastigs svo og húsmæðraskóla greiðir ríkissjóður að þremur fjórðu hlutum.

Hinn hluta stofnkostnaðar greiða hlutaðeigandi sveitarfélög. Ef tvö eða fleiri sveitarfélög — eða hlutar úr þeim — standa að sama skóla, þá skulu þau, ef ekki verður samkomulag um annað, greiða sinn hluta stofnkostnaðar í réttu hlutfalli við samanlagðan tekju- og eignarskatt íbúanna eftir meðaltali 5 síðustu ára.

Í heimavistarskólum barnafræðslustigs og gagnfræðastigs, svo og húsmæðraskóla, teljast íbúðir skólastjóra, kennara, nemenda og starfsfólks til skólahúsnæðis og byggingarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar. Hverjum heimangönguskóla barnafræðslustigs skal fylgja íbúð skólastjóra. Heimavistarskólum barnafræðslustigs skal einnig fylgja íbúð skólastjóra svo og íbúðir kennara og annars nauðsynlegs starfsfólks. Ef bú er rekið í sambandi við gagnfræðastigsskóla, skal bújörð ásamt nauðsynlegum húsum til búskapar teljast til stofnkostnaðar.

Fullnaðargreiðsla á framlagi ríkisins er bundin því skilyrði, að mannvirkin séu tekin út af trúnaðarmanni ríkisins. Skal þess gætt við úttektina og þegar úrskurðaðir eru stofnkostnaðarreikningar, að ekki séu samþykktar lélegar byggingar né heldur íburður eða annar kostnaður fram yfir það, sem ráð er gert fyrir í áætlunum þeim, sem staðfestar hafa verið.

4. gr.

Þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, að akstur nemenda til og frá skólastað getur komið í stað heimavista eða stuðlar að því að sameina skólahverfi eða fámenna skóla, að dómi menntamálaráðherra að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, fjármálaeftirlitsmanns skólanna, námsstjóra og hlutaðeigandi skólanefnda eða fræðsluráða, skal greiða framlag úr ríkissjóði til kaupa á skólabifreið, er nemi þremur fjórðu hlutum kostnaðarverðs. Fjárveiting og greiðsla á framlagi ríkissjóðs í þessu skyni er háð sömu skilyrðum og reglum sem til annars stofnkostnaðar, sbr. 3. mgr. 2. gr.

II. KAFLI

Rekstrarkostnaður.

5. gr.

Fastir kennarar við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla eru starfsmenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum.

6. gr.

Tölu fastra kennara við barnaskóla skal miða við það, að 40 börn komi á hvern kennara, sem kennir fulla kennslu í 9 mánuði, en 5 börnum færra fyrir hvern mánuð, er hann kennir skemur. Í skólum með færri en 150 nemendum skal þó ætla nokkru færri börn á kennara eftir reglum, er menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra. Sérkennurum í sundi og handavinnu skal ætla sem næst helmingi færri börn en öðrum kennurum.

7. gr.

Við skóla gagnfræðastigsins skal miða tölu fastra kennara: 1) við árlegan starfstíma skóla, 2) við nemendafjölda og 3) við það, hversu verknám er mikið, eftir reglum þeim, sem hér greinir:

a. Í bóknámsskóla, er starfar í 9 mánuði og hefur 90 nemendur eða fleiri, komi 30 nemendur á hvern kennara. Ef nemendafjöldi er milli 60 og 90, komi 28 nemendur á kennara, og 26, sé nemendafjöldi minni.
b. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er ¼ og allt að ⅓ hluta námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 28 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 26 nemendur á kennara, og 24, sé nemendafjöldi minni.
c. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er ⅓ og allt að 5/12 hlutum námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 26 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 24 nemendur á kennara, og 22, sé nemendafjöldi minni.
d. Í skóla, er starfar í 9 mánuði og verknám er 5/12 og allt að ½ námsefnis og nemendur eru 90 eða fleiri, komi 24 nemendur á hvern kennara. Ef nemendur eru milli 60 og 90, komi 22 nemendur á kennara, og 20, sé nemendafjöldi minni.
e. Í verknámsskóla, er starfar í 9 mánuði og hefur 90 nemendur eða fleiri, komi 15 nemendur á hvern kennara. Ef nemendafjöldi er milli 60 og 90, komi 14 nemendur á kennara, og sé nemendafjöldi minni en 60, komi 13 nemendur á kennara.

Nú starfar skóli samkvæmt a—d-liðum skemur en 9 mánuði, og skal þá ætla 2 nemendum færra á hvern kennara fyrir hvern heilan mánuð, sem skóli starfar skemur, allt niður í 6 mánuði. Ef um er að ræða skóla samkvæmt e-lið, skal með sama hætti ætla einum nemanda færra á hvern kennara fyrir hvern heilan mánuð, sem skólinn starfar skemur en 9 mánuði, allt niður í 6 mánuði.

Eigi má starfrækja einstakar deildir í gagnfræðastigsskólum með færri nemendum en 15 í bóknámsdeild, miðað við 9 mánaða árlegan starfstíma. Undanþágu getur menntamálaráðuneytið þó veitt í eitt til tvö ár, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, ef ætla má, að nemendafæðin sé stundarfyrirbæri. Lágmarkstala þessi lækkar um einn nemanda fyrir hvern mánuð, er skóli starfar skemur, og nemendatalan lækkar hlutfallslega eftir því, hve verknám er mikið, sbr. reglur í a—e-liðum þessarar greinar. Lágmarkstala þessi miðast við ½ hámarkstölu nemenda á kennara í hverjum staflið a—e þessarar greinar.

Þegar starfstími skóla er styttri en 6 mánuðir og nemendur færri en greinir í a—e-liðum, tekur ríkissjóður hlutfallslegan þátt í kennslukostnaði miðað við nemendafjölda og starfstíma annars vegar og fulla nemendatölu á kennara og hámarksstarfstíma hins vegar.

8. gr.

Í húsmæðraskóla skal miða tölu fastra kennara við: 1) árlegan starfstíma skóla, 2) nemendafjölda og 3) hvort skóli er heimavistarskóli eða heimangönguskóli.

Í heimavistarskólum, er starfa 9 mánuði árlega og hafa 36 nemendur eða fleiri, komi 12 nemendur á hvern kennara. Sé tala nemenda á milli 24 og 36, komi 11 nemendur á kennara, og sé tala nemenda lægri en 24, komi 10 nemendur á kennara.

Í heimangönguskólum, er starfa í 9 mánuði árlega og hafa 36 nemendur eða fleiri, komi 16 nemendur á hvern kennara. Sé nemendafjöldi á milli 24 og 36, komi 15 nemendur á kennara, og séu nemendur færri en 24, komi 14 nemendur á kennara.

Auk þess skal, starfi skóli skemur en 9 mánuði, ætla 1 nemanda færra á hvern kennara fyrir hvern mánuð, sem skólinn starfar skemur, allt niður í 7 mánuði.

Húsmæðraskóli verður ekki starfræktur með færri nemendum en 15 í deild.

Ef starfstími skóla er styttri og nemendur færri en að framan segir, má með sérstöku leyfi menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, starfrækja námskeið, og tekur þá ríkissjóður hlutfallslega þátt í greiðslu kennslukostnaðar, miðað við nemendatölu og starfstíma annars vegar og hámarksstarfstíma og fulla nemendatölu hins vegar.

9. gr.

Skólanefnd getur með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, námsstjóra og fjármálaeftirlitsmanns skólanna, ákveðið, að kennurum séu falin sérstök störf í þágu skólans, þar með talin umsjónarstörf í heimavistarskólum, gegn því að lögboðnum kennslustundum þeirra sé fækkað sem því nemur. Skulu störf þessi metin til jafns við kennslustundir af viðkomandi skólastjóra og námsstjóra, eftir því sem reglugerð ákveður. Skal taka tillit til þessara starfa, þegar reiknaður er út réttur skólanna til kennaralauna, er ríkissjóður greiðir.

10. gr.

Nú eru fastir kennarar við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla eða húsmæðraskóla færri en nemendafjöldinn segir til um, en nemendafjöldi þó minni en svo, að skólinn eigi kröfu á kennara til viðbótar, og skal þá greiða úr ríkissjóði fyrir stundakennslu í réttu hlutfalli við þann nemendafjölda, sem umfram er, og í sama hlutfalli sem ríkissjóður greiðir fyrir aðra kennslu. Ef nefnd umframtala nær helmingi þess nemendafjölda, sem föstum kennara er ætlaður, er menntamálaráðuneytinu heimilt, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, að setja fastan kennara. Ríkissjóður tekur ekki þátt í greiðslu stundakennslu fram yfir það, sem hér var talið.

Kostnað af forfallakennslu, þ. e. vegna veikindaforfalla kennara, sbr. lög nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, greiðir ríkissjóður vegna þeirra kennara, er hann launar, í sömu hlutföllum og laun þeirra.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir að öllu leyti laun námsstjóra við barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla og annan kostnað af námseftirlitinu.

Laun fræðslufulltrúans í Reykjavík greiðir ríkissjóður að hálfu og endurgreiðir kostnað af störfum hans sem námsstjóra að ¼ hluta.

Laun ráðskonu í heimavistarbarnaskólum greiðir ríkissjóður að öllu leyti.

12. gr.

Nú er húsnæði tekið á leigu til skólahalds með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, vegna barnaskóla, gagnfræðastigsskóla eða húsmæðraskóla, og skal þá húsaleiga greidd af ríkissjóði og sveitarfélögum í sama hlutfalli og stofnkostnaður, sbr. 3. gr. Sama gildir um kostnað af aukinni kennslu, þegar svo stendur á, að kennslustofur rúma ekki fullskipaða deild.

13. gr.

Þar sem svo hagar til við barnaskóla og gagnfræðastigsskóla, að akstur nemenda til og frá skóla með skólabifreiðum stuðlar að því að sameina smá skólahverfi eða fámenna skóla, eða sparist við það rekstur heimavista, sbr. 4. gr., greiðir ríkissjóður ¾ hluta flutningskostnaðarins. Fargjöld og annan flutningskostnað nemenda, ef nauðsynlegur telst að dómi aðila, er um getur í 4. gr., endurgreiðir ríkissjóður að ¼ hluta.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um leyfi til rekstrar skólabifreiða, nauðsyn og skipulag flutninga, reikningshald og meðferð bifreiða, sem skólar eiga, og leigusamninga leigðra skólabifreiða.

14. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélög greiða viðhaldskostnað á eignum barnaskóla, gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla í sömu hlutföllum og stofnkostnað, sbr. 3. gr.

Áætla skal viðhaldskostnaðinn og leita samþykkis menntamálaráðuneytisins um allar viðhaldsframkvæmdir, sem áætlaðar eru samtals yfir kr. 20 000.00.

Ef þessum skilyrðum er ekki fullnægt, er viðhaldskostnaður ríkissjóði óviðkomandi.

15. gr.

Þegar heimavistarskóli gagnfræðastigs eða húsmæðraskóli nýtur ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður ¾ hluta upphitunarkostnaðar.

16. gr.

Sveitarfélög greiða annan kostnað af barnaskólahaldi en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, en ríkissjóður endurgreiðir þeim fjórða hluta kostnaðarins.

Annan kostnað af skólahaldi gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla en þann, sem sérstaklega hefur verið talinn, greiðir ríkissjóður að hálfu, en sveitarfélög að hálfu.

Til kostnaðar samkvæmt þessari grein telst meðal annars laun starfsfólks, annars en þess, sem talið er í 5.—11. gr., laun kennara fyrir heimavinnu, kostnaður af starfi skólanefnda og fræðsluráða, prófkostnaður, ljós, hiti (sbr. þó 15. gr.), ræsting, skrifstofukostnaður, skattar og opinber gjöld, vátryggingargjöld, efni til matreiðslukennslu, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd, kostnaður, sem leiðir af ákvæðum 52. gr. laga nr. 34/1946, sérstakur kostnaður, sem nauðsynlegt er að greiða vegna ákvæða 6. gr. sömu laga, svo og allur annar kostnaður, sem rekstur skóla hefur í för með sér og nánar verður ákveðinn í reglugerð.

Fullnaðargreiðsla framangreinds kostnaðar úr ríkissjóði er bundin því skilyrði, að fram séu komnar fullnægjandi skýrslur um skólahaldið og reikningar úrskurðaðir.

17. gr.

Leigutekjur af húsnæði eða öðrum eignum skóla skiptast milli ríkissjóðs og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og aðilar þessir greiða stofnkostnað, sbr. 3. gr.

Aðrar tekjur, sem til kunna að falla vegna skólahalds, renna að einum fjórða hluta í ríkissjóð og að þremur fjórðu hlutum til sveitarfélaga, að því er tekur til barnaskóla, en að hálfu í ríkissjóð og að hálfu til sveitarfélaga, að því er tekur til gagnfræðastigsskóla og húsmæðraskóla.

18. gr.

Skólar gagnfræðastigsins og húsmæðraskólar eru sameign ríkisins og hlutaðeigandi sveitarfélaga.

Nú er skóli, sem kostaður er sameiginlega af ríki og sveitarfélagi, lagður niður samkvæmt fyrirmælum eða með samþykki menntamálaráðuneytisins, að fenginni umsögn fræðslumálastjóra, námsstjóra og viðkomandi skólanefnda eða fræðsluráða, og skulu þá skuldlausar eignir hans skiptast milli aðila í sama hlutfalli og stofnkostnaður var greiddur.

III. KAFLI

Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit.

19. gr.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, er um getur í lögum þessum, en falið geta þau skólanefnd, skólastjóra eða öðrum að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu. Að því er tekur til gagnfræðastigsskóla og hús-

mæðraskóla, skal val sérstaks reikningshaldara vera háð samþykki menntamálaráðuneytis.

Reikningar skólanna skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga og sýslufélaga, og sendir skulu þeir menntamálaráðuneytinu. Endurrit af reikningum skólanna skal samtímis senda fræðslumálaskrifstofunni.

20. gr.

Námsstjórar skulu veita leiðbeiningar um bókhald í skólum, sem umsjón þeirra lúta, og hafa eftirlit með eignum þeirra, fjárreiðum og reikningsfærslu. Þeir skulu framkvæma efnislega (kritiska) og tölulega endurskoðun á bókhaldi skólanna og ársreikningum. Skal endurskoðun ársreikninga lokið fyrir 1. júlí ár hvert.

21. gr.

Menntamálaráðuneytið felur sérstökum reikningsfróðum og skólafróðum manni að hafa yfirumsjón með eftirlitsstarfi og endurskoðunarstarfi þessu og eftirlit með fjárhagslegri framkvæmd laga þessara. Skulu honum afhentir allir ársreikningar skólanna til eftirlits og úrskurðar um greiðslur úr ríkissjóði. Rísi ágreiningur milli hans og sveitarstjórnar um reikningana eða einstök atriði þeirra, sker menntamálaráðuneytið úr.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

22. gr.

Menntamálaráðuneytið setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Skal þar meðal annars greint, hvað teljast skuli til nauðsynlegs stofnkostnaðar, svo sem hús, húsbúnaður, kennsluáhöld o. s. frv., svo og hvað heyrir til rekstrarkostnaðar, enda sé þá við það miðað, að skólinn búi frá upphafi við þau skilyrði, sem nauðsynleg eru til þess, að hann geti starfað og náð þeim tilgangi, sem honum er ákveðinn í lögum. Í reglugerðina skal einnig setja ákvæði um bókhald skóla og reikningsskil.

23. gr.

Með lögum þessum eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi felld:

Lög nr. 34 29. apríl 1946, um fræðslu barna, 12. gr., 13. gr., 15. gr., 19. gr., 22. gr., 24. gr., orðin „og reikninga“ í 2. málslið 32. gr., 33. gr., síðari málsliður 34. gr., fyrri málsliður 49. gr., 2., 3. og 4. málsliður 51. gr.

Lög nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, 4. gr., fyrri málsliður 47. gr., síðasti málsliður 48. gr., 50. gr., 52.—55. gr., fyrsti málsliður fyrri málsgreinar og síðari málsgrein 56. gr., 57. gr., 61. gr.

Lög nr. 49 7. maí 1946, um húsmæðrafræðslu, 6.—9. gr., fyrsti málsliður fyrri málsgreinar og síðari málsgrein 11. gr.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **725. Frumvarp til laga** **[121. mál]**

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.

Vilji hlutaðeigandi ekki una fyrirmælum eða úrskurði öryggismálastjóra, lútandi að þessu, getur hann skotið máli sínu til úrskurðar öryggisráðs.

Hver sá, sem tekur að sér byggingu verksmiðja, verkstæða eða annars þess háttar, uppsetningu véla eða vélbúnaðar, hverju nafni sem nefnist, skal vera ábyrgur gagnvart öryggiseftirlitinu um, að öryggisútbúnaður sé samkvæmt lögum þessum og í samræmi við tillögur, fyrirmæli eða úrskurði öryggismálastjóra og öryggisráðs, ef því er að skipta, samkvæmt þessari grein.

Ákveða skal í reglugerð, hver stærð verksmiðja og verkstæða skuli falla undir ákvæði þessarar greinar.

Óheimilt er að hefja rekstur í nýrri verksmiðju eða verkstæði, fyrr en eftirlitsmaður hefur gefið réttum aðilum vottorð um, að allur útbúnaður sé í fullu lagi og í samræmi við fyrirmæli öryggismálastjóra eða öryggisráðs, þar sem það á við.

2. gr.

Á eftir orðinu „öryggismálastjóra“ í 1. málsl. 12. gr. laganna bætist: og öryggisráðs.

3. gr.

Aftan við 31. gr. laganna bætist: í samráði við öryggisráð.

4. gr.

Aftan við 1. málsl. 1. málsgr. 35. gr. laganna bætist: og öryggisráðs.

5. gr.

1. málsgr. 40. gr. laganna orðist svo:

Öryggismálastjóri gerir, í samráði við öryggisráð, útdrátt úr lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim. Útdrætti þessa skal festa upp á vinnustað, eftir því sem við á, og skal þannig frá þeim gengið, að verkamenn eigi auðvelt með að kynna sér efni þeirra. Öryggisráð getur þó í samráði við öryggismálastjóra veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar.

6. gr.

Fyrir orðið „öryggismálastjóra“ í síðari málsl. 41. gr. laganna kemur: öryggisráð.

7. gr.

Á eftir 44. gr. laganna koma tvær nýjar greinar (verða 45. og 46. gr.) í nýjum kafla (verður VII. kafli), með fyrirsögninni: **Öryggisráð:**

a. (45. gr.) Ráðherra skipar fimm manna öryggisráð til sex ára í senn. Hann skipar án tilnefningar formann þess, er skal vera læknir með sérþekkingu í atvinnusjúkdómum, en tvo verkamenn og tvo fulltrúa vinnuveitenda samkvæmt tilnefningu eftirtalinna aðila:

1. Alþýðusambands Íslands.
2. Félags íslenzkra iðnrekenda.
3. Vinnuveitendasambands Íslands.
4. Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands.

Varamenn skulu skipaðir jafnmargir og á sama hátt.

Ráðherra setur öryggisráðinu starfsreglur og ákveður því þóknun fyrir störf þess.

Kostnaður við störf öryggisráðs greiðist úr ríkissjóði.

b. (46. gr.) Ráðherra og öryggismálastjóri geta krafizt af öryggisráðinu yfirlýsingar um mál, er snerta öryggi verkamanna við vinnu og önnur atriði, er lög þessi ná til. Öryggisráðið tekur til athugunar þau mál, sem lög þessi ná til, og lætur álit sitt á þeim í ljós við ríkisstjórnina og öryggiseftirlitið. Það skal og gera tillögur til ráðherra um breytingar á þessum lögum og viðauka við þau, ef því þykir ástæða til.

8. gr.

Aftan við 1. málsl. 1. málsgr. 45. gr. laganna bætast orðin: og öryggisráð.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 726. Frumvarp til laga [94. mál]

um iðnskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

I. KAFLI
Hlutverk og inntökuskilyrði.

1. gr.

Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar eða iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, er skólarnir hafa ráð á. Enn fremur geta þeir haldið námskeið til framhaldsnáms og til undirbúnings iðnnámi og ýmiss konar iðnaðarstarfsemi.

2. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

1. Að umsækjandi sé eigi yngri en fullra 15 ára;
2. að hann hafi lokið miðskólaprófi;
3. að hann hafi náð tilskildum árangri við hæfnispróf, þegar því verður komið á fyrir umsækjendur um iðnnám.

Iðnskólum er þó heimilt að taka nemendur, sem ekki hafa lokið miðskólaprófi, ef þeir með inntökuprófi sýna, að þeir hafi nægilega undirstöðuþekkingu í íslenzku og reikningi til þess að fylgjast með kennslu í 1. bekk skólans.

II. KAFLI
Stofnun iðnskóla og stjórn.

3. gr.

Forgöngu um stofnun iðnskóla geta haft:

1. Bæjarstjórnir.
2. Sýslunefndir eða hreppsnefndir, enda semji hlutaðeigandi sveitarfélög, ef fleiri eru en eitt, um greiðslu þess hluta stofnkostnaðar og rekstrarkostnaðar, sem ríkissjóður greiðir ekki.

3. Iðnaðarmannafélög eða sambönd þeirra, enda komi til meðmæli og samþykki þeirra aðila, sem getur í 1. og 2. tölulið.

Ráðherra ákveður síðan um stofnun skólans, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

Ráðherra löggildir iðnskóla þá, sem nú eru starfandi og fullnægja ákvæðum 7., 8. og 9. greina, að fengnum tillögum iðnfræðsluráðs og hlutaðeigandi iðnfulltrúa.

4. gr.

Skylt er að taka við öllum iðnnemum úr umdæmi skólans, ef þeir hafa löglega námssamninga og fullnægja að öðru leyti settum skilyrðum. Iðnmeistarar og iðnfyrirtæki skulu tilkynna hlutaðeigandi skóla, þegar samningar eru gerðir við nýja iðnnema, og senda þá til byrjunarnáms, er það hefst næst. Einnig skal tilkynna, ef nemandi hættir iðnnámi eða getur ekki haldið áfram skólanámi af öðrum ástæðum.

5. gr.

Menntamálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn allra iðnskóla í landinu. Leita skal álits iðnfræðsluráðs um öll meiri háttar atriði, er skólana varða.

6. gr.

Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Þó má nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.

Iðnskóla, sem fleiri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 5 manna skólanefnd. Þar sem kaupstaður stendur einn að slíkum skóla, sýsla eða hreppur, kýs bæjarstjórn, sýslunefnd eða hreppsnefnd 4 nefndarmenn á fyrsta fundi eftir kosningar. Ef fleiri en einn kaupstaður, sýsla eða hreppur stendur að skólanum, skal svo fljótt sem því verður við komið kjósa skólanefndina á sameiginlegum fundi hlutaðeigandi sveitarstjórna. Að minnsta kosti helmingur þeirra, er kjósa skal í skólanefnd, skulu vera iðnaðarmenn.

Iðnskólum, sem færri en 60 nemendur stunda nám í, stjórnar 3 manna skólanefnd; skulu 2 þeirra kosnir á sama hátt og að framan greinir.

Ráðherra skipar formenn skólanefndanna til sama tíma.

III. KAFLI
Fjármál.

7. gr.

Til iðnskólahalds má stofna, samkvæmt lögum þessum, með þrennu móti:

1. Stofna má sjálfstæða iðnskóla.
2. Þegar nemendur eru færri en 60, er ráðherra heimilt að ákveða, að iðnskólinn skuli vera sérstök deild innan gagnfræðaskóla, og skal iðnskólinn þá kostaður af sömu aðilum og í sömu hlutföllum og gagnfræðaskólinn.
3. Iðnfræðslu þá, sem nú er á ýmsum stöðum og ekki getur komizt undir ákvæði 1. og 2. töluliðs, má hafa með sama sniði og verið hefur.

Hlutdeild ríkissjóðs í rekstrarkostnaði iðnfræðslu, samkvæmt 3. tölulið, skal vera styrkur á sama hátt og verið hefur.

Heimilt er að láta listiðnaðardeildir Handíða- og myndlistarskólans í Reykjavík njóta sömu réttinda um styrk úr ríkissjóði samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar, að fullnægðum sömu skilyrðum.

8. gr.

Ríkissjóður greiðir helming stofnkostnaðar þeirra iðnskóla, sem um getur í 1. tölulið 7. gr. Hinn hlutann greiða þeir bæjar-, sýslu- og sveitarsjóðir, sem að stofnun skólans standa.

Til stofnkostnaðar telst skólahús ásamt húsbúnaði og kennsluáhöldum svo og vinnustofur, ef reknar eru, ásamt vélum og áhöldum.

9. gr.

Ríkissjóður greiðir laun skólastjóra og fastra kennara svo og styrk til stundakennslu hlutfallslega fyrir þá nemendur, sem umfram eru þá tölu, sem ætluð er föstum kennurum. Annar rekstrarkostnaður greiðist af sömu aðilum og stofnkostnaður og í sömu hlutföllum.

Ráðherra ákveður skólagjöld, að fengnum tillögum skólanefndar. Gjöld þessi svo og hreinar tekjur af skólavinnustofum koma til frádráttar rekstrarkostnaði, áður en honum er skipt.

10. gr.

Skólanefndir annast fjárreiður og reikningshald iðnskóla í umboði viðkomandi sveitarfélaga. Um reikningshald, endurskoðun og eftirlit gilda sömu reglur og um aðra skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

IV. KAFLI
Framhaldsnám.

11. gr.

Við iðnskólann í Reykjavík skal koma á framhaldskennslu í hvers konar iðnaðarstarfsemi, jafnskjótt og tök eru á. Kennsluna má miða við einstaka iðngrein eða flokk skyldra iðna. Kennslan fer fram í skóla eða á námskeiðum.

12. gr.

Framhaldsskólinn er ætlaður þeim, sem búa sig undir meistarapróf eða verkstjórn í iðn sinni. Hann er eins árs skóli hið minnsta með 44 stunda vikukennslu 7—8 mánuði eða þriggja ára skóli með 15 stunda kennslu á viku 7—8 mánuði á ári.

13. gr.

Kennslan er bæði bókleg og verkleg. Í bóklegum fræðum skal kenna: Íslenzku, stærðfræði, teiknun, efnafræði, efnisfræði, kostnaðarreikning og bókfærslu. Einnig má kenna eitt erlent tungumál, helztu atriði hagfræði og iðnlöggjafar, landmælingar, burðarþolsfræði, hjálp í viðlögum o. fl. Verkleg kennsla fer fram í vinnustofum og tilraunastofum, og skal einkum kenna sérstakar vinnuaðferðir og meðferð véla, verkfæra, áhalda og efnis.

V. KAFLI
Kennarar.

14. gr.

Ráðherra setur eða skipar skólastjóra, að fengnum tillögum skólanefndar og fræðslumálastjóra, og fasta kennara, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Skólastjóri ræður stundakennara með samþykki skólanefndar. Um launakjör og kennsluskyldu svo og menntun kennara í almennum greinum gilda sömu ákvæði sem um skólastjóra og kennara við gagnfræðaskóla, eftir því sem við getur átt. Þó skal skólastjóri iðnskólans í Reykjavík taka laun í 5. flokki launalaga.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst að verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum

launum. Engum kennara skal þó veitt slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal send ráðuneytinu með árs fyrirvara, og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárum skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólanna eða torveldi þau.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

16. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga. Þar skal meðal annars ákveða um kennslu í skólunum, tölu fastra kennara, námstilhögun og námsskrá, framkvæmd prófa, einkunnagjöf og prófskírteini.

Ráðherra setur skólanefndum, skólastjórum og kennurum erindisbréf, sem kveður á um verksvið þeirra.

17. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1955.

Ed. 727. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð í september 1953, var gerður málefnasamningur á milli þeirra stjórnmálaflokka, sem að stjórnarmynduninni stóðu. Eitt atriði þess samnings var á þessa leið:

„Tryggt verði aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, lögð áherzla á að greiða fyrir byggingu íbúðarhúsa, sem nú eru í smíðum, og lagður grundvöllur að því að leysa þetta vandamál til frambúðar."

Árangur þessa samningsatriðis er frv. það, sem hér er til meðferðar, og þá ekki síður hitt, að ríkisstjórnin hefur nú tryggt allmikið fjármagn til þeirra framkvæmda, sem frv. fjallar um, svo og til Byggingarsjóðs.

Frv., eins og það var lagt fram, fylgdi ýtarleg greinargerð, og þykir nægja að vísa til hennar um skýringar á frv. og upplýsingar um málið almennt.

Fjárhagsnefnd hefur rætt málið á þrem fundum. Klofnaði hún um frv. Einn nm. (HG) skilar séráliti, en hinir nm. mæla með frv. með einni breytingu, sem félagsmálaráðherra óskaði eftir að gerð yrði. Er hún um það, að í húsnæðismálastjórn eigi sæti 5 manns í stað þriggja. Verkefni húsnæðismálastjórnar er svo mikið, að eðlilegt verður að telja, að í henni sitji 5 menn. Samkomulag mun vera um það, að Landsbanki Íslands tilnefni raunverulega einn mann í húsnæðismálastjórnina, og þykir meiri hlutanum þá rétt, að það sé beinlínis tekið fram í lögunum.

Samkvæmt þessu leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn skulu vera 5 menn, sem ríkisstjórnin skipar til 6 ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Enn fremur skipar hún 5 varamenn á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.

Alþingi, 3. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson. Karl Kristjánsson.

Ed. 728. Nefndarálit [191. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumvarp þetta, sem komið er frá neðri deild, hefur tekið nokkrum breytingum þar. Þær eru aðallega í því fólgnar að taka inn í lögin ákvæði laga nr. 101 10. des. 1954, og fer vel á því að afgreiða aðeins ein lög á þessu þingi um breytingu á ræktunarsjóðslögunum. Jafnframt hefur ákvæðum þeirra laga verið breytt þannig, að bætt er við ákvæði laganna frá í vetur, að lán og styrkur vegna vélgrafinna skurða megi verða allt að 85% af áætluðu kostnaðarverði.

Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því, að útlánsvextir Ræktunarsjóðs hækki úr 2½% í 4%, og er gerð grein fyrir nauðsyn þess bæði í greinargerð fyrir frumvarpinu og nefndaráliti nefndarinnar í neðri deild. Það er þó sýnt, að vaxtahækkunin nægir ekki til þess að gera Ræktunarsjóði kleift, að standa undir þeim vaxtamismun, sem er á útlánum sjóðsins og vöxtum af þeim lánum, sem hann hefur þurft að taka með til muna hærri vöxtum til þess að geta annað þeim auknu lánsbeiðnum, sem honum berast og stöðugt fara vaxandi með auknum jarðræktarframkvæmdum. Fyrir því leggur nefndin til, að framlag ríkissjóðs til Ræktunarsjóðs hækki úr ½ milljón á ári í 1.6 milljónir.

Nefndin leggur því til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. gr. orðist svo:
3. tölulið 3. gr. laganna skal orða svo:
Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1.6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

Alþingi, 3. maí 1955.

Páll Zóphóníasson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Kjartansson.
F. R. Valdimarsson. Andrés Eyjólfsson.

Ed. 729. Lög [193. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 661.

Ed. **730. Lög** [185. mál]

um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 563.

Ed. **731. Lög** [189. mál]

um breyting á lögum nr. 36/1952, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 578.

Ed. **732. Lög** [190. mál]

um breyting á lögum nr. 20 31. jan. 1952, um landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 3. maí.)

Samhljóða þskj. 581.

Nd. **733. Breytingartillögur** [181. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Við 1. málsgr. 1. gr. laganna bætist:
   Þegar rætt er um málefni, er varða Sölufélag garðyrkjumanna eða Landssamband eggjaframleiðenda, ber að gefa fulltrúum þeirra félaga, einum frá hvoru, kost á að sitja fund framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti.
2. Við 2. gr. Í stað „álits“ komi: samþykkis.
3. Við 4. gr. Í stað b—f-liða komi:
   b. (30. gr.) Undir starfssvið framleiðsluráðs fellur frá 1. janúar 1956 öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur nú með höndum varðandi ræktun og sölu íslenzkra matjurta. Skal sú stofnun, er upp frá því annast verzlun með kartöflur og annað grænmeti í umboði framleiðsluráðs, heita Grænmetisverzlun landbúnaðarins.
   c. (31. gr.) Ríkisstjórninni er heimilt að selja Grænmetisverzlun landbúnaðarins fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins, eins og þær verða, er lög þessi koma til framkvæmda.
   d. (32. gr.) Ríkisstjórnin (landbúnaðarráðuneytið) hefur einkarétt til að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Bann þetta nær þó ekki til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs kartöflur og grænmeti, ef birgðirnar eru að áliti hlutaðeigandi tollyfirvalda eigi meiri en svo, að hæfilegur forði sé handa skipverjum og farþegum.

e. (33. gr.) Grænmetisverzlun landbúnaðarins velur sér umboðsmenn víðs vegar um landið til að annast móttöku á kartöflum og öðrum garðávöxtum, og skulu samvinnufélög og aðrar verzlanir, sem umboð hafa nú fyrir Grænmetisverzlun ríkisins, sitja fyrir sem umboðsmenn.
Framleiðsluráð ræður Grænmetisverzlun landbúnaðarins framkvæmdastjóra.

f. (34. gr.) Framleiðsluráði skal heimilt að viðurkenna Sölufélag garðyrkjumanna sem sölufélag ylræktarbænda, enda starfi það á samvinnugrundvelli og hafi fengið samþykktir sínar viðurkenndar af framleiðsluráði.

g. (35. gr.) Framleiðsluráð vinnur að því, að komið verði upp þar, sem hentugt þykir, vönduðum og hæfilega stórum geymslum fyrir garðávexti og grænmeti á helztu framleiðslu- og sölustöðum með hliðsjón af samgöngum og öðrum aðstæðum.
Til þess enn fremur að tryggja árvissa sölu garðávaxta skal framleiðsluráð leitast við að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtaframleiðslunnar, sem selst ekki til manneldis hverju sinni.

h. (36. gr.) Framleiðsluráði er heimilt að skipta landinu í sölusvæði, ef ástæða þykir til. Framleiðsluráð sér um, að ávallt sé völ á heilbrigðu, völdu útsæði. Skal það þess vegna sjá um stofnræktun úrvals kartöfluafbrigða með því að semja við einstaka kartöfluframleiðendur um framleiðslu útsæðis af þessum tegundum, og sé þessi ræktun háð ströngu heilbrigðiseftirliti.

i. (37. gr.) Landbúnaðarráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa kafla laganna, þar sem m. a. er ákveðið:
1. um starfsemi Grænmetisverzlunar landbúnaðarins;
2. um flokkun og mat garðávaxta;
3. um stofnræktun úrvals tegunda;
4. um ráðstafanir til að greiða fyrir sölu úrvals matjurta, þegar mikið berst á markaðinn.

4. Við 8. gr. Í stað „1. júlí 1955“ komi: 1. jan. 1956.

Nd. 734. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið um það sammála. Meiri hlutinn flytur breytingartillögu og mælir með, að svo breytt verði frumvarpið samþykkt. Minni hlutinn (HV og GMM) vill í engu breyta lögunum, og mun hann skila sérstöku áliti.

Hins vegar var nefndin öll sammála um, að rétt væri að benda á í sambandi við meðferð þessa máls, að eðlilegt væri, að lög verði sett um skyldur og réttindi sóknarpresta, hvað snertir ábúð þeirra á prestssetursjörðum. Nefndin flytur þó engar tillögur í þá átt að þessu sinni, þar sem komið er að þinglokum.

Við frumvarpið leggur meiri hlutinn fram svo hljóðandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Við 1. gr. Greinin orðist svo:

Í stað 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Kirkjumálaráðherra er heimilt með samþykki biskups og skipulagsnefndar prestssetra og að fengnum tillögum nýbýlastjórnar ríkisins, hlutaðeigandi prests

og sóknarnefndar að byggja á erfðaleigu hluta af þeim prestssetrum, sem teljast vel fallin til skiptingar, enda sé þess gætt, að landrými prestssetursins sé nægilegt til þess að reka þar gott bú.

Heimildin nær eingöngu til afhendingar lands til nýbýlastofnunar.

Alþingi, 4. maí 1955.

Ásgeir Bjarnason, form.	Gunnar Gíslason, fundaskr., frsm.	Jón Pálmason.

Ed. 735. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Eins og fram kemur í nál. allsherjarnefndar háttv. Nd. (þskj. 472), hefur verið samvinna með allsherjarnefndum deildanna og afgreiðsla frv. því gengið greiðar en á undanförnum þingum.

Allsherjarnefnd Ed. hefur gengið úr skugga um, að allir þeir, sem taldir eru upp í þskj. 644, fullnægja þeim skilyrðum til að öðlast ríkisborgararétt, sem nefndirnar höfðu komið sér saman um og lýst er í þskj. 472.

Einn maður (Andreasen, Tórbjörn) fullnægir skilyrðunum, þó að allsherjarnefnd Nd. hafi skotizt yfir það, og leggur nefndin því til, að honum verði bætt inn í frv. í Ed.

Karmelnunnan Bernadette Anna Maria van der Poel (nr. 57 í þskj. 644) er farin af landi burt og fellur því niður, en í stað hennar kemur önnur karmelnunna, sem af misskilningi hafði verið felld niður í hennar stað.

Eftir að hv. Nd. hafði afgreitt málið frá sér, komu umsóknir frá hjónum, sem fullnægja öllum skilyrðum, sem sett eru, og þótti nefndinni rétt að taka nöfn þeirra upp í frv., úr því að hvort sem er varð að senda það aftur til hv. Nd.

Ýmsir nefndarmenn hefðu viljað gera breytingu á 2. gr. frv. í samræmi við brtt. Gylfa Þ. Gíslasonar o. fl. á þskj. 498, en vilja ekki tefla frv. í tvísýnu með því að bera hana fram nú, þar eð mikill ágreiningur er um hana í hv. Nd.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. 57. liður (van der Poel, Bernadette Anna Maria) fellur niður.
2. Við bætast í réttri stafrófsröð:
   a. Andreasen, Tórbjörn Ragnar Karl Franklin, vinnumaður á Korpúlfsstöðum, fæddur 23. október 1931 í Færeyjum.
   b. Kecskés, Endré, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 8. október 1900 í Ungverjalandi.
   c. Kecskés, Nanna, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. júní 1912 á Íslandi.
   d. Zeeuw, Margaretha de, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 31. janúar 1927 í Hollandi.

Alþingi, 3. maí 1955.

Hermann Jónasson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Sigurður Ó. Ólafsson.
Páll Zóphóníasson.	Kristinn Gunnarsson.	

Sþ. 736. Þingsályktun [55. mál]

um aðstoð vegna atvinnumála í Flateyjarhreppi.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að afhenda Flateyjarhreppi á Breiðafirði hraðfrystihúsið í Flatey með þeim kjörum, sem að dómi ríkisstjórnarinnar gera hreppnum kleift að reka húsið. Heimild þessi er bundin því skilyrði, að hreppsnefnd Flateyjarhrepps færi rök að því, að hún hafi tryggt sér fyrir næstu vetrarvertíð með útgerð á staðnum eða á annan hátt það fiskmagn til vinnslu í húsinu, er tryggt geti rekstur þess.

Takist hins vegar ekki með framangreindum ráðstöfunum að hefja á ný rekstur frystihússins, er ríkisstjórninni heimilt að bjóða það til sölu eða leigu þeim, er hefja vildu útgerð í Flatey. Þá er ríkisstjórninni og heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita væntanlegum kaupanda eða leigjanda fjárhagsaðstoð með láni eða ábyrgð til þess að gera óhjákvæmilegar endurbætur á húsi og vélum.

Ríkisstjórnin aflar sér nauðsynlegra heimilda til ráðstafana samkvæmt ályktun þessari.

Nd. 737. Nefndarálit [181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er að ósk landbúnaðarráðherra flutt af landbúnaðarnefnd, en nefndin áskildi sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja breytingartillögum, sem fram kynnu að koma. Síðan hafa nefndinni borizt breytingartillögur, er ræddar hafa verið á nefndarfundum.

Frumvarpið felur í sér ákvæði um veigamikla skipulagsbreytingu um stjórn og sölufyrirkomulag landbúnaðarafurða, að því er snertir garðávexti, og einnig um innflutning og verzlun með kartöflur og annað grænmeti. Með tillögum, sem fyrir lágu, er gert ráð fyrir, að Grænmetisverzlun ríkisins verði lögð niður, en stofnuð verði í hennar stað Grænmetisverzlun landbúnaðarins. Ekki sést af tillögunum, hver skuli vera eigandi slíkrar stofnunar, en hún skal vera undir stjórn framleiðsluráðs. Er hér um svo veigamikla breytingu að ræða, að athuga verður gaumgæfilega aðstæður allar. Svo sem augljóst má vera, er hér farið fram á einstæða breytingu, þar sem gert er ráð fyrir, að einstökum félögum eða einstakri nefnd skuli veitt einkasala á ákveðnum vörutegundum. Er undirrituðum nefndarmönnum ekki kunnugt um neitt fordæmi í þessum efnum og telja því, að hér væri um að ræða algert einsdæmi í þingsögunni, ef samþykkt yrði. Mundi slíkt einkasöluleyfi til einstaklinga eða félaga skapa viðsjárvert fordæmi. Frumvarpið virðist ekki heldur vera nægilega undirbúið, þar sem ekki liggur fyrir álit þeirra manna, sem mest hafa haft þessi mál með höndum undanfarið, svo sem umboðsmenn Grænmetisverzlunar ríkisins víða um land. Eftir að málið kom til umræðu í landbúnaðarnefnd, var leitað til forstjóra Grænmetisverzlunar ríkisins, hr. Jóns Ívarssonar, og fylgir hér með umsögn hans.

Þá má benda á það, að þótt mál þetta hafi verið til umræðu í einstökum félögum undanfarin ár, þá var undirbúningi sjálfs frumvarpsins hraðað svo mjög, eftir að undirbúningsnefndin var kölluð á fyrsta fund um málið, að einn nefndar-

manna lýsti yfir, að sér hefði ekki gefizt tóm til að athuga þessi mál svo sem nauðsynlegt var. Gaf sá nefndarmaður (dr. Björn Jóhannesson) út sérstaka greinargerð. Nefndin var því ósammála í mörgum atriðum og klofin.

Af framansögðu og ýmsum öðrum ástæðum leggjum við til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar eð hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, sem virðist hafa fengið ófullnægjandi undirbúning, er sjálfsagt, að málið verði athugað vandlega milli þinga og umsagna leitað um frv. og breytingartillögur, sem fyrir liggja, hjá þeim aðilum, sem mesta þekkingu og reynslu hafa í framleiðslu- og sölumálum garðávaxta og grænmetis, og tekur því deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 4. maí 1955.

Gunnar M. Magnúss, frsm. Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal I.

Svör Jóns Ívarssonar forstjóra varðandi frumvarpið.

29. apríl 1955.

Með bréfi háttv. landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis, mótteknu 26. þessa mán., er óskað umsagnar Grænmetisverzlunar ríkisins um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem flutt er á yfirstandandi Alþingi af landbúnaðarnefnd.

Grænmetisverzlun ríkisins vill verða við beiðni nefndarinnar og leyfir sér að taka fram það, sem hér á eftir er greint:

Um 1. gr.

Eftir þessari grein er ætlazt til, að tilnefndur sé í framleiðsluráð einn maður „til skiptis af framleiðendum garðávaxta og Sölufélagi garðyrkjumanna". — Hér er ekki tilgreint, á hvern hátt framleiðendur garðávaxta tilnefni hann, og ef haft er í huga, að þeir menn, sem framleiða garðávexti, eru mörg þúsund, dreifðir um allt landið og hafa engin félagssamtök, virðist sú tilnefning af þeirra hálfu nær óframkvæmanleg. Ákvæði þetta væri því gagnslaust.

Um 2. gr.

Í þessari grein er kveðið á um það að leita álits framleiðsluráðs um innflutning og útflutning landbúnaðarvara, áður en ákvarðanir eru gerðar, og virðist það geta staðizt, svo framarlega sem framleiðsluráð aflar sér nægilegs kunnleika um það, hversu ástatt er um birgðir þær, sem í landinu eru.

Um 3. gr.

Þessi grein er ný orðun á 8. gr. framleiðsluráðslaganna, nokkru fyllri og nákvæmari og því til bóta, þótt greinin eins og hún er sé nægilega skýr til þess, að framleiðsluráð geti verðskráð þá garðávexti samkv. henni, sem það telur þörf á.

Um 4. gr.

Í þessari grein er aðalefni frumvarpsins og verður sérstakur kafli í framleiðsluráðslögunum. Hér er kveðið á um það:

1. Að framleiðsluráð skuli vinna að því, að garðávaxtaframleiðendur í hverju héraði myndi með sér eitt eða fleiri félög, er vinni að hagsmunamálum garðávaxtaframleiðenda á félagssvæðinu.

2. Að framleiðsluráð hlutist til um, að þessi félög komi sér saman um stjórn fyrir sölusvæði garðávaxta, ef framleiðsluráð hefur skipt landinu í sölusvæði.
3. Að félagssamtök garðávaxtaframleiðenda, ef stofnuð verða, taki við verkefnum sölunefndar garðávaxta, en um hana eru ákvæði í þessari grein.

Út af þessu skal bent á, að öllum, einnig framleiðsluráðinu og hverjum einstakling, er heimilt að vinna að stofnun þessara félaga eða annarra án nokkurrar lagasetningar um slíkt. Slík félög myndast svo að kalla af sjálfu sér, ef menn sjá einhvern ávinning við þau.

Svo virðist sem verkefni þessara félaga sé mjög óljóst í frumvarpinu. Hagsmunamál garðávaxtaframleiðenda geta að sjálfsögðu verið ýmisleg og verða hér ekki talin, en eitt aðalhagsmunamál þeirra er vafalaust að koma framleiðslunni í sem bezt verð. Á því sviði standa verzlanir, kaupfélög og kaupmenn, bezt að vígi, þ. e. þeir aðilar, sem um áratugi hafa haft þau störf með höndum og búið sig undir að leysa sem bezt þann vanda að varðveita framleiðsluna frá skemmdum og koma henni í sem bezt verð. Þeir aðilar standa um slíkt bezt að vígi og án efa miklu betur en nýir aðilar með engri eða litilli aðstöðu. Þeir aðilar, sem nú annast þessa þjónustu fyrir garðávaxtaframleiðendur í landinu, hafa flestir einnig á hendi að fara með og koma í verð annarri framleiðslu landsmanna, og mundi sízt til bóta að breyta til um þetta. Gert er ráð fyrir, að garðávaxtaframleiðendur kunni eða geti gert með sér félagssamtök, og er þeim þá ætlað allvíðtækt verkefni, svo sem að stjórna heildsölu á alls konar garðmat og annast alla sölu og dreifingu á garðávöxtum og margt fleira.

Ekkert er í þessari grein né annars staðar í frumvarpinu kveðið á um það, hversu mikinn hluta garðávaxtaframleiðenda þurfi til þess að samtökin fái þetta verkefni og vald. Um einstök félög er ekkert ákveðið, hvað félagsmenn þurfi að vera margir, svo að félag sé löglegt. Þeir geta verið svo fáir eða margir sem verkast vill, máske aðeins tveir eða þrír. Örfá félög gætu svo myndað „samtök“, máske tvö félög eða þrjú, sitt á hverju landshorni, eða öll t. d. í Reykjavík eða öðrum kaupstað eða kauptúni.

Þessi félagssamtök ættu síðan rétt á að taka í sínar hendur það verkefni eða starfsemi, sem fyrr er greint.

Telja verður, að hér sé farið inn á miður æskilega leið, og eru engar líkur til, að hagsmunamálum garðávaxtaframleiðenda væri betur borgið með þeim hætti en nú er. Hér væri án efa um stórfellda afturför að ræða og því ekki unnt að mæla með, að farið sé á flot með slíka tilraun á kostnað garðyrkjumannanna í landinu.

Samkv. frumvarpinu á þetta að vera framtíðarskipulagið um sölu og dreifingu garðávaxta, undir yfirstjórn framleiðsluráðsins að vísu. En á meðan það er ekki komið á, gerir frumvarpið ráð fyrir öðru skipulagi til bráðabirgða, sem er í aðaldráttum þannig:

1. Landbúnaðarráðherra skipar sölunefnd garðávaxta til 3 ára eftir tilnefningu stjórna í fimm búnaðarsamböndum, og ræður hún sér framkvæmdastjóra.
2. Nefndin stjórnar heildsölu á garðávöxtum, og undir stjórn hennar fer öll sala og dreifing þeirra fram. Henni ber og að sjá um, að alltaf sé nóg til af garðávöxtum til sölu.
3. Nefndin á að hafa tiltæk úrræði til að taka á móti og koma í verð þeim hluta garðávaxtanna, sem ekki selst til manneldis. Hún á og að vinna að því, að komið verði upp garðávaxtageymslum, og sjá um, að ávallt sé völ á völdu útsæði og einnig stofnræktun úrvalskartöfluafbrigða.

Jafnframt þessum ákvæðum um nefndina og störf hennar kveður frumvarpið á um það, að enginn megi verzla með kartöflur, gulrætur og gulrófur í heildsölu nema með leyfi framleiðsluráðs, sem veitt er aðeins til eins árs.

Eins og þetta yfirlit ber með sér, eru nefnd þessari ætluð mikil störf, en það vekur þó athygli, að hvergi er minnzt á innflutning kartaflna erlendis frá. Það mun þó hér eftir sem hingað til þurfa annað veifið að flytja þær inn. Þótt einstök

ár komi, sem innlenda framleiðslan kann að fullnægja þörfinni, verða hin árin mörg, sem inn þarf að flytja, og virðist eðlilegt, að í frumvarpinu væru ákvæði um innflutninginn.

Fyrir tveim áratugum þótti Alþingi rík ástæða til að setja lög um verzlun með kartöflur, þar sem ákveðið var, að hann skyldi vera á einni hendi hjá stofnun, sem ríkið ræki. Var kartöfluinnflutningurinn þá í höndum einstakra kaupsýslumanna, og fór hann ekki alltaf eftir því, hve þörfin væri brýn fyrir hann, enda gat innlenda framleiðslan ekki keppt við innfluttar kartöflur í verðlagi.

Eftir frumvarpinu er ekki augljóst, í hvers eða hverra höndum innflutningurinn á að vera, og mætti því ætla, að hver sem vildi gæti annazt hann, og er þetta ekki heppilegt. Ekkert er heldur um það, að innlend framleiðsla njóti neinnar verndar gagnvart innfluttum kartöflum um verðlag.

Það verður að teljast mjög vafasamt, að ráðgerð sölunefnd garðávaxta, sem skipuð er mönnum, sínum af hverju landshorni að kalla, hafi þá aðstöðu um störf sín, að leiði til meira öryggis fyrir framleiðendur en nú er.

Mikill hluti framleiðslunnar, sem nú kemur á markað, er á höndum manna eða stofnana, sem um áratugi hafa annazt kartöfluverzlunina og eru henni kunnugir.

Það, sem veldur mestum erfiðleikum um að gera garðávaxtaframleiðsluna trygga atvinnugrein, er það, hve uppskeran er misjöfn frá ári til árs. Hún getur tvöfaldazt eða jafnvel þrefaldazt frá árinu á undan, eða orðið aðeins einn þriðji eða helmingur á næsta ári við það, sem hún var á þessu. Einstök ár getur orðið offramleiðsla, önnur mikil vöntun. Við íslenzkt veðráttufar verður þetta ekki jafnað. Í kauptúnum og kaupstöðum eiga menn almennt tiltölulega auðvelt með að rækta helztu garðávexti, kartöflur, gulrófur og gulrætur, að minnsta kosti til eigin þarfa. Til þess þarf hver sem er aðeins smá lóðarblett, fáein kílógrömm af áburði og útsæði, reku, garðhrífu og sínar tvær hendur. Kartöflframleiðslan á þessum stöðum hefur aukizt verulega. Í Reykjavík einni er uppskerumagnið um eða yfir þriðjung allrar uppskerunnar á landinu og getur hæglega aukizt frá því, sem nú er. Reykjavíkurmarkaðurinn hefur því reynzt valtur, og er líklegt, að hann verði það framvegis. Söluskipulag og verðskráning eru mikilsverð atriði, en koma ekki að notum þar, sem kaupendur vörunnar vantar.

Vegna þess, hversu mörgum einstaklingum í landinu, bæði í bæjum og annars staðar, er auðvelt að rækta kartöflur, er söluskipulag um þær miklu erfiðara en um kjöt og mjólk. Framleiðsla kjöts og mjólkur getur ekki orðið nema í höndum tiltölulega fárra aðila, en allur meginhluti þjóðarinnar verður að kaupa þá framleiðslu. Sá markaður er því öruggur fyrir nokkurn veginn jafnt magn frá ári til árs, en þó vaxandi vegna aukins mannfjölda. Þessi framleiðsla tekur ekki stór stökk frá einu ári til annars, hún hvorki tvöfaldast né þrefaldast á einu ári, og kaupendurnir eru að mestu þeir sömu hvert árið. Einnig er á það að líta, að kjöt og mjólkurvörur sumar eru hæfar til útflutnings á erl. markað, en það eru ísl. kartöflur ekki. Framleiðsluverð þeirra og ástand, samanborið við erlendar kartöflur, veldur því, að þær verða ekki markaðsvara þar. Þangað verður ekki leitað með það, sem er umfram eigin þarfir.

Það, sem mestu máli skiptir fyrir framleiðendur, er, að framleiðsla þeirra sé vönduð sem bezt, góð og eftirsótt afbrigði séu ræktuð og öll meðferð og umhirða sé í sem beztu og fullkomnustu lagi fyrst sem síðast.

Um 5. og 6. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að verðjöfnunargjald sé greitt af matjurtum, ef framleiðsluráð telur nauðsynlegt, til þess að jafna verðið milli söluvara annars vegar og vinnslu- eða fóðurvara hins vegar. Ástæða er til að benda á, að mikið vandamál mun slíkt verðjöfnunargjald reynast. Þess er mest þörf þegar framleiðsla er svo mikil, að ekki selst nema nokkur hluti hennar, og verður af þeim hluta að taka gjald til þess að minnka það skakkafall, sem þeir verða fyrir, er ekki tekst

að selja framleiðslu sína. Mun mörgum þykja þungt undir því að búa og nokkuð áhættusamt. Þarf þetta því athugunar við.

Um 7. gr.

Með þessari grein er ákveðið, að lögin um verzlun með kartöflur o. fl. falli úr gildi, og er Grænmetisverzlun ríkisins með því afnumin og þar með fallið frá því skipulagi, sem verið hefur að undanförnu. Þótt skammt sé síðan þetta frumvarp var flutt á Alþingi, hafa margir þeir aðilar, sem haft hafa á hendi móttöku og sölu kartaflna, látið það álit sitt í ljós, að þeir teldu ekki æskilegt að gera þær breytingar, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, og eru mjög margir þeirra mótfallnir því. Eru í þeim hópi margir forstöðumenn kaupfélaganna, kaupsýslumenn og fjöldi bænda í búnaðarfélögum. Hafa ýmsir þeirra látið bréflega í ljós álit sitt, og mun formanni háttv. landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis kunnugt um nokkur þeirra.

Það verður að telja álit þessara manna þungt á metunum, þegar gera á framtíðarákvarðanir, og teljum vér mjög mikilsvert og sjálfsagt, að leitað sé ráða þeirra og tillagna um framtíðarskipulag þessara mála, ef breyta á því, sem verið hefur. Þess vegna leyfum vér oss að benda háttv. landbúnaðarnefnd á það að fresta afgreiðslu þessa frumvarps nú um sinn og senda þeim mönnum málið til umsagnar og tillagna, sem lengst og mest hafa haft á hendi sölu og dreifingu garðávaxta að undanförnu.

Þegar þeirra álit væri fengið, ætti að skapast grundvöllur að ákvörðuninni um framtíðarskipulag þeirra að fenginni beztu manna yfirsýn.

Um 8. gr.

Ef breyta á því skiplagi, sem nú er, virðist tíminn til 1. júlí þessa árs vera óhæfilega stuttur til þess að koma breytingum í framkvæmd.

Jón Ívarsson.

Landbúnaðanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

Svör Jóns Ívarssonar forstjóra varðandi breytingartillögurnar.

2. maí 1955.

Háttv. landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis hefur afhent oss vélritaðar breytingartillögur við frumv. til laga um breyting á lögum nr. 94 5. júní 1947, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., sem flutt hefur verið á Alþingi, og óskað álits og umsagnar Grænmetisverzlunar ríkisins um þær. Verður hér leitazt við að verða við óskum nefndarinnar, þótt tími sé ætlaður naumur til þess, en á eftirfarandi skal bent:

Um 1. breytingartillögu.

Með henni er fallið frá að bæta einum manni í framleiðsluráð, sem frumv. ráðgerði að tilnefndur yrði til skiptis frá Sölufélagi garðyrkjumanna og framleiðendum garðávaxta. Í stað þess á að gefa fulltrúum frá Sölufélagi garðyrkjumanna og Landssambandi eggjaframleiðenda, einum frá hvoru, kost á að sitja fundi framleiðsluráðs með málfrelsi og tillögurétti, en fulltrúi garðávaxtaframleiðenda er þurrkaður út, enda var ákvæðið í frumvarpsgreininni ekki framkvæmanlegt, eins og bent var til í umsögn vorri í bréfi 29. fyrra mán. Þótt réttur garðávaxtafram-

leiðenda sé með þessu fyrir borð borinn og afmáður, miðað við frumv., mun varla annars kostur fyrir nefndina.

Væri Grænmetisverzlun ríkisins ætlað að starfa, lægi beint við, að fulltrúi frá henni sæti í framleiðsluráði vegna garðávaxtaframleiðenda.

Um 2. breytingartillögu.

Með þessari breytingartillögu er öllu aðalefni frumvarpsins umturnað, svo að segja má, að ekki standi steinn yfir steini. Bæði frambúðarskipulagið, sem frumv. gerði ráð fyrir, og bráðabirgðaskipulagið, sem það fjallaði um, er með breytingartillögunni burt fellt. Hvort tveggja fyrirkomulagið var mjög gallað og tæplega frambærilegt, eins og á var bent í fyrri umsögn. Í stað þess er með breytingartillögunni ætlazt til, að stofnuð sé frá byrjun næsta árs svonefnd Grænmetisverzlun landbúnaðarins, sem upp frá því annast innflutning og verzlun með kartöflur og annað grænmeti í „umboði framleiðsluráðs", og er jafnframt tilgreint, að öll sú starfsemi, sem Grænmetisverzlun ríkisins hefur á hendi, falli undir starfssvið framleiðsluráðs.

Í tillögunni er enn fremur tekið fram, að engum öðrum en þessari stofnun sé heimilt að flytja til landsins kartöflur og nýtt grænmeti. Þetta er sem sé starfsemi, sem fær ein rétt til innflutnings á þessum vörum. Hér er lagt til að fara inn á braut, sem ekki mun hafa verið farin áður, þ. e. að veita stofnun eða fyrirtæki, sem ekki er rekin af ríkinu, heldur fulltrúum frá einum atvinnuvegi landsmanna, einkarétt — monopol — á tilteknum innflutningi til landsins. Löggjafarvaldið hefur víst ætíð áður ætlað ríkinu einu þann einkarétt og engum öðrum.

Um þessa nýju stofnun eru fá önnur ákvæði en þegar eru nefnd, nema framleiðsluráð ræður framkvæmdastjóra. Ekkert er sagt um, hver sé eigandi hennar. Það mun naumast geta verið framleiðsluráð og ekki heldur ríkið sjálft, en ríkisstjórninni er ætlað að selja henni fasteignir Grænmetisverzlunar ríkisins. Stofnun þessi mun hvorki heyra undir ríkisrekstur né einkarekstur, eftir því sem þau hugtök eru skilin; hún er hvorki fugl né fiskur, eins og menn segja.

En mundu þá einhverjar líkur vera á því, að með stofnun þessa fyrirtækis næðust nokkrar umbætur frá því, sem nú er?

Það er augljóst mál af frumvarpi því, sem fram er borið af landbúnaðarnefnd, og breytingartillögum þeim, sem nú er fjallað um í nefndinni, að hugir ýmissa eru mjög á reiki um það, hversu hagað skuli sölu og dreifingu garðávaxtaframleiðslunnar í landinu. Um það ættu þó allir að vera sammála, að sé breyting gerð frá því, sem nú er, verður hún að vera til bóta, eða að minnsta kosti þurfa að sjálfsögðu að vera sterkar líkur til þess, að svo muni reynast, ella er breyting ekki forsvaranleg.

Í fyrri umsögn vorri var á það bent, að fyrirkomulag það, sem frumv. ráðgerir, væri afturför frá því, sem nú er, og þyrfti því nánari athugunar við. Sama er að segja um það, sem felst í þessari breytingartillögu. Um þetta allt þarf nánari athugun þeirra manna og aðila, sem bezt eru kunnugir þessum málum og mesta reynslu hafa. Það er ekki æskilegt að hrapa að neinu um þau né fara að rasandi ráði, því að þessi mál eru vandasamari til úrlausnar en margur hyggur, og er áður á það bent. Þess vegna skírskotum vér til þess, er greinir í umsögn vorri 29. f. mán., og leggjum enn til, að frestað sé afgreiðslu frumvarpsins og málið sent þeim mönnum til umsagnar og tillagna, sem lengst og mest hafa haft á hendi sölu og dreifingu garðávaxta.

Það er í rauninni ekkert, sem knýr á um mjög fljóta afgreiðslu málsins. Margt það, sem í frumv. stendur og ætlað er framleiðsluráði til meðferðar, er þannig vaxið, að ráðið getur unnið að því án nokkurrar nýrrar lagasetningar. Það getur „stuðlað að", „unnið að", „leitazt við" og jafnvel „séð um" sitthvað það, er snertir þessa hluti og því þykir betur mega fara.

Fyrirmæli, sem tekin eru upp í frumv. og breytingartill., svo sem um heil-

brigt, valið útsæði, stofnræktun útsæðis og ýmislegt fleira, er t. d. búið að vera í lögum síðan 1943 og framkvæmt samkvæmt þeim, og mundu þær framkvæmdir haldast áfram án nýrrar löggjafar.

Jón Ívarsson.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Sþ. 738. Þingsályktun [98. mál]

um rannsókn á Geysi.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Geysisnefnd að láta rannsaka, hvað gera megi til þess, að Geysir haldi sérstöðu sinni sem náttúrufyrirbæri.

Sþ. 739. Þingsályktun [101. mál]

um samvinnu í atvinnumálum milli ríkisstjórnar, atvinnurekenda og kaupþegasamtaka.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 171.

Sþ. 740. Þingsályktun [168. mál]

um aukið öryggi í heilbrigðismálum.

(Afgreidd frá Sþ. 4. maí.)

Samhljóða þskj. 435.

Ed. 741. Breytingartillögur [143. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Fyrir „Kjósarsýsla“ í 2. tölulið komi: Kópavogskaupstaður og Kjósarsýsla.
2. Við 3. gr. Fyrir „Kópavogur“ komi: Kópavogskaupstaður.

Nd. 742. Nefndarálit [171. mál]

um frv. til l. um landkynningu og ferðamál.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur leitað umsagnar nokkurra aðila um málið. Ferðaskrifstofa ríkisins hefur skilað um það ýtarlegu áliti og leggur gegn því, að frv. verði samþykkt. Ferðamálafélag Reykjavíkur og ferðaskrifstofan Orlof leggja hins vegar til, að frv. verði samþykkt.

Nefndin hefur ekki heldur orðið sammála um afgreiðslu frv. Leggur minni hl. til, að það verði samþ. óbreytt, en við undirritaðir, meiri hl. n., leggjum til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við teljum, að með samþykkt frv. sé ekki ráðin nein sú bót á framkvæmd ferðamála hér, að úr skeri. Aðalefni frv. er, að yfirstjórn ferðamála verði tekin úr höndum Ferðaskrifstofu ríkisins og lög um hana numin úr gildi, en yfirstjórn ferðamála fengin í hendur sérstöku ferðamálaráði. Meiri hl. n. telur, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi á þeim tíma, sem hún hefur starfað, innt af höndum þjóðnýtt starf og að framkvæmd ferðamála sé því sízt betur borgið með því að fella úr gildi lögin um hana.

Meiri hl. n. er þeirrar skoðunar, að það, sem mest standi fyrir þrifum íslenzkum ferðamálum, sé gistihúsaskorturinn, og að lausn þess máls beri að vinna fyrst og fremst.

Í trausti þess, að hæstv. ríkisstjórn freisti að leysa þennan þátt málsins, leggur meiri hl. n. til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 4. maí 1955.

Ásgeir Bjarnason, fundaskr.	Emil Jónsson, frsm.	Eiríkur Þorsteinsson.

Sþ. 743. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um niðursuðu sjávarafurða til útflutnings.

Frá fjárveitinganefnd.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kveðja til þess sérfróða menn að athuga gaumgæfilega, með hverjum hætti verði komið upp hér á landi fullkominni niðursuðu á sjávarafurðum til útflutnings. Ríkisstjórnin rannsaki jafnframt, hvernig ríkið geti greitt götu þeirra aðila, einstaklinga eða félaga, sem stofna vilja til slíks iðnaðar. Þess er vænzt, að ríkisstjórnin hraði svo sem unnt er athugunum og framkvæmdum í máli þessu.

Kostnaður af athugunum þeim, sem í þingsályktuninni felast, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Fjölbreytni í verkun sjávarafurða til útflutnings hefur aukizt verulega hin síðari ár. Sama máli gegnir um vöruvöndun, þar hefur og á orðið mikil breyting til hins betra. Hefur þetta, ásamt eðlisgæðum þess fisks, sem hér er veiddur, orðið til þess að tryggja aðstöðu Íslendinga um sölu þessara vara á erlendum mörkuðum víðs vegar um heiminn.

En einn merkilegan og mikilsverðan þátt í því að gera fiskafurðir vorar útflutningshæfar og ryðja þeim braut á erlendum mörkuðum hafa Íslendingar gersamlega vanrækt. Það er niðursuða fisks. Þær litlu tilraunir, sem hér hafa verið gerðar með útflutning á niðursuðuvörum, hafa ekki náð tilgangi sínum. Ber þar sjálfsagt margt til og þó einkum ófullkomin tæknikunnátta, ónóg vandvirkni og skortur hagkvæmra og afkastamikilla véla. Allt þetta stendur til bóta. Eða hví skyldu Íslendingar ekki geta leyst þá þraut á sviði iðnaðar og viðskipta að geta orðið jafnokar annarra fiskveiðaþjóða um framleiðslu og sölu á niðursuðuvörum? Þeir hafa heimsins bezta hráefni til niðursuðu og allar aðstæður til þess, að þar geti verið um mikla fjölbreytni að ræða. Reynsla annarra þjóða, sem um fiskgæði og fjölda fisktegunda standa Íslendingum langt að baki, sýnir, hve miklum árangri er hægt að ná með þessari vinnsluaðferð, ef rétt er að farið. Það er því engan veginn vansalaust og óverjandi sinnuleysi og manndómsskortur að láta lengur reka á reiðanum í þessu efni. Íslenzka þjóðin, sem er í hröðum vexti, þarfnast vissulega þess gjaldeyris, sem henni gæti fallið í skaut við það, að slíkum iðnrekstri væri komið á legg, og þeirrar atvinnu, sem hann mundi veita. Þörf vor á aukinni útflutningsframleiðslu og metnaður vor um að sýna þróttmikla og karlmannlega framgöngu í þessu efni krefst þess, að hér verði hafizt handa með ráði og dáð og einskis látið ófreistað til þess, að stigin verði án tafar raunhæf spor á þessu sviði.

En vel skal til þessa verks vandað og hygginda þeirra, sem í hag koma, í hvívetna gætt um allan undirbúning þessa máls. Því er það, að fjárveitinganefnd leggur til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að beita sér fyrir, að hafnar séu framkvæmdir í máli þessu með þeim hætti, að hún kveðji til þess kunnáttumenn á þessu sviði að leggja á ráðin um það, hvernig til framkvæmda verði stofnað. Og enn fremur, þegar niðurstaða er fengin um hin faglegu undirstöðuatriði, þá taki ríkisstjórnin til athugunar, ef þess telst þörf, hvernig hún að öðru leyti geti veitt stuðning og atbeina þeim aðilum, sem taka á sínar herðar það mikilsverða hlutverk að hrinda málinu í framkvæmd.

Fjárveitinganefnd hefur aflað sér hjá Fiskifélagi Íslands nokkurra upplýsinga um fiskniðursuðu, þar á meðal um þróun þessara mála í Noregi og Þýzkalandi, og enn fremur fengið umsögn eins fræðimanns, sem vinnur í fiskiðnaðardeild félagsins, um það, hvað fiskniðursuðuiðnaði vorum hefur mest staðið fyrir þrifum að undanförnu, ásamt bendingum um það, hvað gera beri til úrbóta. Upplýsingar þær, er hér um ræðir, eru teknar upp í þessa greinargerð.

Þess er vænzt, að ríkisstjórnin vindi að því bráðan bug, að hafnar verði rannsóknir í þessu efni og undirbúningur að framkvæmdum, og að hún einnig að öðru leyti, eftir því sem í hennar valdi stendur, leggi málefni þessu liðsinni sitt.

Upplýsingar þær, sem fjárveitinganefnd fékk frá Fiskifélagi Íslands, eru á þessa leið:

Þeir þættir, sem hagfræðin gerir ráð fyrir að mest áhrif hafi á staðsetningu framleiðslufyrirtækis, eru venjulega taldir: hráefni, markaðir (flutningskostn.), vinnuafl og orka — auk annarra, er ekki verða skilgreindir á lögmálsbundinn hátt. Er þá eigi rætt um fjármagnið eða pólitískar ákvarðanir. Gert er ráð fyrir, að fjármagnið leiti þangað, sem vænzt er mests afraksturs, og þá í samræmi við einn eða fleiri ofannefndra þátta, er áhrif hafa á staðarvalið. Það er þarflaust að ræða um hina pólitísku þætti, er ákveða framleiðslu einhverrar vörutegundar og hvar hún skuli framleidd, því að slíkt fyrirtæki og framleiðsla geta eigi orðið samkeppnisfær, nema í samræmi sé við ofannefnda þætti.

Þessa einföldun aðstæðna má hafa í huga og leggja til grundvallar því, sem segja má um staðarval niðursuðuiðnaðar, bæði í ákveðnu landi og miðað við heimsmarkaðinn. Skulu nú hinir einstöku þættir ræddir nánar.

Fáir staðir hafa algera yfirburði, þannig að þar finnist ódýr orka, nægt og gott hráefni og hentugt vinnuafl nægilega nálægt stórum markaði. En sumir staðir

hafa hlutfallslega yfirburði yfir aðra og sameina einn eða fleiri þeirra þátta, er laða að fjármagn.

Lengi vel var það orkan, sem úrslitaáhrifin hafði, einkum í sambandi við nálæga markaði eða hentugar samgöngur, þar sem orkan var fyrst í stað lítt hreyfanleg (vatnsafl) eða var svo rúmfrek slæmum samgöngutækjum (kol), að eigi þótti svara kostnaði að flytja hana til hráefnisins, og vinnuaflið aftur á móti tiltölulega hreyfanlegt. Á slíkum stöðum risu þannig upp borgir og bæir, er sérhæfðu sig á ýmsum sviðum iðnaðar og framleiðslu — bæði véla og vinnuafls — og hafa svo dregið að sér nýjar — líkar og ólíkar — iðngreinar.

Framfarir síðari tíma í samgöngum, ýmissi tækni svo og nýjungar í nýtingu orku og orkuframleiðslu hafa mjög dregið úr áhrifum orku- og vinnuaflsþáttanna, og hafa markaðs- og hráefnisþættirnir unnið á, en ekki samsvarandi. Sökum bættra samgangna og oft aukins þéttbýlis hefur markaðurinn að öðru jöfnu meira aðdráttarafl, enda kemur vinnuaflsþátturinn þar til greina svo og ýmiss konar þjónusta, sem fyrir hendi er eða líklegra er að fáist í þéttbýli en í dreifbýli.

Framleiðslustaðurinn er að mestum líkindum valinn — þegar um nýja iðngrein er að ræða — sem næst hráefninu, ef ódýrara er að flytja hina fullunnu vöru á markaðinn en hráefnið sjálft, og hið sama á sér oftast stað, þegar mikið gengur úr við framleiðsluna og öðrum nauðsynlegum skilyrðum er fullnægt.

Framleiðsla ýmissa matvæla úr hráefnum, sem hætt er við skemmdum, hefur sérstöðu í þessum efnum og tilhneigingu til þess að ráða staðarvalinu.

Fullyrða má, að yfirleitt sé betra að velja niðursuðuverksmiðjum stað sem næst hráefninu, sem vinna skal úr:

1. Ef um niðursuðu nýmetis er að ræða.
2. Ef hráefnið er ekki nýmeti, eins og t. d. kryddsíld, saltufsi (sjólax), söltuð eða sykruð hrogn o. s. frv., ætti framleiðslulandið (sem framleiðir hráefnið) ekki að hafa verri aðstöðu til þess að framleiða eftirspurða vöru en hvert annað land, nema háir tollar á innflutta fullunna vöru hindri heilbrigða samkeppni.

Að því athuguðu, að niðursuðuverksmiðjum skuli vera og geti verið valinn staður sem næst hráefninu, er hér tekin til athugunar framleiðsla og sala niðursuðuafurða tveggja landa, er sæmilegar upplýsingar liggja fyrir um og eru hvort á sinn hátt einkennandi.

1. Norðmenn eru stórframleiðendur niðursuðuvara, og gæðum afurða þeirra er við brugðið og þau rómuð, en þeir framleiða mestmegnis til útflutnings.
2. Þýzkaland er gamalt framleiðsluland og hefur náð miklum árangri á öllum sviðum, gæði, tækni o. s. frv., en Þjóðverjar framleiða nær eingöngu fyrir eigin markað.

Noregur.

Niðursuðuiðnaður Norðmanna stendur á gömlum merg, og er talið, að niðursuða matvæla í Noregi hefjist á árinu 1841. Skriður var samt ekki kominn á þessi mál fyrr en 40—50 árum síðar. Norðmenn hafa þannig langa reynslu að baki, er farið hefur í að byggja upp hinn stóra og afkastamikla nútímaiðnað, og verður slík reynsla eigi metin til fjár. Þeir sjóða að magni til mestmegnis niður síld og síldarafurðir, og mun síldin að jafnaði nema 60—70% heildarniðursuðunnar. Eftirfarandi tafla gefur nokkra hugmynd um magn og tegundir:

	Meðalársframleiðsla
Smásíld (reykt og ný í olíu eða tómat)	20000 lestir
„Kipper"-síld (unnið er að jafnaði úr 100—150 þús. hl)	7000 —
Síldarhrogn	800 —
Önnur síld	„ —
Brislingur (reyktur og nýr í olíu eða tómat)	8000—9000 —

Aðrar tegundir, eins og makríll, skelfiskur og krabbadýr, fiskbollur og búðingar, önnur hrogn en síldarhrogn o. s. frv., nema óverulegu magni miðað við síldina og brislinginn.

Síld er veidd við norsku ströndina allt árið, en skiptist að öðru leyti sem hér segir:

Stórsíld og vorsíld veiðist aðallega á tímabilinu janúar—apríl ár hvert. Á þessu tímabili fer „kipper"-framleiðslan aðallega fram, en einnig er um aðra niðursuðu að ræða.

Smásíld er aðallega veidd að sumri og hausti — svo og brislingur.

Sé litið á aflatölur (sem ekki er nauðsynlegt að nefna hér sérstaklega) sést, að síldar- og brislingsafli meðalárferðis skapar möguleika á niðursuðuiðnaði í stórum stíl. — Niðursuðuiðnaðurinn aftur á móti skapar eftirspurn eftir sjávarafla, sem að öðrum kosti mundi ekki nýtast jafnvel, eða alls eigi.

Þær ályktanir, sem draga má af ofanrituðu, eru aðallega í tvennu lagi:

1. Stöðugt framboð hráefnis skapar iðnaðinum hagstæðan framleiðslugrundvöll allan ársins hring.
2. Unnt er að nota vélar í stórum stíl og lækka þannig framleiðslukostnaðinn, en eins og augljóst er, kemur mikil fjárfesting í vélum því aðeins að gagni, að um nokkurn veginn stöðuga framleiðslu geti verið að ræða, en nánar verður vikið að þessu atriði síðar.

Norðmenn hafa alltaf miðað framleiðslu sína við útflutning og erlenda markaði. Hafa þeir unnið markvisst að markaðsöflun og kynningu framleiðslu sinnar erlendis. Vörur þeirra njóta mikils álits og stöðugrar eftirspurnar, og hefur það gert kleifar áætlanir og fjárfestingu til langs tíma.

Fjárfestingin í iðnaðinum hefur því orðið örari, og hefur vélanotkun einkum notið góðs af.

Norðmenn komust mjög fljótt að raun um, að vísindaleg starfstilhögun og rannsóknir mundu margborga sig. Og þegar landssamband niðursjóðenda var stofnað árið 1917, var þetta málefni meðal þeirra fyrstu, er tekin voru á dagskrá, og varð árangurinn sá, að stofnuð var sameiginleg rannsóknarstöð fyrir iðnaðinn. Stórþingið norska lagði fram álitlega fjárhæð í þessu skyni.

Stofnunin skiptist í deildir, og er þar m. a. að finna gerlafræði-, efnafræði- og vélfræðideild, og er stofnunin sérlega vel búin öllum tækjum og áhöldum.

Að frumkvæði iðnaðarins sjálfs og norska ríkisins hefur verið komið á ströngu gæðaeftirliti og mati á allri niðursuðuframleiðslu.

Nýlega er lokið við byggingu skóla, er kenna á verðandi starfsmönnum niðursuðuiðnaðinn.

Þessar þrjár stofnanir — rannsóknarstofnunin, gæðaeftirlitið og skólinn — eru allar á sama stað, og er ætlunin að koma á náinni samvinnu þeirra í milli.

Útflutningur. Eins og minnzt var á að framan, flytja Norðmenn árlega út mikið magn niðursuðuvöru, og telja þeir ársútflutning eðlilegan, er hann nemur 30—35 þús. lestum (af fullunninni vöru).

Hér fer á eftir tafla, er sýnir útflutning nokkurra ára og skiptingu eftir tegundum:

	1939	1947	1953
Reykt smásíld í olíu	13369	5546	8301
Reyktur brislingur í olíu	8164	12702	6434
Reykt smásíld í tómat	2925	639	722
Reyktur brislingur í tómat	894	24	360
Ný smásíld í olíu	1719	724	726
Ný smásíld í tómat	163	154	77
Kippersíld	5118	7986	4863
Önnur niðursoðin síld	377	856	808
Síldarhrogn	804	590	549

	1939	1947	1953
Makríll	751	405	578
Annar niðursoðinn bolfiskur	108	977	964
Hrogn, innf. kavíar	230	361	288
Fiskbollur o. þ. h.	726	426	465
Skelfiskur og krabbar	755	2418	1432
	36103	33808	27537

Verðmæti útflutningsins 1953 nam 125106 þús. n. kr., og var niðursuðuvarningur fluttur út til yfir 20 landa víðs vegar um heim. — Helztu markaðslöndin:

	1953		1954	
	Þús. lestir	Millj. kr.	Þús. lestir	Millj. kr.
Bandaríkin	9.6	44.7	9.2	44
Bretland	2.2	12.0	5.3	29.6
Ástralía	1.3	4.8	3.1	12.1

Stærstu og beztu markaðslöndin eru venjulega þau, þar sem íbúar hafa bezta lífsafkomu, en einnig er um talsverðan útflutning að ræða til vöruskiptalanda.

Skilyrði til útflutnings bötnuðu verulega á s. l. ári. Margar þjóðir, þ. á m. beztu viðskiptaþjóðir Norðmanna, lækkuðu tolla og afnámu innflutningshöft. Afkoma iðnaðarins var samt ekki góð. Stafaði það einkum af hráefnisskorti, er leiddi til þess, að ekki var hægt að reka verksmiðjurnar allt árið.

Stór og fullkomin niðursuðuverksmiðja hefur stóran fastakostnaðarlið og verður því aðeins rekin með hagnaði, að reksturinn verði fyrir sem minnstum töfum. Að öðrum kosti er hætt við, að kostnaður á framleidda einingu verði of hár.

Þýzkaland.

Þrátt fyrir mikla framleiðslu niðursuðuafurða og góð framleiðsluskilyrði, er ávallt um töluverðan innflutning slíkrar vöru að ræða til Þýzkalands; en aðallega í þeim greinum, sem lítt hafa þróazt í landinu sjálfu, svo og þeirra tegunda, sem eigi verða framleiddar þar, vegna þess að hráefnið er eigi fyrir hendi.

Á árinu 1953 voru fluttar inn samtals 14783 lestir af niðursuðuvöru og niðurlagðri vöru, að verðmæti DM 29.382 þús.

Framleiðsla Þjóðverja er aðallega á sviði „marínerаðrar" síldar svo og niðursuðu síldarafurða í alls konar gerilsneyddum sósum, sem innihalda um 50% fitu.

Framfarir síðustu ára gera kleifa niðursuðu margs konar „magurra" fisktegunda, er hafa góða sölumöguleika. Þjóðverjar hafa enn sem komið er lítt sinnt þessari grein.

Mjög er það einkennandi í nýtízku niðursuðuverksmiðjum Þjóðverja, hversu allt er vel skipulagt innbyrðis, en með því má koma í veg fyrir töp milli hinna ýmsu stiga framleiðslunnar, og góð skipulagning sparar eigi aðeins óteljandi handtök, heldur og mörg daglaunin.

Útflutningur Þjóðverja er sáralítill samanborið við framleiðsluna; 1953 nam hann 3999 lestum. Stærsta viðskiptalandið var Egyptaland, er keypti samtals 1031 lest. Að öðru leyti flytja þeir mest út til nágrannalandanna og Bandaríkja Norður-Ameríku, en þar er stór þýzkur eða hálfþýzkur markaður, þar sem er fólk af þýzkum uppruna.

Því er mjög oft þannig varið, að í löndum, þar sem geymsla nýmetis er erfiðleikum bundin vegna loftslags, er lífsafkoma fólks almennt slæm, svo að slíkir markaðir, sem að öðru leyti ættu að vera tilvaldir fyrir hvers konar niðursuðuvarning, bjóða minni möguleika en efni standa til. Þetta eru þó markaðirnir, sem ættu að geta verið sérlega hagstæðir fyrir margt það, er vér Íslendingar getum framleitt úr ódýrustu hráefnunum.

Nýr fiskur inniheldur mikla eggjahvítu (með hinum lífsnauðsynlegu aminosýrum), en hefur lítið geymsluþol. Í slíkum löndum sem nefnd eru að ofan ættu matvæli ýmiss konar úr fiskmeti og mjöli (t. d. bollur og búðingar), er hefðu í sér hæfilega blöndu kolefnasambanda og eggjahvítu, að hafa mikilvægu hlutverki að gegna.

Ef menn athuga lög og reglur annarra þjóða um niðursuðu, kemur fljótlega í ljós, að þær eru mjög miðaðar við aðstæður þeirra landa, er um ræðir, þ. e. a. s. hvaða tegund hráefnis er fyrir hendi á umræddum stað og hvernig neytendur vilja hafa hana — í hvað mynd varan er helzt eftirspurð. Reynsla framleiðenda, markaðsrannsóknir og nú síðast vísindalegar rannsóknir eru þau grundvallaratriði, sem lög og reglur byggjast á. — T. d. kann að hafa komið í ljós, að hráefnið er bezt eða hentugast einhverja vissa árstíð, eða sannað hefur verið, hvert fituinnihald þess er hentugast fyrir ákveðna tegund framleiðslu.

Þó hljóta ýmis atriði í sambandi við meðferð hráefnisins — aðferðir við niðursuðu, hreinlæti o. þ. h. — að vera svipaðar með öllum þeim aðilum, er sæmilegt lag vilja á þessum málefnum hafa.

Norðmenn hafa með þrotlausu margra ára starfi byggt upp stóra og góða markaði fyrir niðursuðuvörur sínar. Þeir þakka árangur sinn einkum góðu samstarfi innan iðnaðarins sjálfs, nákvæmum vísindalegum rannsóknum, ströngu eftirliti með gæðum framleiðslu og útflutnings, markaðsrannsóknum og sölumennsku og síðast en ekki síst velvild og skilningi opinberra aðila.

Stefnan í framleiðslu og útflutningi er mörkuð til margra ára og stundarhagnaður einstaklinga og heildarinnar látinn víkja.

Ísland.

Vér höfum séð, að niðursuðuverksmiðju ber einkum að staðsetja sem næst hráefninu — fremur en að taka beint tillit til þeirra annarra þátta, er einkum geta haft áhrif á staðarvalið.

Skal nú vikið nokkrum orðum að íslenzkum staðháttum og hvað helzt kemur til greina við staðsetningu niðursuðuverksmiðju.

Nú gildir það um land vort, að alls staðar er stutt á fiskimið, og ætti landið því sem slíkt að hafa aðdráttarafl fyrir hvers konar fiskiðnað. En hinir mismunandi staðir liggja sjálfir misjafnlega vel við. Verða nú þau hráefni athuguð, er helzt koma til greina, og hvar samnefnari þeirra er, hvað hentugast staðarval snertir.

Eins og bent var á, er mestmegnis um niðursuðu síldar og síldarafurða að ræða bæði hjá Þjóðverjum og Norðmönnum. Fyrst í stað a. m. k. mundum vér verða að byggja niðursuðu í stórum stíl einkum á því hráefni. Verða nú að nokkru athugaðir þeir möguleikar.

Síldarvertíðir vorar — sumarvertíðin fyrir norðan og haustvertíðin við Faxaflóa og suðvesturströnd landsins — ná yfir h. u. b. helming ársins. Vissa er samt fyrir því, að síld er hér við land allmiklu lengur, en aðstæður enn eigi fyrir hendi til þess að hagnýta þá möguleika, og verður því gengið fram hjá því hér. Auk þess er oftast eitthvað af smásíld við strendur landsins, en sennilega er ekki um reglulegar göngur að ræða og enn eigi fullrannsakað. Það eru því aðallega sumar- og haustsíldarvertíðirnar, sem reikna má með.

Niðursuðuhæfni síldar þeirrar, er hér veiðist, er eigi fullrannsökuð, og þó síður Norðurlandssíldarinnar, þar sem Faxaflóasíldin hefur svipað fitumagn og síld veidd við Noreg og í Norðursjónum og er því vel hæf til „kipper"-framleiðslu svo og annarrar niðursuðu. — Norðurlandssíldin virðist of feit til framleiðslu margra þeirra niðursuðuafurða, sem þekktar eru og eftirspurðar erlendis, en með nánari rannsóknum og tilraunum má sjálfsagt gera úr henni ljúffenga niðursuðuvöru. Aftur á móti mun leitun á jafngóðu hráefni til niðurlagningar — gaffalbitar, flök o. þ. h. — en í þeim tilgangi er notuð kryddsíld, og auðvelt ætti að reynast að

byggja upp á þessu sviði vel arðbæran iðnað, er starfað getur allt árið (vegna geymsluþols kryddsíldarinnar) eða til ígripa í niðursuðuverksmiðjum, er einkum starfa að niðursuðu nýmetis.

Nú standa síldveiðar hér eigi nema hálft árið, og verður því að reikna með ýmsu öðru hráefni en síld, til þess að hægt verði að reka niðursuðuverksmiðju búna fullkomnum vélum á samkeppnisfærum grundvelli.

Þau önnur hráefni, er vér höfum aðgang að, eru þorskur, ýsa, ufsi (sjólax) og annar bolfiskur, hrogn, skelfiskur ýmiss konar o. fl. Markaður fyrir slíkar niðursuðuvörur er lítt kannaður, en óhætt mun að fullyrða, að takast megi að framleiða góða vöru úr slíku hráefni og vinna henni markaði, en ýtarlegar rannsóknir eru nauðsynlegar. Þessi „önnur hráefni" veiðast í stærstum stíl við suðurströndina og Faxaflóa. Ef vér drögum nú þessi atriði saman:

1. Faxaflóasíldveiðin stendur yfir um það bil 4—5 mánuði;
2. niðursuðuhæfni Norðurlandssíldarinnar eigi fullrannsökuð, en geyma má hana og flytja sem kryddsíld;
3. vetrar- og haustþorskveiðarnar við Flóann —

þá virðist allt benda til, að niðursuðuverksmiðja(ur) verði bezt staðsett(ar) við Suðvesturland eða Faxaflóa.

En vér byggjum eigi upp fullkominn niðursuðuiðnað á einu ári og jafnvel ekki á einum áratug. Vér eigum það sameiginlegt með Norðmönnum, að allt verður að miðast við erlenda markaði, og þess vegna ber að vinna jafnötullega að markaðsrannsóknum og uppbyggingu iðnaðarins innanlands.

Við útflutning og sölu virðist vera um tvær aðalleiðir að ræða:

1. að nota sér þekkingu annarra þjóða og reyna að framleiða afurðir, sem vitað er að eru eftirspurðar;
2. að troða nýjar slóðir og hefja framleiðslu og sölu áður óþekktra niðursuðuafurða (tegunda). — Tækninni fleygir fram, og með henni skapast nýir og auknir möguleikar á framleiðslu nýjunga.

Í sambandi við markaðsrannsóknir verður og að taka tillit til þess, að margar þjóðir leggja nú mikla áherzlu á að efla fiskveiðar og fiskiðnað, og áður en langt um líður má gera ráð fyrir samkeppni frá þjóðum, er áður voru viðskiptaþjóðir.

Hér á eftir verða rædd nokkur þeirra atriða, er mikilvæg eru í sambandi við uppbyggingu hins innlenda niðursuðuiðnaðar, og mikilvægi þess, að löggjafinn fylgist mjög vel með og grípi þar inn í, sem þörf krefur og afskipti hans verða eða geta orðið til hagsbóta. En gæta skyldi þess jafnframt, að slík afskipti verði iðnaðinum sem slíkum ekki fjötur um fót.

1. Mikilvægt er, að stuðlað verði að því, að framleiðendur taki upp með sér samvinnu á sem flestum sviðum, er við koma sameiginlegum málum: framleiðslu, dreifingu vörunnar (á erlendum mörkuðum) og einkum rannsóknarstörfum, og til þess er mikil nauðsyn á sem fullkomnustum rannsóknarstofum, er einstökum framleiðendum mundi um megn að reka. Áður hefur verið drepið á, hvaða hátt Norðmenn hafa á þessum málum.

   Niðursuðuiðnaði okkar, eins og hann er í dag, er mjög ábótavant. Vélar eru ófullkomnar, skipulagning innan fyrirtækjanna lítil sem engin, hreinlæti víða ábótavant og eftirlit með gæðum ófullnægjandi o. s. frv. Allt þetta hefur leitt til þess, að varan, sem send er á markaðinn, er verri og dýrari en efni standa til. Hún hefur á stundum reynzt gölluð á erlendum mörkuðum, þar sem gæðavara er ávallt á boðstólum. Við það hafa íslenzkir framleiðendur misst móðinn, og í stað þess að auka tækni og þekkingu, gæði og fjölbreytni, einbeita þeir sér nú að hinum tiltölulega trygga, en örsmáa innanlandsmarkaði, er ekki veitir nokkra möguleika til framleiðslu í stórum stíl. Saman verður að fara hæfileg fjárfesting, fullkomin vélanotkun og skipulagning, nægilegt hráefni og góðir markaðir, undir ströngu eftirliti um gæði og hreinlæti.

2. Umfram allt verður að koma á eftirliti með og ákvæðum um lágmarksgæði framleiðslunnar, þar í fólgið eftirlit með vélum, sem notaðar eru, svo og hreinlæti.

Þannig er nauðsynlegt, að sett verði lög um mat og eftirlit og þess gætt, að þeim verði framfylgt:
a. af samtökum framleiðenda sjálfra,
b. opinberri stofnun, er tækifæri og getu hefur til slíks.

Aðeins er stiklað á stóru, og lög um mat og eftirlit með niðursuðu til útflutnings mundu þurfa góðan undirbúning og vinnu sérfróðra manna. Má, ef nauðsyn krefur, hafa hliðsjón af slíkum lögum og reglugerðum þjóða, er framarlega standa, svo sem Norðmanna, Kanadabúa, Bandaríkjamanna, Þjóðverja o. fl.

Hér lýkur greinargerð frá Fiskifélagi Íslands, en umsögn eins fræðimanns félagsins um fiskiðnað er á þessa leið:

Niðursuðuiðnaður á Íslandi.

Niðursuða á fiskafurðum hefur hingað til átt erfitt uppdráttar hér á landi. Innlendi markaðurinn er lítill, sem eðlilegt er, þar sem nær alltaf og alls staðar er unnt að ná í góðan, nýjan fisk, og síldin, sem er hentugasti fiskurinn til niðursuðu, er í litlum metum hjá íslenzkum neytendum. Á erlenda markaðinum er hörð samkeppni, og hefur íslenzk fiskniðursuða ekki reynzt þar samkeppnisfær um verð og oft ekki heldur um gæði.

Hvað gæðum íslenzku fiskniðursuðunnar viðvíkur, þá munu þau yfirleitt ekki vera neitt minni, þegar varan fer í dósirnar, en sams konar vöru erlendrar. Frágangi á íslenzku vörunni hefur aftur á móti stundum verið ábótavant og geymsluþol hennar ekki alltaf reynzt nægilegt. Hefur hún því oft verið illa útlítandi eða beinlínis skemmd, þegar hún hefur komið á markaðinn. Orsök skemmdanna hefur oftast verið vanhitun, þ. e. varan hefur ekki verið nægilega „steriliseruð", en stundum hefur og lekum dósum verið um að kenna.

Gallar þessir á niðursuðunni eru vel viðráðanlegir, og á að vera hægt að koma í veg fyrir þá með strangara eftirliti með verksmiðjunum og vörunum. Engri verksmiðju á að leyfa að sjóða niður, nema hún hafi til þess nothæf og örugg tæki og undirgangist stöðugt eftirlit. Sérstaklega þarf að hafa strangt eftirlit með þeim niðursuðuvörum, sem ætlaðar eru til útflutnings.

Aðalástæðan til þess, að íslenzkar niðursuðuvörur verða dýrari en erlendar, er sú, að íslenzkar niðursuðuverksmiðjur eru litlar og ekki búnar nægilega hraðvirkum tækjum. Ef við eigum að geta gert okkur von um að selja niðursuðuvörur á erlendum markaði, þá verða afköstin í verksmiðjunum hér að vera sambærileg við það, sem gerist í verksmiðjum keppinautanna. Hér er því annaðhvort að hafa verksmiðjur, sem búnar eru öllum nýtízku tækjum, eða hugsa ekkert um framleiðslu á niðursuðuvörum fyrir erlendan markað.

Um framleiðslu á niðursuðudósum hér á landi er svipaða sögu að segja og um niðursuðuvörurnar. Framleiðslan er svo lítil, að ekki er hægt að hafa eins fullkomnar vélar og þarf að vera og eins og gerist hjá keppinautum okkar erlendis. Gæði íslenzku dósanna hafa því reynzt misjöfn, t. d. algengt, að þær leki.

Til þess að auka afköstin í niðursuðuverksmiðjunum hér, er aðeins eitt ráð, sem að nokkru verulegu gagni kemur, en það er aukinn vélakostur. Það, sem vantar, eru sjálfvirkar, hraðgengar vélar, sem notaðar eru í langan tíma fyrir eina og sömu vörutegund, eða fyrir fáar vörutegundir, sem allar hljóta svipaða meðferð. Um nokkra fjölbreytni í niðursuðuvörum til útflutnings getur hér alls ekki verið að ræða fyrst um sinn. Hér verður að einbeita sér fyrst að fáum tegundum og leggja allt kapp á að fá þær sem jafnastar að gæðum og magnið sem mest. Hvaða vörutegundir eru líklegastar, verður fyrst sagt um eftir nákvæma athugun á erlenda markaðinum.

Spor í rétta átt er hægt að stíga nú þegar til þess að auka afköst niðursuðuverksmiðjanna hér á landi, en það er, að verksmiðjurnar taki upp verkaskiptingu. Þurfa þá verksmiðjurnar fyrst að mynda með sér samtök og hætta að keppa hver við aðra með sömu vörutegundir. Gefst þá hverri verksmiðju möguleiki til þess að sérhæfa vélakost sinn og auka með því bæði afköstin og gæði vörunnar. Vilji verksmiðjurnar eftir sem áður hafa margar tegundir á boðstólum fyrir innlenda markaðinn, geta þær skipt hver við aðra og sent út vörur undir eigin merki, þótt framleiddar séu í annarri verksmiðju. Fyrir erlendan markað væru slík skipti þó ekki heppileg, enda mundu þessi samtök verksmiðjanna fljótlega taka að sér útflutninginn fyrir allar verksmiðjurnar í heild.

Það er ekki aðeins vegna þessarar verkaskiptingar og samvinnu um sölu framleiðslunnar, sem verksmiðjunum er nauðsynlegt að bindast samtökum. Þar kemur margt fleira til greina, sem auðveldara er að leysa með samtökum en fyrir verksmiðjurnar hverja fyrir sig. Innkaup á vörum, t. d. á niðursuðudósum, gætu orðið miklu hagstæðari, og sennilega væri bezt, að niðursuðuverksmiðjurnar hefðu sína eigin dósaverksmiðju. Skipulagning á eftirliti með framleiðslunni yrði miklu auðveldari, og ákvæðum um lágmarkskröfur til umbúða og vörugæða yrði hægara að koma á og framfylgja. Samtök þessi mundu og taka upp samvinnu við hliðstæða erlenda aðila, t. d. ganga í C. I. P. C. (Comité International Permanent de la Conserve).

Eitt er það enn þá, sem hafa verður hugfast, þegar byggja skal upp íslenzkan niðursuðuiðnað, og það er þetta: Ef koma á upp fullkominni niðursuðuverksmiðju, sem sambærileg getur talizt við góðar verksmiðjur erlendar, þá þarf til þess mikið fé. Fé þetta getur ekki skilað arði, svo að teljandi sé, fyrstu árin, meðan verið er að komast inn á markaðinn. Hér hafa menn stundum ætlað sér að hirða stóran gróða af niðursuðu strax fyrstu árin, þegar framleiðslan er hafin. Það hefur venjulega mistekizt og framleiðendurnir þá misst kjarkinn. Er svo kennt um vanþekkingu verkstjóranna og annarra þeirra manna, er séð hafa um hina tæknilegu hlið framleiðslunnar.

Til þess að byggja upp nýja iðngrein og gera framleiðsluna samkeppnishæfa á heimsmarkaðinum þarf mikið átak. Til þess þarf mikið fé, góða samvinnu framleiðendanna og skilning og stuðning af hendi þings og stjórnar. Þetta á við um íslenzka niðursuðuiðnaðinn, sem vafalaust á jafnmikinn tilverurétt og framtíðarmöguleika og niðursuðuiðnaður nágrannaþjóðanna.

Ed. 744. Nefndarálit [122. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 43/1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Frá menntamálanefnd.

Frv. þetta var flutt í háttv. Nd. og er komið óbreytt til Ed.

Menntamálanefnd Ed. tók frv. til athugunar á fundi sínum í dag og lítur svo á, að um sanngirnismál sé að ræða. Leggur hún til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. maí 1955.

Ingólfur Flygenring, form. Andrés Eyjólfsson, fundaskr., frsm. Bernh. Stefánsson.

Sigurður Ó. Ólafsson. H. Guðmundsson.

Nd. 745. Frumvarp til laga [198. mál]

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 35 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs árið 1954 sem hér segir:

1.	Til Ræktunarsjóðs	8	millj. kr.
2.	Til Fiskveiðasjóðs	8	— —
3.	Lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands	4	— —
4.	Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða	3	— —
5.	Til greiðslu uppbóta á sparifé	1.5	— —
6.	Til Brúarsjóðs til endurbygginga gamalla stórbrúa	1.5	— —
7.	Greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðir eða eru í byggingu	2.0	— —
8.	Greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar	1.0	— —
9.	Að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistryggginga	6	— —

Vextir af lánum samkv. 3. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er greiðsluafgangur ríkissjóðs árið 1954 áætlaður um 35 millj. kr. Frumvarp þetta hefur að geyma tillögur ríkisstjórnarinnar um ráðstöfun á þessum greiðsluafgangi. Verður gerð nánari grein fyrir einstökum liðum frumvarpsins í framsögu.

Nd. 746. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 74. löggjafarþingi, 1955.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Frá 1. júlí 1955 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:

Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.

Á þann hluta grunnlauna, sem umfram er kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.

Nú nær hækkun heildarlauna vegna ákvæða þessara laga ekki 5 af hundraði, miðað við það, sem þau hefðu verið eftir ákvæðum þeim um greiðslu verðlags-

uppbótar, er voru í gildi fyrir 1. júlí 1955, og skal hlutaðeigandi starfsmanni þá greidd launauppbót til bráðabirgða, þannig að hækkun heildarlauna hans verði 5 af hundraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jafnan mun hafa verið fylgt sömu reglum um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna og þeirra aðilja, sem laun taka samkvæmt kjarasamningum. Þau lagaákvæði, sem nú gilda um þetta efni, eru í 1. gr. laga nr. 111/1954 og eru þau í samræmi við kjarasamninga þá, sem kenndir hafa verið við desembersættina 1952. Í kjarasamningum þeim, sem gerðir voru nú fyrir skemmstu, er þessum reglum breytt á þá lund að greiða skal á öll laun verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu, að viðbættum 10 stigum. Er með frv. þessu lagt til að í samræmi við þessa síðastnefndu reglu verði greidd verðlagsuppbót til opinberra starfsmanna á grunnlaun, sem ásamt grunnlaunauppbót eru eigi hærri en kr. 34560.00 á ári, en það svarar til hámarkslauna í VII. flokki launalaga. Samkvæmt núgildandi lögum er verðlagsuppbót aðeins greidd eftir þessari reglu á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 1830.00 á mánuði eða kr. 21960.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót. Hins vegar hefur eigi að svo komnu máli þótt ástæða til að afnema skerðingu á verðlagsuppbót á þann hluta grunnlauna, sem er umfram kr. 34560.00 á ári að viðbættri grunnlaunauppbót, og verður uppbótin þar 23%. Tekur þessi skerðing til þeirra, sem taka laun samkvæmt I.—VI. flokki launalaga. Þeir opinberir starfsmenn, sem lægst eru launaðir, hafa eigi búið við neina eða þá mjög óverulega skerðingu á greiðslu verðlagsuppbótar. Af því leiðir að 1. mgr. 1. gr. frv. mundi ýmist ekki hafa nein eða þá mjög hverfandi áhrif til hækkunar á laun þeirra. Ríkisstjórnin leggur því til að með ákvæðum 3. mgr. 1. gr. frv. sé þessum starfsmönnum tryggt á sérstakan hátt, að uppbót til þeirra nemi eigi minna en 5% samtals, þar sem gera verður ráð fyrir að ný launalög taki ekki gildi fyrr en um næstu áramót.

Eftir atvikum þykir rétt, að ákvæði þessara laga komi til framkvæmda 1. júlí.

Örðugt er að áætla nákvæmlega, hve mikil útgjöld lagabreyting þessi muni baka ríkissjóði. Eigi mun þó fjarri lagi að telja að það muni vera um 8 millj. kr. á ári miðað við núgildandi kaupgjaldsvísitölu.

Sþ. 747. Tillaga til þingsályktunar [200. mál]

um skipulega leit að fiskimiðum fyrir Norðurlandi og Austfjörðum.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Karl Kristjánsson, Bernharð Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að fram fari skipuleg leit að nýjum togaramiðum fyrir norðan land og austan.

Nauðsynlegur kostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Flutningsmenn telja það brýna nauðsyn, að nú þegar verði á skipulegan hátt hafizt handa um leit að nýjum fiskimiðum fyrir togara úti fyrir Norður- og Austurlandi, þar sem nýfengin reynsla bendir til, að vel megi vænta árangurs af slíkri leit.

Þetta er svo þýðingarmikið mál, að enginn dráttur á framkvæmd má eiga sér stað. Verkefninu verður þó ekki lokið á einu sumri. Er þess að vænta, að milliþinganefnd í atvinnumálum, sem Alþingi hefur samþykkt að kjósa, gefi gaum að þessu viðfangsefni, þegar hún tekur til starfa, en Alþingi getur ekki beðið þess með ráðstafanir til framkvæmda.

Hinn 3. þ. m. birti dagblaðið Tíminn mjög athyglisverða grein um þessi mál, þar sem m. a. er skýrt frá áliti skipstjórans á togaranum Austfirðingi. Leyfa flutningsmenn sér að vitna til upplýsinga í grein þessari, og er hún prentuð sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Ný fiskimið?

Í flestum sjóþorpum austan lands og norðan hefur verið komið upp dágóðri aðstöðu til fiskverkunar, þó að sums staðar kunni sitthvað að standa til bóta. Vandi þessara byggðarlaga er að fá hráefni til fiskvinnslustöðvanna. Afli vélbáta er mjög bundinn árstíðum. Á sumum stöðum er fiskur ekki á nærliggjandi miðum nema nokkra mánuði ársins, og smærri bátar eru þann tíma mjög háðir straumum og veðri.

Starfstími fiskiðjuveranna verður of stuttur, eigi þau að búa við bátafisk einvörðungu. Halli verður á rekstri þeirra. Og atvinna verkafólks verður stopul og afkoman léleg.

Allmargir togarar eru gerðir út austan lands og norðan. Hafa útgerðirnar leitazt við að leggja upp afla skipanna á heimahöfn. En aðalveiðisvæði togaranna er svo fjarri þessum landshlutum, að fisklandanir þar eru miklum erfiðleikum bundnar. Togari, sem veiðir fyrir vestan og sunnan land, eða t. d. við Grænland, eyðir meira en tveim sólarhringum umfram í siglingu, ef landa skal eystra. Því fylgir þá einnig styttri veiðitími, þar sem togari getur ekki, vegna geymslu fisksins, verið úti nema takmarkaðan tíma.

En er nú ekki hugsanlegt, að finna megi nálægari mið fyrir austfirzku og norðlenzku togarana?

Fyrir austan og norðan land eru stórir flákar, sem nýtízku togarar geta fiskað á dýpis vegna. Skipuleg leit hefur ekki farið fram. En einstakir togarar hafa reynt fyrir sér hér og þar.

Þórður Sigurðsson, skipstjóri á Austfirðingi, hefur öðru hvoru eytt einu til tveim dægrum í þessu augnamiði, og ekki án árangurs. Síðastl. sumar fann hann fiskimið austur af Kolbeinsey. Entist þetta mið, ásamt fleiri smáglöggvum, svo vel, að Austfirðingur hefur ekki aflað betur annað sumar. Fátt skipa var á þessum slóðum. Og miðið er lítið og mun þola illa mörg veiðiskip í lengri tíma.

Það er skoðun Þórðar, að ekkert verði betra gert fyrir fiskiðjuverin og togaraútgerðirnar en að láta fara fram skipulega leit að nýjum og nærtækari miðum á norðaustursvæðinu.

Hér er um mikið flæmi að ræða, sem liggur frá Kolbeinsey norður og austur fyrir Jan Mayen og þaðan suður undir Færeyjar.

Í suðurjaðri þess, þ. e. í krika á neðansjávargarðinum milli Færeyja og Íslands, er alþekkt karfamið, sem Þjóðverjar sækja mikið á, „Rósagarðurinn“, og á brún landgrunnsins ekki langt þaðan er Þórsbanki. Fyrir vestan hið umtalaða leitarsvæði hefur nýlega fundizt Jónsmið. Og austur af leitarsvæðinu eru þorskveiðimiðin við Bjarnarey og Barentshaf, þar sem Rússar eru sagðir hafa sópað upp karfa að undanförnu.

Það var altítt, að stór karfi fengist á línu vélbáta á Austfjörðum, þegar róið var á haustin á dýpstu mið, 130—140 faðma. Karfamið eru að jafnaði um 200 faðma og þaðan af dýpri. Og hin stærri veiðiskip geta togað á allt að 350 faðma dýpi.

Allt þetta gefur bendingu um, að ófundin geti verið mikil fiskimið fyrir norðan og austan land.

Togaraútgerð hefur staðið höllum fæti um sinn. Hver veiðiferð er dýrt og umfangsmikið fyrirtæki í sjálfu sér og krefst fyllstu afkasta og hraða í vinnubrögðum. Það er þess vegna enginn grundvöllur fyrir því, að einstakir togarar annist nauðsynlega leitarstarfsemi á eigin spýtur.

Á síðustu fjárlögum voru veittar 250 þús. kr. til leitar að nýjum fiskimiðum. Fiskimálasjóður mun og leggja nokkuð af mörkum.

Þess er að vænta, að forráðamenn láti ekki undir höfuð leggjast að sinna af myndarskap þeim þætti leitarinnar, sem hér er gerður að umtalsefni.

Það gæti, ef vel tekst til, reynzt drjúgur skerfur til eflingar því jafnvægi í byggð landsins, sem allir telja nú svo æskilegt.

(Tíminn, 3. maí 1955.)

Ed. 748. Breytingartillögur [183. mál]

við frv. til l. um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (HG).

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   Félagsmálaráðherra fer með stjórn húsnæðismála samkvæmt lögum þessum.
2. Við 2. gr.
   a. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ í upphafi greinarinnar kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.
   b. 4. og 5. tölul. 1. málsgr. og 2. málsgr. orðast svo:
      4. Að veita húsbyggjendum endurgjaldslaust kost á öllum nauðsynlegum teikningum í tilteknar gerðir íbúða.
      5. Að beita sér fyrir endurskoðun byggingarsamþykkta, þar sem þess er þörf.
      Við lausn þessara mála skal Iðnaðarmálastofnun Íslands hafa samstarf við þá aðila, sem hafa sérþekkingu á þessum málum, svo sem húsameistara ríkisins, Atvinnudeild háskólans, byggingarnefndir, skipulagsstjóra ríkisins, teiknistofu landbúnaðarins, byggingarvöruverzlanir og framleiðendur byggingarefnis og íbúðarhluta, og leitast við að samræma störf þeirra. Er framangreindum aðilum skylt að veita Iðnaðarmálastofnun Íslands hverjar þær upplýsingar, sem hún telur sér nauðsynlegar til að sinna verkefni sínu.
3. Við 3. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórnar“ á þremur stöðum í greininni kemur: Iðnaðarmálastofnunar Íslands.
4. Við 4. gr. B-liður orðast svo:
   Skuldabréf og aðrar eignir lánadeildar smáíbúðarhúsa, enda greiðir ríkissjóður skuldir hennar við Landsbanka Íslands.
5. Við 6. gr.
   a. Aftan við 1. málsgr. a-liðar bætist: Þeir lánbeiðendur, sem hafa fyrir stærstri fjölskyldu að sjá, skulu að öðru jöfnu sitja fyrir lánsfé.
   b. Fyrir „7% ársvöxtum“ í e-lið kemur: 6% ársvöxtum.
   c. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórnar“ í g-lið kemur: Iðnaðarmálastofnunar Íslands.
6. 7. gr. orðast svo:
   Skylt er að lána Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði 12 millj. kr. hvorum árlega í næstu 5 ár af fé því, sem veðdeild Landsbanka Íslands hefur til útlána samkv. 5. gr. Slík lán skulu veitt sem A-lán og B-lán.

7. Við 8. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin skipar, eftir tilnefningu bankanna, fimm menn í nefnd, til þriggja ára í senn, til að ákveða lánveitingar samkvæmt lögum þessum. Búnaðarbanki Íslands, Framkvæmdabanki Íslands, Iðnaðarbanki Íslands, Landsbanki Íslands og Útvegsbanki Íslands tilnefna hver um sig mann í nefndina og greiða allan kostnað við starf hennar. Nefndin kýs sér sjálf formann.
8. Við 9. gr. Fyrir orðið „húsnæðismálastjórn“ á tveim stöðum í greininni kemur: Iðnaðarmálastofnun Íslands.
9. Á eftir 9. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Framlög fjölskyldumanna í eigin byggingarsjóð skulu undanþegin tekju- og eignarskatti, enda eigi þeir ekki, þegar lög þessi öðlast gildi, 90 fermetra íbúð eða stærri. Árleg framlög mega nema allt að ¼ teknanna, þó ekki meiru en 20000 kr. á ári og 200000 kr. alls. Byggingarsjóðurinn skal ávaxtaður í banka eða sparisjóði á nafni eiganda. Sé fé þessu ráðstafað á annan hátt en til byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal greiða af því þann skatt, sem á það hefði fallið, ef það hefði verið skattlagt á því ári, sem þess var aflað. Sé fénu ráðstafað smám saman til annars en byggingar eða kaupa á íbúð fyrir eiganda þess, skal litið svo á, að þess fjár, sem fyrst er ráðstafað, hafi verið aflað fyrst o. s. frv. Nánari reglur um framkvæmd ákvæða þessara skulu settar í reglugerð.
10. Við fyrirsögn I. kafla. Orðin „húsnæðismálastjórn og“ falla niður.
11. 10. gr. orðast svo:
    Ríkisstjórnin skal hafa forgöngu um útrýmingu heilsuspillandi íbúða, þar með taldir herskálar. Skal hún hafa um það samvinnu við bæjar- og hreppsfélög, veðdeild Landsbanka Íslands og aðra þá aðila, er beita sér fyrir framkvæmdum á þessu sviði. Skal við það miðað, að öllu heilsuspillandi húsnæði verði útrýmt á eigi lengri tíma en fimm árum.
12. Við 11. gr. Í stað orðsins „húsnæðismálastjórn“ kemur: félagsmálaráðuneytinu.
13. Við 13. gr.
    a. Orðin „allt að 3 millj. kr. á ári næstu fimm árin“ í 1. málsl. falla niður.
    b. 2. málsl. fellur niður.
14. Á eftir 13. gr. kemur ný grein, svo hljóðandi:
    Ríkisstjórninni er heimilt að verja allt 10 millj. kr. á ári næstu 5 árin til framkvæmda samkv. þessum kafla.
15. Við fyrirsögn frv. Orðið „húsnæðismálastjórn“ fellur niður.

Ed. 749. Nefndarálit [183. mál]

um frv. til laga um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta er samið að tilhlutan ríkisstjórnarinnar og borið fram, að því er í greinargerð segir, í því skyni að fullnægja ákvæði um húsnæðisvandamálið í málefnasamningi þeim, sem gerður var, er hún var mynduð haustið 1953.

Samkvæmt þessu ákvæði var því heitið að auka fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum og leggja grundvöll að því að leysa húsnæðisvandamálið til frambúðar.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn vill samþ. frv. svo til óbreytt, en ég tel nauðsynlegt að gera á því allmiklar breytingar. Ég lít svo á, að frv. þetta, þótt að lögum verði, leysi ekki úr húsnæðisvandræðum almennings í kaupstöðum og kauptúnum. Til þess er það

fjármagn, sem frv. gerir ráð fyrir, ónógt, lánstíminn of stuttur, vextir of háir og fyrirhuguð lánsupphæð til hverrar íbúðar ófullnægjandi fyrir aðra en þá, sem eru mjög vel efnum búnir.

Samkv. frv. er gert ráð fyrir, að lán til hverrar íbúðar verði yfirleitt 70 þús. kr., þótt heimilt sé að veita allt að 100 þús. kr. lán. Vextir verða 7¼%, auk 1% lántökugjalds, og greiðslutími lánanna 25 ár.

Í mjög glöggu og ýtarlegu nefndaráliti frá minni hluta fjárhagsnefndar neðri deildar (þskj. 591) er sýnt fram á:

að ekki er fært að áætla kostnaðarverð sómasamlegrar íbúðar hér í Reykjavík, sem er 300—350 rúmmetrar, lægra en 225—265 þús. kr.;

að sá, sem fær 70 þús. kr. lán samkv. ákvæðum frumvarpsins, þarf að geta lagt fram eða fengið að láni til viðbótar meira en tvöfalda þá upphæð;

að mánaðarleg greiðsla af 350 m³ íbúð verður nærfellt 1900 krónur, þótt aðeins séu reiknaðir sparisjóðsvextir af því fé, sem húseigandi verður að leggja fram til viðbótar láni veðlánakerfisins, og engar afborganir af viðbótarlánum;

að til þess að geta eignazt slíka íbúð og þurfa eigi að greiða nema 1000 kr. á mánuði, eða 25% af 4000 kr. mánaðartekjum, þarf eigandinn að geta lagt fram af eigin fé 122 þús. kr., sem hann reiknar sér enga vexti af, og auk þess að fá allt lánsfé, ca. 140 þús. kr., með sömu kjörum og gert er ráð fyrir í frv. þessu.

Það er augljóst mál, að þeir einir, sem hafa allríflegar tekjur eða geta lagt fram allstórar fjárfúlgur, geta borið slíkan húsnæðiskostnað. Má segja, að fyrir þá sé talsverð bót að frv., ef miðað er við það ástand, sem nú ríkir, þ. e. bann við lánum úr bönkum landsins til húsbygginga.

Öllum þorra launamanna kemur fyrirhugað veðlánakerfi hins vegar fyrirsjáanlega að litlum notum. Þeim er flestum algerlega um megn að leggja fram 100 þús. kr. eða meira af eigin fé, og möguleikar þeirra til að afla sér viðbótarlánsfjár harla litlir. Hitt er jafnljóst, að maður með 3300—4300 króna mánaðartekjur er alls ekki fær um að greiða 1900 krónur fyrir húsnæði á mánuði, hvað þá ef afborganir af viðbótarlánum bætast við þá upphæð.

Eina leiðin til þess, að veðlánakerfið verði lágtekjumönnum kaupstaðanna til gagns, er sú, að ríflegur hluti þess fjár, sem verja á til íbúðabygginga samkvæmt frv., verði lánaður Byggingarsjóði verkamanna, svo að hann geti aukið starfsemi sína og veitt þeim aðstoð, sem ekki geta risið undir lánskjörum veðlánakerfisins, og að auka framlagið til útrýmingar heilsuspillandi íbúða. Ríkisstjórnin hefur þegar viðurkennt, að lánskjör veðlánakerfisins séu alls ekki við hæfi bænda, og því ákveðið, að 24 millj. af lánsfé kerfisins skuli á næstu tveim árum lánaðar Byggingarsjóði sveitanna, er aftur veiti stórum ódýrari lán til íbúðabygginga í sveitum. Verður því að teljast sjálfsagt, að a. m. k. jafnhá upphæð verði tryggð Byggingarsjóði kaupstaðanna til aukinnar starfsemi, ekki sízt þegar þess er gætt, að í nefndum málefnasamningi er loforðið bundið við aukið fjármagn til íbúðabygginga í kaupstöðum og kauptúnum.

Samkv. frv. er ekki gert ráð fyrir, að nokkurt tillit sé tekið til þess við lánveitingar, hvort lántakandi er einhleypur eða hefur fyrir fjölskyldu að sjá. Lánskjörin eiga og að vera hin sömu, hvort sem ríkur eða fátækur á hlut að máli. Allir eiga að sæta sömu kjörum, greiða það, sem í greinargerð er nefnt „kostnaðarverð fyrir þessa þjónustu“. Þetta fyrirkomulag er í greinargerðinni talið affarasælast, því að á þann hátt „takmarkast neyzlan (þ. e. húsnæðið) við fjárhagsgetuna.“

Nágrannaþjóðir okkar telja þetta fyrirkomulag ekki affarasælast. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð er það talin fjárhagsleg nauðsyn og þjóðfélagsleg skylda að veita fólki með lágar og meðaltekjur aðstoð til þess að eignast íbúðir með þeim kjörum,

að húsnæðiskostnaðurinn fari ekki fram úr ákveðnum hluta af tekjunum. Í því skyni leggur hið opinbera fram miklar fjárfúlgur til lánsstofnana, sem hafa það hlutverk að veita þessu fólki lán með mjög lágum vöxtum til langs tíma, allt að 60—75 ára, og mega lán þessi í sumum tilfellum nema allt að 95% af kostnaðarverði.

Í Danmörku og Svíþjóð er talið, að húsnæðiskostnaður verkamanns, sem eignast nýja tveggja herbergja íbúð, sé nú um 20% af tekjum hans, og er þá hiti talinn með húsnæðiskostnaði. Í Noregi er húsnæðiskostnaður tiltölulega lægri, talinn vera um 17% í samsvarandi íbúðum. Í þessum löndum er litið svo á, að ef húsnæðiskostnaðurinn fer fram úr þessu hlutfalli, hljóti það að leiða til kauphækkana, sem auka framleiðslukostnaðinn, gera útflutningsvörurnar síður samkeppnishæfar og auka á dýrtíð innanlands.

Samkv. grg. frv. er gert ráð fyrir, að fjármagn það, sem veitt verður til íbúðabygginga, nemi um 100 millj. kr. á ári næstu tvö ár. Um það, hvað þá tekur við, er ekkert sagt, hvorki í frv. sjálfu né greinargerð þess. Af þessu fé er talið, að nokkuð yfir 40 millj. hvort árið sé aukning frá því, sem nú er lánað í þessu skyni, og mun sú áætlun fullrífleg. Af þessari upphæð eiga 12 millj. að renna til Byggingarsjóðs sveitanna. Byggingarsjóði verkamanna í kaupstöðum er hins vegar ekki tryggð nein lágmarksupphæð. Þessir sjóðir eru einu lánsstofnanir hér á landi, sem veita lán til íbúðabygginga með þeim kjörum, sem viðráðanleg geta talizt fyrir verkamenn og fólk með svipaðar tekjur. En báða þessa sjóði, sérstaklega hinn síðar talda, skortir svo tilfinnanlega starfsfé, að þeir geta fáum liðsinnt.

Lífeyrissjóðir opinberra starfsmanna hafa undanfarin ár veitt sjóðfélögum lán til íbúðabygginga með 5½% til 6% vöxtum til 35 ára, en svo virðist samkv. frv. sem lánskjör þessara sjóða eigi að falla undir reglur veðlánakerfisins, þ. e. vextirnir að hækka í 7¼% og lánstíminn að styttast í 25 ár.

Samkv. frv. er svo til ætlazt, að sérstök nefnd, húsnæðismálastjórn, verði sett á stofn. Tvo nefndarmanna velur ríkisstjórnin, en Landsbankinn hinn þriðja. Á nefnd þessi að gera hvort tveggja: að vinna að umbótum í byggingarmálum til lækkunar á byggingarkostnaði og að úthluta lánum þeim, sem veitt verða. Lánveitingavaldið á þó aðeins að vera í höndum þeirra tveggja nefndarmanna, er ríkisstjórnin velur.

Ég tel óþarft og óheppilegt að taka upp þetta fyrirkomulag. Yfirstjórn þessara mála á að sjálfsögðu að vera í höndum þess ráðherra, sem fer með húsnæðismál. Lánveitingarnar tel ég eðlilegast að séu í höndum fulltrúa þeirra lánsstofnana, sem fyrir eru og leggja fram fé. Fyrir hinni tæknilegu hlið málsins, þ. e. ráðstöfunum til þess að lækka byggingarkostnaðinn o. þ. h., hygg ég að bezt verði séð með því að fela Iðnaðarmálastofnuninni að sjá um hana. Henni eru einmitt ætluð slík verkefni, og mun hún þegar hafa byrjað rannsóknir og athuganir á því sviði.

Til þess að frv. þetta komi öðrum að notum en þeim, sem búa við góð efni eða hafa allríflegar tekjur, þarf að gera á því mjög verulegar breytingar. Ef það á að draga úr húsnæðisvandræðum þeirra, sem efnalausir eru eða eignalitlir og búa við almenn launakjör, en hjá því fólki eru húsnæðisvandræðin sárust, þarf að auka mjög framlag til útrýmingar heilsuspillandi íbúða og tryggja Byggingarsjóði verkamanna ákveðinn lágmarkshluta af því fjármagni, sem veðlánakerfið fær til umráða. Þá þarf og að sjá almenningi fyrir ókeypis uppdráttum og lækka vextina.

Legg ég því til, að gerðar verði breytingar á frv. í samræmi við það, sem að framan er sagt, og legg fram tillögur þess efnis á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. maí 1955.

Haraldur Guðmundsson.

Ed. 750. Nefndarálit [187. mál]

um frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur.

Frá fjárhagsnefnd.

Sem kunnugt er, hefur ríkisstj. keypt togarann Vilborgu Herjólfsdóttur og selt hann félagi norðanlands. Er með frv. þessu leitað staðfestingar Alþingis á þeim ráðstöfunum. Leggur nefndin til, að frv. verði samþ. óbreytt.

Alþingi, 5. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Ed. 751. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþ., en mun taka til athugunar fyrir 3. umr., hvort þörf sé að gera á því breytingar.

Alþingi, 5. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Karl Kristjánsson. Haraldur Guðmundsson.

Nd. 752. Frumvarp til laga [143. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir eina umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 708 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík.
2. Kópavogskaupstaður og Kjósarsýsla.
3. Hafnarfjörður og Garða- og Bessastaðahreppar í Gullbringusýslu.
4. Keflavík og Gullbringusýsla frá takmörkum Garða- og Vatnsleysustrandarhreppa.
5. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu.
6. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla, að undanskildum fjórum syðstu hreppunum.
7. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
8. Dalasýsla.
9. Austur-Barðastrandarsýsla.
10. Vestur-Barðastrandarsýsla.

11. Vestur-Ísafjarðarsýsla.
12. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla.
13. Strandasýsla.
14. Vestur-Húnavatnssýsla.
15. Austur-Húnavatnssýsla.
16. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla.
17. Siglufjörður.
18. Ólafsfjörður.
19. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla.
20. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla.
21. Norður-Þingeyjarsýsla.
22. Fljótsdalshérað.
23. Seyðisfjörður, Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar-, Vopnafjarðar- og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu.
24. Neskaupstaður, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar.
25. Suður-Múlasýsla, að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppum.
26. Austur-Skaftafellssýsla.
27. Vestur-Skaftafellssýsla.
28. Rangárvallasýsla.
29. Vestmannaeyjar.
30. Árnessýsla.

3. gr. hljóðar svo:

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík. 2. Kópavogskaupstaður. 3. Hafnarfjörður. 4. Keflavík. 5. Akranes. 6. Borgarnes. 7. Stykkishólmur. 8. Búðardalur. 9. Reykhólar. 10. Patreksfjörður. 11. Þingeyri. 12. Ísafjörður. 13. Hólmavík. 14. Hvammstangi. 15. Blönduós. 16. Sauðárkrókur. 17. Siglufjörður. 18. Ólafsfjörður. 19. Akureyri. 20. Húsavík. 21. Kópasker. 22. Egilsstaðir. 23. Seyðisfjörður. 24. Neskaupstaður. 25. Eskifjörður. 26. Höfn í Hornafirði. 27. Vík í Mýrdal. 28. Hvolsvöllur. 29. Vestmannaeyjar. 30. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfis en mælt er fyrir um í þessari grein.

Ed. 753. Frumvarp til laga [191. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

3. tölulið 3. gr. laganna skal orða svo:

Árlegt framlag úr ríkissjóði, 1.6 millj. kr. á ári, í fyrsta sinn árið 1956.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Upphæð lánanna má vera allt að 60% kostnaðarverðs, eins og það er áætlað að meðaltali árlega. Til vélgrafinna skurða má þó lána allt að 85% kostnaðarverðs. Njóti framkvæmdin framlags samkvæmt jarðræktarlögum, lækkar lánsupphæðin sem svarar framlaginu. Við það skal miðað, að kostnaðarverð framkvæmdanna sé að dómi sjóðsstjórnarinnar ekki hærra en eðlilegt má teljast samkvæmt verðlagi

á hverjum tíma. Skulu framkvæmdirnar metnar á kostnað lántakanda, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar verður fyrir mælt í reglugerð.

3. gr.

Í stað „2½%“ í 6. gr. laganna komi: 4%.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 101 10. des. 1954, um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

Ed. 754. Heilsuverndarlög. [165. mál]

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 718.

Nd. 755. Nefndarálit [159. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 16. febr. 1953, um heimild fyrir kirkjumálaráðherra til þess að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Lögin um heimild kirkjumálaráðherra til að taka leigunámi og byggja á erfðaleigu hluta af prestssetursjörðum eru nú aðeins tveggja ára gömul. Þau voru á sínum tíma sett með þeim rökum, að fjölmargar hinna ágætu prestssetursjarða væru verr setnar en skyldi og augljóst væri, að með breyttum búskaparháttum og þeim umbótum, sem orðið hefðu á jörðum hin síðari ár, mundu prestssetursjarðirnar dragast aftur úr. — Var til þess nefnt, að á mörgum prestssetrum hefðu engar eða sáralitlar umbætur verið gerðar, en jafnframt hefðu viðhorf presta breytzt svo, að margir þeirra kærðu sig ekki um að reka búskap. Fyrir þær sakir hefðu þeir byggt öðrum prestssetursjarðirnar, — sumir jafnvel fyrir margfalt hærra verð en þeim sjálfum er gert að greiða samkvæmt brauðamatinu 1919—1920. Þess vegna þótti rétt að skapa möguleika fyrir því, að hægt væri að taka hluta af prestssetursjörðum, sem prestar hefðu ekki not fyrir eða byggðu öðrum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gert ráð fyrir, að skipting úr prestssetursjörðum til erfðaábúðar þurfi að samþykkjast af ýmsum aðilum, sem lögin gera ekki ráð fyrir, og mundu þeir þannig öðlast neitunarvald í máli, er mjög snertir þeirra eigin hag. Væri þá hreinlegra að afnema lögin algerlega. Þess er skylt að geta, að prestastéttin og biskup eiga fulltrúa í nefndum þeim, sem samkv. gildandi lögum fjalla nú um málið. Komi lögin til framkvæmda, eiga prestar því greiðan aðgang að þeim fulltrúa, sem öllum þessum málum er gerkunnugur, enda mun hann vart ganga fram hjá tillögum og áliti biskups og prestastéttarinnar í þessum efnum. — Því fer og víðs fjarri, að nokkuð það hafi gerzt á þeim tveimur árum, sem liðin eru síðan lögin voru sett, er bendi til þess, að hag prestastéttarinnar eða kirkjunnar sé það nauðsyn, að lögunum sé breytt eða þau felld úr gildi. Minni hlutinn telur það því algerlega óþarft að fela mörgum aðilum neitunarvald í þessum málum og leggur til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 4. maí 1955.

Hannibal Valdimarsson, frsm. Gunnar M. Magnúss.

Ed. 756. Frumvarp til laga [182. mál]

um breyting á lögum nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi (og breytist greinatala samkvæmt því):

Biskupi er heimilt að ráða prestvígðan mann til þess að gegna prestsþjónustu um stundarsakir í þeim prestaköllum, þar sem prestur er veikur eða kallið er prestslaust af öðrum ástæðum.

Ráðningartími skal vera allt að 3 árum í senn.

Prestur þessi skal hafa sömu laun og sóknarprestur, en ferðakostnaður hans skal greiddur úr ríkissjóði svo og húsaleiga þar, sem hann er settur til þjónustu, hvort tveggja samkvæmt reikningi, er ráðherra úrskurðar.

Enn fremur er biskupi heimilt að ráða aðstoðarprest að Vestmannaeyjaprestakalli, enda njóti hann hálfra embættislauna, er greiðast úr ríkissjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 757. Frumvarp til laga [3. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andreasen, Tórbjörn Ragnar Karl Franklin, vinnumaður á Korpúlfsstöðum, fæddur 23. október 1931 í Færeyjum.
2. Arge, Anton Sofus, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. nóvember 1900 í Færeyjum.
3. Babel, Ingólfur, námsmaður í Reykjavík, fæddur 13. júní 1937 í Þýzkalandi.
4. Bakker, Agnes Dominica, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 15. apríl 1899 í Hollandi.
5. Ballering, Anna Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 30. marz 1903 í Hollandi.
6. Benske, Erich Gerhard Julius, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 2. júlí 1895 í Þýzkalandi.
7. Benske, Sesselja Guðmundsdóttir, húsmóðir í Reykjavík, fædd 28. febrúar 1903 á Íslandi.
8. Beth, Hans Jürgen Hermann, húsgagnasmiður í Borgarfirði, fæddur 13. apríl 1930 í Þýzkalandi.
9. Bjarni Erik Einarsson, verzlunarstjóri í Vestmannaeyjum, fæddur 5. apríl 1911 í Danmörku.
10. Christensen, Ejvil Walin, bifreiðastjóri í Reykjavík, fæddur 6. febrúar 1917 í Danmörku.
11. Christoffersen, Hans Peter, byggingaverkamaður á Akureyri, fæddur 11. febrúar 1897 í Danmörku.

12. Clausen, Elisabeth, húsmóðir í Reykjavík, fædd 31. marz 1931 í Noregi.
13. Doretz, Günther Wolfgang Hermann, vinnupiltur að Miðfelli í Hrunamannahreppi, fæddur 13. september 1939 í Þýzkalandi.
14. Einar Guðmundur Vestmann Einarsson, járnsmiður á Akranesi, fæddur 4. júní 1918 í Kanada.
15. Friedlaender, Heinz Karl, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 27. ágúst 1914 í Þýzkalandi.
16. van Fulpen, Maria Agnes Henrika Mathilda Antonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 13. júní 1924 í Hollandi.
17. Gazeley, George Felix, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 29. september 1921 í Englandi.
18. Guðrún Ólafsdóttir, Reykjavík, fædd 31. júlí 1879 á Íslandi.
19. Gærdbo, Oðni, klæðskeranemi í Reykjavík, fæddur 13. nóvember 1931 í Færeyjum.
20. Hansen, Leif Bernstorff, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 7. júlí 1921 í Danmörku.
21. Hansen, Niels Marinus, vefari á Akureyri, fæddur 24. febrúar 1929 í Danmörku.
22. Haslund, Leifur Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 21. marz 1934 í Danmörku.
23. Haslund, Otto Örn Grundberg, verkamaður í Reykjavík, fæddur 16. maí 1935 í Danmörku.
24. Helgi Nikulás Vestmann Einarsson, lögregluþjónn á Akranesi, fæddur 12. júní 1915 í Kanada.
25. Holmboe, Egil Anker Morgenstjerne, skrifstofumaður í Keflavík, fæddur 24. apríl 1896 í Noregi.
26. Holmboe, Sigrid Johanne Emilie, húsmóðir í Reykjavík, fædd 20. desember 1901 í Danmörku.
27. Holz, Christa Ella, húsmóðir í Reykjavík, fædd 18. júní 1929 í Þýzkalandi.
28. Jacobsen, Betzy Elking Adelaide Frederikke, húsmóðir í Reykjavík, fædd 25. maí 1928 í Færeyjum.
29. Jacobsen, Tröndur, verkamaður í Stykkishólmi, fæddur 21. febrúar 1922 í Færeyjum.
30. Jensen, Bjarne Olaf, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 5. apríl 1936 í Danmörku.
31. Jensen, Erik Frimann, trésmiður í Reykjavík, fæddur 13. september 1914 í Danmörku.
32. Jörgensen, Jörgen, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. janúar 1919 í Noregi.
33. Kári Guðjónsson, sjómaður, Reykjavík, fæddur 3. október 1927 í Noregi.
34. Kecskés, Endré, verzlunarmaður, Reykjavík, fæddur 8. október 1900 í Ungverjalandi.
35. Kecskés, Nanna, húsmóðir í Reykjavík, fædd 15. júní 1912 á Íslandi.
36. Kjeldsen, Kaja, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. júlí 1925 í Danmörku.
37. Kjærvik, Julius Ingar, matsveinn, Reykjavík, fæddur 15. janúar 1923 í Noregi.
38. Knippen, Maria Elia Appolonia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 29. júní 1916 í Hollandi.
39. Kolsö, Reidar, stýrimaður í Reykjavík, fæddur 28. september 1902 í Noregi.
40. Krog, Else Marie Christine, húsmóðir í Reykjavík, fædd 13. júlí 1914 í Færeyjum.
41. Krogh, Per, vélfræðingur í Reykjavík, fæddur 21. janúar 1914 í Noregi.
42. Kroon, Maria Cornelia, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 8. apríl 1905 í Hollandi.
43. Kuhn, Dietrich, námsmaður, Reykjavík, fæddur 4. ágúst 1934 í Þýzkalandi.
44. Lambrechts, Fridtjof Johannes, sjómaður, Kópavogi, fæddur 29. júní 1917 í Noregi.
45. Larsen, Knud, málari í Reykjavík, fæddur 1. apríl 1921 í Danmörku.

46. Lorenzen, Lorenz, bústjóri í Skálatúni í Mosfellssveit, fæddur 18. desember 1919 í Þýzkalandi.
47. Louis Kristinn Ottósson, vélfræðingur í Grimsby, fæddur 20. júní 1925 í Englandi.
48. Machnitzky, Berta Emma, ráðskona að Sveinsstöðum í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði, fædd 8. ágúst 1904 í Þýzkalandi.
49. May, Hans Wolfgang, járnsmiður í Reykjavík, fæddur 17. marz 1928 í Þýzkalandi.
50. van der Meer, Josefa Jacoba Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 27. janúar 1912 í Hollandi.
51. Mikkelsen, Niels Erik, landbúnaðarverkamaður á Syðri-Reykjum í Biskupstungum, fæddur 5. apríl 1928 í Danmörku.
52. Mikson, Evald, íþróttakennari í Reykjavík, fæddur 12. júlí 1911 í Eistlandi.
53. Moravek, Johann Franz Josef, hljómlistarmaður í Kópavogshreppi, fæddur 2. maí 1912 í Austurríki.
54. Münch, Alfred Louis Johannes, matreiðslumaður í Reykjavík, fæddur 17. júní 1899 í Þýzkalandi.
55. Niclasen, Lydia Oluffa, húsmóðir í Reykjavík, fædd 7. janúar 1918 í Færeyjum.
56. Nielsen, Niels Sofus Georg, verkamaður í Borgarfjarðarhreppi, fæddur 16. febrúar 1926 í Færeyjum.
57. Petersen, Adolf Björn, verkamaður í Reykjavík, fæddur 26. nóvember 1894 á Íslandi.
58. Petersen, Arne Ivar, hljóðfærasmiður í Reykjavík, fæddur 5. nóvember 1915 í Danmörku.
59. Petty, Walter Raymond, verzlunarmaður í Reykjavík, fæddur 6. marz 1919 í Englandi.
60. Poulsen, Olaf Martin Aarskog, iðnnemi í Reykjavík, fæddur 19. september 1916 í Bandaríkjum Norður-Ameríku.
61. Ransÿn, Maria Magdalena Catharina Petronella, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 24. janúar 1906 í Hollandi.
62. Spitzer, Erika Anita Maria Luise, húsmóðir í Reykjavík, fædd 3. apríl 1911 í Þýzkalandi.
63. Tavsen, Peter Andreas, sjómaður, Hofsósi, fæddur 20. september 1919 í Færeyjum.
64. Thorberg, Flemming, sjómaður, Reykjavík, fæddur 29. janúar 1933 í Danmörku.
65. Ward, Herbert Patrick, verkamaður í Reykjavík, fæddur 10. júlí 1922 á Írlandi.
66. Wesseling, Miriam Wilhelmina Maria, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 22. október 1913 í Hollandi.
67. Wind, Arne Kristian Marius, landbúnaðarverkamaður að Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fæddur 19. nóvember 1921 í Danmörku.
68. Wind, Else Ketty, húsmóðir, Suður-Reykjum í Mosfellssveit, fædd 24. janúar 1915 í Danmörku.
69. Zeeuw, Margaretha de, karmelnunna í Hafnarfirði, fædd 31. janúar 1927 í Hollandi.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum nr. 54 27. júní 1925, um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. **758. Nefndarálit** [18. mál]

um frv. til laga um sömu laun kvenna og karla.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Mál þetta hefur legið hjá nefndinni frá því í þingbyrjun og ekki fengizt afgreitt. Á seinasta fundi nefndarinnar kvaðst meiri hlutinn ekki enn þá vera við því búinn að taka afstöðu til málsins, en þar sem komið er fast að þingslitum, sé ég mér ekki annað fært en að gefa út minnihlutaálit um það, þrátt fyrir þetta seinlæti meiri hlutans.

Á seinasta þingi var frumvarp þetta einnig flutt, og var það þá sent nokkrum aðilum til umsagnar. Jákvæð svör komu frá tveimur þeirra, en sá þriðji, Vinnuveitendasamband Íslands, mælti gegn samþykkt frumvarpsins. — Rétt í þessu er svo Alþingi að berast áskorun frá Mæðrafélaginu um að samþykkja þetta frumvarp. Er sú áskorun prentuð sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti.

Þegar málin stóðu þannig, þurfti að finna upp einhver ráð til að tefja fyrir framgangi málsins. Fluttu þá nokkrir þingmenn Sjálfstæðisflokksins tillögu til þingsályktunar um að fela ríkisstjórninni að athuga, hvað Ísland þyrfti að gera til að geta orðið aðili að „jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar í Genf“ og undirritað hana. Að ári liðnu — á miðju þessu þingi — var borin fram fyrirspurn um, hver hefði orðið niðurstaða þessarar rannsóknar hjá ríkisstjórninni. Svarið var það, sem allir vissu raunar fyrir fram: Að annaðhvort þyrfti algert launajafnrétti kvenna og karla að vera viðurkennt með heildarsamningum milli verkalýðssamtaka og vinnuveitenda eða að sömu laun kvenna og karla yrðu viðurkennd með lögum. Hér var það ekki orðið, og því kvaðst ríkisstjórnin ekki geta staðfest jafnlaunasamþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar fyrir Íslands hönd að óbreyttum lögum. Þetta svar tekur af öll tvímæli í þessu máli: Auðvitað getur Ísland ekki gerzt aðili að alþjóðasamþykkt um launajafnrétti kvenna og karla, nema búið sé áður að tryggja framkvæmd málsins. Sýndist einsætt, að fengnum þessum upplýsingum, að samþykkja ætti frumvarp það til laga, sem fyrir þinginu lá um sömu laun kvenna og karla, með eða án breytinga. Þetta var því sjálfsagðara eftir samþykkt laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna á seinasta þingi, en með þeim var það spor stigið í áttina til launajafnréttis kvenna og karla, að opinberir starfsmenn eiga að njóta sömu launa hjá ríki og bæjarfélögum án tillits til, hvort starfi er gegnt af karli eða konu. — Misréttið verður því sífellt meira og meira áberandi, eftir því sem lengra líður, og mætti nú öllum ljóst vera, að ósamræmið í launamálum kvenna og karla verður ekki afmáð, nema með því einu að taka það af með lögum.

Minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar leggur því til, að frumvarpið um sömu laun kvenna og karla verði samþykkt.

Alþingi, 5. maí 1955.

Hannibal Valdimarsson.

Fylgiskjal.

Reykjavík, 4. maí 1955.

Stjórn Mæðrafélagsins vill leyfa sér að koma á framfæri eftirfarandi tillögu við hæstvirta heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar:

„Fundur Mæðrafélagsins 25. jan. 1955 skorar á Alþingi að samþykkja frumvarp Hannibals Valdimarssonar um sömu laun kvenna og karla fyrir sams konar vinnu.“

Nú hefur nefnd sú, er félagsmálaráðherra skipaði á síðastliðnu hausti, komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki væri hægt að fullgilda samþykkt nr. 100 um jöfn

laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf að óbreyttum lögum. Okkur virðist því, að fyrsta sporið í þá átt væri, að það þing, sem nú situr, samþykkti frumvarp Hannibals Valdimarssonar, þar sem með því væri kominn grundvöllur að taka málið upp til frekari framkvæmda og úrbóta.

Landsfundir og fulltrúafundir K.R.F.Í. og ýmissa annarra samtaka, auk kvennaráðstefnu Alþýðusambands Íslands á síðastliðnum vetri, hafa lýst yfir því í samþykktum sínum, að fyrsta grundvallarskilyrði þess, að koma mætti á jafnrétti í launamálum, væri, að Alþingi setti lög um það. Nú hafa 10 ríki fullgilt samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna: Júgóslavía, Austurríki, Belgía, Kúba, Dominikanska lýðveldið, Filippseyjar, Frakkland, Mexikó, Pólland og Ungverjaland. Eins og sjá má af þessu, eykst þessari skoðun stöðugt fylgi, og væri æskilegt, að Ísland gæti sem fyrst bætzt í þann hóp, sem fullgilti jafnlaunasamþykktina.

Ef nú ekki reynist tími til að afgreiða þetta mál á þessu þingi, væri þá ekki tímabært að láta þingsályktun frá 13. apríl 1954: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafnverðmæta vinnu geti orðið staðfest á Íslandi“ — koma til framkvæmda með því móti, að Alþingi kysi á yfirstandandi þingi nefnd, sem sérstaklega fjallaði um þetta verkefni? Nefndin væri skipuð konum til jafns við karla.

Ed. 759. Breytingartillaga [3. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá Bernharð Stefánssyni.

2. gr. orðist svo:

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum fyrr en þeir hafa fengið íslenzkt fornafn. Sama skal gilda um barn, sem fær ríkisfang samkvæmt lögum þessum með foreldri sínu, en kenna skal það sig við föður, móður eða kjörföður samkvæmt lögum um mannanöfn. Þeir niðjar þessara nýju ríkisborgara, sem fæðast eftir gildistöku laga þessara, skulu á sama hátt kenna sig við föður, móður eða kjörföður.

Nd. 760. Breytingartillaga [94. mál]

við frv. til laga um iðnskóla.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

Við 6. gr. Upphaf gr. orðist svo:

Iðnskólar og iðnnámsdeildir gagnfræðaskóla skulu vera dagskólar. Utan Reykjavíkur má þó nokkuð af kennslunni fara fram að kvöldinu, þar sem húsnæðisskilyrði og kennslukraftar gera það nauðsynlegt.

Ed. 761. Lög [122. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1954, um Kirkjubyggingasjóð.

(Afgreidd frá Ed. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 255.

Nd. **762. Lög** [94. mál]

um iðnskóla.

(Afgreidd frá Nd. 5. maí.)

Samhljóða þskj. 726.

Nd. **763. Nefndarálit** [198. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að frv. verði samþykkt. GÞG og KGuðj áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur.

Alþingi, 6. maí 1955.

Skúli Guðmundsson, form. Jón Pálmason, fundaskr., frsm. Karl Guðjónsson, með fyrirvara.

Jóhann Hafstein. Gylfi Þ. Gíslason, með fyrirvara.

Nd. **764. Nefndarálit** [199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1955.

Skúli Guðmundsson, form., frsm. Jón Pálmason, fundaskr. (með fyrirvara). Jóhann Hafstein.

Karl Guðjónsson. Gylfi Þ. Gíslason.

Ed. **765. Nefndarálit** [78. mál]

um frv. til laga um Fiskveiðasjóð Íslands.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Frv. þetta er komið frá Nd., og hefur nefndin athugað það og borið saman við hið upphaflega stjfrv. Veigarmiklar breytingar hafa verið gerðar í Nd. á stjfrv., og þar eð komið er að þinglokum, telur nefndin ekki rétt að tefja málið á þessu stigi með því að gera nú breytingar á því.

Nefndin telur frv. vera til stórra bóta fyrir starfsemi Fiskveiðasjóðsins og að

í því felist mikil fyrirgreiðsla til handa þeim mönnum, er sjávarútveg stunda eða vinnslu úr sjávarafurðum.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. maí 1955.

Jóhann Þ. Jósefsson, form., frsm. Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskr. Bernh. Stefánsson.

Kristinn Gunnarsson. Ingólfur Flygenring.

Nd. 766. Nefndarálit [50. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 62 1939, um tollskrá o. fl.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu, sem flutt er af tveim þingmönnum Sjálfstæðisflokksins, er lagt til, að tollur af helztu hljóðfærum sem og hljómplötum skuli felldur niður. Flutningur frv. þessa kom nokkuð á óvart, þar eð tveir þingmenn Alþýðuflokksins, þeir Gylfi Þ. Gíslason og Hannibal Valdimarsson, höfðu á síðasta þingi flutt frv., sem var svo að segja orðrétt samhljóða þessu frv. (þskj. 158), en óvenjulegt er, að þingmenn taki þannig frv. hver annars til flutnings með litlu millibili. Frv. þeirra Gylfa og Hannibals fékk þó á sínum tíma því miður engar undirtektir hjá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd. Flm. frv. fluttu því efni þess sem breytingartillögu við frv., sem á döfinni var, til breytingar á tollskrárlögunum. Sú tillaga var felld með liðstyrk stjórnarflokkanna.

Afstaðan í fjárhagsnefnd til þessa frv. hefur orðið hin sama og í fyrra. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins fást ekki til þess að taka jákvæða afstöðu til þess, en við undirritaðir mælum með samþykkt þess. Tollur á hljóðfærum er nú svo hár (allt að 80%), að heita má, að hann, ásamt öðrum gjöldum, sem á þennan innflutning hlaðast, girði að verulegu leyti fyrir innflutning hljóðfæra til almenningsnota. Er tónmenningu þjóðarinnar hætta búin, ef svo fer fram, og er því nauðsynlegt að vinda bráðan bug að úrbótum í þessu efni.

Alþingi, 6. maí 1955.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson.

Nd. 767. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um smíði togara innanlands og aukningu togaraflotans.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi og aftur snemma á þessu þingi, en meiri hl. nefndarinnar hefur enn ekki fengizt til að afgreiða það að sínu leyti frá nefndinni.

Frv. miðar að því, að þegar verði hafin smíði 10 togara á vegum ríkissjóðs, sem síðan selji þá einstaklingum, félögum eða bæjum. Af skipum þessum er gert ráð fyrir, að tvö verði smíðuð hérlendis og að síðan verði smíði tveggja togara á ári fast verkefni innlendra skipasmiða til viðhalds og endurnýjunar togaraflotans.

Á s. l. vetri hefur það gerzt, að tveir togarar íslenzka veiðiflotans hafa strandað og eyðilagzt. Íslendingar eiga engin skip í smíðum, sem fyllt geti í skörðin, og er því sýnilegt, að það mun að minnsta kosti líða nokkuð á annað ár þannig, að framleiðslutap þjóðarinnar af missi skipa þessara verður óbætt.

Atburðir sem þessir undirstrika það sérstaklega, að ráðstafanir til stöðugra skipasmíða til viðhalds flotanum þola ekki bið.

Minni hluti nefndarinnar hefur athugað frumv. og telur engan vafa leika á því, að það horfi til hinna nauðsynlegustu framfara í íslenzkum útvegi og iðnaði, og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 6. maí 1955.

Karl Guðjónsson, frsm. Gylfi Þ. Gíslason.

Nd. 768. Nefndarálit [72. mál]

um frv. til l. um olíueinkasölu.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frv. þetta var flutt á öndverðu þessu þingi af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild. Meiri hluti nefndarinnar, þ. e. fulltrúar stjórnarflokkanna, hefur ekki viljað taka afstöðu til þess. Við undirritaðir teljum hins vegar, að hér sé um hið nauðsynlegasta stórmál að ræða. Fram á það hefur oftsinnis verið sýnt í umræðum um þetta mál, enda augljóst, að innkaup, flutningar og dreifing á vörum eins og olíum og benzíni gætu orðið þeim mun ódýrari og hagkvæmari sem um stærri rekstur er að ræða og þá auðvitað hagkvæmast að hafa þessa verzlun alla á einni hendi. Nú um nokkurt skeið hefur ríkisstjórnin, svo sem kunnugt er, keypt alla þá olíu, sem landsmenn nota, á einum stað, í Sovétríkjunum, en flutningar og dreifing er þó í höndum olíufélaganna. Það, að innkaupin eru komin á eina hönd, styður þá skoðun, að rétt væri, að ríkisvaldið tæki öll þessi viðskipti að sér.

Enginn vafi er á því, að verðlag á olíum og benzíni er óþarflega hátt og að atvinnuvegir landsmanna gjalda á þann hátt ónauðsynlegan skatt til gróðafélaga. Í verkfalli því, sem nú er nýafstaðið, og með verðhækkunum þeim, sem olíufélögin hafa auglýst á veittri þjónustu nú fyrir skemmstu, hafa þau enn á ný sýnt á sér það snið, að hagsmunum atvinnuveganna og almennings væri tvímælalaust betur borgið, ef ríkisvaldið tæki þennan rekstur í sínar hendur.

Alþingi, 6. maí 1955.

Gylfi Þ. Gíslason, frsm. Karl Guðjónsson.

Nd. 769. Lög [191. mál]

um breyting á lögum nr. 66 31. maí 1947, um Ræktunarsjóð Íslands.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 753.

Nd. 770. Lög [143. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 752 (sbr. 708).

Nd. 771. Lög [3. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Afgreidd frá Nd. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 757.

Nd. 772. Breytingartillaga [199. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

2. gr. orðist svo:
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955.

Ed. 773. Frumvarp til laga [199. mál]

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:
Frá 1. júlí 1955 skal greiða verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna sem hér segir:
Á grunnlaun, sem eigi eru hærri en kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, greiðist verðlagsuppbót samkvæmt kaupgjaldsvísitölu þeirri, sem um ræðir í 2. gr., að viðbættum 10 stigum.
Á þann hluta grunnlauna, sem umfram er kr. 34560.00 á ári, að meðtalinni grunnlaunauppbót, skal verðlagsuppbótin nema 23 af hundraði.
Nú nær hækkun heildarlauna vegna ákvæða þessara laga ekki 5 af hundraði, miðað við það, sem þau hefðu verið eftir ákvæðum þeim um greiðslu verðlagsuppbótar, er voru í gildi fyrir 1. júlí 1955, og skal hlutaðeigandi starfsmanni þá greidd launauppbót til bráðabirgða, þannig að hækkun heildarlauna hans verði 5 af hundraði.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1955.

Ed. 774. Breytingartillögur [198. mál]

við frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

Frá Haraldi Guðmundssyni.

Við 1. gr.

a. Við 1. tölul. Fyrir „8 millj. kr.“ kemur: 7 millj. kr.
b. Við 2. tölul. Fyrir „8 millj. kr.“ kemur: 7 millj. kr.
c. Við 3. tölul. Fyrir „4 millj. kr.“ kemur: 3 millj. kr.
d. Á eftir 4. tölul. kemur nýr tölul., svo hljóðandi:
Til byggingarsjóðs verkamanna 3 millj. kr.

Ed. 775. Frumvarp til laga [183. mál]

um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

Samhljóða þskj. 654 með þessari breytingu.

1. gr. hljóðar svo:

Setja skal á stofn húsnæðismálastjórn, sem heyrir undir félagsmálaráðuneytið.

Verkefni húsnæðismálastjórnar er að beita sér fyrir umbótum í byggingarmálum og að hafa yfirumsjón lánsfjáröflunar og lánveitinga til íbúðabygginga í landinu.

Í húsnæðismálastjórn skulu vera 5 menn, sem ríkisstjórnin skipar til 6 ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands. Enn fremur skipar hún 5 varamenn á sama hátt. Húsnæðismálastjórn skiptir með sér störfum.

Félagsmálaráðherra ákveður þóknun húsnæðismálastjórnar, en kostnaður af störfum hennar skal greiddur úr ríkissjóði.

Ed. 776. Lög [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Neskaupstað.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 690.

Ed. 777. Lög [187. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að kaupa togarann Vilborgu Herjólfsdóttur.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 573.

Ed. **778. Lög** **[150. mál]**

um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 724.

Ed. **779. Lög** **[78. mál]**

um Fiskveiðasjóð Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 6. maí.)

Samhljóða þskj. 719.

Sþ. **780. Nefndarálit** **[144. mál]**

um till. til þál. um stækkun á Vestmannaeyjaflugvelli.

Frá fjárveitinganefnd.

Í tillögu þessari er lagt til að fela ríkisstjórninni að hraða svo sem unnt er stækkun Vestmannaeyjaflugvallar og áætla sérstaklega eina milljón króna að minnsta kosti í þessu skyni í fjárlögum ársins 1956.

Nefndin er sammála flm. um nauðsyn umræddra umbóta. Þar sem nefndin hins vegar telur óeðlilegt að ákveða með þingsályktun, hversu fjárveitingum skuli haga í næstu fjárlögum, og þar sem venja er enn fremur að veita fé í einu lagi til flugvallagerða, telur nefndin ekki auðið að mæla með samþykkt tillögunnar. Flugmálastjórninni er ætlað að meta það, hvaða framkvæmdir í flugvallagerð séu brýnastar. Þess má vænta, að flugmálastjórnin verji af fjárveitingu til flugvallagerða svo miklu fé til umbóta á Vestmannaeyjaflugvelli sem unnt er, með hliðsjón af öðrum þörfum á þessu sviði. Leggur nefndin því til, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 6. maí 1955.

Pétur Ottesen, form.	Helgi Jónasson, fundaskr.	Magnús Jónsson, frsm.	Lúðvík Jósefsson.
Halldór Ásgrímsson.	Hannibal Valdimarsson.	Jón Kjartansson.	

Ed. **781. Nefndarálit** **[199. mál]**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin mælir með því, að frv. verði samþykkt. — Gísli Jónsson gerir fyrirvara og vísar m. a. til afstöðu sinnar á þskj. 121 árið 1949. — Karl Kristjánsson var ekki á fundi, er mál þetta var afgreitt.

Alþingi, 7. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form.	Lárus Jóhannesson, fundaskr., frsm.	Gísli Jónsson, með fyrirvara.
	Haraldur Guðmundsson.	

Ed. 782. Nefndarálit [198. mál]

um frv. til l. um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv., og með tilvísun til greinargerðar þess og framsöguræðu fjármálaráðherra leggur hún til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm. (HG) áskilur sér þó rétt til að bera fram brtt.

Einn nm. (KK) var farinn heim af Alþingi, er nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 7. maí 1955.

Bernh. Stefánsson, form., frsm. Lárus Jóhannesson, fundaskr. Gísli Jónsson.
Haraldur Guðmundsson.

Nd. 783. Frumvarp til laga [201. mál]

um kirkjuítök og sölu þeirra.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Kirkjuítak nefnist í lögum þessum hvers konar afnotaréttindi, sem kirkjur eiga í lönd annarra, samkvæmt fornum máldögum þeirra eða öðrum jafngildum heimildum, svo sem réttindi til veiði, reka, varps, slægna, beitar, upprekstrar, skógarhöggs o. þ. h.

2. gr.

Um lausn kirkjuítaka og sölu semur sóknarnefnd þeirrar kirkju, sem ítakið á, að því er snertir safnaðarkirkjur og lénskirkjur.

Til sölu kirkjuítaks, sem prestur árlega nytjar, þarf jafnan samþykki biskups og hlutaðeigandi sóknarprests.

3. gr.

Andvirði kirkjuítaks og landssvæða, sem kirkjur eiga, svo sem varpeyja, engjateiga, afréttar- eða beitilanda, ef eigi eru sérstök býli, sem seld hafa verið eftir 1. janúar 1940 eða seld verða, rennur til kirkna þess prestakalls, þar sem presti ber afnotaréttur ítaksins, og skiptist jafnt á milli þeirra. Þegar kirkjuítak er selt, skal fella afgjald þess niður úr heimatekjum þess prests, er ítakið hafði.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta eftir beiðni kirkjumálaráðuneytisins og biskups. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Með lögum um lausn ítaka af jörðum, er samþykkt voru á Alþingi 19. desember 1952, er jarðareigendum gert auðveldara en áður að leysa til sín ítök þau, er aðrir eiga í lönd þeirra.

Þetta er rétt stefna og eðlilegt, að ítökin sameinist þeim jörðum, er þau upprunalega tilheyrðu. Og gildir sú regla í rauninni einnig um skógar- og veiðiítök, þótt áðurnefnd lög taki eigi til þeirra.

Nú er það svo, að kirkjur landsins eiga samkvæmt fornum máldögum þeirra og öðrum skjölum hinn mesta sæg ítaka. Mjög mörg þeirra hafa ekki verið nytjuð

af prestunum um skemmri eða lengri tíma, sumpart vegna þess, að ítökin hafa gengið úr sér, svo sem skógarítökin velflest, sumpart vegna þess, hve ítökin hafa verið fjarri, svo sem rekaítökin mörg, og loks vegna þess, að margir prestar hafa látið undir höfuð leggjast að hirða um ítökin eða gera kröfur til þeirra. En þrátt fyrir þetta mun þó verða að líta svo á, að kirkjurnar hafi ekki misst réttinn til slíkra ítaka, er hinir löggiltu máldagar þeirra staðfesta sem eign þeirra.

Einsætt virðist, að nota beri ákvæði laganna um lausn ítaka af jörðum til þess að hreinsa til, ef svo mætti segja, að því er kirknaítökin snertir með því:

1. Að strika út með öllu þau ítök, er fallin eru úr sögu, annaðhvort vegna þess að örnefni eru glötuð, svo að ítakið eigi þekkist lengur, eða það vegna skriðufalla, landbrots eða af öðrum ástæðum er horfið.
2. Að gefa jarðareigendum, þar sem kirkja samkvæmt fornum máldögum á ítak, sem eigi hefur notað verið um langan tíma og er verðlaust orðið eða verðlítið, kost á að fá afsöl fyrir slíkum ítökum fyrir mjög lítið gjald, til þess að þessar gömlu kvaðir séu fyrir fullt og allt úr sögunni.
3. Að varðandi ítök þau, sem enn eru í fullu gildi og prestar nytja í dag, verði með aðstoð áðurnefndra laga stuðlað að sanngjarnri sölu þeirra, enda komi þar til samþykki prests þess, er ítakið nytjar, svo og biskups.

Þar sem kirkjurnar eru tvímælalaust eigendur ítakanna, þykir sjálfsagt og rétt, að andvirði seldra ítaka renni til þeirra. Þetta hefur og Alþingi áður fyllilega viðurkennt, t. d. með lögum nr. 15 15. maí 1942, þar sem ákveðið er, að andvirði seldrar prestsmötu skuli renna til kirknanna.

Með hliðsjón af því, að mjög víða hafa ítök niðurlagðra kirkna horfið til þeirra kirkna, er hin niðurlagða sókn lagðist til, þykir rétt að skipta andvirði seldra ítaka jafnt á milli allra kirkna þess prestakalls, þar sem prestur hefur eða hafði afnot ítaksins. Er það og í samræmi við ákvæði áðurnefndra laga um sölu prestsmötu, frá 15. maí 1942.“

Nd. 784. Frumvarp til laga [202. mál]

um breyting á lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði.

Flm.: Einar Ingimundarson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Eftir 5. gr. laganna komi ný grein, er verður 6. gr., svo hljóðandi:

Tunnuverksmiðjurnar skulu greiða ¾% af brúttóandvirði seldrar framleiðslu ár hvert í útsvar til bæjarsjóðs eða sveitarsjóðs, þar sem þær eru starfræktar. Lágmarksútsvar verksmiðjunnar á Siglufirði verði þó eigi minna en kr. 25000.00 ár hvert.

Verksmiðjurnar skulu hvorki greiða tekju- né eignarskatt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 33 23. apríl 1946, um tunnusmíði, en samkvæmt þeim lögum eru tunnuverksmiðjur ríkisins á Siglufirði og Akureyri reknar, eru engin ákvæði um útsvarsgreiðslur verksmiðjanna, og hafa þær því til þessa engin útsvör greitt til hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélaga.

Enda þótt segja megi, að slík útsvarsálagning sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu sé óeðlileg í sjálfu sér, þegar þess er gætt, að starfrækslu tunnu-

verksmiðjanna hefur nánast mátt telja atvinnubótavinnu á þeim stöðum, þar sem þær eru reknar, er þess þó að gæta, að um allmikla veltu er að ræða hjá tunnuverksmiðjunum vegna sölu á framleiðslu þeirra. T. d. nam brúttóandvirði seldrar framleiðslu verksmiðjunnar á Siglufirði kr. 2038718.00 til kr. 4896909.93 á árunum 1951—1954 (mest á árinu 1953 og minnst á árinu 1951), og brúttóandvirði seldrar framleiðslu verksmiðjunnar á Akureyri nam á sama tímabili frá kr. 597396.39 til kr. 1601832.71 (mest á árinu 1954 og minnst á árinu 1951).

Auk þess hefur rekstur tunnuverksmiðjanna borið sig allvel allt frá því að starfræksla þeirra hófst, og mundi ekki verða nærri þeim gengið fjárhagslega, ef gert er ráð fyrir svipaðri afkomu þeirra framvegis, þótt þeim verði gert að greiða útsvar til bæjarfélaga, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpi þessu.

Aðaltilgangurinn með flutningi frumvarps þessa er þó, svo sem séð verður af efni þess, að reyna að einhverju leyti að létta undir með bæjarsjóði Siglufjarðar, sem á við að etja hina alvarlegustu erfiðleika vegna rýrra tekjustofna við álagningu útsvara nú eftir 10 samfelld síldarleysisár.

Nd. 785. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 7. maí 1955.

Ásgeir Bjarnason, form., frsm.	Gunnar Gíslason, fundaskr.	Jón Pálmason.
	Gunnar M. Magnúss.	

Sþ. 786. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni.

Flm.: Jóhann Hafstein, Sigurður Ó. Ólafsson, Sigurður Bjarnason, Ingólfur Flygenring, Jón Pálmason.

Alþingi ályktar að beina þeirri áskorun til ríkisstjórnarinnar að láta nú þegar undirbúa og framkvæma rannsóknir á því, í samráði við vegamálastjóra, með hverjum hætti sé hagkvæmast að gera aðalakvegi landsins úr varanlegu efni og af þeirri gerð, er svarar til stóraukinnar umferðar með stöðugt stærri og þyngri ökutækjum.

Skal rannsókninni hraðað með það fyrir augum, að sem fyrst sé hægt að hefjast handa um slíkar framkvæmdir og koma þar með í veg fyrir þá óhóflegu sóun fjármuna, sem felst í hinum gífurlega og sívaxandi kostnaði af vegaviðhaldi ríkisins og rekstrarkostnaði ökutækja, meðan ekki er úr bætt.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur hinn gífurlegi kostnaður af viðhaldi vega í landinu verið stöðugt vaxandi áhyggjuefni. Kostnaðurinn við vegaviðhaldið hefur orðið

margfaldur á við kostnaðinn af nýbyggingu vega og þar af leiðandi hindrað hinar bráðnauðsynlegu framkvæmdir við nýbyggingar. Vegna þess, hve fjölförnustu vegirnir ganga fljótt úr sér, eru þeir oft tímum saman í lítt færu ásigkomulagi og valda þannig samhliða stöðugt vaxandi kostnaði við rekstur samgöngutækjanna. Verður þetta að sjálfsögðu tilfinnanlegast þar, sem umferðin er örust og vöruflutningar mestir. Nægir í því sambandi t. d. að vitna til hins gífurlega viðhaldskostnaðar á bifreiðum við mjólkurflutningana af Suðurlandsundirlendinu til Reykjavíkur.

Á stríðsárunum og eftir hófst nýr þáttur í vegagerðinni með hagnýtingu nýrrar tækni, þegar tekin voru í notkun við vegagerðina ný tæki miklu mikilvirkari en áður tíðkuðust. Hefur vegagerð ríkisins gengið rösklega fram í því að tileinka sér á þessu sviði nýjar vinnuaðferðir.

En á síðari árum hefur einnig átt sér stað furðu ör þróun í samgöngutækni, sem fyrst og fremst felst í því, að landsmenn hafa tekið í notkun miklu þyngri og burðarmeiri ökutæki en áður, samtímis því sem öll umferð á vegunum hefur margfaldazt með auknum bifreiðakosti.

Hér þarf því enn að hefjast handa um nýjan viðbúnað til þess að mæta þessari nýju þróun, og er þáltill. þessi við það miðuð.

Vegamálastjóri mun hafa haft opin augu fyrir nauðsyn þessa máls. En hér þarf óvanalega stór átök, svo að gagni komi. Það þarf óhikað að afla þeirrar fyllstu sérfræðilegu þekkingar, sem fyrir hendi er hjá öðrum þjóðum, sem á undan okkur hafa leyst slík viðfangsefni. Og það má ekki hika við að leggja í milljónatuga kostnað í fyrstu, þegar einsýnt er, að leiða muni til ómetanlegs sparnaðar bæði fyrir ríkissjóð og einstaklinga og létta stórum undir með atvinnurekstri landsmanna, þegar fram í sækir. Sá stofnkostnaður, sem verða kann af því að gera aðalakvegina úr varanlegu efni og í samræmi við hina öru þróun umferðar og ökutækja, mun borga sig fyrir þjóðarheildina á fáum árum.

Sþ. 787. Tillaga til þingsályktunar [204. mál]

um ráðstafanir til atvinnuaukningar.

Frá allsherjarnefnd.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því fyrir næsta þing, hverjar ráðstafanir séu tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum þeirra landshluta, sem harðast hafa orðið úti vegna vaxandi rányrkju fiskimiðanna.

Greinargerð.

Til allshn. sameinaðs þings hefur verið vísað nokkrum tillögum um landhelgismál, en ríkisstjórnin hefur haft forustu í þeim málum og mun hafa þau til áframhaldandi athugunar. Nefndin álítur því engan ávinning í því, að Alþingi geri sérstakar ályktanir út af þeim málum. Enn fremur hefur nefndin haft til athugunar tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir vegna vaxandi rányrkju á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum. Virðist henni ekki rétt að binda þær aðgerðir, sem tillagan fjallar um, við Vestfirði eina. Flytur nefndin því ofangreinda tillögu um almennar ráðstafanir í þessum málum, og er tillagan jafnframt frá nefndarinnar hendi afgreiðsla annarra tillagna um landhelgismál.

Ed. **788. Lög** [198. mál]

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

(Afgreidd frá Ed. 9. maí.)

Samhljóða þskj. 745.

Nd. **789. Nefndarálit** [182. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 31 4. febr. 1952, um skipun prestakalla.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum, en ekki náðst samkomulag. Við leggjum til, að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það nú liggur fyrir.

Alþingi, 9. maí 1955.

Kjartan J. Jóhannsson, form., frsm. Kristín Sigurðardóttir.

Ed. **790. Nefndarálit** [121. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Kristinn Gunnarsson, Hermann Jónasson, Páll Zóphóníasson og Jóhann Þ. Jósefsson (með fyrirvara), er sammála um að mæla með samþykkt frumv. óbreytts, m. a. með tilliti til hins nauma tíma, sem nú er eftir af þingi.

Minni hlutinn, Gísli Jónsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 9. maí 1955.

Kristinn Gunnarsson, frsm. Páll Zóphóníasson, fundaskr. Hermann Jónasson.

Jóhann Þ. Jósefsson, með fyrirvara.

Sþ. **791. Breytingartillaga** [204. mál]

við till. til þál. um ráðstafanir til atvinnuaukningar.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan við tillgr. bætist: eða skorts á atvinnutækjum.

Ed. **792. Lög** [199. mál]

um breyting á lögum nr. 111 27. des. 1954, um greiðslu verðlagsuppbótar á laun opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 773.

Ed. **793. Lög** [121. mál]

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

(Afgreidd frá Ed. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 725.

Nd. **794. Lög** [192. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa jörðina Dísastaði í Breiðdal.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 720.

Nd. **795. Lög** [183. mál]

um húsnæðismálastjórn, veðlán til íbúðabygginga og útrýmingu heilsuspillandi íbúða.

(Afgreidd frá Nd. 10. maí.)

Samhljóða þskj. 775 (sbr. 654).

Sþ. **796. Fyrirspurnir.** [205. mál]

I. Til utanríkisráðherra um dvöl og framkvæmdir varnarliðsins.

Frá Gunnari M. Magnúss.

1. Með hvaða kjörum hafa lönd Voga- og Vatnsleysustrandarbænda verið tekin og afhent Bandaríkjamönnum til skotæfinga?
2. Hafa mótmæli gegn skotæfingum hersins þar suður frá borizt frá Vatnsleysustrandarbændum eða öðrum árið 1954?
3. Hafa ráðstafanir verið gerðar til þess, að ekki verði framar skipað upp í Reykjavík sprengiefni og hergögnum?
4. Hefur utanríkisráðherra eða ríkisstjórnin í heild eða nokkur einstakur ráðherra mótmælt æfingum sprengjuflugvéla og annarra orrustuvéla yfir Reykjavík?
5. Hefur Hamiltonfélagið hætt störfum á Keflavíkurvelli og nýtt bandarískt félag tekið við af Hamiltonfélaginu? Sé svo, hvert er þá hið nýja bandaríska félag á Keflavíkurvelli?

II. Til ríkisstjórnarinnar um minningu Íslendinga, sem fórust og féllu á styrjaldarárunum.

Frá Gunnari M. Magnúss.

Hefur ríkisstjórnin gert nokkrar ráðstafanir til þess að minnast þess, að 10 ár eru liðin frá stríðslokum, minnast hinna 250 Íslendinga, sem fórust og féllu í siglingum á styrjaldartímum, og minnast fórnanna, sem Íslendingar urðu að þola þá?

Sþ. 797. Þingsályktun [197. mál]

um niðursuðu sjávarafurða til útflutnings.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 743.

Sþ. 798. Þingsályktun [200. mál]

um skipulega leit að fiskimiðum fyrir Norðurlandi og Austfjörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Samhljóða þskj. 747.

Sþ. 799. Þingsályktun [204. mál]

um ráðstafanir til atvinnuaukningar.

(Afgreidd frá Sþ. 11. maí.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram rannsókn á því fyrir næsta þing, hverjar ráðstafanir séu tiltækilegar til þess að bæta úr atvinnuerfiðleikum þeirra landshluta, sem harðast hafa orðið úti vegna vaxandi rányrkju fiskimiðanna eða skorts á atvinnutækjum.

Sþ. **800. Nefndaskipun.**

(74. löggjafarþing.)

Fastanefndir.

A.

Í sameinuðu þingi.

1. Fjárveitinganefnd:

Pétur Ottesen, formaður,
Helgi Jónasson, fundaskrifari,
Jónas Rafnar,
Halldór Ásgrímsson,
Magnús Jónsson,
Lúðvík Jósefsson,
Hannibal Valdimarsson,
Karl Kristjánsson,
Jón Kjartansson.

Mál, er til nefndarinnar var vísað:

A. Lagafrumvörp:

1. Fjárlög 1955 (1, n. 238 (meiri hl.), n. 246 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
   Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
2. Fjáraukalög 1952 (247, n. 469).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.

B. Þingsályktunartillögur:

1. Hagnýting vinnuafls (30, n. 553 (meiri hl.), n. 593 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Pétur Ottesen.
   Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
2. Brotajárn (31, n. 547).
   Frsm.: Jónas Rafnar.
3. Vegaframkvæmdir í afskekktum landshlutum (42).
   Nefndarálit kom ekki.
4. Sementsverksmiðja (64, n. 541 (minni hl.), n. 552 (meiri hl.)).
   Frsm. minni hl.: Lúðvík Jósefsson.
   Frsm. meiri hl.: Pétur Ottesen.
5. Atvinnuaukning í Flateyjarhreppi (70, n. 544).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
6. Raforkuverð (81).
   Nefndarálit kom ekki.
7. Tollgæzla og löggæzla (102, n. 543).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
8. Geysir (165, n. 549).
   Frsm.: Pétur Ottesen.
9. Kötlusvæði (218, n. 546).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
10. Raflýsing Hafnarfjarðarvegar (219, n. 671).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
11. Vegagerð (211).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Niðursuðuverksmiðja í Ólafsfirði (200, n. 545).
    Frsm.: Magnús Jónsson.

Fastanefndir Sþ.: Fjárveitinga- og allsherjarnefndir.

13. Dýrtíðarlækkun (155, n. 551 (meiri hl.), n. 660 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
14. Strandferðir (186).
    Nefndarálit kom ekki.
15. Austurvegur (267).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Bátagjaldeyriságóði til hlutarsjómanna (334, n. 550 (meiri hl.), n. 594 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Magnús Jónsson.
    Frsm. minni hl.: Hannibal Valdimarsson.
17. Vestmannaeyjaflugvöllur (339, n. 780).
    Frsm.: Magnús Jónsson.
18. Nýjar atvinnugreinar o. fl. (356, n. 542).
    Frsm.: Halldór Ásgrímsson.
19. Læknabifreiðar (407).
    Nefndarálit kom ekki.
20. Samvinnunefnd um kaupgjaldsgrundvöll (392, n. 548)
    Frsm.: Hannibal Valdimarsson.
21. Úthafssíldveiðar (540).
    Nefndarálit kom ekki.

Mál, er nefndin flutti:
Niðursuða sjávarafurða (743).
Frsm.: Pétur Ottesen.

2. *Allsherjarnefnd:*

Jóhann Jósefsson,
Bernharð Stefánsson, formaður,
Jón Sigurðsson, fundaskrifari,[1])
Eiríkur Þorsteinsson,
Sigurður Ágústsson,
Karl Guðjónsson,
Emil Jónsson.

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Flóttamenn (43, n. 262).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
2. Rányrkja á fiskimiðum fyrir Vestfjörðum (22).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Jarðboranir (46, n. 163).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
4. Friðunarsvæði fyrir Vestfjörðum (47).
   Nefndarálit kom ekki.
5. Sjúkraflugvélar (84, n. 161).
   Frsm.: Eiríkur Þorsteinsson.
6. Gistihús (90, n. 162).
   Frsm.: Eiríkur Þorsteinsson.
7. Löggæzla á samkomum (98, n. 263).
   Frsm.: Sigurður Ágústsson.
8. Verkafólksskortur í sveitunum (124, n. 489).
   Frsm.: Jón Sigurðsson.
9. Innflutningur bifreiða (101, n. 486).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.

1) Er Jón Sigurðsson fór af þingi, 12. apríl, tók sæti hans í nefndinni Gunnar Gíslason.

Fastanefndir Sþ.: Allsherjar-, utanríkismála- og kjörbréfanefndir.

10. Friðunarsvæði, rýmkun á nokkrum stöðum (232).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Hafnarbætur í Loðmundarfirði o. fl. (266, n. 494).
    Frsm.: Eiríkur Þorsteinsson.
12. Vernd gegn ágangi Breta (351).
    Nefndarálit kom ekki.
13. Minning Jóns Þorkelssonar skólameistara (370, n. 501).
    Frsm.: Karl Guðjónsson.
14. Samvinna í atvinnumálum (171, n. 692).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
15. Vinnudeilunefnd (425).
    Nefndarálit kom ekki.
16. Öryggi í heilbrigðismálum (435, n. 707).
    Frsm.: Sigurður Ágústsson.
17. Alþýðuskólar (480, n. 560).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
18. Póstgreiðslustofnun (514).
    Nefndarálit kom ekki.

Mál, er nefndin flutti:
Atvinnuaukning (787).
Frsm.: Bernharð Stefánsson.

3. Utanríkismálanefnd:

Jóhann Jósefsson, formaður,[1])
Hermann Jónasson,[1])
Ólafur Thors,
Jörundur Brynjólfsson, fundaskrifari,
Bjarni Benediktsson,
Finnbogi R. Valdimarsson,
Gylfi Þ. Gíslason.[1])

Varamenn:

Björn Ólafsson,[2])
Eysteinn Jónsson,[2])
Gunnar Thoroddsen,
Páll Zóphóníasson,
Jóhann Hafstein,
Einar Olgeirsson,
Haraldur Guðmundsson.[2])

Þingsályktunartillögur, er til nefndarinnar var vísað:

1. Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn (233, n. 256 (1. minni hl.), n. 257 (meiri hl.), n. 264 (2. minni hl.)).
   Frsm. 1. minni hl.: Gylfi Þ. Gíslason.
   Frsm. meiri hl.: Hermann Jónasson.
   Frsm. 2. minni hl.: Finnbogi R. Valdimarsson.
2. Fiskveiðilandhelgi (490).
   Nefndarálit kom ekki.

4. Kjörbréfanefnd:

Lárus Jóhannesson, formaður,
Hermann Jónasson,
Einar Ingimundarson,
Gísli Guðmundsson, fundaskrifari,
Sigurður Guðnason.[3])

Nefndin rannsakaði kjörbréf Hermanns Jónssonar, 8. landsk. (vara)þm., Gunnars M. Magnúss, 6. (vara)þm. Reykv., Kristins Gunnarssonar, 10. landsk. (vara)þm., og Gunnars Gíslasonar, 2. (vara)þm. Skagf., og lét uppi munnleg álit um þau.

---

1) Kosinn aðalmaður í þriggja manna undirnefnd til ráðuneytis ríkisstjórninni um utanríkismál.

2) Kosinn varamaður í sömu undirnefnd.

3) Í veikindaforföllum Sigurðar Guðnasonar, frá 9. febr. til þingloka, tók sæti hans í nefndinni Gunnar M. Magnúss.

Fastanefndir Sþ.: Þingfararkaupsnefnd. — *Ed.:* Fjárhagsnefnd.

5. Þingfararkaupsnefnd:

Jón Pálmason, formaður,
Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari,
Jónas Rafnar,
Eiríkur Þorsteinsson,
Gunnar Jóhannsson.

B.

Í efri deild.

1. Fjárhagsnefnd:

Bernharð Stefánsson, formaður,
Gísli Jónsson,
Karl Kristjánsson,
Lárus Jóhannesson, fundaskrifari,
Haraldur Guðmundsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Gjaldaviðauki 1955 (9, n. 44).
   Frsm.: Karl Kristjánsson.
2. Verðlagsuppbót á laun opinberra starfsmanna (10, n. 115).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
3. Tollskrá o. fl. (11, n. 41).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
4. Útvarpsrekstur ríkisins (27, n. 107).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
5. Togaraútgerð (87).
   Nefndarálit kom ekki.
6. Veitingaskattur (7, n. 214).
   Frsm.: Lárus Jóhannesson.
7. Dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna (8, n. 249).
   Frsm.: Gísli Jónsson.
8. Tekjuskattur og eignarskattur (169, n. 374 (meiri hl.), n. 402 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
   Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
9. Stimpilgjald (144, n. 216).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
10. Innflutnings- og gjaldeyrismál, fjárfestingarmál o. fl. (170).
    Nefndarálit kom ekki.
11. Krabbameinsfélag Íslands (182, n. 341).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
12. Happdrætti háskólans (368, n. 376).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
13. Tollskrá o. fl. (369, n. 373).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
14. Tollskrá o. fl. (396, n. 663).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.
15. Ríkisreikningurinn 1952 (248, n. 579).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
16. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (420, n. 533).
    Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
17. Lífeyrissjóður barnakennara (421, n. 534).
    Frsm.: Haraldur Guðmundsson.
18. Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna (422, n. 535).
    Frsm.: Haraldur Guðmundsson.

Fastanefndir Ed.: Fjárhags-, samgöngumála- og landbúnaðarnefndir.

19. Fasteignamat (600, n. 662).
    Frsm.: Karl Kristjánsson.
20. Síldarverksmiðjur ríkisins (633, n. 688).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
21. Tekjuskattur og eignarskattur (574, n. 685 (meiri hl.), n. 691 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
22. Húsnæðismál (654, n. 727 (meiri hl.), n. 749 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Bernharð Stefánsson.
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
23. Íbúðarhúsabyggingar í kaupstöðum og kauptúnum (578, n. 704 (meiri hl.), n. 713 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Lárus Jóhannesson.
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
24. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (581, n. 706 (meiri hl.), n. 714 (minni hl.)).
    Frsm. meiri hl.: Karl Kristjánsson.
    Frsm. minni hl.: Haraldur Guðmundsson.
25. Skattgreiðsla Eimskipafélags Íslands (563, n. 705).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
26. Togarakaup fyrir Neskaupstað (690, n. 751).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
27. Togarinn Vilborg Herjólfsdóttir (573, n. 750).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
28. Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1954 (745, n. 782).
    Frsm.: Bernharð Stefánsson.
29. Verðlagsuppbót á laun starfsmanna ríkisins (773, n. 781).
    Frsm.: Lárus Jóhannesson.

2. *Samgöngumálanefnd:*

Vilhjálmur Hjálmarsson,
Sigurður Ó. Ólafsson, formaður,
Andrés Eyjólfsson, fundaskrifari,
Jón Kjartansson,
Brynjólfur Bjarnason.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Bifreiðaskattur o. fl. (61).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Vegalagabreyting (15).
   Nefndarálit kom ekki.
3. Leigubifreiðar í kaupstöðum (395, n. 526).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
4. Vegalagabreyting (661, n. 710).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

Í samvinnu við samgöngumálanefnd Nd. tók nefndin til íhugunar styrk til flóabátaferða. Er álit samvinnunefndarinnar um það efni á þskj. 270 (frsm.: Sigurður Bjarnason).

3. *Landbúnaðarnefnd:*

Páll Zóphóníasson, formaður,
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskrifari,

Fastanefndir Ed.: Landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir.

Andrés Eyjólfsson,
Jón Kjartansson,
Finnbogi R. Valdimarsson.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Dýralæknar (85, n. 195).
   Frsm.: Sigurður Ó. Ólafsson.
2. Landnám, nýbyggðir og endurbyggingar í sveitum (93, n. 198).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
3. Ræktunarsjóður Íslands (132, n. 197).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
4. Eyðing refa og minka (235, n. 418).
   Frsm.: Andrés Eyjólfsson.
5. Skógrækt (147, n. 364).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
6. Ættaróðal og erfðaábúð (272, n. 363).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
7. Sandgræðsla og hefting sandfoks (158, n. 597).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
8. Jarðræktarlög (564, n. 598).
   Frsm.: Páll Zóphóníasson.
9. Jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir (585, n. 616).
   Frsm.: Jón Kjartansson.
10. Kaup á Dísastöðum í Breiðdal (586, n. 687).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.
11. Lax- og silungsveiði (670).
    Nefndarálit kom ekki.
12. Ræktunarsjóður Íslands (696, n. 728).
    Frsm.: Páll Zóphóníasson.

4. *Sjávarútvegsnefnd:*

Jóhann Jósefsson, formaður,
Vilhjálmur Hjálmarsson, fundaskrifari,
Guðmundur Í. Guðmundsson,[1])
Bernharð Stefánsson,
Ingólfur Flygenring.

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Hvíldartími togaraháseta (16).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Stýrimannaskólinn (122, n. 160).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
3. Hlutatryggingasjóður bátaútvegsins (38, n. 146).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.
4. Aðstoð við togaraútgerðina (294, n. 296).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
5. Hafnargerðir og lendingarbætur (199, n. 428).
   Frsm.: Bernharð Stefánsson.
6. Landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum (405, n. 433).
   Frsm.: Ingólfur Flygenring.
7. Landshöfn í Rifi (452, n. 488).
   Frsm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

---

1) Frá 11. marz til þingloka tók sæti hans í nefndinni Kristinn Gunnarsson.

Fastanefndir Ed.: Sjávarútvegs-, iðnaðar-, heilbr.- og félagsmála- og menntamálanefndir.

8. Fiskveiðasjóður Íslands (719, n. 765).
   Frsm.: Jóhann Jósefsson.

5. Iðnaðarnefnd:

Gísli Jónsson, formaður,
Hermann Jónasson,
Guðmundur Í. Guðmundsson,[1])
Páll Zóphóníasson, fundaskrifari,
Jóhann Jósefsson.[2])

Lagafrumvörp, er til nefndarinnar var vísað:

1. Iðnskóli í sveit (76).
   Nefndarálit kom ekki.
2. Iðnskólar (460, n. 609 (meiri hl.), n. 622 (minni hl.)).
   Frsm. meiri hl.: Gísli Jónsson.
